Dómar Félagsdóms
1997-2000

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Félagsdóms. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentaða dómasafni Félagsdóms án endurgjalds. Engin stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) útvegaði þetta prenteintak.
Gallar á bls. 5 og 422.
Í útgáfu 1.1 var OCR endurunnið og textinn er beinni.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

DÓMAR FÉLAGSDÓMS

XI. BINDI
1997-2000

ÚTGEFANDI: FÉLAGSDÓMUR
REYKJAVÍK – 2001

DÓMAR FÉLAGSDÓMS

REGISTUR

XI. BINDI
1997–2000

ÚTGEFANDI: FÉLAGSDÓMUR
REYKJAVÍK – 2001

PRENTSMIÐJAN ODDI HF.

Félagsdómur. Dómarar og skipun þeirra.

Í X. bindi Dóma Félagsdóms er greint frá þeim dómendum, sem skipaðir voru til þriggja ára frá 1. nóvember 1995.
Frá 1. nóvember 1998 voru þessir menn skipaðir í Félagsdóm til þriggja ára:
Skipaðir af Hæstarétti:
Eggert Óskarsson, héraðsdómari, forseti dómsins,
Gylfi Knudsen, héraðsdómslögmaður.
Varamenn:
Kristjana Jónsdóttir, héraðsdómari, varaforseti dómsins,
Arngrímur Ísberg, héraðsdómari.
Skipaðir af félagsmálaráðherra:
Ingibjörg Benediktsdóttir, héraðsdómari.
Varamaður:
Erla Jónsdóttir, hæstaréttarlögmaður.
Skipaðir af Vinnuveitendasambandi Íslands:
Valgeir Pálsson, hæstaréttarlögmaður.
Varamaður:
Pétur Guðmundarson, hæstaréttarlögmaður.
Skipaðir af Alþýðusambandi Íslands:
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, hæstaréttarlögmaður.
Varamaður:
Gunnar Sæmundsson, hæstaréttarlögmaður.
Dómarar skipaðir samkvæmt 27. gr. laga nr. 94/1986:
Af Bandalagi háskólamanna:
Magnús Ingi Erlingsson, héraðsdómslögmaður.
Varamaður:
Brynhildur G. Flóvenz, lögfræðingur.
Af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja:
Guðni Á. Haraldsson, hæstaréttarlögmaður.
Af Sambandi íslenskra sveitarfélaga:
Gísli Gíslason, bæjarstjóri.

Af fjármálaráðuneytinu:
Kristján Torfason, hæstaréttarlögmaður.
Varamaður:
Ingólfur Friðjónsson, hæstaréttarlögmaður.
Af hálfu Alþýðusambands Íslands samkvæmt 3. mgr. 39. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 6. gr. laga nr. 75/1996.
Aðalmenn:
Magnús Geirsson,
Guðmundur Þ. Jónsson,
Sæmundur Árnason,
Hervar Gunnarsson,
Jóhannes S. Halldórsson,
Halldór Jónasson.
Varamenn:
Sigurbergur Hávarsson,
Þorsteinn E. Arnórsson,
Georg Páll Skúlason,
Halldór Björnsson,
Sveinn Ingason,
Sigfús Eysteinsson.
Af hálfu Samtaka iðnaðarins:
Garðar Erlendsson,
Björn R. Lárusson,
Lovísa Jónsdóttir,
Friðrik Andrésson,
Axel Eiríksson,
Jón Albert Kristinsson,
Steindór Hálfdánarson,
Ásbjörn Einarsson,
Ásbjörn Björnsson,
Ingi Björnsson,
Eysteinn Helgason,
Anton Bjarnason,
Hilmir Hilmisson,
Magnús Jóhannsson,
Leifur Jónsson,
Guðmundur Sveinsson,
Þráinn Þorvaldsson,
Finnur Geirsson,

Bragi Þ. Jósefsson,
Magni Ö. Guðmundsson,
Ólafur Eyjólfsson,
Haukur Magnússon,
Guðmundur Benediktsson,
Magnús Tryggvason.

Registur

I. Nafnaskrá

Allrahanda/Ísferðir ehf. 632
Alþýðusamband Íslands 47, 57, 67, 75, 124, 154, 160, 166, 195, 215, 224, 330, 341, 368, 382, 393, 420, 436, 521, 537, 544, 589, 610, 633
Axel Ingi Einarsson 452
Árborg 461, 476
Árnes hf. 375
Baldur Þorsteinsson 452
Bandalag háskólamanna 1, 32, 104
Bifreiðastjórafélagið Sleipnir 195, 620, 632
Bjarki Viðar Hjaltason 452
Blaðamannafélag Íslands 426
Blaðamenn á fréttastofu DV 426
BSÍ Hópferðabílar 195
Búnaðarbanki Íslands hf. 469
Eining-Iðja 589
Erik Magnússon 469
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands 10, 330
Félag fréttamanna 1, 32, 104
Félag íslenskra flugumferðarstjóra 25, 84, 249, 560, 601
Félag íslenskra hljómlistarmanna 124
Félag íslenskra leikskólakennara 461, 476
Félag íslenskra náttúrufræðinga 291
Félag íslenskra rafvirkja 382
Flugfélag Íslands hf. 452
Flugleiðir hf. 420, 436, 537
Flugvirkjafélag Íslands 420, 436, 544, 633
Frímann Svavarsson 452
Frjáls fjölmiðlun hf. 426
Grandi hf. 330
Gústaf Guðmundsson 452

Halldór Sigurðsson 646
Halldóra Hilmarsdóttir 414, 444
Haraldur B. Arngrímsson 202
Haraldur Ellingsen 400
Haukur Konráðsson 393
Hákon Helgason 452
Herjólfur hf. 360, 368
Hf. Eimskipafélag Íslands 67
Hlynur Bjarkason 452
Hraunsvík ehf. 154
Ísfélag Vestmannaeyja 589
Íslenska álfélagið 521
Íslenska ríkið 84, 249, 315, 544, 610, 633
J.Á. verktakar 382
Jóhann Skírnisson 452
Jón Jósefsson 420, 436
Jónas Jónasson 452
Karl Jónsson 452
Kolbeinn Ingi Arason 452
Kristján Jakobsson 452
Landhelgisgæsla Íslands 544, 633
Landspítali – Háskólasjúkrahús 570
Landssamband ísl. útvegsmanna 10, 75, 160, 215, 224, 330, 375, 505
Landssamband ísl. verslunarmanna 521
Landsvirkjun 146, 238, 276
Launanefnd sveitarfélaga 461, 476
Meinatæknafélag Íslands 570
Nesbrú ehf. 308
Orkuveita Reykjavíkur 646
Ólafur Pétursson 452
Rafiðnaðarsamband Íslands 382
Ragnar Magnússon 452
Ragnar Ólafsson 452
Reykjanesbær 97
Reykjavíkurborg 47, 166, 325, 350, 484, 620, 646
Ríkissjóður 1, 25, 32, 104, 124, 202, 291, 341, 414, 444, 560, 601
Ríkisspítalar 414, 444
Rúnar Rúnarsson 452

Rögnvaldur Hilmarsson 452
Samband íslenskra bankamanna 400
Samiðn 47
Samninganefnd bankanna 400
Samtök atvinnulífsins 505, 521, 537, 589, 632
Samtök ferðaþjónustunnar 537
Samtök fiskvinnslustöðva 393
Samtök iðnaðarins 382, 426, 521
Sinfóníuhljómsveit Íslands 124
Sjómannafélag Hafnarfjarðar 154
Sjómannafélag Ólafsfjarðar 75, 160
Sjómannafélag Reykjavíkur 330
Sjómannafélagið Jötunn 368
Sjómannasamband Íslands 75, 154, 160, 215, 224, 330, 368
Sjúkraliðafélag Íslands 97, 315
Skipstjóra- og stýrimannafélag Norðlendinga 10
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Aldan 330
Starfsmannafélag Reykjanesbæjar 97
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar 166, 350, 484, 620
Starfsmannafélag ríkisstofnana 202, 315, 414, 444
Starfsmannafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands 124
Stéttarfélag verkfræðinga 325, 350
Sveinbjörn Bjarnason 452
Sverrir Erlingsson 633
Sæberg hf. 10, 75
Tryggvi Jónsson 452
Útgerðarfélag Akureyringa hf. 393
Útvegsmannafélag Norðurlands 10, 75, 160, 505
Útvegsmannafélag Reykjavíkur 330
Útvegsmannafélag Þorlákshafnar 375
Valur Oddsson 47
Verkakvennafélagið Framsókn 166
Verkakvennafélagið Framtíðin 341
Verkalýðsfélagið Báran – Þór 610
Verkalýðsfélagið Eining 393
Verkalýðsfélagið Hlíf 521
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis 537
Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis 57
Verkamannafélagið Dagsbrún 166

Verkamannafélagið Hlíf 67
Verkamannasamband Íslands 57, 67, 166, 341, 393, 521, 537, 589, 610
Verslunarmannafélag Hafnarfjarðar 521
Vélstjórafélag Íslands 146, 238, 276, 308, 360, 375, 484, 505, 646
Vinnuveitendasamband Íslands 57, 67 75, 160, 215, 224, 330, 360, 368, 375, 382, 393, 420, 426, 436, 452
Þjóðhagsstofnun 400
Þorleifur Pétursson 452
Þórmóður rammi – Sæberg hf. 160, 505

II. Skrá
yfir lög, reglugerðir, samþykktir o.fl., sem vitnað er til í XI. bindi Dóma Félagsdóms.

1905, nr. 15, 20 október. Lög um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.
11. gr. – 39

1915, nr. 33, 3. nóvember. Lög um verkfall opinberra starfsmanna.
– 284, 611, 612, 613, 615, 616, 617, 618, 619
1. gr. – 613, 618

1936, nr. 7, 1. febrúar. Lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.
– 334, 336
11. gr. – 297, 302

1938, nr. 80, 11. júní. Lög um stéttarfélög og vinnudeilur.
– 50, 62, 65, 66, 72, 73, 101, 151, 157, 162, 167, 173, 178, 184, 186, 190, 218, 219, 226, 227, 228, 229, 230, 232, 233, 236, 237, 311, 317, 322, 327, 336, 344, 347, 352, 356, 370, 383, 386, 389, 398, 424, 457, 465, 479, 480, 483, 491, 496, 498, 499, 500, 501, 502, 549, 564, 566, 580, 594, 596, 605, 607, 612, 613, 615, 618, 619, 629
II. kafli. – 73, 232, 596, 618
III. kafli – 596
IV. kafli – 311, 549, 636
1. gr. – 494
2. gr. – 173, 178, 494
3. gr. – 167, 175, 182, 183, 190, 191, 193, 230, 236, 354, 356, 358, 359, 489, 494, 502
4. gr. – 99, 100, 167, 175, 176, 182, 183, 190, 191, 193, 317, 321, 323, 326, 352, 355, 357, 382, 384, 385, 386, 387, 388, 389, 391, 392, 394, 494, 497, 499, 571, 578
5. gr. – 59, 60, 61, 63, 64, 65, 70, 73, 167, 173, 175, 182, 183, 190, 191, 193, 218, 226, 227, 459, 489, 494, 502, 614, 615, 618
6. gr. – 490, 494,
7. gr. – 311, 494
8. gr. – 591, 592, 597
11. gr. – 382, 384, 385, 386, 387, 388, 389, 391, 392
13. gr. – 595

14. gr. – 63, 64, 70, 82, 215, 217, 218, 219, 220, 221, 224, 225, 226, 227, 229, 230, 231, 232, 233, 234, 235, 237, 595, 596, 612
15. gr. – 60, 61, 62, 63, 64, 65, 215, 217, 218, 219, 220, 221, 222, 224, 225, 226, 229, 230, 231, 232, 233, 234, 235, 236, 237, 614
16. gr. – 64, 219, 222, 229, 232
17. gr. – 64, 70, 71, 72, 73, 77, 81, 82, 594
18. gr. – 195, 197, 198, 199, 200, 590, 591, 592, 593, 594, 595, 596, 597, 599
19. gr. – 464, 479
23. gr. – 217, 220, 229, 233
27. gr. – 217
28. gr. – 217
38. gr. – 133
42. gr. – 629
44. gr. – 69, 76, 133, 139, 150, 151, 185, 188, 223, 246, 247, 248, 286, 313, 389, 398, 423, 425, 441, 442, 523, 538, 549, 580, 591, 636, 651, 652, 653
45. gr. – 217, 233, 245, 284, 428, 454, 457, 471, 523, 539, 614, 652
47. gr. – 247
48. gr. – 32
50. gr. – 134
52. gr. – 134
53. gr. – 185, 188
54. gr. – 153
59. gr. – 267
63. gr. – 516
65. gr. – 7, 117, 139, 197, 211, 259, 303, 321, 322, 338, 347, 386, 449, 482, 516, 527, 539, 566, 577, 579, 586, 606, 614, 641
67. gr. – 9, 31, 95, 152, 245, 419, 467
69. gr. – 7, 8, 27, 30, 91, 100, 102, 111, 178, 223, 244, 269, 282, 317, 398, 417, 557, 564, 567, 569, 594, 598, 599, 605, 632
70. gr. – 167, 177, 194, 215, 219, 224, 228, 234, 579

1940, nr. 19, 12. febrúar. Almenn hegningarlög.
XXV. kafli – 585
242. gr. – 576, 585

1944, nr. 33, 17. júní 1944. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.
– 100, 101, 199, 317, 357
60. gr. – 578
65. gr. – 36, 109, 116, 493, 494, 497, 499, 626, 627, 628
72. gr. – 488, 497, 498, 627, 628

73. gr. – 100, 488, 493, 494, 497, 498
74. gr. – 99, 175, 177, 182, 236, 258, 317, 321, 322, 323, 326, 351, 355, 488, 490, 491, 493, 494, 497, 498, 499, 502, 503, 571, 576, 578, 585, 616, 623, 624, 627, 628
75. gr. – 38, 116, 177, 497, 571, 576, 578, 585, 606, 627, 628

1948, nr. 9, 13. febrúar. Lög viðvíkjandi nafnbreytingu Vinnuveitendafélags Íslands.
– 237

1948, nr, 87, 9. júlí. Samþykkt Alþjóða vinnumálastofnunarinnar nr. 87 um félgafrelsi og vernd þess.
– 175, 182, 616

1949, nr. 98, 1. júlí. Samþykkt Alþjóða vinnumálastofnunarinnar nr. 98 um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega.
– 175, 182, 326, 352, 355, 616

1950, nr. 119, 28. desember. Lög um stjórn flugmála.
VIII. kafli – 263

1954, nr. 38, 14. apríl. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
– 268
15. gr. – 26

1955, nr. 92, 24. desember. Lög um laun starfsmanna ríkisins.
– 110
25. gr.– 209

1963, nr. 29, 29. apríl. Lög um lífeyrissjóð starfsmanna ríksisins.
– 406, 411
10 gr. – 406

1964, nr. 34, 21. maí. Lög um loftferðir.
– 263
57. gr. – 263

1964, nr. 297, 11. nóvember. Reglugerð fyrir Keflavíkurflugvöll, um umferð, öryggi o.fl.
– 263

1967, nr. 25, 22. apríl. Lög um Landhelgisgæslu Íslands.
– 545, 633
9. gr. – 545, 634

1967, 7. desember. Reglugerð um réttindi og skyldur borgarstarfsmanna.
45. gr. – 485
46. gr. – 485

1969, nr. 96, 31. desember. Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands.
5. gr. – 614

1971, nr. 88, 24. desember. Lög um 40 stunda vinnuviku.
– 395
1972, nr. 73, 29. maí. Höfundalög.
59. gr. – 577
1973, nr. 75, 21. júní. Lög um Hæstarétt Íslands.
6. gr. – 32
1974, nr. 54, 21. maí. Lög um Þjóðhagsstofnun og breyting á lögum nr. 93/1971 um framkvæmdastofnun ríkisins.
– 401, 407, 412
5. gr. 401, 412
1976, nr. 3, 22. janúar 1976. Auglýsing um aðild að Félagsmálasáttmála Evrópu.
5. gr. – 175, 182
6. gr. – 175, 182, 616
1976, nr. 29, 26. maí. Lög um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.
– 480
35. gr. – 480
1976, nr. 443, 28. desember. Reglugerð um skoðanir, viðhald og viðgerðir loftfara
– 442
1977, nr. 34, 12. maí. Lög um kjarsamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins.
– 403, 406, 412
8. gr. – 406
1978, nr. 42, 18. maí. Iðnaðarlög.
9. gr. – 386
1979, nr. 10, 28. ágúst. Auglýsing um aðild Íslands að alþjóðasamningi um mannréttindi.
– 334, 336
8. gr. – 334, 335, 338, 489, 494, 497, 628
22. gr. – 175, 182, 489, 494, 497, 628
1979, nr. 19, 1. maí. Lög um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og launa vegna sjúkdóma og slysaforfalla.
– 613
1980, nr. 46,28. maí. Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
– 472, 644
1980, nr. 55, 9. júní. Lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lifeyrisréttinda.
– 156, 162, 312, 405, 406, 411, 424, 441
1. gr. – 133, 139, 284, 311, 313, 314, 395, 423, 438, 472, 509 512, 515, 564, 575, 605, 650, 651

2. gr. – 405, 406, 409
3. gr. – 405
4. gr. – 405, 406
6. gr. – 623, 627, 628
1981, nr. 75, 14. september. Lög um tekjuskatt og eignaskatt.
7. gr. – 568
30. gr. – 567, 568
116. gr. – 568
1982, nr. 36, 7. maí. Lög um Sinfóníuhljómsveit Íslands.
– 139
1. gr. – 125, 139
2. gr. – 142, 145,
6. gr. – 125, 134, 139
11. gr. – 139
1983, nr. 42, 23. mars. Lög um Landsvirkjun.
– 497
1. gr. – 497
9. gr. – 284
1984, nr. 113, 31. desember. Lög um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.
– 492, 494
1985, nr. 20, 7.janúar. Reglugerð um flug loftfara í millilandaflugi um íslenska lofthelgi.
– 263
1985, nr. 24, 28. maí. Lög um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta.
– 447
1985, nr. 35, 19. júní. Sjómannalög.
53. gr. – 495
1985, nr. 43, 4. júní. Lög um Verðlagsráð sjávarútvegsins.
6. gr. – 339
1986, nr. 24, 7. maí. Lög um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins
– 16, 22, 23
1. gr. – 16, 22, 23
1986, nr. 94, 31. desember. Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
– 99, 101, 178, 180, 184, 185, 188, 260, 268, 271, 273, 297, 316, 317, 320, 322, 327, 352, 356, 358, 465, 479, 480, 490, 491, 492, 495, 496, 497 498, 499, 500, 501, 502, 564, 565, 566, 577, 579, 585, 586, 606, 607, 612, 613, 615, 617, 618, 619, 628, 629, 651

I. kafli – 99, 317, 494, 653
IV. kafli – 419
1. gr. – 490, 494, 613, 615
3. gr. – 4, 109, 185, 295, 500, 564, 578, 580, 587, 605
4. gr. – 2, 33, 100, 101, 180, 185, 186, 292, 321, 466, 467, 490, 494, 495, 496, 499, 500
5. gr. – 99, 100, 101, 102, 103, 180, 185, 186, 292, 321, 322, 358, 489, 490, 491, 492, 494, 496, 499, 500, 502, 503, 622, 623, 625, 628, 629
6. gr. – 134, 180, 321, 354, 356, 358, 359, 495, 496, 499, 500, 502, 621, 629, 630
7. gr. – 321, 323, 357, 494, 498, 624, 625, 626, 627, 628
9. gr. – 295, 297,300, 306, 578
10. gr. – 578
11. gr. – 490
12. gr. – 33, 44
13. gr. – 466, 483, 578, 585, 586
14. gr. – 268, 612, 613, 616
18. gr. – 268
19. gr. – 25, 26, 27, 28, 29, 30, 84, 85, 86, 89, 90, 91, 92, 93, 95, 249, 250, 251, 253, 256, 258, 260, 261, 262, 263, 265, 266, 267, 268, 269, 271, 272, 273, 275, 500, 611, 613
20. gr. – 256, 267, 271, 273
21. gr. – 271
24. gr. – 564, 575, 578, 605
26. gr. – 3, 39, 99, 102, 106, 133, 139, 210, 211, 295, 316, 322, 358, 415, 416, 417, 418, 419, 445, 463, 465, 466, 467, 478, 482, 494, 501, 564, 566, 580, 581, 584, 585, 586, 587, 588, 605, 606, 607, 629, 630, 651, 652, 653
27. gr. – 418, 463, 466, 467, 478, 480, 480, 481, 482, 587, 606, 608, 651
35. gr. – 577, 579
48. gr. – 616
54. gr. – 316
1987, nr. 20, 26. mars. Lög um sjómannadag.
– 156, 157, 158, 162, 163, 164
1. gr. – 155, 156, 161, 162, 163
2. gr. – 163
5. gr. – 155, 156, 157, 158, 161, 162, 163, 164, 165
1987, nr. 25, 27. mars. Vaxtalög.
III. kafli – 495

9. gr. – 571
10. gr. – 571
12. gr. – 571
1987, nr. 30, 27. mars. Lög um orlof.
1. gr. – 36, 37, 38, 40
7. gr. – 36, 38, 39, 43
14. gr. – 39
1987, nr. 43, 30 mars. Lög um lögskráningu sjómanna.
– 377
5. gr. – 377, 380
6. gr. – 377
1987. nr. 45, 30. mars. Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda.
8. gr. – 568
1987, nr. 50, 30. mars. Umferðarlög.
– 596
1987, nr. 53, 30. mars. Lög um skipulag fólksflutninga með langferðabifreiðum.
– 198
1987, nr. 92, 28. desember. Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar með talin breyting samkvæmt lögum nr. 49/1987 sem taka eiga gildi 1. janúar 1988.
2. gr. – 568
1987, nr. 161, 30. mars. Reglugerð um menntun, réttindi og skyldur læknaritara.
– 447
3. gr. – 447
1987, nr. 591, 29. desember. Reglugerð um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.
6. gr. – 568
7. gr. – 568
1988, nr. 41, 27. janúar. Auglýsing um skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmana.
– 27, 90, 268
1988, nr. 48, 19. maí. Lög um fangelsi og fangavist.
30. gr. – 207, 209
1988, nr. 50,24. maí. Lög um virðisaukaskatt.
– 50, 63, 79, 149, 157, 162, 243, 281, 311, 312, 318, 322, 336, 338, 344, 406, 457, 516, 564, 605
1988, nr. 162, 21. mars. Reglugerð um breytingu á reglugerð um menntun, réttindi og skyldur læknaritara nr. 161, 30. mars 1987, sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 425, 2. september 1987.

– 447
1989, nr. 53, 24. maí. Lög um samningsbundna gerðardóma.
13. gr. – 514
16. gr. – 514
1989, nr. 82, 1. júní. Lög um málefni aldraða.
– 102
1989, nr. 562, 4. desember. Reglugerð um virðisaukaskatt af vergri þjónustu og úttekt til eigin nota innan óskattskyldra fyrirtækja og stofnana
– 318
1990, nr. 7, 28. febrúar. Lög um ráðstafanir vegna kjarasamninga.
1. gr. – 406
1990, nr. 38, 15. maí. Lög um stjórn fiskveiða.
– 14, 19, 20
11. gr. – 20
12. gr. – 20
1990, nr. 53, 31. janúar. Auglýsing um skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
– 27, 90
1990, nr. 97, 28. september. Lög um heilbrigðisþjónustu.
– 612
1990, nr. 344, 17. júlí. Reglugerð um skírteini gefin út af flugmálastjórn.
– 263, 561, 602
Kafli 4.4 – 263
1991, nr. 28, 27. mars. Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
– 175, 182, 370
1. gr. – 175
2. gr. – 175
3. gr. – 370
4. gr. – 370
5. gr. – 175
6. gr. – 175
1991, nr. 31, 28. janúar. Auglýsing um lista yfir forstöðumenn stofnana og staðgengla þeirra, sem óheimilt er að gera verkfall, skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. lög nr. 90/1986 um breyting á þeim, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
– 27, 90
1991, nr. 84, 23. desember. Lög um breyting á lögum nr. 43 4. júní 1985, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.
1. gr. – 14, 339

1991, nr. 91,31. desember. Lög um meðferð einkamála.
– 148, 243, 280, 322
III. kafli. – 328
XXI. kafli – 7, 100, 102, 117, 211, 259, 303, 317, 321, 322, 328, 336, 338, 344, 347, 353, 397, 423, 439, 449, 457, 474, 516, 564, 566, 579, 606, 614, 636, 641
XXII. kafli – 516
5. gr. – 32
16. gr. – 581, 594
18. gr. – 328, 652
19. gr. – 457
24. gr. – 398, 581
25. gr. – 8, 111, 120, 223, 284, 398, 417, 557, 564, 567, 581, 583, 584, 598, 605
26. gr. – 581
27. gr. – 581
28. gr. – 284
44. gr. – 269
52. gr. – 275
60. gr. – 94
61. gr. – 275
64. gr. – 270
66. gr. – 270
80. gr. – 6, 7, 8, 30, 31, 90, 92, 93, 94, 95, 111, 120, 134, 185, 210, 269, 398, 417, 557, 564, 567, 569, 581, 583, 584, 588, 599, 605
94. gr. – 245, 246, 247
105. gr. – 632
116. gr. – 27, 30, 90, 91, 92, 260, 269
129. gr. – 139, 178, 397, 406, 423, 439, 549, 577, 636
130. gr. – 4, 50, 54, 63, 70, 72, 77, 79, 109, 139, 148, 157, 162, 178, 184, 188, 197, 199, 208, 243, 281, 297, 311, 356, 358, 363, 370, 377, 397, 406, 416, 423, 424, 439, 441, 446, 459, 482, 495, 499, 512, 527, 539, 541, 549, 556, 578, 579, 596, 628, 629, 632, 636
131. gr. – 516
1991, nr. 196, 18. apríl. Reglugerð um Sinfóníuhljómsveit Íslands.
– 139
13. gr. – 139
1991, nr. 325, 2. júlí. Reglugerð um breytingu á reglugerð um menntun, réttindi og skyldur læknaritara nr. 161, 30. mars 1987, sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 162, 21. mars 1988.
– 447

1992, nr. 27, 23. janúar. Auglýsing um skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
– 27, 90
1992, nr. 37, 27. maí. Lög um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.
– 20
1992, nr. 39, 3. febrúar. Reglur um ferðakostnað vegna ferðalaga á vegum ríkisins.
– 5, 109, 110, 111, 118, 564, 565, 567, 606
2. gr. – 209
3. gr. – 209
4. gr. – 118
5. gr. – 8, 109, 119
7. gr. – 5, 8, 110, 113
1992, nr. 55, 7. janúar. Auglýsing um setningu flugreglna.
– 263
1992, nr. 90, 27. nóvember. Lög um breytingu á vaxtalögum.
1. gr. – 571
1993, nr. 8, 25. febrúar. Samkeppnislög.
– 199
1993, nr. 37, 30. apríl. Stjórnsýslulög.
II. kafli – 116
1. gr. – 116
11. gr. – 36, 109, 116, 494, 495, 499
1993, nr. 69, 6. maí. Lög um breytingar á lögum um vinnumarkaðsmál vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.
5. gr. – 509, 515, 650, 651
1993, nr. 77, 18. maí. Lög um sérstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.
– 387
4. gr. – 385
1993, nr. 292, 12. júlí. Reglugerð um Flugmálastjórn, skipulag, starfshætti og verkefni.
– 263
1993, nr. 104, 23. nóvember. Tilskipun ráðs Evrópusambandsins um ákveðna þættti er varða skipulag vinnutíma.
– 638
1994, nr. 62, 9. maí. Lög um mannréttindasáttmála Evrópu.
– 100, 101, 199, 317, 321, 322, 323, 327, 352, 355, 357, 499
10. gr. – 488, 494, 497, 501, 627, 628
11. gr. – 99, 175, 182, 236, 258, 317, 321, 323, 488, 491, 494, 497, 501, 502, 503, 623, 624, 625, 627, 628

1994, nr. 79, 19. maí. Lög um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna og um breytingu á lögum nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greislumiðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum.
– 14
1. gr. – 14
10. gr. – 14, 15, 22, 23
1994, nr. 89, 24. maí. Lög um Áburðarverksmiðjuna hf.
– 146, 239, 276
1994, nr. 405, 15. júlí. Reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994–1995.
10. gr. – 20
1994, nr. 569, 20. október. Auglýsing um breyting á reglum nr. 39/1992, um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins.
– 109, 110, 118, 564, 567
2. gr. – 8, 118, 119
1995, nr. 2, 30. janúar. Lög um hlutafélög.
XIV. kafli – 161
1995, nr. 68, 27. janúar. Auglýsing um skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna
– 25, 27, 28, 30, 84, 85, 90, 91, 92, 250, 260, 262, 267, 268, 269, 272, 611, 613
1995, nr. 84, 20. júní. Lög um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.
– 15, 82, 339, 514, 517
1. gr. – 337
1995, nr. 97, 28. júní. Stjórnskipunarlög um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.
– 109, 176, 326, 352
12. gr. – 236, 502
1995, nr. 46, 24. október. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.
8. gr. – 578
1996, nr. 3, 6. júní. Auglýsing frá ferðakostnaðarnefnd um dagpeninga ríkisstarfsmanna á ferðalögum erlendis.
– 107
1996, nr. 4, 27. september. Auglýsing frá ferðakostnaðarnefnd um dagpeninga ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands.
– 205, 211
1. tl. – 208, 212, 213
4. tl. – 209, 210, 212

1996, nr. 11, 8. janúar. Reglugerð um skilyrði þess að vera ráðinn fangavörður og menntun fangavarða.
– 207, 209
6. gr. – 203
12. gr. – 202, 203, 206, 207, 209
1996, nr. 70, 11. júní. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
– 268, 301, 447, 545, 613, 634
3. gr. – 209
5. gr. – 301
8. gr. – 301
9. gr. – 578
15. gr. – 301, 447
17. gr. – 301
19. gr. – 301, 302
39. gr. – 209
42. gr. – 301
47. gr. – 209, 578
48. gr. – 613, 618
56. gr. – 268
1996, nr. 75, 11. júní. Lög um breyting á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.
– 59, 60, 62, 66, 70, 73, 151, 219, 220, 221, 227, 229, 230, 231, 232, 233, 234, 236, 464, 465, 479
II. kafli – 232
XIV. kafli – 221, 231
1. gr. – 59, 63, 64
3. gr. – 63, 64, 232, 233, 236, 619
4. gr. – 483
5. gr. – 464, 479
8. gr. – 579
1997, nr. 1, 10. janúar. Um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.
– 406, 411
1997, nr. 9, 26. febrúar. Lög um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.
4. gr. – 284
1997, nr. 129, 23. desember. Lög um skyldutryggingu lífeyrisrétinda og lífeyrissjóði.
– 406, 408, 411
1998, nr. 13, 27. mars. Lög um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.
– 338, 513, 514, 517, 518, 519

II. kafli. – 339, 517
1. gr. – 514
3. gr. – 514
7. gr. – 508, 514, 517, 519
8. gr. – 337
11. gr. – 519
16. gr. – 514

1998, nr. 16, 2. janúar. Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 2/1998 um skattmat í staðgreiðslu á árinu 1998.
– 568, 569

1998, nr. 60, 10. júní. Lög um loftferðir.
20. gr. – 442

1999, nr. 23, 4. janúar. Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 2/1999 um skattmat í staðgreiðslu árið 1999.
– 568, 569

1999, nr. 419, 22. júní. Reglugerð um skírteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands.
– 561, 602

2000, nr. 16, 3. janúar. Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 3/2000 um skattmat tekjuárið 1999 (framtalsárið 2000).
– 568

III. Efnisskrá til yfirlits

Dagpeningar 104
Dómsvald Félagsdóms 238, 393
Dvalarkostnaður 202
Fastur vinnustaður 544
Félagsaðild 350
Fjöldauppsagnir 476
Forgangsréttur 166, 452
Frávísun 1, 25, 146, 215, 325, 393, 400, 560, 570, 646
Frávísun að hluta 84, 544, 589
Frávísunarkröfu hafnað 238, 414, 420, 461, 601, 620
Frítökuréttur 544, 633
Föst yfirvinna 32
Gagnkrafa 166
Hæstiréttur 1, 25, 84, 146, 414, 461, 601, 620
Kjarasamningur 10, 32, 47, 97, 104, 124, 154, 160, 166, 202, 276, 291, 308, 315, 330, 341, 350, 360, 368, 375, 426, 436, 444, 452, 469, 484, 505, 521, 537, 544, 633
Laun 276, 360, 375, 426
Löndunarbann 589
Matmálstímar 368
Mál fellt niður 632
Orlof 32
Ólögmætt verkbann 224
Ólögmætt verkfall 57
Ráðningarkjör 436
Samningsaðild 97, 315, 484
Samráð 436
Samúðarvinnustöðvun 67
Sektargreiðsla 154, 160
Sératkvæði 10, 25, 32, 57, 75, 84, 104, 124, 146, 166, 224, 249, 276, 382

Sjómannadagur 154, 160
Skiptakjör 10, 75, 308 330, 505
Staðgengilslaun 444
Trúnaðarmaður 382
Uppsögn úr starfi 521
Úrskurðarnefnd 291
Vaktaálag 469
Vaktavinna 426
Verkfall 75, 195, 610
Verkfallsheimild 249
Vetrafrí 537
Vinnutími 124
Yfirvinna 341, 426

IV. Efnisskrá

Dagpeningar.

Sjá: Kjarasamningar. 104

Dómsvald Félagsdóms.

Landsvirkjun taldi kröfur Vélstjórafélags Íslands þegar vera til meðferðar í máli fyrir Hæstarétti og því ætti að vísa málinu frá Félagsdómi. Annars vegar var um að ræða mál höfðað fyrir Félagsdómi af stéttarfélagi á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Hins vegar var launakrafa einstaklings í máli fyrir almennum dómstólum. Sá málarekstur skerti ekki rétt og skyldu Félagsdóms til að skýra ákvæði kjarasamnings þótt í einkamáli kynni að reyna á skýringu sama samningsákvæðis. 238

Krafa Verkalýðsfélagsins Einingar f.h. félgsmanns síns var í reynd krafa á hendur vinnuveitanda hans um greiðslu vangreiddra launa. Félagsdómur er sérdómstóll. Ákvæði laga um valdsvið hans ber að túlka þröngt. Málið var ekki talið heyra undir Félagsdóm og því var vísað frá Félagsdómi án kröfu. 393

Dvalarkostnaður.

Sjá: Kjarasamningar. 202

Fastur vinnustaður.

Sjá: Kjararasamningar. 544

Félagsaðild.

Sjá: Kjarasamningar. 350

Fjöldauppsagnir.

Kjarasamningur var í gildi milli sveitarfélagsins Árborgar og Félags leikskólakennara. Tólf leikskólakennarar sögðu upp störfum sínum við leikskóla í sveitarfélaginu vegna óánægju með launakjör sín. Sveitarfélagið höfðaði mál á hendur stéttarfélaginu með kröfu um

að uppsagnirnar yrðu dæmdar brot á friðarskyldu á gildistíma kjarasamnings aðilanna og væru í reynd ólögmæt vinnustöðvun. Er málið var dómtekið höfðu leikskólakennararnir, að einum undanskildum, ráðið sig að nýju hjá sveitarfélaginu. Stéttarfélagið var réttur aðili til að fara með mál félagsmanna sinna. Sveitarfélagið átti lögvarða hagsmuni af því að fá skorið úr ágreiningsefninu. Ekkert var komið fram um að stéttarfélagið hefði staðið að uppsögnum félagsmanna sinna. Þrátt fyrir að gögn málsins bæru með sér að um fjöldauppsagnir hefði verið að ræða varð uppsögnum leikskólakennaranna ekki án skýrrar lagaheimildar jafnað til aðgerða sem jafna mætti til vinnustöðvunar og brots á friðarskyldu. Félag leikskólakennara var sýknað af kröfu sveitarfélagsins. 476

Forgangsréttur.

Sjá: Kjarasamningar. 166
Sjá: Kjarasamningar. 452

Frávísun.

Krafa Félags fréttamanna laut í meginatriðum að því að fá viðurkennd almenn ákvæði kjarasamnings um dagpeninga fréttamanna hjá Ríkisútvarpinu þegar þeir færu til annarra landa á vegum stofnunarinnar. Dómsorð í þá veru hefði eitt út af fyrir sig ekki ráðið ágreiningsefni málsins til lykta. Málinu var vísað frá Félagsdómi. Hæstiréttur staðfest frávísunardóminn. 1

Félag íslenskra flugumferðarstjóra krafðist þess að flugumferðarstjórar yrðu felldir af skrá um þá sem ekki nytu verkfallsréttar samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. auglýsingu nr. 68/1995. Með dómi Félagsdóms 25. september 1995 hafði sömu efniskröfu verið hafnað. Málið var nú í sama horfi og þá. Málinu var vísað frá Félagsdómi. Hæsiréttur staðfesti frávísunardóminn. Sératkvæði. 25

Kröfugerð Vélstjórafélags Íslands á hendur Landsvirkjun var byggð á því að samkvæmt kjarasamningi aðilanna bæri að samræma laun vélfræðinga hjá stefnda launum starfsmanna Áburðarverksmiðjunnar hf., áður Áburðarverksmiðju ríkisins. Ákvæði kjarasamningsins og hækkun launa hjá Áburðarverksmiðjunni hf. leiddu ekki sjálfkrafa til hækkunar launa hjá vélfræðingum í þjónustu Landsvirkjunar. Málatilbúnaður sóknaraðila var ekki byggður á athugun á samræmi launakjara þessara félagsmanna við viðmiðunarhópinn. Málið var því svo vanreifað að ekki varð dæmt efnislega

um kröfurnar. Málinu var vísað frá Félagsdómi án kröfu. Sératkvæði. Hæstiréttur staðfesti frávísunardóminn. 146

Sjómannasamband Íslands taldi ákvörðun Landssambands íslenskra útvegsmanna um boðun verkbanns ólögmæta. Verkbanninu var aflýst áður en það kom til framkvæmda. Ákvörðunin um boðun verkfallsins hafði ekki réttaráhrif og því voru engir lögvarðir hagsmunir af dómi um lögmæti hennar. Málinu var vísað frá Félagsdómi án kröfu. 215

Stéttarfélag verkfræðinga krafðist viðurkenningar á því að það færi með samningsaðild fyrir fjóra verkfræðinga hjá Reykjavíkurborg og að hún væri gagnvart þeim bundin af kjarasamningi sínum við félagið. Ágreiningslaust var að verkfræðingunum var frjálst að segja sig úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og að ganga í Stéttarfélag verkfræðinga. Hluti kröfugerðarinnar var talinn kunna að varða hagsmuni Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar sem ekki var stefnt í málinu. Málinu var vísað frá Félagsdómi. 325

Kröfur verkalýðsfélagsins Einingar miðuðu að því að fá viðurkennda ákveðna túlkun á ákvæðum kjarsamnings. Ekki var þó ljóst hver sá kjarasamningur var en sýnt var að kröfurnar urðu ekki byggðar á þeim kjarasamningi sem lagður var fram í málinu. Þá var krafa verkalýðsfélagsins í reynd krafa um greiðslu vangreiddra launa félagsmanns úr hendi vinnuveitanda hans. Félagsdómur er sérdómstóll og ákvæði laga um valdsvið hans ber að túlka þröngt.
Málið var ekki talið heyra undir Félagsdóm og því var vísað frá dómi án kröfu. 393

Samband islenskra bankamanna krafðist viðurkeningar á því að túlka bæri ákvæði kjarasamnings þess og Samninganefndar bankanna á þann veg að starfsmaður Þjóðhagsstofnunar ætti rétt á desemberuppbót (13. mánuði) sem lífeyrisgreiðslu eftir að hann lét af föstu starfi. Ákvæði kjarasamningsins tryggði starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar „sambærileg réttindi og bætur“ í lifeyrismálum og starfsmenn ríkisbanka nutu á hverjum tíma. Enginn haldbær samanburður lá fyrir á réttindum bankastarfsmannsins hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og sambærilegum réttindum starfsmanna ríkisbankanna. Málið var því vanreifað af hálfu stefnanda og var vísað frá Félagsdómi án kröfu. 400

Krafa á hendur vinnuveitanda, opinberri stofnun, um greiðslu dagpeninga varð ekki reist á skattmötum ríkisskattstjóra sem eru stjórnvaldsfyrirmæli og geyma eingöngu reglur sem varða skattfram-

kvæmd. Dómkrafa stefnanda var bæði byggð á röngum lagagrundvelli og var vanreifuð með tilliti til þeirra reglna og ákvarðana sem við áttu. 560

Stéttarfélag höfðaði mál á hendur opinberri stofnun með kröfu um viðurkenningu á röðun starfs eins starfsmanns hennar í launaramma samkvæmt kjarasamningi. Þess var ekki getið í stefnu á hvaða lagagrundvelli málið var lagt fyrir Félagsdóm. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986 fer fjármálaráðherra með fyrirsvar ríkissjóðs við gerð kjarasamninga samkvæmt þeim lögum. Honum var ekki stefnt í málinu. Kröfugerðin fól í sér að Félagsdómur skyldi ákveða röðun starfsmannsins í launaflokk og ákvarða laun hans. Úrlausn dómkrafnanna átti ekki undir Félagsdóm á grundvelli 26. gr. laga nr. 94/1986 og auk þess voru þær ekki í samræmi við d-lið 80. gr. laga nr. 91/1991. Hluti dómkrafnanna fól í sér beiðni um lögfræðilega álitsgerð og voru ódómhæfar samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Þessir annmarkar höfðu í för með sér að vísa bar málinu frá Félagsdómi. 570

Vélstjórafélag Íslands höfðaði mál fyrir hönd vélfræðings hjá Orkuveitu Reykjavíkur á hendur stofnuninni og Reykjavíkurborg. Krafist var viðurkenningar á því að starfsmaðurinn ætti að taka laun samkvæmt ákveðnu þrepi í launaflokki kjarasamnings milli Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Vélstjórafélagið var ekki aðili að þeim kjarasamningi og því gat það ekki borið ágreininginn undir Félagsdóm á grundvelli 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986. Málið féll hvorki undir valdsvið Félagsdóms samkvæmt öðrum ákvæðum 26. gr. laganna né 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938, sbr. ákvæði I. kafla laga nr. 94/1986. Samkvæmt þessu bar að fallast á kröfu stefndu um frávísun málsins. 646

Frávísun að hluta.

Félag íslenskra flugumferðarstjóra krafðist þess aðallega að flugumferðarstjórar yrðu felldir af skrá skv. auglýsingu nr. 68/1995 er birt var samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Til vara var þess krafist að í stað orðanna „Flugumferðarstjórar, allir“ og „Flugumferðarstjórar“ kæmu 32 tilteknar stöður flugumferðarstjóra. Til þrautavara var þess krafist að í stað framangreindra orða kæmu 36 tilteknar stöður flugumferðarstjóra.

Meirihluti Félagsdóms vísaði aðalkröfunni frá dómi þar sem um væri að ræða sömu kröfu og vísað hafði verið frá dómi vegna ófullnægjandi málatilbúnaðar í fyrra máli aðilanna og ekki varð séð að

úr hefði verið bætt. Varakröfunni og þrautavarakröfunni var vísað frá Félagsdómi vegna þess að álitsgerð, sem Félag flugumferðarstjóra lagði fram, hafði verið unnin af þremur félagsmönnum þess. Frávísunardómurinn var kærður til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar var niðurstaða Félagsdóms um frávísun aðalsakar staðfest. Hins vegar var talið að varakrafan og þrautavarakrafan fullnægðu skilyrðum e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili átti því rétt á að fá efnislega meðferð á þeim kröfum. Lagt var fyrir Félagsdóm að taka málið til efnislegrar meðferðar að þessu leyti. Sératkvæði. 84

Sjá: Kjarasamningar. 544

Sjá: Löndunarbann. 589

Frávísunarkröfu hafnað.

Sjá: Dómsvald Félagsdóms. 238

Starfsmannafélag ríkisstofnana sótt mál fyrir hönd félagsmanns síns á hendur fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Ágreiningur var með aðilum um skilning á reglum um staðgengilslaun í kjarasamningi þeirra. Málið átti undir lögsögu Félagsdóms. Það var hvorki talið vanreifað svo að frávísun varðaði né að starfsmannafélagið hefði ekki lögvarða hagsmuni af dómi i því. Frávísunarkröfu fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs var því hafnað. Hæstiréttur staðfesti úrskurð Félagsdóms. 414

Í kjarasamningi Flugvirkjafélags Íslands og Flugleiða hf. var svohljóðandi ákvæði: „Eigi skal refsa eða víkja flugvirkja frá störfum fyrir brot gegn lögum eða opinberum flugreglum, nema í samráði við stjórn F.V.F.Í., eða að undangenginni dómsrannsókn, sem leiddi sekt hans í ljós."

Flugvirkjafélagið sótti mál fyrir hönd félagsmanns síns á hendur Flugleiðum hf. og krafðist ógildingar á brottvikningu flugvirkjans úr starfi eftirlitsmanns hjá félaginu, en hann hélt áfram störfum hjá því og naut almennra ráðningarkjara. Deila aðila snérist fyrst og fremst um skilning á framangreindu ákvæði kjarasamningsins og skipti ekki máli þótt Flugleiðir hf. vísuðu til ráðningarsamnings félagsins við flugvirkjann. Málið átti undir Félagsdóm og varð ekki vísað frá dómi sökum óskýrrar kröfugerðar. 420

Kjarasamningur var í gildi milli sveitarfélagsins Árborgar og Félags leikskóla- kennara. Tólf leikskólakennarar sögðu upp störfum við leikskóla í sveitarfélaginu vegna óánægju með launakjör sín. Sveitarfélagið höfðaði mál á hendur stéttarfélaginu með kröfu um

að uppsagnirnar væru brot á friðarskyldu á gildistíma kjarasamnings aðilanna og því í reynd ólögmæt vinnustöðvun. Því var haldið fram að stéttarfélagið bæri ábyrgð á uppsögnum leikskólakennaranna þó að það hefði ekki komið að ágreiningi þeirra við sveitarfélagið. Stéttarfélagið taldi sig ekki vera aðila að málinu þó að það færi með tiltekið málssóknarumboð fyrir félagsmenn sína og taldi efni málsins raunverulega vera milli sveitarfélagsins og tiltekinna starfsmanna þess. Kjarasamningur var í gildi milli aðilanna og stéttarfélagið var réttur aðili til að fara með mál félagsmanna sinna. Félagsdómur dæmir í málum sem rísa milli aðila kjarasamnings um lögmæti boðaðra eða þegar hafinna vinnustöðvana. Frávísunaröfu stéttarfélags leikskólakennaranna var hafnað. Hæstiréttur staðfesti úrskurð Félagsdóms. 461

Ljóst var að ágreiningur var með Félagi íslenskra flugumferðarstjóra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs um skilning á ákvæði kjarasamnings milli þeirra um greiðslur dagpeninga vegna námskeiðs- og þjálfunarstarfa starfsmanns Flugmálastjórnar Íslands. Ágreiningurinn átti undir lögsögu Félagsdóms skv. 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986. Málið var ekki svo vanreifað að frávísun varðaði. Stéttarfélagið uppfyllti að öðru leyti lagaskilyrði til málssóknar fyrir hönd félagsmanns síns um ágreiningsefnið, sbr. 4. mgr. 27. gr. laga nr. 94/1986. Kröfu fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs um frávísun málsins var því hafnað. Hæstiréttur staðfesti úrskurðinn. 601

Í máli sínu á hendur Reykjavíkurborg og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar krafðist Bifreiðastjórafélagið Sleipnir viðurkenningar á því að við gerð næstu kjarsamninga færi það með samningsaðild fyrir 27 tiltekna bifreiðastjóra sem störfuðu hjá Strætisvögnum Reykjavíkur. Krafan átti undir Félgasdóm skv. 1. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986. Frávísunarkröfu stefndu var hafnað. Hæstiréttur staðfesti úrskurðinn. 620

Frítökuréttur.

Sjá: Kjarasamningar. 544
Sjá: Kjarasamningar. 633

Föst yfirvinna.

Sjá: Kjarasamningar. 32

Gagnkrafa.

Verkalýðsfélög kröfðust forgangsréttar til ýmissa starfa við skóla í Reykjavík. Viðurkennd var gagnkrafa um gildi kjarasamnings milli Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. 166

Hæstiréttur.

Hæstiréttur staðfestir úrskurð um frávísun máls. 1, 25, 146, 414, 461
Hæstiréttur staðfestir úrskurð um að hafna frávísunarkröfu. 601, 620
Hæstiréttur staðfestir frávísunanrdóm að hluta. 84

Kjarasamningar.

Útgerðarfélagið Sæberg hf. fékk greitt fyrir afla skips síns með peningagreiðslu og fékk auk þess aflamark frá fiskkaupandanum. Viðskiptin voru svonefnd „tonn á móti tonni". Við uppgjör á aflahlut var miðað við peningagreiðsluna en verðmæti móttekins aflamarks var ekki reiknað með. Skipstjóra- og stýrimannafélag Norðlendinga krafðist leiðréttingar á þessu. Aðferð útgerðarinnar við uppgjör fól í sér að heildarverðmæti afla sem útgerðarmaður miðaði við til hlutaskipta var lægra en ella og því kom minna til skipta. Þessi uppgjörsaðferð braut í bága við ákvæði kjarasamnings um skyldu útgerðarmanns til að tryggja yfirmönnum hæsta gangverð afla og lagði bann við því að þeir tækju þátt í kostnaði útgerðarinnar við kaup á veiðiheimildum. Sératkvæði. 10
Hafnað var kröfu Félags fréttamanna um að félgsmenn þess við störf hjá Ríkisútvarpinu ættu frá 1. febrúar 1993 rétt til orlofs af fastri mánaðarlegri yfirvinnu sem þeir fengu greidda. Sératkvæði. 32
Stéttarfélagið Samiðn og Reykjavíkurborg gerðu með sér sérstakt samkomulag um að starfsmaður sem væri flokksstjóri skyldi hafa 15% hærri laun en hann hefði ella. Stéttarfélagið krafðist viðurkenningar á því að félagsmaður þess, starfsmaður Sjúkrahúss Reykjavíkurborgar, gegndi starfi flokksstjóra í skilningi kjarasamningsins og yfirlýsingar aðilanna. Ljóst var að stafsmaðurinn var ekki ráðinn flokksstjóri í skilningi samkomulagsins. Hann var ekki verkstæðisformaður og ekki var sýnt fram á að hann hefði með höndum umsjón verka eða flokksstjórn eða gegndi að jafnaði öðrum störfum en almennum störfum trésmiðs. Kröfu stéttarfélagsins var hafnað. . 47
Dæmt var að Sjúkraliðafélag Íslands færi með samningsaðild fyrir sjúkraliða sem ráðinn hafði verið forstöðumaður dagvistar aldraðra í Reykjanesbæ. 97
Dæmt var að þegar félagsmenn Félags féttamanna við störf hjá Ríkisútvarpinu færu til útlanda á vegum stofnunarinnar ættu þeir rétt á dagpeningum samkvæmt ákvæði kjarasamnings þeirra í samræmi við ákvarðanir og reglur ferðakostnaðarnefndar á hverjum tíma. Dagpeningarnir skyldu greiddir fyrir tímabilið frá því utanför hæfist og þar til henni lyki. Sératkvæði. 104

Sinfóníuhljómsveit Íslands var sýknuð af kröfu Félags íslenskra hljómlistarmanna f.h. Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands um viðurkenningu á að óheimilt hefði verið að fjölga einhliða hljómleikum í septembermánuði 1996 á kostnað samæfingartíma, án samráðs eða samþykkis félagsins. Hins vegar var viðurkennd krafa um að greiða bæri hljómsveitarmönnum á ferðalögum innanlands 4,5 klst. á dagvinnukaupi auk 45% álags ef hljómleikaferð stæði yfir laugardag og sunnudag, að viðbættum 6 klst. á yfirvinnukaupi dag hvern, þ. á m. frídaga. Sératkvæði. 124

Bilun hafði orðið í vélarbúnaði skips Hraunsvíkur ehf. í veiðiferð og þurfti að draga það til hafnar til viðgerðar. Skipinu var haldið til veiða á ný og stóð veiðiferðin fram yfir sjómannadag. Sjómannafélag Hafnarfjarðar taldi þetta brot á kjarasamningi við útgerð skipsins. Við þessar aðstæður voru það almennir hagsmunir útgerðar að halda skipinu til veiða. Það voru ekki taldir mikilvægir hagsmunir í skilningi 3. mg. 5. gr. laga nr. 20/1987 um sjómannadag. Því var brotið gegn ákvæði í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna með því að halda skipinu úti á sjómannadaginn. Útgerð skipsins var dæmd til að greiða sekt í félagssjóð sjómannafélagsins. 154

Það var ósannað að skipverjum á skipi Sæbergs hf. hefði verið tilkynnt fyrir upphaf veiðiferðar að siglt yrði með aflann á erlendan markað. Því var brotið gegn ákvæði gr. 1.14 í kjarsamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna með því að halda skipinu úti á sjómannadaginn. Útgerð skipsins var dæmd til að greiða sekt í félagssjóð viðkomandi sjómananfélags. 160

Ágreiningur reis um forgangsrétt félaga Verkakvennafélagsins Framsóknar og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar til starfa við ræstingar, kaffiumsjón og til starfa matráðskvenna í þremur af skólum Reykjavíkurborgar. Einnig var ágreiningur um gildi kjarasamnings Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar um að skólaliðar sinntu framangreindum störfum. Kröfum verkalýðsfélaganna um forgangsrétt til starfanna var hafnað. Viðurkennd var gagnkrafa um gildi kjarasamnings Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Sératkvæði. 166

Fangavörður við fangelsið að Litla-Hrauni var búsettur á Selfossi og sótti nám við Fangavarðaskólann í Reykjavík. Ágreiningslaust var að fangavörðurinn ætti rétt á dagpeningum en aðila greindi á um reglur um ákvörðun þeirra. Krafa fangavarðarins um rétt til dagpeninga var tekin til greina að hluta. 202

Landsvirkjun var gert að hækka laun vélfræðinga sinna til samræmis við kjör vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðjunni hf., áður Áburðarverksmiðju ríkisins, og til að inna af hendi ákveðna yfirvinnugreiðslu fyrir hverja vakt. Sératkvæði. 276

Félag íslenskra náttúrufræðinga krafðist ógildingar á úrskurði úrskurðarnefndar sem skipuð var samkvæmt kjarasamningi félagsins við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs o.fl. Úrskurðarnefndin var ekki talin hafa farið út fyrir umboð sitt frá samningsaðilum. Fjármálaráðherra var sýknaður af kröfunni. 291

Vélstjórafélag Íslands krafðist viðurkenningar á því að útgerðarfélag hefði gerst brotlegt við ákvæði kjarasamnings milli þeirra með því að miða ekki við rétt aflaverðmæti í uppgjöri við vélstjóra. Ágreiningslaust var að á uppgjörsblaði var tilgreint annað söluverðmæti en fékkst fyrir aflann. Dæmt var að útgerðarfélagið hefði brotið gegn ákvæðum kjarasamningsins. 308

Sjúkraliða var ljóst við ráðningu til starfs við Meðferðarheimilið að Sogni að um var að ræða starf gæslumanns en ekki sjúkraliða. Sýknað var af kröfu Sjúkraliðafélags Íslands um að það færi með samningsaðild fyrir sjúkraliðann vegna starfsins. 315

Samkvæmt kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands skyldu útgerðarmaður og áhöfn skips semja um fiskverð þegar útgerð tæki afla til eigin vinnslu. Ef ekki næðist samkomulag útgerðar og meirihluta áhafnar skyldi sérstök nefnd kveða upp úrskurð er gilti í skiptum áhafnar og útgerðar. Sýknað var af kröfu samtaka sjómanna um að útgerðarfélaginu væri skylt að ganga til samninga um hlutaskipti á skipi þess. 330

Dæmt var að greiða ætti ræstitæknum við fjölbrautaskóla yfirvinnulaun er næmu 1,0385% af umsömdum mánaðarlaunum samkvæmt sérkjarasamningi Verkakvennafélagsins Framsóknar við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. 341

Stéttarfélag verkfræðinga krafðist viðurkenningar á því að þrír verkfræðingar, sem störfuðu hjá Reykjavíkurborg og höfðu verið félagsmenn í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, ættu rétt til launa samkvæmt kjarasamningi félagsins við Reykjavíkurborg. Það leiddi af grunnreglu 2. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938, sem einnig átti sér stoð í 4. mgr. 6. gr. laga nr. 94/1986, að verkfræðingarnir voru bundnir af kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar út samningstímabilið. Reykjavíkurborg var sýknuð. 350

Sýknað var af kröfu Vélstjórafélags Íslands um viðurkenningu á því að út-

gerð ms. Herjólfs hefði brotið gegn kjarasamningi við uppgjör á launum vélstjóra í ferð skipsins til annarra hafna en Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. 360

Dæmt var að útgerð ms. Herjólfs hefði brotið gegn ákvæðum kjarasamnings um matmálstíma með því að víkja frá ákvæðum um kvöldverðartíma þjónustufólks. 368

Vélstjóri á skipi við dagróðra sinnti eftirliti með skipinu á sunnudögum og öðrum helgidögum. Útgerðin synjaði vélstjóranum um greiðslu fyri það starf og taldi það falla undir störf sem vélstjórar sinntu án sérstakrar greiðslu. Dæmt var að útgerðin hefði með synjun sinni brotið gegn ákvæðum kjarasamnings Vélstjórafélags Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna. 375

Dæmt var að að tímakaup fyrir yfirvinnu blaðamanna við vaktavinnu hjá Dagblaðinu – Vísi skyldi reiknað af grunnlaunum og vaktaálagi. ... 426

Í Kjarasamningi Flugvirkjafélags Íslands og Flugleiða hf. var svohljóðandi ákvæði: „Eigi skal refsa eða víkja flugvirkja frá störfum fyrir brot gegn lögum eða opinberum flugreglum, nema í samráði við stjórn F.V.F.Í., eða að undangenginni dómsrannsókn, sem leiddi sekt hans í ljós.“ Flugvirkjafélagið sótti mál fyrir hönd félagsmanns síns á hendur Flugleiðum hf. og krafðist ógildingar á brottvikningu flugvirkjans úr starfi eftirlitsmanns hjá Flugleiðum hf., en hann hélt áfram störfum hjá félaginu og naut almennra ráðningarkjara. Flugvirkinn var sviptur þeirri stöðu sem hann gegndi þótt hann starfaði áfram innan sömu deildar Flugleiða hf. Honum hafði því verið vikið úr starfi í skilningi ákvæða kjarasamningsins. Það var óheimilt nema að höfðu samráði við stjórn Flugvirkjafélags Íslands. Það var ekki gert. Dæmt var að Flugleiðir hf. hefðu brotið gegn framangreindu ákvæði kjarsamningsins og var krafa Flugvirkjafélags Íslands tekin til greina. .. 436

Læknritari við Landspítalann gegndi starfi deildarlæknaritara í forföllum hans og átti rétt á staðgengilslaunum í sama launaflokki og hann. . 444

Flugfélag Íslands hf. hafði tekið flugvélar á leigu af Flugleiðum hf. með Wet Lease leigusamningi. Sýknað var af kröfu Félags íslenskra atvinnuflugmanna um viðurkenningu á að Flugfélag Íslands hf. hefði brotið gegn forgangsréttarákvæði kjarasamnings félaganna með því að láta flugmenn Flugleiða hf. fljúga flugvélunum. 452

Dæmt var að húsvörður hjá Búnaðarbanka Íslands hf. ætti ekki rétt á vaktaálagi fyrir húsvörslu á kvöldin og á næturnar. 469

Dæmt var að við gerð kjarasamninga færi Vélastjórafélag Íslands með samningsaðild fyir 18 vélfræðinga sem störfuðu hjá Hitaveitu, Raf-

magnsveitu og Vatnsveitu Reykjavíkurborgar og sagt höfðu sig úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. 484

Vélstjórafélag Íslands krafðist viðurkenningar á því að útgerðarfélagið Þormóður rammi – Sæberg hf. hefði brotið gegn ákvæði í kjarasamningi aðilanna um að vélstjórum og vélavörðum skyldi tryggt hæsta gangverð alls afla og aldrei lægra en útgerðarmaður fengi í sinn hlut. Við túlkun á hugtakinu „hæsta gangverð alls sem aflað er" bar að líta til þess að gerðir höfðu verið samningar um fiskverð á grundvelli þeirrar samningsskyldu sem mælt var fyrir um í kjarasamningnum og höfðu sætt athugun og úrlausn samkvæmt þeirri tilhögun sem kveðið er á um í lögum nr. 13/1998. Því var talið varhugavert að slá því föstu að útgerðarfélagið hefði brotið ákvæði kjarasamnings aðilanna. Sýknað var af kröfum stéttarfélagsins. 505

Þremur starfsmönnum Íslenska álfélagsins var sagt upp störfum.Tekin var til greina krafa stéttarfélags tveggja mannanna um að uppsagnir þeirra hefði brotið gegn ákvæði í samkomulagi með kjarasamning félaganna. Hafnað var kröfu um sektargreiðslu. Ekki var sýnt fram á að ákvæði kjarasamnings eða ákvæði laga stæðu í vegi fyrir því að heimilt hefði verið að segja þriðja starfsmanninum upp starfi. 521

Í bókun með kjarasamningi stéttarfélaga við Flugleiðir hf. frá 22. maí 1997 var kveðið á um vetrarfrí starfsfólks í eldhúsi eftir 10 ára starf. Vorið 1999 var vaktafyrirkomulagi breytt með samkomulagi við starfsfólkið. Túlka varð bókunina á þann veg að hún hefði einungis átt að gilda á meðan þágildandi vaktafyrirkomulag var notað. Félögin gátu ekki byggt á því að hefð fyrir lengdu vetrarorlofi hefði skapast fyrir gildistöku kjarasamningsins og ekki var sýnt fram á að lengdu vetrarorlofi hefði verið lofað. Félagið var sýknað af kröfum stéttarfélaganna. 537

Kröfur Flugvirkjafélags Íslands varðandi svokallaðan frítökurétt flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands lutu að því að fá viðurkennda almenna túlkun á ákvæðum kjarasamnings án skýrra tengsla við ákveðið úrlausnarefni og án þess að ágreinignsefnið væri afmarkað á glöggan hátt. Þessi hluti kröfugerðarinnar var ekki dómhæfur og var vísað frá dómi, sbr.1. mgr. 25. gr. og d- og e- liði 80. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938. Sýknað var af kröfu um að starf flugvirkja um borð í þyrlum Landhelgisgæslu Íslands teldist vinna fjarri föstum vinnustað. 544

Vinnutími fugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands var eftir dagvinnufyrirkomulagi samkvæmt ráðningarsamningi. Hann sinnti einnig bak-

vöktum, en um þær var sérstakt ákvæði í kjarasamningi. Ágreiningur reis um þýðingu bakvaktafyrirkomulags með tilliti til frítökuréttar samkvæmt ákvæðum kjarasamnings, sem óumdeilt var að beitt skyldi í samskiptum aðila. Þegar litið var til eðlis bakvaktanna og óljóss orðalags ákvæða kjarasamnings sem stefnandi byggði á, þar sem ekkert var vikið að bakvöktum, var ekki sýnt fram á að flugvirkinn hefði öðlast rétt til frítökuréttar þess sem krafist var. Sýknað var af kröfunni. 633

Laun.

Sjá: Kjarasamningar. 276
Sjá: Kjarasamningar. 360
Sjá: Kjarasamningar. 375
Sjá: Kjarasamningar. 426

Löndunarbann.

Sjö verkalýðsfélög boðuðu til verkkfalls hjá fiskimjölsverksmiðjum á félagssvæðum sínum. Stéttarfélagið Eining-Iðja á Akureyri, sem ekki stóð að verkfallsboðuninni, lagði bann við því að félagsmenn sínir lönduðu eða ynnu afla úr tilgreindum 28 loðnu-, síldar- og kolmunnaskipum í fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja á Akureyri. Fyrirtækið taldi bann þetta brot á kjarasamningi aðilanna og friðarskyldu sem honum fylgdi. Bannið var dæmt ólögmætt. Hluta kröfugerðar Ísfélags Vestmannaeyja var vísað sjálfkrafa frá dómi. . 589

Matmálstimar.

Sjá: Kjarasamningar. 368

Mál fellt niður.

Mál var fellt niður að kröfu stefnanda og hann dæmdur til að greiða stefnda málskostnað. 632

Orlof.

Sjá: Kjarasamningar. 32

Ólögmætt verkbann.

Stéttarfélög innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands boðuðu til verkfalls á fiskiskipum. Stjórn Landsambands íslenskra útvegsmanna og framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Íslands ákváðu að láta fara fram atkvæðagreiðslu meðal útvegsmanna um boðun verkbanns á félagsmenn Sjómannasambands Íslands. Útvegs-

menn samþykktu boðun verkbannsins. Samkvæmt lögum Vinnuveitendasambands Íslands var það háð samþykki framkvæmdastjórnar þess hvort fram færi atkvæðagreiðsla um verkbann. Þessi ákvæði gátu ekki samþýðst ákvæðum 14. gr. og 15. gr. laga nr. 80/1938. Hið boðaða verkbann var dæmt ólögmætt. Sératkvæði. 224

Ólögmætt verkfall.

Boðun Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis á vinnustöðvun hjá fyrirtækjum innan Vinnuveitendasambands Íslands barst 25. mars 1997. Kjarasamningur milli málsaðila hafði verið undirritaður daginn áður. Samningurinn var felldur í verkalýðsfélaginu og var það tilkynnt Vinnuveitendasambandi Íslands 15. apríl 1997. Með undirskrift kjarasamningsins 24. mars lauk vinnudeilu málsaðila, að minnsta kosti um stundarsakir hvað sem síðar yrði ef samningurinn yrði felldur. Skilyrði 14. gr. laga nr. 80/1938 til að boða verkfall voru ekki uppfyllt og var vinnustöðvunin dæmd ólögmætt verkfall. Sératkvæði. 57

Ráðningarkjör.

Sjá: Kjarasamningar. 436

Samningsaðild.

Sjá: Kjarasamningar. 97
Sjá: Kjarasamningar. 315
Sjá: Kjarasamningar. 484

Samráð.

Sjá: Kjarasamningar. 436

Samúðarvinnustöðvun.

Verkamannafélagið Hlíf í Hafnarfirði boðaði samúðarvinnustöðvun við löndun og afgreiðslu skipa sem gerð voru út frá Vestfjörðum af atvinnurekendum sem yfirstandandi verkföll á Vestfjörðum beindist að. Hafnað var kröfu Vinnuveitendasambands Íslands um að samúðarvinnustöðvunin yrði dæmd ólögmæt. 67

Sektargreiðsla.

Sjá: Kjarasamningar. 154

Sjá: Kjarasamningar. 160

Sératkvæði.

Einn dómari greiðir sératkvæði. 10, 25, 57, 75, 84, 104, 146, 224. 249, 276, 382

Tveir dómarar greiða sératkvæði. 32, 124, 166

Sjómannadagur.

Sjá: Kjarasamningar. 154

Sjá: Kjarasamnignar. 160

Skiptakjör.

Sjá: Kjarasamningar. 10

Sjá: Verkfall. 75

Sjá: Kjarasamningar. 308

Sjá: Kjarasamningar. 330

Sjá: Kjarasamningar. 505

Staðgengilslaun.

Sjá: Kjarasamningar. 444

Trúnaðarmenn.

J. Á. verktakar, undirverktakar við uppsetningu Búrfellslínu 3A, sömdu við rafverktakafyrirtækið Árvirkjann um að útvega rafvirkja til þessara starfa. Í skjóli þess samkomulags fór A, starfsmaður Árvirkjans, til starfa við lagningu línunnar. Rafiðnaðarsamband Íslands tilkynnti J.Á. verktökum að A hefði verið kosinn trúnaðarmaður rafiðnaðarmanna sem unnu á línusvæðinu. Stuttu síðar fóru J.Á. verktakar þess á leit við Árvirkjann að A yrði tekinn úr starfinu og annar maður fenginn í hans stað. A hvarf til annarra starfa hjá Árvirkjanum. Rafiðnaðarsamband Íslands og Félag járniðnaðarmanna höfðu gert sérstakan kjarasamning við aðalverktakann og J.Á. verktaka um framkvæmdir á vegum Landsvikjunar. Samkvæmt ákvæði í þeim samningi var Rafiðnaðarsambandinu heimilt að tilnefna A sem trúnarðarmann svo sem gert var. Það hafði ekki stofnast slíkt réttarsamband mili J.Á. verktaka og A að flutningur hans úr starfi við Búrfellslínu 3A fæli í sér brot á 4. gr. og 11. gr. laga nr. 80/1938. J.Á. verktakar voru sýknaðir af kröfu Rafiðnaðarsambnds Íslands um að þeir hefðu gerst brotlegir við lagaákvæði þessi með því að segja A upp störfum við lagningu Búrfellslínu 3A. Sératkvæði. 382

Uppsögn úr starfi.

Sjá: Kjarasamningar. 521

Úrskurðarnefnd.

Sjá: Kjarasamningar. 291

Vaktaálag.

Sjá: Kjarasamningar. 469

Vaktavinnna.

Sjá: Kjarasamningar. 426

Verkfall.

Með dómi Félagsdóms 5. mars 1997 var útgerðarfyrirtæki talið hafa brotið ákvæði kjarasamnings Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna með því að taka ekki tillit til móttekins aflamarks fyrir seldan afla við ákvörðun heildarskiptaverðmætis afla. Þetta fékkst ekki leiðrétt og var þá samþykkt með almennri leynilegri atkvæðagreiðslu í viðkomandi sjómannafélagi að boða til ótímabundins verkfalls gegn útgerðarfyrirtækinu. Dæmt var að félagsmönnum sjómannafélagsins hefði verið heimilt að boða til verkfallsins. Sératkvæði. 75

BSÍ er umboðsskrifstofa rekin af handhöfum sérleyfis- og hópferðaréttinda. Sérleyfishafinn H átti í kjaradeilu við starfsmenn sína, félagsmenn í Bifreiðastjórafélaginu Sleipni. BSÍ fékk annan sérleyfishafa, sem ekki átti í kjaradeilu, til að fara ferð sem talið var að H hefði átt að fara. Bifreiðastjórafélagið taldi BSÍ hafa með þessu brotið ákvæði 18. gr. laga nr. 80/1938. Umboðsskrifstofan átti ekki beina aðild að kjaradeilunni og hafði ekki stöðu vinnuveitanda gagnvart félagsmönnum Sleipnis. Hún var ekki talin hafa gerst brotleg við ákvæði 18. gr laga nr. 80/1938. 195

Verkalýðsfélagið Báran-Þór boðaði til verkfalls félgsmanna sinna sem störfuðu á Heilbrigðisstofnuninni á Selfossi. Í ljósi meginreglna um verkfallsrétt var ekki talið að lög nr. 33/1915 tækju fyrir réttinn til að boða til verkfalls í þessu tilviki. Ekki skipti máli hvort lög nr. 80/1938 eða lög nr. 94/1986 áttu við. Hafnað var kröfu fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs um að verkfallið yrði dæmt ólögmætt. 610

Verkfallsheimild.

Að kröfu Félags íslenskra flugumferðarstjóra voru gerðar breytingar á skrá samkvæmt auglýsingu nr. 68/1995 um flugumferðarstjóra sem

ekki nutu verkfallsréttar skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Sératkvæði. 249

Vetrarfrí.

Sjá: Kjarasamningar. 537

Vinnutími.

Sjá: Kjarasamningar. 124

Yfirvinna.

Sjá: Kjarasamningar. 341
Sjá: Kjarasamningar. 426

LEIÐRÉTTINGAR
við X. bindi Dóma Félagsdóms
1993–1996

Bls.	VIII	Í 6. l. a.n. Verkalýðsfélag Akraness, vélstjóra/sjómannandeild, les Verkalýðsfélag Akraness, vélstjóra/sjómannadeild
–	XXIII	13. l. a. o. frávisunarúrskurðinn, les frávísunarúrskurðurinn
–	XXVI	19. l. a. n. Flugvirkjafélags Islands, les Flugvirkjafélags Íslands
–	XXVIII	12. l. a. n. samþykki, les samþykkis.
–	XXXII	12. l. a. o. slik, les slík
–	XXXV	7. l. a. n. iðnemakjör, les iðnnemakjör
–	XL	9. l. a. n. klukkustsund, les klukkustund
–	60	2. l. a. n. rannsónar-löreglumanna, les rannsóknarlögreglumanna
–	65	6. l. a. n. málskostnaðar, les málskostnað
–	66	10. l. a. o. les: trúnaðarmannstöðunni, les trúnaðarmannsstöðunni
–	68	17. l. a. o. Iðnsveinafélags Suðurnesja, les Iðnsveinafélag Suðurnesja
–	69	efstu línu Iðnsveinafélags Suðurnesja, les Iðnsveinafélag Suðurnesja
–	78	7. l. a. o. ótekin, les ótekins
–	79	18. l. a n. í laga og dómaframkvæmd, les í laga- og dómaframkvæmd
–	80	9. l. a. o. trúnaðarmans starfanum, les trúnaðarmannsstarfanum
–	97	1. l. a. o. er reist XXI. kafla eml., les er reist á XXI. kafla eml.
–	131	13. l. a. o. Rafiðnaðarsambands Íslands, les Rafiðnaðarsamband Íslands
–	143	18. l. a. n. stefnenda, les stefnanda
–	149	Gestur Jónsson hrl. flutti málið af hálfu stefndu og Lára V. Júlíusdóttir hdl. af hálfu réttargæslustefndu
–	196	7. l. a. o. vaxtalagalaga, les vaxtalaga
–	208	3. l. a. o. láta heiti kafla láta ráða, les láta heiti kafla ráða
–	221	17. l. a. n. aðfararnótt, les aðfaranótt
–	224	7. og 8. l. a. o. sem hér er deilt um. hafi, les sem hér er deilt um, hafi

–	237	9. l. a. o. gagnvar, les gagnvart
–	244	11. l. a. o. formleg, les formlegt
–	256	Oddný M. Árnadóttir cand. jur. flutti málið af hálfu stefnanda
–	290	19. l. a. o. nefnalistanum, les nafnalistanum
–	292	19. l. a. o. engin, les enginn
–	–	6. l. a. n. aðildarféalaga, les aðildarfélaga
–	314	3. l. a. o. állitaefni, les álitaefni
–	354	14 l. a. o. ýmis, les ýmist
–	398	4. l. a. n. starfheiti, les starfsheiti
–	402	3. l. a. o. f. h. Sjómannasambandi Íslands, les f.h. Sjómannasambands Íslands
–	403	3. l. a. o. stefnanda, les stefnda
–	415	9. l. a. o. Félags og þjónustumiðstöðvar, les Félags- og þjónustumiðstöðvar
–	448	4. l. a. o. brestu, les brestur
–	486	8. l. a. o. stefnanda, les stefnda
–	547	neðstu l. augýsingunni, les auglýsingunni
–	636	2. l. a. o. Nr. 10/1996, les Nr. 11/1996
–	644	12. l. a. n. kærumálsgötnum, les kærumálsgögnum
–	692	5. l. a. o. Inga Þöll Þórgnýsdóttir hdl. flutti málið af hálfu stefnanda
–	701	5. l. a. n. ein faldlega, les einfaldlega

Föstudaginn 17. janúar 1997.

Nr. 16/1996. **Bandalag háskólamanna**
f.h. Félags fréttamanna
(Ragnar H. Hall hrl.)
gegn
ríkissjóði Íslands
(Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Frávísun.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefnda hinn 9. janúar sl.

Málið úrskurða Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Guðný Björnsdóttir, Guðmundur Skaftason og Sigurður T. Magnússon.

Stefnandi er Bandalag háskólamanna, kt. 630387-2569, Lágmúla 7, Reykjavík, fyrir hönd Félags fréttamanna, kt. 630185-0849, Efstaleiti 1, Reykjavík.

Stefndi er ríkissjóður Íslands, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að þeir félagsmenn stefnanda sem starfa hjá Ríkisútvarpinu eigi samkvæmt grein 5.6. í kjarasamningi aðila, dagsettum 15. maí 1995, rétt á óskertum dagpeningum þegar þeir fara til annarra landa á vegum stofnunarinnar og skuli dagpeningar greiddir fyrir tímabilið frá því utanför hefst og þar til heimferð lýkur.

Einnig gerir stefnandi kröfu um að stefndi verði dæmdur til að greiða honum ríflegan málskostnað samkvæmt mati dómsins og að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt af málskostnaði, en stefnandi kveðst ekki njóta frádráttarréttar á móti þeim skatti.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega að kröfum stefnanda verði vísað frá Félagsdómi. Til vara að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda.

Í báðum tilvikum er þess krafist að stefnda verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati Félagsdóms.

Stefnandi krefst þess að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og stefnda verði gert að greiða stefnanda hæfilegan málskostnað í þessum þætti málsins.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi gerir þá grein fyrir málavöxtum að Félag fréttamanna sé eitt af aðildarfélögum Bandalags háskólamanna. Félag fréttamanna sé stéttarfélag sem hafi sjálfstæðan samningsrétt samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 94/1986 um kaup og kjör félagsmanna sinna sem starfa hjá ríkinu og hafi gert kjarasamning við stefnda 15. maí 1995. Með þeim samningi hafi tilteknum atriðum í eldri kjarasamningi aðila verið breytt, en samningurinn að öðru leyti framlengdur óbreyttur með gildistíma til 31. desember 1996.

Stefnandi kveður grein 5.6. í gildandi kjarasamningi aðila vera svohljóðandi:

5.6. Dagpeningar erlendis.

5.6.1. Annar ferðakostnaður (þ.e. annar en fargjöld, innsk. stefnanda) á ferðalögum erlendis greiðist með dagpeningum, sem skulu ákveðnir af nefnd skv. 5.8.

5.6.2. Af dagpeningum á ferðalögum erlendis ber að greiða allan venjulegan ferðakostnað annan en fargjöld, svo sem kostnað vegna ferða að og frá flugvöllum, fæði, húsnæði, minni háttar risnu, hvers konar persónuleg útgjöld.

Stefnandi kveður það hafa gerst fyrr á þessu ári að tveir félagsmanna hans hafi verið sendir utan á vegum Ríkisútvarpsins – annar frá fréttastofu sjónvarps og hinn frá fréttastofu hljóðvarps – af ákveðnu tilefni. Aðdragandi þess hafi verið sá að tiltekinn aðili í ferðaþjónustu hafi boðið stofnuninni að senda tvo fréttamenn til að gera fréttir af starfsemi þessa aðila, en að öðru leyti hafi boð þetta ekki verið bundið neinum sérstökum skilyrðum. Stofnunin hafi þegið þetta boð. Fréttamennirnir hafi samkvæmt ákvörðun yfirmanna sinna farið þessa ferð.

Fréttamennirnir hafi síðan leitað eftir greiðslu dagpeninga hjá stofnuninni vegna þessarar ferðar, en aðeins fengið greidda hluta dagpeninga sem þeir telja sig eiga rétt til samkvæmt kjarasamningi. Mun Ríkisútvarpið hafa „ákveðið“ að greiða í svokölluðum boðsferðum aðeins hálfa dagpeninga og að í slíkum ferðum séu dagpeningar ekki greiddir þá daga sem ferðalög að og frá landinu standa.

Tilraunir stéttarfélagsins til að fá þetta leiðrétt hafi ekki borið árangur og því sé talið óhjákvæmilegt að höfða mál fyrir Félagsdómi til að fá skorið úr þessum ágreiningi í eitt skipti fyrir öll.

Stefnandi kveðst höfða mál þetta fyrir Félagsdómi samkvæmt

heimild í 3. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986.

Af hálfu stefnanda eru dómkröfur á því byggðar að óhjákvæmilegt sé að afla viðurkenningardóms um skyldu stefnda til að greiða dagpeninga á ferðalögum félagsmanna stefnanda í starfi þeirra erlendis, þar sem stefndi hafi í ákveðnum tilvikum neitað að greiða dagpeninga samkvæmt áðurgreindu ákvæði kjarasamnings aðila og ætla megi að þeirri framkvæmd verði áfram haldið nema dómur gangi um annað.

Stefnandi kveðst telja að réttur félagsmanna hans til dagpeningagreiðslna á grundvelli kjarasamnings geti í engum tilvikum átt að ráðast af því hvort ríkið eða stofnanir þess beri allan kostnað af ferð starfsmannsins. Meginatriði í því sambandi sé að starfsmanninum hafi ekki sjálfum verið boðið í tiltekna ferð, heldur hafi stofnuninni verið boðið að senda mann og hún ákveðið að þiggja boðið. Þegar þannig standi á beri stofnuninni að greiða þeim starfsmönnum sem hún sendir óskerta dagpeninga samkvæmt kjarasamningi.

Stefnandi byggir á því að sú tilhögun sem Ríkisútvarpið hafi einhliða „ákveðið" og lýst hafi verið fari í bága við ákvæði greinar 5.6. í kjarasamningi aðila að tvennu leyti:

1. Stofnunin hafi ákveðið að greiða aðeins hálfa dagpeninga í þeim ferðum sem hún sjálf skilgreinir sem boðsferðir.
2. Stofnunin hafi ákveðið að greiða ekki dagpeninga á ferðalögum í þeim ferðum sem hún sjálf skilgreinir sem boðsferðir.

Stefnandi telur að þessi afstaða stofnunarinnar hafi enga stoð í kjarasamningi málsaðila, heldur fari hún beinlínis þvert á ákvæði greinar 5.6., sbr. og grein 5.8. í sama kjarasamningi, en samkvæmt síðarnefndu greininni skuli dagpeningar ákveðnir af sérstakri nefnd, ferðakostnaðarnefnd. Sú nefnd hafi með umburðarbréfi dagsettu 1. nóvember 1994 kunngert ákvarðanir sínar varðandi greiðslu dagpeninga til ríkisstarfsmanna á ferðalögum erlendis samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Í þeim kafla umburðarbréfsins sem fjalli um það sem kallað sé almennir dagpeningar segi m.a.:

Af dagpeningum ber að greiða allan venjulegan ferðakostnað annan en fargjöld svo sem kostnað vegna ferða að og frá flugvöllum, ferðakostnað innan þess svæðis sem dvalið er á, fæði, gistingu, minni háttar risnu og hvers konar útgjöld.

Stefnandi kveður þessa reglu hafa verið túlkaða þannig í fram-

kvæmd, ágreiningslaust til skamms tíma, að dagpeninga beri að greiða frá þeim tíma er ferð hefst og þar til henni lýkur. Ákvörðun Ríkisútvarpsins um að víkja frá þessu í þeim ferðum sem stofnunin skilgreinir sem boðsferðir telur stefnandi ólögmæta.

Um lagastoð fyrir kröfum sínum vísar stefnandi til þeirrar meginreglu íslensks réttar að samninga beri að efna og vísar til áðurnefndra greina kjarasamnings aðila. Telur stefnandi að einhliða ákvarðanir ríkisstofnana, sem fari í bága við kjarasamningsákvæði, séu ólögmætar og geti ekkert gildi haft, hvort sem einhverjir hafi látið þær yfir sig ganga á einhverjum tímum eða ekki.

Málskostnaðarkröfu sína styður stefnandi við 130. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi kveður málið höfðað gegn ríkissjóði Íslands samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986, þar sem félagsmenn stefnanda sem mál þetta varðar séu ríkisstarfsmenn.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er vísað til þess að í gildandi kjarasamningi Félags fréttamanna og stefnda séu ákvæði um dagpeninga á ferðum erlendis í kafla 5.6. Dagpeningar skuli ákveðnir af nefnd samkvæmt grein 5.8. í kjarasamningi, svonefndri ferðakostnaðarnefnd, sbr. kafla 5.8. í kjarasamningi. Málavaxtalýsing stefnanda sé tæplega svo greinargóð að unnt sé fyrir stefnda að taka afstöðu til krafna hans. Kveður stefnandi „það hafa gerst fyrr á þessu ári að tveir félagsmanna hans hafi verið sendir utan á vegum Ríkisútvarpsins . . . af ákveðnu tilefni." Þá segir að aðdragandi þess hafi verið sá að „tiltekinn aðili í ferðaþjónustu" hafi boðið stofnuninni að senda tvo fréttamenn til að gera fréttir af starfsemi þessara aðila, en að öðru leyti hafi boð þetta ekki verið bundið neinum sérstökum skilyrðum. Stofnunin hafi þegið þetta boð.

Stefndi fjármálaráðherra og nefnd fyrir hans hönd fara með fyrirsvar ríkissjóðs við gerð og framkvæmd kjarasamninga samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Stefnandi hafi sakað fjármálastjóra Ríkisútvarpsins um brot á kjarasamningi. Ágreiningi sínum um túlkun á ákvæðum kjarasamnings hafi stefnandi ekki beint að gagnaðila sínum, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, fyrr en með fyrirvaralausri málsókn fyrir Félagsdómi.

Stefndi er ósammála forsvarsmönnum Ríkisútvarpsins um að

boðsferðir séu undanskildar ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar. Samkvæmt reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins nr. 39/1992 sé mælt fyrir um að styrkir og hvers konar hlunnindi varðandi gistingu og fæði sem ríkisstarfsmenn njóti meðan á dvöl erlendis stendur skuli koma til frádráttar almennum dagpeningagreiðslum eftir því sem unnt er að meta hverju sinni. Einnig er kveðið á um að greiði aðrir aðilar en íslenska ríkið hluta kostnaðar við ferðalög sem farin eru til útlanda í erindum ríkissjóðs greiði viðkomandi ráðuneyti mismun þess sem greitt er af öðrum og greiðslu samkvæmt reglunum (7. gr.). Hliðstæðar reglur komi fram í umburðarbréfi ferðakostnaðarnefndar frá 1. nóvember 1994 sem stefnandi hafi lagt fram í málinu. Ljóst sé því að ákvarðanir ferðakostnaðarnefndar svo og ákvarðanir dagpeninga á grundvelli reglnanna og á grundvelli ákvæða kjarasamnings aðila taki mið af því að boðsferðir séu ekki undanþegnar þegar að greiðslum dagpeninga komi. Hitt sé svo annað mál að styrkir og hlunnindi til ríkisstarfsmanna vegna gistinga, fæðis og annars kostnaðar geti haft áhrif á dagpeninga samkvæmt framangreindum reglum og ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar. Sama sé þegar aðrir aðilar en íslenska ríkið greiða hluta kostnaðar við ferðalög sem farin séu til útlanda í erindum ríkisins.

Til stuðnings frávísunarkröfu.

Stefndi telur að varðandi ferð tveggja fréttamanna hjá Ríkisútvarpinu til Halifax í Bandaríkjum Norður-Ameríku, sem virðist vera tilefni málsóknarinnar, liggi ekki fyrir sönnun þess hvort fréttamönnunum sjálfum hafi verið boðið til ferðarinnar af aðilum óskyldum íslenska ríkinu eða hvort sá aðili hafi boðið Ríkisútvarpinu að senda fulltrúa sína, sem það hafi aftur ákveðið að þekkjast. Hafi Ríkisútvarpinu verið boðið að senda fréttamenn til Halifax og þeir farið á vegum stofnunarinnar, telur stefndi ekki vafa leika á því að réttur þeirra til óskertra dagpeninga sé fyrir hendi svo lengi sem aðilinn sem bauð til fararinnar hafi ekki greitt kostnað vegna gistingar, fæðis og ferða milli flugvalla og annarra ferða þar ytra. Sama ætti við ef Ríkisútvarpið hefði skilyrðislaust greitt þann kostnað sem dagpeningum er annars ætlað að mæta.

Í málinu liggi ekkert fyrir um það hvort fréttamennirnir tveir hafi sjálfir þurft að greiða gisti- eða fæðiskostnað eða kostnað vegna ferða milli flugvalla og innan erlends svæðis. Engin tök séu því á að

leysa úr sakarefninu sem hljóti að teljast vanreifað af stefnanda hálfu og skuli því eftir grunnreglum einkamálaréttarfars um skýran málatilbúnað, sbr. d og e liði 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála sæta frávísun.

Stefndi telur dómkröfur stefnanda of almennar til að um þær verði dæmt. Í fyrsta lagi telur stefndi ekki unnt að dæma um rétt til dagpeninga miðað við þá mælieiningu sem stefnandi leggur til. Dagpeningar séu ekki ákveðnir eins og um tímakaup væri að ræða en í því horfi sé dómkrafa stefnanda. Dagpeningar vegna ferða erlendis taki til annars kostnaðar en fargjalda milli landa. Taki þeir þannig til gisti- og fæðiskostnaðar, ferðakostnaðar milli flugvalla og innan þess svæðis sem dvalið sé á, minniháttar risnu og hvers kyns persónulegra útgjalda. Dagpeningar séu því greiddir samkvæmt fyrirfram ákveðnum upphæðum fyrir hvern dag miðað við tiltekin útgjöld ferðalangsins. Af þessum sökum sé dómkrafan ekki í því horfi sem áskilið sé í d lið 80. gr. laga nr. 91/1991. Í öðru lagi sé dómkrafa málsins ekki tengd því sakarefni sem málið virðist sprottið af, þ.e. utanför tveggja fréttamanna hjá Ríkisútvarpinu og því hvort, hvernig og að hve miklu leyti för sú hafi verið styrkt af Ríkisútvarpinu sjálfu eða öðrum aðila en íslenska ríkinu. Dómkrafan sé þannig fram sett að félagsmenn stefnanda hjá Ríkisútvarpinu eigi samkvæmt grein 5.6. í kjarasamningi aðila rétt á óskertum dagpeningum miðað við mjög óljósa tímaviðmiðun. Dómkrafa stefnanda marki engan sérstakan ágreining þar að lútandi og miði ekki að því að fá leyst úr neinum ágreiningi. Almennt eigi félagsmenn í Félagi fréttamanna sem njóti kjara samkvæmt kjarasamningi félagsins við stefnda rétt á óskertum dagpeningum samkvæmt grein 5.6. Krafan þjóni því tæpast þeim tilgangi málssóknarinnar sem lýst sé í stefnu um að óhjákvæmilegt sé að höfða mál fyrir Félagsdómi til að fá skorið úr „þessum ágreiningi“ í eitt skipti fyrir öll. Af hálfu stefnda sé enginn ágreiningur við stefnanda um það að félagsmenn stefnanda sem starfa hjá Ríkisútvarpinu og fara til annarra landa á vegum stofnunarinnar eigi rétt á óskertum dagpeningum samkvæmt grein 5.6. í kjarasamningi að skilyrðum þeirra ákvæða uppfylltum, þ.m.t. samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar.

Af framangreindum ástæðum sé dómkrafa stefnanda of almenn, sem ásamt vanreifun málsins af hans hálfu geri málatilbúnaðinn allan óljósan og andstæðan grundvallarreglum einkamálaréttarfars,

sbr. fyrrnefnd ákvæði laga nr. 91/1991, sbr. og 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Til stuðnings kröfum um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938.

Rökstuðningur stefnanda gegn frávísunarkröfu stefnda.

Stefnandi byggir á því í þessum þætti málsins að ágreiningur sé uppi varðandi greiðslu dagpeninga samkvæmt kjarasamningi til starfsmanna Ríkisútvarpsins í svokölluðum boðsferðum til útlanda. Í því sambandi er vísað til ferðar tveggja fréttamanna Ríkisútvarpsins til Halifax. Ríkisútvarpið, sem annist framkvæmd kjarasamnings í umboði fjármálaráðuneytis, hafi í því tilviki og öðrum sambærilegum ekki greitt dagpeninga í samræmi við reglur ferðakostnaðarnefndar. Með þeirri framkvæmd hafi ríkisútvarpið búið til nýja reglu, sem sé andstæð þeirri reglu, sem felist í gr. 5.6. í kjarasamningi. Þannig sé um að ræða efnislegan ágreining í málinu og engin skilyrði séu til þess að vísa því frá dómi.

Niðurstaða.

Í stefnu og málflutningi stefnanda hér fyrir dómi hefur komið fram að tilefni málssóknarinnar er uppgjör Ríkisútvarpsins á dagpeningum til tveggja félagsmanna stefnanda vegna utanlandsferðar þeirra sem tiltekinn aðili í ferðaþjónustu bauð til í því skyni að fréttir yrðu fluttar af starfsemi þess. Fyrir liggur í málinu að við uppgjör þetta, sem stefnandi sættir sig ekki við, var beitt reglum Ríkisútvarpsins um „boðsferðir", sbr. vinnuplagg Ríkisútvarpsins er ber heitið „Samningsákvæði og reglur um útreikning á vinnuyfirlitum", sem liggur fyrir í málinu, og bréf útvarpsstjóra, dags. 19. október 1994, og fjármálastjóra Ríkisútvarpsins, dags. 3. september 1996. Reglur þessar eru þess efnis að greiddir eru hálfir dagpeningar dvalardaga erlendis (ekki ferðadaga) í „boðsferðum". Af hálfu stefnda hefur komið fram að hann er ósammála Ríkisútvarpinu um að „boðsferðir" séu undanskildar ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar um dagpeninga.

Þrátt fyrir framangreint tilefni málssóknarinnar er dómkrafa stefnanda sú „að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að þeir félagsmenn stefnanda sem starfa hjá Ríkisútvarpinu eigi samkvæmt grein 5.6. í kjarasamningi aðila, dagsettum 15. maí 1995, rétt á óskertum dagpeningum þegar þeir fara til annarra landa á vegum stofnunarinnar, og skuli dagpeningar greiddir fyrir tímabilið frá því

utanför hefst og þar til heimferð lýkur“. Í málflutningi hefur stefnandi skýrt kröfuna svo að með „óskertum dagpeningum“ sé átt við að dagpeningar verði gerðir upp samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar.

Samkvæmt framansögðu lýtur krafa stefnanda í meginatriðum að því efnislega að viðurkennd verði almenn ákvæði kjarasamnings aðila um dagpeninga. Dómsorð í þá veru, sem krafan lýtur að, myndi ekki eitt út af fyrir sig ráða ákveðnu ágreiningsefni til fullnaðarlykta á einn veg eða annan. Um þann þátt dómkröfunnar, sem varðar greiðslu dagpeninga brottfarar- og heimferðardaga, er ekki sérstaklega fjallað í kjarasamningi aðila og umburðarbréfi ferðakostnaðarnefndar, dags. 1. nóvember 1994, sem fyrir liggur í málinu. Í 5. gr. reglna nr. 39 frá 3. febrúar 1992 um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins, eins og þeirri grein var breytt með 2. gr. auglýsingar nr. 569 frá 20. október 1994 um breyting á fyrrnefndum reglum, er hins vegar eftirfarandi tekið fram: „Greiðsla fyrir hverja ferð ræðst þannig af fjölda gistinátta og ferðadaga (brottfarar- og komudagur meðtalinn)“. Engin málsreifun liggur fyrir af hálfu stefnanda með tilliti til þessara reglna. Ekki er heldur gerð grein fyrir því hvort félagsmenn stefnanda sjálfir hafi í tilvikum er um ræðir orðið að bera ferðakostnað sem dagpeningum er ætlað að mæta, sbr. 7. gr. greindra reglna. Með skírskotun til þess, sem að framan greinir, verður ekki talið, að kröfugerð stefnanda sé dómhæf, sbr. 1. mgr. 25. gr. og d-, e- og f-liði 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Með vísan til þessa ber að taka frávísunarkröfu stefnda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur Hæstaréttar 4. febrúar 1997.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. janúar

sl., sem barst réttinum 27. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Félagsdóms 17. janúar sl. um frávísun krafna sóknaraðila. Kæruheimild er í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir Félagsdóm að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði vegna þessa þáttar málsins og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðarins og kærumálskostnaðar.

Aðilar virðast sammála um efni greinar 5.6 í kjarasamningi þeirra og þannig, að dagpeningar skuli ákveðnir af nefnd samkvæmt grein 5.8 í samningnum. Með skírskotun til raka Félagsdóms ber að fallast á það, að í sóknargögn skorti nákvæma skýringu á ágreiningsefninu með tilliti til ákvarðana nefndarinnar. Þá er ekki gerð grein fyrir því, í hverju framkvæmd Ríkisútvarpsins um dagpeninga í boðsferðum er ábótavant samkvæmt þeim reglum. Ber því að staðfesta niðurstöðu Félagsdóms.

Hvor aðili skal bera sinn kærumálskostnað.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Miðvikudaginn 5. mars 1997.

Nr. 15/1996. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga**
(Jóhann Halldórsson hdl.)
gegn
Landssambandi íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Sæbergs hf.
(Jónas Haraldsson hdl.)

Kjarasamningur. Skiptakjör. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. febrúar sl., var höfðað með stefnu áritaðri um birtingu 25. nóvember sl. og þingfestri 28. nóvember sl.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Atli Gíslason.

Stefnandi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Borgartúni 18, Reykjavík vegna Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga, Skipagötu 14, Akureyri.

Stefndi er Landssamband íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Sæbergs hf., Aðalgötu 16, Ólafsfirði.

Dómkröfur stefnanda:

Að dæmt verði að stefndi hafi brotið gegn grein 1.03. í kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar, með því að hafa lagt til grundvallar rangt aflaverðmæti við tilgreiningu heildarskiptaverðmætis.

Að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar að fjárhæð kr. 265.537 samkvæmt grein 1.53. í sama kjarasamningi.

Loks er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi auk álags sem nemur virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefn-

andi verði dæmdur til að greiða stefnda málkostnað að mati dómsins.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo að ágreiningur hafi orðið með aðilum um túlkun á orðalagi greinar 1.03. í kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar.

Umrædd grein 1.03. í kjarasamningi aðila er svohljóðandi:

„Um sölu afla innanlands.

Yfirmönnum skal tryggt hæsta gangverð alls sem aflað er og aldrei lægra en útgerðarmaður fær fyrir sinn hlut. Þeir taka ekki þátt í útgerðarkostnaði.

I. Almennt.

Útgerðarmaður hefur með höndum sölu aflans og hefur til þess umboð áhafnar að því er aflahlut hennar varðar. Hann skal tryggja skipverjum hæsta gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær, þar með talin hrogn, lifur og bein. Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum . . .“

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að fyrirtækið Sæberg hf. hafi kosið að túlka ofangreind ákvæði kjarasamnings aðila á þann veg að til skipta komi aðeins sá hluti af verðmæti afla sem greiddur er með peningum. Þannig byggi stefndi á því að þrátt fyrir að kaupandi afla greiði fyrir hann bæði með peningum og kvóta þá skuli aðeins gert upp gagnvart skipverjum miðað við peningagreiðslur sem inntar eru af hendi í viðskiptum útgerðar og fiskkaupanda. Í þessum viðskiptum, sem gjarnan hafi verið nefnd „tonn á móti tonni“, fái útgerðarmaður raunverulega tvenns konar greiðslu fyrir landaðan afla. Annars vegar fái útgerðin peningagreiðslu miðað við magn og hins vegar fái hún kvóta í formi aflamarks þeirrar fisktegundar sem viðskiptin varða. Stefnandi og önnur heildarsamtök sjómanna hafi ítrekað mótmælt þessum uppgjörsháttum bæði gagnvart einstökum fyrirtækjum eins og Sæbergi hf. og við stefnda sem fulltrúa útgerðarmanna. Þann 27. mars 1996 sendi Sjómannasamband Íslands Sæbergi hf. bréf þar sem þess var krafist að gert yrði upp gagnvart sjómönnum á skipi Sæbergs hf. miðað við raunverulegt aflaverðmæti. Svarbréf barst frá stefnda þann 9. apríl 1996. Samkvæmt skilningi stefnda, Landssambands íslenskra útgerðarmanna, teljist það

aflamark, sem greitt var fyrir aflann með, ekki til heildarverðmætis afla í skilningi greinar 1.03. í kjarasamningi aðila. Að mati stefnda feli yfirfærsla aflamarks við kaup á umræddri iðnaðarrækju ekki í sér greiðslu fyrir afla. Orðrétt segir í bréfi stefnda: „Um er að ræða að fiskkaupandinn útvegar útgerð skips og áhöfn viðbótarveiðiheimildir til þess að hægt sé að halda skipinu lengur til veiða en ella. Á móti er fiskkaupandinn eðlilega ekki reiðubúinn til að greiða jafnhátt verð fyrir rækjuaflann, sem hann kaupir eins og hann myndi gera, ef veitt væri alfarið af eigin kvóta viðkomandi skips."

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi byggir málsókn sína á því að Sæbergi hf. hafi verið skylt að gera upp aflaverðmæti við félagsmenn stefnanda í samræmi við ákvæði greinar 1.03. í kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar.

Samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum kjarasamningsins beri útgerðarmönnum að greiða laun miðað við það heildaraflaverðmæti sem útgerðin fær fyrir aflann. Málsókn þessi byggi á því að við uppgjör aflahlutar hafi Sæberg hf. lagt til grundvallar rangt aflaverðmæti við tilgreiningu heildarskiptaverðmætis. Að mati stefnanda hefur Sæberg hf. brotið gegn kjarasamningum með þessari háttsemi.

Í þessu sambandi er byggt á því af hálfu stefnanda að í tengslum við umrætt tilvik verði að skilja ákvæði kjarasamnings aðila á þann veg að heildargreiðsla fyrir aflann hafi verið í tvennu lagi, annars vegar í formi peningagreiðslu og hins vegar í formi greiðslu með aflamarki. Að mati stefnanda ber að skilja grein 1.03. í samningi aðila á þann veg að útgerðarmaður verði að meta þann hluta aflans, sem greiddur er í öðru en peningum, til peningaverðs og telja þá fjárhæð ásamt peningagreiðslum, sem fyrir aflann koma, til heildaraflaverðmætis í skilningi greinarinnar. Við mat á peningalegu virði aflamarksins beri að miða við almennt gangverð á því aflamarki sem greitt er með á fiskmörkuðum. Að mati stefnanda fela uppgjörshættir Sæbergs hf. í sér að yfirmenn á skipum fyrirtækisins séu í raun látnir taka þátt í útgerðarkostnaði. Auk þess fái þeir lægra verð fyrir það sem aflað er en útgerðarmaður með þessum uppgjörsháttum.

Sá hluti kjarasamnings aðila sem snýr að hlutaskiptum sé grundvöllur að launakerfi sjómanna. Alkunna sé að laun sjómanna ráðist

nær eingöngu af aflaverðmæti því sem skip kemur með að landi. Ljóst sé að verðmæti aflans, í skilningi greinar 1.03. í tilvitnuðum kjarasamningi aðila, geti ekki verið háð einhliða ákvörðun útgerðarmanns enda væri algerlega þýðingarlaust að semja um skiptaprósentu með kjarasamningsgerð ef útgerðarmaður gæti síðan breytt forsendum útreiknings að eigin hentugleika. Sú háttsemi Sæbergs hf. að miða uppgjör launahluta og greiða skipverjum laun miðað við kr. 115 per/kg, þegar fyrirtækið raunverulega hafi selt sama afla fyrir tæplega tvöfalt verð, feli að mati stefnanda í sér brot á kjarasamningi aðila.

Ótvírætt sé að skýra verði hina umdeildu grein kjarasamnings aðila þannig að allt það verðmæti sem skip komi með að landi úr veiðiferð komi til skipta við ákvörðun launahluta. Í grein 1.03. í kjarasamningi aðila sé skýrlega talað um að við hlutaskipti skuli miða við það heildarverðmæti sem útgerðin fær fyrir aflann. Af þessu sé augljóst að öll verðmæti komi til skipta og í þeim efnum skipti ekki máli hvort greitt sé fyrir aflann með peningum eða einhverju öðru. Ef greitt er með öðrum verðmætum en peningum verði að meta þær greiðslur til peningavirðis og skipta þeim verðmætum eins og kjarasamningar gera ráð fyrir.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að krafa stefnanda eins og stefndi skilji hana sé sú að uppgjör til áhafnar verði tvískipt. Annars vegar greiðsla vegna sölu þess hluta aflans, sem veiddur var af eigin kvóta skipsins, þ.e. kr. 115 pr. kg. Hins vegar verði uppgjör vegna þess hluta aflans sem veiddur var af veiðiheimildum fiskkaupandans gerður þannig upp til hlutaskipta að fyrir landaðan afla fáist kr. 115 pr. kg og að auki verði bætt við kr. 80 pr. kg sem sé það verð sem eigandi rækjukvótans, þ.e. fiskkaupandinn, hefði getað fengið fyrir hver kíló af rækjukvóta sínum á þessum tíma hefði hann selt rækjukvótann á kvótamarkaði en ekki látið stefnda, Sæberg hf., veiða kvótann. Samtals eigi því að greiða kr. 195 pr. kg fyrir helming aflans, en kr. 115 pr. kg fyrir hinn helminginn. Krafa stefnanda sé því í raun sú að til hlutaskipta komi kr. 115 pr. kg fyrir þann hluta aflans, sem veiddur var af eigin kvóta, en kr. 195 pr. kg fyrir þann afla, sem teljist veiddur af veiðiheimildum fiskkaupanda. Sé þetta kjarni málsins í kröfugerð stefnanda. Í þessu sambandi er áréttað að hæsta rækjuverð á iðnaðarrækju á þessum tíma hafi verið kr. 160-

170 pr. kg samkvæmt upplýsingum Fiskifélags Íslands og lægsta verð kr. 80. Síðan þá hafi rækjuverðið lækkað verulega.

Stefndi telur að krafa stefnanda um að fá greiðslur bæði fyrir landaðan afla og að auki söluverð kvótans og skipta andvirði veiðiheimilda fiskkaupandans eftir að búið er að veiða þær einnig upp til hlutaskipta fái ekki staðist. Enginn geti bæði veitt fisk og selt aflann og að því loknu selt síðan veiddan kvóta sem annar aðili á eða látið meta hann til verðs og bætt andvirði kvótasölunnar við söluverð aflans og fengið þannig nær tvöfaldar greiðslur fyrir og kallað það heildarverðmæti afla.

Í máli þessu sé deilt um fiskverð til hlutaskifta, þ.e. hvort kr. 115 pr. kg hafi verið of lágt verð fyrir landaðan afla. Deila snúist því eingöngu um ákvörðun fiskverðs, þegar svokallað tonn á móti tonni fyrirkomulag er notað, en það sé mjög algengt fyrirkomulag og hafi tíðkast frá því kvótakerfið var tekið upp. Semji aðilar sín í milli um fiskverðið á hverjum tíma, eins og kjarasamningar geri ráð fyrir, en rækjuverð hafi sveiflast mjög síðustu misseri.

Fram til ársins 1991 hafi fiskverð verið ákvarðað af Verðlagsráði sjávarútvegsins fyrir landið í heild. Árið 1991 var fiskverðið gefið frjálst, sbr. 1. gr. laga nr. 84/1991 um breytingu á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Sé þar gert ráð fyrir að fiskseljendur, þ.e. útgerð og skipverjar, semji um fiskverðið við viðkomandi fiskkaupanda, sé aflinn ekki seldur á fiskmarkaði.

Með lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða var komið á svonefndu aflamarkskerfi, sem heimilar framsal veiðiheimilda (kvóta). Fljótlega komu fram kvartanir hjá sjómönnum um áhrif framsals kvóta á ákvörðun um fiskverð, sem sjómenn töldu hafa áhrif til lækkunar fiskverðsins. Taldi sjómannaforystan að enginn munur væri annars vegar á sameiginlegum kvótakaupum, þ.e. beinni þátttöku sjómanna í kvótakaupum, með peningagreiðslum, sem dregnar voru af hlut þeirra, áður en til hlutaskipta kom, og hins vegar óbeinum áhrifum á ákvörðun fiskverðs, að veiða kvóta þriðja aðila og leggja upp aflann hjá honum.

Með lögum nr. 79/1994 um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna var fest í lög, að kröfu sjómanna, ákvæði um stofnun nefndar sjómanna og útvegsmanna er skyldi fjalla um álitaefni og ágreining er tengdist áhrifum viðskipta með veiðiheimildir á uppgjör á aflahlut sjómanna, sbr. 1. gr. laganna. Í 10. gr. laganna er lögfest

bann við því að heimilt verði að draga kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum frá heildarverðmæti afla, áður en til hlutaskipta kemur, þ.e. svokölluð sameiginleg kvótakaup bönnuð. Hafi hér í reynd verið lögfest þau ákvæði sem samtök sjómanna og útvegsmanna hafi samið um í kjarasamningum 26. apríl 1992. Lög þessi, sbr. 10. gr., leggi því bann við sameiginlegum kvótakaupum, en banni ekki tonn á móti tonni og að veitt sé af kvóta þriðja aðila alfarið. Sé aftur á móti bersýnilega ósanngjarnt viðmið notað sem grundvöllur skiptakjara í tengslum við þetta skuli samstarfsnefndin fjalla um fiskverðið.

Með lögum nr. 84/1995 um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna er samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna lögð niður og áðurnefnd úrskurðarnefnd tekur við. Ástæða þessa hafi fyrst og fremst verið sú að samstarfsnefndin hafi eingöngu gefið álit en niðurstöður hennar hafi ekki verið bindandi fyrir aðila gagnstætt niðurstöðum úrskurðarnefndarinnar. Jafnframt sé lögfest samkomulag í kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna hvernig skuli standa að ákvörðun fiskverðs við uppgjör á aflahlut áhafna einstakra skipa, sbr. t.d. kjarasamning F.F.S.Í. og L.Í.Ú. gr. 1.03. II. og III.

Mál það sem hér er til umfjöllunar snúist alfarið um forsendur fyrir ákvörðun fiskverðs. Óumdeilt er að greitt var fyrir rækjuaflann kr. 115 pr. kg sem greitt var til áhafnar skv. hlutaskiptareglum. Fiskverð sé frjálst. Um ráðstöfun afla í skiptum milli óskyldra aðila er fjallað um í kjarasamningum aðila gr. 1.03. III, en þar segir:

„III. um ráðstöfun afla í skiptum milli óskyldra aðila.

Þegar afli er seldur milli óskyldra aðila, skal skipt úr því verði sem fyrir aflann fæst hverju sinni, sbr. 1. mgr. I. kafla. Ef afli er seldur beint milli óskyldra aðila án milligöngu innlendra eða erlendra fiskmarkaða, getur áhöfn krafist samnings um uppgjörsverð fyrir þann afla.

Kjósi áhöfn að kalla eftir slíkum samningi, skal það gert með minnst fimm sólarhringa fyrirvara og skal samningstími ekki vera lengri en þrír mánuðir. Náist ekki samkomulag um uppgjörsverð milli meirihluta áhafnar og útgerðar, skal vísa málinu til úrskurðar nefndar, skv. II. kafla, og skal þá taka tillit til heildarráðstöfunar aflans. Nefndin skal flýta störfum eins og kostur er og náist ekki samkomulag innan sjö sólarhringa skal kveðinn upp úrskurður innan

fjögurra sólarhringa. Fiskverð samkvæmt þessu skal gilda frá því úrskurður fellur, nema samkomulag sé um annað".

Það rækjuverð, sem fiskkaupandi greiddi áhöfn og útgerð b.v. Hvannabergs ÓF-72, hafi aðilar sætt sig við. Engin ósk hafi komið fram hjá áhöfninni um samning um annað og hærra rækjuverð og heimild til að kæra rækjuverðið til úrskurðarnefndarinnar hafi ekki verið notuð. Engar kvartanir eða óánægja um þetta rækjuverð hafi komið fram, nema hjá Einari Sveinssyni eftir að hann hafi horfið fyrirvaralaust úr skiprúmi. Krafa einstaks skipverja eftir að hann er hættur störfum um hækkun fiskverðs komi ekki til.

Stefndi, Sæberg hf., hafi greitt Einari Sveinssyni af heildarverði því, sem fiskkaupandi greiddi fyrir aflann, þ.e. kr. 115 pr. kg, eins og 1. gr. laga nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun áskilur. Aðrar greiðslur hafi ekki komið fyrir aflann. Með orðinu „heildarverðmæti", þ.e. hráefnisverð til skipta, sé átt við allar þær greiðslur sem fiskkaupandi greiðir fyrir aflann, sbr. almennar athugasemdir með lögunum og greinargerð með 1. gr. laganna. Hafi stefndi því ekki brotið í bága við lög nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, né ákvæði kjarasamninga þegar hann gerði upp til hlutaskipta við Einar Sveinsson skipverja á Hvannabergi ÓF-72, sem hafi fengið greitt úr sömu greiðslum fyrir aflann og útgerðin.

Kjarni málsins sé sá að veiðiheimildir fiskkaupandans, sem hann á og leggur til og lætur veiða fyrir sig, séu ekki greiðsla fyrir landaðan afla, eins og stefnandi heldur fram. Leggi fiskkaupandi til veiðiheimildir hafi það áhrif á það fiskverð sem fiskkaupandinn er tilbúinn að greiða fyrir landaðan afla. Lægstu verðin hafi gjarnan verið í þeim tilvikum þar sem skip er alveg kvótalaust og fiskkaupandinn leggur skipi til allan kvótann. Samkvæmt kenningum sjómannaforystunnar, ef réttar væru, ætti áhöfnin í slíkum tilfellum að fá skipt úr fiskverðinu og úr andvirði kvóta fiskkaupandans að auki, þar sem það væri hluti af greiðslu fyrir aflann, sem útgerðarmaðurinn stingi í eigin vasa og undan skiptum. Sé verðið til þeirra kvótalausu skipa, sem veiða alfarið af kvóta fiskkaupandans, t.d. kr. 90 og kvótaverð á kvótamarkaði kr. 80 væri verðið kr. 170 pr. kg hjá kvótalausum skipum, þ.e. mun hærra en þegar veitt er af eigin kvóta. Slíkt fái að sjálfsögðu engan veginn staðist.

Málið varðandi tonn á móti tonni gangi þannig fyrir sig.

Fiskverkandi bjóði útgerðarmanni að veiða kvóta sem hann hafi

yfir að ráða og leggja upp aflann í fiskverkun sinni, enda leggi útgerðin upp sama aflamagn af eigin kvóta skipsins. Fyrir þetta hvoru tveggja bjóði fiskkaupandinn eitt ákveðið fiskverð, sem sé lægra en þegar skip hefur alfarið lagt upp afla af eigin kvóta, en hærra en þegar veitt er alfarið af kvóta fiskkaupandans. Þetta geti sjómannaforystan ekki sætt sig við og tali um þátttöku sjómanna í kvótakaupum, eða að sjómenn séu látnir taka þátt í fjármögnun kvótakaupa útgerðar. Engin skylda hvíli á útgerð skv. kjarasamningum að kaupa kvóta er dugi skipinu til veiða allt árið, enda hafi útgerðin ekki fjárhagslegt bolmagn til þess. Af þeim sökum sé gripið til þess ráðs að fara að veiða fyrir aðra til að leggja upp allan aflann hjá þeim, jafnvel þótt útgerðin reki sjálf fiskverkun og sárvanti hráefni til að vinna þar.

Veiðiheimildir fiskkaupandans, sem hann lætur veiða fyrir sig, sé ekki greiðsla fyrir aflann til viðbótar verðinu sem fiskverkandinn greiðir fyrir aflann. Skipverjarnir fái að fullu skipt úr öllu því aflaverðmæti, sem fæst fyrir aflann, á sama hátt og útgerðarmaðurinn. Útgerðarmaðurinn stingi engum greiðslum undan skiptum og í eigin vasa. Engin viðskipti með kvóta eigi sér stað, engar greiðslur gangi á milli manna. Þátttaka sjómanna í kvótakaupum sé ekki fyrir hendi.

Sjómannasamtökin byggi mál sitt á því að til viðbótar verði á aflanum úr kvótatonni fiskkaupandans, þá eigi einnig að meta kvóta fiskkaupandans til verðs og bæta verðmæti kvótans á kvótamarkaði við fiskverðið. Þar með sé komið heildarverðmæti aflans.

Í dæminu, sem áður var nefnt, var fiskverðið pr. kg 115 kr., en verð á kvóta á kvótamarkaði 80 kr. eða samtals 195 kr. En þar sem fiskverðið sé þá orðið miklu hærra en verð á afla úr eigin kvóta, þ.e. 145 kr., þá gangi dæmið ekki upp. Þá sé gripið til þess ráðs í túlkun sjómannasamtakanna að skipta kvótaverðinu í tvennt og hækka bæði tonn útgerðar og tonn fiskkaupandans, þ.e. aflaverðmætið um 40 kr. Samt sem áður verði fiskverðið hærra en úr eigin kvóta eða 155 kr. Hvernig megi það vera.

Fyrst meta eigi að mati sjómannaforystunnar verðmæti kvóta fiskkaupandans og bæta áætluðu söluverði kvótans á kvótamarkaði ofan á fiskverðið og telja það heildarverðmæti aflans, þegar veitt er tonn á móti tonni, þá hljóti að eiga að gera það sama þegar kvótalaust skip veiði alfarið af veiðiheimildum fiskkaupandans. Kvóti

hans hljóti líka í þeim tilvikum að vera metinn til verðs sem hluti greiðslu fiskverðsins sem útgerðin stingi undan. Gefi maður sér að þeir kvótalausu, sem veiða alfarið af kvóta fiskkaupandans, fái 85 kr. fyrir aflann þá væri heildarverðið að viðbættu kvótaverðinu 165 kr. En hafi ekki verðið úr eigin kvóta verið 145 kr.? Hvar sé þátttaka sjómanna í kvótakaupum í þessum tilvikum kvótalausra skipa?

Staðreyndin sé sú, að það að veiða fyrir þriðja aðila, þ.e. kvóta sem hann á og verkar aflann úr, sé ekki sameiginleg kvótakaup, enda greiði sjómenn á viðkomandi skipi ekkert fyrir veiðiheimildirnar og ekkert sé af þeim tekið. Það að helmingur veidds afla sé af veiðiheimildum þriðja aðila, hafi eðlilega áhrif á það fiskverð sem í boði er. Tonn á móti tonni snúist alfarið um ákvörðun fiskverðs og ekki neitt annað. Menn geti ekki bæði veitt fisk og fengið greiðslur fyrir og að því búnu selt kvótann og bætt andvirði kvótans við fiskverðið.

Þrátt fyrir að fiskverð sé frjálst og fiskseljandi og kaupandi semji um fiskverð, þá geti skipverjar, ef þeir eru óánægðir með það fiskverð sem í boði er, skotið máli sínu til úrskurðarnefndarinnar sem úrskurði um réttmætt fiskverð í viðkomandi tilviki. Í nokkrum þeirra úrskurða sem fallið hafa, hafi fulltrúar sjómanna fullyrt að meint viðskipti með veiðiheimildir hafi haft áhrif til lækkunar fiskverðs. Hafi slíkt ekki haft nein áhrif á úrskurði nefndarinnar sem horfi eingöngu til fiskverðsins sjálfs en ekki hverjar séu forsendur þess. Voru kr. 115 pr. kg óeðlilega lágt rækjuverð? Um það snúist þetta mál. Hvorki útgerð né áhöfn hafi brotið í bága við ákvæði kjarasamninga né laga með því að samþykkja það verð fyrir rækjuaflann. Mál þetta snúist um ákvörðun fiskverðs og ekkert annað.

Niðurstaða.

Í málinu liggur fyrir að stefndi, Sæberg hf., fékk greitt fyrir afla með peningagreiðslu og auk þess aflamark frá fiskkaupandanum. Var um svonefnd tonn á móti tonni viðskipti að ræða. Við uppgjör á aflahlut var miðað við greiðslu í peningum en verðmæti móttekins aflamarks ekki reiknað með. Til úrlausnar er hvort þessi aðferð brjóti í bága við eftirfarandi ákvæði greinar 1.03. í kjarasamningi aðila:

„Um sölu afla innanlands.

Yfirmönnum skal tryggt hæsta gangverð alls sem aflað er og

aldrei lægra en útgerðarmaður fær fyrir sinn hlut. Þeir taka ekki þátt í útgerðarkostnaði.

I. Almennt.

Útgerðarmaður hefur með höndum sölu aflans og hefur til þess umboð áhafnar að því er aflahlut hennar varðar. Hann skal tryggja skipverjum hæsta gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær, þar með talin hrogn, lifur og bein. Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum, . . ."

Hér er bæði til skoðunar hvort uppgjörsaðferð stefnda feli það í sér að yfirmönnum sé ekki tryggt hæsta gangverð og að yfirmenn taki þátt í útgerðarkostnaði vegna kaupa á veiðiheimildum.

Fram hefur komið í málinu að nefnd tonn á móti tonni viðskipti leiði almennt til lægra fiskverðs. Stefndi heldur því fram að fiskkaupandinn útvegi útgerð skips og áhöfn viðbótarveiðiheimildir til þess að hægt sé að halda skipi lengur til veiða. Á móti sé fiskkaupandinn ekki reiðubúinn til að greiða jafnhátt verð fyrir aflann, sem hann kaupir eins og hann mundi gera, ef veitt væri alfarið af eigin kvóta skips. Þær veiðiheimildir sem fiskkaupandinn leggi til séu verðmæti sem hann eigi og vilji þar að leiðandi fá eitthvað fyrir sinn snúð. Þetta komi fram í lægra verði, sem hann sé tilbúinn til að greiða fyrir aflann. Telur stefndi að málið snúist ekki um kvótakaup heldur alfarið um forsendur fyrir ákvörðun fiskverðs sem sé frjálst. Fram kom í málflutningi, að stundum komi tvö tonn frá fiskkaupanda á móti hverju tonni sem útgerðarmaður selur honum og dæmi séu um að þrjú tonn komi á móti hverju einu tonni. Hafi það að sama skapi áhrif til lækkunar á verði og lægst sé verðið gjarnan þegar fiskkaupandi leggur skipi til allan kvótann.

Með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 416/1994, uppkveðnum 15. febrúar 1996, var því slegið föstu að það sé meðal grundvallaratriða kjarasamnings að útgerðarmaður ráði því að öðru jöfnu, hvert og hvernig skipi hans sé haldið til veiða. Jafnframt eigi hann að bera kostnað og áhættu af útgerð skipsins og verði kostnaðarþættir varðandi úthald skipsins og löndun á afla ekki lagðir á skipverja umfram það, er á sé kveðið í samningum. Kemst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu, með vísan til laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, að líta verði svo á að kostnaður útgerðarmanns af kaupum á aflamarki hafi

átt að teljast til útgerðarkostnaðar í þeim skilningi sem við var miðað í kjarasamningi.

Ljóst er að í viðskiptum stefnda og viðkomandi fiskkaupanda hefur stefndi fengið í sinn hlut verðmæti í formi aflamarks auk beinnar peningagreiðslu fyrir afla. Þetta aflamark flutti stefndi yfir á skip sitt með tilkynningu til Fiskistofu og var þar með opinberlega skráður rétthafi aflamarksins. Flutningur á aflahlutdeild og aflamarki milli skipa lýtur ákvæðum 11. og 12. gr. laga nr. 38/1990, sbr. einnig 10. gr. reglugerðar nr. 405/1994 sem gilti um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995 þegar umrædd viðskipti áttu sér stað. Skylt er að tilkynna Fiskistofu fyrirfram um flutning aflamarks og öðlast hann ekki gildi fyrr en stofan hefur staðfest móttöku tilkynningar um flutninginn. Í 10. gr. nefndrar reglugerðar er fjallað nánar um flutning aflamarks undir yfirskriftinni framsal og sameining veiðiheimilda. Skráning aflamarks á skip er undirstaða eftirlits með veiðum og viðskiptum með sjávarafla. Veiðileyfi, aflahlutdeild og aflamark er bundið við skip og ljóst að útgerðarmaður þess ráðstafar þessum réttindum og ber skyldur, meðal annars samkvæmt lögum nr. 37/1992 um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Hefur útgerðarmaður skips val um það, í samræmi við lög nr. 38/1990, hvort hann gerir skip sitt út til veiða á þessu aflamarki eða ráðstafar því til þriðja manns, en alkunna er að aflamark gengur kaupum og sölum á því verði sem fæst fyrir það á hverjum tíma eða því er skipt fyrir aflamark í öðrum tegundum. Þessi réttindi öðlaðist stefndi, Sæberg hf., vegna skipsins Hvannabergs ÓF-72 við umrætt framsal aflamarks í viðskiptum við fiskkaupandann. Verður að telja að réttaráhrifum þessara viðskipta megi öldungis jafna við bein kaup á aflamarki eins og tilfellið var í umræddum dómi Hæstaréttar. Verður skipverja ekki gert að taka þátt í kostnaði af beinum eða óbeinum viðskiptum sem jafna má til kaupa á aflamarki nema kveðið sé á um það í lögum eða kjarasamningum.

Grein 1.03. í kjarasamningi aðila skuldbindur útgerðarmann sem fyrr segir til að tryggja yfirmanni hæsta gangverð. Viðskiptaaðferð stefnda og fiskkaupanda hans felur það í sér að heildarverðmæti afla sem stefndi miðaði uppgjör til hlutaskipta við er lægra en ella og kemur því minna til skipta.

Með hliðsjón af öllu framansögðu er það niðurstaða dómsins að aðferð stefnda í viðskiptum við fiskkaupandann og eftirfarandi upp-

gjör aflahluts yfirmanna brjóti í bága við nefnd ákvæði greinar 1.03. í kjarasamningi aðila sem skyldar stefnda til að tryggja yfirmönnum hæsta gangverð og leggur bann við því að þeir taki þátt í útgerðarkostnaði vegna kaupa á veiðiheimildum.

Í málinu gerir stefnandi kröfu til þess að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar samkvæmt grein 1.53. í kjarasamningi aðila. Með hliðsjón af eðli ágreinings aðila og forsögu málsins þykja engin efni til að taka sektarkröfu stefnanda til greina.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 200.000 að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Landssamband íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Sæbergs hf., telst hafa brotið gegn grein 1.03. í kjarasamningi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna með því að taka ekki tillit til verðmætis móttekins aflamarks fyrir seldan afla við tilgreiningu heildarskiptaverðmætis.

Stefndi greiði stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands vegna Skipstjóra og stýrimannafélags Norðlendinga, 200.000 kr. í málskostnað.

S é r a t k v æ ð i
Valgeirs Pálssonar.

Krafa stefnanda felst aðallega í því að fá viðurkennt með dómi, að stefndi hafi brotið gegn grein 1.03. í kjarasamningi aðila með því að hafa lagt til grundvallar rangt aflaverðmæti við tilgreiningu heildarskiptaverðmætis. Í stefnu eru nánar tilgreind þau samningsákvæði, sem stefnandi telur stefnda hafa brotið. Ákvæðin hljóða svo:

„Um sölu afla innanlands.

Yfirmönnum skal tryggt hæsta gangverð alls sem aflað er og aldrei lægra en útgerðarmaður fær fyrir sinn hlut. Þeir taka ekki þátt í útgerðarkostnaði.

I. Almennt.

Útgerðarmaður hefur með höndum sölu aflans og hefur til þess um-

boð áhafnar að því er aflahlut hennar varðar. Hann skal tryggja skipverjum hæst gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær, þar með talin hrogn lifur og bein. Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum. . .“

Síðasta setning hinna tilgreindu samningsákvæða hljóðar svo í fullri lengd í kjarasamningnum: „Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum, sbr. 1. gr. laga nr. 24/1986, sbr. 10. gr. laga nr. 79/1994 um breytingu á lögum nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun með síðari breytingum.“

Það tilvik, sem aðilar deila um í máli þessu, er í hnotskurn þannig: 74.234 kg af iðnaðarrækju var landað úr Hvannabergi ÓF-72 þann 23. apríl 1995. Útgerð skipsins, Sæberg hf., fékk greiddar 115 krónur fyrir hvert kg, eða 8.536.910 krónur. Einnig voru yfirfærð til útgerðarinnar 37.117 kg af aflamarki í úthafsrækju úr hendi kaupandans. Yfirfærslan var skráð hjá Fiskistofu þann 29. maí 1995. Við skipti til áhafnar komu til úthlutunar fyrir aflann 8.536.910 krónur. Að áliti stefnanda hefur verðmæti þess aflamarks, sem útgerðin fékk úr hendi kaupanda ekki komið til skipta og brjóti það í bága við hin tilgreindu ákvæði kjarasamningsins. Að áliti stefnda er hið yfirfærða aflamark ekki greiðsla fyrir landaðan afla. Heldur sé um að ræða, að fiskkaupandi útvegi helming þeirra veiðiheimilda, sem nýta þurfti til að veiða umræddan afla. Þannig hafi aflinn að hálfu leyti verið veiddur af veiðiheimildum í eigu útgerðarinnar og að hálfu leyti af veiðiheimildum í eigu kaupandans. Þetta fyrirkomulag hafi síðan haft áhrif á það fiskverð, sem kaupandi var tilbúinn að greiða fyrir landaðan afla.

Ágreiningsefni aðila í máli þessu snýst um sölu afla útgerðar til óskylds aðila. III. kafli í grein 1.03. í kjarasamningi fjallar um ráðstöfun afla í skiptum milli óskyldra aðila. Í 1. mgr. III. kafla segir svo, orðrétt: „Þegar afli er seldur milli óskyldra aðila, skal skipt úr því verði sem fyrir aflann fæst hverju sinni, sbr. 1. mgr. I. kafla. Ef afli er seldur beint milli óskyldra aðila án milligöngu innlendra eða erlendra fiskmarkaða, getur áhöfn krafist samnings um uppgjörsverð fyrir þann afla.“ Í 2. mgr. er fjallað um heimild til að skjóta ágreiningi til úrskurðarnefndar, ef ekki tekst samkomulag um upp-

gjörsverð, sem getið er um í 1. mgr. Önnur ákvæði í grein 1.03. í kjarasamningnum hafa ekki þýðingu fyrir úrslit máls þessa.

Í málinu liggja ekki fyrir nein óræk gögn um verð fyrir iðnaðarrækju í öðrum viðskiptum á sama svæði um það leyti, sem Sæberg hf. seldi hinn umdeilda afla. Hefur því ekki verið sýnt fram á, að útgerðin hafi í umrætt sinn ekki tryggt yfirmönnum hæsta gangverð við sölu aflans eins og útgerð er skylt að tryggja skv. fyrri málslið upphafsákvæðis í grein 1.03. í kjarasamningnum. Um leið verður heldur ekki talið, að útgerðin hafi brotið gegn 2. málslið 1. mgr. I. kafla kjarasamningsins, enda er sá málsliður efnislega samhljóða fyrri málslið upphafsákvæðisins í grein 1.03.

Aðila greinir á um það hvort með yfirfærslu aflamarks frá kaupanda til útgerðar felist yfirfærsla á verðmætum, sem eigi að koma til skipta fyrir aflann. Með slíku fyrirkomulagi felst ekki að verið sé að draga frá kostnað vegna útgerðar, þ.m.t. kostnað vegna kaupa á aflamarki, áður en skiptaverðmæti er ákveðið. Af þeirri ástæðu verður ekki talið, að útgerðin hafi brotið gegn síðari málslið upphafsákvæðisins í grein 1.03.

Þegar athugað er hvort útgerðin hafi í umrætt sinn brotið gegn 3. málslið 1. mgr. I. kafla grein 1.03. verður að skoða málsliðinn í heild. Bann við að draga kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum frá heildarverðmæti afla verður að skýra í samræmi við 1. gr. laga nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, sbr. 10. gr. laga nr. 79/1994 um breytingu á þeim. Það fer því eftir túlkun laganna hvert eigi að vera heildarverðmæti afla til hlutaskipta. Með hliðsjón af úrskurði Félagsdóms frá 27. september 1996 í máli nr. 10/1996, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar 15. október s.á. (mál nr. 378/1996), fellur ágreiningur um lagatúlkun, eins og hér um ræðir, ekki undir valdsvið Félagsdóms. Að auki verður að skýra umrætt ákvæði í samræmi við 1. mgr. í grein 1.02. í kjarasamningnum um að skiptaverðmæti aflans fari skv. lögum nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins ásamt síðari breytingum. Kröfu um að stefndi hafi brotið gegn þessum málslið ber því að vísa frá Félagsdómi.

Önnur ákvæði í grein 1.03. í kjarasamningi aðila koma ekki til álita, þegar metið er hvort fyrrgreind ráðstöfun á aflamarki brjóti gegn greininni. Að öllu þessu virtu verður ekki talið að Sæberg hf., útgerð Hvannabergs ÓF-72, hafi brotið gegn grein 1.03. í kjara-

samningnum að því leyti sem krafa stefnanda kemur til álita hér fyrir dómi. Af þessu leiðir að ekki ber að taka til greina kröfu stefnanda um að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar.

Atkvæði mitt verður því að sýkna beri stefnda í máli þessu af öllum kröfum stefnanda að því undanskildu að kröfu um viðurkenningu þess, að stefndi hafi brotið gegn 3. málslið 1. mgr. I. kafla í grein 1.03. skal vísa frá Félagsdómi. Rétt þykir að stefnandi greiði stefnda 150.000 krónur í málskostnað.

Þriðjudaginn 8. apríl 1997.

Nr. 3/1997. **Félag íslenskra flugumferðarstjóra**
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkisins
(Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Frávísun. Sératkvæði.

Úrskurður Félagsdóms.

Málið úrskurða Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Sveinn Sveinsson og Guðmundur Skaftason.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 2. þessa mánaðar, var þingfest 26. febrúar sl.

Stefnandi er Félag íslenskra flugumferðarstjóra, kt. 560372-0199, Grensásvegi 16, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkisins.

Dómkröfur stefnanda:

Að flugumferðarstjórar verði felldir niður af skrá skv. auglýsingu nr. 68/1995, sem birt var á grundvelli 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins, þ.m.t. hækkunar virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda:

Aðallega að málinu verði vísað frá dómi.

Til vara að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt mati réttarins.

Stefnandi krefst þess að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið.

Málavextir.

Stefnandi kveður málavexti vera þá að samkvæmt auglýsingu, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda hinn 27. janúar 1995 nr. 68/1995, hafi allir flugumferðarstjórar, bæði þeir sem starfa hjá flugmálastjórn og hjá flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, verið tilgreindir á skrá fjármálaráðherra um þá sem njóta ekki verkfallsréttar vegna starfa sinna við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í auglýsingunni voru störf flugumferðarstjóra tiltekin með eftirgreindum hætti:

„Stofnun	Starf:
Utanríkisráðuneyti.	
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	Flugumferðarstjórar, allir
Samgönguráðuneyti.	
Flugmálastjórn	Flugumferðarstjórar“

Félag íslenskra flugumferðarstjóra mótmælti skráningu ráðherra á flugumferðarstjórum á framangreindan lista og skutu ágreiningi vegna listans til Félagsdóms. Með dómi 25. september 1995, hafnaði Félagsdómur kröfu stefnanda um ógildingu skráningar flugumferðarstjóra á þeim grunni að samráðs hafi ekki verið gætt við endurútgáfu listans, þar sem dómurinn hafði áður komist að því í máli nr. 3/1987 að félagsmenn stefnanda falli fullkomlega undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þá sagði m.a. í niðurstöðum dómsins frá 25. september: „Ekki teljast efni til að líta svo á, að undanþágulistarnir feli í sér víðtækari undanþágur en áður hafði verið ákveðið í ofangreindum dómi Félagsdóms frá 1987, þ.e. þeir „sem starfa sem flugumferðarstjórar“. Stefnandi hefur ekki lagt fram upplýsingar um það, hvaða félagsmenn stefnanda eða hve stór hluti félagsmanna vinna ekki að flugumferðarstjórn, enda þótt það sé ekki hlutverk Félagsdóms að gera skrár skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986.

Þegar til þess er litið, að Félagsdómur hefur þegar dæmt að störf flugumferðarstjóra, sem starfa sem flugumferðarstjórar, séu þess eðlis, að þau falli fullkomlega undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, verður að telja að stefnandi hafi sönnunarbyrði fyrir því að aðstæður hafi breyst verulega frá því að sá dómur var uppkveðinn. Það hefur stefnandi ekki gert og ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.“

Í sama mánuði og dómur þessi féll sögðu allir flugumferðarstjórar starfi sínu lausu, 82 að tölu. Í framhaldi af uppsögnum þeirra sem taka áttu gildi næstu áramót á eftir var undirbúin viðbúnaðaráætlun af hálfu Flugmálastjórnar og Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli þar sem gert var ráð fyrir því að einungis hluti flugumferðarstjóra sinnti flugumferðarþjónustu hér á landi. Þá beitti samgönguráðherra heimild sinni í 15. gr. eldri starfsmannalaga nr. 38/1954 og framlengdi uppsagnarfrest 32 flugumferðarstjóra sem áttu að vinna að neyðaráætluninni en uppsagnarfrestur annarra var áfram óbreyttur.

Að sögn stefnanda gefa ummæli í fjölmiðlum á þessum tíma vísbendingu um að flugöryggi hafi ekki verið stefnt í voða þrátt fyrir að einungis hluti flugumferðarstjóra hafi átt að vera áfram við störf. Í dagblöðunum Tímanum og DV hafi komið fram að tilgangur framlengingar uppsagnarfrests hluta flugumferðarstjóranna hafi verið að halda uppi nauðsynlegri flugumferðarþjónustu, tryggja flugöryggi ásamt því að hefja þjálfun nýrra starfsmanna.

Frávísunarkrafa stefnda er hér til úrlausnar.

Af hálfu stefnda er frávísunarkrafan rökstudd með því að með dómi Félagsdóms frá 22. maí 1987 í málinu nr. 3/1987 hafi verið kveðið upp úr um það að störf flugumferðarstjóra væru þess eðlis að þau féllu alfarið undir 3. tölulið 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Að gengnum þeim dómi hafi verið birtar skrár samkvæmt 2. mgr. 19. gr., sbr. auglýsingar nr. 41/1988, 53/1990, 31/1991 og 27/1992. Hafi allir flugumferðarstjórar verið taldir falla undir ákvæði 3. töluliðs 1. mgr. 19. gr. laganna.

Stefndi telur að með dómi Félagsdóms 25. september 1995 í máli nr. 3/1995 hafi þegar verið dæmt um það ágreiningsatriði aðila málsins hvort flugumferðarstjórar væru með auglýstri skrá nr. 68/1995 réttilega taldir falla undir ákvæði 3. töluliðar 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Ekki hafi verið birt ný skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. heldur hafi skráin frá 1995 framlengst sjálfkrafa og sé í gildi nú. Lokamálsliður 2. mgr. 19. gr. kveði á um að ágreiningur um breytingar á skrá skuli lagður fyrir Félagsdóm sem skeri úr honum til fullnustu. Engar breytingar hafi verið gerðar á skránni. Félagsdómur hafi skorið úr um það að störf flugumferðarstjóra eins og þau eru tilgreind í auglýstri skrá nr. 68/1995 séu þess eðlis að falla alfarið undir 3. tölulið 1. mgr. 19. gr. Stefndi telur að þar sem þegar hafi verið dæmt um sakarefnið og raunar sömu kröfu og stefnandi geri nú á hendur stefnda verði að vísa málinu frá Félagsdómi samkvæmt 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Við munnlegan málflutning um frávísunarkröfuna var því haldið fram að dæmt hafi verið að allir flugumferðarstjórar séu við störf sem séu þess eðlis að falla undir 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Félagsdómur eigi aðeins að fjalla um breytingar á skrám.

Mótmæli stefnanda við frávísunarkröfu stefnda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að viðbúnaðaráætlun Flugmálastjórnar vegna fjöldauppsagna flugumferðarstjóra beri með sér það mat flugmálayfirvalda að einungis þurfi 32 flugumferðarstjóra af 82 til þess að halda uppi flugumferðarþjónustu og tryggja flugöryggi. Á hinn bóginn komi það einnig margoft fram í viðtölum við forsvarsmenn flugmála að hagkvæmni flugstjórnarinnar minnki við fækkun flugumferðarstjóra. Stefnandi telur að skilyrði laga um nauðsynlegustu öryggisgæslu sé alls ekki fullnægt þótt hagkvæmni flugumferðarstjórnar minnki á meðan á kjaradeilu stendur. Fram hafi komið að brottfall 50 af 82 flugumferðarstjórum stefni flugöryggi ekki í voða. Stefnandi telur að flugumferðarstjórar séu ekki með réttu á lista fjármálaráðherra og með athöfnum sínum og yfirlýsingum hafi flugmálayfirvöld viðurkennt þann skilning stefnanda.

Af hálfu stefnanda var því haldið fram að málið snúist um það hvort meginreglan um verkfallsrétt opinberra starfsmanna eigi við um flugumferðarstjóra eða ekki. Ef fallist yrði á skoðun stefnda þá eigi stefnandi þess aldrei nokkurn kost að hreyfa andmælum við skrám samkvæmt 19. gr. laga nr. 94/1986 svo framarlega sem stefndi haldi skrá óbreyttri, þ.e. að allir flugumferðarstjórar skuli vera undanþegnir verkfallsrétti.

Af hálfu stefnanda var vakin athygli á því sem fram kemur á bls. 10 í endurriti dóms Félagsdóms í máli nr. 3/1995, að árlega hafi stefnandi átt rétt á að bera fram andmæli við framlengdri skrá og skipti ekki máli í því sambandi að stefnandi hafi ekki hreyft andmælum við auglýsingum fyrri ára.

Í þessu máli sé málsástæðan sú, að það sé sannað, að það mat að 83 flugumferðarstjórar séu nauðsynlegir, hafi breyst eða að það sé rangt. Framlögð gögn sýni að flugumferðarstjórn telji nægjanlegt að 32 flugumferðarstjórar séu við störf til þess að öryggis sé gætt.

Á árinu 1995 hafi stefnandi ekki getað byggt á því að flugumferðarstjórn teldi 32 flugumferðarstjóra nægjanlega.

Niðurstaða.

Dómkrafa stefnanda er sú, að flugumferðarstjórar verði felldir niður af skrá samkvæmt auglýsingu nr. 68/1995, sem birt var á grundvelli 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Í dómi Félagsdóms í máli fjármálaráðherra gegn Félagi íslenskra flugumferðarstjóra 22. maí 1987 var litið svo á að störf þeirra félagsmanna stefnanda sem störfuðu sem flugumferðarstjórar væru þess eðlis að þau féllu alfarið undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. áðurgreindra laga og að félagsmönnum stefnda sé því óheimilt að gera verkfall. Var þar boðað verkfall því dæmt ólögmætt.

Stefnandi máls þessa höfðaði mál fyrir Félagsdómi með stefnu, útgefinni 28. febrúar 1995, með sömu aðalkröfu efnislega og fyrir liggur í þessu máli. Með dómi réttarins 25. september 1995 var henni hafnað. Var talið að líta yrði svo á að undanþágulistarnir fælu ekki í sér víðtækari undanþágur en áður hafði verið ákveðið í ofangreindum dómi Félagsdóms frá 1987. Stefnandi hefði heldur ekki lagt fram upplýsingar um það, hvaða félagsmenn hans eða hve stór hluti félagsmanna hans vinni ekki við flugumferðarstjórn.

Í máli þessu byggir stefnandi á fréttaflutningi um viðbúnaðaráætlun flugmálastjórnar vegna fjöldauppsagna flugumferðarstjóra og telur það hafa verið mat flugmálayfirvalda að einungis þurfi 32 flugumferðarstjóra af 82 til þess að halda uppi flugumferðarþjónustu og tryggja flugöryggi. Í framlagðri frétt ríkisútvarpsins frá 19. desember 1995 er haft eftir flugmálastjóra að flugumferðarstjórum á vakt í Keflavík og Reykjavík á annatímum myndi fækka um 19 eða úr 78 í 59 þegar uppsagnir 50 flugumferðarstjóra tækju gildi um áramótin. Á sama dómskjali kemur fram að forseti IFATCA, Preben Lauridse „efast mjög um að hér verði nægilega margir á vakt þann 1. janúar til að framkvæma viðbúnaðaráætlunina." Viðbúnaðaráætlun þessi kom aldrei til framkvæmda með því að samningar höfðu tekist áður. Framangreind málsástæða leiðir ekki rökrétt til þess að unnt sé að taka dómkröfu stefnanda til greina.

Gögn málsins eru að mestu frásagnir fjölmiðla um meira og minna ósamhljóða skoðanir manna um tilvik af öðru tilefni en hér ræðir um. Verða þau ein sér ekki lögð til grundvallar í dómsmáli sem þessu, heldur þarf að liggja fyrir hlutlæg úttekt á því hvaða mannafla sé þörf til þess að halda uppi nægilega traustri stjórn flugumferðar til að landið einangrist ekki um loftferðir og staðið verði við alþjóðlegar skuldbindingar. Í þessu efni er nauðsynlegt að tilgreina hvaða störfum kann að vera ofaukið á hinni umdeildu skrá, starfslýsingar og hvort og þá hvernig þau tengist flugumferðastjórn-

inni. Skrá samkvæmt auglýsingu nr. 68/1995 hefur framlengst óbreytt en um hana var dæmt í áðurgreindum dómi Félagsdóms 25. september 1995 og er málið nú í sama horfi og eftir þann dóm.

Að framangreindu virtu ber að vísa málinu frá Félagsdómi með vísan til e-liðar 80. gr. og 2. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

Eftir atvikum telst rétt að stefnandi greiði stefnda kr. 50.000 í málskostnað.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Félag íslenskra flugumferðarstjóra, greiði stefnda, íslenska ríkinu, kr. 50.000 í málskostnað.

Sératkvæði
Sveins Sveinssonar.

Aðaldómkrafa stefnda er sú að málinu verði vísað frá dómi með vísan til 2. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Málið hefur aðeins verið munnlega flutt um þá kröfu stefnda.

Með dómi Félagsdóms frá 25. september 1995 í málinu nr. 3/1995 í milli sömu aðila var sú afstaða tekin að túlka beri 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 á þann veg að árlega eigi stefnandi rétt á að bera fram andmæli við framlengdri skrá. Líta verður svo á að sá réttur sé til staðar hvort sem skráin hafi óbreytt verið lögð fram eða á henni verið gerðar breytingar. Þannig á stefnandi við hverja framlagningu skrárinnar rétt á að fá dæmt um gildi hennar.

Sú fullyrðing stefnda, að með fyrrnefndum dómi hafi verið dæmt um það ágreiningsatriði aðila sem nú liggi fyrir, er ekki nægilega rökstudd. Í máli þessu hafa verið lögð fram önnur gögn og upplýsingar um afstöðu flugmálayfirvalda til nauðsynlegustu mönnunarþarfa við flugumferðarstjórn en gert var í fyrra máli og nýjar málsástæður verið bornar fram. Á stefnandi rétt á að fá afstöðu Félagsdóms til þeirra.

Að þessu virtu tel ég að hafna eigi frávísunarkröfu stefnda og tel að málið eigi að fá efnislega meðferð fyrir dóminum.

Dómur Hæstaréttar 6. maí 1997.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur með kæru 15. apríl 1997, sem barst Hæstarétti 22. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir Félagsdóm að dæma málið að efni til. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður Félagsdóms verði staðfestur og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Hinn kærði úrskurður er á því byggður, að málatilbúnaður sóknaraðila fullnægi ekki skilyrðum e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Með skírskotun til forsendna úrskurðarins verður hann því staðfestur.

Sóknaraðili skal greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Félag íslenskra flugumferðarstjóra, skal greiða varnaraðila, íslenska ríkinu, 25.000 krónur í kærumálskostnað.

Föstudaginn 18. apríl 1997.

Nr. 1/1997. **Bandalag háskólamanna**
f.h. Félags fréttamanna
(Ragnar Halldórsson hrl.)
gegn
ríkissjóði Íslands
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Kjarasamningur. Föst yfirvinna. Orlof. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Jóhann H. Níelsson, Gunnar Sæmundsson, Guðný Björnsdóttir, Guðmundur Skaftason og Sigurmar Albertsson

I.

Mál þetta er höfðað með stefnu þingfestri 23. janúar 1997 og var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi þann 26. mars 1997.

Stefnandi máls þessa er Bandalag háskólamanna kt. 630387-2569, f.h. Félags fréttamanna kt. 630185-0849. Stefndi er ríkissjóður Íslands kt. 550169-2829.

Dómkröfur stefnanda eru að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að þeir félagsmenn stefnanda sem starfa hjá Ríkisútvarpinu eigi frá 1. febrúar 1993 rétt til orlofs af fastri mánaðarlegri yfirvinnu sem þeir fá greidda. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda og að við ákvörðun hans verði tekið tillit til kostnaðar af virðisaukaskatti af lögmannsþjónustu.

Stefndi hefur krafist þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og til vara að miðað verði við annan upphafsdag greiðslnanna, ef fallist verður á kröfu stefnanda um greiðslu orlofs. Þá krefst stefndi jafnframt málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati Félagsdóms.

Með úrskurði dags. 28. janúar 1997 viku dómararnir Auður Þorbergsdóttir forseti Félagsdóms og Ingibjörg Benediktsdóttir sæti í máli þessu vegna tengsla við sakarefnið með vísan til 48. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 1., 3., og 9. tl. 6. gr. laga nr. 75/1973. Jafnframt vék dómarinn Sigurður T. Magnússon sæti í málinu með hliðsjón af 1. og 9. tl. 6. gr. laga nr. 75/1973 og grunnraka g-liðs 5. gr. laga nr. 91/1991. Dómaranum Gylfa Knudsen var einnig gert að víkja sæti í málinu með vísan til 48. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 1. og 9. tl. 6. gr. laga nr.

75/1973 vegna tengsla við sakarefnið. Varamennirnir Eggert Óskarsson og Kristjana Jónsdóttir viku einnig sæti úr réttinum með sérstökum úrskurði uppkveðnum sama dag og af sömu ástæðu. Varamaður Ingibjargar Benediktsdóttur, Guðný Björnsdóttir, skipar sæti hennar við meðferð málsins. Varamaður Sigurðar T. Magnússonar, Þorsteinn A. Jónsson, vék sæti vegna anna og í stað hans tók Sigurmar K. Albertsson sæti í Félagsdómi. Með bréfi Hæstaréttar dags. 12. febrúar 1997 var Jóhann H. Níelsson skipaður forseti Félagsdóms við meðferð máls þessa. Jafnframt var Gunnar Sæmundsson skipaður til setu í dóminum við meðferð málsins.

II.

Stefnandi kveður málavexti vera þá að Félag fréttamanna sé eitt af aðildarfélögum Bandalags háskólamanna en Félag fréttamanna sé stéttarfélag sem hafi sjálfstæðan samningsrétt samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 94/1986 um kaup og kjör félagsmanna sinna sem starfi hjá ríkinu og hafi síðast gert kjarasamning við stefnda 15. maí 1995. Með þeim samningi hafi tilteknum atriðum í eldri kjarasamningi aðila verið breytt, en samningurinn að öðru leyti framlengdur óbreyttur með gildistíma til 31. desember 1996. Nýr kjarasamningur hafi ekki verið gerður, en meðan svo sé beri að fara eftir hinum eldri kjarasamningi, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 94/1986.

Grein 4.2.1. í kjarasamningi aðila kveður stefndi vera svohljóðandi: „Starfsmaður skal fá 10,17% orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur skv. samningi þessum. Við 10 ára starfsaldur eða 40 ára aldur skal hann fá 11,59%. Við 18 ára starfsaldur eða 50 ára aldur skal hann fá 13,04%."

Stefnandi kveður marga félagsmenn í Félagi fréttamanna sem starfi hjá Ríkisútvarpinu fá mánaðarlega greidda fasta yfirvinnu, þ.e. að þeir fái greitt fyrir tiltekinn vinnustundafjölda með yfirvinnukaupi án skilyrða. Stefnandi kveður stefnda einnig greiða fjölmörgum opinberum starfsmönnum fasta mánaðarlega yfirvinnu og hafi svo verið um mjög langan tíma. Ýmist hafi ákvörðun um slíkar greiðslur verið tekin af fjármálaráðuneytinu að höfðu samráði við viðkomandi fagráðuneyti eða ríkisstofnun, eða byggst á ákvörðun kjaradóms eða kjaranefndar um launakjör þeirra starfsmanna ríkisins sem þeir stjórnsýsluaðilar ákvarði launakjör. Í öllum slíkum tilvikum hafi stefndi þurft að ákveða hvort greitt skyldi orlof á föstu

yfirvinnuna, þar sem kjaradómur eða kjaranefnd hafi ekki tekið formlegar ákvarðanir um það efni, þó með þeirri undantekningu að kjaradómur hafi tekið sérstaka ákvörðun um þetta málefni í kjölfar dóms Félagsdóms frá 14. október 1996 í félagsdómsmáli nr. 14/1996.

Stefnandi kveður að með bréfi frá starfsmannaskrifstofu stefnda til Dómarafélags Íslands, sem hafi verið lagt fram í félagsdómsmálinu nr. 14/1996 frá 14. október 1996, komi fram að í öllum tilvikum þar sem greidd er föst mánaðarleg yfirvinna samkvæmt ákvörðun kjaranefndar, sé hún greidd alla mánuði ársins og auk þess sé greitt orlof af yfirvinnunni. Þetta eigi við um öll 92 starfsheitin af 96, þar sem greidd er föst mánaðarleg yfirvinna.

Stefnandi kveður margar tilraunir hafa verið gerðar til þess að reyna að fá stefnda til að greiða orlofsfé á hinar föstu yfirvinnugreiðslur, en hann hafi reynst ófáanlegur til þess og dómur Félagsdóms 14. október 1996 í málinu nr. 14/1996: Dómarafélag Íslands gegn ríkissjóði Íslands, hafi í engu breytt þeirri afstöðu.

Stefndi kveður málavexti vera þá að umræddar yfirvinnugreiðslur hafi verið vegna viðbótarvinnutíma vegna undirbúnings utan vakta sem hafi byrjað á árinu 1985. Kröfur hafi komið fram um þessar yfirvinnugreiðslur á vegum samninganefndar Félags fréttamanna, sem útvarpstjóri hafi síðar komið bréflega á framfæri við samninganefnd ríkisins með bréfi dags. 29. apríl 1985. Greiðslurnar hafi verið samþykktar sem 1 klukkustund fyrir hvern starfsdag m.v. fullt starf og eðlilega og vanalega vinnutilhögun. Stefndi kveður að af hans hálfu hafi verið samþykkt að launadeild fjármálaráðuneytisins annaðist og samþykkti greiðslurnar, enda tilkynnti Ríkisútvarpið mánaðarlega um frávik vegna tímabundinna fjarvista starfsmanna eða þegar forsendur greiðslnanna væru ekki fyrir hendi af öðrum ástæðum, svo sem þegar önnur yfirvinna starfsmanns væri það mikil að eigi væri tilefni til að ætla að þessi undirbúningsvinna hefði verið unnin. Frá þessu sé m.a. greint í bréfi Fjármálaráðuneytisins dags. 2. maí 1985. Stefndi kveður það því vera ljóst að greiðslurnar hafi ekki verið án skilyrða, heldur hafi þær komið til vegna sérstaks vinnuframlags hvern starfsdag áður en vinnuvaka hófst, sem innt hafi verið af hendi og greitt hafi verið fyrir þann tíma sem starfsmaður hafi verið við störf, en ekki unnið eða greitt í orlofi. Útreikningur orlofs hafi farið fram þannig að í stað þess að greiða sérgreint orlofsfé á

tímana og fella greiðslu þeirra niður orlofstímann, hafi sá kostur verið valinn til þæginda að greiða sama tímafjölda 12 mánuði ársins, en án sérgreinds orlofsfjár.

Þann 14. desember 1990 kveður stefndi hafa komið fram bréflega kröfu Ríkisútvarpsins um að þessum vinnustundum yrði fjölgað í 2 klukkustundir fyrir hvern dag. Beiðnin hafi verið tekin fyrir og hafnað á fundi samninganefndar ríkisins, sbr. bréf stefnda dags. 25. janúar 1991.

Þá kveður stefndi að á fundi samstarfsnefndar aðila þann 15. júní 1994 hafi málið verið tekið fyrir og rætt hafi verið m.a. hvort fréttamenn fengju greidda yfirvinnu í orlofi. Í fundargerð frá 15. júní 1994 hafi verið bókað að orlof væri ekki greitt á ómælda yfirvinnu, en hún væri hins vegar greidd 12 mánuði ársins. Stefndi kveður að málið hafi enn verið tekið upp með bréfi stefnanda til útvarpstjóra dags. 19. maí 1995, þar sem farið hafi verið fram á að vinnuframlag fréttamanna utan vinnutíma yrði aukið og tvöfaldað frá því sem það hafi verið á þeim tíma, vegna gjörbreyttrar samkeppnisstöðu og nýrra aðstæðna á fjölmiðlamarkaði. Stefndi telur að með þessu hafi stefnendur lýst undirbúningstíma vegna vinnuvöku hvern starfsdag og þá átt við raunverulegt vinnuframlag. Á grundvelli þessa hafi greiðslur verið hækkaðar úr 21,67 tíma á mánuði í 25 tíma á mánuði frá og með 1. ágúst 1995. Sá tími hafi verið greiddur 12 mánuði á ári, án sérgreinds orlofsfjár.

III.

Málssókn stefnanda er einkum reist á eftirfarandi atriðum:

Stefnandi telur í fyrsta lagi að ákvæði greinar 4.2.1. í kjarasamningi Félags fréttamanna við stefnda kveði á um skyldu til að greiða orlof á yfirvinnu og álagsgreiðslur. Ákvarðanir stefnda um að greiða fyrir yfirvinnu með þeim hætti að greiða tiltekinn fjölda yfirvinnustunda á mánuði í stað þess að mæla raunverulega yfirvinnu á hverjum tíma með öðrum hætti, telur stefnandi verði að skýra svo að um sé að ræða greiðslur fyrir vinnu sem innt sé af hendi, þótt stefndi hafi við uppgjör hennar ákveðið að jafna henni niður á alla mánuði ársins. Stefnandi kveður augljóst að engin yfirvinna sé undanskilin í umræddu kjarasamningsákvæði, en slíkt hefði að sjálfsögðu verið gert ef ætlun aðila hefði verið að semja um einhverjar slíkar takmarkanir á orlofsgreiðslum. Þá telur stefnandi að fyrir-

komulag yfirvinnugreiðslunnar, þ.e. hvort henni sé dreift niður á alla mánuði ársins eða hvort hún fari fram með einhverjum öðrum hætti, t.d. einni árlegri greiðslu, geti engu máli skipt í þessu sambandi. Stefnandi byggir á því, að skýra verði hið tilvitnaða ákvæði kjarasamningsins í samræmi við ákvæði 1. gr. orlofslaga nr. 30/1987, sbr. 7. gr. sömu laga, en samkvæmt þessum ákvæðum beri að greiða orlof af öllum launum.

Í öðru lagi byggir stefnandi á því að ýmsar starfsstéttir fái greitt fyrir svokallaðar gæsluvaktir, en alkunna sé að slíkar vaktir geti liðið án þess að viðkomandi starfsmenn séu kallaðir út til starfa. Stefnandi tekur fram að stefndi hafi greitt orlof á slíkar gæsluvaktarþóknanir í samræmi við ákvæði greinar 4.2.1. í kjarasamningnum.

Í þriðja lagi telur stefnandi að krafan um að fá orlof af fastri mánaðarlegri yfirvinnu þeirra starfsmanna stefnda sem málssókn þessi taki til með sama hætti og gert sé gagnvart öðrum opinberum starfsmönnum hjá ríki og sveitarfélögum, sem fái greidda fasta mánaðarlega yfirvinnu samkvæmt ákvörðun kjaradóms og kjaranefndar eða sambærilegra aðila að því er varðar starfsmenn sveitarfélaga, sé studd við jafnræðisregluna í 65. gr. gildandi stjórnarskrár og samsvarandi grundvallarreglu er áður hafi verið talin gilda sem og jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Stefnandi telur að í jafnræðisreglunni felist að stjórnvöld skuli gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Stefnandi byggir á því að stefnda hafi verið skylt að reikna orlof af fastri mánaðarlegri yfirvinnu þeirra starfsmanna ríkisins sem málssókn þessi fjalli um á sama hátt og hann geri gagnvart þeim launþegum ríkisins sem fái greidda fasta mánaðarlega yfirvinnu samkvæmt ákvörðun kjaradóms eða kjaranefndar. Stefnda sé óheimilt að beita annars konar túlkun á kjaraákvörðun gagnvart þessum starfsmönnum sínum en t.d. þeim sem kjaradómur eða kjaranefnd ákveði laun. Engu máli geti skipt í því sambandi hvort ákvörðunin um hina föstu yfirvinnu hafi verið tekin inn í formlegan kjarasamning eða hvort hún hafi byggst á annars konar ákvörðun stjórnvalds um að greiða fasta yfirvinnu, en í hvoru tveggja slíkra tilvika sé um að ræða greiðslur fyrir yfirvinnu, og af þeim beri að greiða orlof samkvæmt grein 4.2.1. í kjarasamningi aðila og 1. gr. orlofslaga.

Þá byggir stefnandi á því í fjórða lagi að með dómi Félagsdóms 14. október 1996 hafi því verið slegið föstu að dómarar skyldu fá

greitt orlof af fastri yfirvinnu, en kjaradómur hafi í ákvörðun sinni 12. nóvember 1993 um kjör þeirra kveðið svo á að um „orlof dómara skulu, eftir því sem við á, gilda þær reglur er greinir í aðalsamningi BHMR og ríkisins". Stefnandi telur að þær reglur sem þarna hafi verið vísað til séu reglurnar í grein 4.2.1. í kjarasamningi Félags fréttamanna og ríkisins. Það sé því ljóst að með dóminum hafi í raun verið útkljáð hvort greiða eigi orlof á fasta yfirvinnu þeirra ríkisstarfsmanna sem þetta samningsákvæði taki til, en niðurstaða dómsins hafi byggst á því að umrædda grein verði að skýra með hliðsjón af meginreglu 1. gr. orlofslaga nr. 30/1987. Stefnandi telur að það fái ekki staðist að eitt skuli gilda um þá starfsmenn sem málssókn þessi varði en annað um aðra ríkisstarfsmenn, eins og t.d. dómara. Þótt kjaradómur hafi síðar ákveðið launakjör dómara með öðrum hætti, geti það engu breytt um réttarstöðu þessara félagsmanna stefnanda að þessu leyti, þar sem ákvæði kjarasamnings þeirra um orlof á yfirvinnugreiðslur sé enn við lýði og óbreytt frá því sem lagt hafi verið til grundvallar í umræddum dómi Félagsdóms.

Sýknukrafa stefnda er einkum byggð á eftirfarandi atriðum:

Í fyrsta lagi byggir stefndi á ákvæði 4.2.1. í kjarasamningi stefnanda og stefnda. Ákvæðið sé hluti af kjarasamningi aðila og hafi verið í gildi allan þann tíma sem félagsmenn stefnanda hafi fengið greiddar sérstakar yfirvinnustundir alla mánuði ársins. Kjarasamningurinn hafi margsinnis verið endurnýjaður á þessu tímabili. Stefnandi hafi ekki haldið því fram þann tíma að fyrirkomulag á greiðslu hinnar sérstöku yfirvinnu væri andstæð grein 4.2.1. kjarasamningsins.

Í öðru lagi byggir stefndi á því að grein 4.2.1. veiti félagsmönnum stefnanda ekki betri rétt til orlofslauna en leiða myndi af orlofslögum. Ákvæðið sé því í reynd sama efnis og 1. gr. orlofslaga. Þá hafi hinar sérstöku greiðslur ekki verið ákveðnar með sérstökum kjarasamningi, heldur með sérstöku samkomulagi stefnenda við útvarpstjóra og því lúti álitamál um greiðslu orlofslauna af þeim einkum ákvæðum orlofslaga.

Þá bendir stefndi í þriðja lagi á meginreglu orlofslaga í 1. gr. þeirra laga og tekur fram að hún eigi við um hinar sérstöku yfirvinnustundir, sem greiddar voru félagsmönnum stefnenda vegna undirbúnings vakta. Í stað þess að greiða sérgreint orlofsfé á alla

tímana og fella niður greiðslu þeirra orlofstímann, hafi framkvæmdin verið sú að greiða sama tímafjölda alla mánuði ársins án sérgreinds orlofsfjár, sbr. 4. mgr. 7. gr. orlofslaga. Því hafi félagsmenn stefnanda fengið greitt orlofsfé á yfirvinnuna og væri það því andstætt meginreglu 5. mgr. 7. gr. orlofslaga að greiða orlofsfé sérstaklega af yfirvinnunni alla mánuði ársins. Ákvæði 3. mgr. 7. gr. orlofslaga að áunnin orlofslaun skuli greiða næsta virkan dag fyrir töku orlofs hafi því verið túlkuð á þann veg að í því fælist heimild til að greiða reglubundnar launagreiðslur alla mánuði ársins, hvort sem um væri að ræða dagvinnulaun eða önnur reglubundin laun mánaðarkaupsmanna. Ekki væri að finna í lögskýringargögnum nokkuð sem gæfi vísbendingu um að ákvæðið ætti aðeins við um orlofsfé á dagvinnulaun mánaðarkaupsmanna og því hafi hinar sérstöku greiðslur til fréttamanna sem málið snýst um verið hluti af reglubundnu mánaðarkaupi. Þótt ekki hafi verið farið fram á formlegt samþykki viðkomandi fréttamanna, hefði framkvæmdin ekki sætt andmælum í 12 ár. Því yrði að líta svo á, með hliðsjón af tilurð hinna sérstöku aukagreiðslna og framkvæmd þeirra, að samþykki af hálfu meirihluta félagsmanna hafi ætíð verið fyrir hendi, sbr. 4. mgr. 1. gr. orlofslaga.

Þá telur stefndi í fjórða lagi að málið sæti ekki úrlausn á grundvelli ákvæða stjórnsýslulaga eða að túlkun kjarasamnings velti á samanburði við kjör annarra stétta er taki laun með kjarasamningi eða eftir úrskurði kjaranefndar og kjaradóms. Þá telur stefndi ekki að jafnræðisregla stjórnarskrárinnar eigi við um málið, þar sem samningsfrelsi á vinnumarkaði hefur ævinlega verið viðurkennt, sbr. beint ákvæði stjórnarskrárinnar í 2. mgr. 75. gr. hennar.

Stefndi telur í fimmta lagi dóm Félagsdóms frá 14. okt. 1996 í málinu nr. 14/1996: Dómarafélag Íslands gegn ríkissjóði ekki hafa fordæmisgildi, þar sem um annars konar ágreining hefði verið að ræða í því tilviki. Hjá dómurum hafi verið um að ræða ómælda yfirvinnu sem hafi verið fullnaðaruppgjör fyrir unna yfirvinnu hvort sem hún væri meiri eða minni. Hin fasta yfirvinna fréttamanna væri af öðrum toga spunnin, þar sem hún væri til undirbúnings hverrar fréttavaktar til að tryggja betri nýtingu starfstíma og markvissari vinnubragða eftir að á fréttavakt væri komið, sbr. bréf stefnda dags. 14. desember 1990.

Þá telur stefndi sig í sjötta lagi ekki kannast við að reynt hafi ver-

ið af hálfu stefnanda að fá greitt orlof af föstu yfirvinnunni. Því yrði að leggja til grundvallar tómlæti stefnanda um þá túlkun sem hann heldur fram í máli þessu. Hinn langi tími sem er liðinn frá því að greiðslurnar voru fyrst ákveðnar þar til þeirra var fyrst krafist, bendi til þess að aðilar hafi fram að því verið sammála um, að kröfur stefnenda ættu ekki við rök að styðjast. Þá telur stefndi að greiðslur þær sem stefnandi telur að greiða eigi af orlofsfé mánaðarlega eigi ekkert skylt við gæsluvaktir, sem séu sérstakar vaktir þar sem beðið sé útkalls.

Varakröfu sína byggir stefndi á því að líta verði svo á að með málsókn sinni hafi stefnandi afturkallað samþykki sitt við tilhögun greiðslnanna, sbr. 4. mgr. 7. gr. orlofslaga. Málsókn fyrir Félagsdómi varðandi túlkun á kjarasamningi rjúfi ekki fyrningu krafna með þeim hætti sem kveðið sé á um í 11. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda, sbr. 14. gr. orlofslaga. Því sé óraunhæft að leggja viðurkenningardóm á kröfu stefnanda miðað við tiltekinn upphafstíma. Verði hins vegar sú niðurstaðan telur stefndi að vegna tómlætis stefnanda og félagsmanna hans séu ekki rök til þess að viðurkenna umkrafinn rétt félagsmanna stefnanda nema frá dómsuppsögu eða þegar málið var höfðað.

IV.

Í greinargerð stefnda og munnlegum málflutningi hans var látið að því liggja að mál þetta ætti ekki undir lögsögu Félagsdóms, en krafa var ekki gerð um frávísun.

Báðir aðilar málsins byggja kröfur sínar á ákvæðum kjarasamnings sem er í gildi milli þeirra. Dómurinn telur með hliðsjón af framangreindu að skilyrðum 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 sé fullnægt og að Félagsdómur eigi dómsvald í máli þessu.

V.

Niðurstaða.

Í máli þessu er deilt um efni samnings stefnanda og stefnda um greiðslu orlofs af ómældri yfirvinnu þeirra félagsmanna Félags fréttamanna sem starfa hjá Ríkisútvarpinu.

Stefnandi heldur því fram að ákvarðanir stefnda um að greiða fyrir yfirvinnu með þeim hætti að greiða tiltekinn fjölda yfirvinnustunda á mánuði í stað þess að mæla raunverulega unna yfirvinnu á hverjum tíma með öðrum hætti, verði að skýra svo að um sé að

ræða greiðslu fyrir vinnu sem innt hafi verið af hendi, þótt við uppgjör hennar hafi verið ákveðið að jafna henni niður á alla mánuði ársins. Stefnandi telur því að allar hinar mánaðarlegu greiðslur sem greiddar hafa verið félagsmönnum stefnanda hafi verið greiðslur fyrir ómælda yfirvinnu og að á þær eigi að greiða orlof í samræmi við grein 4.2.1. í kjarasamningi aðilanna og 1. gr. laga um orlof nr. 30/1987.

Stefndi heldur því hins vegar fram að greiðslurnar hafi verið samþykktar þannig að mánaðarlegur tímafjöldi hafi verið reiknaður sem ein klukkustund fyrir hvern vinnudag ársins, miðað við hefðbundinn útreikning virkra vinnudaga í mánuði. Í stað þess að greiða sérgreint orlofsfé á yfirvinnutímana og fella orlof niður orlofstímann, hafi verið valinn til þæginda sá kostur að greiða sama tímafjöldann alla 12 mánuði ársins, en án sérgreinds orlofs.

Forsögu samnings aðila um greiðslu hinnar ómældu yfirvinnu félagsmanna stefnda, er að finna í bréfi útvarpstjóra til samninganefndar ríkisins dags. 29. apríl 1985 þar sem segir:

„Samkvæmt upplýsingum formanns samninganefndar ríkisins hefur samninganefnd Félags fréttamanna sett fram þá kröfu í viðræðum um sérkjarasamning að fá ómældan undirbúningstíma utan vakta metin (sic) til launa. Ríkisútvarpið telur auðsætt að til þess að fréttamenn geti gengið beint til starfa sinna í upphafi hverrar vinnuvöku þurfi þeir að verja hluta af frítíma sínum til að fylgjast faglega með vali og framsetningu frétta í fréttatímum hljóðvarps og sjónvarps. Ella yrði ekki tryggt það nauðsynlega samræmi í meðferð frétta í dagskrá Ríkisútvarpsins frá einni vakt til annarrar, sem jafnan þarf að vera fyrir hendi.“ (dskj. nr. 23).

Í bréfi fjármálaráðuneytisins til útvarpstjóra Ríkisútvarpsins dags. 2. maí 1985 var tekið fram að samþykkt hafi verið að greiða ómælda yfirvinnu vegna undirbúnings undir fréttavaktir, en bréfið er á þessa leið:

„Eins og fram kom á þeim fundum sem haldnir hafa verið um vinnutíma fréttamanna og þér staðfestið í bréfi yðar telur stofnunin nauðsynlegt og hefur lagt þá kvöð á þessa starfsmenn, að þeir verji tíma utan vaktar í undirbúning, lestur blaða og fleira í þeim tilgangi að tryggja betri nýtingu starfstíma og markvissari vinnubrögð eftir að á fréttavakt er komið.

Samkomulag var orðið um að vinnuframlag þetta skyldi metið til

jafnaðar 1 klst. á dag. Var þá miðað við fullt starf og eðlilega og vanalega vinnutilhögun.

Ríkisútvarpið hafði óskað eftir því að launadeild fjármálaráðuneytisins annaðist greiðslur þessar og hafði verið fallist á það enda tilkynni stofnunin mánaðarlega um frávik, sem gera á í þessu efni vegna tímabundinna fjarvista starfsmanna eða að forsendur til þessarar greiðslu séu ekki fyrir hendi af öðrum ástæðum til dæmis að önnur yfirvinna starfsmanns sé það mikil að eigi verði með réttu ætlað að þessi undirbúningsvinna hafi einnig verið unnin." (dskj. nr. 24)

Af bréfum þessum verður m.a. ráðið að samkomulag um greiðslur fyrir ómælda yfirvinnu fréttamanna sem starfa hjá Ríkisútvarpinu hafi komist á um mánaðamótin apríl/maí 1985. Eins og fram kemur í bréfi fjármálaráðuneytisins tók launadeild fjármálaráðuneytisins að sér að annast greiðslur samkvæmt samkomulaginu. Af gögnum málsins má ráða að hin ómælda yfirvinna hefur verið greidd alla mánuði ársins án þess að greitt væri sérgreint orlofsfé inn á orlofsreikning líkt og gert var vegna hinnar mældu yfirvinnu.

Hinn 27. maí 1987 ritaði Félag fréttamanna samninganefnd ríkisins bréf þar sem tilkynnt var að félagið hefði samþykkt nýjan kjarasamning við fjármálaráðherra. Í bréfi þessu kemur m.a. fram að á fundi 26. mars 1987 hafi verið samþykkt samhljóða svofelld ályktun:

„Í ljósi nýrra aðstæðna á starfsvettvangi fréttamanna, er þrjár nýjar fréttastofur hafa bæst við hjá ljósvakafjölmiðlum, vill félagið leggja áherslu á að endurmat á fréttamannastarfinu sé óhjákvæmilegt." (dskj. nr. 26).

Ekki er í bréfi þessu gerð athugasemd við framkvæmd yfirvinnugreiðslna né orlofs á þær.

Þann 19. maí 1989 var samþykktur nýr kjarasamningur Félags fréttamanna við stefnda án þess að framkvæmd yfirvinnugreiðslna og orlofs á þær væri gagnrýnd eða athugasemd gerð við hana. Hinn 14. desember 1990 ritaði Markús Örn Antonsson þáverandi útvarpsstjóri svofellt bréf til launadeildar fjármálaráðuneytisins:

„Á vordögum 1985 fóru fram viðræður og bréfaskipti milli Ríkisútvarpsins og launadeildar fjármálaráðuneytisins um mat á vinnutíma fréttamanna utan reglubundinna vakta. Þá kom fram af hálfu stofnunarinnar, að hún teldi auðsætt að til þess að fréttamenn gætu gengið beint til starfa sinna í upphafi hverrar vinnuvöku þyrftu þeir

að verja hluta af frítíma sínum til að fylgjast faglega með vali og framsetningu frétta í fréttatímum Útvarps og Sjónvarps auk dagblaða.

Með bréfi launadeildarinnar dagsettu 2. maí 1985, undirrituðu af Indriða H. Þorlákssyni, var staðfestur sá skilningur að stofnunin hefði lagt þá kvöð á fréttamenn, að þeir verðu tíma utan vaktar í undirbúning, lestur blaða og fleira í þeim tilgangi að tryggja betri nýtingu starfstíma og markvissari vinnubrögð eftir að á fréttavakt væri komið. Ennfremur að samkomulag hefði orðið um að meta þetta vinnuframlag til jafnaðar 1 klst. á dag, sbr. meðfylgjandi ljósrit.

Frá því að þetta var gert hafa aðstæður hjá fréttamönnum Ríkisútvarpsins, Útvarps og Sjónvarps, gjörbreytzt vegna samkeppni frá nýjum útvarps- og sjónvarpsstöðvum og álag aukizt til muna. Mjög miklar kröfur eru gerðar til þeirra um að fylgjast náið með fréttaflutningi þessara nýju fjölmiðla auk hinna, sem fyrir voru og efni bréfsins frá í maí 1985 tók til.

Ríkisútvarpið telur því rétt að vinnuframlag fréttamanna vegna undirbúnings milli vakta verði framvegis metið til jafnaðar 2 klst. á dag og taki sú tilhögun gildi frá og með næstu áramótum. Þess er jafnframt óskað, að launadeild fjármálaráðuneytisins annist greiðslur þessar með sama hætti og verið hefur." (dskj. nr. 28).

Framangreindu erindi um að vinnuframlag fréttamanna vegna undirbúnings milli vakta yrði framvegis 2 klukkustundir á dag var hafnað í bréfi fjármálaráðuneytisins dags. 25. janúar 1991. Ekki verður séð að framkvæmd greiðslnanna fyrir yfirvinnu og orlof af þeim hafi þá verið rædd.

Hinn 25. febrúar 1993 og 20. maí 1994 voru nýir kjarasamningar samþykktir án þess að séð verði að yfirvinnan og orlof af henni hafi borið á góma.

Hinn 19. maí 1995 ritaði Broddi Broddason fréttamaður, f.h. Félags fréttamanna, Heimi Steinssyni þáverandi útvarpstjóra svofellt bréf:

„Félag fréttamanna fer þess á leit við útvarpsstjóra að vinnuframlag fréttamanna utan vinnutíma verði endurmetið, og tvöfaldað frá því sem nú er, sbr. yfirlýsingu fjármálaráðuneytis frá 02.05.1985. Síðan þá hafa aðstæður fréttamanna Ríkisútvarpsins gjörbreyst vegna samkeppni frá nýjum útvarps- og sjónvarpsstöðvum og álag aukist

til muna. Það eitt að fylgjast með fréttum í okkar eigin miðlum og öðrum ALLA daga, tekur að lágmarki eina og hálfa klukkustund á dag. Að auki hefur margháttað heimaálag og kvabb aukist til muna.“ (dskj. nr. 34).

Frá og með 19. maí 1995 var greiðsla fyrir ómælda yfirvinnu fréttamanna hækkuð úr 21,67 klukkustundum á mánuði í 25 klukkustundir á mánuði. Ekki verður séð af gögnum málsins að breyting hafi orðið á framkvæmd greiðslna fyrir yfirvinnuna og orlof við þessa hækkun.

Hinn 17. janúar 1997 var gefin út réttarstefna í máli þessu og krafist viðurkenningar á skyldu ríkisins til þess að greiða orlof á fasta yfirvinnu frá 1. febrúar 1993. Útgáfa stefnunnar var tilkynnt í fjármálaráðuneytinu sama dag. Af gögnum málsins verður hins vegar ekki séð að af hálfu Félags fréttamanna hafi fyrr verið gerð krafa um greiðslu orlofs á yfirvinnugreiðslur né gerð athugasemd við framkvæmd greiðslnanna.

Af framlögðum launaseðlum eins félagsmanns stefnda verður ráðið að launadeild fjármálaráðuneytisins hefur framkvæmt greiðslur fyrir ómælda yfirvinnu á sama hátt og greiðslur fastra mánaðarlauna. Dómurinn telur að þessi framkvæmd greiðslnanna sé heimil skv. 4. mgr. 7. gr. orlofslaga nr. 30/1987, og skiptir hér ekki máli þótt viðmiðun við föstu launin sé á annan hátt hagað í öðrum tilvikum, svo sem t.d. varðandi iðgjöld til lífeyristrygginga.

Eins og málum er hér háttað verður að telja að sú skylda hvíli á stefnda að sýna fram á að greitt hafi verið orlof á hinar ómældu yfirvinnugreiðslur.

Þegar gögn málsins eru virt í heild sinni og höfð er í huga 12 ára framkvæmd á uppgjöri hinnar ómældu yfirvinnu og sú staðreynd að stefnandi mótmælti ekki framangreindri túlkun stefnanda allan þann tíma verður að líta svo á að stefndi hafi sýnt fram á að framkvæmd hans á samningnum hafi verið í samræmi við upphaflegt efni hans. Sú skoðun styrkist af því að launaseðlar og önnur uppgjörsgögn hafa frá upphafi borið með sér fullnaðaruppgjör af hendi stefnda og jafnframt því að á umræddu 12 ára tímabili hafi stefnandi a.m.k. fimm sinnum samþykkt á félagsfundum sínum kjarasamning milli stefnda og stefnanda, að því er virðist án mótmæla við framkvæmd orlofsgreiðslunnar.

Með vísan til þess sem að framan er rakið þykir verða að hafna

kröfu stefnanda um að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að þeir félagsmenn stefnanda sem starfa hjá Ríkisútvarpinu eigi frá 1. febrúar 1993 rétt til orlofs af fastri mánaðarlegri yfirvinnu sem þeir frá greidda. Eftir atvikum telst rétt að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Viðurkenningarkröfu stefnanda er hafnað. Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i
Gunnars Sæmundssonar og
Sigurmars Albertssonar.

Ákvæði gr. 4.2.1. í síðastgildandi kjarasamningi aðila frá 15. maí 1995, en eftir honum ber að fara uns nýr samningur hefur verið gerður, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 94/1986 um að orlofsfé skuli greiða á yfirvinnu og álagsgreiðslur skv. samningum, takmarkast ekki af öðrum ákvæðum samningsins. Yfirvinna telst skv. gr. 2.3.1. í samningnum sú vinna sem fram fer utan tilskilins daglegs vinnutíma eða vinnuvöku starfsmanns, svo og vinna sem innt er af hendi umfram vikulega vinnutímaskyldu, þótt á dagvinnutímabili sé. Samkvæmt því sem fram kemur í bréfi útvarpsstjóra til samninganefndar ríkisins dags. 29. apríl 1985, sem stefndi hefur lagt fram í málinu, setti samninganefnd stefnanda fram þá kröfu í viðræðum um sérkjarasamning að fá ómældan undirbúningstíma utan vakta metinn til launa. Í bréfinu er síðan rakið viðhorf útvarpsstjóra til þeirrar kröfu, þ.e. að stofnunin teldi auðsætt að til þess að fréttamenn gætu gengið beint til vinnu sinnar í upphafi hverrar vinnuvöku þyrftu þeir að verja hluta af frítíma sínum til að fylgjast faglega með vali og framsetningu frétta í fréttatímum hljóðvarps og sjónvarps. Í bréfi launadeildar fjármálaráðuneytisins frá 2. maí s.á., undirrituðu af þáverandi formanni samninganefndar stefnda, kemur svo fram að samkomulag hafi orðið um að vinnuframlag þetta skyldi metið til jafnaðar 1 klst. á dag, miðað við fullt starf og eðlilega vinnutilhögun. Af hálfu stefnanda er því ekki mótmælt að slíkt samkomulag hafi verið gert og raunar á því byggt svo sem í bréfi stefnanda til útvarpsstjóra frá 19. maí 1995. Samkomulag þetta sem gert var í tengslum við gerð kjarasamnings aðila og staðfest með bréfum telj-

um við ígildi kjarasamnings sem skoða beri sem hluta af kjarasamningi aðila. Samkvæmt því er yfirvinna sú sem í samkomulaginu greinir yfirvinna skv. samningnum og fellur undir gr. 4.2.1., þ.e. orlofslaun á að greiðast af henni.

Framangreind niðurstaða fær ennfremur stoð í því sem fram kemur í bréfum starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins frá 25. júlí 1996 og borgarlögmanns í Reykjavík dags. 1. ágúst s.á. sem fyrir liggja í málinu en þar kemur fram að stefndi framkvæmir úrskurði kjaranefndar um greiðslu ákveðins fjölda stunda vegna yfirvinnu, starfsálags, óreglulegs vinnutíma o.fl. þannig, að greitt er fyrir alla mánuði ársins og orlofslaun eru reiknuð af þeim greiðslum öllum, og að sama framkvæmd er hjá Reykjavíkurborg varðandi fasta yfirvinnu starfsmanna hennar. Ekki er fram komið að aðrar reglur gildi um þá starfsmenn stefnda sem fá fastar yfirvinnugreiðslur skv. samningum, nema félagsmenn stefnanda hjá Ríkisútvarpinu. Er því nærtækt að telja að þarna hafi stefndi skapað venju sem hann sé bundinn af gagnvart öðrum starfsmönnum sínum og breytir þar engu þótt framkvæmd hafi verið önnur gagnvart örfáum embættismönnum, þar á meðal nokkrum sem reyndust eiga rétt til orlofsfjár af slíkri yfirvinnu er þeir leituðu eftir honum.

Stefndi hefur í máli þessu haldið því fram að hann hafi fullnægt skyldu sinni til greiðslu orlofslauna af umræddum yfirvinnulaunum með því að greiða þau alla mánuði ársins, þ.e. einnig meðan starfsmaður er í orlofi. Slík greiðsluaðferð er andstæð gr. 4.2.1. í kjarasamningi aðila, þótt hún kunni að vera heimil að lögum. Þar sem svo hagar til ber stefndi sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi greitt orlofslaun af margnefndri yfirvinnu. Sú sönnun hefur honum ekki tekist og gegn því mælir m.a. að á launaseðlum starfsmanns eru launagreiðslur þessar nefndar yfirvinna, einnig meðan starfsmaður er í orlofi, sem bendir til þess að um sé að ræða yfirvinnu sem jafnað er niður á alla mánuði ársins eins og stefnandi heldur fram. Upphafleg tenging greiðslna þessara við dagvinnu starfsmanna sem nefnd er í bréfi launadeildar fjármálaráðuneytisins frá 2. maí 1985 nægir ekki til að breyta þessari niðurstöðu enda virðist hún hafa horfið úr sögunni í síðasta lagi er greiddum tímum var fjölgað í 25 á mánuði á árinu 1995.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið teljum við að taka beri til greina kröfu stefnanda um viðurkenningu á rétti félagsmanna

hans sem starfa hjá Ríkisútvarpinu til orlofslauna af fastri mánaðarlegri yfirvinnu sem þeir fá greidda. Eins og málið liggur fyrir dóminum af hálfu stefnanda teljum við hins vegar ekki unnt að kveða á um upphafstíma þess réttar.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Þriðjudaginn 22. apríl 1997.

Nr. 2/1997. **Alþýðusamband Íslands**
f.h. Samiðnar vegna Vals Oddssonar
(Björn L. Bergsson hdl.)
gegn
Reykjavíkurborg
(Hjörleifur Kvaran hrl.)

Kjarasamningur.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta var þingfest 20. febrúar sl. og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 17. apríl sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gísli Gíslason og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Samiðnar, kt. 650593-2009, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, vegna Vals Oddssonar, kt. 270742-3519.

Stefndi er Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu við Reykjavíkurtjörn, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

Að viðurkennt verði með dómi að Valur Oddsson gegni stöðu flokksstjóra í starfi sínu hjá stefnda í skilningi gildandi kjarasamnings og yfirlýsingar málsaðila frá 16. apríl 1996.

Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu að mati Félagsdóms auk álags á hann er nemi virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt mati dómsins.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Um árabil hafi það verið svo að stefndi, Reykjavíkurborg, hafi með áritun sinni gerst aðili að almennum kjarasamningum stefnanda og Vinnuveitendasambands Íslands. Gildandi kjarasamningur málsaðila hafi verið gerður þann 21. febrúar 1995. Sá kjarasamningur hafi haft í för með sér talsverðar breytingar á launatöxtum á þann hátt að taxtar voru færðir nær þeim launum sem tíðkuðust á almennum vinnumarkaði. Þeim hafi hins vegar ekki verið ætlað að

hrófla við ákvæðum fyrri samninga um sérstakt flokksstjóraálag eins og síðar verður vikið að.

Fljótlega hafi komið upp ágreiningur milli samningsaðila um svonefnd flokksstjóraálög eftir gerð fyrrgreinds kjarasamnings. Um ágreining þennan vísast til framlagðra skjala. Niðurstaðan hafi þó orðið sú að aðilar hafi jafnað með sér þennan ágreining með sérstökum yfirlýsingum. Með yfirlýsingum þessum hafi verið áréttað að flokksstjóraálag skyldi greitt eftir sem áður í þeim tilvikum þar sem um flokksstjórn væri að ræða í rúmum skilningi. Tilgangur samningsaðila hafði verið sá að fella niður slíkt álag í þeim tilfellum þar sem það hafði verið greitt sem yfirborgun án þess að um raunverulega flokksstjórn væri að ræða. Til þess að árétta þetta hafi inntak hugtaksins „flokksstjórn" verið skilgreint sérstaklega í fyrrgreindum yfirlýsingum.

Samkvæmt samkomulaginu milli stefnanda og stefnda séu flokksstjórar og verkstæðisformenn þeir starfsmenn sem ráðnir séu til að hafa á hendi flokksstjórn, verkstjóraformennsku eða umsjón verka, en gangi jafnframt til almennra starfa iðnaðarmanna og skuli þeim þá greitt sérstaklega fyrir stjórnunarlega ábyrgð og hafi sem svarar 15% hærri laun en þeir ella hefðu.

Þó að samkomulag væri gert hafi enn staðið eftir ágreiningur á milli aðila um það hvaða starfsmenn stefnda ættu rétt á álagi. Af þessu tilefni hafi stefnandi áskilið sér rétt til að sækja mál einstakra félagsmanna sinna fyrir dómstólum. Mál flestra starfsmanna stefnda sem ágreiningur hafði staðið um hafi þó verið leyst með samkomulagi.

Valur Oddsson sé einn þeirra sem stefndi hafi ekki viðurkennt sem flokksstjóra. Hann sé starfsmaður Sjúkrahúss Reykjavíkur og telur sig vinna að mestu sjálfstætt og hafa umsjón með þeim verkum sem hann vinnur að eins og fram komi í bréfi til stefnda dags. 14. maí 1996. Í málinu liggi fyrir starfslýsingar Vals Oddssonar. Í starfslýsingu dags. 28. nóvember 1996 komi fram að hann starfi við allt viðhald og nýsmíði á húsnæði Sjúkrahúss Reykjavíkur, sbr. lið 1. Í lið 4 segi að þar sem starfsemin sé mjög dreifð hjá spítölunum séu Vali falin verk sem hann vinni sjálfstætt að og ekki undir neinni stjórn verkstjóra. Valur sé trésmiður eins og fram komi í starfslýsingunni og eini trésmiðurinn sem sé starfandi hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Í bréfi dags. 23. janúar 1996 sé lýsing Sjúkrahúss

Reykjavíkur á starfi Vals. Þar segi m.a. að honum séu falin verk sem hann vinni að sjálfstætt, þ.e. að hann stjórni þeim verktökum sem að þessum verkum komi. Jafnframt sjái hann alfarið um viðhald og endurbætur á Arnarholti og sé þar um fleiri verkþætti að ræða en tréverk.

Í athugasemdum Vals Oddssonar 4. febrúar 1997 við starfslýsingu dags. 28. nóvember 1996 komi fram að hann lúti ekki eiginlegri verkstjórn. Verkstjóri feli Vali stundum verk en stjórni ekki framkvæmd þeirra á vettvangi. Ætlast sé til að Valur annist um framkvæmdina sjálfstætt án stjórnunar og annist jafnvel stjórnun annarra iðnaðarmanna og ófaglærðra starfsmanna sem að viðkomandi verkefnum komi. Einnig sé það tíðum sem starfsmenn Sjúkrahúss Reykjavíkur leiti beint til Vals um úrbætur án milligöngu verkstjóra og sinni Valur þeim verkum án þess að bera það undir hann. Til þess að geta sinnt starfi sínu hafi Valur umboð Sjúkrahúss Reykjavíkur til innkaupa, nema með þeirri takmörkun einni að þegar verk séu mjög kostnaðarsöm. Af þessum sökum hafi þess verið krafist að honum verði greitt 15% álag á laun í samræmi við samkomulag aðila frá 16. apríl 1996.

Stefndi hefur ekki fallist á kröfu stefnanda til þessa og þess vegna er nauðsynlegt og í samræmi við fyrirvara stefnanda varðandi samkomulag aðila frá 16. apríl 1996 að leita til Félagsdóms í því skyni að afla viðurkenningar dómsins á því að starf Vals Oddssonar falli undir ákvæði gildandi kjarasamnings og yfirlýsingar um flokksstjórn. Jafnframt því að fá úr því skorið hvort stefndi hafi með neitun sinni á að greiða Vali Oddssyni 15% álag á laun hans brotið gegn samningsskyldum sínum gagnvart stefnanda, enda sakarefnið þess eðlis að úr því verði leyst fyrir Félagsdómi, sbr. t.d. Féld. IV, bls. 171.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi telur gögn málsins, ekki síst starfslýsingu stefnda dags. 23. janúar 1996, sönnun þess að hann falli undir skilgreiningu kjarasamnings og yfirlýsingarinnar frá 16. apríl 1996. Þannig eigi hann samningsbundinn rétt til þess að njóta 15% hærri launa vegna stjórnunarlegrar ábyrgðar enda hafi hann umsjón verka í skilningi ákvæðisins. Eins og lýst sé hér að framan gangi hann til verka að beiðni almennra starfsmanna Sjúkrahúss Reykjavíkur án þess að bíða fyrirmæla verkstjóra um framkvæmd starfsins. Sjálfstæði hans og sjálfdæmi um verk séu þannig mun rýmri en látið sé liggja að í

greinargerð stefnda. Sömuleiðis sé ábyrgð hans á þeim verkum mun ríkari en ef hann gengi einungis til verka að fyrirmælum verkstjórans. Þá eigi Valur sæti í eldvarnarnefnd og taki þar við verkefnum til sjálfstæðrar úrlausnar án atbeina verkstjóra. Loks gegni hann eiginlegri flokksformennsku þegar tilefni gefist til, eins og fram komi í athugasemdum hans vegna starfslýsingar.

Í ljósi þessa telur stefnandi ljóst að Valur Oddsson falli að öllu leyti undir skilgreininguna samkvæmt samkomulaginu frá 16. apríl 1996 og eigi rétt á 15% álagi á laun sín.

Stefnandi styður mál sitt við reglur vinnuréttar um túlkun kjarasamninga og skuldbindingagildi þeirra fyrir samningsaðila. Þá styður stefnandi kröfur sínar við lög nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Krafa um málskostnað styðst við 130. gr. eml. nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun styðst við lög nr. 50/1988, stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og beri því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Málavaxtalýsing stefnda.

Stefndi kveður málavexti vera þá að aðilar máls þessa hafi gert kjarasamning þann 21. febrúar 1995. Í kjarasamningi aðila hafi nokkrar breytingar verið gerðar frá fyrri kjarasamningi einkum er varðar uppbyggingu launataxta. Fljótlega eftir undirritun kjarasamnings hafi komið fram ágreiningur milli samningsaðila um túlkun hans að því er varðar sérstakar viðbótargreiðslur til flokksstjóra. Í lok árs 1995 hafi Reykjavíkurborg, Vinnuveitendasamband Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gert samkomulag við Samiðn f.h. aðildarfélaga til lausnar á ágreiningi aðila. Við gerð umrædds samkomulags hafi verið tekin upp ný skilgreining á hugtakinu flokksstjóri. Sé hún svohljóðandi:

Um flokksstjóra og verkstæðisformenn:

„Sveinn, sem ráðinn er til að hafa á hendi flokksstjórn, verkstæðisformennsku eða umsjón verka, en gengur jafnframt til almennra starfa iðnaðarmanna, skal fá greitt sérstaklega fyrir stjórnunarlega ábyrgð og hafa sem svarar 15% hærri laun en hann ella hefði.

Með flokksstjórn er í þessu sambandi einnig átt við tímabundna stjórn á vinnuflokki samkvæmt sérstökum fyrirmælum vinnuveitenda og greiðist þá álagið þann tíma.“

Fram til gildistöku kjarasamnings aðila þann 21. febrúar 1995 hafði verið í gildi skilgreining hugtaksins flokksstjóri skv. kafla 1.1.11. í kjarasamningi. Sú skilgreining var svohljóðandi:

1.1.11. Flokksstjórar.

1.1.11.1. Flokksstjóri telst sá sveinn sem falin er umsjá með verki eða hluta verks.

1.1.11.2. Flokksstjóri skal ætíð skipaður þegar sveinar eru sendir út af verkstæði eða vinnustað án þess að meistari eða verkstjóri hafi daglega stjórn á því verki. Dagleg stjórn er skilgreind sem minnst tveggja stunda viðvera á dag. Ákvæði þetta gildir þó ekki ef einn maður er sendur í verk.

Eins og fram komi í kjarasamningi aðila frá 21. febrúar 1995, eins og rakið sé í stefnu, hafi tilgangur samningsaðila verið að fella niður flokksstjóraálag í þeim tilfellum þar sem slíkar greiðslur höfðu átt sér stað í formi yfirborgana og án þess að um raunverulega flokksstjórn hafi verið að ræða. Í framkvæmd hafi hin nýja skilgreining leitt til þess að veruleg fækkun hafi orðið á þeim starfsmönnum stefnda sem nutu flokksstjóraálags, sbr. framlögð yfirlit yfir röðun trésmiða í launaflokka samkvæmt eldra og nýju fyrirkomulagi. Allir starfsmenn hafi þó hækkað í launum við undirritun kjarasamnings um að lágmarki kr. 2.700,-, líka þeir sem töldust til flokksstjóra samkvæmt fyrri kjarasamningi en ekki þeim síðari. Hins vegar hafi þeir starfsmenn stefnda sem töldust til flokksstjóra samkvæmt hinum nýja kjarasamningi hækkað um 15% til viðbótar áðurnefndri hækkun.

Af hálfu stefnda hafi verið hafist handa við að skilgreina störf þeirra starfsmanna sem mögulega gátu talist falla undir hina nýju skilgreiningu. Þeir starfsmenn, sem samkomulag náðist um, höfðu umsjón stærri verkefna með höndum, mannaforráð o.þ.h. Þannig séu t.d. 7 trésmiðir á Trésmiðju Reykjavíkurborgar taldir falla hér undir, sbr. framlagt yfirlit. Af hálfu stefnda hafi ekki verið fallist á að Valur Oddsson félli hér undir, enda gegni hann starfi almenns iðnaðarmanns hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur og starf hans og ábyrgð sé um margt ólík störfum og ábyrgð þeirra sem fengu slíkt stjórnunarálag.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Sýknukröfu sína byggir stefndi m.a. á því að stefnandi, Valur Oddsson, sé ekki ráðinn af vinnuveitanda sem flokksstjóri hjá

Sjúkrahúsi Reykjavíkur og falli því ekki undir skilgreiningu kjarasamnings á hugtakinu flokksstjóri. Í því sambandi megi og benda á starfslýsingu dags. 28. nóvember 1996, undirritaða af stefnanda, þar sem fram komi að hann starfi sem trésmiður en ekki flokksstjóri. Stefnandi hafi um árabil starfað hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur, áður Borgarspítala, sem almennur iðnaðarmaður og innt af hendi störf sem fagþekking og fagmenntun hans taki til. Í framlagðri starfslýsingu Vals, dags. 28. nóvember 1996, séu rakin helstu verkefni og verkþættir sem hann hafi með höndum. Af hálfu stefnda sé á því byggt að hvorki störf né ábyrgð hans í starfi séu með þeim hætti að flokksstjóraskilgreining kjarasamnings eigi þar við. Verkstjóri sé hans næsti yfirmaður en Valur hafi enga undirmenn, þ.e. hann hafi ekki umsjón með daglegri stjórn neinna starfsmanna Sjúkrahúss Reykjavíkur. Verkstjóri sá sem um ræði, sé Steinþór Gunnarsson, trésmiður (húsasmíðameistari). Í raun megi segja að samband þeirra sé með þeim hætti að Steinþór úthluti stefnanda einstökum verkefnum samkvæmt verkbeiðnum sem fram hafi komið. Það sé því rangt sem fram komi í stefnu að Valur gangi til verka samkvæmt beiðni almennra starfsmanna Sjúkrahúss Reykjavíkur án þess að bíða fyrirmæla verkstjóra um framkvæmd starfsins. Hið rétta sé að allar verkbeiðnir um lagfæringar og viðhald innan Sjúkrahúss Reykjavíkur berist inn á borð verkstjóra sem útdeili þeim til einstakra iðnaðarmanna. Eigi það einnig við um þau verkefni sem stefnandi inni af hendi fyrir stefnda að Arnarholti.

Verkefni stefnanda séu einkum fólgin í daglegu eftirliti og viðhaldi á fasteignum Sjúkrahúss Reykjavíkur. Sé hér að jafnaði um almennt viðhald að ræða að slíku umfangi að stefnandi ráði sjálfur við verkefni án utanaðkomandi aðstoðar. Þyki rétt að benda á að heimildir stefnanda til innkaupa takmarkist við eðlileg innkaup til slíkra verkefna. Gildi hið sama um ýmsa aðra iðnaðarmenn hjá stefnda. Í stærri verkefnum, nýsmíði eða viðhaldi, séu almennt kallaðir til sjálfstæðir verktakar sem inni slík verk af hendi.

Af hálfu stefnda er því mótmælt að stefnanda beri flokksstjóraálag vegna þess að honum séu falin verk sem hann vinni sjálfstætt og ekki undir stjórn verkstjóra. Beri til þess að líta að stefnandi raðist í II. launaflokk samkvæmt kjarasamningi aðila frá 21. febrúar 1995. Eins og fram komi í skilgreiningu þess launaflokks í þeim kjarasamningi falli þar undir störf sem krefjist sérþekkingar og sjálf-

stæðis í starfi. Af hálfu stefnda er á það bent að stefnandi vinni almenn störf sem ætlast megi til af iðnaðarmanni með tiltekna fagmenntun og fagþekkingu. Hann sé hvorki stjórnandi né hafi mannaforráð og vinni einvörðungu störf sem menntun hans og þekking bjóði. Hann lúti daglegri stjórn verkstjóra sem feli honum framkvæmd einstakra verkefna. Í þessu sambandi sé rétt að hafa það í huga að Valur hefði samkvæmt þessu ekki fallið undir flokksstjóraskilgreiningu fyrri kjarasamnings og hafi þó verið ætlun samningsaðila með hinum nýja kjarasamningi að þrengja hóp þeirra sem slík stjórnunarálög fengju, enda bundið við þá sem hafi með höndum raunverulega stjórn en ekki þá sem nutu slíkra greiðslna í formi yfirborgana.

Af hálfu stefnda er því mótmælt sem fráleitu að stefnanda beri flokksstjóraálag vegna stjórnunar hans á verktökum. Beri fyrst til þess að líta að samskipti við sjálfstæða verktaka svo og fyrirmæli til þeirra sé alfarið í verkahring verkstjóra, Steinþórs Gunnarssonar. Það sé því beinlínis rangt sem fram komi í stefnu að Valur hafi slík störf með höndum. Því til viðbótar er á það bent að verktakar þeir, sem vinni fyrir Sjúkrahús Reykjavíkur, starfi líkt og allir sjálfstæðir verktakar, alfarið á eigin ábyrgð við framkvæmd þeirra verka sem um ræðir. Lúti þeir hvorki stjórn starfsmanna Sjúkrahúss Reykjavíkur né annarra heldur beri faglega ábyrgð sjálfir svo og bótaskyldu ef út af bregði. Jafnvel þótt atvikum þessa máls hefði verið svo háttað sem greinir í stefnu þykir stefnda sýnt að skilgreining kjarasamnings á stjórnunarálagi til handa flokksstjórum taki fráleitt til slíkrar „stjórnunar“. Í þessu sambandi vill stefndi ennfremur mótmæla því sem villandi og röngu sem fram komi í stefnu „að Valur annist framkvæmdina sjálfstætt án stjórnunar og annist jafnvel stjórnun annarra iðnaðarmanna og ófaglærðra starfsmanna sem að viðkomandi verkefnum koma.“ Sé til þess að líta, sem áður hafi komið fram að Valur hafi hvorki verkumsjón né aðra umsjón með starfsmönnum Sjúkrahúss Reykjavíkur heldur lúti hann sjálfur daglegri stjórn verkstjóra. Að því marki sem slík stjórnun eða samskipti, sem áður greinir, eigi sér stað, séu þau í verkahring verkstjóra en ekki stefnanda. Í ljósi þess sem áður hafi komið fram mótmælir stefndi því alfarið, sem fram komi í stefnu, „að ætlast sé til að ábyrgð Vals sé mun ríkari en ef hann gengi einungis til verka skv. fyrirmælum yfirmanns.“

Þá bendir stefndi á að við skilgreiningu hugtaksins flokksstjóri í kjarasamningi beri til þess að líta að núverandi ákvæði nái samkvæmt efni sínu til flokksstjóra og verkstæðisformanna. Ljóst megi vera að Valur teljist hvorki hafa mannaforráð yfir flokki manna né teljist hann til verkstæðisformanna. Af hálfu stefnda er á því byggt að við mat á því hverjir falli undir umrædda skilgreiningu beri að hafa í huga að skilyrði þau sem tilgreind séu, þ.e. flokksstjórn, verkstæðisformennska eða umsjón verka, séu öll jafngild. Með öðrum orðum, störf þau sem falli undir skilgreiningu hugtaksins „umsjón verka“ verði að teljast jafnverðmæt og umfangsmikil og þau störf er falli undir hugtakið „flokksstjórn“ og „verkstæðisformennska“ í sömu skilgreiningu. Verði að telja að allir þeir sem undir slíka skilgreiningu falli verði að hafa svipaða stöðu að því er varðar ábyrgð, umfang verka, þátttöku í stjórnun o.þ.h.

Af hálfu stefnda er og á það bent að stefnandi hafi notið sérstaks álags fyrir gerð síðasta kjarasamnings í formi yfirborgunar, þ.e. hann hafi ekki verið flokksstjóri í skilningi kjarasamnings. Sama fyrirkomulag hafi verið í gildi um fleiri starfsmenn en Reykjavíkurborg og Trésmíðafélag Reykjavíkur höfðu á þeim tíma samið um aðra útfærslu flokksstjóraálags, þ.e. álagið hafi verið lækkað og dreift á fleiri starfsmenn. Sjáist það m.a. af framlögðum launatöflum fyrir og eftir gildistöku kjarasamningsins, en eins og ljóst megi vera hafi bil milli launaflokka (þ.e. 13. og 14. lfl.) ekki verið 15% heldur nærri 5%. Skipti það atriði ekki máli við úrlausn þessa máls.

Stefnandi eigi sæti í starfshópi um eldvarnarmál á vegum Sjúkrahúss Reykjavíkur. Í sama starfshópi sitji t.d. rafiðnaðarmaður hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Sú seta í eldvarnarnefnd breyti engu um eðli starfs stefnanda og sé í raun einn liður í starfi iðnaðarmanna hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur enda beri stefnanda að framfylgja ýmsum verkefnum sem fram komi á fundum starfshópsins. Beri að hafa í huga að Steinþór Gunnarsson, verkstjóri og yfirmaður stefnanda, sitji og í þessari sömu nefnd.

Stefndi vísar til grundvallarreglna íslensks vinnuréttar um túlkun kjarasamninga. Ennfremur vísar stefndi til grundvallarreglna samningaréttar.

Málskostnaðarkrafa stefnda byggir á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða.

Með kjarasamningi aðila frá 21. febrúar 1995 var leitast við að fella yfirborganir inn í launataxta, þar á meðal sérstakt flokksstjóraálag sem tíðkast hafði í formi yfirborgana án þess að um raunverulega flokksstjórn væri að ræða. Ómótmælt er að stefnandi Valur Oddsson fékk þá hækkun. Með samningnum voru ákvæði fyrri kjarasamnings aðila, sem gildi tók 1. maí 1992, um flokksstjóra felld úr gildi, meðal annars grein 1.1.11.1. en þar kom fram eftirfarandi skilgreining á hugtakinu flokksstjóri: „Flokksstjóri telst sá sveinn sem falin er umsjá með verki eða hluta verks."

Stefndi og Samiðn, samband iðnfélaga og hlutaðeigandi aðildarfélög gerðu með sér sérstakt samkomulag 16. apríl 1996 um skilgreiningu varðandi flokksstjóra sem starfa hjá stefnda. Þar segir að sveinn, sem ráðinn er til að hafa á hendi flokksstjórn, verkstæðisformennsku eða umsjón verka, en gengur jafnframt til almennra starfa iðnaðarmanna „skal fá greitt sérstaklega fyrir stjórnunarlega ábyrgð og hafa sem svarar 15% hærri laun en hann ella hefði." Í samkomulaginu kemur fram að með flokksstjórn í þessu sambandi sé einnig átt við „tímabundna stjórn á vinnuflokki samkvæmt sérstökum fyrirmælum vinnuveitenda og greiðist þá álagið þann tíma". Þar er þess og getið að aðilar séu sammála um að engin önnur ákvæði um aðrar skilgreiningar eða álagsgreiðslur eigi við um flokksstjóra innan hlutaðeigandi stéttarfélaga sem starfa kunna hjá stefnda. Öll ákvæði sem fyrir kunni að vera falli því brott. Þrátt fyrir samkomulag þetta tók Samiðn fram með sérstakri yfirlýsingu dags. 16. apríl 1996 að félagið áskildi sér rétt til að sækja mál einstakra félagsmanna sinna fyrir dómstólum.

Ljóst er að stefnandi var ekki ráðinn flokksstjóri hjá stefnda í skilningi samkomulagsins frá 16. apríl 1996. Stefnandi er ekki verkstæðisformaður. Þá hefur hann ekki sýnt fram á að hann hafi með höndum umsjón verka eða flokksstjórn eða gegni að jafnaði öðrum störfum hjá stefnda en almennum störfum trésmiðs. Með vísan til þessa ber að sýkna stefnda af kröfu stefnanda í málinu.

Dómararnir Gísli Gíslason og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson taka fram, að þeir telja að mál þetta eigi undir almenna dómstóla en ekki Félagsdóm.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Reykjavíkurborg, skal vera sýkn af kröfu stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Samiðnar vegna Vals Oddssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 23. apríl 1997.

Nr. 5/1997. **Vinnuveitendasamband Íslands**
(Kristján Þorbergsson hdl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands vegna
Verkamannasambands Íslands
fyrir hönd Verkalýðs- og sjómannafélags
Sandgerðis
(Björn Bergsson hdl.)

Ólögmætt verkfall. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta var þingfest 17. apríl sl. og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 21. apríl sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Gunnar Sæmundsson.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16, Reykjavík, vegna Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219, Skipholti 50c, Reykjavík, f.h. Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis, kt. 490272-3059, Tjarnargötu 8, Sandgerði.

Dómkröfur stefnanda:

Að viðurkennt verði með dómi að verkfall það, sem Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis hefur með bréfi dags. 24. mars 1997, sem barst stefnanda 25. mars sl., boðað gagnvart fyrirtækjum innan Vinnuveitendasambands Íslands frá og með 2. apríl 1997, en með bréfi dags. 25. mars 1997 frestað til 24. apríl 1997 og með bréfi dags. 18. apríl 1997 enn frestað til 29. apríl 1997, sé ólögmætt. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Krafist er málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins og að tillit verði tekið til virðisaukaskatts af hinum dæmda málskostnaði.

Málsatvik.

Málsatvik eru þau að síðastgildandi samningur Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis og Vinnuveitendasambands Íslands féll úr gildi sl. áramót, en félagið er eitt aðildarfélaga Verkamannasam-

bands Íslands. Samninganefnd Verkamannasambands Íslands fer sameiginlega með samningsumboð og annast samningsgerð þessa aðildarfélags í kjaramálum.

Undirbúningur að gerð nýs kjarasamnings fór af stað á sl. hausti og var samkomulag undirritað 18. október 1996 um viðræðuáætlun vegna endurnýjunar kjarasamninga milli Vinnuveitendasambands Íslands og Verkamannasambands Íslands, sem yrðu lausir um áramótin.

Kjaradeila Verkamannasambandsins við Vinnuveitendasambandið var til meðferðar hjá ríkissáttasemjara. Þeirri meðferð lauk þann 24. mars 1997 með undirritun kjarasamnings aðila, sem gilda átti til 15. febrúar árið 2000.

Samningurinn skyldi afgreiddur hjá hverju aðildarfélagi Verkamannasambandsins samkvæmt sérstöku samkomulagi dags. sama dag. Samkvæmt því skyldi atkvæðagreiðslum aðila lokið eigi síðar en 14. apríl 1997 og atkvæði talin og úrslit birt fyrir kl. 16:00 þann 15. apríl 1997. Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis felldi samninginn. Með hinu sérstaka samkomulagi, sem gert var um afgreiðslu samninganna þann 24. mars sl., var jafnframt kveðið á um að yfirstandandi og boðaðar verkfallsaðgerðir hlutaðeigandi félaga frestuðust til kl. 24:00 miðvikudaginn 23. apríl 1997, en koma þá til framkvæmda yrði samningurinn felldur í leynilegri atkvæðagreiðslu félagsmanna.

Þegar kjarasamningurinn var undirritaður hafði Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis ekki boðað verkfall. Félagið hóf hins vegar undirbúning að verkfallsboðun og með bréfi dagsettu 24. mars 1997, sem barst stefnanda daginn eftir, boðaði félagið verkfall gagnvart fyrirtækjum innan Vinnuveitendasambands Íslands sem koma átti til framkvæmda kl. 00:00 miðvikudaginn 2. apríl 1997. Með öðru bréfi dags. 25. mars 1997, sem stefnanda barst þann 26. s.m., var verkfallinu frestað. Í bréfi þessu segir:

„Samninganefnd Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis tilkynnir frestun á ótímabundinni vinnustöðvun sem hefjast átti þann 2. apríl 1997 kl 00:00, með hliðsjón af því að kjarasamningar hafa verið gerðir, og í samræmi við niðurstöðu þeirra, hefur félagið ákveðið að fresta áður boðaðri vinnustöðvun til kl. 00:00 þann 24. apríl 1997 og kemur verkfallið þá til framkvæmda, hafi samningur ekki verið samþykktur."

Með bréfi dags. 26. mars 1997 mótmælti stefnandi lögmæti hins boðaða verkfalls og óskaði eftir því að boðun þess yrði afturkölluð svo komast mætti hjá réttarágreiningi.

Með bréfi dags. 18. apríl var enn ákveðið að fresta boðuðu verkfalli félagsins til kl. 24.00 þann 29. apríl 1997.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum að þar sem við undirskrift kjarasamnings sé kominn á gildur, en skilyrtur kjarasamningur, sé kjaradeila sú sem vísað hafi verið til sáttameðferðar útkljáð og þar af leiðandi engin óumsamin kröfugerð uppi, sem gefi tilefni eða heimild til að knýja á um gerð samnings með boðun verkfalls. Í því felist að engin vinnudeila sé uppi, henni sé lokið. Eftir að kjarasamningur hafi verið undirritaður verði verkfall ekki hafið svo löglegt sé.

Verkfalli sem staðið hafi fram að undirritun ljúki við undirritun. Ólöglegt væri að viðhalda því fram yfir undirritun samnings. Við undirritun samnings komist á friðarskylda og óumdeilt sé að á friðarskyldutíma verði verkfalli ekki haldið uppi. Gildi það hvort sem það eigi að hefjast á friðarskyldutímabili eða standi fram að því að friðarskyldan kemst á.

Af þeirri staðreynd að verkfall verði ekki boðað til framkvæmdar á friðarskyldutíma leiði að því sem ekki sé hægt löglega að hefja sé ekki löglega hægt að fresta. Það hefði verið ólöglegt að hefja verkfall 2. apríl 1997 svo sem undirbúningur verkfalls Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis hafi miðast við. Úr því að upphaf verkfalls þá hefði verið ólöglegt sé það jafn ólöglegt þann 29. apríl 1997 því að það sé boðað til að hefjast á friðarskyldutímabili.

Í þeim efnum geti engu breytt þótt gildi hins nýja kjarasamnings til frambúðar hafi verið bundið því skilyrði að hann yrði samþykktur í almennri atkvæðagreiðslu félagsmanna því að samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 1. gr. laga nr. 75/1996, sé gildur kjarasamningur kominn á þegar hann hafi verið undirritaður og gildi hann þá frá undirskriftardegi sé ekki annan veg samið eða hann felldur í leynilegri atkvæðagreiðslu. Þótt gildistakan sé þannig í reynd skilyrt telur stefnandi að undirritun kjarasamnings marki þau tímamót að friðarskylda komist á.

Samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938, sbr. lög nr. 75/1996, sé ekki gert ráð fyrir að samningar séu undirritaðir með

fyrirvara, enda hafi það ekki verið gert þann 24. mars sl. Ekki sé skylt að bera samninginn undir atkvæði félagsmanna. Sé það ekki gert innan fjögurra vikna frá undirritun sé gildi samningsins til frambúðar tryggt. Friðarskyldan á tímabilinu frá undirskrift fram að niðurstöðu atkvæðagreiðslu eða þess að fjórar vikur líða verði augljós af þeirri staðreynd að þá verði gildi hans frá undirskriftardegi endanlegt. Verkföll á tímabili þessu væru verkföll á gildistíma kjarasamnings sem séu ólögleg. Ef þau fengju að hefjast á þessu tímabili þá kæmi í ljós við niðurstöðu atkvæðagreiðslu eða fjórum vikum frá undirskrift að ólöglegt verkfall hefði staðið. Slíkt fái engan veginn staðist og því sé ólöglegt að boða verkfall til framkvæmda á þessu tímabili. Árétta beri því að það sem ólöglegt sé að hefja verði ekki gert löglegt með frestun.

Þar sem samningurinn hafi verið felldur verði lögmætt verkfall ekki boðað í framhaldi slíkrar niðurstöðu, nema að undangengnum samningaviðræðum eða viðræðutilraunum um framlagðar kröfur sem reynst hafi árangurslausar þrátt fyrir milligöngu sáttasemjara, þ.e. í kjölfar þess að samningurinn var felldur. Telur stefnandi þetta leiða af 2. ml. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938 svo sem henni var breytt með lögum nr. 75/1996. Í öllu falli sé ljóst að nýja ákvörðun þurfi til, þ.e. atkvæðagreiðsla þurfi að fara öðru sinni fram.

Hitt sé annað að Vinnuveitendasambandið hafi samið um það við þau félög sem boðað höfðu eða hafið verkfall fyrir undirritun kjarasamnings að þau frestuðust. Í þeim hópi hafi hins vegar Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis ekki verið og þessi þáttur samkomulagsins því ekki tekið til þess félags.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir á því að friðarskylda samkvæmt vinnurétti hafi ekki komist á í kjaradeilu málsaðila. Kjaradeilunni hafi ekki verið ráðið til lykta.

Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 taki kjarasamningur gildi á undirskriftardegi, nema annað tveggja komi til: Samið sé um annað eða kjarasamningurinn sé felldur í atkvæðagreiðslu.

Kjarasamningur sem hér um ræðir hafi ekki tekið gildi vegna beggja þessara skilyrða. Sérstaklega hafi verið samið um annað, sbr. 21. gr. samningsins og sérstakt samkomulag um afgreiðslu kjarasamninga. Þá hafi kjarasamningurinn verið felldur.

Það sé alveg ljóst að kjarasamningurinn hafi aldrei tekið gildi þar

sem hann hafi verið felldur í atkvæðagreiðslu félagsmanna, en auk þess að styðjast við lagaheimildina í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 hafi sérstaklega verið um það samið að gildistaka kjarasamningsins væri háð atkvæðagreiðslu beggja samningsaðila um samninginn. Í hinu sérstaka samkomulagi aðila hafi falist gagnkvæm heimild aðila samningsins til að bera hann undir atkvæði. Það sé þannig ekki fyrr en að afloknum þeim atkvæðagreiðslum sem friðarskyldan hefði komist á, þ.e. 15. apríl, ef samningurinn hefði verið samþykktur.

Stefnanda hafi verið þetta jafnljóst og stefnda, enda hafi hann sjálfur látið atkvæðagreiðslur fara fram á meðal félagsmanna sinna og tilkynnt úrslit þeirrar atkvæðagreiðslu til ríkissáttasemjara, raunar degi of seint eða þann 16. apríl.

Í annan stað sé það rangt að ólöglegt hafi verið að hefja verkfall 2. apríl. Í 3. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938 sé m.a. skýrt kveðið á um að í tillögu um verkfallsboðun, sem skylt sé að bera undir atkvæði félagsmanna, verði að koma fram hvenær vinnustöðvuninni sé ætlað að koma til framkvæmda. Þegar stefndi hafi efnt til atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna sinna um vinnustöðvun, miðað við 2. apríl, höfðu staðið yfir árangurslausar kjaraviðræður við stefnanda frá 5. nóvember 1996, þar af með fulltingi ríkissáttasemjara frá 15. janúar 1997. Þannig hafi ekki annað legið fyrir en að knýja þyrfti fram samning með verkfalli. Úr þrætunni hafi hins vegar greiðst svo að viðunandi var að mati samninganefndar Verkamannasambandsins, sem farið hafi með samningsumboð stefnda þann 24. mars 1997, og hafi því verið ritað undir kjarasamninginn með þeim fyrirvara að hann yrði lagður í dóm félagsmanna. Sá fyrirvari hafi verið öllum ljós og sé enginn ágreiningur um hann með aðilum, sbr. 21. gr. kjarasamningsins og samkomulagið um afgreiðslu kjarasamninganna. Áréttað er að skilyrði 15. gr. laga nr. 80/1938 til að hefja verkfall fjalli um það tímamark þegar atkvæðagreiðsla um tillögu að verkfallsboðun fari fram, þ.e. hvað þurfi til að koma svo unnt sé að láta greiða atkvæði um verkfallsboðun.

Í ljós hafi komið skömmu eftir undirritun kjarasamningsins að tillaga um verkfallsboðun hafði verið samþykkt af félagsmönnum. Hafi það leitt til tilkynningarinnar um verkfallsboðun. Með þeirri tilkynningu sinni hafi stefndi einungis verið að tilkynna um afstöðu félagsmanna sinna jafnframt því sem hann beitti heimild samkvæmt 4. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938 til að fresta framkvæmd verkfallsins

meðan beðið væri afstöðu félagsmanna til gildis kjarasamningsins. Sú frestun hafi í eðli sínu verið aflýsing og boðun annars verkfalls síðar ef kjarasamningurinn yrði felldur. Framganga stefnda sé þannig nákvæmlega eftir bókstaf laganna og að fullu og öllu í samræmi við lög nr. 80/1938.

Þá er því mótmælt sem röngu að skylt hafi verið, ef verkfall hefði verið hafið, að fella það niður við undirritun samnings eins og stefnandi heldur fram. Málatilbúnaður stefnanda hvað þetta snertir sé í andstöðu við sannleikann og við hans eigin skilning, sbr. samkomulagið um afgreiðslu kjarasamninganna. Engin þörf hefði verið á undirritun þess samkomulags, ef þessi síðar tilkomna afstaða stefnanda væri rétt.

Þeirri málsástæðu stefnanda að óheimilt sé að hefja verkfall 29. apríl 1997 þar sem sá dagur sé á „friðarskyldutímabili" er mótmælt sem fráleitri. Sú túlkun stefnanda sem í þessu felist að óheimilt sé vegna undirritunar kjarasamningsins að boða til verkfalls fyrr en að ætluðum gildistíma þess samnings liðnum, þ.e. eftir 15. febrúar árið 2000, sé fjarri öllu lagi í ljósi þess að samningurinn var felldur.

Túlkun stefnanda á réttaráhrifum þess að kjarasamningur aðila hefur verið felldur sé beinlínis fráleit, þ.e. að byrja þurfi samningaferlið aftur frá upphafsreit. Samningsaðilar hafi setið að samningum í 5 mánuði og m.a. ritað undir kjarasamning sem síðan hafi ekki hlotið náð fyrir augum félagsmanna. Þessar staðreyndir feli tvímælalaust í sér samningatilraunir sem ekki hafi borið árangur í skilningi 3. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938. Að félagsmenn hefðu þurft að ganga til atkvæða um verkfallsboðun á ný, þ.e. þriðju kosningu félagsmanna á tæpum mánuði, sé enn fráleitara. Vart ætti að leika minnsti vafi á afstöðu félagsmanna til málsins sem fyrst hafi greitt verkfallsboðun atkvæði sitt og fellt síðan kjarasamning í öðrum kosningum í beinu framhaldi.

Loks sé það beinlínis rangt að greint samkomulag gildi ekki fyrir stefnda. Það sé undirritað af formanni Verkamannasambandsins. Stefndi sé aðildarfélag Verkamannasambandsins. Það að atkvæðagreiðsla um tillögu um verkfallsboðun standi yfir sé tvímælalaust verkfallsaðgerð í skilningi samkomulagsins.

Að síðustu er lögð áhersla á að framganga stefnda sé að fullu og öllu í samræmi við lög nr. 80/1938 eins og þeim var breytt með lögum nr. 75/1996. Kröfugerð stefnanda á hinn bóginn í máli þessu

stríði gegn þeim markmiðum sem lagabreytingunni var ætlað að stuðla að, þ.e. markvissari vinnubrögðum við úrlausn kjaradeilu. Ef skilningur stefnanda fær brautargengi þá hafi það þá afleiðingu að stefndi muni eftirleiðis ekki rita undir kjarasamning, jafnvel þótt fullt samkomulag hafi náðst við stefnanda, á meðan niðurstaða úr kosningu um verkfallsboðun lægi ekki fyrir. Þá gæti það einnig haft í för með sér að stefndi myndi dæma viðræður árangurslausar og slíta þeim á fyrri stigum og efna til kosninga um verkfallsboðun. Hætt sé við að síðari kosturinn myndi ekki vera til þess fallinn að leysa kjaradeilur farsællega án þess að til verkfalls kæmi.

Krafa stefnda um málskostnað styðst við 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við lög nr. 50/1988. Stefndi sé ekki virðisaukaskattskyldur og sé því nauðsyn á að fá álag er honum nemur dæmt úr hendi gagnaðila.

Niðurstaða.

Þegar boðun vinnustöðvunarinnar barst stefnanda 25. mars sl. stóð svo á að undirritaður hafði verið kjarasamningur milli málsaðila þann 24. s.m. eins og rakið hefur verið. Samningurinn var felldur af hálfu stefnda með atkvæðagreiðslu sem tilkynnt var stefnanda með bréfi dags. 15. apríl sl. Í máli þessu er tekist á um það hvort lögmætt hafi verið að boða vinnustöðvun með þeim hætti sem gert var.

Í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. 1. gr. laga nr. 75/1996 um breyting á þeim lögum með síðari breytingum, er fjallað um umboð og heimildir samninganefndar eða fyrirsvarsmanns við gerð kjarasamnings, þ. á m. til undirritunar hans. Óumdeilt er að samninganefnd Verkamannasambands Íslands var bær til undirritunar kjarasamningsins frá 24. mars 1997.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 80/1938 er stéttarfélögum, félögum atvinnurekenda og einstökum atvinnurekendum heimilt að gera verkföll og verkbönn m.a. í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum, með þeim skilyrðum og takmörkunum einum sem sett eru í lögum.

Óumdeilt er að ákvörðun um þá vinnustöðvun, sem í málinu greinir, var tekin með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 3. gr. laga nr. 75/1996. Í 3. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 3. gr. laga nr. 75/1996, er það skilyrði lögmætrar ákvörðunar um boðun vinnustöðvunar að samningaviðræður eða

viðræðutilraunir um framlagðar kröfur hafi reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu sáttasemjara.

Með undirskrift kjarasamningsins 24. mars sl. lauk vinnudeilu málsaðila a.m.k. um stundarsakir, enda hafði þá náðst samkomulag um kröfur aðila, hvað sem síðar yrði, færi svo að samningurinn yrði felldur, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 1. gr. laga nr. 75/1996. Þar sem svo stóð á verður ekki talið að skilyrði 14. gr. laga nr. 80/1938 til að gera verkfall hafi verið uppfyllt, enda er verkfallsheimildin, eins og fyrr segir, bundin þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna í vinnudeilum. Þá verður ekki talið að framangreint skilyrði lögmætrar ákvörðunar um boðun vinnustöðvunar samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 3. gr. laga nr. 75/1996, hafi verið uppfyllt, enda geta samningaviðræður eða viðræðutilraunir um framlagðar kröfur ekki talist árangurslausar þegar til þess bær samninganefnd hefur ritað undir kjarasamning.

Með vísan til framanritaðs ber að fallast á það með stefnanda að hið umdeilda verkfall sé ólögmætt.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Verkfall stefnda, Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis, sem boðað var með bréfi dags. 24. mars 1997 og barst stefnanda, Vinnuveitendasambandi Íslands, 25. s.m. og hefjast skal kl. 24.00 þann 29. apríl 1997, er ólögmætt.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Gunnars Sæmundssonar.

Í 14. gr. laga nr. 80/1938 er að finna þá meginreglu að stéttarfélögum, félögum atvinnurekenda og einstökum atvinnurekendum er heimilt að gera verkföll og verkbönn í þeim tilgangi, að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum og til verndar rétti sínum samkvæmt þeim lögum, með þeim skilyrðum og takmörkunum einum sem sett eru í lögum. Slík skilyrði og takmarkanir er m.a. að finna í 15.-17. gr. laganna. Jafnframt takmarkast heimildin af reglum um skuldbindingargildi samninga. Eftir að bindandi kjarasamningur

hefur komist á verður verkfalli eða verkbanni ekki beitt til að knýja á um breytingar á honum meðan hann er í gildi.

Af málflutningi aðila í máli þessu er ljóst að þá greinir fyrst og fremst á um það, hvort um friðarskyldu sé að ræða á tímabili því sem líður frá því að samninganefndir undirrita kjarasamning og þar til ljóst er hvort hann hefur verið felldur við atkvæðagreiðslu skv. 5. gr. laga nr. 80/1938, innan fjögurra vikna frá undirritun samninganefndanna.

Aðilar eru sammála um að kjarasamningur sem felldur er við atkvæðagreiðslu sem fram fer í samræmi við 5. gr. laga nr. 80/1938 hefur engin réttaráhrif. Það er því fyrst hægt að tala um að kjarasamningur hafi komist á milli aðila vinnudeilu þegar fyrir liggur að hann hefur ekki verið felldur með lögmæltum hætti og breytir það ekki þeirri niðurstöðu þótt honum sé ætlað að hafa afturvirk áhrif. Á umræddu tímabili er því ekki í gildi kjarasamningur milli deiluaðila.

Ákvörðun um boðun vinnustöðvunar skv. 15. gr. laga nr. 80/1938 er nokkuð umfangsmikið ferli. Ákvörðun um hana þarf að taka við almenna leynilega atkvæðagreiðslu með þátttöku a.m.k. fimmtungs atkvæðisbærra félagsmanna eða leynilega póstatkvæðagreiðslu og í tillögu um hana þarf m.a. að koma fram hvenær hún skuli hefjast. Af því leiðir að geti hún ekki hafist á þeim tíma, t.d. vegna þess að friðarskylda standi því í vegi, verður verkfalli eða verkbanni ekki beitt nema allt ferlið sé fyrst endurtekið. Heimildarlaust verður að telja að skýra lög nr. 80/1938 svo, að einstökum ákvæðum þeirra sé ætlað að tefja eða koma í veg fyrir framkvæmd lýðræðislega tekinna ákvarðana.

Í samkomulagi um afgreiðslu kjarasamninga VMSÍ, Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Verkakvennafélagsins Framsóknar, Samiðnar og Landssambands íslenskra verslunarmana sem gert var í sambandi við undirritun kjarasamnings þess sem stefndi felldi og undirritaður var 24. mars sl., er svo mælt fyrir að með því frestist yfirstandandi og boðaðar verkfallsaðgerðir hlutaðeigandi félaga til kl. 24:00 miðvikudaginn 23. apríl 1997 og komi það til framkvæmda hafi samningurinn verið felldur í leynilegri atkvæðagreiðslu félagsmanna. Hefði það verið skilningur málsaðilanna Verkamannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands á þeim tíma að friðarskylda ríkti frá undirritun samningsins hefði borið að fella

verkföll þau sem þá voru komin til framkvæmda niður frá því tímamarki.

Hefði það verið ætlun löggjafans að færa út mörk friðarskyldunnar með lögum nr. 75/1996 sem breyttu lögum nr. 80/1938 frá því sem verið hafði þurfti slíkt að koma skýrt fram í lögunum. Um það er ekki að ræða.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið tel ég að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og dæma stefnanda til greiðslu málskostnaðar, kr. 70.000.

Mánudaginn 2. júní 1997.

Nr. 7/1997. **Vinnuveitendasamband Íslands**
f.h. Hf. Eimskipafélags Íslands
(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands
vegna Verkamannasambands Íslands
f.h. Verkamannafélagsins Hlífar
(Ástráður Haraldsson hrl.)

Samúðarvinnustöðvun.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson og Valgeir Pálsson.

Mál þetta, sem höfðað var með stefnu, áritaðri ódagsett um birtingu og þingfestri 23. þ.m. var dómtekið 28. maí sl.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík fyrir hönd Hf. Eimskipafélags Íslands, kt. 601273-0129, Pósthússtræti 2, Reykjavík.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16a, Reykjavík vegna Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219, Skipholti 50b, Reykjavík f.h. Verkamannafélagsins Hlífar, kt. 620169-3319, Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda:

Að samúðarvinnustöðvun á löndun og afgreiðslu skipa sem gerð eru út frá Vestfjörðum, sem boðuð var af stefnda Verkamannafélaginu Hlíf með bréfi dags. 12. maí 1997 og kom til framkvæmda kl. 24:00 fimmtudaginn (svo) 21. maí 1997, verði dæmd ólögmæt.

Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda, Verkamannafélagsins Hlífar.

Dómkröfur stefnda:

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins. Þá er þess krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess að stefndi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og beri honum því nauðsyn til að fá sér tildæmda fjárhæð úr hendi stefnanda sem svari til fjárhæðar virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málavextir.

Hinn 24. mars 1997 komst á kjarasamningur milli stefnda, Verkamannasambands Íslands (VMSÍ) og stefnanda, Vinnuveitendasambands Íslands (VSÍ). Með samningi þessum var samið um kaup og kjör í almennri verkamannavinnu aðildarfélaga VMSÍ. Verkamannafélagið Hlíf átti aðild að samningsgerðinni, en hafði áður staðið að verkfalli til að knýja á um kröfur sínar í vinnudeilunni. Því lauk með áðurgreindum samningi sem samþykktur var í allsherjaratkvæðagreiðslu félagsmanna.

Ekki áttu öll aðildarfélög VMSÍ aðild að samningaviðræðum þess og stefnanda. Þannig hafa aðildarfélög VMSÍ á Vestfjörðum falið Alþýðusambandi Vestfjarða (ASV) umboð til samningsgerðar. Kauptaxtar síðastgildandi samninga ASV og vinnuveitenda eru í öllum meginatriðum samhljóða samningum annarra félaga verkamanna við VSÍ.

Samningar þeir sem tókust með VMSÍ og VSÍ þann 24. mars 1997 voru felldir í nokkrum aðildarfélögum VMSÍ og var nýr samningur gerður við þau þann 22. apríl 1997. Sá samningur var samhljóða þeim fyrri með þeirri viðbót að við var aukið nýju launaþrepi fyrir sérhæft fiskvinnslufólk eftir 10 ára starf hjá sama atvinnurekanda auk tveggja annarra minni frávika. Við þá samningsgerð var að sögn stefnanda eftir því gengið að VSÍ myndi gefa öðrum félögum VMSÍ, sem samþykkt hefðu samningana, kost á sömu breytingum. Því hafi verið svarað að ef öll aðildarfélögin samþykktu samningana þá gæfi VSÍ kost á viðræðu um þetta til að samræma kauptaxta fiskvinnslufólks um land allt. Til þess hafi þó ekki komið, að sögn stefnanda, m.a. vegna verkfalls á Vestfjörðum og sökum þess að enn er ólokið samningum við þrjú önnur aðildarfélög VMSÍ.

Stefnandi segir að þrátt fyrir langvinnar samningaviðræður við samninganefnd ASV hafi ekki tekist samningar við sambandið enda hafi það krafist mun meiri hækkana á kauptöxtum en fólust í öðrum samningum verkafólks.

Félög innan ASV hófu verkfall þann 21. apríl sl. til að knýja á um kröfur sínar, þ. á m. Verkalýðsfélagið Baldur, en það félag er eitt aðildarfélaga VMSÍ. Einstök félög innan ASV, svo sem Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur og Verkalýðs- og sjómannafélag Tálknafjarðar, hafa samið með hliðstæðum hætti og VMSÍ félögin við stefnanda eða nánar tiltekið Vinnuveitendafélag Vestfjarða sem

er staðbundið félag aðildarfyrirtækja VSÍ. Þeir samningar voru á sömu nótum og samið hafði verið við VMSÍ.

Verkfall aðildarfélaga ASV nær ekki til sjómanna sem eru almennt félagsbundnir í félögum innan ASV. Fljótlega komu upp deilur varðandi löndun vestfirskra skipa.

Stjórn stefnda, Verkamannfélagsins Hlífar, samþykkti að félagsmenn þess mættu ekki vinna við afgreiðslu skipa sem að öðrum kosti hefðu landað á Vestfjörðum. Þetta hafi átt að gilda meðan verkfall stéttarfélaga á Vestfjörðum standi yfir. Frá þessu banni hvarf stefndi og efndi til formlegrar atkvæðagreiðslu meðal þeirra félagsmanna sem starfa hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands við afgreiðslu skipa í Hafnarfjarðarhöfn um tillögu að samúðarvinnustöðvun. Tillagan var samþykkt og í framhaldi af því boðaði félagið samúðarvinnustöðvun frá kl. 24:00 miðvikudaginn 21. maí 1997.

Stefnandi, Vinnuveitendasamband Íslands, mótmælti verkfallsboðun stefnda sem ólögmætri.

Stefnandi segir stefnda þegar í upphafi samningaviðræðna sl. haust hafa gert kröfu um að geta opnað samninga semdu aðrir hópar launamanna um frekari hækkanir en felast myndu í samningum hans. Þá hafi svipaður áskilnaður komið fram í kröfugerð VMSÍ. Fulltrúar aðildarfélaga VMSÍ hafi einnig lagt á það áherslu að taxtar fiskvinnslufólks yrðu sem líkastir um land allt eins og raunin hafi verið mörg undangengin ár.

Stefnandi segir samúðarvinnustöðvun stefnda hafa valdið aðildarfyrirtækjum stefnanda óþægindum og tjóni.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi tjáir mál þetta höfðað á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Byggir hann kröfu sína á því að með undirritun kjarasamnings Verkamannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands þann 24. mars 1997, sem síðar var samþykktur í atkvæðagreiðslu félagsmanna stefnda, Verkamannafélagsins Hlífar, hafi stefnandi tryggt félagsmönnum sínum starfsfrið við vinnu samkvæmt þeim samningi. Boðun samúðarvinnustöðvunar, sem miði að því að knýja stefnanda og aðildarfélög hans til að fallast á frekari kröfur annarra aðildarfélaga Verkamannasambands Íslands og Alþýðusambands Vestfjarða en fólust í samningi hans og stefnda fyrir sömu eða sambærileg störf, séu samningsrof og því ólögmæt. Aðildarfélög VMSÍ hafi með samningi skuldbundið félagsmenn sína til að

vinna fyrir umsamið kaupgjald á samningstímanum og þannig fallið frá rétti til að beita vinnustöðvun til að þvinga fram frekari hækkanir. Með sama hætti hafi VSÍ skuldbundið aðildarfyrirtæki sín til að greiða a.m.k. það kaup sem þar um samdist án möguleika á að þvinga fram lækkun á því kaupgjaldi á samningstímanum. Samúðarvinnustöðvun sem miði að því að knýja fram breytingu á sömu kauptöxtum annarra félaga geri þann frið, sem samningum á að fylgja, að engu. Verulega hærri kauptaxtar fyrir störf í fiskvinnslu og önnur verkamannastörf, sem stefnandi yrði þvingaður til að semja um við ASV umfram aðra viðsemjendur sína, muni óhjákvæmilega kalla á óróleika og viðbrögð af þeirra hálfu.

Það sé skilyrði samúðarverkfalls að það sé ekki líklegt til að hafa áhrif á samningamál milli þess aðila sem að verkfallinu stendur og þess sem verður að þola það.

Friðarskyldan sem bindur samningsaðila á gildistíma kjarasamnings sé meginregla og beinlínis forsenda kjarasamninga. Heimildin til boðunar samúðarverkfalls sem leidd hefur verið af ákvæðum 3. tl. 17. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur sé frávik frá þeirri meginreglu sem beri að túlka þröngt.

Þá bendir stefnandi á að kauptaxtar þeir, sem Vinnuveitendasambandið hefur samið um við félög verkafólks hafi lengst af verið nær samhljóða um allt land, sýni einnig áherslu samningsaðila á að greiða beri fyrir sömu störf með hliðstæðu kaupi um allt land. Kröfur ASV miði hins vegar að mun meiri hækkunum þessara samræmdu kauptaxta verkamanna en þegar hafi samist um við þorra aðildarfélaga Verkamannasambands Íslands, þ.m.t. Verkamannfélagið Hlíf. Forsendur þeirra samninga telur stefnandi m.a. hafa verið að hann semdi ekki um verulega hærri taxta fyrir sömu störf við aðra aðila.

Kröfu sinni til stuðnings vísar stefnandi einnig til þess að samningsaðilum sé skylt að virða gerða kjarasamninga.

Stefnandi vísar til 14. gr. og 3. tl. 17. gr. laga nr. 80/1938 svo og 5. mgr. 5. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 75/1996.

Um málskostnað er vísað til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi mótmælir sérstaklega sem röngum bollaleggingum og fullyrðingum sem fram koma í stefnu, varðandi það að tilgangur

stefnda með samúðarvinnustöðvun þeirri sem um er deilt í málinu sé einhver annar en sá að styðja við lögmætt verkfall stéttarfélaganna á Vestfjörðum.

Stefndi telur málatilbúnað stefnanda fráleitan og fjarri lagi sé að kröfur hans geti náð fram að ganga og telur að eðlilegt væri að af hálfu dómsins yrði litið til þess við ákvörðun málskostnaðar.

Stefndi telur, að ef kröfur stefnanda í máli þessu næðu fram að ganga, væri hægt að rökstyðja að samúðarvinnustöðvanir hefðu í raun verið dæmdar ólögmætar að íslenskum rétti.

Af hálfu stefnda er á því byggt að samúðarverkföll séu heimil að íslenskum rétti og vísar stefndi í því sambandi til 3. tl. 17. gr. vinnulöggjafarinnar nr. 80/1938 en þar sé kveðið á um það að óheimilt sé að hefja verkfall til styrktar félagi sem hafið hefur ólögmæta vinnustöðvun. Með einfaldri gagnályktun frá þessu ákvæði hafi jafnan verið talið að samúðarvinnustöðvun sé heimil svo fremi að aðalverkfallið sé lögmætt. Í nokkrum dómum Félagsdóms hafi þessi regla verið staðfest. Sama regla sé almennt viðurkennd í vinnurétti allra Norðurlanda og ekkert hafi gerst í lögum, venjum eða dómum sem breyti nefndri reglu.

Þau atriði sem fræðimenn nefni helst sem skilyrði lögmæts samúðarverkfalls séu samkvæmt skilningi stefnda eftirfarandi:

1. Um verði að vera að ræða lögmætt aðalverkfall.

Ekki virðist vera ágreiningur í þessu máli um það að um lögmætt aðalverkfall sé að ræða. Því sé ekki haldið fram af hálfu stefnanda að neitt vanti á að þessu skilyrði sé fullnægt.

2. Ljóst verði að vera hvaða verkfall samúðarverkfallinu sé ætlað að styðja.

Ekki virðist vera ágreiningur í þessu máli um það að samúðarverkfalli stefnda sé ætlað að styðja yfirstandandi verkföll stéttarfélaganna á Vestfjörðum. Því sé ekki haldið fram af hálfu stefnanda að neitt vanti á að þessu skilyrði sé fullnægt.

3. Formreglur um ákvörðun og boðun.

Þá verði að byggja á því að formreglur vinnulöggjafarinnar varðandi ákvörðun og boðun verkfalls, taki að svo miklu leyti sem við á til samúðarvinnustöðvunar á sama hátt og venjulegs verkfalls. Stefnandi hafi engar athugasemdir gert um lögmæti aðgerða stefnda að þessu leyti.

4. Að einhver tengsl þurfi að vera á milli þess sem aðalverkfall og samúðarverkfall beinist að.

Af hálfu fræðimanna hafi því stundum verið haldið fram að einhver tengsl verði að vera á milli þess sem samúðarverkfall og aðalverkfall beinist að til að samúðarverkfall sé lögmætt. Í nokkrum dómum Félagsdóms hafi verið um þetta fjallað en staðan að þessu leyti sé nokkuð óljós í íslenskum dómsúrlausnum. Af hálfu stefnda sé litið svo á að samkvæmt norrænum rétti þurfi engin tengsl að vera á milli atvinnurekanda sem aðalverkfall beinist að og þess sem samúðarverkfall beinist að. Þar sem stefnandi haldi því ekki fram að neitt bresti á um að skilyrði séu til samúðarverkfalls að þessu leyti séu ekki efni til að fjalla frekar um þetta umdeilda skilyrði.

5. Tilgangur samúðarverkfalls verði að vera sá að styrkja aðalverkfallið, ekki að ná fram kröfum þess sem gerir samúðarverkfall.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið sé aðeins eitt þeirra skilyrða, sem talin hafi verið til sem skilyrði lögmætrar samúðarvinnustöðvunar, umdeilt með aðilum. Þannig virðist af stefnu að eina athugasemdin, sem stefnandi geri við lögmæti samúðarverkfalls stefnda, sé sú að með því sé stefnt að því að hafa áhrif á launakjör félagsmanna stefnda.

Af hálfu stefnda er á því byggt að milli stefnda og stefnanda sé gildandi samningur sem að öllu forfallalausu muni gilda þar til 15. febrúar árið 2000 og að báðir aðilar séu bundnir friðarskyldu með venjubundnum og lögbundnum skilmálum fram til þess tíma. Uppsagnarákvæði þess samnings sem undirritaður var þann 24. mars sl. séu í 20. gr. samningsins. Meðal þess sem leitt getur til uppsagnar samningsins sé ekki að verkafólk úr öðrum félögum nái að semja um betri kjör en samningur stefnda geri ráð fyrir. Þetta hafi verið á meðal þess sem stefndi hafi gert kröfu um að yrði í uppsagnarákvæði samningsins en því hafi verið hafnað af stefnanda og um það hafi því ekki orðið samkomulag. Við þetta verði stefndi að una.

Stefndi vísar til ákvæða vinnulöggjafarinnar nr. 80/1938 einkum 3. tl. 17. gr. Varðandi málskostnað vísar stefndi til ákvæða einkamálalaga nr. 91/1991, einkum 130. gr.

Forsendur og niðurstaða.

Mál þetta snýst um lögmæti samúðarverkfalls sem hið stefnda stéttarfélag boðaði stefnanda með bréfi, dags. 12. maí 1997, og kom til framkvæmda kl. 24:00 21. maí 1997. Samkvæmt bréfinu gildir

samúðarverkfallið „um löndun og afgreiðslu skipa sem gerð eru út frá Vestfjörðum af atvinnurekendum sem yfirstandandi verkföll stéttarfélaga á Vestfjörðum taka til". Hinn 24. mars 1997 komst á kjarasamningur milli málsaðila sem gildir til 15. febrúar árið 2000.

Í lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum, er engum sérstökum ákvæðum til að dreifa um samúðarverkföll ef frá er skilinn 3. tl. 17. gr. laganna, en samkvæmt gagnályktun frá þeim tölulið hafa samúðarverkföll, sem lengi hafa tíðkast, verið talin lögleyfð og jafnframt að reglur II. kafla laganna um ákvörðun og framkvæmd verkfalla taki til þeirra, sbr. m.a. dóma Félagsdóms frá 14. febrúar 1941 (FD. I:130) og 16. júní 1975 (FD. VII:192). Hefur þetta verið ótvíræð regla í íslenskum rétti. Með þeim breytingum, sem gerðar voru á lögum nr. 80/1938 með lögum nr. 75/1996 var ekki við þessu hróflað, sbr. m.a. nefndarálit meirihluta félagsmálanefndar Alþingis, dags. 13. maí 1996, (þingskjal nr. 954) þar sem sérstaklega er tekið fram, að því er varðar samúðarverkföll, að ekki sé „verið að breyta neinu um þann skilning Félagsdóms sem lagður er til grundvallar nú um slík verkföll".

Í máli þessu er einungis um það deilt hvort umrætt samúðarverkfall hafi þau áhrif á samningamál hins stefnda stéttarfélags að það beri að telja ólögmætt af þeim sökum. Telur stefnandi að svo sé og ekki skipti út af fyrir sig máli hvort sá hafi verið tilgangurinn með samúðarverkfallinu eða að það sé fyrirsjáanleg afleiðing af því.

Samúðarverkfall telst vinnustöðvun eins aðila til stuðnings kröfum annars sem á í verkfalli. Það er skilyrði samúðarverkfalls að því sé ekki ætlað að hafa áhrif á samningsbundna skipan mála milli þess aðila, sem að verkfallinu stendur, og hins sem það verður að þola. Er sú almenna friðarskylda, sem hvílir á aðilum gildandi kjarasamnings, háð þeim takmörkunum sem leiðir af heimild stéttarfélaga til að boða samúðarverkfall.

Hvað sem líður almennri viðleitni aðila vinnumarkaðarins til að samræma kauptaxta einstakra stéttarfélaga vegna sömu starfa, er hvert stéttarfélag allt að einu lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938. Samkvæmt kröfugerð hins stefnda stéttarfélags í tilefni af viðræðum um nýjan kjarasamning, sem samþykkt var á félagsfundi 19. september 1996, skyldi þess freistað í launajöfnunarskyni að fá í nýjan kjarasamning „opnunarákvæði ef aðrir hópar launafólks fá meiri kauphækkun í

krónutölu á samningstímabilinu“. Þessi krafa náði ekki fram að ganga og er ekki slík ákvæði að finna í kjarasamningnum frá 24. mars 1997. Getur því niðurstaða kjarasamnings í kjölfar þess aðalverkfalls, sem í málinu greinir, ekki leitt til breytinga á samningsbundinni skipan hins stefnda stéttarfélags samkvæmt beinum samningsákvæðum.

Með vísan til þess, sem að framan greinir og þar sem ekki verður talið að stefnanda hafi tekist að sýna fram á að umrætt samúðarverkfall hafi verið ákveðið í ólögmætum tilgangi eða feli í sér annað en að vera til styrktar stéttarfélögum sem eru í lögmætu verkfalli, ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað sem ákveðst kr. 150.000 og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands vegna Verkamannasambands Íslands f.h. Verkamannafélagsins Hlífar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendasambands Íslands f.h. Eimskipafélags Íslands, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 150.000 í málskostnað.

Þriðjudaginn 3. júní 1997.

Nr. 8/1997. **Vinnuveitendasamband Íslands**
f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h.
Útvegsmannafélags Norðurlands
vegna Sæbergs hf.
(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f.h.
Sjómannasambands Íslands vegna
Sjómannafélags Ólafsfjarðar
(Jóhann Halldórsson hdl.)

Verkfall. Skiptakjör. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Kristjana Jónsdóttir, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. maí sl., var höfðað með stefnu áritaðri ódagsett um birtingu, þingfestri 23. maí sl.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, fyrir hönd Landssambands íslenskra útvegsmanna, kt. 720269-0649, Hafnarhvoli við Tryggvagötu, Reykjavík fyrir hönd Útvegsmannafélags Norðurlands, kt. 431096-3239, vegna Sæbergs hf., kt. 671272-2189.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16A, Reykjavík, f.h. Sjómannasambands Íslands, kt. 570269-2249, Borgartúni 18, Reykjavík, vegna Sjómannafélags Ólafsfjarðar, kt. 610183-0269.

Dómkröfur stefnanda:

Að verkfall Sjómannafélags Ólafsfjarðar sem boðað var með bréfi dags. 15.5.1997 gegn Sæbergi hf. og tekur til félagsmanna þess sem starfa á Hvannabergi ÓF-72 og koma á til framkvæmda kl. 00:00 þann 6. júní n.k. verði dæmt ólögmætt.

Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda Sjómannafélags Ólafsfjarðar.

Dómkröfur stefnda:

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar

að skaðlausu að mati dómsins og að tillit verði tekið til virðisaukaskatts af hinum dæmda málskostnaði.

Málavextir.

Með dómi Félagsdóms í máli nr. 15/1996, uppkveðnum 5. mars 1997, var Sæberg hf. talið hafa brotið gr. 1.03. í kjarasamningi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna með því að taka ekki tillit til verðmætis móttekins aflamarks fyrir seldan afla við tilgreiningu heildarskiptaverðmætis.

Með bréfi, dags. 13. maí 1997, krafðist stjórn Sjómannafélags Ólafsfjarðar þess að Sæberg hf. leiðrétti uppgjör skipverja á Hvannabergi ÓF-72 vegna þátttöku þeirra í kvótakaupum útgerðarinnar á tímabilinu 31. mars 1995 til 21. mars 1996.

Með bréfi, dags. 15. maí 1997, tilkynnti stjórn Sjómannafélags Ólafsfjarðar Vinnuveitendasambandi Íslands, Sæbergi hf. og Landssambandi ísl. útvegsmanna að í almennri leynilegri atkvæðagreiðslu hjá Sjómannafélagi Ólafsfjarðar, sem stóð frá 7. til og með 14. maí 1997, hafi verið samþykkt að boða til ótímabundins verkfalls gegn Sæbergi hf., Ólafsfirði, sem taki til þeirra félagsmanna sem starfa á Hvannabergi ÓF-72. Samkvæmt samþykktinni skal verkfallið hefjast kl. 00:00 þann 6. júní 1997 og standa þar til útgerðin fellst á að greiða og gera upp við starfsmenn sína í samræmi við kjarasamninga og dóm Félagsdóms í málinu nr. 15/1996 sem kveðinn var upp 5. mars 1997.

Stefnandi telur verkfallsboðun þessa ólögmæta.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi tjáir mál þetta höfðað á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Byggir hann kröfugerð sína á því að stefnandi geti ekki beitt verkfalli til að knýja fram greiðslu á kröfu sinni á grundvelli dóms Félagsdóms í málinu nr. 15/1996. Um sé að ræða viðurkenningardóm um túlkun á kjarasamningi sem fjalli hvorki beint né skýlaust um greiðsluskyldu stefnanda, sbr. Fd. V.127. Dómur þessi sé fjarri því að vera svo ótvíræð heimild um greiðsluskyldu stefnanda gagnvart þeim mönnum sem uppgjörskrafan lýtur að, að heimilt sé að beita vinnustöðvun til þess að knýja útgerðina til greiðslu. Með honum sé ekki fengin úrlausn um sjálfa greiðslukröfuna en ágreiningur hafi frá upphafi verið, ekki aðeins um forsendur hennar heldur einnig útreikning, m.a. með vísan til breytilegs verðs á aflamarki á árunum 1995-1996. Heildaraflamagn sé einnig rangt.

Stefnda sé greið dómstólaleið til að fá skorið úr þessum ágreiningi. Tilvitnað Félagsdómsmál, nr. 15/1996, fjalli um skilning á kjarasamningi F.F.S.Í. og stefnanda. Það sé ekki sá samningur sem félagsmenn stefnda starfi eftir en Sjómannasamband Íslands hafi gert sjálfstæðan kjarasamning við stefnanda. Hlutaðeigandi ákvæði í samningum þessum séu ekki að fullu samhljóða. Þá sé Félagsdómsmálið nr. 15/1996 höfðað af F.F.S.Í. Stefndi hafi ekki átt aðild að því máli.

Heimildin til að beita verkfalli til að knýja á um fullnægingu dóma Félagsdóms sé undantekning frá meginreglunni um að ekki megi hefja vinnustöðvun vegna réttarágreinings og sæti því þröngri lögskýringu. Verkfall sé neyðarúrræði, sem ekki skuli gripið til fyrr en önnur úrræði hafi verði tæmd.

Því sé við að bæta, að krafa stefnda, sem verið sé að framfylgja með hinu umdeilda verkfallsboði, hafi fyrst verið höfð uppi gagnvart stefnanda með bréfi sem dagsett var 13. maí, þ.e. eftir að atkvæðagreiðsla um verkfallsboðunina var hafin.

Máli sínu til stuðnings vísar stefnandi til 1. tl. 17. gr. laga nr. 80/1938, kjarasamnings aðila og þá einkum gr. 1.26. um sölu afla og kjarasamnings milli F.F.S.Í. og stefnanda gr. 1.03. um sölu afla innanlands.

Um málskostnað vísast til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi styður heimild sína til verkfallsboðunar við 17. gr. laga nr. 80/1938. Í nefndri grein segir m.a.: „Óheimilt er og að hefja vinnustöðvun:

1. Ef ágreiningur er einungis um atriði, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til fullnægingar úrskurðum dómsins."

Kjarni þessa máls snúist um það hvernig túlka beri 17. gr. l. nr. 80/1938. Óumdeilt sé að heimilt sé að hefja vinnustöðvun til þess að knýja á um fullnustu úrskurða Félagsdóms.

Stefndi í máli þessu, Sjómannafélag Ólafsfjarðar, hafi ítrekað krafið stefnanda um efndir þeirrar dómskyldu sem dómur Félagsdóms í máli nr. 15/1996 lagði stefnanda á herðar. Hafi sú kröfugerð stefnda bæði verið kynnt munnlega við forsvarmenn stefnanda og bréflega, fyrst með bréfi stefnda dags. 13.05.1997 og síðar með bréfi félagsins dags 22.05.1997.

Stefnandi hafi hins vegar ítrekað vísað kröfugerð stefnda á bug án nokkurs rökstuðnings. Stefnandi hafi ekki mótmælt tölulegum málatilbúnaði stefnda fyrr en við framlagningu stefnu í þessu máli. Stefnandi, L.Í.Ú., hafi hins vegar ítrekað lýst afstöðu sinni til kröfugerðar stefnda, síðast með fréttabréfi sambandsins, útgefnu í apríl 1997, á þann hátt að sambandið muni hunsa kröfur félagsmanna.

Stefnanda sé í lófa lagið að afstýra verkfalli því, sem stefndi hefur boðað til með því að sinna þeirri kröfugerð stefnda, sem fram kemur á framlögðum dómskjölum. Sú afstaða stefnanda að hunsa kröfugerð stefnda og freista þess frekar að véfengja lögmæti hins boðaða verkfalls með atbeina Félagsdóms, lýsi í raun best afstöðu stefnanda. Stefnandi uni ekki niðurstöðu Félagsdóms.

Þrátt fyrir ofangreint þá hafi stefnandi klætt ágreining aðila í annan búning og borið því við að væntanlegt verkfall stefnda sé ólögmætt af tilteknum ástæðum.

Í fyrsta lagi virðist stefnandi byggja á því að stefnda sé ekki heimilt að beita verkfalli til að knýja á um kröfugerð sína, þar sem Félagsdómur í máli nr. 15/1996 „feli aðeins í sér viðurkenningardóm um túlkun kjarasamnings, sem hvorki fjalli beint né skýlaust um greiðsluskyldu stefnda. Segir jafnframt að dómur þessi sé fjarri því að vera svo ótvíræð heimild um greiðsluskyldu stefnanda gagnvart þeim mönnum sem uppgjörskrafan lýtur að, að heimilt sé að beita vinnustöðvun til að knýja útgerðina til greiðslu".

Í þessum orðum komi fram að stefnanda sé fullkunnugt um kröfugerð stefnda, sem uppi hafi verið frá 5. mars 1997 eða frá því að margnefndur dómur Félagsdóms féll. Kröfugerðin frá 13. maí sl. snúi hins vegar ekki að greiðsluskyldu stefnanda heldur kröfu félagsmanna stefnda um rétt uppgjör til hlutaskipta.

Í dómi Félagsdóms í máli nr. 15/1996 hafi verið dæmt að stefndi í því máli, stefnandi þessa máls, hefði brotið kjarasamning með því að hafa ekki tekið tillit til verðmætis móttekins aflamarks við tilgreiningu heildarskiptaverðmætis. Slíkt dómsorð feli ekki í sé viðurkenningardóm, eins og stefnandi byggi á, heldur áfellisdóm á hendur stefnanda vegna brota á ákvæðum kjarasamnings. Þá er bent á, að í máli nr. 15/1996 hafi ekki verið fjallað um greiðsluskyldu stefnanda frekar en gert er í þessu máli, enda engin fjárkrafa sett fram af hálfu aðila. Fram komi í forsendum dómsins að dómurinn skilgreinir ágreiningsefnið á þann veg, að málið snúist um það hvort aðferðir

stefnanda við uppgjör til hlutaskipta hafi brotið í bága við kjarasamning aðila.

Þessi dómur Félagsdóms hafi eins og flestir aðrir dómar dómstólsins almennt gildi um það hvernig beri að túlka kjarasamninga. Þannig sé ótvírætt að umrædd niðurstaða sé jafn gild hvað varðar þá félagsmenn stefnda sem voru í starfi hjá sama atvinnurekanda á sama tíma og á sama skipi, að svo miklu leyti sem ágreiningur varðar samskonar samningsskyldur. Vinnustöðvun sú sem stefndi hefur boðað, taki aðeins til þeirra félagsmanna stefnda, sem voru skipverjar á því skipi stefnanda. Ef háttsemi stefnanda, sem hann viðhafði gagnvart félagsmönnum Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga, var löglaus og brot á kjarasamningi aðila, þá hljóti hún að hafa verið jafn ólögmæt gagnvart félagsmönnum stefnda, sem fengu óumdeilanlega afhent sömu uppgjör og félagsmenn Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga, enda séu samningsskyldur þessara aðila orðrétt þær sömu þó að þær séu tilgreindar í sitt hvorum kjarasamningnum, þ.e. annars vegar í kjarasamningi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og hins vegar í samningi Sjómannasambands Íslands.

Í öðru lagi er því haldið fram, að dómur Félagsdóms í máli nr. 4/1963 hafi fordæmisgildi í máli þessu.

Í þriðja lagi hafi stefnandi til þrautar reynt að bera því við, að dómur Félagsdóms í máli nr. 15/1996 geti ekki haft fordæmisgildi né skuldbundið stefnanda þar sem málið snúist um túlkun ólíkra kjarasamninga. Þó sé sérkennilegt að stefnandi hafi ekki rakið það á nokkurn hátt í stefnu að hvaða leyti kjarasamningur Farmanna- og fiskimannasambandsins sé ólíkur samningi Sjómannasambands Íslands.

Ástæðan sé einfaldlega sú, að þessir tveir kjarasamningar við L.Í.Ú. séu nákvæmlega eins, hvað þau atriði varðar, sem snúa að þátttöku skipverja í útgerðarkostnaði. Sé grein 1.26. í kjarasamningi S.S.Í. orðrétt sú sama og I. kafli greinar 1.03. í kjarasamningi F.F.S.Í.

Krafa stefnda um málskostnað styðst við 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við lög nr. 50/1988. Stefndi er ekki virðisaukaskattskyldur og sé því nauðsyn á að fá álag, er honum nemur, dæmt úr hendi gagnaðila.

Niðurstaða.

Með dómi Félagsdóms uppkveðnum 5. mars 1997 í málinu nr. 15/1996 var því slegið föstu að Sæberg hf. hafi brotið gegn grein 1.03. í kjarasamningi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna með því „að taka ekki tillit til verðmætis móttekins aflamarks fyrir seldan afla við tilgreiningu heildarskiptaverðmætis". Í málinu var deilt um fiskverð til hlutaskipta í svokölluðu tonn á móti tonni viðskiptum.

Í gr. 1.26. I. í kjarasamningi aðila þessa máls segir: „Útgerðarmaður hefur með höndum sölu aflans og hefur til þess umboð áhafnar að því er aflahlut hennar varðar. Hann skal tryggja skipverjum hæsta gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær, þar með talin hrogn, lifur og bein. Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum. . ." Ákvæði þetta er efnislega samhljóða framangreindri grein 1.03. í kjarasamningi F. F. S. Í. og L. Í. Ú.

Í almennri leynilegri atkvæðagreiðslu sem stóð frá 7.-14. maí sl. samþykkti Sjómannafélag Ólafsfjarðar að boða til ótímabundins verkfalls félagsmanna sem starfa á Hvannabergi ÓF-72. Verkfallið beinist gegn stefnanda, Sæbergi hf., og skal hefjast 6. júní n.k. Segir í verkfallsboðuninni frá 15. maí sl. að verkfallið skuli standa þar til útgerðin fallist á það að greiða og gera upp við starfsmenn sína í samræmi við kjarasamninga og Félagsdóm í málinu nr. 15/1996. Þá kemur fram í bréfi Sjómannafélags Ólafsfjarðar, 13. maí sl., til Sæbergs hf. að útgerðin hafi ekki leiðrétt uppgjör skipverjanna á Hvannabergi ÓF-72 og eru þar jafnframt gerðar ákveðnar kröfur um greiðslur til skipverjanna. Ekki er í verkfallsboðuninni vísað til þessara tilteknu krafna, sem þar koma fram og við munnlegan málflutning lýsti lögmaður stefnda því yfir, að hið umdeilda verkfall væri ekki boðað til þess að knýja Sæberg hf. til greiðslu á þeim forsendum sem Sjómannafélag Ólafsfjarðar setti fram í bréfinu 13. maí sl.

Af hálfu stefnanda hefur því ekki verið mótmælt að skipverjum Hvannabergs ÓF-72 hafi ekki verið sent nýtt uppgjör eftir niðurstöðu Félagsdóms í málinu nr. 15/1996. Útgerðarmanni ber skylda til frumkvæðis við að gera upp við skipverja eftir grein 1.26. I. í kjarasamningi aðila enda eru öll gögn og upplýsingar um verðmæti afla tiltæk stefnanda.

Sæberg hf. hefur ekki sinnt skyldu sinni til uppgjörs og var því félagsmönnum Sjómannafélags Ólafsfjarðar heimilt að boða hið umdeilda verkfall, sem koma á til framkvæmda 6. júní n.k., samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu og dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst 150.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómannafélags Ólafsfjarðar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendasambands Íslands f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Sæbergs hf.

Stefnandi greiði stefnda kr. 150.000 í málskostnað.

S é r a t k v æ ð i
Valgeirs Pálssonar.

Með dómi Félagsdóms frá 5. mars sl. í málinu nr. 15/1996, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga gegn Landssambandi íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Sæbergs hf., var dæmt að Sæberg hf. taldist „hafa brotið gegn grein 1.03. í kjarasamningi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna með því að taka ekki tillit til verðmætis móttekins aflamarks fyrir seldan afla við tilgreiningu heildarskiptaverðmætis".

Mál það sem nú er til úrlausnar fyrir Félagsdómi snýst hins vegar um það hvort stefnda Sjómannafélagi Ólafsfjarðar sé heimilt að boða verkfall hjá Sæbergi hf., sem skal hefjast kl. 00:00 hinn 6. júní nk. og er ætlað að taka til félagsmanna Sjómannafélagsins, er starfa á Hvannabergi ÓF-72. Er verkfallinu ætlað að standa „þar til útgerðin fellst á að greiða og gera upp við starfsmenn sína í samræmi við kjarasamninga og Félagsdóm nr. 15/1996, sem kveðinn var upp 5. mars 1997", eins og segir í verkfallsboðun. Ágreiningur málsaðila snýst um túlkun á 1. tl. 17. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og

vinnudeilur með síðari breytingum, en samkvæmt því ákvæði er óheimilt að hefja vinnustöðvun, ef ágreiningur er einungis um atriði sem Félagsdómur á úrskurðarvald um nema til fullnægingar úrskurðum dómsins.

Með bréfi, dags. 13. maí sl., krafði Sjómannafélag Ólafsfjarðar Sæberg hf. um leiðréttingu á uppgjöri til þeirra félagsmanna sinna, er störfuðu á Hvannabergi ÓF-72 tímabilið 31. mars 1995 til 21. mars 1996. Miðaðist krafan við að 80 krónur hefðu fengist fyrir hvert kíló af rækju, sem skipið veiddi á umræddu tímabili og nam krafan samtals 6.192.292 krónum að meðtöldu 10,17% orlofi. Í bréfi Þormóðs ramma – Sæbergs hf., dagsettu 30. maí sl., kemur fram að á fundi með starfsmanni Sjómannafélagsins þann 20. maí hafi verið lagt til af hálfu útgerðarinnar að til grundvallar útreikningi kröfunnar yrði notað meðalverð hvers mánaðar samkvæmt gögnum úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna, sem starfar samkvæmt ákvæðum í kjarasamningi aðila og lögum nr. 84/1995, og reiknað sé út af Fiskifélagi Íslands. Þessari tillögu hafi hins vegar verið hafnað af hálfu Sjómannafélagsins. Af þessu má ráða að nokkur ágreiningur er með aðilum hvernig leiðrétta skuli uppgjörið í samræmi við kjarasamninga. Úr þeim ágreiningi verður ekki leyst fyrir Félagsdómi, sbr. m.a. úrskurð dómsins frá 27. september 1996 í máli nr. 10/1996 milli sömu aðila og aðild áttu að máli nr. 15/1996. Greið leið á að vera fyrir aðila að fá úr þeim ágreiningi skorið fyrir hinum almennu dómstólum í landinu.

Ákvæði 1. tl. 17. gr. laga nr. 80/1938 um heimild til að hefja vinnustöðvun til að fullnægja dómum Félagsdóms er undantekning frá meginreglum laganna um heimildir til vinnustöðvunar, sbr. 14. gr. laganna. Ber að skýra ákvæðið þröngt. Dómar verða að niðurstöðu til að vera skýrir og ótvíræðir um það hverjar efndir aðila skulu vera þannig að knýja megi fram fullnægju þeirra með verkfalli í skjóli 1. tl. 17. gr. Dómsniðurstaða Félagsdóms í máli nr. 15/1996 hefur ekki að geyma nein fyrirmæli um það með hvaða hætti skuli tekið tillit til verðmætis móttekins afla við tilgreiningu heildarskiptaverðmætis. Uppgjör til áhafnar Hvannabergs vegna tímabilsins 31. mars 1995 til 21. mars 1996 hafði farið fram á sínum tíma. Engin gögn liggja fyrir í málinu um það, hvort eða hversu háar upphæðir útgerðinni ber að greiða áhöfninni vegna niðurstöðunnar í téðum dómi Félagsdóms frá 5. mars sl. Þá átti Sjómannafélag Ólafsfjarðar ekki aðild að því

máli heldur Skipstjóra- og stýrimannafélag Norðlendinga vegna þeirra yfirmanna er störfuðu á skipinu. Að þessu athuguðu verður ekki talið að dómurinn frá 5. mars sé svo skýlaus og ótvíræð heimild um greiðsluskyldu útgerðarinnar gagnvart þeim skipverjum á Hvannabergi, sem eru í Sjómannafélagi Ólafsfjarðar, að félagið geti knúið fram frekari launagreiðslur með boðun verkfalls.

Að svo vöxnu máli verður atkvæði mitt að dæma beri fyrirhugað verkfall sem hefjast skal 6. júní nk. ólögmætt og stefndi greiði stefnanda 150.000 krónur í málskostnað að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Mánudaginn 23. júní 1997.

Nr. 10/1997. **Félag íslenskra flugumferðarstjóra (FÍF)**
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
íslenska ríkinu
(Einar Karl Hallvarðsson hrl.)

Frávísun að hluta. Sératkvæði.

Úrskurður Félagsdóms.

Málið úrskurða Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Guðmundur Skaftason og Sveinn Sveinsson.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 12. þ.m., var höfðað með stefnu áritaðri um birtingu 23. maí sl.

Stefnandi er Félag íslenskra fluguferðarstjóra (FÍF), kt. 560372-0199, Grensásvegi 16, Reykjavík.

Stefndi er íslenska ríkið, kt. 550169-2829, Arnarhváli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

Stefnandi kveðst gera eftirgreindar dómkröfur:

Aðallega að flugumferðarstjórar verðir felldir niður af skrá skv. auglýsingu nr. 68/1995, sem birt var á grundvelli 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Til vara er þess krafist að þær breytingar verði gerðar á skrá skv. 2. mgr. 19. gr., þannig að í stað orðanna „Flugumferðarstjórar, allir“ og „Flugumferðarstjórar“ komi eftirfarandi stöður:

Samgönguráðuneyti.

5 flugumferðarstjórar (varðstjórar) í flugturni í Reykjavík. Sólarhringsvakt.

4 flugumferðarstjórar (allir) í flugturni á Akureyri. Skv. þjónustuskrá.

2 flugumferðarstjórar (báðir) í flugturni í Vestmannaeyjum. Skv. þjónustuskrá.

6 flugumferðarstjórar í flugstjórnarmiðstöðinni Reykjavík á sólarhringsvakt og

5 flugumferðarstjórar á 16 tíma vakt (allir starfandi aðal- og aðstoðarvarðstjórar).

Utanríkisráðuneyti.

5 flugumferðarstjórar í flugturni Keflavíkur á sólarhringsvakt og 5 flugumferðarstjórar í aðflugi Keflavík/Reykjavík á sólarhringsvakt (allir varðstjórar og aðstoðarvarðstjórar).

Til þrautavara er þess krafist að þær breytingar verði gerðar á skrá skv. 2. mgr. 19. gr., þannig að í stað orðanna „Flugumferðarstjórar, allir“ og „Flugumferðarstjórar“ komi eftirfarandi stöður:

Samgönguráðuneyti.	
Flugstjórnarmiðstöð Reykjavíkur og flugturn Reykjavík.	Flugumferðarstjórar (20).
Flugturn Akureyri.	Flugumferðarstjórar (4).
Flugturn Vestmannaeyjum.	Flugumferðarstjórar (2).
Utanríkisráðuneyti.	
Flugturn Keflavíkurflugvelli og aðflugsstjórn Keflavík/ Reykjavík.	Flugumferðarstjórar (10).

Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins, þ.m.t. vegna kostnaðar stefnanda af virðisaukaskattskyldu lögmannsþjónustu.

Dómkröfur stefnda:

Aðallega að málinu verði vísað frá dómi.

Til vara að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt mati réttarins.

Stefnandi krefst þess að frávísunarkröfu stefnda verði hafnað og stefnanda tildæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins.

Frávísunarkrafa stefnda er hér til úrlausnar.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo:

Í auglýsingu nr. 68/1995, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda hinn 27. janúar 1995, voru allir flugumferðarstjórar, bæði þeir, sem starfa hjá flugmálastjórn í Reykjavík og hjá flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli, tilgreindir á skrá fjármálaráðherra um þá sem njóta ekki verkfallsréttar vegna starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í auglýsingunni voru störf flugumferðarstjóra tiltekin með eftirgreindum hætti.

„Stofnun.	Starf:
Utanríkisráðuneyti.	
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli.	Flugumferðarstjórar, allir.
Samgönguráðuneyti.	
Flugmálastjórn.	Flugumferðarstjórar“.

Í framangreindri birtingu fólst ákvörðun stjórnvalda um að svipta alla starfandi flugumferðarstjóra verkfallsrétti. FÍF mótmælti skráningu ráðherra á öllum flugumferðarstjórum á framangreindum lista með stefnu til Félagsdóms (mál nr. 3/1995). Með dómi 25. september 1995 hafnaði Félagsdómur kröfu stefnanda. Í forsendum dómsins kemur fram að stefnandi eigi árlega rétt til þess að bera fram andmæli við framlengdri skrá og skipti ekki máli í því sambandi að hann hafi ekki hreyft andmælum við auglýsingum fyrri ára. Tekið er fram að í ljósi niðurstöðu Félagsdóms í málinu nr. 3/1987, þar sem allir starfandi flugumferðarstjórar voru taldir falla undir 3. tl. (nú 5.tl) 1. mgr. 19. gr. l. nr. 94/1986, verði að telja að stefnandi hafi sönnunarbyrðina fyrir því, að aðstæður hafi breyst til þess að kröfur hans verði teknar til greina.

Að mati stefnanda hafa aðstæður breyst verulega frá því dómur gekk í málinu nr. 3/1995. Í sama mánuði og dómurinn var kveðinn upp sögðu nánast allir flugumferðarstjórar hjá stefnda starfi sínu lausu. Þeir sem sögðu upp voru alls 82. Uppsagnirnar áttu að taka gildi 1. janúar 1996. Vegna uppsagnanna var útbúin viðbúnaðaráætlun af hálfu flugmálayfirvalda. Stjórnvöld lýstu því yfir að með viðbúnaðaráætluninni væri að fullu tryggt nauðsynlegt flugöryggi enda yrði haldið uppi fullnægjandi flugumferðarþjónustu. Til þess að tryggja fullnægjandi mönnun skv. viðbúnaðaráætluninni var uppsagnarfrestur 32 flugumferðarstjóra framlengdur til 1. apríl 1996. Fimmtíu flugumferðarstjórum var hins vegar veitt lausn.

Í málinu leggur stefnandi fram endurrit af nokkrum yfirlýsingum forsvarsmanna flugmála, sem gefnar voru í tilefni uppsagna flugumferðarstjóra haustið 1995. Í opinberri fréttatilkynningu samgönguráðherra og utanríkisráðherra þann 27.11.95 segir:

„...Uppsagnarfrestur 32 flugumferðarstjóra er hins vegar framlengdur til 1. apríl 1996 í samræmi við lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, til þess að halda megi uppi nauðsynlegri

flugumferðarþjónustu og tryggja flugöryggi ásamt því að hefja þjálfun nýrra starfsmanna...“

Í viðtali við Morgunblaðið 28.11.95 lýsti Ásgeir Pálsson framkvæmdastjóri flugumferðarþjónustunnar því hvernig flugumferðarstjórn yrði mönnuð skv. viðbúnaðaráætluninni. Þrautavarakrafa stefnanda er um mönnun við flugumferðarstjórn í hugsanlegu verkfalli skv. lýsingu framkvæmdastjórans.

Framkvæmdastjóri flugumferðarþjónustunnar lýsti því yfir í sjónvarpsviðtali 28.11.95 að hann ætti von á því að farþegaflug yrði með eðlilegum hætti við þessar aðstæður

Í viðtali við DV 04.12.95 lýsti Þorgeir Pálsson, flugmálastjóri áhrifum viðbúnaðaráætlunarinnar þannig:

„Öllum flugstjórnarmiðstöðvum ber skylda til að hafa til reiðu viðbúnaðaráætlanir samkvæmt stofnsamningi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Slíkar áætlanir tryggja flugsamgöngur þegar eitthvað raskar flugi í viðkomandi flugstjórnarsvæði. Í raun þarf alls ekki að vera um neyðarástand að ræða. Erlendis hefur oft verið gripið til slíkra ráðstafana, m.a. vegna aðgerða flugumferðarstjóra. ... Viðbúnaðaráætlanirnar byggjast á því að draga úr hagkvæmninni án þess að fórna öryggginu ...“

Í fréttum ríkisútvarpsins 18.12.95 og Stöðvar 2 sama dag, kom fram að Alþjóðaflugmálastofnunin hefði samþykkt viðbúnaðaráætlun flugmálastjórnar fyrir íslenska flugstjórnarsvæðið. Innihald samþykktarinnar lýsti framkvæmdastjóri flugumferðarþjónustunnar svo:

„Það þýðir nú aðallega það, að við höfum fengið viðurkenningu á því að sú viðbúnaðaráætlun, sem var unnin hér heima, er viðurkennd af alþjóða flugmálastofnuninni sem að vera örugg og að fylgja öllum þeim reglum sem þarf.“

Flugmálastjóri lýsti viðbúnaðaráætluninni í fréttum RÚV 19.12.95 þannig að hún veitti fullnægjandi öryggi en kynni að leiða til óhagkvæmni fyrir flugfélögin. Skv. áætluninni yrði flugi beint yfir íslenska flugstjórnarsvæðið eftir fastákveðnum brautum í ákveðinni hæð á þeim tímum sem umferð er mest, en innanlands yrði flugstjórnarsvæðinu breytt í nokkurs konar flugupplýsingasvæði, sem ekki sé nýtt af nálinni. Orðrétt sagði flugmálastjóri:

„Hins vegar er markmið fluguferðarstjórnar tvíþætt, þ.e. að tryggja flugöryggi annars vegar og svo hagkvæmni hins vegar. Þann-

ig að við erum raunverulega að ganga á hagkvæmnina sem liggur í því að vélar verða að fljúga eftir föstum ferlum fremur heldur en að fara þær leiðir sem flugrekendur og flugmenn helst kjósa."

Aðspurður um hvort öryggi fólks yrði á einhvern hátt stefnt í voða svaraði flugmálastjóri: „Nei, það get ég fullyrt."

Í fréttum Stöðvar 2 19.12.95 sagði flugmálastjóri um viðbúnaðaráætlunina:

„Sérstaklega þá er nú kannski betra að aðrir leggi mat á það heldur en við en Alþjóðaflugmálastofnunin hún hefur yfirfarið þessar áætlanir og veitt fullt formlegt samþykki fyrir þeim."

Eftir flugmálastjórn var svo haft að viðbúnaðarkerfið gæti borið 470 vélar á annatímanum yfir daginn en mest umferð á svæðinu hafi mælst 320 vélar. Í riti flugmálastjórnar, útgefnu í október 1994, kemur fram að 1. október 1993 hafi verið metdagur á íslenska úthafsflugstjórnarsvæðinu. Þá hafi 335 vélar farið um svæðið. Það sé því ljóst að í viðbúnaðaráætlun flugmálastjórnar sé gert ráð fyrir þjónustugetu langt umfram þá umferð sem mest hefur verið til þessa.

Um það, hvort viðbúnaðaráætlunin drægi úr hagkvæmni flugreksturs, sagði flugmálastjóri:

„Já, það gerir það vissulega því að meginmarkmið flugumferðarstjórnar eru annars vegar að sjá til þess að öryggi sé haldið upp og það er þá fyrst og fremst með því að aðskilnaður sé á milli véla, nægilegur aðskilnaður, og hins vegar að tryggja ýtrustu hagkvæmni þegar því verður við komið."

Svipaðar yfirlýsingar um fullkomið öryggi en minni hagkvæmni séu hafðar eftir flugmálastjóra og framkvæmdastjóra flugumferðarþjónustunnar í fréttum 19., 26. og 28.12.95.

Ekki reyndi á viðbúnaðaráætlun flugumferðarstjórnar þann 1. apríl 1996, þar sem flugumferðarstjórarnir drógu uppsagnir sínar til baka áður en til þess kæmi. Stefnandi bendir á að flugumferðarstjórar erlendis hafi víða verkfallsrétt, t.d. í Bretlandi, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Verkfallsréttur þessara stétta hafi aldrei verið talinn fela í sér vanefnd af hálfu viðkomandi ríkisstjórna á skuldbindingum ríkjanna gagnvart Alþjóðaflugmálastofnuninni eða öðrum ríkjum um flugumferðarstjórn á viðkomandi svæði. Engin rök hnígi til þess að aðrar kröfur séu gerðar gagnvart Íslandi og engar upplýsingar liggi fyrir um að þær kröfur séu gerðar.

Nýr listi, í stað þess frá 27. janúar 1995, var ekki birtur í upphafi

þessa árs. Af því leiðir að eldri listinn hefði gilt áfram hefði stefnandi ekki lagt fram mótmæli í formi stefnu til Félagsdóms fyrir 1. mars sl., sbr. 19. gr. l. 94/1986. Félagsdómsstefna hafi verið gefin út 26.02.97. Var gerð krafa um að tilgreining stefnda á flugumferðarstjórum yrði felld af skránni frá 1995, þar sem upplýst væri það mat stefnda að einungis hluti flugumferðarstjóra þyrfti að vera að störfum í verkfalli til þess að tryggja flugöryggi. Leit stefnandi svo á, sérstaklega í ljósi niðurstöðu Félagsdóms í málinu nr. 13/1995 í máli Félags flugmálastarfsmanna ríkisins, að honum væri nægilegt að setja fram við Félagsdóm rökstudd mótmæli um að skráin væri of víðtæk og af henni mætti ekki sjá hverjir ættu að vinna og við hvaða störf. Við þær aðstæður hefði stefndi sönnunarbyrðina fyrir því að lagaskilyrði væru fyrir hendi til þess að svipta alla flugumferðarstjóra verkfallsrétti. Það hafi fram til þessa verið álit Félagsdóms að það væri hvorki hlutverk dómsins sjálfs né stéttarfélaganna að semja skrár yfir þá, sem ekki hefðu verkfallsrétt. Slíkt sé eðli máls samkvæmt hlutverk vinnuveitanda. Ekki verði fullyrt að skilja beri frávísunarúrskurðinn frá 8. apríl sl. þannig að hann feli í sér stefnubreytingu að þessu leyti. Félagsdómur hafi ekki talið samhengi málsástæðna og kröfugerðar nægjanlega skýrt og vísaði málinu frá dómi og hafi sú frávísunarástæða verið staðfest í Hæstarétti.

Í forsendum úrskurðar Félagsdóms frá 8. apríl 1997 komi fram að til þess að Félagsdómur geti lagt mat á hæfilega mönnun flugumferðarstjóra í verkfalli, þurfi að liggja fyrir hlutlæg úttekt á því hvaða mannafla sé þörf til þess að halda uppi nægilega traustri stjórn flugumferðar til að landið einangrist ekki um loftferðir og staðið verði við alþjóðlegar skuldbindingar.

Af þessu tilefni hafi stjórn stefnanda leitað þann 7. maí sl. til þriggja sérfræðinga í flugöryggismálum, sem allir séu starfandi flugumferðarstjórar og óskað eftir rökstuddu mati þeirra á þeim atriðum sem að framan eru tilgreind. Álitsgerðin er lögð fram í málinu og er varakrafa stefnanda byggð á niðurstöðum hennar.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda fyrir frávísunarkröfunni.

Með dómi Félagsdóms frá 22. maí 1987 í málinu nr. 3/1987, hafi verið kveðið upp úr um það, að störf flugumferðarstjóra væru þess eðlis, að þau féllu alfarið undir 3. tl. (nú 5.tl.) 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Að gengnum þeim dómi hafi verið birtar skrár samkvæmt 2. mgr. 19. gr., sbr. aug-

lýsingar nr. 41/1988, 53/1990, 31/1991 og 27/1992. Hafi allir flugumferðarstjórar verið taldir falla undir ákvæði 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna og engum vafa undirorpið við hverja væri átt í tilgreiningunni, þ.e. alla flugumferðarstjóra.

Þann 27. janúar 1995 hafi fjármálaráðherra gefið út auglýsingu um skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Auglýsingin var nr. 68/1995 og birt í B-deild Stjórnartíðinda, sem kom út 31. janúar sama ár og voru allir flugumferðarstjórar taldir undanskildir verkfallsheimild sem fyrr. Stefnandi höfðaði mál fyrir Félagsdómi 28. febrúar 1995 og gekk dómur í málinu þann 25. september 1995, þar sem niðurstaðan valt á því að Félagsdómur hefði þegar árið 1987 dæmt um sakarefnið og að stefnandi hefði ekki sannað að aðstæður hefðu breyst verulega frá því að sá dómur var upp kveðinn. Einn dómenda taldi að vísa ætti málinu frá dómi.

Stefnandi höfðaði mál þann 24. febrúar sl., sem þingfest var fyrir Félagsdómi 26. s.m., þar sem hann krafðist þess á ný, að flugumferðarstjórar yrðu felldir niður af skrá skv. auglýsingu nr. 68/1995, sem birt var á grundvelli 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Með úrskurði Félagsdóms frá 8. apríl 1997 var málinu vísað frá dómi, þar sem um kröfurnar væri þegar dæmt, sbr. 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991. Auk þess taldi Félagsdómur málið vanreifað. Með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 178/1997 var úrskurður Félagsdóms staðfestur. Komi fram í dómi Hæstaréttar að hinn kærði úrskurður hefði verið á því byggður að málatilbúnaður sóknaraðila fullnægði ekki skilyrðum eliðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 og yrði hann því staðfestur með skírskotun til forsendna.

Stefndi telur enn sem fyrr að þegar hafi verð dæmt um það ágreiningsatriði aðila málsins, hvort flugumferðarstjórar væru með auglýstri skrá nr. 68/1995 réttilega taldir falla undir ákvæði 5 tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Ekki hafi verið birt ný skrá skv. 2. mgr. 19. gr., heldur hafi skráin frá 1995 framlengst sjálfkrafa og sé í gildi nú. Lokamálsliður 2. mgr. 19. gr. kveði á um að ágreiningur um breytingar á skrá skuli lagður fyrir Félagsdóm sem skeri úr honum til fullnustu. Engar breytingar hafi verið gerðar á skránni. Félagsdómur hafi skorið úr um það, að störf flugumferðarstjóra, eins og þau eru tilgreind í auglýstri skrá nr. 68/1995, séu þess eðlis að falla alfarið undir 3. tl. (nú 5.tl.) 1. mgr. 19. gr. Stefndi telur að þar sem þegar hafi verið dæmt um sakarefnið og raunar sömu kröfu og

stefnandi gerir nú á hendur stefnda, verði að vísa málinu frá Félagsdómi skv. 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Það hafi verið niðurstaða Félagsdóms í málinu nr. 3/1995, að þótt allir flugumferðarstjórar féllu undir ákvæði 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 og væru þannig tilgreindir á skrá nr. 68/1995, teldust ekki efni til að líta svo á að undanþágulistarnir fælu í sér víðtækari undanþágur en lög gerðu ráð fyrir og dæmt var um í félagsdómsmálinu nr. 3/1987. Félagsdómur hafi þá talið að stefnandi hefði ekki fært fram upplýsingar um það hvaða félagsmenn stefnanda eða hve stór hluti félagsmanna stefnanda ynnu ekki við flugumferðarstjórn. Taldi dómurinn að stefnandi hefði sönnunarbyrði fyrir því að aðstæður hefðu breyst verulega frá því að dómur var uppkveðinn í málinu frá 1987. Í úrskurði dómsins frá 8. apríl síðastliðnum í málinu nr. 3/1997 hafi Félagsdómur talið að framlenging uppsagnarfrests hjá hluta af flugumferðarstjórum leiddi ekki rökrétt til þess að unnt væri að taka dómkröfu stefnanda til greina. Vanreifun málsins fælist í því að framlögð gögn væru að mestu frásagnir fjölmiðla um meira eða minna ósamhljóða skoðanir manna um tilvik af öðru tilefni en sakarefnið varðaði og að þau yrðu ekki ein sér lögð til grundvallar, heldur þyrfti að liggja til grundvallar hlutlæg úttekt á því hvaða mannafla væri þörf til að halda uppi nægjanlega traustri stjórn flugumferðar til að landið einangrist ekki um loftferðir og staðið verði við alþjóðlegar skuldbindingar. Þá væri nauðsynlegt fyrir stefnanda að tilgreina hvaða störfum kynni að vera ofaukið á hinni umdeildu skrá, miðað við starfslýsingar og hvort og þá hvernig þau tengdust flugumferðarstjórninni.

Stefndi telur málatilbúnað stefnanda haldinn sömu göllum og fyrr sem leiða eigi til frávísunar. Hafi stefnandi fremur aukið á öflun gagna af vettvangi fjölmiðla sem enga þýðingu geti haft. Stefnandi hafi ekki reynt að sýna fram á að einhver hluti félagsmanna sinna starfi ekki við flugumferðarstjórn eða hvort og á hvern hátt störfum þeirra væri ofaukið. Hafi stefnandi aðeins lagt fram álitsgerð þriggja félagsmanna sinna, sem skipaðir hafi verið af stjórn stefnanda til að „leggja faglegt mat á hversu marga starfsmenn þurfi til að sinna lágmarksþjónustu við flugumferðarstjórn á Íslandi komi til vinnustöðvunar/verkfalls flugumferðarstjóra." Í fyrsta lagi sé álitsgerðin undir engum kringumstæðum hlutlæg, enda unnin af félagsmönnum stefn-

anda að beiðni stjórnar stefnanda og hafi tveir af þremur höfundum hennar ekki full réttindi til að starfa í flugstjórnarmiðstöð. Hvorki sé í henni greint að aðstæður hafi breyst verulega frá því er dómur gekk um sakarefnið 1987 eða 1995 né upplýsingar um hvaða félagsmenn stefnanda starfi ekki við flugumferðarstjórn og þá hvaða störfum kunni að vera ofaukið miðað við að nauðsynlegustu öryggisþjónustu sé gætt. Þar sem stefnandi hafi ekki gert tilraun til að leggja málið þannig fyrir Félagsdóm að um það verði dæmt, telur stefndi að vísa beri málinu frá dómi.

Til stuðnings frávísunarkröfu er ennfremur á því byggt að málshöfðunarfrestur sá er mælt er fyrir um í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 hafi verið löngu liðinn er mál þetta var höfðað. Gildandi skrá skv. auglýsingu nr. 68/1995 hafi framlengst sjálfkrafa. Ekki hafi komið fram andmæli af hálfu stefnanda fyrir 1. mars síðastliðinn er lutu að því að tilgreiningar á skránni væru óljósar. Telur stefndi að deilur þess efnis verði ekki lagðar fyrir Félagsdóm að liðnum hinum lögákveðna fresti. Þá hafi ekki komið fram andmæli sama efnis og stefnandi haldi fram til stuðnings vara- og þrautavarakröfu sinni. Þar sem liðinn sé sá tími sem stefnandi hafði til andmæla um framangreind atriði telur stefndi að vísa beri málinu frá.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda fyrir því að frávísunarkröfunni skuli hafnað.

Af hálfu stefnanda var því haldið fram að frávísunarúrskurður Félagsdóms í máli nr. 3/1997 hafi verið staðfestur með dómi Hæstaréttar hinn 6. maí 1997 með vísan til þess að úrskurðurinn væri á því byggður að málatilbúnaður sóknaraðila fullnægði ekki skilyrðum e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Úr þessu hafi nú verið bætt.

Eins og málið hafi nú verið lagt fyrir dóminn sé samhengi milli krafna og málsástæðna og sé málatilbúnaður stefnanda ekki andstæður 2. tl. 116. gr. einkamálalaga. Ekki sé bannað að bera álitaefni máls þess að nýju undir dóminn.

Verkfallsréttur sé meginregla og öll frávik frá þeim rétti beri að túlka þröngt.

Í þessu máli sé um þrjár kröfur að ræða. Þegar hafi eingöngu verið dæmt um eina kröfuna. Að áliti stefnanda megi líka bera þá kröfu undir dóm að nýju.

Yfirlýsingar þær úr fjölmiðlum, sem vitnað er til af hálfu stefn-

anda, séu yfirlýsingar frá virtum og ráðandi aðilum á þessu sviði, svo sem samgönguráðherra, utanríkisráðherra, flugmálastjóra og framkvæmdastjóra flugumferðarstjórnar. Það sé stefnda að sanna að þessar yfirlýsingar séu ekki rétt eftir hafðar.

Í úrskurði Félagsdóms frá 8. apríl 1997 í máli nr. 3/1997 segi að fyrir þurfi að liggja hlutlæg úttekt á því hvaða mannafla sé þörf til þess að halda uppi nægilega traustri stjórn flugumferðar til að landið einangrist ekki um loftferðir og staðið verði við alþjóðlegar skuldbindingar. Vegna þessa hafi stefnandi leitað til þriggja manna um rökstutt mat og það liggi fyrir í málinu. Álitsgerð þessi sé hlutlæg og vel rökstudd að áliti stefnanda.

Af hálfu stefnanda var því sérstaklega mótmælt að málshöfðunarfrestur væri liðinn.

Forsendur og niðurstaða.

Aðalkrafan er hin sama og vísað var frá með úrskurði Félagsdóms 8. apríl sl. og staðfestur var í Hæstarétti 6. maí sl. þar eð málatilbúnaður fullnægði ekki skilyrðum e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Ekki verður séð að úr hafi verið bætt með málssókn þessari. Tilvísun til dóms Félagsdóms í málinu nr. 13/1995 frá 30. október 1995: Félag flugmálastarfsmanna ríkisins og fleiri félaga gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, varðandi sönnunarstöðu í því máli, hefur hér ekki þýðingu með því að milli aðila þessa máls var hún skýrlega greind í dómi Félagsdóms frá 25. september 1995, en sakarefnið þar var hið sama og aðalkrafa þessa máls. Ber því að vísa aðalkröfunni frá dómi, sbr. framangreint ákvæði laga um meðferð einkamála.

Víkur þá að varakröfu stefnanda og þrautavarakröfu.

Í dómi Félagsdóms í máli sömu aðila frá 22. maí 1987 var litið svo á að störf þeirra félagsmanna stefnanda sem störfuðu sem flugumferðarstjórar væru þess eðlis að þau féllu alfarið undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna um kjarasamninga opinberra starfsmanna og að starfsmönnum stefnda væri því óheimilt að gera verkfall. Var þar boðað verkfall því dæmt ólögmætt.

Í áðurgreindum úrskurði Félagsdóms frá 8. apríl sl. var bent á að fyrir þyrfti að liggja hlutlæg úttekt á því hvaða mannafla væri þörf til þess að halda uppi nægilega traustri stjórn flugumferðar í verkfalli. Var þess getið að í því efni væri nauðsynlegt að tilgreina hvaða störfum kunni að vera ofaukið á hinni umdeildu skrá, starfslýsingar

og hvernig störfin tengdust flugumferðarstjórninni. Augljóst er að á verkfallstíma er um mjög flókið og sérfræðilegt álitaefni að ræða. Stefnandi hefur í þessu máli lagt fram álitsgerð þriggja félagsmanna sinna sem allir eiga beinna hagsmuna að gæta af málalokum og hafa áður tjáð sig opinberlega um ágreiningsefnin. Tveir þeirra hafa verið til skamms tíma í samninganefnd stefnanda og annar þeirra varaformaður. Samkvæmt þessu ber álitsgerðin nokkurn keim af aðilaskýrslu. Sá ljóður er einnig á álitsgerðinni að hún er unnin út frá viðbúnaðaráætlun stefnda vegna uppsagnar flugumferðarstjóra en þessi tilvik verða ekki með réttu borin saman með því að flugmálastjórn hefur allt önnur og rýmri úrræði til að ráða í stöður flugumferðarstjóra að undangengnum uppsögnum heldur en tök eru á þegar verkfall stendur yfir.

Í 2. mgr. 60. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála segir, að dómari leggi sjálfur mat á atriði sem krefjast almennrar þekkingar og menntunar eða lagaþekkingar. Hin sérfræðilegu atriði í málinu eru langt utan þessa sviðs. Þá mátti stefnanda vera ljóst að álitsgjafarnir yrðu að vera „óaðfinnanleg vitni“ til þess að álitsgerðin fengi sönnunargildi.

Af þessum ástæðum þykir ekki hjá því komist að vísa varakröfu og þrautavarakröfu frá dómi, sbr. e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað sem ákveðst kr. 75.000 að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Félag íslenskra flugumferðarstjóra, greiði stefnanda, íslenska ríkinu, kr. 75.000 í málskostnað.

Sératkvæði
Sveins Sveinssonar.

Ég tel að í málinu hafi stefnandi lagt farm ítarlegri gögn og upplýsingar en hann hefur áður gert í félagsdómsmálunum nr. 13/1995 og nr. 3/1997. Eru gögn þessi m.a. í formi lýsingar á viðbúnaðaráætlun stefnda, skráðar lýsingar á afstöðu flugmálayfirvalda til nauðsynlegustu mönnunarþarfa og álitsgerð þriggja sérfræðinga um lág-

marks mannaflaþörf við flugumferðarstjórn komi til verkfalls flugumferðarstjóra. Á stefnandi rétt á að fá afstöðu Félagsdóms til þeirra. Að þessu virtu tel ég að málinu verði ekki vísað frá en taka eigi það til efnislegrar meðferðar fyrir dóminum.

Dómur Hæstaréttar 11. september 1997.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur með kæru 30. júní 1997, sem barst Hæstarétti 4. júlí 1997. Krefst hann þess, að hinum kærða frávísunarúrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir Félagsdóm að taka málið til efnismeðferðar. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Í hinum kærða úrskurði er gerð grein fyrir atvikum málsins.

Með vísan til forsendna úrskurðarins er staðfest niðurstaða hans um frávísun aðalkörfu sóknaraðila.

Í stefnu máls þessa gerir sóknaraðili varakröfu og þrautavarakröfu, en þær lúta að því, að tilteknar breytingar verði gerðar á skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eins og nánar er greint í hinum kærða úrskurði. Til stuðnings kröfum þessum hefur sóknaraðili meðal annars lagt fram álitsgerð þriggja manna, sem hann kveður sérfróða á þessu sviði, en vísar auk þess til ummæla, sem höfð hafa verið eftir embættismönnum flugmálastjórnar. Telja verður, að þessi málatilbúnaður hans fullnægi skilyrðum e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Á sóknaraðili því rétt á að fá efnislega meðferð á framangreindum kröfum. Reynir þá á sönnunargildi framlagðra gagna og annars þess, sem fram kemur við nánari umfjöllun málsins. Er því lagt fyrir Félagsdóm að taka málið til efnislegrar meðferðar að þessu leyti.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Staðfest er ákvæði hins kærða úrskurðar um frávísun aðalkröfu sóknaraðila, Félags íslenskra flugumferðarstjóra.

Lagt er fyrir Félagsdóm að taka til efnislegrar meðferðar vara- og þrautavarakröfu sóknaraðila.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 27. júní 1997.

Nr. 9/1997. **Sjúkraliðafélag Íslands**
(Hjalti Pálmason cand. jur.)
gegn
Reykjanesbæ og
(Sigurður Guðmundsson hdl.)
Starfsmannafélagi Reykjanesbæjar

Kjarasamningur. Samningsaðild.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Guðni Haraldsson og Gísli Gíslason.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þ.m., var höfðað með stefnu birtri 15. maí sl., þingfestri 26. maí sl.

Stefnandi er Sjúkraliðafélag Íslands, kt. 560470-0109, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Stefndu eru Reykjanesbær, kt. 470794-2169, Tjarnargötu 12, Reykjanesbæ og Starfsmannafélag Reykjanesbæjar, kt. 411087-2559, Hafnargötu 37a, Reykjanesbæ.

Dómkröfur stefnanda:

Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að Sjúkraliðafélag Íslands fari með samningsaðild fyrir Ingu Lóu Guðmundsdóttur, kt. 250957-5059, Lyngholti 22, 230 Reykjanesbæ, við gerð kjarasamninga við Reykjanesbæ vegna starfa hennar sem forstöðumaður dagvistar aldraða hjá Reykjanesbæ að Suðurgötu 12, Reykjanesbæ.

Að stefndi Reykjanesbær verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað vegna meðferðar málsins fyrir Félagsdómi, þ.m.t. kostnað stefnanda af virðisaukaskattskyldri lögmannsþjónustu.

Dómkröfur stefnda Reykjanesbæjar:

Að stefndi Reykjanesbær verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að stefnandi greiði stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins, stefnda að skaðlausu.

Við þingfestingu málsins var lögð fram yfirlýsing formanns Starfsmannafélags Reykjanesbæjar, þar sem því var lýst yfir að Starfsmannafélag Reykjanesbæjar geri ekki athugasemd við dómkröfur stefnanda að öðru leyti en því, að félagið andmælir því að verða dæmt til greiðslu málskostnaðar, enda hafi félagið á engan hátt átt þátt í því að þessi málssókn reyndist nauðsynleg.

Starfsmannafélag Reykjanesbæjar hélt ekki uppi vörnum í málinu.

Við munnlegan málflutning féll stefnandi frá kröfu um málskostnað úr hendi stefnda Starfsmannafélags Reykjanesbæjar.

Málavextir.

Inga Lóa Guðmundsdóttir er sjúkraliði og félagsmaður í SLFÍ.

Á fundi félagsmálaráðs Keflavíkur 25. maí 1992 kom fram tillaga um að stofnunin auglýsti eftir forstöðumanni fyrir dagvist aldraðra og skyldi hann hafa hjúkrunarfræðimenntun eða aðra menntun sambærilega. Í Víkurfréttum 26. tbl., 25. júní 1992, birtist auglýsing frá félagsmálastjóra Keflavíkur þar sem óskað var eftir að ráða forstöðumann dagvistar aldraðra frá og með 1. sept. 1992. Tekið var fram að hjúkrunarfræðimenntun væri áskilin. Í 27. tbl. Víkurfrétta, 2. júlí 1992, birtist önnur auglýsing þar sem Keflavíkurbær óskaði eftir að ráða forstöðumann dagvistar aldraðra. Í þeirri auglýsingu var tekið fram að æskilegt væri að viðkomandi hefði sjúkraliðamenntun og/eða reynslu í umönnun aldraðra.

Á fundi félagsmálaráðs 9. júlí 1992 var samþykkt að leggja til að Inga Lóa Guðmundsdóttir sjúkraliði, Lyngholti 22, Keflavík, yrði ráðin í hina auglýstu stöðu og var Inga Lóa ráðin í starfið frá 1. september 1992.

Frá upphafi ráðningar sinnar hefur Inga Lóa verið félagsmaður í SLFÍ og hefur hún óskað þess að félagið færi með kjarasamningsfyrirsvar hennar við Reykjanesbæ. Því hefur stefndi, Reykjanesbær, hafnað. Hefur Inga Lóa fengið greitt samkvæmt kjarasamningi Reykjanesbæjar við Starfsmannafélag Reykjanesbæjar. Sá kjarasamningur nær til starfsheitis forstöðumanns dagvistar aldraðra. Að sögn stefnanda hefur Ingu Lóu verið gert að greiða félagsgjöld til starfsmannafélagsins.

Með bréfi, dags. 24. okt. 1996, undirrituðu af Gunnari Gunnarssyni framkvæmdastjóra Sjúkraliðafélags Íslands, tilkynnti SLFÍ stefnda Reykjanesbæ, að Inga Lóa Guðmundsdóttir hafi óskað inngöngu í félagið og því bæri vinnuveitanda hennar að greiða henni laun samkvæmt launatöflu SLFÍ og standa skil á félagsgjöldum, þar með talið framlögum í starfsmenntunarsjóð og orlofssjóð. Með bréfi stefnda Reykjanesbæjar, dags. 18. nóvember 1996, var stefnanda tilkynnt að bæjarráð hefði á fundi 13. nóvember 1996 hafnað erindinu.

Með bréfi til bæjarráðs Reykjanesbæjar, dags. 27. des. 1996, var

ítrekuð krafa stefnanda um að Reykjanesbær viðurkenndi stéttarfélagsaðild Ingu Lóu í SLFÍ og að laun yrðu greidd samkvæmt launatöflu félagsins. Var erindi stefnanda m.a. rökstutt með vísun til niðurstöðu Félagsdóms í málinu nr. 16/1995. Með bréfi stefnda Reykjanesbæjar til stefnanda, dags. 10. janúar 1997, áréttaði Reykjanesbær fyrri afstöðu sína.

Með bréfi, dags. 12. mars 1997, sendi stefnandi stefnda Reykjanesbæ álitsgerð lögmanns stefnanda og ítrekaði kröfu um gerð kjarasamnings við sveitarfélagið. Með bréfi stefnda Reykjanesbæjar til stefnanda, dags. 21. apríl 1997, var tilkynnt að erindi stefnanda hefði verið hafnað.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi kveður mál þetta lúta dómsvaldi Félagsdóms á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986.

Málshöfðunin beinist eðli málsins samkvæmt einkum að stefnda Reykjanesbæ, en til öryggis sé Starfsmannafélagi Reykjanesbæjar einnig stefnt, enda þurfi félagið að vera aðili málsins til þess að vera bundið af dómi í því.

Stefnandi byggir á eftirtöldum málsástæðum og lagarökum:

SLFÍ sé stéttarfélag í skilningi laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. 3. tl. 5. gr. laganna. Af því leiði að SLFÍ eigi rétt á því að fara með samningsaðild fyrir félagsmenn sína sem þess óska. Inga Lóa Guðmundsdóttir sé sjúkraliði að mennt, óski félagsaðildar að SLFÍ og þess að félagið fari með samningsaðild fyrir hennar hönd við kjarasamningsgerð við Reykjanesbæ.

Sannað sé í málinu að sjúkraliðamenntun Ingu Lóu Guðmundsdóttur nýtist henni í starfi forstöðumanns aldraðra, enda beinlínis áskilið í auglýsingu um starfið að slík menntun eða sambærileg sé fyrir hendi.

Stefnda Reykjanesbæ sé óheimilt að hafa afskipti af stéttarfélagsaðild Ingu Lóu Guðmundsdóttur og sé jafnframt óheimilt að þvinga hana til þátttöku í öðru stéttarfélagi en hún sjálf kjósi. Þessi regla verði leidd af félagafrelsisákvæði í 74. gr. stjórnarskrárinnar og sé jafnframt varin af 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem hafi beint lagagildi á Íslandi, sbr. lög nr. 62/1994. Reglan hafi beinan stuðning í 4. gr. laga nr. 80/1938. Stefnandi telur að túlka beri ákvæði I. kafla laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna í samræmi við þetta.

Samkvæmt 4. og 5. gr. laga nr. 94/1986 eigi stéttarfélög opinberra starfsmanna rétt til samningsaðildar fyrir félagsmenn sína. Í reglunni felist að ríki og sveitarfélögum sé skylt að gera kjarasamninga við félögin vegna félagsmanna þeirra sem hjá þeim starfa, að uppfylltum almennum skilyrðum.

Að mati stefnanda er dómur Félagsdóms í málinu nr. 16/1995 skýrt fordæmi um að kröfu stefnanda skuli taka til greina.

Málskostnaðarkröfu sína styður stefnandi við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Málsástæður og lagarök stefnda, Reykjanesbæjar.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 94/1986 eigi stéttarfélög starfsmanna ríkis og sveitarfélaga eða samtök slíkra félaga að fara með fyrirsvar félagsmanna sinna við gerð kjarasamninga samkvæmt lögunum og aðrar ákvarðanir í sambandi við þá. Inga Lóa Guðmundsdóttir sé félagi í Starfsmannafélagi Reykjanesbæjar og engin gögn fyrirliggjandi í málinu þess efnis að hún hafi sagt sig úr því félagi. Samkvæmt því hljóti SFR að fara með samningsumboð Ingu Lóu.

Stefndi, Reykjanesbær, hafi ekki á nokkurn hátt þvingað Ingu Lóu til þátttöku í öðru stéttarfélagi en hún kjósi sjálf. Í ráðningarsamningi Ingu Lóu, dags. 1. ágúst 1992, komi fram að hún taki laun samkvæmt kjarasamningi launanefndar S.S.S. og STKB. Með því hafi Inga Lóa gengið í STKB nú STRB. Því hljóti starfsmannafélag Reykjanesbæjar að fara með samningsaðild fyrir hana, enda þiggi hún laun samkvæmt kjarasamningi þess félags.

Því er ekki mótmælt að rétturinn til að ganga í stéttarfélag teljist til grundvallarréttinda og sé varinn af félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og af mannréttindasáttmála Evrópu. Þannig mótmælir stefndi því ekki að Inga Lóa sé í stéttarfélagi SLFÍ, hins vegar hljóti aðild hennar þar ýmist að vera aukaaðild eða fagfélagsaðild, því að Inga Lóa þiggi nú laun og muni gera, sbr. ráðningarsamning hennar, samkvæmt kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og Starfsmannafélags Reykjanesbæjar og vísist til meginreglunnar um skuldbindingargildi samninga því til stuðnings.

Í lögum Sjúkraliðafélags Íslands sé raunar gert ráð fyrir því að sjúkraliðum kunni að vera skylt að vera aðilar að öðru stéttarfélagi, sbr. 5. gr. laga Sjúkraliðafélags Íslands. Þannig megi telja að Ingu Lóu sé skylt að vera aðili að Starfsmannafélagi Reykjanesbæjar

enda hafi hún samið um að taka laun samkvæmt kjarasamningi þess félags við stefnda.

Þannig verði, svo dæmi sé tekið, ekki talið að lögfræðingur, sem ráði sig hjá Reykjanesbæ og samþykki að taka laun samkvæmt kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og Starfsmannafélags Reykjanesbæjar í upphafi ráðningartímans, geti á síðari stigum gengið í Lögfræðingafélag Íslands og óskað eftir því að þeir fari með samningsaðild hans við gerð kjarasamninga. Viðsemjandi stefnda hljóti að vera í Starfsmannafélagi Reykjanesbæjar eftir sem áður, þrátt fyrir að Inga Lóa hafi sótt um inngöngu í SLFÍ, eins og komi fram í ráðningarsamningi hennar, sem hún hafi undirritað af fúsum og frjálsum vilja.

Inga Lóa hafi samið svo um, að Starfsmannafélag Reykjanesbæjar sjái um kjarasamningsgerð fyrir hennar hönd, því verði ekki breytt þrátt fyrir að hún gangi í Sjúkraliðafélag Íslands og sé raunar stefnda þrautalaust þótt hún sé aðili að því félagi. Hins vegar semji stefndi um kaup Ingu Lóu við Starfsmannafélag Reykjanesbæjar, sbr. ráðningarsamning aðila. Vilji Inga Lóa breyta þeim ráðningarsamningi ætti slíkt álitaefni væntanlega undir héraðsdóm en ekki Félagsdóm og ekki verði séð að Félagsdómur hafi dómsvald til þess að breyta persónubundnum ráðningarsamningum.

Því er mótmælt sem ósönnuðu að sjúkraliðamenntun Ingu Lóu nýtist henni í starfi forstöðumanns dvalarheimilis aldraðra og hljóti stefndi (svo) að bera sönnunarbyrðina fyrir þeirri fullyrðingu sinni

Inga Lóa sé opinber starfsmaður og samkvæmt 4. og 5. gr. laga nr. 94/1986 eigi stéttarfélög opinberra starfsmanna rétt til samningsaðildar fyrir félagsmenn sína. Stefnda sé skylt að gera kjarasamning við stéttarfélög vegna félagsmanna þeirra. Viðsemjandi stefnda samkvæmt framangreindu sé Starfsmannafélag Reykjanesbæjar en ekki SLFÍ.

Dómur Félagsdóms í málinu nr. 16/1995 sé ekki fordæmisgefandi í máli þessu.

Við munnlegan málflutning var því lýst yfir af hálfu stefnda, Reykjanesbæjar, að dskj. nr. 16 yrði lagt til grundvallar í málinu í stað dskj. 14.

Um lagarök er vísað til laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, mannréttindasátt-

mála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra. Þá er vísað til meginreglna samningaréttarins, sérstaklega um frelsi til samninga og skuldbindingargildi þeirra.

Um málskostnaðarkröfu stefnda er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

Niðurstaða.

Mál þetta á undir dómsvald Félagsdóms samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Óumdeilt er að samþykkt var á fundi félagsmálaráðs Keflavíkur hinn 25. maí 1992 að ráða forstöðumann við dagvist aldraðra. Var við það miðað að forstöðumaðurinn hefði hjúkrunarfræðimenntun eða aðra sambærilega menntun. Í auglýsingu um stöðuna, sem birtist í Víkurfréttum 25. júní 1992, var hjúkrunarfræðimenntun áskilin. Í auglýsingu um stöðuna, er birtist í sama blaði hinn 2. júlí 1992, var tekið fram að æskilegt væri að viðkomandi hefði sjúkraliðamenntun og/eða starfsreynslu í umönnun aldraðra. Inga Lóa Guðmundsdóttir var meðal umsækjenda um stöðuna. Félagsmálaráð Keflavíkur samþykkti að leggja til að Inga Lóa Guðmundsdóttir yrði ráðin í stöðuna. Réðu bæjaryfirvöld Ingu Lóu til starfans, sbr. ráðningarsamning, dags. 1. ágúst 1992.

Samkvæmt gögnum málsins gekk Inga Lóa Guðmundsdóttir í Sjúkraliðafélag Íslands hinn 11. apríl 1991. 24. október 1996 sagði Inga Lóa Guðmundsdóttir sig formlega úr Starfsmannafélagi Reykjanesbæjar. Með bréfi, dags. 24. október 1996, tilkynnti stefnandi stefnda Reykjanesbæ um félagsaðild Ingu Lóu Guðmundsdóttur að Sjúkraliðafélagi Íslands og fór fram á að sveitarfélagið stæði skil á félagsgjöldum og gjöldum til sjóða félagsins vegna hennar. Bæjarráð Reykjanesbæjar hafnaði erindinu á fundi sínum 13. nóvember 1996 svo og síðari ítrekunum stefnanda.

Sjúkraliðafélag Íslands er stéttarfélag sem hefur rétt til að vera samningsaðili við stefnda, Reykjanesbæ, samkvæmt ákvæðum 3. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1986. Inga Lóa Guðmundsdóttir er félagi í Sjúkraliðafélagi Íslands.

Af hálfu stefnda Reykjanesbæjar er því mótmælt sem ósönnuðu að sjúkraliðamenntun Ingu Lóu Guðmundsdóttur nýtist henni í umræddu starfi. Þegar litið er til fyrrgreindra ákvarðana og auglýsinga stefnda, Reykjanesbæjar, um starfið svo og eðlis starfsins þykir ótví-

rætt mega byggja á því að menntun Ingu Lóu Guðmundsdóttur og starfsreynsla hennar sem sjúkraliði nýtist henni í starfinu. Samkvæmt því og með vísan til þess að samningsréttur stéttarfélaga samkvæmt 3. tölulið 5. gr. laga nr. 94/1986 er ekki bundinn því skilyrði að hann taki einungis til þeirra félagsmanna viðkomandi stéttarfélags sem gegna störfum hjá viðsemjanda félagsins, þar sem starfsmenntun er áskilin, ber að fallast á kröfu stefnanda, sbr. dóm Félagsdóms 14. júlí 1995 í máli nr. 16/1995.

Ekki verður talið, að stefndi hafi sýnt fram á nein þau atvik sem leiði til bindandi samningsfyrirsvars Starfsmannafélags Reykjanesbæjar vegna Ingu Lóu Guðmundsdóttur, er standi framangreindri niðurstöðu í vegi, enda sagði hún sig úr Starfsmannafélagi Reykjanesbæjar 24. okt. 1996 og starfsmannafélagið gerir ekki athugasemdir við dómkröfur stefnanda, sbr. yfirlýsingu félagsins vegna málssóknarinnar, dags. 16. maí 1997.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að stefndi Reykjanesbær greiði stefnanda 150.000 krónur í málskostnað og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Viðurkennt er að Sjúkraliðafélag Íslands fari með samningsaðild fyrir Ingu Lóu Guðmundsdóttur, kt. 250957-5059, Lyngholti 22, Reykjanesbæ, við gerð kjarasamninga við Reykjanesbæ vegna starfa hennar sem forstöðumaður dagvistar aldraða hjá Reykjanesbæ, Suðurgötu 12, Reykjanesbæ.

Stefndi, Reykjanesbær, greiði stefnanda, Sjúkraliðafélagi Íslands, kr. 150.000 í málskostnað.

Föstudaginn 11. júlí 1997.

Nr. 6/1997. **Bandalag háskólamanna**
f.h. Félags fréttamanna
(Ragnar H. Hall hrl.)
gegn
ríkissjóði Íslands
(Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Kjarasamningur. Dagapeningar. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 26. júní sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Guðný Björnsdóttir, Sigurður T. Magnússon og Guðmundur Skaftason.

Stefnandi er Bandalag háskólamanna, kt. 630387-2569, Lágmúla 7, Reykjavík, f.h. Félags fréttamanna, kt. 630185-0849, Efstaleiti 1, Reykjavík.

Stefndi er ríkissjóður Íslands, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að þeir félagsmenn stefnanda sem starfa hjá Ríkisútvarpinu eigi samkvæmt grein 5.6. í kjarasamningi aðila dagsettum 15. maí 1995, rétt á óskertum dagpeningum þegar þeir fara til annarra landa á vegum stofnunarinnar, og skuli dagpeningar greiddir fyrir tímabilið frá því utanför hefst og þar til heimferð lýkur.

Til vara er þess krafist að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að stefndi hafi við uppgjör dagpeninga við eftirtalda félagsmenn stefnanda vegna eftirtalinna ferðalaga þeirra á vegum Ríkisútvarpsins vanefnt ákvæði greinar 5.6. í kjarasamningi málsaðila í þeim mæli sem hér segir:

Nafn fréttamanns:	Brottför:	Komudagur:	Vangreidd fjárhæð:
Friðrik P. Jónsson	240196	280196	SDR 168
Ólöf R. Skúladóttir	010496	040496	SDR 168
Ólafur Sigurðsson	130496	180496	SDR 356
Ásgeir Tómasson	140596	170596	SDR 252

Helgi H. Jónsson	140596	170596	SDR 252
Jóhann Hauksson	260696	290696	SDR 176
Hermann Sveinbjörnsson	190996	230996	SDR 301
Páll Benediktsson	190996	230996	SDR 301
Kristín Þorsteinsdóttir	251096	291096	SDR 301
Páll Benediktsson	301096	051196	SDR 258
Hrannar Pétursson	231196	281196	SDR 344.

Einnig gerir stefnandi kröfu um að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins, og að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt af málskostnaði, en stefnandi kveðst ekki njóta frádráttarréttar á móti þeim skatti.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að tildæmdur verði málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins.

Málavextir.

Stefnandi gerir þá grein fyrir málavöxtum, að Félag fréttamanna sé eitt af aðildarfélaga Bandalags háskólamanna. Félag fréttamanna sé stéttarfélag sem hafi sjálfstæðan samningsrétt samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 94/1986 um kaup og kjör félagsmanna sinna sem starfa hjá ríkinu og hafi gert kjarasamning við stefnda 15. maí 1995. Með þeim samningi hafi tilteknum atriðum í eldri kjarasamningi aðila verið breytt, en samningurinn að öðru leyti framlengdur óbreyttur með gildistíma til 31. desember 1996. Nýr kjarasamningur hafi ekki verið gerður og beri aðilum því samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laga nr. 94/1986 að fara eftir þessum kjarasamningi þar til nýr hefur tekið gildi.

Stefnandi kveður grein 5.6. í kjarasamningi aðila vera svohljóðandi:

5.6. Dagpeningar erlendis.

5.6.1. Annar ferðakostnaður (þ.e. annar en fargjöld, innsk. stefnanda) á ferðalögum erlendis greiðist með dagpeningum, sem skulu ákveðnir af nefnd skv. 5.8.

5.6.2. Af dagpeningum á ferðalögum erlendis ber að greiða allan venjulegan ferðakostnað annan en fargjöld, svo sem kostnað vegna ferða að og frá flugvöllum, fæði, húsnæði, minni háttar risnu, hvers konar persónuleg útgjöld.

Stefnandi kveður það hafa gerst alloft á gildistíma kjarasamnings aðilanna að fréttamenn hafi verið sendir utan á vegum Ríkisútvarpsins í ferðir, sem stofnunin hefur skilgreint sem boðsferðir. Ástæðulaust þykir að gera hér grein fyrir aðdraganda að ákvörðunum um að senda fréttamenn í slíkar ferðir, en aðalatriði í því sambandi telur stefnandi vera að stofnunin hefur sent þessa starfsmenn sína til útlanda vegna starfseminnar. Viðkomandi fréttamenn hafi því farið slíkar ferðir samkvæmt ákvörðun yfirmanna sinna hverju sinni.

Heldur stefnandi því fram að við uppgjör ferðakostnaðar vegna slíkra ferða, þ.e. þeirra sem Ríkisútvarpið hefur skilgreint sem boðsferðir, hafi stofnunin, Ríkisútvarpið, aðeins greitt viðkomandi fréttamönnum hluta þeirra dagpeninga sem þeir hafi átt rétt á hverju sinni. Ástæða þessa sé sú, að Ríkisútvarpið hafi „ákveðið" að greiða í svokölluðum boðsferðum aðeins hálfa dagpeninga og að í slíkum ferðum skuli dagpeningar ekki greiddir þá daga sem ferðalög að og frá landinu standa.

Stefnandi kveður tilraunir stéttarfélagsins til að fá þetta leiðrétt ekki hafa borið árangur, og hann telji þess vegna óhjákvæmilegt að höfða mál fyrir Félagsdómi til að fá skorið úr þessum ágreiningi í eitt skipti fyrir öll. Raunar hafi mál um viðurkenningarkröfu vegna þessa verið rekið fyrir Félagsdómi, mál nr. 16/1996, en því verið vísað frá dómi vegna vanreifunar með úrskurði 17. janúar 1997. Sá úrskurður hafi verið staðfestur að niðurstöðu til í Hæstarétti 4. febrúar 1997.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst höfða mál þetta fyrir Félagsdómi samkvæmt heimild í 3. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986.

Af hálfu stefnanda er aðalkrafan í málinu á því byggð að óhjákvæmilegt sé að afla viðurkenningardóms um skyldu stefnda til að greiða viðkomandi félagsmönnum stefnanda óskerta dagpeninga á ferðalögum þeirra erlendis á vegum vinnuveitandans, þar sem stefndi hafi í ákveðnum tilvikum neitað að greiða slíka dagpeninga óskerta samkvæmt áðurgreindu ákvæði kjarasamnings aðila og ætla má að þeirri framkvæmd verði áfram haldið nema dómur gangi um annað.

Stefnandi kveðst telja að réttur félagsmanna hans til dagpeninga-

greiðslna á grundvelli kjarasamnings geti í engum tilvikum átt að ráðast af því hvort ríkið eða stofnanir þess beri allan kostnað af ferð starfsmannsins. Meginatriði í því sambandi sé að starfsmanninum hafi ekki sjálfum verið boðið í tiltekna ferð, heldur hafi stofnuninni verið boðið að senda mann og hún ákveðið að þiggja boðið. Þegar þannig standi á beri stofnuninni að greiða þeim starfsmönnum sem hún sendir óskerta dagpeninga samkvæmt kjarasamningi.

Stefnandi telur að hin umdeilda afstaða stofnunarinnar hafi enga stoð í kjarasamningi málsaðila, heldur fari hún beinlínis þvert á ákvæði greinar 5.6., sbr. og grein 5.8. í sama kjarasamningi, en samkvæmt síðarnefndu greininni skulu dagpeningar ákveðnir af sérstakri nefnd, ferðakostnaðarnefnd. Sú nefnd hafi með umburðarbréfi dagsettu 1. nóvember 1994 kunngert ákvarðanir sínar varðandi greiðslu dagpeninga til ríkisstarfsmanna á ferðalögum erlendis samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Í þeim kafla umburðarbréfsins sem fjallar um það sem kallað er almennir dagpeningar komi m.a. eftirfarandi fram:

Af dagpeningum ber að greiða allan venjulegan ferðakostnað annan en fargjöld svo sem kostnað vegna ferða að og frá flugvöllum, ferðakostnað innan þess svæðis sem dvalið er á, fæði, gistingu, minni háttar risnu og hvers konar útgjöld.

Stefnandi kveður þessa reglu hafa verið túlkaða þannig í framkvæmd, ágreiningslaust til skamms tíma, að dagpeninga beri að greiða frá þeim tíma er ferð hefst og þar til henni lýkur. Ákvörðun Ríkisútvarpsins um að víkja frá þessu í þeim ferðum sem stofnunin skilgreinir sem boðsferðir telur stefnandi ólögmæta.

Stefnandi kveður ferðakostnaðarnefnd hafa með auglýsingu nr. 3/1996, útg. 6. júní 1996, kunngert ákvarðanir nefndarinnar um dagpeninga til greiðslu ferðakostnaðar ríkisstarfsmanna á ferðalögum erlendis á vegum ríkisins, með gildistöku 1. júní 1996. Samkvæmt þeirri ákvörðun hafi almennir dagpeningar verið ákvarðaðir þannig:

		Gisting	Annað	Samt.
Svíþjóð, Bretlandi, Sviss og Tokyo	SDR	95	86	181
New York	SDR	97	65	162
Annars staðar	SDR	78	86	164.

Stefnandi kveður Ríkisútvarpið hafa vikið verulega frá þessum reglum við uppgjör dagpeninga, a. m. k. í eftirtöldum tilvikum:

Nafn fréttamans:	Brottför:	Komu-dagur:	Hvað var greitt:	Hvað átti að greiða:
Friðrik P. Jónsson	240196	280196	SDR 252	SDR 420
Ólöf R. Skúladóttir	010496	040496	SDR 168	SDR 336
Ólafur Sigurðsson	130496	180496	SDR 148	SDR 504
Ásgeir Tómasson	140596	170596	SDR 84	SDR 336
Helgi H. Jónsson	140596	170596	SDR 84	SDR 336
Jóhann Hauksson	260696	290696	SDR 168	SDR 344
Hermann Sveinbj.	190996	230996	SDR 129	SDR 430
Páll Benediktsson	190996	230996	SDR 129	SDR 430
Kristín Þorsteinsd.	251096	291096	SDR 129	SDR 430
Páll Benediktsson	301096	051196	SDR 448	SDR 706
Hrannar Pétursson	231196	281196	SDR 172	SDR 516.

Stefnandi byggir á því að sú tilhögun sem Ríkisútvarpið hefur einhliða „ákveðið“ og lýst var hér að framan fari í bága við ákvæði greinar 5.6. í kjarasamningi aðila að tvennu leyti:

1. Stofnunin hefur ákveðið að greiða aðeins hálfa dagpeninga í þeim ferðum sem hún sjálf skilgreinir sem boðsferðir.
2. Stofnunin hefur ákveðið að greiða ekki dagpeninga á ferðalögum í þeim ferðum sem hún sjálf skilgreinir sem boðsferðir.

Tekið er fram að fyrir hefur komið að stofnunin hafi gert dagpeninga í svokölluðum boðsferðum upp með þeim hætti að annar þessara tveggja liða hafi verið réttilega gerður upp.

Rétt þykir að gera einnig grein fyrir því að algengt er að gistingarkostnaður sé greiddur sérstaklega fyrir viðkomandi starfsmenn á slíkum ferðalögum, og sé honum þá haldið utan við uppgjör dagpeninganna, svo sem reglur ferðakostnaðarnefndar geri ráð fyrir.

Um lagastoð fyrir kröfum sínum vísar stefnandi til þeirrar meginreglu íslensks réttar að samninga beri að efna (pacta sunt servanda) og vísar til áðurnefndra greina kjarasamnings aðila. Telur stefnandi að einhliða ákvarðanir ríkisstofnana, sem fara í bága við kjarasamningsákvæði, séu ólögmætar og geti ekkert gildi haft, hvort sem einhverjir hafi látið þær yfir sig ganga á einhverjum tímum eða ekki.

Stefnandi gerir kröfu um dóm þess efnis að viðurkenndur verði réttur til óskertra dagpeninga á ferðalögum erlendis á vegum vinnuveitandans. Með óskertum dagpeningum á stefnandi við að dagpen-

ingar skuli að fullu gerðir upp á þeim grundvelli sem lagður hefur verið með ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar á hverjum tíma og að skilgreiningar stofnunarinnar á ferðum sem „boðsferðir“ eða eitthvað annað skipti í því sambandi engu máli.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að réttur til dagpeninga samkvæmt hinum tilvitnuðu ákvæðum kjarasamnings aðilanna sé óháður raunverulegri peninganotkun starfsmannsins í viðkomandi ferð.

Stefnandi kveðst telja ástæðu til að geta þess sérstaklega, að hann telur stefnda ekki geta einhliða ákveðið aðrar viðmiðanir við uppgjör dagpeninga en þær sem ferðakostnaðarnefnd hefur ákvarðað á hverjum tíma, þannig að hlutur starfsmanna verði lakari. Stefnda sé hins vegar í sjálfsvald sett að setja reglur sem veiti starfsmönnum betri rétt. Stefnandi kveður reglur nr. 39, 3. febrúar 1992, sbr. auglýsingu nr. 569, 20. október 1994, ekki vera hluta af kjarasamningi aðila máls þessa, en bendir á að samkvæmt 5. gr. þeirra reglna teljist bæði brottfarardagur og heimferðardagur til ferðatíma við uppgjör ferðakostnaðar vegna ferðalaga starfsmanna á vegum ríkisins. Við túlkun á hinum tilvitnuðu greinum kjarasamningsins og ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar beri að leggja sama skilning til grundvallar um sama efni, m.a. út frá jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 97/1995 og meginreglu 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Stefnandi gerir þá grein fyrir varakröfu sinni í málinu, að telji Félagsdómur ekki fært að kveða upp viðurkenningardóm um ágreiningsefni aðilanna í samræmi við aðalkröfu stefnanda, þá verði að leysa úr ágreiningi aðila um skilning á kjarasamningi þeirra út frá einstökum tilvikum þar sem stefnandi telur kjarasamninginn hafa verið vanefndan. Um málsástæður og rökstuðning fyrir kröfunni eigi allt hið sama við og um aðalkröfuna að breyttu breytanda.

Um málskostnaðarkröfu sína vísar stefnandi til 130. gr. laga nr. 91/1991 og áréttar að við ákvörðun málskostnaðar beri að taka tillit til þess að stefnandi ber kostnað af virðisaukaskatti af málskostnaði.

Málið er höfðað gegn ríkissjóði Íslands samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986, en þeir félagsmenn stefnanda sem mál þetta varðar eru ríkisstarfsmenn, en stefnandi upplýsir jafnframt að Ríkisútvarpið er ein þeirra stofnana ríkisins sem fjármálaráðherra hefur falið

að annast framkvæmd kjarasamninga gagnvart starfsmönnum sínum.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er tekið fram að óumdeilt sé að ákvæði greina 5.6. og 5.8. í kjarasamningi aðila séu í gildi milli aðila málsins um kjör félagsmanna stefnanda. Eftir ákvæðum þessum lúti ákvörðun dagpeninga reglum ferðakostnaðarnefndar. Aðilar virðist sammála um að til grundvallar greiðslu dagpeninga skuli farið eftir reglum ferðakostnaðarnefndar, sbr. umburðarbréf nefndarinnar frá 1. nóvember 1994. Stefnandi hafi aðeins vitnað til 1. töluliðar í kafla bréfsins sem fjallar um almenna dagpeninga, en 2. töluliður sama kafla hljóðar svo:

„Styrkir og hvers konar hlunnindi varðandi gistingu og fæði sem starfsmenn njóta meðan á dvölinni stendur skulu koma til frádráttar almennum dagpeningagreiðslum eftir því sem við á og unnt er að meta hverju sinni. Til grundvallar skulu liggja annars vegar dagpeningar vegna gistikostnaðar samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar og hins vegar eftirfarandi hlutfallsleg skipting á öðrum kostnaði:

a) Fæði 70%

b) Annar kostnaður 30%.

Heimilt er að víkja frá þessari viðmiðun ef unnt er að sýna fram á að önnur hlutfallsleg skipting falli betur að aðstæðum í viðkomandi borg/landi."

Samkvæmt reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins nr. 39/1992, sbr. auglýsingu um breytingu á þeim nr. 569/1994, sé mælt fyrir um að styrkir og hvers konar hlunnindi varðandi gistingu og fæði sem ríkisstarfsmenn njóti meðan á dvöl erlendis standi skuli koma til frádráttar almennum dagpeningagreiðslum eftir því sem unnt sé að meta hverju sinni. Einnig sé kveðið á um að greiði aðrir aðilar en íslenska ríkið hluta kostnaðar við ferðalög sem farin séu til útlanda í erindum ríkissjóðs greiði viðkomandi ráðuneyti mismun þess sem greitt sé af öðrum og greiðslu samkvæmt reglunum (7. gr.). Um þessar reglur séu fyrirmæli ferðakostnaðarnefndar í nefndu umburðarbréfi hliðstæðar, en reglurnar eigi sér meðal annars stoð í lögum nr. 92/1955 um laun starfsmanna ríkisins.

Lengi hafi verið stuðst við þá viðmiðunarreglu hjá Ríkisútvarpinu

þegar um boðsferðir sé að ræða að greiddir séu hálfir dagpeningar aðra daga en ferðadaga, þegar ekki hafi legið fyrir upplýsingar í upphafi ferðar um þann kostnað sem ferðalangar myndu þurfa að bera. Hafi fjármáladeild stofnunarinnar iðulega skort upplýsingar um ferðatilhögun og ferðakostnað fyrir upphaf ferðar og því ekki haft forsendur til að meta dagpeningaþörfina eftir framangreindum reglum. Viðmiðunarregla þessi hafi þó ekki verið einhlít og ekki verið sett til höfuðs ákvæðum kjarasamnings.

Bent er á atriði sem stefndi telur að ættu að valda frávísun málsins án kröfu. Aðalkröfu málsins telur stefndi vera víðtæka og óljósa og að ekki séu skilyrði til að leggja á hana efnisdóm; ráði krafan ekki ákveðnu sakarefni til lykta á einn veg eða annan og sé ekki tengd ágreiningsefni málsins er lúti að greiðslu dagpeninga í svokölluðum boðsferðum. Aðalkrafa stefnanda sé samhljóða kröfu er hann hafði uppi í félagsdómsmálinu nr. 16/1996. Með úrskurði Félagsdóm í því máli frá 17. janúar síðastliðinn var máli því vísað frá dómi sökum þess að leitað væri dóms um almenn ákvæði kjarasamnings aðila um dagpeninga, en dómsorð í þá veru sem krafan laut að myndi ekki ráða ákveðnu sakarefni til lykta á einn veg eða annan. Hafi frávísunarúrskurður einnig verið á því byggður að hvorki krafa stefnanda þessa efnis né málsreifun lægi fyrir svo að unnt yrði að dæma um málatilbúnaðinn í ljósi þeirra reglna sem gildi um ákvörðun dagpeninga í kjarasamningi aðila, umburðarbréfi ferðakostnaðarnefndar, dags. 1. nóvember 1994 eða reglna nr. 39 frá 3. febrúar 1992 með síðari breytingum. Þá greindi í forsendum úrskurðarins að ekki væri gerð grein fyrir því hvort félagsmenn stefnanda hefðu sjálfir í þeim tilvikum sem um ræddi orðið að bera kostnað sem dagpeningum væri ætlað að mæta. Hafi frávísunarúrskurður Félagsdóms með vísan til þessa verið byggður á 1. mgr. 25. gr. og d, e og f liðum 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Í dómi Hæstaréttar hafi frávísunarúrskurðurinn verið staðfestur með skírskotun til þeirra raka Félagsdóms að í sóknargögn skorti nákvæma skýringu á ágreiningsefninu með tilliti til ákvarðana ferðakostnaðarnefndar og að ekki væri gerð grein fyrir því í hverju framkvæmd Ríkisútvarpsins um dagpeninga í boðsferðum væri ábótavant samkvæmt þeim reglum. Stefndi bendir á að í raun hafi ekki verið bætt úr þessum annmörkum málsins.

Stefnandi hafi rökstutt aðalkröfu þannig að með óskertum dagpeningum sé átt við að þeir skuli að fullu gerðir upp á þeim grundvelli sem lagður hafi verið með ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar á hverjum tíma. Um það snúist ágreiningur málsins þó ekki, heldur um það hvernig fara skuli um ákvörðun dagpeninga í svonefndum boðsferðum. Eins og framan sé lýst hafi ferðakostnaðarnefnd ákveðið að dagpeningar sæti alla jafna frádrætti þegar styrkir og hlunnindi komi til. Reglur kjarasamningsins veiti rétt til dagpeninga vegna tiltekins kostnaðar. Það sé því ekki einhlítt að félagsmenn stefnanda eigi í öllum tilvikum ótvíræðan rétt til óskertra dagpeninga þegar þeir fari til annarra landa, þótt ferðir séu farnar á vegum Ríkisútvarpsins. Krafa stefnanda miði þannig að því að gera úr garði nýtt ákvæði kjarasamnings þessa efnis félagsmönnum stefnanda til handa en krafan varði ekki skilning á efni kjarasamnings eða gildi. Af hálfu stefnda sé enginn ágreiningur um það að félagsmenn stefnanda, sem starfa hjá Ríkisútvarpinu og fara til annarra landa á vegum stofnunarinnar, eigi rétt á óskertum dagpeningum samkvæmt grein 5.6. í kjarasamningi að skilyrðum þeirra ákvæða uppfylltum, þ.m.t. samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar um frádrátt styrkja og hlunninda og að dagpeningar séu metnir í hverju tilviki vegna sannanlegs kostnaðar. Óljósar útskýringar stefnanda um hvað felist í óskertum dagpeningum breyti ekki því hvernig meta eigi síðar réttaráhrif dómsorðs um kröfu stefnanda eins og hún sé orðuð, en sem fyrr segir sé hún ekki tengd meginágreiningsefni aðila.

Vegna formhliðar málsins er einnig bent á að óraunhæf sé sú mæliaðferð dagpeninga sem aðalkrafa stefnanda miði að. Dagpeningar séu ekki ákveðnir eins og um tímakaup væri að ræða en í því horfi sé dómkrafa stefnanda. Dagpeningar vegna ferða erlendis taki til annars kostnaðar en fargjalda milli landa. Taki þeir þannig til gisti- og fæðiskostnaðar, ferðakostnaðar milli flugvalla og innan þess svæðis sem dvalið sé á, minniháttar risnu og hvers kyns persónulegra útgjalda.

Varðandi aðalkröfu stefnanda byggir stefndi fyrst á því að sýkna verði af kröfu stefnanda þar sem hvergi sé til í kjarasamningi aðila regla um „óskerta dagpeninga“ í þeim tilvikum er starfsmenn fari til annarra landa á vegum stofnana og að þeir skuli greiddir fyrir tímabil frá því utanför hefst þar til henni lýkur. Ákvæði þessa efnis sé

ekki að finna í grein 5.6. í kjarasamningi aðila, heldur sé þar kveðið á um að af dagpeningum skuli greiða venjulegan ferðakostnað, annan en fargjöld, svo sem lýst sé í grein 5.6.2. og sætir ákvörðun þeirra dagpeninga reglum ferðakostnaðarnefndar. Þar sem ekki sé fyrir hendi heimildarákvæði í kjarasamningi sem styðji aðalkröfu stefnanda um óskerta dagpeninga án tillits til einstakra tilvika og ferða telur stefndi að sýkna beri af aðalkröfu stefnanda. Stefnandi hafi engin rök lagt fram um það af hvaða ástæðum félagsmenn hans ættu að vera óbundnir af þeim reglum sem gilda eiga um frádrátt styrkja og hlunninda frá dagpeningum samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar.

Stefnandi byggi á því að réttur félagsmanna hans til dagpeningagreiðslna á grundvelli kjarasamnings geti í engum tilvikum átt að ráðast af því hvort ríkið eða stofnanir þess beri allan kostnað af ferð starfsmanns. Óumdeilt sé að dagpeningar þeir sem greiddir voru í þeim tilvikum sem málið varðar voru ekki greiddir nema að því tilskildu að ferðirnar væru farnar á vegum Ríkisútvarpsins og með samþykki yfirmanna. Hins vegar sé réttur til dagpeninga einstaklingsbundinn og telur stefndi einu gilda hvort íslenska ríkið eða annar aðili greiði í raun þau útgjöld sem dagpeningum sé annars ætlað að mæta. Meginmáli skipti því ekki hver bjóði heldur hvaða kostnað viðkomandi starfsmaður sannanlega hafði og dagpeningum var ætlað að mæta. Í báðum tilvikum hafi styrkir og hlunnindi áhrif á ákvörðun dagpeninga, en samkvæmt 7. gr. reglna nr. 39/1992 segi að greiði aðrir aðilar en íslenska ríkið hluta kostnaðar við ferðalög sem farin séu til útlanda í erindum ríkisins greiði viðkomandi ráðuneyti mismun þess sem greitt sé af öðrum og greiðslu samkvæmt þessum reglum. Á sömu sjónarmiðum sé byggt í umburðarbréfi ferðakostnaðarnefndar sem fyrr greinir. Hafi starfsmaðurinn ekki borið kostnað af gistingu, fæði, ferðum á erlendri grund eða öðru sem dagpeningum sé ætlað að mæta, komi dagpeningar ekki þar á móti. Viðurkenningarkröfu sína geti stefnandi því ekki reist á framangreindri málsástæðu og beri því að sýkna stefnda af henni.

Aðalkrafa stefnanda ráðgerir að óskertir dagpeningar skuli greiddir frá því að utanför hefst og þar til heimferð lýkur. Þegar fyrir liggur að í boðsferðum hafi fargjöld verið greidd milli staða erlendis, svo og gisting og fæði, séu augljóslega ekki rök til að greiða dagpeninga fyrir brottfarar- eða komudaga. Stefnandi hafi enga

ógreidda kostnaðarreikninga lagt fram í málinu vegna þeirra ferða sem séu tilefni málsóknarinnar og varði sérstaklega brottfarar- og komudaga í ferðunum. Þá séu ekki lagðir fram farseðlar þar sem greina megi hvenær sólarhringsins haldið var utan eða komið heim, en þær upplýsingar myndu skipta máli um það hvort rétt hefði verið að greiða dagpeninga vegna kostnaðar þá daga þegar um boðsferð hafi verið að ræða. Þótt fallist yrði á að greiða hafi átt dagpeninga fyrir brottfarar og heimkomudaga nægi það ekki til að unnt sé að fallast á aðalkröfu stefnanda.

Um frekari rök fyrir sýknu af aðalkröfu stefnanda vísast einnig til eftirfarandi röksemda stefnda gegn varakröfu stefnanda.

Stefnandi byggi varakröfu sína á því að af hálfu Ríkisútvarpsins hafi verið vanefnd ákvæði greinar 5.6. í kjarasamningi aðila í tólf tilvikum er starfsmenn stofnunarinnar og félagsmenn stefnanda fóru utan í svonefndar boðsferðir. Stefndi mótmælir því að ákvæði kjarasamningsins hafi verið vanefnd. Stefndi telur sem fyrr segir ekki skipta máli hvort viðkomandi starfsmönnum sé boðið eða stofnuninni sjálfri, en óumdeilt sé að allar hafi ferðirnar verið farnar til fréttaöflunar á vegum Ríkisútvarpsins. Deilan hljóti að snúast um það hvaða kostnað starfsmenn hafi sjálfir borið sem annars hefði átt að greiða með dagpeningum. Í boðsferðum þar sem ekki liggi annað fyrir en að meginhluti kostnaðar hafi verið greiddur, svo sem ferðir milli flugvalla, milli staða erlendis, húsnæði og uppihald, hafi orðið að leggja til grundvallar þá meginreglu að styrkir og hlunnindi kæmu til frádráttar dagpeningum að einhverju eða öllu leyti.

Stefndu byggja á því að dagpeningum samkvæmt grein 5.6. í kjarasamningi sé ekki ætlað að mæta öðru en sannanlegum kostnaði sem starfsmenn hafi á ferðalögum erlendis. Orðalag ákvæðisins um „kostnað" telur stefndi að verði ekki skýrt öðru vísi en að þar sé átt við þann sannanlega kostnað sem starfsmaður stæði ella straum af úr eigin vasa. Til sömu niðurstöðu leiði reglur þær sem ferðarkostnaðarnefnd hafi sett á grundvelli kjarasamnings aðila.

Eins og nafnið bendi til verði að gera ráð fyrir því að í boðsferðum hafi viðkomandi félagsmenn stefnanda lítinn eða engan kostnað af ferðum til og frá flugvöllum, húsnæði (gistingu) eða fæði. Þau tólf tilvik sem stefnandi byggi varakröfu sína á séu öll að rekja til ferðalaga á árinu 1996. Fyrir liggur í málinu bréf útvarpsstjóra, dags. 19. október 1994, en þar segir:

„Nokkuð er um það, að starfsmenn Ríkisútvarpsins þiggi boð utanaðkomandi aðila um lengri eða skemmri ferðir vegna starfs síns. Ferðir þessar eru að jafnaði farnar í vinnutíma starfsmanna og Ríkisútvarpið greiðir ferðalöngunum hálfa dagpeninga.

Héðan í frá skulu ferðir þessar eiga sér þann eðlilega aðdraganda, að hlutaðeigandi skýri útvarpsstjóra bréflega frá málinu og leiti samþykkis hans með þeim fyrirvara, sem við verður komið."

Stefndi heldur því fram að bréf þetta hafi verið kunnugt umræddum félagsmönnum stefnanda áður en þeir fóru í ferðirnar á árinu 1996. Það mat Ríkisútvarpsins að greiða hálfa dagpeninga þegar um boðsferðir sé að ræða verði að teljast starfsmönnum almennt mjög hagstætt og umfram skyldu, þegar ekki liggi fyrir reikningar, dagskrár fyrir ferðir eða annað sem sýndi að starfsmenn hefðu greitt kostnað úr eigin vasa. Við svo búið hafi verið lagt til grundvallar að í þessum boðsferðum hafi stærstur hluti kostnaðar verið greiddur af viðkomandi gestgjöfum, en dagpeningar þó oft greiddir að hálfu aðra daga en ferðadaga og í sumum tilvikum greitt fyrir gistingu að hluta. Stefndi bendir á að í reglum ferðakostnaðarnefndar um almenna dagapeninga sé stofnunum sýnilega ætlað nokkurt svigrúm við ákvörðun á því hvað teljast hæfilegir dagpeningar miðað við aðstæður og að þeir taki almennt til þess tíma meðan á dvöl standi. Sé það einnig í samræmi við skoðun stefnanda þess efnis að stefnda sé í sjálfsvald sett að setja starfsmönnum reglur er veiti betri rétt. Stefnandi hafi engin gögn lagt fram í málinu til stuðnings varakröfu sinni að þargreindir félagsmenn hans hafi haft sjálfir einhvern kostnað sem þeir hafi síðan ekki fengið greiddan í formi dagpeninga.

Líta verði á sönnunaraðstöðuna í þessu efni, en starfsmönnum eða stefnanda í þessu máli fyrir þeirra hönd standi nær að sanna vanefndir kjarasamnings með því að leggja fram reikninga fyrir kostnaði sem ekki hafi verið mætt með dagpeningum. Slíkum kostnaðarreikningum hafi ekki verið framvísað af viðkomandi félagsmönnum stefnanda. Vegna bréfs útvarpsstjóra frá árinu 1994 og kunnugleika félagsmanna um þá viðmiðunarreglu stofnunarinnar að greiða hálfa dagpeninga í boðsferðum máttu þeir sjá hversu brýnt væri að halda til haga reikningum vegna ýmiss kostnaðar sem í þeirra hlut hefði komið í ferðunum.

Stefndi telur ósannað í málinu og vanreifað hversu stóran hluta

kostnaðar sem dagpeningum sé ætlað að taka til hafi þeir fréttamenn sem málið sé sprottið af þurft að greiða úr eigin vasa. Meðan það sé ekki upplýst telur stefndi óhjákvæmilegt að sýknað verði af kröfum stefnanda þar sem ekki hafi verið sýnt fram á vanefndir kjarasamnings. Einnig skortir á alla reifun um það hvenær dags haldið hafi verið utan eða komið heim, sem hefði áhrif á dagafjölda til ákvörðunar dagpeninga eftir skilningi stefnanda.

Stefndi bendir á að sú viðmiðun Ríkisútvarpsins um að greiða hálfa dagpeninga þegar um boðsferðir sé að ræða sé ekki einhlít regla sem stofnunin hafi sett einhliða gegn ákvæðum kjarasamnings. Sama eigi við þótt ekki hafi verið greiddir dagpeningar fyrir brottferða- og komudaga í slíkum ferðum. Viðmiðunarreglur Ríkisútvarpsins um þetta hafi verið framkvæmdar um árabil og öllum deildarstjórum stofnunarinnar, þ.m.t. fréttastjórum, verið kynntar þær. Reglur þessar hafi Ríkisútvarpið miðað við þegar engin dagskrá hafi legið fyrir eða aðrar upplýsingar um ferðatilhögun eða ferðakostnað svo að unnt hefði verið að meta dagpeningaþörfina. Við þær aðstæður verði að telja sanngjarnt og umfram skyldu að greiddur sé þó helmingur dagpeninga aðra daga en ferðadaga. Kæmu fram reikningar er sýndu að dagpeningar þeir sem greiddir voru hefðu ekki dugað, yrði þeim mætt með greiðslu dagpeninga eftir atvikum að hámarki þeirra.

Stefnandi beri við að túlka skuli umrædd ákvæði kjarasamnings út frá jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrár og meginreglu 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Stefndi bendir á að samkvæmt 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrár sé lagður grundvöllur að samningsfrelsi á vinnumarkaði. Stefndi telur að kjarasamningsákvæði beri að skýra eftir orðalagi sínu og efni og til samræmis við málsástæður stefnda hér að framan. Stefndi telur að skýring kjarasamninga velti ekki á 11. gr. stjórnsýslulaga, en samkvæmt 3. mgr. 1. gr. sömu laga gildi aðeins II. kafli þeirra um gerð samninga einkaréttar eðlis. Verði að ætla að sama takmörkun á gildissviði stjórnsýslulaga eigi við um túlkun kjarasamninga og undir Félagsdóm heyri að dæma um skilning þeirra samkvæmt efni sínu. Verði byggt á ákvæðum stjórnsýslulaga telur stefndi að ekki verði litið fram hjá að framkvæmd Ríkisútvarpsins um uppgjör dagpeninga hafi verið ívilnandi og byggt á málefnalegum sjónarmiðum í ljósi framangreinds.

Varakröfu sína um viðurkenningu á vanefndum stefnda á ákvæð-

um kjarasamnings vegna ferða þar tilgreindra starfsmanna setji stefnandi fram tölulega. Eftir leiðréttingu stefnanda á útreikningi varakröfu sé ekki lengur um að ræða tölulegan ágreining í málinu.

Stefndi telur að þau 12 tilvik sem stefnandi leggi til grundvallar kröfum sínum séu ólík innbyrðis um margt, en kröfur stefnanda séu að sama skapi settar fram án tengsla við einstakar ferðir og því hvaða kostnað hafi átt að greiða. Þar sem reikninga til sönnunar vangreiddum kostnaði vanti í öllum tilvikum áskilur stefndi sér rétt til að koma að frekari mótmælum um hvern lið ef tilefni gefst.

Loks er bent á að fjármálaráðherra hafi ekki að fullu falið Ríkisútvarpinu framkvæmd kjarasamninga, svo sem haldið sér fram af hálfu stefnanda.

Til stuðnings kröfum um málskostnað vísast til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938.

Niðurstaða.

Í Félagsdómsmálinu nr. 16/1996 sem stefnandi höfðaði á hendur stefnda hafði stefnandi uppi sömu kröfu og í aðalkröfu í þessu máli. Kröfum stefnanda í því máli var vísað frá Félagsdómi 17. janúar sl. með þeim rökum m.a. að krafa stefnanda lyti í meginatriðum að því efnislega að viðurkennd yrðu almenn ákvæði kjarasamnings aðila um dagpeninga og að dómsorð í þá veru sem krafan lyti að myndi ekki eitt út af fyrir sig ráða ákveðnu ágreiningsefni til fullnaðarlykta á einn veg eða annan. Frávísunardómurinn var staðfestur í Hæstarétti m.a. með eftirfarandi rökum:

"Með skírskotun til raka Félagsdóms ber að fallast á það að í sóknargögn skorti nákvæma skýringu á ágreiningsefninu með tilliti til ákvarðana nefndarinnar. Þá er ekki gerð grein fyrir því í hverju framkvæmd Ríkisútvarpsins um dagpeninga í boðsferðum er ábótavant samkvæmt þeim reglum."

Stefnandi hefur með málatilbúnaði sínum í þessu máli að mestu bætt úr þeim atriðum sem Hæstiréttur færði fram til stuðnings frávísun fyrrnefnds máls. Enda þótt stefnandi sé í raun að krefjast viðurkenningar á gildi ákvæða í kjarasamningi aðila og reglum ferðakostnaðarnefndar verður málinu ekki vísað frá af þeim sökum þar sem stefnandi heldur því fram að Ríkisútvarpið virði ekki þessi ákvæði.

Í aðalkröfu í máli þessu notar stefnandi enn orðalagið „óskertum dagpeningum" og hefur skýrt það þannig í stefnu að átt sé við að

dagpeningar skuli gerðir upp á þeim grundvelli sem lagður hefur verið með ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar á hverjum tíma og að skilgreiningar Ríkisútvarpsins á ferðum sem „boðsferðir“ eða eitthvað annað skipti í því sambandi engu máli. Stefnandi telur stefnda ekki geta einhliða ákveðið aðrar viðmiðanir við uppgjör dagpeninga en þær sem ferðakostnaðarnefnd hefur ákveðið á hverjum tíma þannig að hlutur starfsmanna verði lakari. Með aðilum er því ágreiningur um það hvernig haga skuli greiðslu dagpeninga í svonefndum boðsferðum og túlkun ákvæða kjarasamnings aðila í því sambandi. Orðalag aðalkröfu er því ekki til fyrirstöðu að leyst verði úr þeim efniságreiningi málsins.

Samkvæmt grein 5.6.1. í kjarasamningi aðila ber að greiða ferðakostnað á ferðum erlendis annan en fargjöld með dagpeningum, sem ákveðnir skulu af ferðakostnaðarnefnd samkvæmt grein 5.8. Ferðakostnaðarnefnd starfar eftir reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins nr. 39/1992, sbr. breytingu á þeim reglum með auglýsingu nr. 569/1994. Hefur ferðakostnaðarnefnd ákveðið með umburðarbréfi frá 1. nóvember 1994 hvaða reglur skuli gilda um greiðslu dagpeninga til ríkisstarfsmanna á ferðalögum erlendis samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Þar er dagpeningum ríkisstarfsmanna skipt niður í tvær megintegundir, þ.e. almenna dagpeninga og dagpeninga vegna þjálfunar náms eða eftirlitsstarfa. Í 2. gr. reglnanna segir að styrkir og hvers konar hlunnindi varðandi gistingu og fæði sem starfsmenn njóti meðan á dvölinni stendur skuli koma til frádráttar almennum dagpeningagreiðslum eftir því sem við eigi og unnt sé að meta hverju sinni. Þá er almennum dagpeningum samkvæmt greininni skipt í dagpeninga vegna gistikostnaðar og annars kostnaðar. Dagpeningar þeir sem ferðakostnaðarnefnd auglýsir eru þannig í raun hámarksdagpeningar sem geta sætt frádrætti eftir því sem við á og hægt er að meta hverju sinni. Er ráð fyrir því gert samkvæmt 3. mgr. 4. gr. reglna nr. 39/1992 að viðkomandi starfsmaður geri ferðakostnaðarreikning að lokinni ferð.

Í bréfi útvarpsstjóra til framkvæmdastjóra Ríkisútvarpsins dags. 19. október 1994 sem varðar boðsferðir segir m.a. svo: „Nokkuð er um það að starfsmenn Ríkisútvarpsins þiggi boð utanaðkomandi aðila um lengri eða skemmri ferðir vegna starfs síns. Ferðir þessar eru að jafnaði farnar í vinnutíma starfsmanna og Ríkisútvarpið

greiðir ferðalöngunum hálfa dagpeninga.“ Í bréfi fjármálastjóra Ríkisútvarpsins til stefnanda dags. 17. október 1996 er nánari grein gerð fyrir þessari viðmiðunarreglu Ríkisútvarpsins. Þar segir m.a. svo: „Lengi hefur verið stuðst við þá viðmiðunarreglu hjá Ríkisútvarpinu í ferðum sem þessum að greiða „ dagpeninga aðra daga en ferðadaga a.m.k. þegar ekki hafa legið upplýsingar fyrir í upphafi ferðar um þann kostnað sem ferðalangar raunverulega munu þurfa að bera. Tilvist þessarar viðmiðunarreglu rekur rætur til þess að fjármáladeild hefur iðulega skort upplýsingar um ferðatilhögun og ferðakostnað fyrir upphaf ferðar og því ekki haft forsendur til að meta dagpeningaþörfina skv. settum reglum.“

Svo sem að framan er rakið mæla reglur ferðakostnaðarnefndar fyrir um að frá almennum dagpeningum skuli koma til frádráttar styrkir og hvers kyns hlunnindi varðandi gistingu og fæði sem starfsmenn njóta meðan á dvölinni stendur eftir því sem við á og unnt er að meta hverju sinni. Sú tilhögun af hálfu Ríkisútvarpsins, sem lýst hefur verið, að greiða hálfa dagpeninga vegna tiltekinna ferða, felur í sér almenna skerðingu á greiðslu dagpeninga, sem ekki á sér stoð í reglum eða ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar. Af fyrirliggjandi gögnum þykir sannað að Ríkisútvarpið hagaði greiðslu dagpeninga í stórum dráttum í samræmi við greinda viðmiðunarreglu sem telja verður brot á greinum 5.6. og 5.8. í kjarasamningi aðila.

Í 5. gr. reglna nr. 39/1992 um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins, eins og þeirri grein var breytt með 2. gr. auglýsingar nr. 569/1994, er eftirfarandi tekið fram: „Greiðsla fyrir hverja ferð ræðst þannig af fjölda gistinátta og ferðadaga (brottfarar- og komudagur meðtalinn)“. Samkvæmt því er það einnig andstætt reglum um greiðslu ferðakostnaðar að greiða ekki dagpeninga á ferðadögum, sem fyrir liggur að Ríkisútvarpið hefur ekki gert.

Samkvæmt framansögðu þykir mega skýra aðalkröfu stefnanda svo að þeir félagsmenn stefnanda sem starfa hjá Ríkisútvarpinu eigi samkvæmt grein 5.6. í kjarasamningi aðila frá 15. maí 1995 rétt á dagpeningum í samræmi við ákvarðanir og reglur ferðakostnaðarnefndar á hverjum tíma, þegar þeir fara til annarra landa á vegum stofnunarinnar, og skuli dagpeningar greiddir fyrir tímabilið frá því utanför hefst og þar til heimferð lýkur. Ber að taka viðurkenningakröfu stefnanda þannig breytta til greina, enda verður ekki talið að

vandkvæði við uppgjör ferðakostnaðar standi þeirri niðurstöðu í vegi. Af því leiðir að varakrafa stefnanda kemur ekki til álita í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Viðurkennt er að þeir félagsmenn stefnanda sem starfa hjá Ríkisútvarpinu eigi samkvæmt grein 5.6. í kjarasamningi aðila frá 15. maí 1995 rétt á dagpeningum í samræmi við ákvarðanir og reglur ferðakostnaðarnefndar á hverjum tíma, þegar þeir fara til annarra landa á vegum stofnunarinnar, og skulu dagpeningar greiddir fyrir tímabilið frá því utanför hefst og þar til heimferð lýkur.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar.

Aðalkrafa málsins er hin sama og vísað var frá með úrskurði Félagsdóms 17. janúar sl., þar sem málatilbúnaður fullnægði ekki skilyrðum laga um meðferð einkamála nr. 91 1991, sbr. 1. mgr. 25. gr. og d-, e- og f- liða 1. mgr. 80. gr. Úrskurðurinn var staðfestur í Hæstarétti 4. febrúar sl. Var litið svo á að stefnandi krefðist almenns álits dómsins um ákvæði varðandi dagpeninga, en aðilar virtust sammála að efni greinar 5.6. í kjarasamningi þeirra þannig að dagpeningar skuli ákveðnir af nefnd samkvæmt grein 5.8. í samningnum. Dómsorð í þá veru sem krafan lyti að myndi ekki eitt út af fyrir sig ráða ákveðnu ágreiningsefni til lykta. Ekki væri heldur gerð grein fyrir því í hverju framkvæmd Ríkisútvarpsins um dagpeninga í boðsferðum væri ábótavant samkvæmt framangreindum reglum. Þá væri heldur ekki gerð grein fyrir því hvort félagsmenn stefnanda hafi í tilvikum sem um ræddi orðið sjálfir að bera ferðakostnað sem dagpeningum var ætlað að mæta. Úr framanrituðum ágöllum hefur ekki fengist nægilega bætt og ber því að vísa henni frá dómi ex officio með vísan til áðurgreindra ákvæða í lögum um meðferð einkamála. Jafnframt tekur minnihluti fram að hann telur varakröfu málsins dómhæfa og hún eigi að fá efnislega úrlausn, en með því að

meirihluti hafi lagt efnisdóm á aðalkröfuna komi varakrafan ekki frekar til álita. Við þessar aðstæður telur minnihluti að sér beri að taka efnisafstöðu til aðalkröfunnar.

Varðandi lýsingu málavaxta skal tekið fram:

Samkvæmt kjarasamningi aðila frá 15. maí 1995, sbr. kjarasamning frá 1. febrúar 1987 til 31. desember 1988, skal greiða ferðakostnað á ferðalögum erlendis, annan en fargjöld, með dagpeningum sem skulu ákveðnir af sérstakri ferðakostnaðarnefnd. Þann 1. nóvember 1994 gaf nefndin út umburðarbréf um greiðslu dagpeninga til ríkisstarfsmanna á ferðalögum erlendis samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Í bréfinu segir í lið I. 2.

„Styrkir og hvers konar hlunnindi varðandi gistingu og fæði sem starfsmenn njóta meðan á dvölinni stendur skulu koma til frádráttar almennum dagpeningagreiðslum eftir því sem við á og unnt er að meta hverju sinni. Til grundvallar skulu liggja annars vegar dagpeningar vegna gistikostnaðar samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar og hins vegar eftirfarandi hlutfallsleg skipting á öðrum kostnaði:

a) Fæði 70%

b) Annar kostnaður 30%.

Heimilt er að víkja frá þessari viðmiðun ef unnt er að sýna fram á að önnur hlutfallsleg skipting falli betur að aðstæðum í viðkomandi borg/landi."

Telja verður að ákvæði þessi hafi næga stoð í kjarasamningi málsaðila.

Um framkvæmd og skýringu á viðmiðunarreglu Ríkisútvarpsins segir í bréfi frá fjármálastjóra þess til stefnanda frá 17. október 1996, dskj. nr. 23:

„Nokkuð tíðkast að fréttamenn fari ferðir á vegum Ríkisútvarpsins og sem fréttamenn þess, en fyrirtæki, samtök eða alþjóðastofnanir eiga frumkvæði að ferðinni og greiða ýmist allan kostnaðinn eða hluta hans. Þegar svona háttar er auk fargjaldsins gistikostnaður nær undantekningalaust greiddur. Skv. reglum ferðakostnaðarnefndar er afdráttarlaust, að sá hluti dagpeninga sem ætlað er að mæta gistikostnaði á þá ekki að greiðast. Hið sama gildir ef ferðatilhögun ráðgerir að fréttamenn þurfi ekki að kaupa sér fæði, þá ber að lækka dagpeningagreiðslur sem því nemur, skv. tilvitnuðum ákvæðum."

Og í sama bréfi segir ennfremur:

„Lengi hefur verið stuðst við þá viðmiðunarreglu hjá Ríkisútvarpinu í ferðum sem þessum, að greiða 1/2 dagpeninga aðra daga en ferðadaga, a.m.k. þegar ekki hafa legið upplýsingar fyrir í upphafi ferðar um þann kostnað sem ferðalangar raunverulega munu þurfa að bera. Tilvist þessarar viðmiðunarreglu rekur rætur til þess að fjármáladeild hefur iðulega skort upplýsingar um ferðatilhögun og ferðakostnað fyrir upphaf ferðar og því ekki forsendur til að meta dagpeningaþörfina skv. settum reglum. Reglunni er hins vegar ekki ætlað að koma í veg fyrir beitingu meginreglunnar, heldur var farið að beita henni þegar ítrekað hafði skort á að nægjanlegar upplýsingar væru lagðar fram og í tíma, en dagpeningaumsóknir eru því miður stundum lagðar fram svo seint að enginn kostur er að fara yfir málið með þeim hætti sem ætlast er til og reglur ráðgera."

Sami bréfritari segir í bréfi til fréttastjóra Sjónvarps dagsettu 6. september 1996, dskj. nr. 21, eftirfarandi:

„Með bréfinu til fréttamanna sendi ég umburðarbréf útvarpsstjóra frá 19.10.1994 en í því segir m.a.:

„Héðan í frá skulu ferðir þessar eiga sér þann eðlilega aðdraganda, að hlutaðeigandi framkvæmdastjóri skýri útvarpsstjóra bréflega frá máli og leiti samþykkis hans með þeim fyrirvara, sem við verður komið."

Ég leyfi mér að fullyrða, að á þeim tæplega 2 árum sem liðin eru frá þessari tilskipun, hafi engin slík greinargerð komið. Það hefur sem sagt alltaf vantað þann grunn, sem byggja mætti á við ákvörðun dagpeninga fyrir einstakar ferðir. Þetta hefur miklu ráðið um árekstrana."

Þessari lýsingu málavaxta fjármálastjórans hefur ekki verið hnekkt. Hún hefur einnig stoð í gögnum málsins um greiðslu gistikostnaðar og annars ferðakostnaðar að hluta. Þykir því eiga við hana að miða.

Niðurstaða:

Ágreiningur málsins lýtur að greiðslu dagpeninga fyrirfram. Góð venja í slíkum viðskiptum felur í sér að þeir eru greiddir að álitum hverju sinni eða eftir einhverri viðmiðunarreglu eins og Ríkisútvarpið hefur gert. Starfsmaður er síðan skuldaður á viðskiptareikningi fyrir fyrirframgreiðslunni og ferðakostnaðurinn síðan gerður upp að ferð lokinni.

Í áðurgreindum frávísunarúrskurði Félagsdóms segir, að ekki sé gerð grein fyrir því hvort félagsmenn stefnanda sjálfir hafi í tilvikum sem um ræðir orðið að bera kostnað sem dagpeningum sé ætlað að mæta. Á það sama við enn.

Vegna ákvæðis um frádrátt styrkja og hvers konar hlunninda í tl. I.2. í umburðarbréfi ferðakostnaðarnefndar frá 1. nóvember 1994 verður ekki séð að félagsmenn stefnanda eigi fyrirfram rétt til almennra dagpeninga óskertra eins og aðalkrafan sýnist hljóða um. Því er Ríkisútvarpinu rétt og skylt að meta þessa liði til frádráttar. Viðmiðunarregla þess fer því ekki í bága við ákvarðanir ferðakostnaðarnefndar. Ber því að sýkna af aðalkröfunni.

Niðurstaða minnihluta er sú í heild sinni að vísa beri aðalkröfu frá en dæma varakröfu efnislega, en að öðrum kosti að sýkna af aðalkröfu.

Miðvikudaginn 10. september 1997.

Nr. 14/1997. **Alþýðusamband Íslands**
f.h. Félags íslenskra hljómlistarmanna
v/Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands
(Gunnar Guðmundsson hdl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
v/Sinfóníuhljómsveitar Íslands
(Jakob R. Möller hrl.)

Kjarasamningur. Vinnutími. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 29. ágúst sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Guðný Björnsdóttir, Gunnar Sæmundsson og Guðmundur Skaftason.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16, Reykjavík, fyrir hönd Félags íslenskra hljómlistarmanna, Rauðagerði 27, kt. 530169-5539, Reykjavík, vegna Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands, kt. 570271-0249.

Stefndi er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að viðurkennt verði aðallega með dómi Félagsdóms að skilja beri síðastgildandi kjarasamning málsaðila og framkvæmd hans þannig að stefnda hafi verið óheimilt að fjölga einhliða hljómleikum í september 1996 með því að ákveða föstudagstónleika þann 13. september 1996 án samráðs eða samþykkis stefnanda umfram hefðbundna fimmtudagstónleika þann 12. september 1996 og laugardagstónleika þann 14. september 1996 með stoð í grein 2.6.2. á kostnað samæfingartíma eins og hann er tilgreindur í grein 2.3.1. og greiða beri hljómsveitarmönnum fyrir slíka aukatónleika með 3.5 klst. á yfirvinnuálagi.

2. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að skilja beri b-lið greinar 4.1.1. í síðastgildandi kjarasamningi þannig að stefnda beri að greiða hljómsveitarmönnum á ferðalögum innanlands 4.5 klst. á dagvinnukaupi auk 45% álags standi ferðin yfir laugardag og

sunnudag að viðbættum 6 klst. á yfirvinnukaupi samkvæmt grein 1.4.1. dag hvern, þ.á.m. frídaga, þ.e. 1.0385% álag á mánaðarlaun miðað við launaflokk og launaþrep viðkomandi starfsmanns.

3. Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málavextir.

Dómkröfuliður nr. 1.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo að Starfsmannafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafi verið stofnað af öllum samningsbundnum hljómsveitarmönnum þess til þess m.a. að semja um kaup og kjör félagsmanna og fylgjast með því að samningsákvæðum væri fylgt en aðalviðsemjandi hafi verið stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs í samræmi við ákvæði 3. mgr. 6. greinar laga nr. 36/1982 um Sinfóníuhljómsveit Íslands, en þar segi að um launakjör og vinnutíma starfsmanna hljómsveitarinnar fari eftir kjarasamningum þeirra og fjármálaráðherra. Í 2. mgr. 1. greinar sömu laga komi fram að Sinfóníuhljómsveit Íslands sé sjálfstæð stofnun með sérstakan fjárhag og lúti sérstakri stjórn. Málefni hennar heyri undir menntamálaráðuneytið.

Allir félagar í Starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitarinnar séu jafnframt félagsmenn í Félagi íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) enda teljist félagið deild í FÍH.

Ágreiningur málsaðila hafi staðið um nokkurt skeið um túlkun á kjarasamningi aðila.

Allt frá stofnun Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 1950 hafi vinnufyrirkomulag verið með mjög hefðbundnu sniði. Undirbúningur hljómsveitarinnar hafi að jafnaði hafist á föstudegi fyrir tónleika hljómsveitarinnar sem haldnir hafi verið í áranna rás einu sinni í viku á fimmtudagskvöldum. Vinnuskylda hljómsveitarinnar hafi skipst þannig að hluta vinnuskyldunnar hafi verið varið til samæfinga og hljómleikahalds, (nú 24,5 klst., sbr. grein 2.3.1. í síðastgildandi samningi aðila) og hluta til heimavinnu (nú 15.5 klst., sbr. 2.3.1. í samningi aðila). Ef framangreindar stundir vegna samæfinga og hljómleikahalds séu sundurliðaðar hafi að jafnaði 3.5 klst. farið í hljómleikahald, sbr. grein 2.6.1. í samningi aðila, 2.5 klst. í undirbún-

ingstíma og loks 18.5 klst. í æfingatíma. Æfingatíminn teljist því að meðaltali 3.7 klst. á dag frá mánud. – föstud.

Þessi háttur hafi myndast til þess að hljómsveitarmönnum geti gefist kostur á að ná tökum á hinum listræna og tæknilega þætti flutningsins fyrir fimmtudagstónleikana. Heimavinna hljómsveitarmanna sé að jafnaði 2.2 klst. á dag alla daga vikunnar og teljist heimavinnan innan vikulegrar vinnuskyldu þrátt fyrir að a.m.k. 4.4 klst. af henni séu unnar á laugar- og sunnudögum. Hliðstæð dæmi finnist varla hjá launþegum þessa lands.

Af hálfu stefnda hafi ávallt verið samið við stefnanda sérstaklega, annað hvort með kjarasamningsákvæði eða á annan hátt, ef halda þyrfti fleiri tónleika á viku en framangreinda fimmtudagstónleika. Komi það t.d. fram í undanþáguákvæðum síðastgildandi kjarasamnings málsaðila, þar sem kalla megi hljómsveitina til starfa 6 laugardaga á starfsárinu, sbr. grein 2.7.1. í kjarasamningi aðila, og hafi það getað rúmast innan framangreindrar vinnuskyldu án yfirvinnugreiðslna. Sjá ennfremur ákvæði um skólahljómleika, stofnanatónleika og vinnustaðatónleika í grein 2.6.2. í kjarasamningi aðila og tónleikaferðir erlendis, sbr. kafla 4.2. í kjarasamningi aðila.

Utan hins almenna kjarasamnings hafi Starfsmannafélag S.Í. nokkrum sinnum samið sérstaklega við stefnda um fleiri tónleika innanlanlands en venjubundin heimild hafi náð til, þ.e. fimmtudagstónleika auk framangreindra laugardagstónleika. Nefna megi samkomulag um æfingafyrirkomulag frá 18.9.1989, breytingu á því frá 1991 og 22.04. 1992, samkomulag frá 16.4. 1993, samþykkt dagsetta 8.7. 1994 og samkomulag frá 17.12. 1996. Stefndi hafi þann 19.4. 1994 sagt upp framangreindu samkomulagi frá 18.9.1989. Í meginatriðum hafi vinnutilhögun ekkert breyst þrátt fyrir uppsögnina. Fyrir starfsárið 1994-1995 hafi verið gert samkomulag um örlitla tilfærslu á vinnutíma að ósk aðalhljómsveitarstjóra Osmo Vänskä. Fallist hafi verið á að vinna áfram eftir Vänskä-vinnuáætluninni fyrir starfsárið 1995-1996. Sú heimild hafi hins vegar ekki verið nýtt nema að litlu leyti af hálfu vinnuveitanda og hafi vinnutíminn það starfsár að mestu verið samkvæmt samkomulaginu frá 1989 með síðari breytingum.

Á miðju starfsári 1995-1996 hafi verið undirritaður nýr kjarasamningur aðila þann 20. desember 1995. Sá samningur hafi ekki veitt vinnuveitanda neinar nýjar heimildir varðandi tilfærslu vinnu-

skyldu úr dagvinnu yfir í næturvinnu enda hafi framkvæmdastjóra hljómsveitarinnar verið fullkunnugt um að öllum kröfum þar að lútandi yrði hafnað af hálfu fulltrúa starfsmannafélagsins og FÍH. Stefndi hafi hins vegar nú reynt að ganga lengra heldur en heimild hans nái til samkvæmt kjarasamningi aðila og áratuga framkvæmd á vinnutilhögun.

Rætur ágreinings aðila megi rekja til upphafs þessa starfsárs hjá hljómsveitinni sem hófst hinn 1. september 1996 er Sinfóníuhljómsveit Íslands hafi sent vinnuáætlun til hljómsveitarmanna fyrir september 1996 er þeim hafi borist í hendur um miðjan ágústmánuð svo sem venja sé. Formaður starfsmannafélagsins hafi yfirfarið vinnuáætlunina í því skyni að koma með hugsanlegar ábendingar. Vikan 9.-14. september hafi strax vakið athygli hans. Hún hafi verið óvenjuleg að tvennu leyti. Annars vegar hafi æfingar verið styttar á hverjum degi og hins vegar þrennir tónleikar í viku, þ.e. hefðbundnir fimmtudagstónleikar og einn af sex laugardagstónleikum auk viðbótartónleika. Þegar æfinga- og tónleikatímarnir voru taldir saman þessa viku hafi komið í ljós að þeir voru 22 eða sama tala og vinnuskylda hljómsveitarmanna.

Framkvæmdastjóri S.Í. hafi síðan staðfest í samtali við formann að ekki stæði til að greiða yfirvinnu þessa viku vegna þriðju tónleikanna. Þessu hafi strax verið mótmælt af hálfu stefnanda og bent á að ekki gæti staðist að búa til tónleikatíma úr brotum af venjulegum æfingatíma hljómsveitarinnar. Ennfremur væri áralöng hefð fyrir því að greiða þriðju tónleika í sérhverri viku, þ.e. aldrei áður hafi fleiri en tvennir tónleikar rúmast innan vikulegrar vinnuskyldu. Þessu hafi hvorki verið mótmælt af framkvæmdastjóra þá né síðar.

Síðar hafi komið í ljós að þessi æfingatími reyndist ekki nægur og þurfti hljómsveitarstjórinn Yuasa að fara fram á viðbótaræfingatíma sem greiddur hafi verið með yfirvinnukaupi.

Stjórn starfsmannafélagsins hafi komið saman í septemberbyrjun 1996 og mótmælt þessum nýju vinnubrögðum kröftuglega og boðað síðan til félagsfundar þann 12. september 1996 þar sem fordæmd hafi verið vinnubrögð framkvæmdastjóra S.Í. varðandi vinnutilhögun vikunnar 9.-14. september 1996 þar sem hluti æfingatíma sem samkvæmt kjarasamningi (gr. 2.4.1.) skuli vinna í dagvinnu sé færður á tónleika að kvöldlagi.

Bréfleg mótmæli hafi verið send stefnda þann 24. september 1996.

Í framhaldi af þessu hafi framkvæmdastjóri S.Í. og formaður starfsmannafélagsins hist og gert með sér samkomulag þar sem málinu hafi verið vísað til samstarfsnefndar. Samstarfsnefndarfundur hafi verið haldinn 9. október 1996. Á þeim fundi hafi vinnutímamálið verið rakið í stórum dráttum og fundi síðan slitið áður en nokkur niðurstaða fékkst. Þann 28. október 1996 hafi stefnanda borist bréf frá fjármálaráðuneytinu þar sem færð voru rök fyrir því að framkvæmdastjóri S.Í. hafi verið í fullum rétti og hafi málaleitan stefnanda verið vísað á bug. Beiðni stefnanda um annan fund í samstarfsnefndinni hafi verið hafnað af fjármálaráðuneytinu með bréfi þann 20. janúar 1997.

Í desembermánuði síðastliðnum hafi framkvæmdastjóri S.Í. reynt að fara inn á sömu braut og í september 1996 varðandi Vínartónleika með því að setja þrenna tónleika í sömu viku innan vinnuskyldu. Því hafi tekist að forða og 17. desember 1996 hafi verið undirritað sérsamkomulag þar að lútandi milli málsaðila, þar sem fallist hafi verið á að greiða tvenna af fernum tónleikum og frestur gefinn á að leysa þetta mál fram til janúarloka ella yrði málinu skotið til Félagsdóms. Hafi aðilar reynt til þrautar að ná sameiginlegri niðurstöðu varðandi þetta ágreiningsatriði. Af þeim sökum hafi verið nauðsynlegt að leita til Félagsdóms til þess að fá úr því skorið hvernig beri að túlka áðurgreind ákvæði kjarasamnings aðila.

Síðastgildandi kjarasamningur aðila hafi runnið út þann 31.12. 1996 og sé unnið eftir honum þar til nýr kjarasamningur verði gerður en kjarasamningaviðræður standi yfir milli málsaðila.

Í almennum kjarasamningum séu að jafnaði ákvæði sem samtök launþega og vinnuveitenda semji um varðandi vinnutíma. Grundvallarreglan sé sú að dagvinnutími sé skilgreindur og séu dagvinnustundir yfirleitt um 8 klst. á dag á tímabilinu 7.30-17.00 fimm daga vikunnar, alls um 40 klst. á viku. Falli vikulegur vinnutími launþega utan framangreinds dagvinnutíma greiðist slík vinna með álagi sem yfirleitt sé 80% á dagvinnu eða 1,0385% af mánaðarlaunum. Sé hins vegar um að ræða fasta tímaafmarkaða og reglubundna vinnu sem unnin sé á vöktum semji aðilar stundum um 33% vaktaálag á þá tíma sem falli utan dagvinnutíma. Í þessu máli snúist deilan um það hvort vinnuveitandinn geti einhliða í blóra við ríkjandi framkvæmd án nánast nokkurs fyrirvara breytt skilgreindri vinnu (æfingatíma) í annars konar og meira krefjandi vinnu (tónleika) án samþykkis eða

samráðs við starfsmenn. Einnig hvort vinnuveitandinn geti hliðrað einhliða til föstum dagvinnutíma yfir á næturvinnu án þess að greiða yfirvinnuálag. Hér sé ekki um reglubundna vinnu að ræða heldur kvöldtónleika sem ákveðnir séu með skömmum fyrirvara og ekki í neinum tengslum við hefðbundinn vinnutíma.

Dómkröfuliður nr. 2.

Samkvæmt launaseðli Sigurðar Ingva Snorrasonar, kt. 220450-3769 fyrir júnímánuð 1997 hafi Sigurður farið í tvær ferðir út á land þar sem greiddir hafi verið alls 12 tímar. Önnur ferðin hafi verið farin sunnudaginn 20. apríl s.l. til Akureyrar en hin ferðin til Laugalands í Holtum mánudaginn 28. apríl s.l.

Samkvæmt ákvæðum í grein 4.1.1. í kjarasamningi aðila beri að greiða hljómsveitarmönnum auk fastra launa 6 klst á yfirvinnukaupi. Standi ferðin yfir laugardag og sunnudag skuli auk þess greiða 4.5 klst. á 45% álagi skv. grein 1.5.1. fyrir hvorn dag. Í stað þess að greiða Sigurði kr. 11.824 vegna sunnudagsferðarinnar hafi stefndi hins vegar greitt Sigurði kr. 8.681.- samkvæmt ofangreindum launaseðli.

Fyrir framangreinda ferð til Laugalands þann 28.4. s.l., sem farin var á virkum degi hafi Sigurður hins vegar fengið greidd föstu launin kr. 5.460.- auk 6 klst. á yfirvinnukaupi samtals kr. 12.831.-. Hér sé vinna á helgidegi ekki verðlögð af hálfu vinnuveitanda eins og almennt sé viðurkennt bæði í kjarasamningi aðila og í kjarasamningum almennt.

Stefndi túlkar ákvæði áðurnefnds ákvæðis í grein 4.1.1. á annan hátt en fulltrúar Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands og verði því að fá úrskurð Félagsdóms varðandi rétta túlkun framangreinds ákvæðis.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Dómkröfuliður nr. 1.

Stefnandi byggir á því að föst venja sé að greiða þriðju tónleika með yfirvinnuálagi enda annað óheimilt því að ella væri verið að hliðra dagvinnu yfir á næturvinnu. Eins og sjáist á vinnuáætlunum hljómsveitarinnar sem liggi frammi í málinu hafi fastir tónleikar hljómsveitarinnar í Háskólabíói um áratugaskeið verið á fimmtudagskvöldum. Aðrir tónleikar sem hljómsveitin hafi haldið hafi verið 6 tónleikar á laugardögum, skólahljómleikar á dagvinnutíma, vinnustaðahljómleikar og hljómleikar úti á landi og erlendis.

Ágreiningurinn snúist eins og áður segir aðeins um það þegar yfirstjórn hjómsveitarinnar ákveði að hafa aukakvöldtónleika í Háskólabíói á öðrum dögum en fimmtudögum og þeim sex laugardögum, sem heimild sé fyrir í grein 2.7.1. Stefnandi telji að greiða eigi 3.5 klst. á yfirvinnuálagi fyrir þessa aukatónleika en stefndi telji að heimilt sé að fella þessa kvöldtónleika inn í vinnuskyldutíma og beri ekki að greiða yfirvinnuálag fyrir þessa tónleika, þar sem vinnuskylda hljómsveitarmanna sé ótvíræð og greiðslan fyrir tónleikana hluti af föstum launum, þar sem æfingatími sé styttur sem samsvari þessum 3.5 klst.

Þegar kjarasamningur aðila sé lesinn sjáist hve réttarstaða hljóðfæraleikara sé traust hvað viðkomi skilgreiningu á vinnutilhögun, þar sem leita þurfi samþykkis hljóðfæraleikara varðandi breytingar á hefðbundinni vinnutilhögun innan dagvinnutímabils. Megi í þessu sambandi benda á ákvæði í grein 2.4.1. varðandi það að hliðra morgunæfingatíma á bilinu 9.30 til 13.30 yfir á síðdegi en slíkt þurfi að gerast með samþykki starfsmannastjórnar S.Í. Hér sé ekki verið að breyta æfingatíma í tónleikahald. Hér sé einungis verið að færa æfingatíma innan dagvinnutímabils. Af þessu leiði að gera verði enn meiri kröfur til samþykkis stefnanda ef æfingatíma er breytt í hljómleika. Önnur ákvæði um samþykki og samráð stefnanda varðandi vinnuskyldu og vinnutilhögun sé að finna í grein 2.2.1. (færri en 8 hljóðfæraleikarar boðaðir til hljóðritana), í grein 2.6.3. (samráð við gerð mánaðarlegrar starfsáætlunar) og í grein 2.6.4. (samráð við breytingar með skömmum fyrirvara á vinnutilhögun). Ef sá skilningur stefnda að hann gæti haft tónleika hvenær sem væri innan starfstímabils eða dags væri réttur, væru sérákvæði í kjarasamningi aðila um laugardagstónleika og aðra tónleika ónauðsynleg. Staðreyndin sé hins vegar sú að þessi undanþáguákvæði taki af allan vafa um að stefndi hafi teygt sig of langt í túlkun með því einhliða að ákveða þriðju tónleika innan vinnuskyldu og synja síðan greiðslu yfirvinnukaups fyrir þessa tónleika.

Í kjarasamningi aðila takmarki því kjarasamningsákvæði mjög rétt vinnuveitanda til einhliða afskipta varðandi listrænan undirbúning og æfingar hljómsveitarmanna. Staðreyndin sé sú að skerðist æfingatími með því að fjölga tónleikum minnki þær kröfur sem vinnuveitandi geti gert til hljóðfæraleikara. Lítill eða enginn undirbúningur komi óneitanlega niður á flutningnum, sem fengi neikvæða

umfjöllun í fjölmiðlum og drægi úr aðsókn á hljómleika hljómsveitarinnar. Slíkt sé hvorki til framdráttar metnaðarfullum tónlistarmönnum né vinnuveitanda þeirra sem verði fyrir ófyrirséðu tekjutapi vegna slælegs undirbúnings. Þriðju tónleikar í sömu viku krefjist aukinnar heimavinnu, sem metnaðarfullir starfsmenn hljómsveitarinnar hafi lagt á sig í slíkum tilvikum til að geta skilað vel unnu verki en sú yfirvinna sé bæði þvinguð og ólaunuð og fráleitt hægt að byggja að nokkru leyti á henni.

Sú staðreynd að framlög á fjárlögum hafi dregist saman til Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafi haft það í för með sér að stjórnendur S.Í. hafi leitað annarra tekjuleiða. Væntanlega hafi þeir séð sér leik á borði að búa til aukahljómleika, sem að þeirra mati myndu geta fallið innan vinnuskyldumarka kjarasamnings aðila. Þannig verði til tekjur af tónleikum án verulegra aukaútgjalda af þeirra hálfu. Dæmið sé hins vegar ekki svona einfalt og sé í raun óframkvæmanlegt nema um þetta sé full sátt milli samingsaðila.

Við túlkun á kjarasamningum beri að líta á orðalag samningsins og hvernig hann hafi verið skilinn og framkvæmdur í áranna rás. Meginreglan sé sú að sá sem haldi fram annarri túlkun á kjarasamningsákvæði en löng framkvæmd staðfesti hafi sönnunarbyrði fyrir hinni nýju túlkun. Orðalag samnings verði þá að vera sérstaklega skýrt til stuðnings hinni nýju framkvæmd.

Í þessu máli hafi stefndi því sönnunarbyrði fyrir þeirri nýju túlkun að heimilt sé án samráðs eða samþykkis hljómsveitarfólks að færa vinnuskyldu í dagvinnu yfir á kvöldvinnu með því að breyta æfingatíma að morgni í tónleika að kvöldi, rofnum úr tengslum við annan vinnutíma. Orðalag kjarasamnings aðila varðandi vinnutímaskyldu hafi ekkert breyst varðandi þetta atriði síðan 1989 og framkvæmdin ekkert breyst þá né síðar allt frá 1950, þ.e. að félagsmönnum stefnanda sé greitt yfirvinnuálag á tónleikum séu þeir fleiri en þeir tvennir sem kjarasamningur heimilar. Hafi það verið ætlunin hjá stefnda í kjarasamningaviðræðum aðila að breyta þessu atriði hafi honum borið að gera kröfu um það að stefnda væri hvenær sem er heimilt að breyta æfingatíma í tónleika og að slík vinna greiddist ekki með yfirvinnuálagi. Orðalag slíks ákvæðis hefði jafnframt þurft að vera mjög skýrt og afdráttarlaust.

Ef fallist væri á sjónarmið stefnda væri honum heimilt án samráðs eða samþykkis stefnanda að hafa allt að 6 tónleika á viku. Slík túlk-

un bryti vitaskuld í bága við grundvallaratriði þeirra kjarasamninga, sem gilda á hinum almenna vinnumarkaði um vinnutíma og þær almennu reglur sem gilda um réttindi starfsmanna og stjórnunarrétt vinnuveitanda. Túlkun þessi sé andstæð rótgróinni framkvæmd og séu því forsendur fyrir kjarasamningi aðila brostnar. Hún gæti haft verulega tekjuskerðingu í för með sér fyrir hljómsveitarmenn S.Í. og riðlað gjörsamlega persónulegum högum þeirra einstaklinga, sem vinna eftir kjarasamningnum, þar sem viðbótarkvöldtónleikar umfram hefðbundna séu í sumum tilvikum nær óframkvæmanlegir fyrir suma vegna fjölskylduhaga. Sú óvissa sem ríkja myndi um vinnutilhögun væri óþolandi og breytti samningi þess sem teldi sig aðallega ráðinn til dagvinnustarfa í næturvinnusamning án yfirvinnugreiðslna. Hljómsveitarmenn væru þá í þeirri óbærilegu stöðu að þeir vissu ekkert um sinn vinnutíma og gætu ekki gert neinar áætlanir fram í tímann þar sem stefndi gæti hvenær sem væri fært dagvinnu yfir á kvöldtónleika.

Sérsamningar, sem stefndi hafi talið sig þurfa að gera á síðastliðnum árum við stefnanda hafi margir tengst greiðslu fyrir „þriðju tónleikana". Þetta feli að sjálfsögðu í sér þá viðurkenningu að stefndi telji sig ekki hafa þennan rétt einhliða. Þrátt fyrir að nú sé ekki í gildi sérstakt samkomulag um vinnutilhögun hafi framkvæmdin eins og áður segir ekkert breyst, þ.e. stefndi hafi greitt yfirvinnuálag fyrir „þriðju tónleikana". Uppsögn stefnda á sérsamkomulagi aðila breyti heldur engu hér um og skapi stefnda engan rétt þar sem vinnutilhögunin og framkvæmd teljist hluti kjarasamnings enda hafi framkvæmd á henni ekkert breyst þrátt fyrir uppsögnina. Slíkri framkvæmd beri að segja upp með sama hætti og heildarkjarasamningi aðila. Þegar honum hafi verið sagt upp sé unnið eftir honum þar til nýr samningur hafi verið gerður eða hann hafi fallið niður með vinnustöðvun. Hvorugt hafi gerst og framkvæmdin eins og áður segir óbreytt. Hafi stefndi reynt að framkvæma annað hafi því ávallt verið harðlega mótmælt af hálfu stefnanda. Af þessum sökum, og séu almenn skýringarsjónarmið í vinnurétti höfð að leiðarljósi, sé óskiljanlegt af hálfu stefnda að brjóta svo sem raun beri vitni gegn áratuga framkvæmd aðila á kjarasamningsákvæðinu um vinnutíma og vinnuskyldu með því einhliða að ákveða að halda þriðju tónleika í september 1996 og synja síðan greiðslu yfirvinnuálags fyrir tónleikana.

Dómkröfuliður nr. 2.

Mótmælt er útreikningi starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins á launum Sigurðar Ingva Snorrasonar. Í þeim tveimur ferðum sem hann fór út á land í tónleikaferðir í apríl var önnur farin um helgi. Það var sunnudaginn 20. apríl 1997 þegar Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt tónleika vegna Kirkjulistahátíðar.

Samkvæmt ákvæðum í grein 4.1.1. í kjarasamningi aðila beri að greiða hljómsveitarmönnum auk fastra launa 6 klst. á yfirvinnukaupi. Standi ferðin yfir laugardag og sunnudag skal auk þess greiða 4.5 klst. á 45% álagi skv. grein 1.5.1. fyrir hvorn dag. Í stað þess að greiða (6 x 1228.56 (yfirvinnukaup) =) kr. 7.371,- + (989.63 (45% álagstaxti) x 4,5 =) kr. 4.453,- = kr. 11.824,- greiðir stefndi Sigurði kr. 7.371 + (4,5 x 291,06 (45% álag) =) kr. 1.310,- = kr. 8.681,-.

Eins og sjáist af þeim launaseðli sem liggi frammi í málinu fyrir júnímánuð fari Sigurður í tvær ferðir þar sem greiddir séu alls 12 tímar vegna ferða út á land. Hin ferðin hafi verið farin til Laugalands í Holtum mánudaginn 28. apríl s.l. Fyrir þá ferð fái hann föstu launin kr. 5.460,- auk 6 klst. á yfirvinnukaupi, samtals kr. 12.831,-.

Samkvæmt orðanna hljóðan í grein 4.1.1. í kjarasamningum aðila beri að greiða Sigurði Ingva Snorrasyni kr. 11.824,- fyrir vinnu sunnudaginn 20.4. s.l. Útreikningur stefnda brjóti í bága við þá grundvallarreglu að greiða eigi hærri laun fyrir vinnu á helgidögum. Sé gengið út frá því að ferð á laugar- eða sunnudegi standi í 10 klst. bæri samkvæmt útreikningi stefnda að greiða hljómsveitarmönnum kr. 8.681,- fyrir þá ferð. Ef Sigurður Ingvi Snorrason ætti hér í hlut fengi hann að meðaltali 868 krónur fyrir unna vinnustund eða 27% álag, sem er 53% lægra álag en almennt sé samið um á hinum almenna vinnumarkaði fyrir helgarvinnu.

Túlkun stefnda stangist einnig á við 1. grein laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Máli þessu sé stefnt fyrir Félagsdóm samkvæmt 38. grein laga nr. 80/1938, sbr. aðallega 2. tl. 44. greinar laga nr. 80/1938, og til vara samkvæmt 3. tl. 26 greinar laga nr. 94/1986.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Athugasemdir um formhlið málsins.

1. Aðild. Málinu sé stefnt til Félagsdóms á grundvelli 38. gr., sbr. aðallega 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938, en til vara á grundvelli 3. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986. Hvorki Félag íslenzkra hljóðfæraleikara né Al-

þýðusamband Íslands fari með samningsumboð fyrir starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þótt ekki sé gerð krafa um frávísun málsins á grundvelli óljósrar aðildar eða sýknu vegna aðildarskorts beri ekki að skilja það svo að stefndi viðurkenni þar með samningsumboð Félags íslenzkra hljóðfæraleikara vegna starfsmanna Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Það umboð sé í höndum Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands, samanber og meginreglu 6. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

2. Reglan um munnlegan málflutning. Samkvæmt 52. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, eins og þeim hafi síðar verið breytt, sé almenna reglan sú, að mál fyrir Félagsdómi skuli flytja munnlega. Stefna málsins sé að svo verulegu leyti skriflegur málflutningur að hún sýnist brjóta í bága við ákvæði e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, jafnvel þótt ákvæði 50. gr. laga nr. 80/1938 séu skoðuð með hinum ítrasta velvilja. Ekki er þó gerð krafa um frávísun málsins af þessum sökum.

Málsatvik

Ágreiningur aðila lúti að mismunandi skilningi á kjarasamningi milli fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem gerður var 20. desember 1995 með gildistíma til 31. desember 1996. Sé ágreiningurinn í tveimur þáttum, það er 1. um túlkun á ákvæðum gr. 2.3.1., samanber gr. 1.5.1. um vikulega vinnuskyldu, en 2. um túlkun á ákvæðum b-liðar gr. 4.1.1. um greiðslur á ferðalögum innanlands.

1. Ákvæði gr. 2.3.1. Í kjarasamningi frá 23. september 1986 voru í 3. kafla nákvæm ákvæði um skiptingu vikulegrar vinnuskyldu og þar var í gr. 3.5. sérstaklega tekið fram, að einir tónleikar á viku skyldu taldir hluti vinnuskyldu en annar tónlistarflutningur ekki, félli hann utan dagvinnutímabils. Samningnum fylgdi bókun þess efnis, að aðilar tækju þá þegar upp viðræður um breytta starfstilhögun hljómsveitarinnar, sem fæli meðal annars í sér rýmkaða tónleikaheimild og hafi verið stefnt að því að þeim viðræðum lyki fyrir 1. desember 1986.

Kjarasamningur hafi verið gerður á milli sömu aðila þann 3. maí 1987. Fyrir þá samningsgerð höfðu fulltrúar samningsaðila farið í kynnisferð til nokkurra hljómsveita í Evrópu og hafi það verið liður í viðræðum um breytta starfstilhögun samkvæmt ofangreindri bók-

un. Í samningnum sjálfum hafi verið svipuð ákvæði í 2. kafla um vinnuskyldu og skiptingu hennar og í samningi frá 23. september 1986, þar á meðal hafi verið sömu ákvæði í gr. 2.5.1. um eina tónleika á viku. Með samningnum hafi verið svokallað fylgiskjal varðandi breytingu á vinnutíma hljómsveitarmanna. Í reynd hafi þetta fylgiskjal leyst af hólmi ákvæði 2. kafla samningsins um vinnutíma þann 1. september 1987 og sett nýjar reglur í staðinn. Þar hafi orðið sú breyting á að í stað nákvæmrar skiptingar á vikulegum vinnutíma á milli eigin æfinga, samæfinga og tónleikahalds, hafi einungis komið tilgreining á vikulegri vinnuskyldu til samæfinga og hljómleikahalds en ekki sundurliðun á fjölda tónleika á viku. Þegar þessi skipan hafi tekið gildi hafi jafnframt hækkað öll starfsheiti samkvæmt samningnum um einn launaflokk. Virðist mega álykta að rýmkun á notkun vinnutíma hafi verið greidd með sérstakri launahækkun eins og algengt sé á vinnumarkaði. Hafi samningsaðilar þar með uppfyllt ákvæði bókunar með kjarasamningi um breytta starfstilhögun hljómsveitarinnar með rýmkaðri tónleikaheimild. Þessi breyting hafi svo verið staðfest með nokkrum breytingum, sem ekki hafi þýðingu hér, í kjarasamningi aðila dagsettum 16. júní 1989. Af þessum sökum sé framlagning vinnuáætlana frá 1985 til 1987 án þýðingar fyrir mál þetta, þær séu miðaðar við fyrirkomulag, sem báðir aðilar hafi verið sammála um að breyta vegna þess að það stæði hljómsveitinni fyrir þrifum. Markaðsforsendur muni hinsvegar ekki hafa verið til þess að haldnir yrðu þrennir tónleikar með sömu efnisskrá í sömu vikunni og hafi því ekki reynt beinlínis á hið nýja fyrirkomulag að þessu leyti í upphafi. Á framlögðu minnisblaði séu nokkur dæmi um tvenna tónleika innan vikulegrar vinnuskyldu eftir breytingu á samningi árið 1987 þar sem seinni tónleikarnir séu yfirleitt á laugardegi.

Þann 18. september 1989 hafi verið gert minnisblað á milli stjórnenda hljómsveitarinnar og Starfsmannafélagsins um æfingafyrirkomulag og fleira. Minnisblað þetta („leyniplaggið") hafi ekki verið gert á milli samningsaðila. Minnisblöðin hafi verið innanhússplögg, sem Fjármálaráðuneytið, sem fari með samningsaðild fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands, hafi ekki verið aðili að og sennilega ekki vitað um, a.m.k. í upphafi.

Samkvæmt minnisblaði þessu hafi verið gert ráð fyrir því í töflu um æfingafyrirkomulag að fleiri tónleikar en tveir væru á viku en

ekkert tekið fram um að ekki væri unnt að hafa fleiri tónleika enda rúmuðust þeir innan vinnuskyldu. Sjá megi ráðagerð um að tónleikar séu tvö kvöld í röð, utan laugardaga, samkvæmt breytingum sem hafi verið gerðar á æfingafyrirkomulaginu.

Með bréfi dagsettu 19. maí 1994 hafi Sinfóníuhljómsveit Íslands sagt upp fyrirkomulagi samkvæmt minnisblaðinu frá 18. september 1989 með síðari breytingum. Hafi uppsögnin verið studd umsögn frá Starfsmannaskrifstofu Fjármálaráðuneytis þess efnis að minnisblaðið fæli ekki í sér samkomulag sem jafna mætti til kjarasamnings og væri því uppsegjanlegt með sama fyrirvara og gilti um ráðningarkjör.

Á minnisblaði dags. 11. júní 1996 séu rakin dæmi um fleiri en eina tónleika inni í vinnuskyldu aðra en upphafstónleika 1996.

Með vinnuáætlun fyrir september 1996 hafi komið til fullra framkvæmda vinnutímaákvæði fylgiskjals kjarasamnings frá 3. maí 1987 eftir uppsögn minnisblaðsins frá 18. september 1989. Æfingatími hafi verið styttur til þess að þrennir tónleikar gætu rúmast innan vinnuskyldu á einni viku.

Athyglisvert sé að stefnandi sýnist ekki byggja rétt á minnisblaðinu frá 18. september 1989 um æfingafyrirkomulag og síðari breytingum að öðru leyti en því að mótmæla því að uppsögn minnisblaðsins geti farið fram án tengsla við uppsögn kjarasamnings.

2. Túlkun á ákvæðum b-liðar gr. 4.1.1. um greiðslur á ferðalögum innanlands. Ákvæði um sérstakt 45% álag á 4.5 klst. séu tónleikar á hljómleikaferð innanlands á laugardegi eða sunnudegi hafi komið inn með 9. gr. kjarasamnings gerðs 16. júní 1989. Frá upphafi hafi ákvæði þetta verið framkvæmt þannig að einungis sé greitt álag en ekki dagvinnulaun að auki. Á minnisblaði um álagsgreiðslur dags. 3. júlí 1997 séu lögð fram gögn um greiðslur til 2. klarinettuleikara hljómsveitarinnar á tónleikaferðum innanlands frá 1989 til og með 1997, það sé ýmist Sigurðar Ingva Snorrasonar, fasts 2. klarinettuleikara, sem notaður sé sem dæmi í stefnu eða Kjartans Óskarssonar, sem í ýmsum ferðum kom í stað Sigurðar. Af dómskjalinu komi fram að aldrei hafi verið greitt dagvinnukaup auk álagsins. Mun þessi framkvæmd ekki hafa sætt andmælum fyrr en nú.

Málsástæður og lagarök.

1. Ákvæði gr. 2.3.1. Samkvæmt meginreglum íslensks vinnuréttar verði stjórnunarréttur vinnuveitanda ekki takmarkaður nema með

lögum eða beinum kjarasamningsákvæðum. Af þessu leiði meðal annars að sá sem heldur því fram að stjórnunarréttur hafi verið takmarkaður hafi sönnunarbyrði fyrir þeirri fullyrðingu. Ráðstöfun vinnutíma starfsmanna sé veigamikill þáttur í stjórnunarrétti. Svari þetta rökstuðningi stefnanda um grundvallarreglur, sem gildi á almennum vinnumarkaði um vinnutíma og stjórnunarrétt vinnuveitanda.

Með bókun með kjarasamningi dagsettum 23. september 1986 hafi samningsaðilar tekið ákvörðun um að freista þess að ná samkomulagi um breytta starfstilhögun hljómsveitarinnar sem fæli í sér rýmkaða tónleikaheimild. Þessu markmiði hafi samningsaðilar náð með fylgiskjalinu með kjarasamningi 3. maí 1987, sem tók gildi 1. september 1987. Fyrir þessa breytingu hafi stefndi beinlínis greitt með sérstakri hækkun allra starfsheita um einn launaflokk, auk þess sem hækkanir í samningnum sjálfum kunni einnig að hafa tekið mið af þessu breytta fyrirkomulagi. Með þessari breytingu á kjarasamningi aðila hafi fallið úr gildi allar venjur, sem brotið hafi í bága við breytinguna á samningnum, sem tók gildi 1. september 1987. Ekki hafi verið tilefni til notkunar hinnar rýmkuðu heimildar á starfsárinu 1987-1988 eða starfsárinu 1988-1989. Því hafi ráðið meðal annars markaðsaðstæður. Fyrir starfsárið 1989-1990 hafði minnisblaðið frá 18. september 1989, „leyniplaggið", verið gert og ákveði þess um lengd æfinga komið í veg fyrir að tvennir tónleikar á virkum dögum, auk laugardagstónleika, gætu að fullu fallið innan vinnuskyldu án yfirvinnuálags. Hindrun þrennra tónleika hafi því ekki verið fólgin í neinskonar venju heldur byggst á sérstöku innanhússsamkomulagi.

Frá breytingunni á kjarasamningi frá 3. maí/1. september 1987 ráði stjórnendur Sinfóníuhljómsveitar Íslands notum þess tíma sem alls sé ætlaður til samæfinga og hljómleikahalds og fari það eftir mati þeirra hvort heimildin sé notuð. Ljóst sé að Sinfóníuhljómsveit Íslands sé það brýnt hagsmunamál að hvergi sé slakað á listrænum kröfum og æfingatími ekki skorinn þannig niður að listrænni frammistöðu sé ógnað. Mat á því sé í höndum listræns stjórnanda hljómsveitarinnar og stjórnar hennar og framkvæmdastjóra. Röksemdir stefnanda um að stefndi þurfi sérstaka sönnun fyrir því að heimilt sé að breyta æfingatíma sem hann telji venjubundinn í hljómleikatíma, falli meðal annars á áðurgreindri rýmkaðri tónleikaheimild og svo því að eðli starfseminnar krefjist þess að hluti

vinnunnar sé unninn utan dagvinnutíma. Sé það síðastnefnda óumdeilt og forsenda starfseminnar.

Minnisblaðið frá 18. september 1989, „leyniplaggið", hafi verið innanhússsamkomulag um fyrirkomulag æfinga, en hafi ekki haft ígildi kjarasamnings þegar af þeirri ástæðu að fjármálaráðherra, sem fari með kjarasamningsumboð fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands, hafi ekki staðið að samkomulaginu og megi efast um að fjármálaráðuneytið hafi yfirleitt vitað af því. Vísa megi um þetta til dóms Félagsdóms 25. mars 1993 í máli nr. 2/1993, þar sem dómurinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að samkomulag nokkurra starfsmanna Stálsmiðjunnar hf. við fyrirtækið um fasta yfirvinnu yrði að teljast hópsamningur um ráðningarkjör en ekki kjarasamningur vegna þess að Verkamannafélagið Dagsbrún, sem hafi farið með kjarasamningsaðildina, hafi ekki verið aðili að samkomulaginu. Minnisblaðið hafi því verið uppsegjanlegt með sama fyrirvara og ráðningarkjör, það er þriggja mánaða fyrirvara, samanber þó gr. 5.5.1. í kjarasamningi um sex mánaða uppsagnarfrest af hálfu hljóðfæraleikara. Samkomulaginu hafi verið sagt upp með bréfi dagsettu 19. maí 1994 og hafi þá uppsögn tekið gildi þann 19. ágúst 1994. Fyrsta raunhæft tækifæri til notkunar á rýmkaðri tónleikaheimild hafi því verið í september 1994 en hafi ekki verið notað fyrr en í september 1996, eins og dómsmál þetta sýni. Ákvörðun um að beita ekki heimildinni við fyrsta mögulegt tækifæri hafi verið tekin í samráði við hljóðfæraleikara, en fyrra æfingafyrirkomulag skyldi gilda þar til nýr kjarasamningur hefði verið gerður. Hann hafi svo verið gerður 20. desember 1995 en eðlilegt hafi þótt að bíða með breytingu æfingafyrirkomulags þar til í upphafi næsta starfsárs, það er til september 1996.

Skortur á notkun heimildar í eitt eða tvö skipti myndi ekki venju, sem sé gagnstæð heimild samkvæmt kjarasamningi.

2. Túlkun á ákvæðum b-liðar gr. 4.1.1. um greiðslur á ferðalögum innanlands. Átta ára óslitin framkvæmd núverandi b-liðar gr. 4.1.1. hafi myndað fasta venju um framkvæmd hennar og hafi minnisblað um álagsgreiðslur dags. 3. júlí 1997 verið lagt fram því til staðfestu. Á sama tíma hafi samningsaðilar gert með sér kjarasamning árið 1990, 29. maí 1992, 19. janúar 1994 og 1995. Höfðu samningsaðilar þá tækifæri til að breyta ákvæðinu teldu þeir framkvæmdina í ósamræmi við ákvæðið sjálft. Til þessa hafi ekki komið og geti stefnandi

ekki sótt rétt til Félagsdóms, sem hann hafi ekki freistað að fá úr hendi viðsemjanda síns.

Að auki sé rétt að benda á að ákvæðið tryggi í reynd sérstakt viðbótarálag á yfirvinnustund, sé óháð unnum tíma og því nokkurs konar jafnaðarálag á unna stund á hljómleikaferðum. Komi ákvæðið því á engan hátt við almennum reglum um dag- og helgidagavinnu. Tilvísun stefnanda í 1. gr. laga nr. 55/1980 sé torskilin í ljósi þess sem að ofan sé sagt. Benda megi þó á að kjarasamningur aðila og venjuhelguð framkvæmd á honum sé einmitt lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein, það er hljóðfæraleik í sinfóníuhljómsveit á Reykjavíkursvæðinu.

Málskostnaður.

Krafa stefnda um málskostnað er reist á 1. mgr. 65. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 1. og 3. mgr. 129. gr. og 1. mgr. 130. gr., báðar greinar í l. 91/1991.

Niðurstaða.

Við munnlegan flutning málsins vék lögmaður stefnda að því að til álita kæmi að vísa málinu frá dómi án kröfu, þar sem í reynd væri ekki um réttarágreining að ræða sem heyrir undir Félagsdóm að dæma um. Á þetta verður ekki fallist. Með aðilum er ágreiningur um skilning á tilgreindum ákvæðum kjarasamnings þeirra. Það heyrir undir Félagsdóm að dæma um þann ágreining samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986.

Ekki eru efni til athugasemda vegna málatilbúnaðar stefnanda, hvorki að því er varðar formlega sóknaraðild málsins né tilgreiningu málsástæðna í stefnu.

Um Sinfóníuhljómsveit Íslands gilda lög nr. 36/1982. Samkvæmt heimild í 11. gr. laganna hefur menntamálaráðherra sett reglugerð um nánari framkvæmd þeirra. Núgildandi reglugerð er nr. 196, 18. apríl 1991 um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 36/1982 er Sinfóníuhljómsveit Íslands sjálfstæð stofnun með sérstakan fjárhag og lýtur sérstakri stjórn. Málefni hennar heyra undir menntamálaráðuneytið.

Í 3. mgr. 6. gr. laga nr. 36/1982, sbr. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 196/1991, fer um launakjör og vinnutíma starfsmanna Sinfóníuhljómsveitar Íslands eftir kjarasamningum þeirra og fjármálaráðherra.

Um kröfulið 1. í dómkröfum stefnanda.

Ágreiningur málsaðila að því er varðar þennan lið snýst um túlkun á grein 2.3.1. í kjarasamningi þeirra frá 20. desember 1995 varðandi vikulega vinnuskyldu. Lýtur ágreiningurinn í meginatriðum að því hvort stefnda hafi verið heimilt með styttingu samæfinga að koma fyrir fleiri tónleikum inn í vinnuskyldu. Vefengir stefnandi einhliða rétt stefnda í þessum efnum og telur auk þess að greiða beri aukið tónleikahald „á yfirvinnuálagi".

Um vikulega vinnuskyldu er fjallað í grein 2.3.1. í kjarasamningi aðila frá 20. desember 1995. Er ákvæðið svohljóðandi:

„Vikuleg vinnuskylda til samæfinga og hljómleikahalds er 24,5 klst. að meðtöldum 2,5 klst. vegna undirbúnings fyrir æfingar, enda skulu hljómsveitarmenn vera komnir á vinnustað eigi síðar en 15 mínútum áður en æfing hefst. Fjöldi klukkustunda á viku til samæfinga og hljómleikahalds verður því 22 klst. (virkar klst.). Vinnuskyldu sína inna hljómsveitarmenn af hendi frá mánudegi til föstudags. 15,5 klst. á viku reiknast sem heimavinna hljómsveitarmanns til viðhalds menntunar og færni og til undirbúnings fyrir æfingar og tónleika."

Samkvæmt grein 2.7.1. í kjarasamningnum er heimilt, þrátt fyrir ákvæði greinar 2.3.1., að kalla hljómsveitina til starfa vegna hljómleikahalds 6 laugardaga á starfsárinu og greiðist sú vinna ekki sem yfirvinna, rúmist hún innan vinnuskyldunnar 22 klst. á viku.

Í kjarasamningnum er ekki að finna bein ákvæði um skiptingu vinnu milli samæfinga annars vegar og hljómleikahalds hins vegar né um afmörkun þess tíma sem dagvinnuskylda skal uppfyllt. Í grein 1.4.1. er yfirvinna skilgreind og telst yfirvinna öll vinna umfram vikulega vinnuskyldu svo og öll vinna sem unnin er á sérstökum frídögum. Almennir frídagar eru samkvæmt ákvæðinu laugardagar og sunnudagar en sérstakir frídagar eru sérstaklega taldir upp svo og stórhátíðardagar sem greiðast með sérstöku álagi.

Ljóst er samkvæmt gögnum málsins að verulegar breytingar voru gerðar á ákvæðum kjarasamnings aðila um vikulega vinnuskyldu 1987. Samkvæmt kjarasamningi aðila frá 23. september 1986 var vinnustundum skipt í þrennt milli samæfinga, hljómleika og eigin æfinga, auk þess sem dagvinnutími var skilgreindur. Tilflutningur á vinnuskyldu milli samæfinga og hljómleika var heimill innan dagvinnutímabils væru aðilar um það sammála. Þá var sérstaklega tekið

fram að einir tónleikar á viku skyldu teljast hluti vinnuskyldu en annar tónlistarflutningur ekki, félli hann utan dagvinnutímabils. Sérákvæði var um vinnu á laugardögum án þess að til yfirvinnugreiðslna kæmi. Í bókun með kjarasamningi þessum voru aðilar sammála um að taka upp viðræður um breytta starfstilhögun hljómsveitarinnar sem fæli meðal annars í sér rýmkaða heimild til tónleikahalds.

Samkvæmt fylgiskjali með kjarasamningi aðila frá 3. maí 1987 leystu breytt ákvæði um vinnutíma, sem fylgiskjalið hafði að geyma, af hólmi ákvæði samningsins um sama efni og tóku hin breyttu ákvæði gildi 1. september 1987. Ákvæði fylgiskjalsins breyttu 2. kafla samningsins frá 3. maí 1987 um vinnutíma en ákvæði samningsins um þetta voru áþekk ákvæðum kjarasamnings frá 23. september 1986 um efnið.

Sú meginbreyting varð með fylgiskjalinu með kjarasamningnum frá 3. maí 1987 að ekki var lengur fyrir að fara sérstakri sundurliðun á vinnustundum fyrir samæfingar og hljómleika, heldur var vinnustundafjöldi ákveðinn í einu lagi fyrir þessa starfsþætti. Sérstakt ákvæði um tilflutning vinnuskyldu milli samæfinga og hljómleika með samþykki aðila var fellt brott. Þá var ekki lengur tilgreindur fjöldi tónleika á viku (einir tónleikar) sem teldust til vinnuskyldu. Ennfremur var ekki lengur til að dreifa sérstakri afmörkun dagvinnutímabils. Samkvæmt grein 1.4.1. í kjarasamningnum frá 3. maí 1987 taldist yfirvinna vinna við samæfingar og tónleika umfram hina vikulegu vinnuskyldu og breytti fylgiskjalið ekki því ákvæði. Í fylgiskjalinu var tekið fram um vinnu á laugardögum að ekki bæri að greiða hana sem yfirvinnu, rúmaðist hún innan vinnuskyldu. Sú tilhögun, sem komst á með fylgiskjalinu og hér hefur verið lýst, er í meginatriðum sú sama og nú gildir samkvæmt kjarasamningi aðila frá 20. desember 1995.

Í málinu liggur fyrir samkomulag dags. 18. september 1989, „Æfingafyrirkomulag samkvæmt samningi dags. 16. júní 1989“ og síðari breytingar á því samkomulagi. Samkomulag þetta er undirritað af formanni stefnanda og skrifstofustjóra stefnda. Stefndi sagði þessu samkomulagi upp með bréfi dags. 19. maí 1994. Eins og samkomulagi þessu var háttað, bæði að efni og formi, verður ekki talið að það hafi haft gildi kjarasamnings milli aðila. Þá verður heldur ekki talið að framkvæmd í samræmi við samkomulagið hafi, gegn ótví-

ræðum ákvæðum kjarasamningsins, myndað venju í þá veru sem stefnandi heldur fram.

Samkvæmt framansögðu verður að telja að kjarasamningur aðila veiti það svigrúm til aukins tónleikahalds innan vikulegrar vinnuskyldu sem um er deilt í málinu. Af því leiðir að ekki telst vera um yfirvinnu að ræða, sbr. grein 1.4.1. í kjarasamningi aðila.

Meginstarfsemi stefnda er tónleikahald og tónlistarflutningur, sbr. 2. gr. laga nr. 36/1982. Ljóst er að starfsemi stefnda er eðlisóskyld venjulegri atvinnustarfsemi og lýtur öðrum lögmálum. Þrátt fyrir það verður ekki talið útilokað að almennar reglur vinnuréttar um stjórnunarrétt vinnuveitenda geti að vissu marki átt við í starfsemi stefnda. Hefur því ekki beinlínis verið borið við í máli þessu að vegna eðlis starfsemi stefnda geti slíkar reglur ekki átt við enda þótt stefnandi vísi til nauðsynjar á nægum æfingum vegna listrænna krafna. Ágreiningsefnið varðar framkvæmd vinnuskyldu innan umsamins vinnutíma og felur hvorutveggja í sér hvað vinna skal og hvenær. Ákvörðunarvald um slíkt telst almennt til stjórnunarréttar vinnuveitenda. Verður að telja, eins og ágreiningsefnið er vaxið, að þær reglur eigi við í samskiptum málsaðila. Í grein 2.3.1. í kjarasamningi aðila er ekki mælt fyrir um að samráð sé haft við stefnanda um skiptingu vinnuskyldu milli samæfinga annars vegar og tónleikahalds hins vegar eða að leita skuli samþykkis stefnanda fyrir þeirri skiptingu. Enda þótt kjarasamningur aðila hafi að geyma nokkur ákvæði þar sem gert er ráð fyrir því að samráð sé haft við stefnanda eða samþykki stefnanda áskilið, þ.á.m. varðandi tilgreindan þátt í tónleikahaldi, sbr. grein 2.2.1. og grein 2.6.3. um samráð við gerð mánaðarlegrar starfsáætlunar, verður ekki talið, miðað við ákvæði greinar 2.3.1. og forsögu þess, að af þeim ákvæðum verði leitt að stefnda hafi verið óheimilt án samþykkis eða samráðs við stefnanda að fjölga tónleikum í september 1996.

Samkvæmt þessu og þar sem kjarasamningurinn mælir ekki fyrir um skyldu til yfirvinnugreiðslu við hinar tilgreindu aðstæður ber að sýkna stefnda af kröfu stefnanda samkvæmt kröfulið 1.

Kröfuliður 2 í dómkröfum stefnanda varðar ágreining aðila um túlkun á ákvæðum b-liðar í grein 4.1.1. í kjarasamningi þeirra frá 20. desember 1995. Er ákvæðið svohljóðandi:

„Fyrir hverja ferð skal greiða, auk fastra launa, 6 klst. á yfirvinnukaupi skv. grein 1.4.1. dag hvern þ.á. m. frídaga. Standi ferðin yfir laugardag og sunnudag skal auk þess greiða 4,5 klst. á 45%

álagi skv. grein 1.5.1. fyrir hvorn dag. Önnur yfirvinna eða álag greiðist ekki."

Ágreiningur aðila snýst um það hvort greiða beri einungis 45% álag eða dagvinnulaun að auki 4,5 klst. eins og stefnandi heldur fram. Samkvæmt orðanna hljóðan og eðli málsins samkvæmt er rétt að skýra ákvæðið svo að standi ferð yfir laugardag og sunnudag skuli til viðbótar föstum launum og 6 klst. á yfirvinnukaupi greiða 4,5 klst. á dagvinnutímakaupi að viðbættu 45% álagi reiknuðu samkvæmt grein 1.5.1. í kjarasamningi aðila. Ber því að fallast á kröfu stefnanda samkvæmt kröfulið 2.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sinfóníuhljómsveit Íslands, skal vera sýkn af kröfu stefnanda, Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands, samkvæmt kröfulið 1.

Viðurkennt er að skilja ber b-lið greinar 4.1.1. í síðastgildandi kjarasamningi aðila þannig að stefnda beri að greiða hljómsveitarmönnum á ferðalögum innanlands 4,5 klst. á dagvinnukaupi auk 45% álags standi ferðin yfir laugardag og sunnudag að viðbættum 6 klst. á yfirvinnukaupi samkvæmt grein 1.4.1. dag hvern, þ.á m. frídaga.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i
Guðmundar Skaftasonar.

Ég er sammála úrlausn meirihluta dómsins um fyrri kröfulið í dómkröfum stefnanda.

Kröfuliður 2 í dómkröfum stefnanda varðar ágreining aðila um túlkun á ákvæðum b-liðar í grein 4.1.1. í kjarasamningi þeirra frá 20. desember 1995. Greinin gildir aðeins um ferðalög innanlands. Er ákvæðið svohljóðandi:

„Fyrir hverja ferð skal greiða, auk fastra launa, 6 klst. á yfirvinnukaupi skv. grein 1.4.1. dag hvern þ.á. m. frídaga. Standi ferðin yfir laugardag og sunnudag skal auk þess greiða 4,5 klst. á 45% álagi skv. grein 1.5.1. fyrir hvorn dag. Önnur yfirvinna eða álag greiðist ekki."

Ágreiningur aðila snýst um það hvort greiða beri einungis 45% álag eða dagvinnulaun að auki 4,5 klst. eins og stefnandi heldur fram. Túlka ber ákvæði þetta með hliðsjón af grein 1.5.1. sem vísað er til. Þar er kveðið á um það að sé hluti af vikulegri vinnuskyldu inntur af hendi utan dagvinnumarka skv. grein 2.3.1. greiðist óþægindaálag á þann tíma sem umfram er. Óþægindaálag fyrir hverja klukkustund skal vera 33,33% af dagvinnutímakaupi á tímabilinu kl. 17 til kl. 24, og 45% á tímabilinu frá kl. 00 til 08 svo og á laugardögum og sunnudögum. Álag þetta kemur þannig til viðbótar þeim dagvinnulaunum, sem greidd eru fyrir umframtíma samkvæmt framansögðu. Samkvæmt því ber að skýra hið umdeilda ákvæði svo að standi ferð yfir laugardag og sunnudag skuli til viðbótar föstum launum og 6 klst. á yfirvinnukaupi greiða 45% álag, sem reiknist á 4,5 klst. dagvinnutímakaup fyrir hvorn dag.

Af hálfu stefnda er því einnig ómótmælt haldið fram að fyrir því sé átta ára óslitin framkvæmd að greiða aðeins 45% álagið, en ekki grunntaxtann, og einnig hafi á tímabilinu verið gerðir fjórir kjarasamningar án þess að leitað væri eftir breytingum á þessum uppgjörshætti.

Að framangreindu athuguðu þykir verða að hafna þessum kröfulið stefnanda.

Ég er sammála úrlausn meirihluta um málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f.h. Félags íslenskra hljómlistarmanna vegna Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Gunnars Sæmundssonar.

Ég er ósammála meirihluta dómenda um það að í síðastgildandi kjarasamningi aðila máls þessa sé ekki að finna ákvæði um afmörkun þess tíma sem dagvinnuskylda sé uppfyllt. Af nokkrum ákvæðum samningsins má ráða að hann geymir þá aðalreglu að daglegum vinnutíma hljóðfæraleikara á mánudögum til og með föstudaga ljúki kl. 17:00. Í gr. 1.5.1. er kveðið á um óþægindaálag sem greiða skal á tímabilinu frá kl. 17:00 til 08:00 sé hluti vinnuskyldu inntur af

hendi utan dagvinnumarka. Einnig má nefna gr. 2.4.1. þar sem segir að síðdegisæfingu skuli lokið kl. 17:00 og fari æfing fram yfir þann tíma greiðist óþægindaálag eða yfirvinnukaup fyrir þann tíma sem umfram er. Enn má nefna gr. 2.4.3. sem takmarkar heimild til að boða til vinnu við hljóðritanir í Háskólabíói eftir kl. 17:00 við tvö skipti fyrir hverja hljóðritun. Í gr. 1.4.1. er yfirvinna skilgreind og telst yfirvinna öll vinna umfram vikulega vinnuskyldu svo og öll vinna sem unnin er á sérstökum frídögum. Almennir frídagar eru samkvæmt ákvæðinu laugardagar og sunnudagar en sérstakir frídagar eru taldir upp. Loks eru stórhátíðardagar taldir í gr. 1.4.2. en þeir greiðast með sérstöku álagi.

Megin starfsemi stefnda er tónleikahald og tónlistarflutningur, sbr. 2. gr. laga nr. 36/1982. Ljóst er að starfsemi stefnda er annars eðlis en venjuleg atvinnustarfsemi og lýtur öðrum lögmálum. Í máli þessu hefur verið á því byggt að vegna eðlis starfseminnar geti almennar reglur vinnuréttarins um stjórnunarrétt vinnuveitanda ekki átt við um hana. Á þetta má fallast að nokkru leyti. Hljóðfæraleikarar Sinfóníuhljómsveitarinnar eru listamenn og hafa verulega hagsmuni af því að nægum tíma sé varið til æfinga enda staða þeirra sem listamanna ekki síst metin af frammistöðu þeirra á hljómleikum. Af ákvæðum kjarasamningsins er jafnframt ljóst að þótt hljómsveitarmenn séu skv. gr. 2.1.1. skuldbundnir til æfinga og hljómleikahalds, upptöku og flutnings í útvarpi og/eða sjónvarpi og ferðalaga innan lands og utan eiga þeir nokkurn íhlutunarrétt um það hvernig vinnuskyldu þeirra er fullnægt. Ákvæði gr. 2.4.1. sem kveður á um að flutningur morgunæfinga yfir á síðdegi verður einungis gerður með fullu samþykki starfsmannastjórnar SÍ, þótt þar sé um að ræða tilflutning innan marka dagvinnutímabils er dæmi um slíkt.

Þegar þetta er virt tel ég að líta beri svo á að stefnda hafi verið óheimilt án samþykkis stefnanda að flytja hluta vinnuskyldutíma hljóðfæraleikaranna yfir eðlileg dagvinnutímamörk föstudagsins 13. september 1996 og því hafi borið að greiða yfirvinnuálag á föst laun þeirra en ekki óþægindaálag þær 3,5 klst. sem hljómleikarnir reiknast. Samkvæmt því tel ég að taka beri dómkröfur stefnanda undir 1. tölulið til greina.

Ég er sammála meirihluta dómenda um niðurstöðu varðandi 2. tölulið í dómkröfum stefnanda og um ákvörðun málskostnaðar.

Fimmtudaginn 18. september 1997.

Nr. 12/1997. **Vélstjórafélag Íslands**
(Magnús Guðlaugsson hrl.)
gegn
Landsvirkjun
(Hreinn Loftsson hrl.)

Frávísun. Sératkvæði.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 10. september sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Gunnar Sæmundsson.

Stefnandi er Vélstjórafélag Íslands, kt. 690269-3419, Borgartúni 18, Reykjavík.

Stefndi er Landsvirkjun, kt. 420289-1299, Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að dæmt verði að stefnda sé skylt að hækka laun vélfræðinga í þjónustu sinni um 13,11% frá 1. apríl 1997.
2. Að dæmt verði að stefnda sé skylt að greiða vélfræðingum í þjónustu sinni 17,28 mínútna yfirvinnugreiðslu fyrir hverja vakt eða 8 klst. dagvinnutímabil frá 1. apríl 1997.
3. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað fyrir Félagsdómi samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefnda:

Að hann verði sýknaður af dómkröfum stefnanda. Þá er gerð krafa um að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað fyrir Félagsdómi að skaðlausu.

Málavextir.

Samkvæmt grein 12.4. í kjarasamningi aðila frá 29. júní 1995 skulu laun vélfræðinga hjá stefnda samræmd þeim breytingum er verða á umsömdum launum vaktstjóra í Áburðarverksmiðju ríkisins (nú Áburðarverksmiðjan hf., sbr. lög nr. 89/1994) og Sementsverksmiðju ríkisins. Grein 12.4. í kjarasamningi aðila á upphaf sitt að rekja til þess að með dómi Hæstaréttar 10. júní 1971 var verkfall vélstjóra hjá stefnda dæmt ólöglegt. Eftir þann dóm samdi stefndi um kjör vél-

stjóra er starfa hjá honum með Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins. Sú tilhögun stóð allt til þess að stefndi gerði sjálfstæðan kjarasamning við stefnanda hinn 19. júní 1975. Í þeim samningi var ákvæði í grein 11.4. er hljóðaði svo:

„Verði breyting á samningsbundnum launum vélstjóra (vaktstjóra og aðstoðarvaktstjóra) hjá Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins skulu laun vélstjóra í þjónustu Landsvirkjunar tekin til endurskoðunar".

Orðalagi þessa ákvæðis í kjarasamningi aðila var breytt og orðið „endurskoðunar" fellt út og samkvæmt síðastgildandi kjarasamningi aðila frá 29. júní 1995 er ákvæðið í grein 12.4. og hljóðar svo:

„Verði breyting á umsömdum launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins á samningstímanum skulu laun vélfræðinga hjá Landsvirkjun samræmd þeim".

Hinn 28. apríl 1997 var gerður kjarasamningur milli stefnanda og Áburðarverksmiðjunnar hf. Samkvæmt 2. grein þess samnings voru laun hækkuð úr kr. 68.582 í kr. 86.883 eða um 26,68%. Stefnandi kveður að launahækkun þessi sé tilkomin vegna 4,7% almennrar launahækkunar en auk þess hafi verið fellt niður kaupaukakerfi, sem verið hafði í gildi í Áburðarverksmiðjunni hf. frá 1985 og laun hækkuð um 21% í staðinn. Þá hafi verið um það samið að greiddar skyldu 17,28 mínútur í yfirvinnu fyrir hverja vakt eða 8 klst. dagvinnutímabil.

Kaupaukakerfi þetta var tekið upp í Áburðarverksmiðju ríkisins með samkomulagi 24. maí 1985, en breytt með samkomulagi dags. 4. maí 1988 í það horf að kaupaukinn var lægstur 12% en gat hæstur orðið 20% og kom sem hundraðshluti ofan á heildarlaun. Stefnandi krafðist þess ítrekað að laun vélfræðinga í þjónustu stefnda yrðu hækkuð samsvarandi, en stefndi féllst aðeins á hækkun, er nam fasta hluta kaupaukans, 12%, þar sem stefndi hafnaði því alfarið að sveiflur í framleiðslu Áburðarverksmiðju ríkisins ættu að hafa áhrif á laun vélfræðinga í þjónustu hans. Þessi 12% launahækkun kom til vélfræðinga í þjónustu stefnda í tveimur áföngum. Með samkomulagi um starfsaldursbreytingar dags. 25. september 1986 og samkomulagi um 3,5% kaupauka dags. 15. september 1988. Þær kjarabætur, sem vélfræðingar hjá stefnda fengu með þessu voru metnar jafngilda lágmarkinu 12%.

Með kjarasamningi stefnanda og Áburðarverksmiðjunnar hf.

dags. 28. apríl 1997 var kaupaukakerfið fellt niður og laun vélfræðinga hjá Áburðarverksmiðjunni hf. hækkuð um 21% í staðinn.

Með bréfi dags. 26. maí 1997 setti stefnandi fram þá kröfu á hendur stefnda á grundvelli gr. 12.4. í kjarasamningi aðila að launataxtar vélfræðinga í þjónustu stefnda tæku sömu breytingum og urðu hjá vélfræðingum Áburðarverksmiðjunnar samkvæmt kjarasamningi frá 28. apríl 1997. Gerð var krafa um 13,11% launahækkun þar sem vélfræðingar í þjónustu stefnda höfðu þegar fengið 12% af hinum umsömdu 26,68% (112 x 13,11% = 126,68).

Með bréfi dags. 4. júní 1997 hafnaði stefndi þessari kröfu.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að samkvæmt grein 12.4. í kjarasamningi stefnanda og stefnda beri stefnda að samræma laun félagsmanna stefnanda er starfa í þjónustu stefnda þeim breytingum er verði á umsömdum launum hjá vaktstjórum í Áburðarverksmiðju ríkisins, nú Áburðarverksmiðjunni hf. Sú samræming verði ekki gerð með öðrum hætti en að laun félagsmanna stefnanda verði hækkuð um sama hlutfall og laun í Áburðarverksmiðjunni hf. hafi hækkað um. Stefndi hafi með því að neita að hækka laun vélfræðinga í þjónustu sinni til samræmis við þær launahækkanir brotið gegn þessu ákvæði kjarasamningsins.

Megintilgangur þessa samningsákvæðis sé sá að tryggja að vélfræðingar í þjónustu stefnda fái að minnsta kosti sömu launahækkanir og þeir starfsbræður þeirra, sem vinni sambærileg störf og hafi verkfallsrétt.

Stefndi hafi ávallt viðurkennt skyldu sína til þess að hækka laun félagsmanna stefnanda í þjónustu sinni eins og laun viðmiðunarhópanna hafi hækkað. Eina hækkunin sem stefndi hafi neitað sé sá hluti kaupaukans í Áburðarverksmiðjunni hf., sem hafi verið framleiðslutengdur, þ.e. 12% – 20%. Það vandamál sé nú úr sögunni og vilji stefndi vera sjálfum sér samkvæmur beri honum að hækka laun félagsmanna stefnanda í þjónustu sinni um 13,11%, sbr. orðalag stefnanda á yfirlýsingu dags. 21. desember 1994.

Stefnandi heldur því fram að hvorki sé í málinu ágreiningur um að 13,11% sé réttur útreikningur stefnukröfunnar, né um 17,28 mínútna yfirvinnugreiðsluna í Áburðarverksmiðjunni hf.

Málskostnaðarkröfu sína byggir stefnandi á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 130. gr. Kröfu sína um að tekið verði

tillit til 24,5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun byggir stefnandi á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og því að hann reki ekki neina virðisaukaskattskylda starfsemi og honum því nauðsynlegt vegna skaðleysissjónarmiða að fá dæmdan málskostnað úr hendi stefnda með inniföldum áhrifum 24,5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er gerð grein fyrir þróun kjaramála vélfræðinga hjá stefnda frá því að gengið var frá samkomulagi við stefnanda um 3,5% kaupaukann á árinu 1988. Á þessu tímabili hafi verið samið um breytta vinnutilhögun við allar aflstöðvar stefnda og hafi sólarhringsvaktir þar með verið endanlega felldar niður þar sem þær voru enn þá fyrir hendi. Þessi vinnutilhögun sé vaktavinna að því leyti að unnið sé að degi til alla daga ársins, helgidaga jafnt sem aðra, en starfsmenn sinni bakvöktum utan daglegs vinnutíma. Þá er þess getið að á öllum aflstöðvum nema við Hrauneyjafoss vinni starfsmenn að hluta til á venjulegu dagvinnutímabili án bakvaktaskyldu. Í samningagerð þessari hafi verið samið við starfsmenn um yfirborganir í formi hærra vaktaálags og bakvaktaálags og auk þess njóti þeir starfsmenn, sem búsettir séu við aflstöðvarnar ýmissa hlunninda, sem metin séu til tekna, svo sem húsnæðishlunninda. Tekið er fram að við aflstöðvar fyrirtækisins starfi nær allir þeir vélfræðingar, sem fái greidd laun samkvæmt kjarasamningi aðila.

Sú hækkun, sem stefnandi hafi krafist f.h. vélfræðinga er starfi hjá stefnda, sé annars vegar 13,11% launahækkun umfram þann hluta bónusins (12%), sem gengið hafi verið frá 1988 og hins vegar 17,28 mínútna yfirvinnugreiðsla fyrir hverja vakt eða hvert 8 klst. dagvinnutímabil. Það sé á hinn bóginn töluleg staðreynd að sú kjarabót, sem vaktstjórar Áburðarverksmiðjunnar fái við undirskrift kjarasamnings sé tæp 9%, þ.e.a.s. 4,7% almenn hækkun og 4% vegna 17,28 mín. yfirvinnugreiðslunnar. Hækkun grunnlauna um 21% vegna niðurfellingar samsvarandi bónusgreiðslna valdi engum aukakostnaði fyrir verksmiðjuna hvað varði föst laun starfsmanna.

Af hálfu stefnda er tekið fram að bónusgreiðslur hjá Áburðarverksmiðjunni frá 1988 hafi sveiflast frá 12% og upp í 21% til að byrja með, en hafi undanfarin ár legið í 21% hámarkinu þar til þær nú við síðustu samningagerð hafi að fullu verið færðar inn í launataxta vaktstjóra verksmiðjunnar. Þannig megi álykta að bónus-

greiðslur Áburðarverksmiðjunnar hafi þróast frá því að vera upphaflega framleiðslubónus að hluta til yfir í það að vera hrein yfirborgun.

Stefndi og Áburðarverksmiðjan hafi notað yfirborganir sem lið í kjarabótum vélfræðinga sinna á undanförnum árum þó í ólíku formi sé. Stefndi telur að ekki hafi verið sýnt fram á að kjör vélfræðinga er starfi hjá honum hafi á sama tíma rýrnað miðað við kjör vélfræðinga Áburðarverksmiðjunnar. Afstaða stefnda sé því sú að hann sé reiðubúinn til að hækka félagsbundin grunnlaun vélfræðinga sinna á sambærilegan hátt og gert hafi verið í Áburðarverksmiðjunni gegn því að samið verði um lækkun einstaklingsbundinna yfirborgana með það fyrir augum að upphafshækkunin verði sú hin sama og þar, þegar litið sé til umsamdra launa fyrir fastan vinnutíma.

Stefndi hafi verið reiðubúinn til að láta óháðan aðila skera úr þessum ágreiningi og telji Félagsdómur sig þess umkominn að skoða málið heildstætt, bera saman launaþróun vélstjóra annars vegar hjá stefnda og hins vegar hjá Áburðarverksmiðjunni og skera úr þessum ágreiningi, þá fallist stefndi á að sú leið verði farin, sbr. 3. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Þetta hvíli á þeirri forsendu að Félagsdómur telji sig geta tekið að sér slíkt gerðardómshlutverk. Ef svo sé ekki hljóti að koma til álita dómsins hvort vísa beri málinu frá ex officio. Vakin er athygli á því að í eðli sínu sé um hagsmunaágreining að ræða en ekki réttarágreining. Stefndi ætlist til þess að metið verði hvort einstaklingsbundnar yfirborganir og önnur hlunnindi vélstjóra hjá stefnda vegi upp þær hækkanir sem orðið hafi hjá Áburðarverksmiðjunni á félagsbundnum kjörum samkvæmt kjarasamningi þannig að ekki sé unnt að halda því fram að halli á vélstjóra hjá stefnda í þeim samanburði. Stefndi telur að ekki sé með réttu hægt að ætlast til að vélstjórarnir fái bæði þær hækkanir, sem felist í kröfugerðinni og haldi um leið óbreyttum einstaklingsbundnum yfirborgunum og hlunnindum. Ef Félagsdómur sé þess umkominn að fara í slíkan samanburð muni stefndi sætta sig við úrlausn dómsins.

Stefndi byggir á því að kjör félagsmanna stefnanda hjá stefnda jafngildi þegar á heildina sé litið kjörum og kjarabótum félagsmanna stefnanda, sem vinna hjá Áburðarverksmiðjunni hf. Ýmist sé þar um að ræða leiðréttingar á félagsbundnum kjörum félagsmanna stefnanda í vinnu hjá stefnda, sem skráðar hafi verið í kjarasamning aðila eða óskráð sérkjör og yfirborganir samkvæmt vinnu-

staðasamningum, sem hafi nú fengið aukið vægi og viðurkenningu í lagakerfi vinnuréttarins. Jafnvel þótt þessi kjör jafngildi ekki nákvæmum kjörum samkvæmt endurskoðunarákvæði því, sem stefnandi byggi kröfur sínar á, sé ljóst, að þeim kjörum sé ætlað að koma í stað kjarabóta, sem stefnandi vísi til og séu þau heildarkjör félagsmanna stefnanda bundin þeirri forsendu. Svo óljóst orðalag sem „samræming" geti ekki verið grundvöllur réttarkröfu um nákvæman útreikning á launalið kjara félagsmanna stefnanda, sem vinna hjá stefnda, enda sé óumdeilt að hugtökin laun og kjör séu teygjanleg og miklum vafa undirorpin í íslensku vinnumarkaðskerfi. Ákvæði kjarasamningsins um „samræmingu" feli í sér að hækkun launa hjá vélstjórum hjá stefnda verði aðeins ef efnisleg rök mæli með því, þ.e.a.s. að samanburður leiði í ljós að breyting á umsömdum launum vaktstjóra Áburðarverksmiðjunnar hf. sé óhagstæð vélstjórum hjá stefnda.

Stefndi vísar til ákvæða laga nr. 80/1938, sbr. lög 75/1996, einkum 3. tl. 1. mgr. 44. gr.

Niðurstaða.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á grein 12.4. í kjarasamningi aðila frá 29. júní 1995 og þeim kauphækkunum samkvæmt kjarasamningi stefnanda og Áburðarverksmiðjunnar hf. frá 28. apríl 1997 sem hann telur að leiða eigi til hinna umkröfðu kauphækkana í samræmi við fyrrgreint kjarasamningsákvæði.

Skilja verður grein 12.4. í kjarasamningi aðila svo að breyting á umsömdum launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins (nú Áburðarverksmiðjunni hf.) á samningstímanum leiði ekki sjálfkrafa til þess að laun vélfræðinga hjá stefnda breytist að sama skapi. Verður að líta svo á að slíkar breytingar gefi tilefni til athugunar á því hvort samræmi sé í launakjörum. Þykir engu breyta um þetta þótt ekki sé sérstökum ákvæðum fyrir að fara í kjarasamningnum um það hvernig að slíkri athugun skuli staðið. Að athugun lokinni verði laun félagsmanna stefnanda hjá stefnda samræmd launum viðmiðunarhópsins, gefi athugunin tilefni til þess.

Málatilbúnaður stefnanda er ekki byggður á neinni athugun á samræmi í launakjörum framangreindra félagsmanna hans við viðmiðunarhópinn. Að svo vöxnu þykir málið svo vanreifað af hálfu stefnanda að ekki verði dæmt um kröfur hans efnislega. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Félagsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað sjálfkrafa frá Félagsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Gunnars Sæmundssonar.

Stefnandi hefur ómótmælt haldið því fram að stefndi hafi ávallt viðurkennt skyldu sína til þess að hækka laun félagsmanna stefnanda í þjónustu sinni eins og laun viðmiðunarhópsins hafi hækkað. Eina hækkunin sem stefndi hafi neitað sé sá hluti kaupaukans í Áburðarverksmiðjunni hf. sem var framleiðslutengdur. Ágreiningslaust er með aðilum að samið hafi verið um það í kjarasamningum Áburðarverksmiðjunnar hf. og stefnanda að greiddar skyldu 17,28 mínútur á yfirvinnukaupi fyrir hverja vakt eða 8 klst. dagvinnutímabil án þess að um aukið vinnuframlag væri að ræða. Mér virðist málið því snúast um það hvort framkvæmd sú á ákvæði gr. 12.4. í umræddum kjarasamningi sem stefnandi heldur fram sé venjuhelguð og hvort samræmi í launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðjunni hf. og vélfræðinga hjá stefnda hafi raskast við launahækkun þá sem varð við niðurfellingu kaupaukakerfis hjá Áburðarverksmiðjunni hf., og að miklum hluta vegna hennar, eða ekki. Að svo vöxnu máli tel ég málið ekki svo vanreifað af hálfu stefnanda að efnisdómur verði ekki lagður á það.

Dómur Hæstaréttar 21. október 1997.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur með kæru 24. september 1997, sem barst Hæstarétti 29. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinum kærða frávísunarúrskurði verði hrundið og honum breytt á þá leið, að lagt verði fyrir Félagsdóm að kveða upp efnisdóm í málinu. Þá krefst hann kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður Félagsdóms verði staðfestur og sér dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðila.

Málavöxtum er lýst í hinum kærða úrskurði. Eins og þar er rakið, hafa engin gögn verið lögð fram í málinu, sem sýni samanburð á launakjörum félagsmanna sóknaraðila hjá varnaraðila og Áburðarverksmiðjunni hf. Verður því að telja málið svo vanreifað, að ekki verði efnisdómur á það lagður. Ekki þykir unnt að bæta úr ágöllum þessum á grundvelli 54. gr. laga nr. 80/1938. Ber því að staðfesta úrskurð Félagsdóms.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 1. október 1997.

Nr. 15/1997. **Alþýðusamband Íslands**
f.h. Sjómannasambands Íslands
vegna Sjómannafélags Hafnarfjarðar
(Jóhann Halldórsson hdl.)
gegn
Hraunsvík ehf.
(Magnús Guðlaugsson hrl.)

Kjarasamningur. Sjómannadagur. Sektargreiðsla.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Gunnar Sæmundsson.

Málið sem dómtekið var 26. sept. sl. er höfðað með stefnu áritaðri um birtingu og þingfestri 25. ágúst sl.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómannafélags Hafnarfjarðar, kt. 570269-2839, Strandgötu 11, Hafnarfirði.

Stefndi er Hraunsvík ehf., kt. 470297-2639, Holtsbúð 23, Garðabæ.

Dómkröfur stefnanda:

Að dæmt verði að stefndi hafi brotið gegn ákvæðum greinar 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Að stefndi verði dæmdur til sektargreiðslu að fjárhæð kr. 265.537 samkvæmt grein 1.40. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Loks er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi auk álags sem nemur virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Þá krefst stefndi þess að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málavextir.

Stefndi, Hraunsvík ehf., er útgerðaraðili v/b Hrannars HF-346, skipaskrárnr. 2204. Skipið er gert út frá Hafnarfirði. Undirmenn í áhöfn eru félagsmenn í Sjómannafélagi Hafnarfjarðar.

Að sögn stefnda hefur skipið leyfi til tilraunaveiða með línu utan 200 mílna lögsögunnar en ekki kvóta í fiskveiðilögsögunni.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að skipið hafi farið í sína fyrstu veiðiferð 2. maí 1997 og hafi henni átt að ljúka 1. júní 1997. Hinn 9. maí hafi gír skipsins bilað. Ekki hafi tekist að gera við bilunina úti á sjó og draga hafi þurft skipið í land. Varðskipið Ægir hafi komið með skipið til hafnar að kvöldi 13. maí 1997. Viðgerð hafi verið lokið 17. maí 1997. Áhöfn og útgerð skipsins hafi þá staðið frammi fyrir því að bíða í landi í hálfan mánuð fram yfir sjómannadag og fara þá út eða fara út til veiða og vera að veiðum á sjómannadaginn ef veiðiferð yrði ekki lokið fyrir þann tíma.

Sameiginleg niðurstaða útgerðar og áhafnar hafi verið sú að vegna þess tjóns sem báðir aðilar hafi orðið fyrir vegna vélarbilunar í fyrstu veiðiferð væru það miklir hagsmunir í húfi fyrir báða aðila að ekki væri réttlætanlegt að bíða í landi fram yfir sjómannadag.

Aðilar hafi undirritað samkomulag þar sem öll áhöfnin hafi samþykkt að vera að veiðum á sjómannadag og samningsbundið frí vegna Sjómannadagsins fært til og því bætt við sem aukafrídegi eftir hverja veiðiferð. Aukafríið, 36 klst., skv. 3. mgr. gr. 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands hafi verið veitt að veiðiferð lokinni.

Skipið hafi farið í þriðju veiðiferð upp úr miðnætti 25. júní 1997.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 20/1987 skal fyrsti sunnudagur júnímánaðar vera almennur frídagur sjómanna. Í 5. gr. laganna segir að öll fiskiskip skuli liggja í höfn á sjómannadag og hafa komið til hafnar eigi síðar en kl. 12:00 á laugardegi fyrir sjómannadag og láta ekki úr höfn fyrr en kl. 12:00 á hádegi næsta mánudag.

Í grein 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna séu efnisleg samhljóða ákvæði og í 1. gr. laga nr. 20/1987 og að öðru leyti sé vísað til umræddra laga í kjarasamningnum.

Ákvæði laga og kjarasamninga eru undanþæg hvað varðar almennan frídag sjómanna að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Í 3. mgr. greinar 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna segir að ákvæði um frí um sjómannadagshelgina séu frávíkjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað, enda sé áhöfn skipsins kunn sú fyrirætlun áður en veiðiferð hefst. Í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 20/1987 segir að ákvæði 1. mgr. séu frávíkjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað, enda sé skipsáhöfn kunn sú fyrirætlun áður en veiðiferð hefst. Einnig er vikið að því í lokamálslið 3. mgr. að víkja megi frá ákvæðum 1. mgr. ef mikilvægir hagsmunir eru í húfi og samkomulag tekst þar um milli útgerðar og skipshafnar. Engar þær ástæður sem um ræðir í ofangreindum undanþáguheimildum hafi verið fyrir hendi í því máli sem hér um ræðir.

Af öllu ofansögðu sé ljóst að stefndi hafi brotið bæði gegn ákvæðum greinar 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna og gegn 1. gr. laga nr. 20/1987 með því að halda skipi sínu á veiðum á almennum frídegi sjómanna. Engar þær aðstæður hafi verið fyrir hendi sem heimiluðu stefnda að víkja frá tilvitnuðum ákvæðum laga og kjarasamninga um sjómannadag. Engu breyti í þessum efnum þótt stefnda hafi tekist að afla samþykkis nokkurra skipverja fyrir úthaldi skipsins á sjómannadaginn. Ljóst sé af orðalagi 3. mgr. 5. gr. laga nr. 20/1987 að samþykki allra skipverja þurfi. Slíkt einróma samþykki hafi ekki legið fyrir.

Er þess krafist að dæmt verði að stefndi hafi gerst brotlegur gegn grein 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna. Þess er jafnframt krafist að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar samkvæmt grein 1.40. í fyrrnefndum kjarasamningi og að ákvörðuð verði hámarkssekt í þessu tilliti, þ.e. að fjárhæð kr. 265.537. sem renni í félagssjóð stefnanda, Sjómannafélags Hafnarfjarðar.

Stefndi, Hraunsvík ehf., eigi ekki aðild að heildarsamtökum útgerðarmanna og er því stefnt beint í þessu máli.

Um lagarök er vísað til kjarasamnings Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna og meginreglna samningaréttar um skyldu til efnda gerðra samninga. Þá styður stefnandi kröfu sína við lög nr. 20/1987, lög nr. 55/1980 og lög

nr. 80/1938. Krafa um málskostnað er studd með vísan til 130. gr. eml. nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun styðjist við lög nr. 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og beri því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að 3. mgr. 5. gr. i. f. laga nr. 20/1987 um sjómannadag eigi við um veiðar Hrannars HF-346 á sjómannadaginn 2. júní 1997. Hvergi í lögunum sé skilgreint hvað séu mikilvægir hagsmunir. Það sé þó ljóst, að þar sem samkomulag útgerðar og skipshafnar sé forsenda þess að víkja megi frá ákvæðum 1. mgr. 5. gr., hljóti þessir sömu aðilar að eiga lokamat á því hvaða hagsmunir teljist mikilvægir í skilningi 3. mgr. 5. gr. i. f.

Mat á því hvað teljist mikilvægir hagsmunir í skilningi 3. mgr. 5. gr. laga nr. 20/1987 geti ekki verið eftirámat stefnanda eða annarra hagsmunasamtaka. Slíkt mat hljóti eðli máls samkvæmt að vera hjá þeim aðilum er gera samning eins og þann, er fram er lagður, byggður á þeim aðstæðum og upplýsingum, er fyrir hendi eru, þegar samningurinn er undirritaður.

Grein 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands sé efnislega samhljóða lögum nr. 20/1987 um sjómannadag að öðru leyti en því að samningsbundið frí sé lengra og sé skip á sjó á sjómannadag eigi áhöfn þess rétt á 36 klst. aukafríi.

Stefndi hafi að fullu staðið við öll ákvæði samnings síns við áhöfn Hrannars HF-346 og ákvæði kjarasamnings Sjómannasambands Íslands og beri því að sýkna hann af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaðarkrafa stefnda byggist á 130 gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða.

Í 1. mgr. greinar 1.14. í kjarasamningi aðila segir: „Öll fiskiskip skulu liggja í höfn um sjómannadag og hafa komið til hafnar eigi síðar en kl. 12.00 á hádegi á laugardegi fyrir sjómannadag og láta ekki úr höfn fyrr en kl. 12.00 á hádegi næsta mánudag. Samfellt frí í tengslum við sjómannadag skal þó vera 72 klst. og telst það til innunninna fría skv. samningi þessum. Skipverjar skulu ekki vera skyldir til vinnu á framangreindu tímabili nema öryggi skipsins sé í

hættu. Að öðru leyti fer um frí á sjómannadaginn eftir því sem segir í lögum nr. 20/1987.“ Í 3. mgr. tilvitnaðrar greinar kjarasamningsins segir svo: „Ákvæði um frí um sjómannadagshelgina og um jól og áramót eru frávíkjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað, enda sé skipshöfn kunn sú fyrirætlan áður en veiðiferð hefst.“ Í kjarasamningi eru ekki frekari undanþágur frá meginreglu 1. mgr. um frí á sjómannadaginn. Í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 20/1987 um sjómannadag er ennfremur veitt undanþága frá meginreglunni „ef mikilvægir hagsmunir eru í húfi og samkomulag tekst þar um milli útgerðar og skipshafnar“.

Í skjölum málsins er samkomulag, dags. 17. maí 1997, undirritað af 13 manna áhöfn skipsins þess efnis að skipið yrði á veiðum á sjómannadaginn. Fyrir liggur að skip stefnda, Hrannar HF-346, var á línuveiðum utan 200 mílna efnahagslögsögunnar umrætt sinn. Stefndi ber því við að veiðiferðin hafi verið skipulögð þannig að skipið yrði í höfn á sjómannadaginn en vegna bilunar í gír skipsins hafi sú ráðagerð farið út um þúfur. Eins og þessum aðstæðum er lýst af hálfu stefnda, þykja þær ekki fela í sér annað en almenna hagsmuni útgerðar af því að halda skipi sínu til veiða. Ekki verður fallist á að slíkir hagsmunir séu mikilvægir hagsmunir í skilningi greinds lagaákvæðis, eins og skýra verður það með hliðsjón af lögskýringargögnum.

Samkvæmt framansögðu hefur stefndi brotið gegn gr. 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna. Ber því að dæma stefnda, Hraunsvík ehf., til að greiða sekt að fjárhæð kr. 265.537 samkvæmt gr. 1.40. í greindum kjarasamningi, er renni í félagssjóð Sjómannafélags Hafnarfjarðar. Eftir þessum málsúrslitum er rétt að stefndi greiði stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 100.000 og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefndi, Hraunsvík ehf., braut gegn gr. 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Stefndi greiði kr. 265.537 í sekt er renni í félagssjóð Sjómannafélags Hafnarfjarðar.

Stefndi, Hraunsvík ehf., greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómannafélags Hafnarfjarðar, kr. 100.000 í málskostnað.

Miðvikudaginn 1. október 1997.

Nr. 16/1997. **Alþýðusamband Íslands**
f.h. Sjómannasambands Íslands vegna
Sjómannafélags Ólafsfjarðar
(Jóhann Halldórsson hdl.)
gegn
Vinnuveitandasambandi Íslands f.h.
Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h.
Útvegsmannafélags Norðurlands vegna
Þormóðs ramma-Sæbergs hf.
(Jónas Haraldsson hdl.)

Kjarasamningur. Sjómannadagur. Sektargreiðsla.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Gunnar Sæmundsson.

Málið sem dómtekið var 26. sept. sl. er höfðað með stefnu útgefinni 22. ágúst sl. og þingfestri 25. sama mánaðar.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómannafélags Ólafsfjarðar, Brekkugötu 9, Ólafsfirði.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Þormóðs ramma-Sæbergs hf., kt. 681271-1559, Aðalgötu 10, Ólafsfirði.

Dómkröfur stefnanda:

Að stefndi hafi brotið gegn ákvæðum greinar 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Að stefndi verði dæmdur til sektargreiðslu að fjárhæð kr. 265.537 samkvæmt grein 1.40. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Loks er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi auk álags sem nemur virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Málavextir.

Að sögn stefnanda eru málavextir þeir að Sæberg hf. var útgerðaraðili v/b Hvannabergs ÓF-72, skipaskrárnr. 2206, allt fram til 1. janúar 1997 og var skipið gert út frá Ólafsfirði. Voru undirmenn um borð félagsmenn í Sjómannafélagi Ólafsfjarðar. Sæberg hf. hefur nú verið sameinað fyrirtækinu Þormóði ramma hf. og er hinu nýja sameinaða fyrirtæki, Þormóði ramma-Sæberg hf., stefnt í máli þessu, sbr. XIV. kafla laga um hlutafélög nr. 30/1995.

Þann 21. apríl 1997 lét Hvannabergið ÓF-72 úr höfn á Ólafsfirði til veiðiferðar á „Flæmska hattinum". Þann 12. júní 1997 kom skipið síðan til hafnar á Ólafsfirði úr þeirri veiðiferð. Þann 1. júní 1996 var almennur frídagur sjómanna samkvæmt lögum og kjarasamningum en þá voru skipverjar Hvannabergsins ÓF-72 á sjó samkvæmt ofansögðu. Veiðiferð þessi var afráðin af útgerð skipsins án nokkurs samráðs við áhöfn þess að sögn stefnanda.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 20/1987 skal fyrsti sunnudagur júnímánaðar vera almennur frídagur sjómanna. Í 5. gr. s.l. segir að öll fiskiskip skuli liggja í höfn á sjómannadag og hafa komið til hafnar eigi síðar en kl. 12:00 á laugardegi fyrir sjómannadag og láta ekki úr höfn fyrr en kl. 12:00 á hádegi næsta mánudag.

Í grein 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna eru efnisleg samhljóða ákvæði og í 1. gr. laga nr. 20/1987 og er að öðru leyti vísað til umræddra laga í kjarasamningnum.

Ákvæði laga og kjarasamninga eru undanþæg hvað varðar almennan frídag sjómanna að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Í 3. mgr. greinar 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna segir að ákvæði um frí um sjómannadagshelgina séu frávíkjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað, enda sé áhöfn skipsins kunn sú fyrirætlun áður en veiðiferð hefst. Í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 20/1987 segir að ákvæði 1. mgr. séu frávíkjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað, enda sé skipsáhöfn kunn sú fyrirætlun áður en veiðiferð hefst. Einnig er vikið að því í lokamálslið 3. mgr. að víkja megi frá ákvæðum 1. mgr. ef mikilvægir hagsmunir eru í húfi og samkomulag tekst þar um milli útgerðar og skipshafnar. Engar þær ástæður sem

um ræðir í nefndum undanþáguheimildum hafi verið fyrir hendi í því máli sem hér um ræðir.

Af öllu ofansögðu sé ljóst að stefndi hafi brotið bæði gegn ákvæðum greinar 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna og gegn 1. gr. (svo) laga nr. 20/1987 með því að halda skipi sínu á veiðum á almennum frídegi sjómanna. Engar þær aðstæður hafi verið fyrir hendi sem heimiluðu stefnda að víkja frá tilvitnuðum ákvæðum laga og kjarasamninga um sjómannadag. Engu myndi breyta í þessum efnum þótt stefnda hefði tekist að afla samþykkis nokkurra skipverja fyrir úthaldi skipsins á sjómannadaginn. Ljóst sé af orðalagi 3. mgr. 5. gr. laga nr. 20/1987 að samþykki allra skipverja þurfi. Slíkt einróma samþykki hafi ekki legið fyrir.

Er þess krafist að dæmt verði að stefndi hafi gerst brotlegur gegn grein 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna. Þess er jafnframt krafist að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar samkvæmt grein 1.40. í fyrrnefndum kjarasamningi og að ákvörðuð verði hámarkssekt í þessu tilliti, þ.e. að fjárhæð kr. 265.537, sem renni í félagssjóð stefnanda, Sjómannafélags Ólafsfjarðar.

Um lagarök vísast til kjarasamnings Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna og meginreglna samningaréttar um skyldu til efnda gerðra samninga. Þá styður stefnandi kröfu sína við lög nr. 20/1987, lög nr. 55/1980 og lög nr. 80/1938. Krafa um málskostnað styðst við 130. gr. eml. nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun styðst við lög nr. 50/1988. Stefndi sé ekki virðisaukaskattskyldur og beri því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að hinn 15. maí 1997 hafi stjórn Sjómannafélags Ólafsfjarðar tilkynnt Vinnuveitendasambandi Íslands, Sæbergi hf. og Landssambandi ísl. útvegsmanna að í almennri leynilegri atkvæðagreiðslu hjá Sjómannafélagi Ólafsfjarðar hafi verið samþykkt að boða til ótímabundins verkfalls gegn Sæbergi hf., sem taki til þeirra félagsmanna sem starfa á Hvannabergi ÓF-72. Samkvæmt samþykktinni skyldi verkfallið hefjast kl. 00:00 þann 6. júní 1997 og standa þar til útgerðin féllist á að greiða og gera upp við starfsmenn sína í samræmi við kjarasamninga og

dóm Félagsdóms í málinu nr. 15/1996 sem kveðinn var upp 5. mars 1997.

Verkfallsboðun þessi var dæmd lögmæt með dómi Félagsdóms uppkveðnum 3. júní 1997. Þann 4. júní skrifaði VSÍ sjómannafélaginu bréf og tilkynnti að útgerð Hvannabergs ÓF-72 muni gera upp við áhöfn skipsins daginn eftir, þ.e. 5. júní 1997, með þeim hætti sem í bréfinu greindi. Með bréfi, dags. 5. júní 1997, hafi Sjómannafélag Ólafsfjarðar tilkynnt VSÍ að félagið hafi ákveðið að afboða verkfallið. Þegar hér var komið hafi skipið verið lagt af stað til Íslands vegna fyrirhugaðs verkfalls og ekki hafi verið aftur snúið. Skipið hafi lagt af stað frá Íslandi 21. apríl 1997 og hafi átt að landa í Harbour Grace á Nýfundnalandi þann 26. maí 1997. Vegna hótana um verkfall og verkfallsboðunar hafi því verið frestað tvisvar og að lokum siglt heim til Íslands og landað á Ólafsfirði þann 13. júní 1997.

Stefndi telur ekki skylt að veita skipverjum sem stunda veiðar á „Flæmska hattinum" við Nýfundnaland frí um sjómannadagshelgina.

Um sjómannadaginn er fjallað í lögum nr. 20/1987 og kjarasamningum útvegsmanna og sjómanna, sbr. t.d. gr. 1.14. í kjarasamningi LÍÚ og SSÍ. Almenna reglan sé sú að öll fiskiskip skuli vera í landi tímabilið 12:00 á hádegi á laugardag fyrir sjómanndag til kl. 12:00 á mánudag eftir sjómanndag. Í síðustu kjarasamningum hafi 24 klst. verið bætt við fríið um sjómannadagshelgina. Í áðurnefndum lögum séu undantekningar frá aðalreglunni í 1. gr. laganna. Í 2. gr. segi að ekki sé skylt að sigla kaupskipi til hafnar vegna sjómannadagsins. Sé kaupskipið statt í höfn um sjómannadagshelgina sé því þó óheimilt að láta úr höfn á þessu tímabili. Í 3. mgr. 5. gr. er fjallað um undantekningar varðandi fiskiskipin. Hvað fiskiskipin snertir þá sé ekki skylt að sigla til hafnar um sjómanndagshelgina frekar en hjá kaupskipunum ef viðkomandi fiskiskip landar afla sínum erlendis og áhöfninni hafi verið kunnugt um það áður en veiðiferð hófst. Í engu breyti hvort heldur skipið landar ísfiski eða frosnum fiski í erlendri höfn og hvort langt eða stutt sé frá veiðistað til erlendrar löndunarhafnar. Í kjarasamningum hafi á sínum tíma verið samið um það að við hefðbundið hafnarfrí bættust 36 klst. í viðbót fyrir það að vera ekki í landi á sjómannadag, þegar fiskiskip löndu afla erlendis. Hafi það bæst við hefðbundið hafnarfrí í næstu inniveru á eftir.

Með vísan til framanritaðs telur stefndi að ekki sé skylt að veita skipverjum á fiskiskipum sem landi afla sínum á Nýfundnalandi frí í höfn yfir sjómannadagshelgina, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 20/1987. Ekki sé útgerð skylt að leita eftir samþykki skipverja um það hvort skipi verði haldið úti til veiða um sjómannadagshelgina þegar fiskiskip landar í erlendri höfn.

Stefndi leggur áherslu á það, að sú staðreynd að skipið landaði á Íslandi en ekki erlendis, eins og fyrirhugað var, hafi eingöngu stafað af verkfallsboðun stefnanda. Skipverjum hafi frá upphafi að sjálfsögðu verið kunnugt um það, að skipið myndi landa erlendis, þótt það brygðist af framangreindum ástæðum.

Þá mótmælir stefndi sérstaklega þeirri fullyrðingu í stefnu á bls. 2 að samþykki allra skipverja hafi þurft að koma til ef halda hefði átt skipinu úti á sjómannadag. Það skilyrði eigi ekki við í tilvikum 1. málsliðar 3. mgr. 5. laga um sjómannadag nr. 20/1987, heldur eigi það eingöngu við í tilvikum 2. málsliðar 3. mgr. 5. gr., sem fjallar um „mikilvæga hagsmuni".

Í kjarasamningi aðila 3. mgr. 1.14. um jóla- og áramótafrí og sjómannadag komi skýrt fram, að ákvæðin um sjómannadagshelgina séu frávíkjanleg, eins og þar greini nánar frá. Skuli bæta við 36 klst. við næsta hafnarfrí í lok næstu veiðiferðar á eftir.

Þar sem stefndi hafi hvorki brotið í bága við lög nr. 20/1987 um sjómannadag né ákvæði kjarasamninga um sama efni, sbr. 3. mgr. gr. 1.14. krefst stefndi sýknu.

Niðurstaða.

Í 1. mgr. greinar 1.14. í kjarasamningi aðila segir: „Öll fiskiskip skulu liggja í höfn um sjómannadag og hafa komið til hafnar eigi síðar en kl. 12.00 á hádegi á laugardegi fyrir sjómannadag og láta ekki úr höfn fyrr en kl. 12.00 á hádegi næsta mánudag. Samfellt frí í tengslum við sjómannadag skal þó vera 72 klst. og telst það til innunninna fría skv. samningi þessum. Skipverjar skulu ekki vera skyldir til vinnu á framangreindu tímabili nema öryggi skipsins sé í hættu. Að öðru leyti fer um frí á sjómannadaginn eftir því sem segir í lögum nr. 20/1987." Í 3. mgr. tilvitnaðrar greinar kjarasamningsins segir svo: „Ákvæði um frí um sjómannadagshelgina og um jól og áramót eru frávíkjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað, enda sé skipshöfn kunn sú fyrirætlan áður en veiðiferð hefst." Í kjarasamningi eru ekki frekari

undanþágur frá meginreglu 1. mgr. um frí á sjómannadaginn. Í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 20/1987 um sjómannadag er ennfremur veitt undanþága frá meginreglunni „ef mikilvægir hagsmunir eru í húfi og samkomulag tekst þar um milli útgerðar og skipshafnar".

Skilyrði kjarasamnings fyrir undanþágu frá meginreglu 1. mgr. gr. 1.14. í kjarasamningi um frí á sjómannadaginn eru þrengri en í tilvitnuðu lagaákvæði í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 20/1987 þannig að í kjarasamningi takmarkast undanþáguheimildin við það að skipi sé ætlað að sigla með afla sinn á erlendan markað, enda sé skipshöfn kunn sú fyrirætlan áður en veiðiferð hefst.

Hvannaberg ÓF-72 var í umrætt sinn á veiðum á Flæmingjagrunni. Ósannað er að skipverjum hafi verið tilkynnt fyrir upphaf veiðiferðar 21. apríl 1997 að siglt skyldi með aflann á erlendan markað enda var það ekki gert.

Samkvæmt framansögðu hefur stefndi brotið gegn gr. 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna og ber því að dæma stefnda til þess að greiða sekt að fjárhæð kr. 265.537, samkvæmt gr. 1.40. í greindum kjarasamningi, er renni í félagssjóð Sjómannafélags Ólafsfjarðar.

Eftir þessum málsúrslitum er rétt að stefndi greiði stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 100.000 og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefndi, Þormóður rammi-Sæberg hf., braut gegn gr. 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Stefndi greiði kr. 265.537 í sekt er renni í félagssjóð Sjómannafélags Ólafsfjarðar.

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Þormóðs ramma-Sæbergs hf., greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómannafélags Ólafsfjarðar, kr. 100.000 í málskostnað.

Þriðjudaginn 14. október 1997.

Nr. 17/1997. **Alþýðusamband Íslands f.h.**
Verkamannasambands Íslands vegna
Verkakvennafélagsins Framsóknar og
Verkamannafélagsins Dagsbrúnar
(Atli Gíslason hrl.)
gegn
Reykjavíkurborg og
(Hjörleifur Kvaran hrl.)
Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar
(Gestur Jónsson hrl.)
og gagnsök

Kjarasamningur. Forgangsréttur. Gagnkrafa. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Kristjana Jónsdóttir, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gunnar Sæmundsson og Gísli Gíslason.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ.m., var höfðað með stefnu, þingfestri 18. sept. sl.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16, Reykjavík, fyrir hönd Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219, Skipholti 50 c, Reykjavík, vegna Verkakvennafélagsins Framsóknar, kt. 560169-1679, Skipholti 50 a, Reykjavík og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, kt. 500169-4949, Skipholti 50 d, Reykjavík.

Stefndu eru Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, Reykjavík og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, kt. 620269-2989, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda:

A. Á hendur Reykjavíkurborg.

1. Að félagsmenn Verkakvennafélagsins Framsóknar og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar hafi forgangsrétt til starfa við ræstingar í Engjaskóla, Langholtsskóla og Seljaskóla í Reykjavík.

2. Að félagsmenn Verkakvennafélagsins Framsóknar og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar hafi forgangsrétt til starfa við kaffiumsjón í Engjaskóla, Langholtsskóla og Seljaskóla í Reykjavík.

3. Að félagsmenn Verkakvennafélagsins Framsóknar og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar hafi forgangsrétt til starfa matráðs-

kvenna í mötuneytum í Engjaskóla, Langholtsskóla og Seljaskóla í Reykjavík.

4. Að Reykjavíkurborg hafi með kjarasamningi, dags. 15. júlí 1997, við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar um störf skólaliða við ræstingu, kaffiumsjón og störf í mötuneytum brotið gegn grein 6.1. í aðalkjarasamningi Verkamannasambands Íslands vegna Verkakvennafélagsins Framsóknar og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og annarra sambandsfélaga við Vinnuveitendasambandið og Vinnumálasambandið, dags. 24. mars 1997, sbr. 7. gr. kjarasamnings milli Reykjavíkurborgar og Verkakvennafélagsins Framsóknar, dags. 16. mars 1995, upphafsákvæði kjarasamnings milli Reykjavíkurborgar og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, dags. 21. febrúar 1995, og 1. gr. kjarasamnings milli Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Verkakvennafélagsins Framsóknar annars vegar og Reykjavíkurborgar hins vegar, dags. 24. mars 1997.

5. Að Reykjavíkurborg hafi með kjarasamningi, dags. 15. júlí 1997, við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar um störf skólaliða á samningssviði Verkakvennafélagsins Framsóknar og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, sbr. kröfuliði A. 1, 2 og 3, brotið gegn:

a. 3. gr. laga nr. 80/1938.

b. 4. gr. laga nr. 80/1938.

c. 5. gr. laga nr. 80/1938.

6. Að kjarasamningur Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Verkakvennafélagsins Framsóknar annars vegar og Reykjavíkurborgar hins vegar, dags. 24. mars 1997, gildi um störf samkvæmt kröfuliðum A. 1, 2 og 3 í Engjaskóla, Langholtsskóla og Seljaskóla.

7. Að Reykjavíkurborg verði dæmd til greiðslu sektar fyrir brot á lögum nr. 80/1938, sbr. 70. gr. laga nr. 80/1938.

8. Til vara, að kjarasamningur milli Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Verkakvennafélagsins Framsóknar annars vegar og Reykjavíkurborgar hins vegar, dags. 24. mars 1997, sé úr gildi fallinn.

9. Til þrautavara, að kjarasamningur milli Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Verkakvennafélagsins Framsóknar annars vegar og Reykjavíkurborgar hins vegar, dags. 24. mars 1997, hvað varði störf samkvæmt kröfuliðum A. 1, 2 og 3 sé úr gildi fallin.

B. Á hendur Reykjavíkurborg og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar:

1. Að kjarasamningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, dags. 15. júlí 1997, sé ógildur hvað varði störf sem Verkakvennafélagið Framsókn og Verkamannafélagið Dagsbrún hafi forgangsrétt til samkvæmt kröfuliðum A. 1, 2 og 3.

2. Að Reykjavíkurborg og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati Félagsdóms að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Dómkröfur stefnda Reykjavíkurborgar:

Stefndi Reykjavíkurborg krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar samkvæmt mati Félagsdóms.

Dómkröfur stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar:

Í aðalsök er þess krafist að sýknað verði af dómkröfum stefnanda.

Í gagnsök er þess krafist að Félagsdómur dæmi að samkomulag Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar frá 15. júlí 1997 um ný störf skólaliða í grunnskólum Reykjavíkur sé gilt og sé ekki brot gegn forgangsréttarákvæði í grein 6.1. í kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og Vinnuveitandasambands Íslands frá 24. mars 1997.

Í báðum tilvikum er þess krafist að Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda, þ.m.t. kostnaður af virðisaukaskattskyldu lögmannsþjónustu.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dóminum:

Hildur Hafstað skólastjóri Engjaskóla, Jón G. Kristjánsson starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar, Sjöfn Ingólfsdóttir formaður starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Ólafur Darri Andrason forstöðumaður rekstrarsviðs Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkurborgar.

Málavextir.

Allt frá árinu 1942 hafa verið í gildi kjarasamningar á milli Verkakvennafélagsins Framsóknar og Reykjavíkurborgar um kaup og kjör við ræstingarvinnu og fleiri störf. Verkakvennafélagið Framsókn hefur síðan haft samningsbundinn forgangsrétt til ræstingarstarfa hjá Reykjavíkurborg. Síðar hafa verið gerðir kjarasamningar milli þessara aðila um störf og starfssvið kaffiumsjónarkvenna og störf í mötuneytum.

Á liðnum árum hefur Reykjavíkurborg samið við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og stefnanda um margvísleg störf innan

grunnskóla. Á samningssviði Starfsmannafélagsins voru eftirtalin starfsheiti: Aðstoðarmaður kennara, aðstoðarmaður v/skólaathvarfs, bað- og klefavarsla, ganga- og dyravarsla, umsjón skólaathvarfs, umsjón skóladagdeildar svo og starfsmaður heilsdagsskóla.

Á samningssviði stefnanda hafa verið þrjú starfsheiti: ræstingarvinna, almenn verkamannavinna og starfsfólk mötuneyta. Tvö þessara starfsheita eru notuð í grunnskólum, þ.e. ræsting og starfsfólk mötuneyta en til þess heyrir m.a. kaffiumsjón.

Á árinu 1995 ákvað Reykjavíkurborg að breyta störfum starfsfólks grunnskóla. Breytingarnar náðu til allra grunnskóla Reykjavíkur og höfðu þær í för með sér að felld voru niður öll fyrri starfsheiti sem samið hafði verið um við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Samið var við félagið um eitt starfsheiti, starfsmaður skóla. Samhliða var gerð ný starfslýsing til handa umræddum starfsmönnum þar sem allir verkþættir fyrri starfa þeirra voru sameinaðir undir hinu nýja starfsheiti.

Á fundi fræðsluráðs Reykjavíkur þann 10. mars sl. var samþykkt tillaga þess efnis að tilraun yrði gerð í 1-3 skólum með ný störf þar sem saman fari m.a. aðstoð við nemendur í leik og starfi, umsjón með nemendum í frímínútum, á göngum og í búningsklefum, sendiferðir, innkaup, gangbrautarvarsla, aðstoð á bókasafni og skrifstofu, ræsting í skóla auk annarra starfa er starfsmanni kynni að vera falin af skólastjóra.

Í kjölfar samþykktar fræðsluráðs Reykjavíkur sneri forstöðumaður rekstrarsviðs Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkurborgar sér til Starfsmannahalds Reykjavíkurborgar til ráðlegginga í hvern farveg málið yrði sett. Um fjölgun starfsmanna yrði að ræða sem tækju þátt í eftirliti og uppeldisstarfi nemenda á viðverutíma þeirra auk þess sem ræsting yrði hluti af störfum starfsmanna. Mat Starfsmannahalds Reykjavíkurborgar var að þarna væri um að ræða nýtt starf í viðkomandi skólum og eðlilegt væri að lögð yrðu niður störf starfsmanna skóla og störf í tímamældri ákvæðisvinnu við ræstingar. Eftir nákvæma skoðun Starfsmannahalds Reykjavíkurborgar á eðli og uppbyggingu starfsins var talið að um væri að ræða starf er félli að samningssviði Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Þann 26. maí 1997 var bókað á fundi fræðsluráðs um val á þremur grunnskólum til þess að taka þátt í þeirri tilraun er fræðsluráð hafði áður ákveðið. Um var að ræða Langholtsskóla, Engjaskóla og Selja-

skóla. Sama dag sendi starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar bréf til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar þar sem sú ósk var borin fram að viðræður yrðu hafnar um hin nýju störf við félagið. Afrit þessa bréfs var sent Verkakvennafélaginu Framsókn.

Þann 29. maí var málið kynnt Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og jafnframt tilkynnt að breytingar þær er þetta hefði í för með sér yrðu framkvæmdar á þann hátt að starfsmönnum yrði sagt upp vegna niðurlagningar starfa og uppsagnir yrðu afhentar næsta dag á fundi er haldinn yrði með starfsfólki. Sama dag var málið rætt við fulltrúa stefnanda þar sem gerð var grein fyrir fyrirhuguðum uppsögnum og fundi er halda ætti með starfsfólki vegna þessa.

Þann 30. maí sendi Fræðslumiðstöð Reykjavíkur ræstingarfólki þeirra þriggja skóla sem tilraunaverkefnið náði til bréf þar sem því var tilkynnt að ekki reyndist unnt að bjóða því endurráðningu. Jafnframt kom fram boð um viðræður um ráðningu í starf skólaliða við þann skóla er viðkomandi hafði áður ræst eða viðræður um vinnu við ræstingar í tímamældu ákvæði í öðrum skóla. Þá var og sent bréf til starfsmanna skóla þar sem þeim var sagt upp störfum en boðið til viðræðna á sama hátt og ræstingarfólkinu um nýtt starf. Starfsmenn við ræstingu í grunnskólum eru á 9 mánaða ráðningu og er ráðningarkjörum þannig háttað að ráðningu lýkur 31. maí ár hvert og hafi starfsmönnum ekki verið tilkynnt um uppsögn ráðningar fyrir þann tíma hefst nýtt 9 mánaða ráðningartímabil frá og með 1. september sama ár.

Stefnandi mótmælti með bréfi, dags. 11. júní sl., þeirri ákvörðun Reykjavíkurborgar að ganga til viðræðna við meðstefnda um hin nýju störf. Fundur var haldinn með Verkakvennafélaginu Framsókn þann 20. júní sl. Á þeim fundi kynntu aðilar afstöðu sína til fyrirhugaðra breytinga. Þann 30. júní sl. var haldinn fundur með ræstingarstarfsfólki, starfsmönnum skóla, framkvæmdastjóra stefnanda, formanni Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og lögmanni stéttarfélaganna. Á þessum fundi kom fram að haft hafi verið samráð við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar um gerð starfslýsingar og að óskað hafi verið eftir viðræðum við það félag um gerð kjarasamnings. Annar fundur var haldinn þann 3. júlí sl. þar sem aðilar gerðu enn frekar grein fyrir sjónarmiðum sínum. Þann 15. júlí sl. var gert samkomulag (kjarasamningur) milli stefnda og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar vegna starfa skólaliða í grunnskólum Reykja-

víkur. Lögmaður stefnanda mótmælti f.h. félagsins hinum nýgerða kjarasamningi stefnda og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar með bréfi dags. 23. júlí 1997. Í framhaldi af gerð samkomulagsins við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar var þeim starfsmönnum skólanna þriggja, sem annars vegar höfðu starfað við ræstingar skv. kjarasamningi Framsóknar og hins vegar sem starfsmenn skóla skv. kjarasamningi Starfsmannafélagsins, boðið nýtt starf, starf skólaliða og var þeim sent bréf þar að lútandi þann 25. júlí sl. Af þeim 33 félagskonum Framsóknar sem gegnt höfðu störfum við ræstingar þáðu 17 starf skólaliða. Borgarstjóri og starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar áttu fund með fulltrúum Dagsbrúnar og Framsóknar þann 22. ágúst sl. Á þeim fundi voru áréttuð fyrri sjónarmið Reykjavíkurborgar og að allar ákvarðanir og gerðir borgaryfirvalda í framhaldi af samþykkt fræðsluráðs hinn 10. mars sl. væru löglegar og hvergi hefði verið brotið gegn lögvörðum hagsmunum þessara stéttarfélaga. Stefnandi boðaði því næst til félagsfundar sem haldinn var þann 26. ágúst sl. þar sem samþykkt var að starfsmenn við ræstingar í grunnskólum borgarinnar mættu ekki til starfa frá og með mánudeginum 1. september sl. nema búið yrði að leysa deilu vegna nýrra starfa í þremur grunnskólum Reykjavíkur. Borgarstjórinn í Reykjavík fór þess á leit við stefnanda í bréfi dags. 28. ágúst sl. að félagið afturkallaði þessa samþykkt sína og hvetti þá einstaklinga sem ráðið höfðu sig til starfa í ræstingar í skólum borgarinnar til að mæta til starfa í skólum á tilskildum tíma. Ennfremur lýsti borgarstjóri sig reiðubúinn til þess fyrir sitt leyti að efna til fundar með stéttarfélögunum til þess að leita lausnar í þessu máli. Sá fundur var haldinn 31. ágúst sl. og var þar gert samkomulag milli stefnda, stefnanda og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar þar sem aðilar urðu ásáttir að leggja málið fyrir Félagsdóm. Samkomulag þetta er svohljóðandi: „Þann 15. júlí 1997 gerðu Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar (St.Rv.) og Reykjavíkurborg með sér kjarasamning um störf skólaliða í grunnskólum Reykjavíkur. Meðal starfa skólaliða skv. starfslýsingu er ræsting á skólahúsnæði og ákveðin störf í mötuneyti, en þessum verkefnum hefur fram til þessa verið sinnt af félagsmönnum í Verkakvennafélaginu Framsókn. Verkakvennafélagið Framsókn telur að Reykjavíkurborg hafi brotið gegn gildandi forgangsréttarákvæði í kjarasamningi aðila með samningnum við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg og Starfs-

mannafélagið hafa ekki fallist á þessa skoðun Framsóknar. Til lausnar ágreiningi aðila í þessu efni hafa aðilar orðið ásáttir um að leggja málið fyrir Félagsdóm til úrlausnar og stefna að því að fá niðurstöðu dómsins fyrir 1. október nk.

Meðan leitað er niðurstöðu Félagsdóms í málinu eru aðilar sammála um að skólaliðar sinni öðrum verkefnum skv. starfslýsingu en ræstingu og að fyrirtæki þar sem starfa félagsmenn í Verkakvennafélaginu Framsókn annist ræstingu í þeim þremur skólum sem skólaliðar starfa í.

Í ljósi þessa samkomulags mun Verkakvennafélagið Framsókn falla frá fyrirhuguðum aðgerðum félagsmanna sinna."

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi byggir kröfur sínar almennt á því að Reykjavíkurborg hafi vanefnt gildandi samnings- og forgangsrétt stefnanda til starfa við ræstingar, við kaffiumsjón og í mötuneytum. Með kjarasamningi við starfsmannafélagið hafi Reykjavíkurborg vanefnt verulega og í raun ómerkt gildandi kjarasamning, bæði hvað varðar störf félagsmanna Dagsbrúnar og Framsóknar við umrædda skóla og í heild. Í kjarasamningum stefnanda komi fram glögg lýsing á þessum störfum allt frá árinu 1942. Vísar stefnandi í þessu sambandi meðal annars til 1. gr. kjarasamnings frá 4. mars 1942, 1. gr. kjarasamnings frá 4. mars 1960, samkomulags frá 2. febrúar 1972 ásamt meðfylgjandi starfslýsingu á starfssviði kaffiumsjónarkvenna í barna- og gagnfræðaskólum Reykjavíkur, dags. 15. janúar 1972, kjarasamnings frá 10. nóvember 1980 ásamt meðfylgjandi starfslýsingu, kjarasamnings frá 27. nóvember 1980, 15. september 1982, 26. febrúar 1987, 26. apríl 1988, rammasamnings um ræstingar frá 1. nóvember 1994, kjarasamnings Verkamannasambands og Vinnuveitendasambands Íslands frá 21. febrúar 1995 og kjarasamnings milli sömu aðila frá 24. mars 1997, einkum greina 1.7.1. til 1.7.9., 6.1.1. til 6.1.2. og XVIII. kafla. Það breyti ekki eðli þessara forgangsstarfa Verkakvennafélagsins Framsóknar og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar þótt búið sé til nýtt starfsheiti. Forgangsstörfin séu áfram unnin óbreytt. Forgangsréttarákvæði séu bundin við störf en ekki starfsheiti. Að öðrum kosti væri opnuð leið til að fara framhjá skýrum forgangsréttarákvæðum í öllum kjarasamningum ASÍ-félaga, sem séu hornsteinn að skipulagi verkalýðshreyfingarinnar í landinu. Orðalag umræddra forgangsréttarákvæða sýni það klárt og kvitt, að forgangur sé bund-

inn við vinnu, ekki starfsheiti. Þar sé talað um forgangsrétt til vinnu, allrar almennrar verkamannavinnu. Vinna við ræstingar, kaffiumsjón og í mötuneytum hafi verið og sé almenn verkamannavinna á samningssviði stefnanda, sem félagsmenn stefnanda hafi forgang til. Það tíðkist mjög að breyta starfsheitum án þess að inntak vinnunnar breytist, sbr. 9. gr. samkomulags um réttindamál félagsmanna Starfsmannafélags Reykjavíkur sem sé að finna á bls. 46 í kjarasamningi félagsins frá 27. apríl 1995. Slíkar nafnabreytingar geti ekki haft þær réttarfylgjur sem stefndu skýli sér bak við. Félagsmenn Starfsmannafélags Reykjavíkur hafi aldrei unnið við forgangsstörf stefnanda og sé hvorki gert ráð fyrir þeim í kjarasamningum né lögum félagsins. Stefnandi bendir einnig á, að á síðasta skólaári hafi 33 félagsmenn Framsóknar unnið við umrædd forgangsréttarstörf í nefndum þremur skólum, en 25 félagsmenn Starfsmannafélags Reykjavíkur við störf sem starfsmannafélagið hafi haft samninga um. Í fyrirliggjandi fylgiskjali með starfslýsingum komi einnig glögglega fram, að meginverkefni svonefndra skólaliða verði við ræstingu, kaffiumsjón og mötuneyti. Á fylgiskjalinu sé fjallað um störf skólaliða á tveimur blaðsíðum, þar af sé lýst störfum sem falli undir forgangsrétt félagsmanna Framsóknar og Dagsbrúnar á einni og hálfri blaðsíðu. Megi ætla að allt að 80% af störfum skólaliða lúti að forgangsréttarstörfum félagskvenna Framsóknar.

Stefnandi byggir ennfremur kröfur sínar á því að Starfsmannafélag Reykjavíkur sé ekki lögformlegur samningsaðili um störf við ræstingar, kaffiumsjón og í mötuneytum í skilningi 5. gr. laga nr. 80/1938 þar sem félagið sé ekki opið öllum í hlutaðeigandi starfsgreinum samkvæmt 2. gr. laga nr. 80/1938. Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar fari ekki með samningsrétt fyrir launamenn sem stundi störf á samningssviði ASÍ-félaga, heldur einvörðungu fyrir opinbera starfsmenn.

Verði talið að um nýtt starf sé að ræða sé brýnt að fá úr því skorið hvort kjarasamningur Dagsbrúnar og Framsóknar gildi yfirleitt um starfið. Teljist núgildandi kjarasamningur ekki taka til verkefna skólaliða verði stefnandi eðli máls samkvæmt að taka upp kjaraviðræður við Reykjavíkurborg á nýjan leik og beita eftir atvikum þeim úrræðum sem lög 80/1938 heimili til að ná fram samningum fyrir félagsmenn sína á nýju samningssviði, sem lög félaganna taki til.

Sama gildi um önnur störf hjá Reykjavíkurborg, svo sem við akstur strætisvagna, gangavörslu, eftirlit með stöðumælum og önnur hefðbundin störf ófaglærðra á samningssviði stefnanda. Í þessu sambandi vekur stefnandi athygli á því, að félagsmenn Starfsmannafélags Reykjavíkur hafi ekki forgangsrétt til þeirra starfa sem þeir gegni. Færir stefnandi þau rök sérstaklega fram að í upphafi skuli Félagsdómur endinn skoða í þessu ágreiningsmáli. Stefnandi ítrekar einnig að svonefnd tilraun Reykjavíkurborgar um skólaliða hafi haft í för með sér að 17 félagsmenn í Verkakvennafélaginu Framsókn hafi verið fluttir að sér forspurðum í Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, án þess að þeir hafi óskað inngöngu í félagið. Verði þetta skólaliðakerfi látið ná til allra grunnskóla í Reykjavík, muni félagsmönnum í Verkakvennafélaginu Framsókn fækka um meira en 25%. Háttsemi Reykjavíkurborgar kunni síðan að verða óbilgjörnum atvinnurekendum skýrt fordæmi. Hér sé í raun tekist á um tilverugrundvöll elsta verkakvennafélagsins í Reykjavík. Líti stefnandi á kjarasamning stefndu dags. 15. júlí 1997 sem hreina stríðsyfirlýsingu gagnvart sér og öðrum ASÍ-félögum.

Stefnandi byggir sérstaklega á því að Reykjavíkurborg leitist með kjarasamningi við Starfsmannafélag Reykjavíkur um skólaliða að ná fram kjarakröfu sem hafnað hafi verið í kjarasamningsviðræðum. Krafa Reykjavíkurborgar um breytingu á forgangsréttarákvæðum stefnanda feli reyndar í sér viðurkenningu á því að stefnandi hafi og hafi haft forgangsrétt til hinna umþrættu starfa. Reykjavíkurborg og starfsmannafélagið hafi sameiginlega og markvisst unnið að því að hafa áhrif á félagsaðild starfsmanna Reykjavíkurborgar og starfað í starfshópi ásamt fulltrúum skólaskrifstofu til að breyta fyrirkomulagi vinnu við skóla í þessu skyni. Kjarakrafa um breytt forgangsréttarákvæði sem Reykjavíkurborg hafi sett fram í síðustu kjarasamningsviðræðum hafi verið ávöxtur þessa samstarfs. Þegar krafan um breytt forgangsréttarákvæði hafi ekki náð fram að ganga hafi verið brugðið á það ráð að færa forgangsstörf félagsmanna Dagsbrúnar og Framsóknar undir nýtt málamyndastarfsheiti og hefna þess í héraði sem ekki hafi áunnist í heildarsamningum. Félagsmenn Framsóknar, sem kosið hafi óbreytta félagsaðild, hafi verið látnir gera ráðningarsamning á grundvelli nýs kjarasamnings þar sem félagsaðild að Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar hafi verið skilyrði. Þá hafi aðrir félagsmenn Framsóknar verið sviptir atvinnu og

ekki hafi verið staðið við ítrekuð loforð um ræstingastörf hjá Reykjavíkurborg. Þessi háttsemi stefndu sé einkar ámælisverð og atlaga að frelsi og réttindum stéttarfélaga og félagsmanna þeirra sem varin séu af 3. gr., 4. gr. og 5. gr. laga nr. 80/1938. Háttsemi stefndu leiði til þess að Dagsbrún og Framsókn ráði ekki málefnum sínum sjálf. Einstökum félagsmönnum sé gert að óhlýðnast félagslögum og kjarasamningum Dagsbrúnar og Framsóknar, sem þeir séu bundnir við. Þá sé ljóst að Reykjavíkurborg hafi af ásetningi haft áhrif á afstöðu félagsmanna Dagsbrúnar og Framsóknar til félaganna. Umræddir félagsmenn hafi kosið af sjálfsdáðum og með skriflegri viljayfirlýsingu að vera félagsmenn Verkakvennafélagsins Framsóknar, en aldrei sótt um félagsaðild að starfsmannafélaginu. Reykjavíkurborg hunsi félagafrelsi þessara kvenna. Loks hafi Reykjavíkurborg vanvirt gildandi kjarasamning félaganna með því að ganga til samninga við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar um störf sem Reykjavíkurborg hafði þá þegar gert kjarasamning um við stefnanda. Byggi stefnandi á því, að í slíkum tilvikum verði yngri kjarasamningur að víkja fyrir eldri kjarasamningi. Um lagarök að þessu leyti vísar stefnandi auk þess meðal annars til 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, 22. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi nr. 10/1979, 7., 8. gr. og 11. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, 5. og 6. gr. félagsmálasáttmála Evrópu og til samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, ILO, nr. 87 um réttinn til að semja sameiginlega og samþykktar nr. 98 um félagafrelsi. Stefnandi staðhæfir jafnframt að Reykjavíkurborg hafi farið á svig við anda og tilgang jafnréttislaga nr. 28/1991 með því að segja upp 31 konu og endurráða ekki 16 þeirra, sem hafi ekki átt þess kost sem konur og vegna heimilisaðstæðna og skorts á dagvistun fyrir börn sín að stunda ræstingarstörf í dagvinnu. Fjárhagsleg afkoma þessara kvenna og fjölskyldna þeirra sé í uppnámi. Megi einnig ætla að aðgerðir Reykjavíkurborgar leiði til þess að karlmenn eigi léttara með að fá og stunda vinnu sem skólaliðar. Vísar stefnandi einkum til ákvæða 1. gr., 2. gr., 5. gr. og 6. gr. laga nr. 28/1991 í þessu samhengi.

Í beinu framhaldi af framanrituðu færi stefnandi þau sjónarmið fram málstað sínum til stuðnings, að atvinnurekendur og stéttarfélög hafi í upphafi þessarar aldar, jafnt hér á landi sem erlendis,

tekist hatrammlega á um svonefndan stjórnunarrétt. Niðurstaðan hafi orðið sú, að stjórnunarréttur atvinnurekenda hafi verið viðurkenndur, en þeir hafi á móti skuldbundið sig til að virða rétt verkamanna til að skipuleggja sig og að reyna hvorki að hafa áhrif á stjórnmálaskoðanir verkamanna sinna né afstöðu þeirra og afskipti af stéttar- eða stjórnmálafélögum. Afskipti Reykjavíkurborgar af félagsaðild starfsmanna sinna við Engjaskóla, Langholtsskóla og Seljaskóla sé brýnt brot á þessari grundvallarreglu og afturhvarf til fortíðar 2. og 3. áratugar þessarar aldar þegar stéttarfélög háðu harða baráttu fyrir sjálfsögðum grundvallarmannréttindum. Ræstingarkonur við nefnda skóla hafi kosið að skipuleggja sig í Verkakvennafélaginu Framsókn og gert kjarasamninga og tryggt sér forgangsrétt til starfa með frjálsum samningum á grunni þeirrar félagsaðildar. Atlaga Reykjavíkurborgar feli í sér ólöglega atvinnukúgun og aðgerðir fjandsamlegar Verkakvennafélaginu Framsókn og Verkamannafélaginu Dagsbrún og sé alvarlegt brot gegn 4. gr. laga nr. 80/1938. Það sé ekki á valdi atvinnurekenda að ákveða samnings- og félagsaðild starfsmanna sinna. Borgarráð hafi áður verið sömu skoðunar, sbr. eftirfarandi bókun þess í tilefni af deilu um félagafrelsi starfsmanna SVR hf. á árinu 1993:

„Það væri íhlutun í félagafrelsi starfsmanna SVR hf, ef borgaryfirvöld hefðu afskipti af því hvernig starfsmenn fyrirtækisins skipuðu málum sínum í þessu tilliti. Borgaryfirvöld gera ekki fyrir sitt leyti athugasemd við að starfsmennirnir verði deild í Starfsmannafélagi Reykjavíkur."

Þá kveðst stefnandi rökstyðja kröfur sínar með vísan til lögskýringargagna að baki lögum nr. 97/1995 um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 97/1995 hafi komið fram ummæli varðandi nýtt félagafrelsisákvæði sem túlka hafi mátt gegn skipulagi stéttarfélaga, aðild að þeim, forgangsréttarákvæðum, félagsgjöldum og fleira. Þessi ummæli hafi sætt verulegri gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar. Gagnrýnin hafi leitt til þess að félagafrelsisákvæðinu hafi verið breytt á þann veg að stéttarfélaga sé þar sérstaklega getið auk fleiri breytinga. Í athugasemdum stjórnarskrárnefndar um þessar breytingar segi orðrétt:

„Hefur nefndin ákveðið að leggja til að stjórnmálafélaga og stéttarfélaga verði sérstaklega getið í greininni í ljósi þess að hér er um

að ræða einhverja mikilvægustu flokka félaga í sérhverju lýðræðisríki.

. . .

Í orðalagi fyrri málsliðar 2. mgr. felist, að engan megi skylda til aðildar að félagi með lögum eða hvers kyns stjórnvaldsákvörðunum. Er því ekki verið að kveða á um það sem menn eru skyldaðir til að gera á grundvelli frjálsra samninga, þar á meðal kjarasamninga.

. . .

Í ljósi þessa lítur nefndin svo á að með samþykki frumvarpsins sé ekki verið að hrófla í einu né neinu við réttarstöðu á vinnumarkaði að því er varðar forgangsréttarákvæði, greiðslu félagsgjalda og önnur réttindaákvæði."

Með hliðsjón af þessum ummælum og með vísan til 1. mgr. 74. gr. og 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar telur stefnandi, að skipulag stéttarfélaga og réttarstaða á vinnumarkaði njóti sérstakrar verndar. Kjarasamningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkur grafi undan skipulagi stéttarfélaga og réttarstöðu á vinnumarkaði og skapi óviðunandi réttaróvissu í blóra við nefnd mannréttindaákvæði. Af þessum sökum beri jafnframt að túlka hugsanlegan vafa í málinu stefndu í óhag. Ennfremur bendir stefnandi á, að Félagsdómur hafi margsinnis viðurkennt gildi forgangsréttarákvæða, sem sé í góðu samræmi við skoðanir fræðimanna og afstöðu alþjóðlegra stofnana. Þá hafi Vinnuveitendasamband Íslands viðurkennt forgangsréttarákvæði í samræmi við skilning stefnanda.

Framanritaðar röksemdir telur stefnandi eiga við um allar kröfur sínar.

Um sektarkröfu á hendur Reykjavíkurborg er vísað til 70. gr. laga nr. 80/1938 og fyrri rökstuðnings. Ennfremur er vísað til Féld. 1953:1 og 15.

Stefnandi ítrekar varðandi kröfuliði A. 6, 8 og 9, að nauðsyn beri til að Félagsdómur komist að skýrri niðurstöðu um hvort kjarasamningur Dagsbrúnar og Framsóknar við Reykjavíkurborg taki til starfa skólaliða að hluta eða öllu leyti og þar með hvort friðarskylda sé fyrir hendi. Kröfuliður A. 5 sé auk þess studdur þeim rökum, að forsendur séu brostnar fyrir kjarasamningi Dagsbrúnar og Framsóknar og Reykjavíkurborg í heild eða varðandi forgangsréttarstörf við ræstingu, kaffiumsjón og í mötuneytum. Þá hafi Reykjavíkurborg vanefnt kjarasamning við Dagsbrún og Framsókn

svo verulega að það leiði til ógildis hans. Forgangsréttarákvæði í kjarasamningum séu grundvallarforsenda umrædds kjarasamnings og varði brýnustu skipulagsmál hvers stéttarfélags og samskipti við önnur stéttarfélög og samtök atvinnurekenda. Sé unnt að sniðganga forgangsréttarákvæði með því að breyta starfsheiti einu saman, þótt inntak starfanna sé hið sama, sé réttarstaða stéttarfélaga í uppnámi og skipulag þeirra hrunið, sbr. fyrri röksemdir.

Kröfugerð gagnvart stefndu sameiginlega sé byggð á áður framsettum málsástæðum. Auk þess á þeirri meginreglu, að atvinnurekanda sé óheimilt að gera samning um störf sem hann hafi þegar gert bindandi kjarasamning um og sem enn sé í fullu gildi. Það leiði einnig til ógildis kjarasamnings Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, að starfsmannafélagið sé ekki bært til að gera kjarasamning fyrir verkakonur sem ekki séu félagsmenn þess og sé auk þess ekki lögformlegur samningsaðili í skilningi 2. gr. laga nr. 80/1938. Um samningsrétt Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar fari að lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna en ekki að lögum nr. 80/1938. Þegar af þeirri ástæðu sé kjarasamningur stefndu ógildur gagnvart félagsmönnum Dagsbrúnar og Framsóknar.

Um málskostnaðarkröfu er vísað til 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda Reykjavíkurborgar.

Af hálfu stefnda er á það bent að einhvers misskilnings virðist hafa gætt af hálfu stefnanda varðandi umfang breytinga á störfum félagsmanna Verkakvennafélagsins Framsóknar í grunnskólunum þremur. Í stefnu sé gengið út frá því að störf starfsfólks við kaffiumsjón/mötuneyti hafi verið lögð niður og sameinuð undir hinu nýja starfsheiti, skólaliði. Stefndi bendir á að þessi skilningur stefnanda sé ekki réttur því umrædd störf séu áfram unnin af félagsmönnum stefnanda. Af þeim verkþáttum sem félagsmenn stefnanda hafi unnið í áðurnefndum þremur grunnskólum Reykjavíkur hafi ræstingastörf ein og sér verið sameinuð og felld undir starf skólaliða.

Um kröfuliði A.

Um kröfulið 1.

Reykjavíkurborg hafi um árabil samið við stefnanda um störf við ræstingar og mötuneyti í grunnskólum. Í kjarasamningi aðila hafi um langt skeið verið samið um forgangsrétt félagsmanna Verka-

kvennafélagsins og hafi í samningi aðila að jafnaði verið vísað til ákvæða í kjarasamningi Verkamannasambands Íslands vegna Verkakvennafélagsins Framsóknar annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins hins vegar. Í kjarasamningum stefnda og stefnanda er nú vísað til þessara almennu ákvæða en þar er forgangsréttarákvæði í grein 6.1.1. sem hljóðar svo:

„Vinnuveitendur skuldbinda sig til að láta verkamenn sem eru fullgildir félagsmenn viðkomandi félags hafa forgangsrétt til allrar almennrar verkamannavinnu, þegar þess er krafist og félagsmenn bjóðast, er séu fullkomlega hæfir til þeirrar vinnu, sem um er að ræða."

Á liðnum árum hafi margvíslegar breytingar orðið á störfum starfsmanna grunnskóla. Þannig hafi Reykjavíkurborg á árinu 1995 ákveðið að breyta fjölmörgum störfum í grunnskólum og sameina í eitt nýtt starf, starfsmaður skóla. Á sama hátt hafi margvíslegar breytingar orðið á störfum ræstingafólks á liðnum árum. Þannig hafi ýmsir verkþættir sem áður voru unnir af ræstingafólki í Verkakvennafélaginu Framsókn verið felldir brott, t.d. bónun gólfa og hafi sá verkþáttur upp frá því verið unninn af verktökum. Í kjölfar þeirra breytinga hafi verið ráðist í endurskipulagningu á störfum ræstingafólks á árinu 1993. Allar þær breytingar sem orðið hafa á störfum starfsfólks grunnskóla á síðustu árum hafi Reykjavíkurborg unnið í samráði við hlutaðeigandi stéttarfélög. Fyrr á þessu ári hafi sú ákvörðun verið tekin að breyta störfum starfsmanna grunnskóla. Þá hafi verið ákveðið að sameina ýmis störf sem annars vegar höfðu verið á samningssviði Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og hins vegar á samningssviði stefnanda og stofnað til nýs starfs, starfs skólaliða. Til þessarar ákvörðunar hafi Reykjavíkurborg fulla heimild skv. stjórnunarrétti vinnuveitanda.

Af hálfu stefnda er því alfarið mótmælt að meginverkefni skólaliða í áðurnefndum þremur grunnskólum séu fólgin í verkþáttum sem áður voru unnir af félagsmönnum stefnanda. Þá er því og mótmælt að engar breytingar hafi orðið á störfum ræstingafólks aðrar en þær að starfsheiti hafi breyst og starfsemi fari fram að degi til. Stefndi bendir á að skv. starfslýsingu skólaliða séu þeim falin fjölmörg viðamikil verkefni alls óskyld ræstingu. Þá er bent á að tilgangur með stofnun hinna nýju starfa sé byggður á sjónarmiðum

uppeldis, umönnunar og eftirlits. Því sé fráleitt að ætla að verkefni tengd ræstingu sé ráðandi þáttur í hinu nýja starfi. Í hvívetna hafi verið gætt sjónarmiða um samningsrétt einstakra stéttarfélaga til ákveðinna starfa svo og forgangsréttarákvæða.

Ítarleg skoðun hafi farið fram á störfum starfsmanna grunnskóla í kjölfar áðurnefndrar samþykktar fræðsluráðs dags. 10. mars 1997. Svo sem hjálagðar starfslýsingar starfsmanna skóla annars vegar og skólaliða hins vegar beri með sér séu störf skólaliða að grunni til byggð á störfum starfsmanna skóla. Sú staðreynd svo og tilgangur og eðli hins nýja starfs hafi mestu ráðið um ákvörðun stefnda um að ganga til samninga við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Það sé því beinlínis rangt sem haldið er fram í stefnu að störf félagsmanna í Verkakvennafélaginu Framsókn hafi verið ráðandi þáttur í störfum starfsmanna grunnskóla. Þvert á móti megi segja að störf unnin af félagsmönnum Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar hafi verið mun umfangsmeiri en störf félagsmanna stefnanda. Í því sambandi er bent á eftirfarandi samantekt á stöðugildum félagsmanna hvors stéttarfélags um sig í grunnskólum Reykjavíkur í aprílmánuði sl. Við störf í grunnskólum Reykjavíkurborgar í apríl 1997 hafi verið undir starfsheitinu starfsmenn skóla 203 stöðugildi. Á sama tíma hafi verið 143 stöðugildi við ræstingar og 33 stöðugildi við kaffiumsjón/mötuneyti í þessum sömu skólum. Af þessu megi sjá að mun fleiri stöðugildi hafi verið á samningssviði Starfsmannafélagsins og því ljóst að meginumfang hins nýja starfs grundvallist á störfum starfsmanna skóla. Þar af leiðandi hafi það verið rökrétt ákvörðun stefnda að taka upp viðræður við meðstefnda um gerð kjarasamnings vegna hins nýja starfs. Verði í því sambandi að hafa til hliðsjónar ákvæði laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, einkum ákvæði 4., 5. og 6. gr. þeirra, en þar sé meðal annars kveðið á um rétt stéttarfélaga opinberra starfsmanna til samningsgerðar við sveitarfélög og að eigi skuli nema eitt stéttarfélag hafa rétt til samningsgerðar við sama vinnuveitanda fyrir sömu starfsstétt.

Af hálfu stefnda er sýknukrafa og á því byggð að forgangsréttur stefnanda hafi ekki tekið til hins nýja starfs enda þótt einstakur verkþáttur, ræsting, hafi skv. hinni nýju starfslýsingu áður verið unninn af félagsmönnum þess. Reykjavíkurborg hafi því verið rétt,

eins og á stóð, að taka upp viðræður við meðstefnda um kjarasamning vegna hinna nýju starfa svo og til gerðar slíks samnings.

Breyting sú sem gerð hafi verið á störfum starfsfólks í þremur grunnskólum miði að því að starfsfólk sé við vinnu og sé reiðubúið að ganga í öll almenn störf skv. starfslýsingu á skóladegi. Af hálfu stefnda er á því byggt að allir starfsmenn séu ráðnir skv. sömu starfslýsingu og sinni þeim fjölbreyttu störfum sem um ræðir eftir þörfum hverju sinni. Það sé því rangt sem fram kemur í stefnu að ekki sé um að ræða breytingu á störfum frá fyrri árum enda hafi skólastjórar skipulagt störf skólaliða með þeim hætti. Þá sé það ennfremur alrangt sem fram kemur í stefnu að um sé að ræða óbreytt störf félagsmanna Verkakvennafélagsins Framsóknar sem unnin séu nú undir nýju starfsheiti, málamyndastarfsheiti, og Reykjavíkurborg hafi á þann hátt sniðgengið nýgerðan kjarasamning aðila til þess að ná fram kjarakröfu sem mistekist hafði að semja um í kjaraviðræðum aðila. Um þetta er vísað til þess sem áður hefur komið fram svo og til framlagðra starfslýsinga.

Í viðræðum aðila vegna gerðar kjarasamninga fyrr á þessu ári hafi farið fram umræður um breytingar á forgangsréttarákvæði Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Verkakvennafélagsins Framsóknar. Tillaga stefnda um breytingar á forgangsréttarákvæði aðila hafi eðli máls samkvæmt og skv. orðanna hljóðan einvörðungu tekið til þeirra starfa sem forgangsréttur félaganna nær til skv. kjarasamningi. Af hálfu stefnda þyki ljóst að þær viðræður sem þar áttu sér stað breyti engu um það álitaefni sem hér er til umræðu enda nái forgangsréttur stefnanda fráleitt til þeirra starfa, sbr. framlagða starfslýsingu skólaliða. Aðdróttunum stefnanda í garð stefnda í stefnu um óheilindi við gerð síðustu kjarasamninga er alfarið vísað á bug sem röngum og órökstuddum.

Af hálfu stefnda er því alfarið mótmælt að Reykjavíkurborg hafi með gerð samkomulags við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar um störf skólaliða haft afskipti af eða hlutast til um málefni Verkakvennafélagsins Framsóknar og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Þá er því mótmælt að Reykjavíkurborg hafi hunsað félagafrelsi félagsmanna Verkakvennafélagsins Framsóknar. Breytingar, sem urðu á störfum starfsmanna grunnskóla, hafi leitt til þess að Reykjavíkurborg gerði samkomulag við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar um umrædd störf. Af hálfu stefnda sé réttur Starfsmannafé-

lags Reykjavíkurborgar til samninga um þessi störf ekki dreginn í efa enda uppfylli félagið skilyrði laga til slíkrar samningsgerðar. Sé fráleitt að ætla að í afstöðu stefnda felist íhlutun í innri málefni stéttarfélaga eða afskipti af félagsaðild einstakra starfsmanna grunnskóla Reykjavíkur. Er því andmælt af hálfu stefnda að brotið hafi verið gegn ákvæðum 3., 4. og 5. gr. laga nr. 80/1938, ásamt síðari breytingum. Þá er því og mótmælt að Reykjavíkurborg hafi vanvirt gildandi kjarasamning með því að ganga til samninga við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar um störf skólaliða. Ennfremur er því mótmælt að Reykjavíkurborg hafi á nokkurn hátt brotið gegn 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, 22. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi nr. 10/1979, 7., 8. og 11. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, 5. og 6. gr. félagssáttmála Evrópu eða samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, ILO, nr. 87 um réttinn til að semja sameiginlega og samþykktar nr. 98 um félagafrelsi. Þá er því og mótmælt að Reykjavíkurborg hafi með uppsögnum og ráðningum á félagsmönnum stefnanda í umræddum skólum, brotið gegn ákvæðum jafnréttislaga nr. 28/1991.

Stefndi telur ljóst að umrædd störf skólaliða falli ekki undir forgangsrétt kjarasamnings stefnda og stefnanda og í því sambandi er vísað til starfslýsingar, tilgangs með breytingum og eðli hinna nýju starfa. Verði ekki talið að umrædd umönnunar-, uppeldis- og eftirlitsstörf falli undir forgangsrétt stefnanda til almennrar verkamannavinnu.

Um kröfur 2 og 3:

Félagsmenn stefnanda annist enn í umræddum þremur skólum störf við kaffiumsjón/mötuneyti. Þessi störf séu ekki á verksviði skólaliða og eigi því ekki að vera ágreiningur milli stefnanda og stefnda um þessa kröfuliði og séu þeir félagsdómsmáli þessu óviðkomandi og er skorað á stefnanda að falla frá þessum kröfuliðum.

Um kröfu 4:

Í kjarasamningi Verkamannasambands Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins frá 24. mars 1997 sé að finna almennt ákvæði um forgangsrétt til vinnu, grein 6.1.1. Kjarasamningar stefnanda og stefnda frá 16. mars 1995, kjarasamningur stefnda og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar frá 21.

febrúar 1995 og kjarasamningur Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og stefnanda annars vegar og stefnda hins vegar frá 24. mars 1997 vísi allir til ákvæða í hinum almenna kjarasamningi og þar af leiðandi til hins almenna ákvæðis um forgangsrétt til vinnu. Reykjavíkurborg hafi gert skipulagsbreytingar á starfsemi grunnskóla, stofnað hafi verið til nýs starfs sem forgangsréttarákvæði stefnanda taki ekki til. Samkomulag stefnda og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar frá 15. júlí feli ekki í sér nein brot á samningum stefnda og stefnanda og sé í alla staði löglegt og er því krafist sýknu af þessum lið kröfugerðar stefnanda. Vísast að öðru leyti til þess sem segir um kröfu 1 hér að framan.

Um kröfu 5:

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af þessum kröfulið. Er því mótmælt að Reykjavíkurborg hafi á nokkurn hátt brotið gegn ákvæðum 3., 4. og 5. gr. laga nr. 80/1938. Vísast um það til þess er fram kemur hér að framan varðandi kröfulið 1.

Um kröfu 6:

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af þessum kröfulið. Sé til þess að líta sem áður hefur komið fram að störf félagsmanna stefnanda við ræstingar í umræddum skólum hafi nú þegar verið lögð niður og sameinuð öðrum störfum undir starfsheitinu skólaliði. Störf við ræstingar sem forgangsréttur stefnanda taki til séu því ekki fyrir hendi á umræddum vinnustöðum. Að öðru leyti vísast til þess sem áður greinir undir kröfulið 1.

Um kröfu 7:

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af þessum kröfulið. Vísað er til þess sem greinir hér að framan, bæði í málavaxtalýsingu um tilurð og ástæður samkomulags stefnda og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar um störf skólaliða. Þá vísar stefndi og til þess er fram kemur hér að framan við kröfulið 1.

Um kröfu 8:

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af þessum kröfulið. Kjarasamningur aðila sé enn í fullu gildi og skv. ákvæðum hans renni hann út þann 15. febrúar árið 2000. Samkomulag stefnda við meðstefnda um störf skólaliða feli ekki í sér brot á gildandi kjarasamningi aðila. Hver svo sem niðurstaða Félagsdóms kunni að verða að því er það atriði varðar þyki ljóst að sú niðurstaða hafi engin áhrif á gildi nú-

verandi kjarasamnings. Ágreiningsefni það sem hér er til úrlausnar varði einungis starfsmenn umræddra þriggja skóla og lúti þ.a.l. dómsvaldi Félagsdóms. Enginn ágreiningur sé að öðru leyti um að Reykjavíkurborg hafi efnt kjarasamning aðila að fullu. Félagsdómur hafi engar heimildir til að kveða á um ógildi kjarasamnings í heild sinni eða hluta þó svo talið væri að annar hvor samningsaðila hefði brotið gegn ákvæðum hans. Séu engin lagaskilyrði til slíks.

Að öðru leyti vísast til þess sem fram kemur hér að framan um kröfulið 1.

Um kröfu 9:

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af þessum kröfulið. Enginn sérstakur samningur sé í gildi um störf við ræstingar í umræddum skólum heldur sé einungis einn kjarasamningur í gildi um slík störf. Sá samningur haldi gildi sínu að öllu leyti og ekkert sé því til fyrirstöðu að Reykjavíkurborg geti síðar tekið upp sömu tilhögun og áður var fyrir hendi.

Að öðru leyti vísast til þess sem segir hér að framan um kröfulið 1 og um kröfulið 14 í upphaflegri kröfugerð stefnanda.

B liður:

Um kröfu 1:

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af þessum kröfulið. Vísað til þess sem áður greinir undir kröfulið 1 hér að framan. Ennfremur vísar stefndi til greinargerðar meðstefnda, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Stefndi Reykjavíkurborg lýsir sig samþykkan gagnkröfu meðstefnda, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, og tekur undir þau sjónarmið sem sett eru fram til rökstuðnings gagnkröfunni.

Um kröfu 2:

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af þessum kröfulið. Vísað er til þess sem áður greinir í málavaxtalýsingu og til umfjöllunar um alla kröfuliði hér að framan.

Stefndi vísar til grundvallarreglna íslensks vinnuréttar og grundvallarreglna samningaréttar. Þá vísar stefndi til ákvæða laga nr. 80/1938, ásamt síðari breytingum, um stéttarfélög og vinnudeilur og laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Málskostnaðarkrafa stefnda byggist á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Stefndi Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar telur nauðsynlegt, sbr. heimild í 53., sbr. 2. tl. 44. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, að gera gagnkröfu í málinu, þannig að niðurstaða Félagsdóms leiði til lykta með ótvíræðum hætti ágreining aðila um hvort samkomulag Reykjavíkurborgar og félagsins um ný störf skólaliða sé gilt og hvort það fari í bága við forgangsrétt félagsmanna stefnanda til almennrar verkamannavinnu hjá meðstefnda. Tekið er fram að samkomulagið feli í sér vinnusamning (kjarasamning) í þeirri merkingu sem orðið hafi í 2. tl. 44. gr. l. nr. 80/1938. Samningurinn hafi orðið til á vettvangi starfskjaranefndar aðila, en slíkir samningar hafi stöðu kjarasamnings, sbr. t.d. niðurstöðu Félagsdóms í málinu nr. 3/1996.

Með gerð gagnkröfunnar sé einnig leitast við að tryggja að efnisdómur fáist um ágreining aðila telji Félagsdómur sér skylt að vísa kröfum stefnanda frá dómi vegna óskýrleika og vanreifunar, sbr. e-lið 1. tl. 80. gr. laga nr. 91/1991, eða vegna þess að fjölmörgum aðilum sem dómi er ætlað að binda skv. stefnu hafi ekki verið stefnt inn í málið.

St.Rv. sé stéttarfélag í skilningi laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Samkvæmt 3. gr. l. nr. 94/1986 fari sveitarstjórnir með samningsfyrirsvar fyrir sveitarfélög. Reykjavíkurborg er sveitarfélag og gildi lög nr. 94/1986 um samskipti borgarinnar og þeirra stéttarfélaga sem starfa eftir sömu lögum, þ.m.t. St.Rv.

Samkvæmt 4. og 5. gr. l. 94/1986 eigi stéttarfélög rétt til þess að vera samningsaðilar. Í þessu felist að ríki og/eða sveitarfélagi sé skylt að gera kjarasamninga við félögin vegna félagsmanna þeirra sem starfa hjá viðkomandi aðila, að uppfylltum almennum skilyrðum.

Réttur St.Rv. til kjarasamningsgerðar við meðstefnda Reykjavíkurborg sé bæði tryggður í 2. mgr. 4. gr. laganna, þ.e. félagið hafi gert kjarasamninga við Reykjavíkurborg fyrir gildistöku laganna um kjarasamninga opinberra starfsmanna og skv. 1. tl. 5. gr. þar sem félagið taki til meirihluta opinberra starfsmanna Reykjavíkurborgar sem ekki séu í stéttarfélögum skv. 2. og 3. tl. sömu greinar. Af framangreindum reglum leiði að það væri lögbrot af hálfu Reykja-

víkurborgar að semja við stéttarfélag sem starfar á grundvelli laga nr. 80/1938 um þau störf sem verið hafa á samningssviði St.Rv.

Verkakvennafélagið Framsókn og Verkamannafélagið Dagsbrún séu stéttarfélög sem starfi á grundvelli laganna um stéttarfélög og vinnudeilur frá 1938. Félögin geri kjarasamninga f.h. félagsmanna sinna við þá vinnuveitendur sem til þess eru reiðubúnir. Engin lagaskylda hvílir á neinum vinnuveitanda til kjarasamningsgerðar við félögin. Stéttarfélögin hafa tiltekin lögmælt úrræði til þess að þvinga vinnuveitanda til kjarasamningsgerðar vilji hann njóta starfskrafta félagsmanna stéttarfélaganna. Í því skyni að styrkja stöðu almennu stéttarfélaganna hafi þau leitast við að ná fram svokölluðum forgangsréttarákvæðum í kjarasamninga sína við vinnuveitendur. Ekki er dregið í efa gildi slíkra ákvæða. Hins vegar sé ljóst að forgangsréttarákvæði í kjarasamningum séu andstæð meginreglunni um samningsfrelsi. Af því leiði að dómstólum ber að beita þröngri skýringu við túlkun forgangsréttarákvæða. Þá sé ljóst að ekki sé heimilt að krefjast forgangsréttar til starfs sem annað félag hafi samið um eða eigi lögbundinn samningsrétt til. Verði þessi regla ótvírætt leidd af Féld. nr. 1/1974 og 4. og 5. gr. l. nr. 94/1986.

Af framangreindri skýringarreglu telur St.Rv. leiða, að starf verði ekki fellt undir forgangsréttarákvæðið, þ.e. að teljast til almennrar verkamannavinnu, nema allir þættir starfsins falli ótvírætt þar undir eða a.m.k. yfirgnæfandi meirihluti. Þá hljóti samningsbundinn forgangsréttur að víkja skarist hann við lögbundinn samningsrétt annars stéttarfélags.

Í máli þessu snúist ágreiningur aðila um hvort Reykjavíkurborg hafi verið heimilt að semja við St.Rv. um störf skólaliða. Að mati St.Rv. hafi borginni ekki einungis verið heimilt heldur hafi henni verið það skylt að lögum. Í kjarasamningi St.Rv. og Reykjavíkurborgar um störf skólaliða sé vísað um innihald starfsins til framlagðrar starfslýsingar. Reyndar sé einungis verið að vísa til fremsta blaðsins á framlögðu skjali því aftari síður þess skjals hafi Sjöfn Ingólfsdóttir, formaður St.Rv., sem undirritaði samkomulagið fyrir þess hönd, ekki séð fyrr en henni bárust skjöl þessa máls. Aftari tvö blöð skjalsins séu því ekki hluti samkomulagsins. Enginn vafi sé á því að meginhluti verkefna skólaliða skv. starfslýsingunni séu starfsþættir sem hafi verið á samningssviði St.Rv. gagnvart borginni. Vísast í því efni sérstaklega til starfslýsingar starfsheitisins „starfsmaður skóla“

sem um hafi verið samið í kjarasamningi St.Rv. og meðstefnda. Það starfsheiti hafi í haust verið lagt niður í skólunum þremur þar sem tilraunin með störf skólaliða er gerð. Verkefni „starfsmanna skóla" hafi verið færð inn í starfslýsingu skólaliðanna auk tiltekinna ræstingarstarfa. Það sé hins vegar misskilningur að skólaliðar hafi tekið yfir verkefni við kaffiumsjón í skólunum þremur eða störf matráðskvenna í mötuneytum þeirra. Félagsmenn stefnanda sinni kaffiumsjón og störfum matráðskvenna í skólunum.

Í stjórnunarrétti vinnuveitanda felist að honum sé heimilt að skipuleggja vinnuna. Vinnuveitanda sé t.d. heimilt að skilgreina starf upp á nýtt, flytja verkefni milli starfsmanna, auka starfsemi á einu sviði en draga úr á öðru, allt með þeim almenna fyrirvara að virt séu lög og reglur og samningar við starfsmenn, þ.m.t. reglur um uppsagnarfrest. Ekki sé um það deilt í máli þessu að meðstefndi hafi tilkynnt ræstingarfólki og starfsmönnum skóla um skipulagsbreytingarnar með nægum fyrirvara.

Sá skilningur sem stefnandi haldi fram um inntak forgangsréttarins myndi leiða til þess, ef viðurkenndur væri, að meðstefnda Reykjavíkurborg væri um aldur og ævi óheimilt að gera breytingar á starfsemi sinni í þá veru að steypa saman í eitt starf verkefnum sem geti ein sér talist almenn verkamannavinna og verkefnum sem verið hafa á samningssviði einhvers stéttarfélaga opinberra starfsmanna. Með því væri ævinlega brotinn réttur annaðhvort á stefnanda eða viðkomandi stéttarfélagi opinberra starfsmanna. Þessi skilningur stríði gegn eðlilegri þróun starfa og viðleitni til þess að auka fjölbreytni og hagkvæmni. St.Rv. telji að enginn réttargrundvöllur sé fyrir þessum skilningi stefnanda.

Algengt sé að kjarasamningar stéttarfélaga, sem samið hafa um forgangsrétt til starfa, skarist án þess að litið hafi verið svo á að það leiði til ógildis kjarasamninganna. Megi t.d. nefna að Verkamannafélagið Dagsbrún og Verslunarmannafélag Reykjavíkur hafi bæði samið um lagerstörf og hafi a.m.k. til skamms tíma samið bæði um störf bifreiðastjóra (útkeyrslu). Það liggi í hlutarins eðli að mörk milli samningssviða stéttarfélaga geti verið óljós. Í þeim tilvikum verði vafinn að leiða til þess að vinnuveitandinn hafi val varðandi kjarasamningsgerðina. Í stefnu sé gefið í skyn að með gerð kjarasamnings St.Rv. og meðstefnda hafi félagsmenn stefnanda verið fluttir milli stéttarfélaga eins og „dauðir hlutir". Þetta sé ekki rétt.

Flestir skólaliðanna hafi áður verið starfsmenn skóla og sem slíkir innan St.Rv. Þeir skólaliðar sem áður unnu við ræstingu og voru félagsmenn stefnanda hafi gengið í St.Rv. og undirritað það eigin hendi í ráðningarsamningum sínum. Skólaliðum sé að sjálfsögðu frjálst að standa utan St.Rv. kjósi þeir það. Þeim sé einnig heimilt að vera félagsmenn hjá stefnanda ef slíkt er heimilt skv. samþykktum þess félags. Þessi réttindi séu tryggð með félagafrelsisákvæði stjórnarskrár og komi félagslegum rétti stéttarfélaga til kjarasamningsgerðar ekki við.

Af dómkröfum þeim sem settar eru fram í málinu sé einungis kröfum B. 1 og B. 2 beint að St.Rv.

Krafist er sýknu af báðum kröfunum. Um forsendur sýknukröfunnar er vísað til þess sem að framan er rakið um málavexti, málsástæður og lagarök.

Gagnkrafa Starfsmannafélags Reykjavíkur sé sett fram með stoð í 53., sbr. 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938. Byggt er á reglum laga nr. 94/1986 um lögbundinn rétt St.Rv. til kjarasamningsgerðar. Krafa um málskostnað er reist á 130. gr. l. nr. 91/1991. Að öðru leyti vísast til almennra regla vinnuréttarins.

Forsendur og niðurstaða.

Með samkomulagi dags. 31. ágúst 1997 urðu aðilar máls þessa sammála um að leggja fyrir Félagsdóm ágreining um hvort Reykjavíkurborg hafi brotið gegn gildandi forgangsréttarákvæði í kjarasamningi Verkakvennafélagsins Framsóknar með því að gera kjarasamning við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar þann 15. júlí 1997 um störf skólaliða.

Umrætt ákvæði um forgangsrétt til vinnu, sem verið hefur að efni til í kjarasamningum stefnanda og stefnda Reykjavíkurborgar um árabil, er nú að finna í grein 6.1. í samningi frá 24. mars 1997 milli Verkamannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins og hljóðar það svo:

„Vinnuveitendur skuldbinda sig til þess að láta verkamenn sem eru fullgildir félagsmenn viðkomandi félags hafa forgangsrétt til allrar almennrar verkamannavinnu, þegar þess er krafist og félagsmenn bjóðast, er séu fullkomlega hæfir til þeirrar vinnu sem um er að ræða."

Lýtur krafa stefnanda samkvæmt kröfulið 4 að því að fá leyst úr

umræddum ágreiningi svo og gagnkrafa stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Fyrir liggur að á síðustu árum hafa orðið breytingar á starfsemi grunnskólanna sem kallað hafa á nauðsynlegar breytingar á starfssviði starfsmanna grunnskólans.

Þann 15. júlí 1997 gerðu Starfmannafélag Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurborg með sér kjarasamning um störf skólaliða í grunnskólum Reykjavíkur. Í honum er vísað til starfslýsingar Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkurborgar. Meðal starfa skólaliða samkvæmt starfslýsingu 24. maí 1995 er að annast ræstingu á skólahúsnæði og að sjá um minniháttar eldun og framreiðslu á mat þar sem það á við, auk þess sem þeim er falið að aðstoða nemendur í leik og starfi og taka þátt í því uppeldis- og eftirlitsstarfi sem fram fer innan skólans.

Samkvæmt framangreindu ákvæði 6.1. í kjarasamningnum 24. mars 1997 hafa félagsmenn Framsóknar og Dagsbrúnar forgang til allrar almennrar verkamannavinnu. Telja verður að slíkt forgangsréttarákvæði verði að túlka þröngt með hliðsjón af því að um undantekningarákvæði er að ræða svo og meginreglunni um samningsfrelsi. Þegar virt er starfslýsing skólaliða verður ekki fallist á að um hefðbundna verkamannavinnu sé að ræða eða hefðbundin ræstingastörf. Gert er ráð fyrir að skólaliðar starfi á þeim tíma sem nemendur eru í skólanum og verði gagnvart nemendum sýnilegri starfskraftar en áður var og hafi umsjón með nemendum, eins og áður er rakið. Telja verður starf skólaliða nýtt starf. Fyrir liggur að enginn kjarasamningur var fyrir hendi um starf skólaliða fyrir gerð kjarasamningsins 15. júlí sl. Er því ekki fallist á að stefndu hafi með gerð þess samnings brotið gegn umræddu ákvæði 6.1. í framangreindum samningi aðila.

Ber því að taka til greina gagnkröfu stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkur í máli þessu en hafna kröfu stefnanda samkvæmt kröfulið 4 í stefnu.

Óumdeilt er í málinu að starfsmenn Reykjavíkurborgar sem eru í Verkakvennafélaginu Framsókn og Verkamannafélaginu Dagsbrún njóta forgangs til ræstingastarfa. Fyrir liggur hins vegar að ræstingastörf sem slík hafa verið felld niður í Engjaskóla, Langholtsskóla og Seljaskóla með tilraunastarfseminni sem tekur til starfs skólaliða í þessum skólum, en eins og áður er rakið telst ákvæði 6.1. ekki taka

til starfs skólaliða. Þar sem ræstingar í þremur umræddum skólum eru nú hluti af starfi skólaliða, sem samkvæmt framansögðu telst nýtt starf, ber að hafna þeirri kröfu stefnanda að félagsmenn í Framsókn og Dagsbrún hafi forgangsrétt til þessa starfs í umræddum þremur skólum. Ber því að hafna kröfu stefnanda samkvæmt 1. kröfulið.

Stefndu hafa lýst því yfir að ekki sé ágreiningur um 2. kröfulið og verður hann því tekinn til greina.

Af hálfu stefndu hefur því ekki verið mótælt að matráðskonur í mötuneytum sem eru félagsmenn í Framsókn og Dagsbrún, hafi forgangsrétt til þeirra starfa. Hins vegar verður að skilja kröfu stefnanda í 3. lið á þann veg að forgangsréttur matráðskvenna í mötuneytum eigi einnig að ná til til þeirra starfa skólaliða að annast léttar máltíðir fyrir nemendur.

Fram er komið í málinu að sú nýbreytni hefur verið tekin upp í framangreindum þremur skólum að skólaliðar sjá um þessar máltíðir fyrir nemendur og færa nemendum þær inn í bekkina, en þar sem nemendasala hefur verið fyrir hendi í unglingadeildum hafa starfsmenn skóla sinnt þessu starfi. Samkvæmt þessu er ekki fallist á kröfuna. Ekki þykir sýnt fram á í málinu að stefndi Reykjavíkurborg hafi brotið gegn ákvæðum 3. gr., 4.gr. og 5. gr. laga nr. 80/1938 og ber að sýkna stefnda af þessum kröfulið.

Með sömu rökum og fram koma um kröfulið 1 og 3 er ekki fallist á að kjarasamningur Verkakvennafélagsins Framsóknar og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar gildi um þau störf er greinir í þessum liðum. Hins vegar ber að fallast á, sbr. niðurstöðu um 2. kröfulið, að umræddur kjarasamningar frá 24. mars 1997 gildi um störf sem fjallað er um í þeim kröfulið.

Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að stefndi Reykjavíkurborg hafi brotið ákvæði laga nr. 80/1938 er þessi stefndi sýknaður af kröfu um greiðslu sektar.

Svo sem að framan greinir lítur dómurinn svo á að kjarasamningur Dagsbrúnar og Framsóknar taki ekki til starfs skólaliða. Ljóst er að fjöldi manna sem eru félagsmenn í umræddum félögum starfa hjá Reykjavíkurborg samkvæmt þessum kjarasamningi. Engin efnisleg rök hafa verið færð fyrir því að fella beri kjarasamning milli Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Verkakvennafélagsins Framsóknar annars vegar og Reykjavíkurborgar hins vegar úr gildi í

heild sinni eða að hluta. Ber því að hafna vara- og þrautavarakröfu stefnanda svo og kröfu B. 1.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Viðurkennt er að kjarasamningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar 15. júlí 1997 um ný störf skólaliða í grunnskólum Reykjavíkur sé gildur og sé ekki brot gegn forgangsréttarákvæði í grein 6.1. í kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands 24. mars 1997. Hafnað er kröfu stefnanda um að stefndi Reykjavíkurborg hafi með gerð kjarasamningsins 15. júlí 1997 brotið gegn gr. 6.1. í kjarasamningi 24. mars 1997.

Hafnað er kröfu stefnanda um að félagsmenn Verkakvennafélagsins Framsóknar og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar hafi forgangsrétt til starfa skólaliða við ræstingar og til að annast léttar máltíðir fyrir nemendur í Engjaskóla, Langholtsskóla og Seljaskóla.

Krafa stefnanda um að stefndi Reykjavíkurborg hafi brotið gegn ákvæðum 3. gr., 4. gr. og 5. gr. laga nr. 80/1938 er ekki tekin til greina.

Ekki er fallist á kröfu stefnanda um að kjarasamningurinn 24. mars 1997 gildi um störf skólaliða við ræstingar og til að annast léttar máltíðir fyrir nemendur í ofangreindum þremur skólum.

Fallist er á að kjarasamningurinn 24. mars 1997 gildi um kaffiumsjón í nefndum þremur skólum.

Stefndi Reykjavíkurborg skal vera sýkn af kröfu stefnanda um greiðslu sektar.

Stefndi Reykjavíkurborg skal vera sýkn af vara- og þrautavarakröfu stefnanda.

Hafnað er kröfu stefnanda um að kjarasamningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar 15. júlí

1997 sé ógildur hvað varði störf við ræstingar, kaffiumsjón og störf matráðskvenna í mötuneytum í Engjaskóla, Langholtsskóla og Seljaskóla.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Auðar Þorbergsdóttur og
Gunnars Sæmundssonar.

Ekki er í máli þessu ágreiningur um það, að þegar Reykjavíkurborg og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar gerðu með sér hið umdeilda samkomulag um störf skólaliða þann 15. júlí 1997 var í gildi milli stefnanda og Reykjavíkurborgar svohljóðandi forgangsréttarákvæði 6. kafla í samningi milli Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins og Verkamannasambands Íslands frá 24. mars 1997. Gildistími þess samnings er til 15. febrúar árið 2000.

6.1. Forgangsréttur.

6.1.1. Vinnuveitendur skuldbinda sig til þess að láta verkamenn sem eru fullgildir félagsmenn viðkomandi félags hafa forgangsrétt til allrar almennrar verkamannavinnu, þegar þess er krafist og félagsmenn bjóðast, er séu fullkomlega hæfir til þeirrar vinnu sem um er að ræða.

6.1.2. Vinnuveitendur hafa ávallt frjálst val um það hvaða félaga viðkomandi félags þeir taka til vinnu. Nú vill vinnuveitandi ráða til sín mann í vinnu sem ekki er fullgildur félagsmaður og skal félagið þá skylt til þess að veita þeim manni inngöngu ef hann sækir um það og það kemur ekki í bága við samþykktir félagsins.

Einnig er óumdeilt að störf við ræstingu, eins og þau hafa verið framkvæmd í skólum Reykjavíkur og eru enn í þeim flestum, eru almenn verkamannvinna í skilningi hins tilvitnaða ákvæðis. Aðila greinir hins vegar á um það hvort sameining þessara starfa við störf sem verið hafa á samningssviði Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar undir starfsheitinu skólaliði hafi leitt af sér breytingu í því efni.

Við aðalmeðferð málsins kom fram að kaffiumsjón væri enn í höndum félagsmanna stefnanda og er það í samræmi við starfslýs-

ingu fyrir skólaliða þar sem hennar er að engu getið. Störf við eldun, framreiðslu á mat fyrir nemendur (störf matráðskvenna) hafa hins vegar verið falin skólaliðum.

Þegar til þess er litið að ræstingarstörf og störf í mötuneytum hafa um áratuga skeið verið sjálfstæð störf og sérstaklega um þau samið í kjarasamningum eru ekki rök til að telja að stjórnunarréttur vinnuveitanda nái til svo róttækrar breytingar á þeim að hann geti einhliða og án tillits til gildandi kjarasamninga og án samráðs við viðsemjendur sína sameinað þau óskildum störfum á þeim tíma sem hann er bundinn af kjarasamningi sem kveður á um forgangsrétt félagsmanna tiltekins stéttarfélags eða félaga til þeirra. Því verður ekki á það fallist að með sameiningu ræstingarstarfa og tiltekinna starfa í mötuneytum í þremur gunnskólum Reykjavíkurborgar og starfa sem eru og hafa verið á samningssviði Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar undir nýju starfsheiti geti stefndi Reykjavíkurborg fellt brott forgangsrétt félagsmanna stefnanda til þeirra. Enda er ljóst að þessi störf verða áfram unnin í skólunum. Framkvæmd þeirra yrði að vísu breytt og þau unnin á öðrum tíma dags en áður en eðli þeirra og inntak breyttist ekki.

Samkvæmt því ber að taka til greina liði A. 1 og A. 3 í dómkröfum stefnanda.

Stefndu hafa lýst því yfir að ekki sé ágreiningur um kröfulið A. 2. Verður hann tekinn til greina.

Með samkomulaginu við Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar frá 15. júlí 1997 hefur stefndi Reykjavíkurborg, sem bundinn var af friðarskyldu, brotið gegn forgangsréttarákvæði gildandi kjarasamnings og ber því einnig að taka til greina kröfu stefnanda samkvæmt kröfulið A. 4. Um leið er gagnkröfu stefnda, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, hafnað. Á hinn bóginn verður ekki talið að stefnandi hafi sýnt fram á að stefndi, Reykjavíkurborg, hafi með atferli sínu brotið gegn 3., 4. og 5. gr. laga nr. 80/1938 og ber því að sýkna hann af kröfu samkvæmt kröfulið A. 5.

Í samræmi við það sem áður er sagt ber að taka til greina kröfu stefnanda samkvæmt kröfulið A. 6 og jafnframt að sýkna hann af viðurkenningarkröfu stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar í gagnsök.

Eins og mál þetta er vaxið þykja ekki efni til að dæma stefnda,

Reykjavíkurborg, til sektargreiðslu samkvæmt 70. gr. laga nr. 80/1938 og ber því að sýkna hann af kröfu skv. kröfulið A. 7.

Miðað við þessa niðurstöðu koma varakrafa og þrautavarakrafa stefnanda ekki til álita.

Taka ber til greina kröfu stefnanda á hendur stefnda, Starfsmannfélagi Reykjavíkurborgar, að því er varðar störf samkvæmt kröfuliðum A. 1., 2. og 3.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Eftirtaldar kröfur stefnanda, Alþýðusambands Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkakvennafélagsins Framsóknar og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, á hendur stefnda Reykjavíkurborg eru teknar til greina:

Kröfur samkvæmt lið A. 1, 2, 3, 4 og 6.

Stefndi Reykjavíkurborg er sýknaður af kröfum stefnanda samkvæmt liðum A. 5 og 7.

Krafa stefnanda á hendur stefnda Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, að því er varðar störf samkvæmt kröfuliðum A. 1, 2 og 3 er tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 23. október 1997.

Nr. 11/1997. **Alþýðusamband Íslands vegna**
Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis
(Guðni Á. Haraldsson hrl.)
gegn
BSÍ Hópferðabílum
(Gunnar Jóhann Birgisson hrl.)

Verkfall.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Guðný Björnsdóttir, Gunnar Sæmundsson og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16a, Reykjavík vegna Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis, kt. 600269-2409, Mörkinni 6, Reykjavík.

Stefndi er BSÍ Hópferðabílar, kt. 430987-2599, Vatnsmýrarvegi 10, Reykjavík.

Málið var þingfest hinn 29. maí sl., en dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 14. október sl.

Dómkröfur stefnanda:

Að dæmt verði að stefndi hafi gerst brotlegur við 18. gr. laga nr. 80/1938 er hann, hinn 29. maí 1995, fékk Sæmund Sigmundsson sérleyfishafa, Borgarnesi, til að aka að Hótel Lind, Rauðarárstíg, Reykjavík, til þess að sækja og aka þaðan með farþega sem Sérleyfisbifreiðar Helga Péturssonar hf. áttu að aka með.

Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sekt er renni í ríkissjóð.

Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað að mati réttarins.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Að stefnandi verði í öllum tilfellum dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati réttarins.

Upphaflega setti stefndi fram kröfur um frávísun málsins, en fallið var frá þeim undir rekstri málsins.

Málsatvik.

Málsatvik eru þau að hinn 11. maí 1995 hófst verkfall hjá félagsmönnum Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis og stóð það til 31. maí það sama ár er samningar tókust.

Stefndi BSÍ Hópferðabílar er umboðsskrifstofa sem rekin er af nokkrum sérleyfis- og hópferðaleyfishöfum með það að markmiði að leigja út hópferðabíla. Stefndi úthlutar verkefnum til einstakra sérleyfis- og hópferðaréttindahafa, sem aðild eiga að skrifstofunni. Sæmundur Sigmundsson, sérleyfishafi í Borgarnesi er einn þeirra sérleyfishafa, sem aðild eiga að skrifstofunni. Þann 29. maí 1995 stóð til að fara ferð sem stefndi hafði tekið að sér fyrir Samvinnuferðir-Landsýn hf. samkvæmt sérstökum samningi aðila. Á þessum tíma stóð verkfall félagsmanna stefnanda enn yfir. Þegar leggja átti af stað í ferðina á bifreið frá Sæmundi Sigmundssyni sérleyfishafa stöðvuðu verkfallsverðir stefnanda bifreiðina á þeim forsendum að um verkfallsbrot væri að ræða. Einnig var komið í veg fyrir það að bifreið frá Sérleyfisbifreiðum Helga Péturssonar hf. sem var á staðnum færi þessa ferð, en ágreiningur er með aðilum um það hvor sérleyfishafinn hafi í upphafi átt að takast þessa ferð á hendur.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Af hálfu stefnanda er tekið fram um málavexti að verkfallið hafi beinst að þeim viðsemjendum sem aðild áttu að síðastgildandi kjarasamningi Sleipnis, þ.m.t. Félagi sérleyfishafa og Sérleyfisbifreiðum Helga Péturssonar hf. Stefndi máls þess sé félag sem sé í eigu og rekið af Félagi sérleyfishafa. Hlutverk stefnda sé að deila út verkefnum til félagsmanna sinna. Stefndi hafi samið við Samvinnuferðir-Landsýn um 11 daga ferð með erlenda ferðamenn. Hinn 29. maí 1995 skyldi fólksflutningabifreið á vegum Sérleyfisbifreiða Helga Péturssonar hf. aka með þá ferðamenn er um ræðir. Félagsmenn stefnanda hafi þá vakið athygli forsvarsmanna stefnda á því að starfsmenn Sérleyfisbifreiða Helga Péturssonar hf. væru í verkfalli og því yrði ferð bifreiðarinnar stöðvuð. Bifreið á vegum Sæmundar Sigmundssonar, sérleyfishafa í Borgarnesi, sem þá hafi verið fengin til verksins hafi verið stöðvuð af félagsmönnum stefnanda þar sem um verkfallsbrot hafi verið að ræða.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að stefnda hafi verið óheimilt að stuðla að því að afstýra lögmætu verkfalli hjá félagsmönnum stefnanda, með því að leita eftir aðstoð sérleyfishafans Sæmundar

Sigmundssonar, Borgarnesi, og ráða hann til verksins, þar sem starfsmenn þess síðarnefnda hafi verið félagsmenn í Verkalýðsfélagi Borgarness, sem aftur hafi átt aðild að Alþýðusambandi Íslands, sem stefnandi eigi aðild að.

Allt sé þetta brot á meginreglunni er fram kemur í 18. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur:

„Þegar vinnustöðvun hefur verið löglega hafin, er þeim, sem hún að einhverju leyti beinist gegn, óheimilt að stuðla að því að afstýra henni með aðstoð einstakra meðlima þeirra félaga eða sambanda, sem að vinnustöðvuninni standa."

Þannig hafi stefndi, sem upphaflega hafi ráðið til verksins Sérleyfisbifreiðar Helga Péturssonar hf., ætlað að komast hjá verkfalli með því að fá félagsmenn í Verkalýðsfélagi Borgarness til þess að ganga inn í störf félagsmanna stefnanda sem voru á þeim tíma í verkfalli.

Um málskostnað er vísað til 130. gr. laga nr. 91/1991. Þess er krafist að við ákvörðun hans verði tekið tillit til þess að stefnandi verði að greiða virðisaukaskatt ofan á þann málskostnað sem hann hefur af máli sínu.

Kröfuna um sekt í ríkissjóð styður stefnandi við 65. gr. laga nr. 80/1938.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er tekið fram um málavexti að hann hafi það að markmiði að leigja út hópferðabíla. Stefndi úthluti verkefnum til einstakra sérleyfis- og hópferðaréttindahafa en komi hvergi nærri gerð kjarasamninga eða öðru sem viðkomi starfsmannamálum einstakra sérleyfishafa og hópferðaleyfishafa eða fyrirtækja á þeirra vegum.

Þann 29. maí 1995 hafi átti að fara ferð sem stefndi hafði tekið að sér fyrir Samvinnuferðir-Landsýn hf. samkvæmt sérstökum samningi aðila og hafi Sæmundur Sigmundsson sérleyfishafi í Borgarnesi verið fenginn til verksins. Á þeim tíma hafi verkfall félagsmanna stefnanda staðið yfir, en starfsmenn Sæmundar hafi ekki verið í verkfalli þar sem þeir séu ekki aðilar að stefnanda heldur Verkalýðsfélagi Borgarness, sem er aðili að Alþýðusambandi Íslands. Þegar leggja átti af stað í ferðina hafi verkfallsverðir stefnanda stöðvað bifreið Sæmundar með ólögmætum hætti og bakað stefnda

með því umtalsvert tjón en skaðabótamál sé rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur vegna þess tjóns.

Stefndi sem ekki hafi staðið í neinni vinnudeilu eða átti aðild að kjarasamningi hafi aðeins verið að standa við skuldbindingar sínar gagnvart Samvinnuferðum-Landsýn samkvæmt samningi aðila og fengið til þess aðila sem hafi verið í fullum rétti.

Kröfu sína um sýknu byggir stefndi á því að hann hafi ekki komið í veg fyrir verkfall eða gert tilraun til þess að afstýra verkfalli með ólögmætum hætti og því ekki brotið gegn 18. gr. laga nr. 80/1938 þegar samið var við Sæmund Sigmundsson, sérleyfishafa í Borgarnesi um að fara umrædda ferð.

Í fyrsta lagi er því haldið fram að orðalag 18. gr. laga nr. 80/1938 „er þeim sem hún að einhverju leyti beinist gegn" geti ekki átt við stefnda og þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna hann. Stefndi sé í stöðu þriðja manns og hafi orðið fyrir tjóni í vinnudeilum stefnanda og atvinnurekenda er starfi við sérleyfis- og hópferðaleyfisakstur.

Í öðru lagi byggir stefndi á því að starfsmaður Sæmundar hafi verið í fullum rétti til þess að fara í þessa ferð enda hafi hann ekki verið í verkfalli. Starfsmenn Sæmundar megi starfa í Reykjavík og réttur þeirra til þess að vera í Verkalýðsfélagi Borgarness, sem er fullgilt félag innan Alþýðusambands Íslands, sé varinn í íslensku stjórnarskránni og í íslenskri vinnulöggjöf. Reglur íslenskra samkeppnislaga og hin svokallaða jafnræðisregla tryggi Sæmundi Sigmundssyni rétt til þess að taka að sér verkefni hvar sem er á landinu, jafnframt því sem Sæmundur hafi slíkan rétt á grundvelli venju eða hefðarsjónarmiða, enda byggir starfsemi hans á áralangri reynslu. Stefnandi hafi hingað til, þ.e. þegar friðarskylda kjarasamninga sé virk, ekki amast við eða reynt með beinum hætti að stöðva starfsemi hans, né heldur talið hann brjóta forgangsréttarákvæði kjarasamninga stefnanda við vinnuveitendur með því fyrirkomulagi er Sæmundur Sigmundsson og starfsmenn hans hafi á félagsaðild þeirra. Enda sé það staðreynd að fjölmargir bílstjórar annarra sérleyfis- og hópferðaleyfishafa séu félagsmenn í öðrum félögum en í Bifreiðastjórafélaginu Sleipni. Þá er og bent á að í leyfi Sæmundar Sigmundssonar til að stunda hópferðaakstur, sem gefið sé út á grundvelli laga nr. 53/1987 um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, sé aksturssvæði hans á engan hátt takmarkað.

Í þriðja lagi telur stefndi ljóst að málatilbúnaður stefnanda stand-

ist ekki þegar byggt sé á því að samið hafi verið við Sæmund Sigmundsson um að fara umrædda ferð þegar ljóst hafi verið að fólksflutningabifreið á vegum Sérleyfishafa Helga Pétursssonar hf. gæti ekki tekið að sér að fara þessa ferð þar sem starfsmenn fyrirtækisins hafi verið í verkfalli. Með öðrum orðum að starfsmenn Sæmundar Sigmundssonar hafi verið að ganga inn í störf verkfallsmanna. Framlögð dómskjöl stefnanda sanni hið gagnstæða.

Í framlögðu bréfi frá Samvinnuferðum-Landsýn hf. dags. 12. júní 1995 komi fram að upphaflega hafi verið sendur af stað bíll frá Sæmundi Sigmundssyni til þess að fara þessa ferð en síðan hafi komið bíll frá Sérleyfishafa Helga Pétursssonar hf. Þetta komi ennfremur fram í framlagðri lögregluskýrslu.

Þá sé þess einnig að geta að Kristín Helgadóttir, sem mætt hafi fyrir Sérleyfishafa Helga Pétursssonar hf., sé í hópi eigenda þess fyrirtækis, hún sé einn af stjórnendum og annar af tveimur prókúruhöfum þess, eins og fram komi á vottorði hlutafélagaskrár. Hafi hún því verið í hópi þeirra sem máttu vinna í umræddu verkfalli og er í því sambandi vísað til Félagsdóms IX:182 og dóma Hæstaréttar sem fallið hafa um rétt stjórnenda til að vinna í verkfalli.

Þá byggir stefndi á því að aðgerðir verkfallsvarða stefnanda hafi gengið langt út fyrir það sem eðlilegt megi telja og hafi ekki verið þáttur í því að koma í veg fyrir verkfallsbrot í skilningi 18. gr. laga nr. 80/1938 heldur hafi þær einungis beinst að því að hefta för tiltekinna farþega sem hafi ætlað að notfæra sér þjónustu aðila sem hafi verið í fullum rétti.

Sýknukrafan er að öðru leyti rökstudd með vísan til laga nr. 62/1994 um lögfestingu mannréttindasáttmála Evrópu, samkeppnislaga nr. 8/1993 og til stjórnarskrár íslenska lýðveldisins.

Um málskostnað er vísað til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða.

Stefndi BSÍ Hópferðabílar er sjálfstæður lögaðili, umboðsskrifstofa, sem sérleyfis- og hópferðaréttindahafar reka og eru aðilar að. Markmiðið með rekstrinum er útleiga hópferðabíla og skulu skráðar bifreiðar skrifstofunnar jafnan ganga fyrir um vinnu, eins og fram kemur í samþykktum fyrirtækisins. Fyrir liggur að sérleyfishafarnir Helgi Pétursson hf. og Sæmundur Sigmundsson, Borgarnesi, eru báðir aðilar að skrifstofu stefnda.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að stefndi hafi brotið gegn 18. gr. laga nr. 80/1938 með því að fá sérleyfishafann Sæmund Sigmundsson til að fara í umrædda ferð í stað Helga Pétursson hf. Er um það ágreiningur í málinu hvor hinna greindu sérleyfishafa hafi í upphafi verið fenginn til þess að fara í ferð þessa. Þorvaldur Daníelsson, framkvæmdastjóri stefnda, hefur skýrt frá því fyrir dómi að Sæmundur Sigmundsson, Borgarnesi, hafi verið fenginn til þess að fara umrædda ferð, en leitað hafi verið til Helga Pétursson hf., þegar bílstjóri Sæmundar hefði verið stöðvaður. Kristín Helgadóttir hjá Helga Péturssyni hf. hefur skýrt frá atvikum á sama hátt fyrir dómi. Vitnið Friðrik Haraldsson leiðsögumaður hefur á hinn bóginn borið að hann hafi fengið þær upplýsingar að einn eigenda Helga Pétursson hf, Halldór Helgason, ætti að fara þessa ferð, en síðar hafi komið fram að hann kæmist ekki og að bifreið frá Sæmundi Sigmundssyni færi í hans stað. Samkvæmt framlagðri lögregluskýrslu kom bifreið frá Helga Péturssyni hf. á staðinn á eftir bifreiðinni frá Sæmundi Sigmundssyni. Þá er tekið fram í bréfi Samvinnuferða-Landsýnar hf. til stefnda dags. 12. júní 1995 að upphaflega hafi verið sendur af stað bíll frá Sæmundi, en síðar hafi komið bíll frá Helga Péturssyni hf. Gegn andmælum stefnda og samkvæmt því sem upplýst er í málinu samkvæmt framansögðu verður að telja ósannað að Sæmundur Sigmundsson sérleyfishafi hafi verið fenginn til fararinnar í stað Helga Pétursson hf.

Stefndi átti ekki beina aðild að umræddri kjaradeilu og hafði ekki í sinni þjónustu félagsmenn stefnanda. Þá hafði stefndi ekki stöðu vinnuveitanda gagnvart sérleyfishafanum Sæmundi Sigmundssyni, Borgarnesi, sem tók að sér að aka með farþega frá Hótel Lind við Rauðarárstíg í Reykjavik hinn 29. maí 1995 er verkfall hjá félagsmönnum stefnanda stóð enn yfir. Þá liggur fyrir að starfsmenn sérleyfishafans Sæmundar Sigmundssonar voru félagsmenn í verkalýðsfélagi Borgarness, sem ekki var aðili að greindri vinnudeilu.

Þegar framangreint er virt verður ekki talið að stefndi hafi brotið gegn ákvæðum 18. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur með því að hafa milligöngu um að greindur sérleyfishafi tæki að sér aksturinn tiltekið sinn. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 100.000,–.

D ó m s o r ð:

Stefndi, BSÍ Hópferðabílar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands vegna Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis.

Stefnandi greiði stefnda kr. 100.000,– í málskostnað.

Þriðjudaginn 18. nóvember 1997.

Nr. 18/1997. **Starfsmannafélag ríkisstofnana f.h. Haraldar B. Arngrímssonar**
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
ríkissjóði Íslands
(Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Kjarasamningur. Dvalarkostnaður.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Guðni Haraldsson og Guðmundur Skaftason.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ.m., var þingfest 26. september sl.

Stefnandi er starfsmannfélag ríkisstofnana (SFR), kt. 620269-3449, Grettisgötu 89, Reykjavík, f.h. Haraldar B. Arngrímssonar, fangavarðar á Litla-Hrauni, kt. 161251-2839, Lóurima 27, Selfossi.

Stefndi er ríkissjóður Íslands, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

Aðallega að viðurkennt verði með dómi að stefnandi eigi, skv. gr. 4.1. og 4.2. í viðauka nr. 7 við kjarasamning ríkissjóðs við SFR, sbr. 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 11/1996, rétt til að fá greiddar kr. 7.250 á dag í dvalarkostnað vegna gistingar og fæðis í 48 daga meðan hann sótti nám í Fangavarðaskólanum í Reykjavík á tímabilinu 17. febrúar 1997 til 16. maí 1997.

Til vara að viðurkennt verði með dómi að stefnandi eigi, skv. gr. 4.1. og 4.2. í viðauka nr. 7 við kjarasamning ríkissjóðs við SFR, sbr. 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 11/1996, rétt til að fá greiddar kr. 4.834 á dag í dvalarkostnað vegna gistingar og fæðis í 48 daga meðan hann sótti nám í Fangavarðaskólanum í Reykjavík á tímabilinu 17. febrúar 1997 til 16. maí 1997.

Þá er þess krafist, að stefndi greiði stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá Lögmanna Mörkinni 1 sf. vegna meðferðar máls þessa fyrir Félagsdómi, þ.m.t. kostnað stefnanda af virðisaukaskattskyldri lögmannsþjónustu.

Endanlegar dómkröfur stefnda.

Aðallega að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Til vara að einungis verði viðurkenndur réttur Haraldar B. Arngrímssonar til að fá greiddar 583 kr. á dag í dvalarkostnað vegna fæðis í 46 daga meðan hann sótti nám í Fangavarðaskólanum í Reykjavík á tímabilinu 17. febrúar til 16. maí 1997.

Til þrautavara að einungis verði viðurkenndur réttur Haraldar B. Arngrímssonar til að fá greiddar 1.750 kr. á dag í dvalarkostnað vegna fæðis í 46 daga meðan hann sótti nám í Fangavarðaskólanum í Reykjavík á tímabilinu 17. febrúar til 16. maí 1997.

Í öllum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt mati Félagsdóms.

Málavextir.

Stefnandi býr á Selfossi og er fangavörður við fangelsið að Litla-Hrauni. Hann er félagsmaður í Starfsmannafélagi ríkisstofnana. Tímabilið 17. febrúar til 16. maí 1997 sótti hann nám við Fangavarðaskólann, en skólinn er starfræktur á vegum Fangelsismálastofnunar ríkisins. Á tímabilinu var páskafrí í eina viku þannig að skólinn telst hafa staðið í 12 vikur eða 84 daga. Virkir kennsludagar í Reykjavík voru að sögn stefnanda 48 en 12 á Eyrarbakka. Stefndi telur kennsludaga í Reykjavík hafa verið 46 en ekki 48. Kennsla fór fram í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg mánudaga til fimmtudaga og í félagsheimilinu á Eyrarbakka á föstudögum samkvæmt stundaskrá. Kennslustundir voru 38 á viku, auk matarhléa og umtalsverðrar heimavinnu, sbr. framlagða stundatöflu. Það nám, sem hér um ræðir, er svokallaður bóklegur hluti grunnnáms fangavarða, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 11/1996 um skilyrði þess að vera ráðinn fangavörður og um menntun fangavarða. Í reglugerðinni er að finna ýmis ákvæði um nám fangavarða og skipulag Fangavarðaskólans. Í 2. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar segir:

Þátttakendur sem sækja grunnnám, framhaldsnám, sérnámskeið, endurmenntunarnámskeið eða stunda yfirmannanám skulu halda föstum launum, þ.e. föstum mánaðarlaunum og vaktaálagi. Þá skulu þeir fá greiddan dvalarkostnað sé heimili þeirra og vinnustaður utan höfuðborgarsvæðisins. Dvalarkostnaður skal greiddur skv. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar, en reiknast nú 2/3 af dagpeningum ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands.

Viðauki nr. 7 með gildandi kjarasamningi SFR og ríkissjóðs er samkomulag sem SFR f.h. fangavarða og fjármálaráðherra f.h. ríkis-

sjóðs gerðu þann 30. maí 1986. Í grein 4 eru ákvæði um launakjör fangavarða í tengslum við nám í Fangavarðaskólanum. Eru þau svohljóðandi:

„4. Fangavarðaskólinn.

4.1. Fangaverðir sem stunda nám í Fangavarðaskóla ríkisins eða sækja fræðslu eða þjálfunarnámskeið að beiðni forstöðumanns fangelsis, skulu halda föstum launum og vaktaálagi.
Fangaverðir, sem af þessum sökum þurfa að búa fjarri heimili sínu skulu fá greiddan ferðakostnað til og frá heimili sínu við upphaf og lok námstímabils. Auk þess eina slíka ferð á seinni hluta Fangavarðaskólans.

4.2. Þeir skulu ennfremur fá greiddan hæfilegan dvalarkostnað samkvæmt mati nefndar, sbr. kafla 5.7. í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra frá 1. febrúar 1987."

Ofangreint ákvæði kjarasamningsins hefur frá upphafi verið framkvæmt þannig að fangaverðir, sem unnið hafa á Litla-Hrauni og eiga heimili í nágrannasveitarfélögum þess, t.d. Selfossi og Þorlákshöfn, hafa fengið greiddan gisti- og fæðiskostnað vegna námsdvalar í Reykjavík þegar þeir stunda nám við Fangavarðaskólann, en skólinn hefur allt til þessa árs einungis verið haldinn í Reykjavík. Hefur kostnaðargreiðslan verið fyrir hvern dag frá því skóli hefst og til þess dags er skóla lýkur. Kostnaðargreiðslan hefur jafnt komið fyrir helga sem rúmhelga daga. Greiddir hafa verið dagpeningar sem nema 2/3 af dagpeningum sem greiddir eru ríkisstarfsmönnum á ferðalögum innanlands (gisting og fæði í einn sólarhring), eins og þeir eru ákveðnir og auglýstir af ferðakostnaðarnefnd. Ekki eru almennt greiddir fullir dagpeningar hjá ríkinu þegar verið er að greiða dagpeninga fyrir langan samfelldan dvalartíma á sama stað. Er litið svo á að þeir sem rétt eigi til dagpeninga geti dregið úr daglegum dvalarkostnaði sínum þegar dvöl verður samfelld á sama stað og því eru greiddir 2/3 hlutar fullra dagpeninga við þær aðstæður.

Í málinu er lögð fram yfirlýsing Jóns Inga Jónssonar, fangavarðar á Litla-Hrauni, sem býr á Selfossi. Hann sótti nám í Fangavarðaskólanum haustið 1992. Skólinn mun hafa staðið frá 30. september 1992 til 18. desember 1992. Eins og fram kemur á launayfirliti Jóns frá þessum tíma fékk hann greidda dagpeninga í 79,8 daga. Greiðslan nam kr. 4.800 á dag, en sú fjárhæð er 2/3 af „gistingu og fæði í einn sólarhring" eins og það var ákveðið af ferðakostnaðarnefnd á

þeim tíma. Engin krafa var gerð til þess að nemendur legðu fram kvittanir til þess að sýna fram á dvalar- og fæðiskostnað sinn, enda mun slíkt ekki tíðkast þegar greiddir eru dagpeningar.

Þegar Fangavarðaskólinn hóf starfsemi sína fyrr á þessu ári hafði sú breyting verið gerð að námið fór fram í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg mánudaga til fimmtudaga. Á föstudögum var kennt á Eyrarbakka. Á fyrsta degi skólans voru nemendur upplýstir um að breyta ætti því fyrirkomulagi varðandi dagpeningagreiðslur sem gilt hafði. Eftir það tilkynntu forsvarsmenn Fangelsismálastofnunar á fundi með fulltrúum SFR, að ekki væri fyrirhugað að greiða þeim fangavörðum, sem búa fyrir austan fjall, dvalarkostnað meðan þeir sæktu nám í Fangavarðaskólanum, eins og áður hefði tíðkast. Var ákvörðunin rökstudd þannig að fangaverðir þessir þyrftu ekki að búa fjarri heimili sínu til þess að sækja nám í Reykjavík og ættu þeir því ekki rétt til greiðslu dvalarkostnaðar í formi dagpeninga.

SFR mótmælti þegar í stað umræddri ákvörðun og taldi að óbreyttar reglur væru í gildi um greiðslu dvalarkostnaðar og því ætti að greiða dvalarkostnað með sama hætti og gert hefði verið. Þeir fangaverðir, sem í hlut áttu, hafa ekki sætt sig við ákvörðunina. Með bréfi, dags. 14. mars 1997, skoraði lögmaður stefnanda á fangelsismálastjóra að endurskoða ákvörðunina. Í bréfinu var sérstaklega bent á þá venjubundnu framkvæmd, sem að framan er lýst.

Fangelsismálastofnunin hafnaði kröfu SFR að mestu leyti með bréfi, dags. 7. apríl 1997. Í bréfinu segir m.a. eftirfarandi:

Fangaverðir á Litla- Hrauni sem stunda nám í Fangavarðaskólanum búa ekki fjarri heimili sínu vegna þess og þurfa þess sannanlega ekki. Vegna náms í Fangavarðaskólanum er þeim greiddur ferða- og dvalarkostnaður í samræmi við kjarasamninga og tímalengd ferðar í hverju tilviki.

Með vísun til framanritaðs telur Fangelsismálastofnun að fangaverðir á Litla-Hrauni eigi ekki rétt á greiðslum umfram það sem þeir nú fá vegna náms í Fangavarðaskólanum.

Við útborgun launa í júní 1997 greiddi stefndi fangavörðum hins vegar það sem nefnt er á launaseðli „dvalarkostnaður innanlands". Á launaseðli stefnanda sést að honum voru greiddar kr. 56.016 í dvalarkostnað, þ.e. kr. 1.167 á dag í 48 daga. Fjárhæðin mun þannig fengin að miðað er við fæðiskostnað í hálfan dag skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 4/1996 og greiddir 2/3 hlutar þeirrar fjár-

hæðar (1.750 x 2/3 = 1.167). Greitt er fyrir þá 48 daga sem kennsla fór fram í Reykjavík. Ekkert er greitt fyrir þá daga sem kennslan var á Eyrarbakka og ekkert er greitt fyrir helgarnar. Nemendur utan af landi sem búa ekki fyrir austan fjall fengu greiddar kr. 4.834 (2/3 x 7.250) í dagpeninga í 84 daga fyrir að sækja Fangavarðaskólann. Fangavörður sem búsettur er á Akureyri fékk greiddar kr. 406.056 í dvalarkostnað fyrir að sækja Fangavarðaskólann en stefnandi fékk greiddar kr. 56.016 af sama tilefni.

Stefnandi telur að vegna þess að kennsla í Fangavarðaskólanum fór í viku hverri bæði fram í Reykjavík og á Eyrarbakka, þá eigi hann, auk dvalarkostnaðarins, rétt til greiðslu vegna ferðakostnaðar milli Selfoss og Reykjavíkur fram og til baka í viku hverri þann tíma sem skólaganga hans stóð, sbr. gr. 4.2. í viðauka nr. 7 með kjarasamningnum. Í máli þessu er ekki gerð dómkrafa af þessu tilefni, en áskilnaður gerður í því efni verði ferðakostnaðurinn ekki greiddur.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Aðalkrafa stefnanda er á því byggð að honum beri að fá greiddan fullan dvalarkostnað skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar úr hendi stefnda samkvæmt áðurnefndum viðauka nr. 7, greinum 4.1. og 4.2., sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 11/1996, fyrir þá daga sem Fangavarðaskólinn var haldinn í Reykjavík. Ekki virðist lengur vera ágreiningur við stefnda um að stefnandi eigi rétt til dvalarkostnaðar fyrir umrædda daga heldur virðist ágreiningurinn vera um fjárhæð dagpeninganna og hvort greiða skuli fulla dagpeninga eða tvo þriðju.

Fyrir kröfum sínum færir stefnandi fram þessi rök:

a) Ákvæði gr. 4.1. og 4.2. í viðaukanum hafi frá upphafi verið framkvæmd þannig að fangaverðir, sem búa fyrir austan fjall, hafi verið taldir falla undir þau og þeir átt rétt til greiðslu dvalarkostnaðar sem miðast við sólarhrings gistingu og fæði. Komi þetta fram í framlögðum skjölum. Fyrir hendi hafi verið skýr og ágreiningslaus venja um framkvæmd kjarasamningsákvæðisins þegar stefnandi hóf nám við Fangavarðaskólann. Stefnandi hafi mátt treysta því, að greiðslur dvalarkostnaðar yrðu með sama sniði og áður hefði verið.

b) Því er mótmælt að stefndi hafi getað einhliða, eftir að stefnandi hóf nám sitt, breytt túlkun á kjarasamningsákvæðinu um greiðslu dvalarkostnaðar.

c) Skilningur stefnanda á kjarasamningsákvæðinu sé í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 11/1996 um skilyrði þess að vera ráðinn fangavörður og um menntun fangavarða. Reglugerðin er sett með stoð í 30. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist. Í 12. gr. hennar er kveðið á um greiðslu dvalarkostnaðar, m.a. vegna grunnnáms. Sé þar skilyrðislaust kveðið á um það að þátttakendur skuli fá greiddan dvalarkostnað „sé heimili þeirra og vinnustaður utan höfuðborgarsvæðisins". Reglugerðarákvæði þetta sé til skýringar og fyllingar á umræddum samningsákvæðum og renni enn frekari stoð undir skilning stefnanda, enda geti heimili stefnanda að Lóurima 27, Selfossi, ekki talist vera innan „höfuðborgarsvæðisins".

d) Stefnandi bendir á að upplýst sé að fangavörður sem búsettur er á Akureyri fékk greiddan gisti- og fæðiskostnað í 84 daga meðan hann sótti nám við Fangavarðaskólann. Að mati stefnanda ber að meta dvalarkostnað hans í Reykjavík út frá sömu forsendu og Akureyringsins.

e) Kröfur stefnanda miðast við að hann fái greiddan dvalarkostnað sem nemi gisti- og fæðiskostnaði í Reykjavík þá daga sem skólahald var í Reykjavík, þ.e. í 48 daga. Ekki er gerð krafa um greiðslu dvalarkostnaðar þá daga sem skólinn var haldinn á Eyrarbakka eða um helgar.

f) Eins og fram komi í málavaxtalýsingunni greiði ríkið ekki fulla dagpeninga vegna gisti- og fæðiskostnaðar þegar um er að ræða langa samfellda vist starfsmanns á sama stað. Sé litið svo á að starfsmaður geti dregið úr kostnaði við slíkar aðstæður og því greiddur hluti (2/3) fullra dagpeninga. Aðalkrafa stefnanda miðast við að greiddir séu óskertir dagpeningar skv. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar þá daga sem skólinn stóð í Reykjavík. Krafan miðast við að ekki sé ástæða til að greiða einungis hluta fullra dagpeninga þegar dvölin í Reykjavík varð ekki samfelld eins og áður hafði verið eða var í tilviki Akureyringsins sem sótti Fangavarðaskólann á sama tíma.

Þá bendir stefnandi á að í ákvæðum gr. 4.1. og 4.2. í framangreindum viðauka sé ekki getið um það, að dvalarkostnaður skuli aðeins reiknast 2/3 af dagpeningum ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands, eins og fyrrgreint reglugerðarákvæði kveði á um. Reglugerðarákvæðið sé sýnilega sett út frá þeirri

forsendu að öll starfsemi Fangavarðaskólans sé í Reykjavík. Reglugerðarákvæðið komi ekki í veg fyrir að í kjarasamningi sé samið um rýmri rétt starfsmanni til handa, eins og gert sé í áðurnefndum ákvæðum gr. 4 í viðaukanum. Telur stefnandi að af þessum ástæðum beri að taka aðalkröfu hans um óskertan dvalarkostnað til greina.

g) Varakrafa stefnanda er byggð á sömu rökum og að framan greinir nema hvað miðað er við að greiddir séu 2/3 hlutar dagpeninga fyrir hvern dag sem skólinn stóð í Reykjavík.

Krafa um málskostnað er reist á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Í kjarasamningi aðila, er var í gildi á þeim tíma sem máli skiptir, sé ákvæði viðauka nr. 7 svo sem lýst sé í stefnu, en um dvalarkostnað sé það eitt sagt í ákvæðinu að fangaverðir sem stunda nám í Fangavarðaskólanum skuli fá greiddan hæfilegan kostnað samkvæmt mati nefndar og sé þar átt við ferðakostnaðarnefnd. Ferðakostnaðarnefnd hafi tekið afstöðu til greiðslu dvalarkostnaðar til nema í Fangavarðaskólanum svo sem lýst sé í bréfi hennar frá 13. janúar 1993 þess efnis að greiða eigi 2/3 hluta dagpeninga. Ferðakostnaðarnefnd hafi auk þess ákveðið með reglulegu millibili upphæð dagpeninga ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands, en þar hafi verið gerður greinarmunur á gistingu annars vegar og fæði hins vegar. Ákvarðanir ferðakostnaðarnefndar séu þannig fram settar í auglýsingum hennar að dagpeningar séu kostnaðargreiðslur og sé þeim skipt niður í kostnaðarliði eftir tímalengd ferða og eðli kostnaðarins, einkum með tilliti til þess hvort um sé að ræða gistingu eða fæði, nema um hvort tveggja sé sannanlega að ræða. Sé afstaða og auglýsingar ferðakostnaðarnefndar hluti af kjarasamningi aðila, en til ákvarðana nefndarinnar sé vísað í honum. Stefndi hafnar alfarið þeirri túlkun, sem byggt virðist á í stefnu, að í öllum tilvikum beri gagnrýnislaust að greiða dagpeninga samkvæmt 1. lið í auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 4/1996, þ.e. fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring. Vísi kjarasamningurinn til allra fjögurra liðanna í ákvörðun ferðakostnaðarnefndar eftir því sem einstakar ferðir gefi tilefni til. Í tilviki Haraldar vegna skólasóknar hans sé ekkert komið fram sem gefi tilefni til að miða við aðra hámarksfjárhæð en þá sem

greinir í 4. lið auglýsingar nefndarinnar, þ.e. vegna fæðis í hálfan dag þar sem ferðalag sé minnst 6 tímar en ekki umfram 10 tíma.

Ósannað sé að Haraldur B. Arngrímsson hafi einhverju sinni gist í Reykjavík eða borið kostnað vegna þess á tímabilinu frá 17. febrúar til 16. maí vegna skólahaldsins. Þá sé ekki sannað að hann hafi orðið fyrir kostnaði vegna fæðis umfram það sem greiddir dagpeningar að fjárhæð 1.167 kr. fyrir hvern dag nægðu til að mæta. Af þessum ástæðum telur stefndi að sýkna beri af öllum kröfum stefnanda. Beri að túlka orðin hæfilegur dvalarkostnaður í kjarasamningi þannig að með því sé átt við kostnaðargreiðslur vegna sannaðs kostnaðar, en ákvarðanir ferðakostnaðarnefndar um fjárhæð þeirra lúti að hámarki slíkra greiðslna. Stefndi telur að skýra beri ákvæði kjarasamnings aðila í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 11/1996, um skilyrði þess að vera ráðinn fangavörður og um menntun fangavarða. Virðist stefnandi að þessu leyti sömu skoðunar. Þótt dvöl Haraldar í Reykjavík virðist ekki hafa verið samfelld verði að telja að fæðiskostnaður horfi þar eins við og því hafi verið rétt að greiða honum 2/3 hluta þeirra dagpeninga í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 11/1996. Þá reglu megi rekja allt til ársins 1974 er ferðakostnaðarnefnd ákvað að dagpeningar lögreglumenna, sem stunduðu nám við Lögregluskóla ríkisins, skyldi vera 2/3 hlutar fullra dagpeninga ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands á vegum ríkisins. Virðist þá hafa verið miðað við þá nemendur sem dveldu í Reykjavík í nokkrar vikur fjarri heimili sínu. Sé greiðsla 2/3 hluta dagpeninga til Haraldar einnig í samræmi við ákvarðanir ferðakostnaðarnefndar frá 1993 og útskýringar nefndarinnar í bréfi hennar, dags. 6. febrúar 1997.

Um lagastoð reglugerðar nr. 11/1996 vísast til 30. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist, svo og um kjarasamningsbundna stoð á greiðslu 2/3 hluta dagpeninga til ákvörðunar ferðakostnaðarnefndar frá 13. janúar 1993. Til hliðsjónar vísar stefndi ennfremur til ákvæða 2. og 3. gr. reglna nr. 39/1992 um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins og 25. gr. laga nr. 92/1955 um laun starfsmanna ríkisins. Ennfremur er vísað til 39., sbr. 47. gr., og 3. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Þeim fullyrðingum er mótmælt að ákvæðum kjarasamnings um dagpeninga hafi verið breytt einhliða af stefnda. Hafi nemanda einhverju sinni verið greiddir dagpeningar umfram það sem kjara-

samningsbundið tilkall stóð til geti það ekki talist ágreiningslaus venja og ekki skapað þeim félagsmanni stefnanda sem dómkröfur lúta að einstaklingsbundinn rétt á grundvelli kjarasamnings. Stefndi sé óbundinn af frávikum eins og því sem gengið sé út frá í tilviki Jóns Inga Jónssonar. Hafi hann ekki gist í Reykjavík á námstíma sínum virðist sem um mistök hafi verið að ræða með greiðslu þeirra dagpeninga sem hann fékk. Enn síður verði borin saman við réttarstöðu Haraldar aðstaða Akureyrings, sem sótti nám í Fangavarðaskólanum í Reykjavík, en harla ólíklegt sé að hann hafi ferðast á milli landshluta dag hvern vegna skólahalds hér í borg. Af hálfu stefnda er áréttað það sem fram kemur í bréfi forstjóra fangelsismálastofnunar að fyrirkomulag á greiðslum vegna dvalar- og ferðakostnaðar fangavarða á Litla-Hrauni hafi verið kynnt við skólasetningu þann 17. febrúar 1997.

Framsetning kröfugerðar af hálfu stefnanda sé með þeim hætti að krafist sé viðurkenningar á því að tiltekinn félagsmaður eigi „rétt til að fá greiddar kr. 7.250 á dag í dvalarkostnað vegna gistingar og fæðis í 48 daga meðan hann sótti nám í Fangavarðaskólanum í Reykjavík á tímabilinu 17. febrúar til 16. maí 1997". Sé varakrafa sama efnis nema að því er varðar fjárhæð. Kröfuna megi skilja sem kröfu um greiðslu tiltekinnar fjárhæðar í skilningi d- liðar 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sem ekki heyri að réttu lagi undir Félagsdóm samkvæmt ákvæði 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Stefndi krefst þess til vara, ef um aðfararhæfa skuldakröfu er að ræða Haraldi B. Arngrímssyni til handa, að aðeins verði viðurkenndur réttur hans til 583 kr. í 46 daga þar sem þegar séu greiddar 1.167 kr. (1.750-1.167) og er þá miðað við að Haraldur hafi átt rétt til óskertra dagpeninga vegna fæðis í hálfan dag hvert sinn, sbr. 4. lið í auglýsingu ferðakostnaðarnefndar. Kennsludagar í Reykjavík virðist samkvæmt stundatöflu hafa verið 46, en ekki 48. Beri að líta á kröfu stefnanda sem viðurkenningarkröfu um skilning á kjarasamningi, beri aðeins að taka hana til greina í samræmi við þrautavarakröfu stefnda þannig að viðurkennt sé að Haraldi hafi átt að greiða 1.750 kr. á dag vegna fæðis í 46 daga meðan námið stóð, þ.e. tímabilið 17. febrúar til 16. maí 1997. Í því tilviki hafi þegar verið uppfyllt að stærstum hluta sú skylda sem krafist er viðurkenningar á. Framangreindum varakröfum til stuðnings er á því byggt að Haraldur hafi ekki gist í Reykjavík umrætt

tímabil vegna námsins og því bresti stoð fyrir kröfu stefnanda að því leyti sem hún tekur til dagpeninga sem ætlað er að mæta raunverulegum gistikostnaði.

Af ofangreindum ástæðum er bent á að málið eigi hugsanlega að sæta frávísun ex officio þar sem kröfugerð sé þess eðlis að eiga fremur undir almenna dómstóla verði sakarefnið skilið svo að um skuldamál sé að ræða. Í annan stað er bent á að frávísun kunni að varða þar sem ákvæði kjarasamnings aðila verði að túlka sem svo að um hafi verið samið að ferðakostnaðarnefnd ætti úrlausn um einstök tilvik eða vafaatriði við ákvörðun dagpeninga einstakra starfsmanna. Virðist sem lyktir viðurkenningarkröfu í Félagsdómsmálinu nr. 6/1997 bendi til þess að máli stefnanda beri að vísa frá Félagsdómi. Verði talið að málið heyri réttilega undir Félagsdóm að svo komnu þótt sakarefnið varði í raun aðeins einstaklingsbundinn rétt Haraldar B. Arngrímssonar til dagpeninga og sem ekki hafi stefnda vitanlega verið skotið til ferðakostnaðarnefndar, telur stefndi að leggja verði til grundvallar það mat ferðakostnaðarnefndar sem fyrir liggur í ákvörðunum hennar frá 13. janúar 1993 og bréfi frá 6. febrúar 1997.

Til stuðnings kröfum um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Niðurstaða.

Stefnandi höfðar mál þetta fyrir Félagsdómi með vísan til 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Hann byggir meðal annars á því að fyrir hendi sé skýr og ágreiningslaus venja við framkvæmd kjarasamnings um greiðslu dvalarkostnaðar fangavarða við grunnnám við Fangavarðaskólann. Aðilar eru sammála um að afstaða og auglýsingar ferðakostnaðarnefndar séu hluti af kjarasamningi aðila en til ákvarðana nefndarinnar er vísað í honum.

Fallist er á það með stefnanda að krafa hans sé viðurkenningarkrafa enda er þess ekki krafist að stefndi greiði stefnanda ákveðna fjárhæð, heldur einungis að réttur til ákveðinnar fjárhæðar sé til staðar. Þannig á mál þetta undir dómsvald Félagsdóms og verður því efnisdómur lagður á mál þetta.

Samkvæmt auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 4 1996 skyldu

dagpeningar ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands frá 1. október 1996 vera sem hér segir:

1. Gisting og fæði í einn sólarhring	kr.	7.250
2. Gisting í einn sólarhring	kr.	3.750
3. Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	kr.	3.500
4. Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	kr.	1.750.

Af hálfu stefnanda er þess aðallega krafist að viðurkenndur verði réttur hans til greiðslu dagpeninga, er samsvarar fjárhæð skv. 1. tl. í ofangreindri auglýsingu, þá daga sem Haraldur B. Arngrímsson stundaði nám við Fangavarðaskólann. Til vara að viðurkenndur verði réttur til 2/3 hluta þeirrar fjárhæðar.

Stefnandi hefur þegar greitt stefnanda kr. 1.167 kr. á dag eða 2/3 hluta þeirrar fjárhæðar er um getur í 4. tl. auglýsingar ferðakostnaðarnefndar og krefst því sýknu. Til vara krefst hann að einungis verði viðurkenndur réttur til kr. 583 á dag sem er mismunur á þeirri greiðslu er þegar hefur verið innt af hendi og fjárhæð skv. 4. tl. Til þrautarvara að einungis verði viðurkenndur réttur til kr. 1.750 á dag.

Ágreiningslaust er með aðilum að stefnandi eigi rétt til greiðslu dagpeninga. Hins vegar greinir þá á um fjárhæð þeirra. Af hálfu stefnda er á því byggt að stefnandi eigi ekki rétt til dagpeninga skv. 1. tl. í auglýsingu ferðakostnaðarnefndar. Við mat á fjárhæð þeirra verði að taka tillit til þess kostnaðar er stefnandi hafi haft af dvöl sinni og þar sem sýnt hafi verið fram á að stefnandi hafi sjaldnast gist í Reykjavík á meðan á námi stóð, heldur ekið heim til sín, þá eigi hann einungis rétt á dagpeningum skv. 4. tl. í auglýsingu nefndarinnar.

Stefnandi byggir hins vegar aðallega á því að þar sem Haraldur búi sannanlega utan höfuðborgarsvæðisins þá eigi hann rétt á dagpeningum skv. 1. tl. í auglýsingu nefndarinnar og styður þá kröfu við venju og áralanga framkvæmd. Aðalkrafa stefnanda er á því byggð að þar sem ekki hafi verið um að ræða samfellda skólavist í Reykjavík á skólatímanum, þá beri stefnanda óskertir dagpeningar skv. 1. tl.

Í viðauka 7 í kjarasamningi aðila er ákvæði um ferða- og dvalarkostnað fangavarða er stunda nám við Fangavarðaskólann. Samkvæmt tl. 4.2. skulu þeir fá greiddan hæfilegan dvalarkostnað skv. mati ferðakostnaðarnefndar, meðan á námi stendur. Í bréfi ferðakostnaðarnefndar, dags. 13. janúar 1993, til dóms- og kirkjumála-

ráðuneytisins kemur fram sú ákvörðun nefndarinnar „að tilhögun dagpeningagreiðsla fyrir fangaverði utan af landi, sem sækja þurfa námskeið í fangavarðaskólanum í Reykjavík skuli vera sú sama og gilt hefur fyrir lögregluskólanema allt frá árinu 1974 er ferðakostnaðarnefnd úrskurðaði í sambærilegu máli varðandi lögregluskólanema.“ Í ákvörðun ferðakostnaðarnefndar frá 27. nóvember 1974 vegna dvalarkostnaðar lögreglumanna sem stunda nám í Lögregluskóla ríkisins er tekið fram að dagpeningar „skuli vera 2/3 hlutar fullra dagpeninga ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands á vegum ríkisins“. Þessa ákvörðun staðfesti ferðakostnaðarnefnd með bréfi sínu, dags. 22. október 1986. Í bréfi ferðakostnaðarnefndar, dags. 6. febrúar 1997, til formanns skólanefndar fangelsisskólans segir svo m.a.: „Það er álit ferðakostnaðarnefndar að fyrri ákvörðun nefndarinnar um að greiða beri 2/3 dagpeninga vegna dvalarkostnaðar fangavarða í endurmenntunarnámi skuli vera óbreytt.“

Stefnandi hefur lagt fram gögn er sýna að fangaverðir er búa úti á landi, þ.á.m. á Selfossi, hafa fengið greiddan frá stefnda 2/3 hluta dagpeninga skv. 1. tl. í auglýsingu ferðakostnaðarnefndar fyrir þann tíma er þeir stunduðu nám við Fangavarðaskólann. Af framburði vitnisins Guðmundar Gíslasonar, forstöðumanns fangelsa á höfuðborgarsvæðinu og fyrrum skólastjóra Fangavarðaskólans, má ráða að þessi háttur hafi verið hafður á a.m.k. frá árinu 1986.

Samkvæmt framansögðu verður almennt að byggja á því að við slíkar aðstæður, sem í máli þessu greinir, beri fangavörðum 2/3 af dagpeningum ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands svo sem þeir eru ákveðnir af ferðakostnaðarnefnd á hverjum tíma. Það breytir ekki niðurstöðu þessari að einn dag í viku hverri var kennt á Eyrarbakka en ekki í Reykjavík.

Kemur þá til skoðunar hvort aðstæður stefnanda í námi því sem í málinu greinir eigi að leiða til annarrar niðurstöðu.

Fyrir liggur að stefnandi gisti ekki í Reykjavík meðan á náminu stóð nema í undantekningartilfellum, heldur valdi að jafnaði að aka daglega milli heimilis og námsstaðar. Fram hefur komið hér fyrir dómi, m.a. í skýrslu Guðmundar Gíslasonar forstöðumanns fangelsa á höfuðborgarsvæðinu, sem hafði umsjón með framkvæmd fangavarðaskólans, að áður en til þeirrar breytingar kom á dagpeningum, sem er tilefni máls þessa, hafi fangavörðum verið greiddir 2/3 fyrrgreindra dagpeninga án tillits til þess hvort gist var í raun eða ekki.

Þegar til þessarar framkvæmdar er litið verður ekki talið að sú breyting á greiðslum dagpeninga, sem fyrst var tilkynnt við skólasetningu í febrúar 1997, fái samrýmst venjubundinni framkvæmd framangreinds kjarasamningsákvæðis og fyrrgreindum ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar.

Samkvæmt framansögðu þykir bera að taka varakröfu stefnanda til greina og þykja ekki efni til annars en miða við 48 daga enda hefur við það uppgjör, sem fram hefur farið við stefnanda, verið miðað við þann dagafjölda.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að stefndi greiði stefnanda 100.000 krónur í málskostnað og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Viðurkennt er að stefnandi eigi samkvæmt grein 4.1. og 4.2. í viðauka nr. 7 við kjarasamning ríkissjóðs við SFR rétt til að fá greiddar kr. 4.834 á dag í dvalarkostnað vegna gistingar og fæðis í 48 daga meðan hann sótti nám í Fangavarðaskólanum í Reykjavík á tímabilinu 17. febrúar 1997 til 16. maí 1997.

Stefndi, ríkissjóður Íslands, greiði stefnanda, Starfsmannafélagi ríkisstofnana f.h. Haraldar Arngrímssonar, 100.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 22. janúar 1998.

Nr. 1/1998 **Alþýðusamband Íslands vegna Sjómannasambands Íslands**
(Jóhann Halldórsson hdl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands vegna Landssambands íslenskra útvegsmanna
(Jón H. Magnússon hdl.)

Frávísun.

Úrskurður Félagsdóms.

Málið úrskurða Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ.m., var höfðað með stefnu, áritaðri um birtingu.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16a, vegna Sjómannasambands Íslands, kt. 570269-2249, Borgartúni 18, Reykjavík.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, vegna Landssambands íslenskra útvegsmanna, kt. 420269-0649, Hafnarhvoli við Tryggvagötu.

Endanlegar dómkröfur stefnanda:

Að dæmt verði að sú ákvörðun framkvæmdastjórnar Vinnuveitendasambands Íslands, að láta atkvæðagreiðslu fara fram meðal meðlima sinna, um hvort boða skyldi verkbann á félagsmenn stefnanda og sem koma átti til framkvæmda þann 20. janúar 1998, hafi verið ólögmæt.

Að dæmt verði að stefndi hafi brotið gegn ákvæðum 14. og 15. gr. laga nr. 80/1938.

Að stefndi verði dæmdur til sektargreiðslu samkvæmt 70. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 14. og 15. gr. sömu laga.

Þess er krafist að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi auk álags sem nemur virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Aðallega er krafist sýknu af kröfum stefnanda.

Stefndi gerir kröfu um að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Málavextir.

Þann 10. desember 1997 barst Sjómannasambandi Íslands bréf Landsambands íslenskra útvegsmanna þar sem boðað var til verkbanns á fiskiskipum með aðalvél stærri en 1501 kw.

Í bréfi þessu kemur fram að samþykkt hafi verið á fundi stjórnar LÍÚ þann 18. nóvember 1997 að fram færi atkvæðagreiðsla hjá eigendum fiskiskipa, með aðalvél 1501 kw og stærri, um það hvort boða ætti til verkbanns á umrædd skip. Þá kemur einnig fram í bréfi þessu að verkbanninu sé ætlað að taka til félagsmanna hjá aðildarfélögum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Sjómannasambands Íslands, Alþýðusambands Vestfjarða, Vélstjórafélags Íslands, Vélstjórafélags Vestmannaeyja og Vélstjórafélags Ísafjarðar, sem starfa á þessum skipum. Loks var tiltekið að niðurstaða atkvæðagreiðslunnar hefði verið sú að samþykkt hefði verið að leggja verkbann á félagsmenn nefndra félaga og sambanda á fiskiskipum, með aðalvél 1501 kw og stærri, sem hefjist þann 2. janúar 1998, kl. 00:00 ef ekki hefði fundist lausn á deilu aðila fyrir þann tíma.

Þann 11. desember 1997 tilkynnti Sjómannasamband Íslands Landsambandi íslenskra útvegsmanna, að sambandið teldi að ákvörðun um boðað verkbann hefði ekki verið tekin með lögmætum hætti, þar sem atkvæði eigenda skipa með 1501 kw vél og stærri hefðu verið talin sameiginlega en ekki í hverju útvegsmannafélagi fyrir sig. Var jafnframt skorað á LÍÚ að upplýsa með skriflegum hætti á hvaða lagaheimildum sambandið byggði þá ákvörðun sína að löglegt sé að telja atkvæði um verkbann sameiginlega frá öllum útvegsmannafélögum sem mynda LÍÚ.

Svarbréf barst Sjómannasambandi Íslands þann 12. desember 1997 frá stefnda, Vinnuveitendasambandi Íslands. Í bréfi þessu kemur fram að ákvörðun um sameiginlega atkvæðagreiðslu hjá LÍÚ hafi verið tekin á fundi framkvæmdastjórnar VSÍ í samræmi við lög sambandsins. Segir ennfremur í bréfi þessu að framkvæmdastjórn VSÍ hafi samþykkt að beiðni LÍÚ, í samræmi við 61. gr. laga VSÍ, að fram færi atkvæðagreiðsla eigenda skipa með aðalvél 1501 kw og stærri um hvort leggja skyldi á framangreint verkbann. Var vísað til þess að atkvæðisréttur væri byggður á atkvæðaskrá VSÍ í samræmi við 22. gr. laga sambandsins og að atkvæði hefðu verið talin sameiginlega þann 9. desember 1997.

Til skýringa tiltók VSÍ að fyrirtæki sem ganga í LÍÚ verði sjálf-

krafa meðlimir í VSÍ og greiði árgjöld til sambandsins í samræmi við ákvæði V. kafla laga VSÍ og gildi sú skrá einnig hjá aðildarfélögum þegar atkvæði eru greidd um kjarasamninga og verkbönn nema framkvæmdastjórn VSÍ heimili annað. Atkvæðaskrá væri samin á grundvelli greiddra árgjalda skv. 22. gr. laganna. Loks er tiltekið að samkvæmt þessu hafi ákvarðanataka um umrætt verkbann farið fram samkvæmt lögum VSÍ.

Þann 19. desember 1997 barst Sjómannasambandi Íslands tilkynning frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna þess efnis að ákveðið hefði verð að fresta áður boðuðu verkbanni til 20. janúar 1998, kl. 24:00.

Við munnlegan málflutning var upplýst að verkbanni þessu hefði verið aflýst daginn áður, þ.e. 14. þ.m. En þá stæði yfir atkvæðagreiðsla um boðun allsherjarverkbanns frá 9. febrúar 1998. Sú ákvörðun yrði tekin með sama hætti og við ákvörðun fyrra verkbanns. Eina breytingin nú væri sú að fleiri tækju þátt í þessari atkvæðagreiðslu en þeirri fyrri.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að stefnda hafi verið óheimilt að taka ákvörðun um boðað verkbann með þeim hætti sem gert var.

Í 14. gr. laga nr. 80/1938 segi að heimilt sé stéttarfélögum, félögum atvinnurekenda og einstökum atvinnurekendum að gera verkföll og verkbönn. Þá segi í 15. gr. sl. að þegar félag atvinnurekanda ætlar að hefja vinnustöðvun þá sé hún því aðeins heimil að ákvörðun um hana hafi verið tekin við almenna og leynilega atkvæðagreiðslu með þátttöku a.m.k. fimmtungs atkvæðisbærra félagsmanna samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá. Í þessu sambandi verði að líta á hvern einstakan atvinnurekenda sem félagsmann.

Samkvæmt þessu sé ljóst að það sé aðeins á valdi félaga atvinnurekanda að taka ákvörðun um lögmætt verkbann samkvæmt ákvæðum 14. og 15. gr. laga nr. 80/1938. Þá megi og að mati stefnanda gagnálykta frá ákvæðum 23., 27., 28. og 45. gr. s.l. á þann veg að þar séu heimildir sambanda atvinnurekenda tæmandi taldar, enda sé ekki fjallað um sambönd félaga atvinnurekenda í tengslum við 14. og 15. gr. laga nr. 80/1938.

Ákvörðun um verkbann það sem Landsamband íslenskra útvegsmanna boðaði til hafi ekki verið tekin af útvegsmannafélögum þeim er aðild eiga að LÍÚ samkvæmt 3. gr. samþykkta sambandsins. Í 1.

mgr. nefndrar 3. gr. sé sérstaklega tiltekið að LÍÚ sé myndað af tilgreindum svæðisbundnum útvegsmannafélögum. Segi í 5. mgr. 3. gr. að einstakir útgerðarmenn geti ekki verið aðilar að LÍÚ nema sem félagar í útvegsmannafélögum. Samkvæmt ofangreindu hafi LÍÚ ekki getað tekið sjálfstæða ákvörðun um greint verkbann.

Að mati stefnanda var LÍÚ jafnframt óheimilt að framselja rétt aðildarfélaganna til ákvörðunartöku, um að láta fara fram atkvæðagreiðslu um greint verkbann, til framkvæmdastjórnar VSÍ eins og gert var. Þá hafi og verið jafnóheimilt að beita lögum VSÍ við ákvarðanatöku um greint verkbann, sem koma átti til framkvæmdar hjá aðildarfélögum LÍÚ. Þá telur stefnandi að framkvæmdastjórn VSÍ hafi verið óheimilt að lögum að taka efnislega ákvörðun um verkbann.

Að mati stefnanda bar aðildarfélögum LÍÚ að taka sjálfstæða ákvörðun um verkbann á grundvelli atkvæðagreiðslu hjá félagsmönnum í viðkomandi útvegsmannafélögum.

Af hálfu stefnda er á því byggt að fyrirtæki þau, sem standa að verkbanninu, séu meðlimir í Vinnuveitendasambandinu samkvæmt heimild í 3. mgr. 3. gr. laga sambandsins. Þannig starfi Vinnuveitendasambandið í raun bæði sem samband atvinnurekendafélaga og jafnframt sem sjálfstætt atvinnurekandafélag. Er og vísað til þess, að á grundvelli þessarar aðildar og samkvæmt heimild í 3. mgr. 61. gr. laga sambandsins, þá sé þessum sömu aðilum heimilt að leggja á verkbann með samþykki framkvæmdastjórnar VSÍ. Segi orðrétt í bréfi sambandsins frá 15. desember 1997, „að samkvæmt 3. gr. laga VSÍ verða fyrirtæki sem ganga í LÍÚ sjálfkrafa meðlimir í VSÍ og greiða árgjald til VSÍ í samræmi við V. kafla laga VSÍ".

Að mati stefnanda er óheimilt að líta á stefnda, Vinnuveitendasambandið, sem félag atvinnurekenda í skilningi 15. gr. laga nr. 80/1938. Væri slíkt skipulag í beinni andstöðu við ákvæði laga nr. 80/1938 og augljóst að eini tilgangur þessa væri sá að sniðganga ákvæði 14. og 15. gr. umræddra laga, sbr. einnig 5. gr. sl, en í lögum VSÍ, sbr. 52. gr., sé ekki að finna formlega heimild til þess að semja beint við stéttarfélög. Geti stefndi, Vinnuveitendasambandið, því ekki talist stéttarfélag í þessum skilningi.

Að mati stefnanda er einsýnt, að jafnvel þótt heimilt yrði talið að líta á VSÍ sem atvinnurekendafélag, sem bært væri til þess að taka ákvörðun um verkbann, þá hefði sambandið sjálft átt að boða til

umrædds verkbanns í skilningi 16. gr. laga nr. 80/1938. Eins og fram komi í bréfi Landsambands íslenskra útvegsmanna, dags. 10. des. 1997, hafi LÍÚ boðað til verkbanns. Hljóti sú boðun að teljast ólögmæt.

Þá sé og til þess að líta að ákvörðun um umrætt verkbann hafi í raun ekki verið tekin af framkvæmdastjórn VSÍ. Framangreint bréf LÍÚ beri með sér að það sé Landsamband íslenskra útvegsmanna sem boðar til verkbanns fyrir hönd eigenda fiskiskipa á grundvelli niðurstöðu atkvæðagreiðslu, sem stjórn LÍÚ ákvað að framkvæma. Þannig sé augljóst að það hafi verið stjórn LÍÚ sem tók ákvörðun um að láta félagsmenn í aðildarfélögum sínum greiða atkvæði, án tillits til félagsaðildar þessara eigenda fiskiskipa að útvegsmannafélögum, sem aðild eiga að LÍÚ. Viðkomandi eigendur fiskiskipa séu félagar í aðildarfélögum LÍÚ. Samkvæmt lögum nr. 80/1938 hafi hverju útvegsmannafélagi fyrir sig borið að láta framkvæma atkvæðagreiðslu um það hvort boða ætti til verkbanns. Slík atkvæðagreiðsla hafi aldrei farið fram og því hafi viðkomandi útvegsmannafélög enga ákvörðun tekið um verkbann.

Með hliðsjón af öllu ofansögðu er það mat stefnanda að verkbann það sem stefndi boðaði að koma skyldi til framkvæmda þann 20. janúar 1998, kl. 24:00, sé ólögmætt. Þá telur stefnandi ljóst að með greindu framferði hafi stefndi brotið gegn ákvæðum laga nr. 80/1938 með þeim hætti að það varði stefnda sektum samkvæmt 70. gr. s.l.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að ákvörðun um verkbann það, sem tilkynnt var SSÍ þann 10. desember 1997, hafi verið löglega tekin í samræmi við lög VSÍ og 14. og 15. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, sbr. lög nr. 75/1996.

Einstakar útgerðir fiskiskipa eigi aðild að svæðisbundnu útvegsmannafélagi, skv. 2. gr. samþykkta LÍÚ. Félögin setji sér sjálf samþykktir skv. 4. gr., en sé skylt að gæta þess að ekkert ákvæði þeirra brjóti í bága við samþykktir LÍÚ. Sé því félagið og aðildarfyrirtæki þess háð samþykktum LÍÚ, eins og þær eru á hverjum tíma. Samkvæmt niðurlagi 2. gr. samþykkta LÍÚ sé LÍÚ deild í VSÍ og í 3. gr. laga VSÍ sé tilgreint að einstakir vinnuveitendur, sem félagsbundnir séu í einhverju aðildarfélaga sambandsins, svo og þeir vinnuveitendur sem beina aðild eiga að sambandinu teljist meðlimir sam-

bandsins. Fari því ekki á milli mála að útgerðarfyrirtæki sem séu innan LÍÚ séu meðlimir í VSÍ. Fyrirtækin geti verið í mörgum félögum, ef svo megi segja, þar á meðal VSÍ. Með aðild að VSÍ skuldbindi þau sig til að fara eftir lögum VSÍ í þeim málum sem VSÍ lætur til sín taka, svo sem við gerð kjarasamninga og í vinnudeilum.

Í samræmi við ákvæði 7. gr. laga VSÍ skuldbindi einstök fyrirtæki og aðildarfélög VSÍ sig, með inngöngu í VSÍ til að hlíta ákvæðum laga VSÍ, svo og ákvörðunum og samþykktum sem á þeim byggjast. Samkvæmt því séu bæði LÍÚ og einstök útgerðarfyrirtæki innan LÍÚ skuldbundin til þess að fara eftir gildandi lögum VSÍ. Með aðild að VSÍ feli aðildarfélög þess, svo og einstakir meðlimir, því umboð til að gera alla kjarasamninga fyrir sína hönd, sbr. 52. gr. laga VSÍ. Á grundvelli þess og í samræmi við 23. gr. vinnulöggjafarinnar hafi viðræðuáætlun Sjómannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands verið gerð. Samningaráð VSÍ ákveði hverju sinni hvernig haga skuli forsvari af hálfu VSÍ við gerð kjarasamninga við stéttarfélög eða sambönd þeirra, sbr. 53. gr. laga VSÍ. Umboð til gerðar kjarasamnings hafi verið gefin út 15. des. 1996 og 11. des. 1997 í samræmi við það og kynnt viðsemjendum og ríkissáttasemjara.

Krafa stefnanda um að það séu einstök útvegsmannafélög sem boði verkbönn gangi þvert á skipulag samtaka atvinnurekenda og viðurkenning á slíkri kröfu fæli í sér grófa íhlutun í sjálfsákvörðunarrétt félaga sem verndaður er í lögum og mannréttindasáttmálum. Í krafti félagafrelsis, sem m.a. feli í sér rétt félaga til að skipa sjálf málefnum sínum, hafi félagsmenn VSÍ ákveðið að fela VSÍ umboð til kjarasamningsgerðar. VSÍ setji fram kröfur í samningaviðræðum og fylgi þeim eftir með verkbanni, ef þurfa þykir, að undangenginni atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna.

Þessu sé þveröfugt farið hjá stefnanda þar sem samningsrétturinn sé í höndum einstakra stéttarfélaga en ekki á hendi eins aðila eins og hjá stefnda. Sama megi segja þegar kemur að ákvarðanatöku um vinnustöðvun. Með lögum nr. 75/1996 hafi engin breyting verið gerð á 14. gr. laga nr. 80/1938, en meginbreytingar hafi orðið á 15. gr. Lög VSÍ hafi m.a. verið aðlöguð þeim breytingum í desember 1996. Fyrir breytinguna 1996 hafi trúnaðarmannaráð stéttarfélaga og samsvarandi ráð samtaka vinnuveitenda haft heimild til þess að ákveða vinnustöðvun ef lög viðkomandi félags fólu trúnaðarmannaráðinu slíkt vald, sbr. 15. gr. laga nr. 80/1938. Sambandsstjórn VSÍ hafi haft

stöðu trúnaðarmannaráðs í þessu tilliti, skv. 33. gr. eldri laga VSÍ. Hafi það aldrei verið dregið í efa fyrir breytingu á vinnulöggjöfinni 1996 að VSÍ hefði skv. 14. og 15. gr. laga nr. 80/1938 heimild til þess að leggja á verkbann eftir ákvörðun sambandsstjórnar VSÍ og sé VSÍ því félag atvinnurekenda í skilningi 14. gr. vinnulöggjafarinnar.

Með breytingu á 15. gr. vinnulöggjafarinnar 1996 hafi verið felldar niður heimildir trúnaðarmannaráða stéttarfélaga og sambandsstjórnar VSÍ til þess að taka ákvörðun um vinnustöðvun. Markmið lagabreytingarinnar hafi einkum verið það, eins og lýst sé í greinargerð, að tryggja aukið lýðræði, leynilega atkvæðagreiðslu og lágmarksþátttöku við atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun. Engin breyting hafi verið gerð á 14. gr. laganna og hafi því sömu aðilar og áður, stéttarfélög og félög vinnuveitenda, heimild til þess að gera verkföll og verkbönn sé ákvörðun tekin í samræmi við ákvæði nýrrar 15. gr.

Í greinargerð með breytingu á 15. gr. segi m.a. að fram hafi komið gagnrýni á það hversu fáir komi að afgreiðslu samninga og að ákvörðun um verkbönn í samtökum atvinnurekenda. Þar hafi tiltölulega fámennar stjórnir farið með allt vald í þessu efni og verið taldar jafngilda trúnaðarmannaráðum stéttarfélaga með hliðstæðar heimildir til boðunar vinnustöðvana. Frumvarpinu sé m.a. ætlað að breyta þessari skipan. Samkvæmt því þurfi að bera meiriháttar ákvarðanir undir atkvæði, samkvæmt atkvæðaskrám hlutaðeigandi samtaka. Markmið reglnanna sé að tryggja að raunverulegur stuðningur sé við svo mikilvæga ákvörðun sem boðun vinnustöðvunar sé. Ekki sé ætlunin að torvelda félögum boðun vinnustöðvana heldur að tryggja lýðræðislega umfjöllun um slíka tillögu. Ef vinnustöðvun sé eingöngu ætlað að taka til hluta félagsmanna eða eins fyrirtækis sé, skv. 2. mgr., heimilt að taka ákvörðun þar um með atkvæðagreiðslu hlutaðeigandi félagsmanna.

Í desember 1996 hafi verið gerðar verulegar breytingar á lögum VSÍ til samræmis við breytingar sem voru gerðar á vinnulöggjöfinni með lögum nr. 75/1996. Til samræmis við nýja 15. gr. vinnulöggjafarinnar séu gerðar verulegar breytingar á XIV. kafla laganna sem fjallar um vinnustöðvanir. Í 1. mgr. 61. gr. sé nú vísað beint til 15. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur varðandi ákvörðun verkbanns. Í samræmi við 61. gr. hafi framkvæmdastjórn VSÍ samþykkt að fram færi leynileg atkvæðagreiðsla um verkbann. Atkvæðisrétt hefðu eigendur þeirra fiskiskipa sem verkbannið ætti að ná til og atkvæða-

skrá væri byggð á greiddum árgjöldum fyrirtækjanna til VSÍ í samræmi við 22. gr. laga VSÍ. Atkvæðaseðlar hafi verið útbúnir af VSÍ, viðhöfð hafi verið póstatkvæðagreiðsla og atkvæði talin þann 9. desember sl. og niðurstaða tilkynnt viðkomandi samningsaðilum og ríkissáttasemjara 10. og 11. desember.

Því er mótmælt að LÍÚ hafi verið óheimilt að tilkynna um niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar. Það sem máli skiptir sé að ákvörðun um verkbann hafi verið tekin af þar til bærum félagsmönnum VSÍ og LÍÚ. Engu máli skipti hvort það sé VSÍ eða LÍÚ sem tilkynnir stéttarfélögum niðurstöðu atkvæðagreiðslu, en í ljósi gr. 1.38. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna hafi þótt eðlilegt að LÍÚ sæi um þá framkvæmd.

Stefndi hafi í einu og öllu gætt ákvæða 15. og 16. gr. vinnulöggjafarinnar við ákvarðanatöku, framkvæmd atkvæðagreiðslu og tilkynningu um verkbann. Atkvæðagreiðsla hafi verið leynileg, sbr. 1. mgr. 15. gr. Einungis þeir sem verkbannið snerti hafi haft atkvæðisrétt, sbr. 2. mgr. 15. gr., og á atkvæðaseðli komi skýrt fram til hverra verkbannið eigi að taka og hvenær það eigi að hefjast, sbr. 3. mgr. 15. gr. Niðurstaða atkvæðagreiðslu hafi verið tilkynnt sáttasemjara og þeim sem hún beinist gegn, sbr. 16. gr.

Niðurstaða.

Aðalkrafa stefnanda í máli þessu hljóðaði upphaflega svo:

„Að dæmt verði að verkbann það sem stefnda hefur boðað og koma á til framkvæmda þann 20.01.1998, kl. 24:00, sé ólögmætt."

Fyrir munnlegan flutning málsins í Félagsdómi þann 15. janúar 1998 lagði lögmaður stefnanda fram nýja og breytta kröfugerð. Aðalkrafa stefnanda eftir breytinguna er svohljóðandi:

„Að dæmt verði að sú ákvörðun framkvæmdastjórnar Vinnuveitendasambands Íslands, að láta atkvæðagreiðslu fara fram meðal meðlima sinna, um hvort boða skyldi verkbann á félagsmenn stefnanda og sem koma átti til framkvæmda þann 20. janúar 1998, hafi verið ólögmæt."

Lögmaður stefnda mótmælti ekki þessari breytingu. Hann upplýsti hins vegar að hinu umdeilda verkbanni hefði verið aflýst 14. janúar sl. og atkvæðagreiðsla um að boða nýtt og víðtækara verkbann stæði yfir.

Hið boðaða verkbann kom þannig ekki til framkvæmda. Hefur því ákvörðun sú, sem stefnandi telur ólögmæta, engin réttaráhrif og

stefnandi þess vegna enga lögvarða hagsmuni í þessu máli af dómi um lögmæti hennar.

Af þessu leiðir að líta verður svo á, að í aðalkröfu stefnanda felist krafa um álit Félagsdóms á lögfræðilegu álitaefni, án þess að úrlausn þess deiluefnis hafi efnislega þýðingu í málinu.

Ber því samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, að vísa máli þessu í heild frá dómi án kröfu.

Ákvæði 3. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 breytir ekki þessari niðurstöðu.

Þar eð stefndi krafðist ekki frávísunar málsins þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af því.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 5. febrúar 1998.

Nr. 2/1998. **Alþýðusamband Íslands vegna Sjómannasambands Íslands**
(Jóhann Halldórsson hdl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands vegna Landssambands ísl. útvegsmanna
(Jón H. Magnússon hdl.)

Ólögmætt verkbann. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. þ.m., var þingfest 29. janúar sl.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16a vegna Sjómannasambands Íslands, kt. 570269-2249, Borgartúni 18, Reykjavík.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík vegna Landssambands íslenskra útvegsmanna, kt. 420269-0649, Hafnarhvoli við Tryggvagötu.

Dómkröfur stefnanda:

Að dæmt verði að verkbann það, sem stefndu hafa boðað og koma á til framkvæmda þann 09.02.1998, kl: 24:00, sé ólögmætt.

Að dæmt verði að stefndu hafi brotið ákvæði 14. og 15. gr. laga nr. 80/1938.

Að stefndu verði dæmdir til sektargreiðslu skv. 70. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 14. og 15. gr. s.l.

Loks er þess krafist að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi auk álags sem nemur virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Málavextir.

Þann 19. janúar 1998 barst Sjómannasambandi Íslands bréf Landsambands íslenskra útvegsmanna þar sem boðað var til verkbanns á félagsmenn stefnanda. Í bréfi þessu kemur fram að ákveðið

hafi verið á fundi stjórnar LÍÚ og framkvæmdastjórnar VSÍ að láta fara fram póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna LÍÚ um hvort boða ætti til verkbanns á félagsmenn stefnanda. Þá er tiltekið að niðurstaða atkvæðagreiðslunnar hefði verið sú að samþykkt væri að leggja verkbann á félagsmenn stefnanda sem hefjast myndi þann 9. febrúar 1998, kl: 24:00. Þess er getið að umrædd ákvörðun hafi verið tekin vegna verfallsboðunar Sjómannasambands Íslands en verkfall þess hófst þann 2. febrúar 1998.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að stefndu hafi verið óheimilt að taka ákvörðun um boðað verkbann með þeim hætti sem gert var.

Í 14. gr. laga nr. 80/1938 segi að heimilt sé stéttarfélögum, félögum atvinnurekenda og einstökum atvinnurekendum að gera verkföll og verkbönn. Þá segi í 15. gr. sömu laga að þegar félag atvinnurekenda ætlar að hefja vinnustöðvun þá sé hún því aðeins heimil að ákvörðun um hana hafi verið tekin með atkvæðagreiðslu félagsmanna. Samkvæmt þessu sé ljóst að það sé aðeins á valdi félaga atvinnurekenda að taka ákvörðun um atkvæðagreiðslu og þar með ákvörðun um lögmætt verkbann samkvæmt ákvæðum 14. og 15. gr. laga nr. 80/1938.

Sú ákvörðun um að láta atkvæðagreiðslu um verkbann fara fram, sem stjórn LÍÚ og framkvæmdastjórn VSÍ tóku, hafi ekki verið tekin af útvegsmannafélögum þeim er aðild eiga að LÍÚ. Í 1. mgr. 3. gr. samþykkta LÍÚ sé tiltekið að sambandið sé myndað af tilgreindum svæðisbundnum útvegsmannafélögum. Segi í 5. mgr. 3. gr. að einstakir útgerðarmenn geti ekki verið aðilar að LÍÚ nema sem félagar í útvegsmannafélögum. Samkvæmt ofangreindu hafi rétturinn til þess taka ákvörðun um, hvort atkvæðagreiðsla um að hefja vinnustöðvun færi fram, hvorki verið hjá stjórn LÍÚ né framkvæmdastjórn VSÍ, heldur hjá stjórnum hinna níu (svo) útvegsmannafélaga sem mynda LÍÚ. Að mati stefnanda verða ákvæði 14. gr. laga nr. 80/1938 ekki skilin öðruvísi en svo, að umræddum aðildarfélögum LÍÚ hafi borið að taka sjálfstæða ákvörðun um hvort greiða skyldi atkvæði um verkbann hjá félagsmönnum, enda sé það viðurkennd túlkun á vinnulöggjöfinni að hvorki verkfalls- né verkbannsrétturinn verði framseldur.

Fyrirtæki þau, sem taka þátt í verkbanninu, séu meðlimir í Vinnuveitendasambandinu samkvæmt heimild í 3. mgr. 3. gr. laga

sambandsins. Samkvæmt heimild í 3. mgr. 61. gr. laga sambandsins sé þessum sömu aðilum heimilt að leggja á verkbann með samþykki framkvæmdastjórnar VSÍ. Slíka heimild sé ekki að finna í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938. Þannig sé í raun byggt á því að Vinnuveitendasambandið starfi sem sjálfstætt atvinnurekendafélag. Að mati stefnanda er óheimilt að líta á stefnda, Vinnuveitendasambandið, sem félag atvinnurekenda í skilningi 14. og 15. gr. laga nr. 80/1938. Væri slíkt skipulag í beinni andstöðu við ákvæði laga nr. 80/1938 og augljóst, að eini tilgangur þessa væri að sniðganga ákvæði 14. og 15. gr. umræddra laga.

Grundvöllur réttinda aðila þessa máls sé ákvarðaður í lögum nr. 80/1938. Til þess að VSÍ nyti þeirra réttinda sem skilgreind eru í 14. gr. l. nr. 80/1938 yrði í öndverðu að skilgreina VSÍ sem félag í skilningi laga nr. 80/1938 og þá væntanlega sem félag atvinnurekenda. Þegar fjallað er um félög í lögum nr. 80/1938 sé augljóst að þar sé aðeins átt við þau félög sem fara með samningsrétt fyrir hönd félagsmanna sinna. Í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 komi fram að stéttarfélög eru lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna. Af þessu leiði að lögformlegir samningsaðilar f.h. atvinnurekenda séu félög atvinnurekenda eða þeir sjálfir ef þeir eru ekki í slíku félagi. Sú staðreynd að samningsrétturinn sé í höndum félaga atvinnurekenda sé reyndar staðfest með óbeinum hætti í 2. mgr. 5. gr. þar sem fjallað er um umboð samninganefnda og fyrirsvarsmanna samningsaðilanna og réttinn til að framselja samningsumboð. Reyndar sé það óumdeild túlkun á lögum nr. 80/1938 að öll réttindi og skyldur sem felast í ákvæðum laganna skuli verka eins gagnvart öllum aðilum vinnumarkaðarins. Hljóti réttarstaðan því ávallt að vera sambærileg að þessu leyti. Hvort sem í hlut eigi stéttarfélag eða félag atvinnurekenda þá sé ljóst að tilvist félagsins byggi á þeirri staðreynd að félagið fari samkvæmt lögum með samningsréttinn f.h. félagsmanna sinna. Þar sem handhöfn samningsréttarins sé forsenda þess að félag verði talið félag atvinnurekenda í skilningi laga nr. 80/1938 sé augljóst að VSÍ geti ekki talist félag atvinnurekenda í skilningi laga nr. 80/1938 né notið þeirra réttinda sem kveðið er á um í 14. gr. laganna.

Fyrir utan skýr ákvæði 5. gr. l. nr. 80/1938 sé nærtækast í þessu sambandi að líta til laga VSÍ. Í 52. gr. laga VSÍ segi orðrétt „Með aðild að Vinnuveitendasambandi Íslands fela aðildarfélög þess, svo

og einstakir meðlimir, því umboð til að gera alla kjarasamninga fyrir sína hönd.". Það sé augljóst að í þessu felist að samningsrétturinn sé hjá félögum atvinnurekenda. Þau geti hins vegar framselt þennan rétt samkvæmt umboði til VSÍ. Lög VSÍ hafi enga sjálfstæða þýðingu í máli þessu. Réttindi aðila séu afmörkuð í lögum nr. 80/1938 og engu skipti hvað fram komi í lögum aðilanna sjálfra enda ljóst að ella gætu þeir skammtað sér réttindi á vinnumarkaði að vild.

Að mati stefnanda verður og að líta til meginmarkmiða laga nr. 75/1996 en þau hafi einmitt verið að styrkja stoðir grunneininganna í skipulagi vinnumarkaðarins. Þannig hafi átt að tryggja að veigameiri ákvarðanataka, sem varðaði kjör og hag félagsmanna, færi fram í félögunum sjálfum. Þannig hafi t.d. heimildir trúnaðarráða verkalýðsfélaga og sambandsstjórnar VSÍ til ákvarðanatöku um vinnustöðvanir verið felldar úr gildi. Samkvæmt hinni nýju löggjöf verði slíkar veigameiri ákvarðanir ekki teknar nema með fulltingi félaganna að undangenginni atkvæðagreiðslu félagsmanna sjálfra. Kjarni málsins sé sá að með þessum nýju lögum hafi verið staðfest heimild stéttarfélaga til þess að framselja samningsréttinn en jafnframt áréttuð sú grundvallarregla vinnuréttarins að rétturinn til að gera vinnustöðvun sé óframseljanlegur.

Af öllu framansögðu sé ljóst að kjarni málsins sé, að VSÍ geti ekki, hvorki samkvæmt lögum nr. 80/1938 né samkvæmt sínum eigin lögum, talist félag atvinnurekenda þar sem samningsrétturinn sé ekki í höndum sambandsins sjálfs. Þannig sé augljóst, að VSÍ njóti ekki þeirra réttinda, sem skilgreind eru í 14. gr. laga nr. 80/1938, til handa félögum atvinnurekenda. Framkvæmdastjórn VSÍ og stjórn LÍÚ sé óheimilt að taka sjálfstæða ákvörðun um að gera verkbann. Sá réttur, að ákvarða atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun meðal félagsmanna sinna, tilheyri aðeins grunneiningum, félögum atvinnurekenda í þessu tilfelli, enda séu það þau sem fari með samningsréttinn, sbr. 5. gr. laga nr. 80/1398.

Samkvæmt þeirri hugmyndafræði sem lögð sé til grundvallar í vinnulöggjöfinni séu þær heimildir og skyldur, sem félögum annars vegar og samtökum þeirra hins vegar eru áskildar, ólíkar og geti ekki verið á sömu hendi. Þannig standist ekki að sami félagsskapur sé bæði félag og samband í skilningi vinnulöggjafarinnar. Slík túlkun gæti leitt til þess að óvissa skapaðist um hver færi með verkbannsréttinn á hverjum tíma. Loks beri að líta til þess að það sé

órökrétt að VSÍ geti verið hvorttveggja í senn, félag atvinnurekenda og jafnframt samband slíkra félaga enda væri félagið þá sitt eigið samband og öfugt.

Með hliðsjón af öllu ofansögðu er það mat stefnanda að verkbann það, sem stefndi hefur boðað, að koma skuli til framkvæmda þann 9. febrúar 1998, kl: 24:00, sé ólögmætt. Þá telur stefnandi ljóst að með greindu framferði þá hafi stefndi brotið gegn ákvæðum laga nr. 80/1938 með þeim hætti að það varði stefnda sektum samkvæmt 70. gr. s.l.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Stéttarfélög fiskimanna skiptist í fjóra meginhópa, aðildarfélög SSÍ, aðildarfélög Alþýðusambands Vestfjarða, aðildarfélög Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og félög vélstjóra. Af hálfu vinnuveitenda hafi forystumenn LÍÚ, á sama hátt og áður, borið hitann og þungann af viðræðum þeim sem átt hafa sér stað við stéttarfélögin. Meginkrafa vinnuveitenda hafi verið að samið verði við öll stéttarfélög fiskimanna á sama tíma. Meginástæða þess sé að launakerfi fiskimanna sé hlutaskiptakerfi, þar sem áhöfn og útgerð skipti með sér verðmæti afla. Hlutur áhafnar skiptist eftir ákveðnum hlutföllum og innbyrðis hlutföll einstakra hópa séu ákveðin í kjarasamningum hópanna. Vinnuveitendur hafi viljað taka hlutaskiptakerfið til endurskoðunar og ekki talið fært að gera það nema samkomulag yrði um það við alla hópana samtímis. Vélstjórafélögin hafi m.a. gert kröfu um það að hlutur vélstjóra á stærri fiskiskipum hækkaði sérstaklega og hafi boðað verkfall til stuðnings kröfunni, sem hafi ekki verið studd af stéttarfélögum annarra sjómanna. Þá hafi verið samþykkt í atkvæðagreiðslu í stéttarfélögum innan FFSÍ og SSÍ að hefja verkfall á fiskiskipaflotanum 2. febrúar 1998. Nauðsynlegt hafi verið talið að grípa til varnaraðgerða og hafi stjórn LÍÚ samþykkt að fram færi atkvæðagreiðsla meðal útgerðarmanna fiskiskipa um hvort leggja eigi verkbann á alla hópa skipverja á fiskiskipum. Framkvæmdastjórn VSÍ hafi samþykkt tillögu stjórnar LÍÚ og farið hafi fram atkvæðagreiðsla um boðun verkbanns, sem hefjast eigi 9. febrúar. Verkbann hafi verið samþykkt með afgerandi hætti í atkvæðagreiðslu útvegsmanna og hafi SSÍ verið tilkynnt um niðurstöðu atkvæðagreiðslu um verkbannið þann 19. janúar 1998 með bréfi, dags. 19. janúar 1998.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að ákvörðun um verkbann

það sem tilkynnt var SSÍ þann 19. janúar 1998 hafi verið löglega tekin og tilkynnt í samræmi við 14., 15. og 16. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, sbr. lög nr. 75/1996. Mótmælt er fullyrðingum í stefnu um að rétturinn til að taka ákvörðun um atkvæðagreiðslu um verkbann sé einungis hjá stjórnum einstakra útvegsmannafélaga en hvorki hjá stjórn LÍÚ né framkvæmdastjórn VSÍ. Þá er því mótmælt að lög VSÍ stangist á við lög nr. 80/1938.

Einstakar útgerðir fiskiskipa eigi aðild að svæðisbundnu útvegsmannafélagi, skv. 2. gr. samþykkta LÍÚ. Félögin setji sér sjálf samþykktir skv. 4. gr., en ekkert ákvæði þeirra brjóti í bága við samþykktir LÍÚ. Sé því félagið og aðildarfyrirtæki þess háð samþykktum LÍÚ, eins og þær eru á hverjum tíma, sbr. 3. gr. samþykkta útvegsmannafélaga. Samkvæmt niðurlagi 2. gr. samþykkta LÍÚ sé LÍÚ deild í VSÍ og í 3. gr. laga VSÍ sé tilgreint að einstakir vinnuveitendur, sem félagsbundnir séu í einhverju aðildarfélaga sambandsins, svo og þeir vinnuveitendur sem beina aðild eiga að sambandinu, teljist meðlimir sambandsins. Fari því ekki á milli mála að útgerðarfyrirtæki sem eru innan LÍÚ séu meðlimir í VSÍ. Fyrirtækin geti verið í mörgum félögum, ef svo megi segja, þar á meðal VSÍ. Með aðild að VSÍ skuldbindi þau sig til að fara eftir lögum VSÍ í þeim málum sem VSÍ lætur til sín taka, svo sem við gerð kjarasamninga og í vinnudeilum.

Í samræmi við ákvæði 7. gr. laga VSÍ skuldbindi einstök fyrirtæki og aðildarfélög VSÍ sig, með inngöngu í VSÍ, að hlíta ákvæðum laga VSÍ, svo og ákvörðunum og samþykktum sem á þeim byggjast. Samkvæmt því séu bæði LÍÚ og einstök útgerðarfyrirtæki innan LÍÚ skuldbundin til þess að fara eftir gildandi lögum VSÍ. Með aðild að VSÍ feli aðildarfélög þess, svo og einstakir meðlimir þess, því umboð til að gera alla kjarasamninga fyrir sína hönd, sbr. 52. gr. laga VSÍ. Á grundvelli þess, og í samræmi við 23. gr. vinnulöggjafarinnar, hafi viðræðuáætlun frá 22. okt. 1996 verið gerð. Samningaráð VSÍ ákveði hverju sinni hvernig haga skuli forsvari af hálfu VSÍ við gerð kjarasamninga við stéttarfélög eða sambönd þeirra, sbr. 53. gr. laga VSÍ. Umboð til gerðar kjarasamnings, dags. 11. des. 1997, hafi verið gefið út í samræmi við það og kynnt viðsemjendum og ríkissáttasemjara.

Fullyrðingar stefnanda um að einungis einstök útvegsmannafélög hafi rétt til þess að taka ákvörðun um hvort atkvæðagreiðsla um

verkbann fari fram gangi þvert á skipulag samtaka atvinnurekenda og viðurkenning á slíkri kröfu fæli í sér grófa íhlutun í sjálfsákvörðunarrétt félaga og styðjist ekki við lög nr. 80/1938. Samkvæmt 3. gr. laganna ráði stéttarfélög málefnum sínum sjálf með þeim takmörkunum sem sett eru í lögunum. Aðalreglan sé því sú að stéttarfélög ráði sjálf innri málefnum sínum og félagsmönnum sé skylt að hlýða félagslögum og fundarsamþykktum sem gerðar eru með löglegum hætti. Því er mótmælt sem röngu og ósönnuðu að strangari reglur gildi um félög atvinnurekenda. Félög atvinnurekenda á borð við LÍÚ og VSÍ, sem séu frjáls félagasamtök, hafi rétt til að skipa sjálf málefnum sínum. Ef ætti að takmarka þennan rétt yrði að gera það með skýrum ákvæðum í lögunum. Lög VSÍ brjóti á engan hátt í bága við lög nr. 80/1938 og með aðild að VSÍ hafi félagsmenn ákveðið að fela VSÍ umboð til kjarasamningsgerðar. VSÍ setji fram kröfur í samningaviðræðum og fylgi þeim eftir með verkbanni, ef þurfa þykir, að undangenginni atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna. Þau fyrirtæki sem vilja vera óháð og sjá alfarið um sín mál sjálf standi utan samtaka, en þau sem ganga í VSÍ skuldbindi sig til þess að fara að lögum VSÍ. Þessu sé þveröfugt farið hjá stefnanda þar sem samningsrétturinn sé í höndum einstakra stéttarfélaga en ekki á hendi eins aðila eins og hjá stefnda. Sama megi segja þegar kemur að ákvarðanatöku um vinnustöðvun. Með lögum nr. 75/1996 hafi engin breyting verið gerð á 14. gr. laga nr. 80/1938, en meginbreytingar hafi orðið á 15. gr. og hafi lög VSÍ verið löguð m.a. að þeim breytingum í desember 1996. Fyrir breytinguna 1996 hafi trúnaðarmannaráð stéttarfélaga og samsvarandi ráð samtaka vinnuveitenda haft heimild til þess að ákveða vinnustöðvun ef lög viðkomandi félags fólu trúnaðarmannaráðinu slíkt vald, sbr. 15. gr. laga nr. 80/1938. Sambandsstjórn VSÍ hafi haft stöðu trúnaðarmannaráðs í þessu tilliti, skv. 33. gr. eldri laga VSÍ. Hafi það aldrei verið dregið í efa fyrir breytingu á vinnulöggjöfinni 1996 að VSÍ hefði skv. 14. og 15. gr. laga nr. 80/1938 heimild til þess að leggja á verkbann eftir ákvörðun sambandsstjórnar VSÍ og sé VSÍ því félag atvinnurekenda í skilningi 14. gr. vinnulöggjafarinnar.

Með breytingu á 15. gr. vinnulöggjafarinnar 1996 hafi verið felldar niður heimildir trúnaðarmannaráða stéttarfélaga og sambandsstjórnar VSÍ til þess að taka ákvörðun um vinnustöðvun. Markmið lagabreytingarinnar hafi einkum verið það, eins og lýst sé í greinar-

gerð, að tryggja aukið lýðræði, leynilega atkvæðagreiðslu og lágmarksþátttöku við atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun. Engin breyting hafi verið gerð á 14. gr. laganna og hafi því sömu aðilar og áður, stéttarfélög og félög vinnuveitenda, heimild til þess að gera verkföll og verkbönn sé ákvörðun tekin í samræmi við ákvæði nýrrar 15. gr.

Í greinargerð með breytingu á 15. gr. segi m.a. að fram hafi komið gagnrýni á það hversu fáir komi að afgreiðslu samninga og að ákvörðun um verkbönn í samtökum atvinnurekenda. Þar hafi tiltölulega fámennar stjórnir farið með allt vald í þessu efni og verið taldar jafngilda trúnaðarmannaráðum stéttarfélaga með hliðstæðar heimildir til boðunar vinnustöðvana. Frumvarpinu sé m.a. ætlað að breyta þessari skipan. Samkvæmt því þurfi að bera meiri háttar ákvarðanir undir atkvæði samkvæmt atkvæðaskrám hlutaðeigandi samtaka. Markmið reglnanna sé að tryggja að raunverulegur stuðningur sé við svo mikilvæga ákvörðun sem boðun vinnustöðvunar sé. Ekki sé ætlunin að torvelda félögum boðun vinnustöðvana heldur að tryggja lýðræðislega umfjöllun um slíka tillögu. Kjarninn í breytingu á 15. gr. sé sá að fram komi vilji hins almenna félagsmanns þegar verið sé að taka svo alvarlega ákvörðun sem vinnustöðvun sé. Ef vinnustöðvun sé eingöngu ætlað að taka til hluta félagsmanna eða eins fyrirtækis sé skv. 2. mgr. heimilt að taka ákvörðun þar um með atkvæðagreiðslu hlutaðeigandi félagsmanna.

Í desember 1996 hafi verið gerðar verulegar breytingar á lögum VSÍ til að samræma lögin við breytingar sem voru gerðar á vinnulöggjöfinni með lögum nr. 75/1996. Til samræmis við nýja 15. gr. vinnulöggjafarinnar hafi orðið verulegar breytingar á XIV. kafla laganna sem fjallar um vinnustöðvanir. Í 1. mgr. 61. gr. sé nú vísað beint til 15. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur varðandi ákvörðun verkbanns. Í samræmi við 61. gr. hafi framkvæmdastjórn VSÍ samþykkt að fram færi leynileg atkvæðagreiðsla um verkbann. Atkvæðisrétt hafi haft eigendur þeirra fiskiskipa sem verkbannið ætti að ná til og atkvæðaskrá byggð á greiddum árgjöldum fyrirtækjanna til VSÍ í samræmi við 22. gr. laga VSÍ. Atkvæðaseðlar hafi verið útbúnir af VSÍ, viðhöfð var póstatkvæðagreiðsla, atkvæði talin þann 19. janúar sl. og niðurstaða tilkynnt samningsaðilum og ríkissáttasemjara samdægurs.

Ákvörðun um verkbann hafi verið tekin af þar til bærum félagsmönnum VSÍ og LÍÚ í leynilegri atkvæðagreiðslu. Að fenginni

niðurstöðu atkvæðagreiðslu hafi verið ákveðið að LÍÚ tæki að sér að tilkynna hana viðkomandi aðilum, þar sem gætt væri sérákvæða greinar 1.38. í kjarasamningi LÍÚ og SSÍ um 21 dags fyrirvara á boðun vinnustöðvunar. SSÍ hafi verið tilkynnt um niðurstöðu atkvæðagreiðslu um verkbannið þann 19. janúar 1998 með bréfi sama dag.

Stefndi hafi í einu og öllu gætt ákvæða 15. og 16. gr. vinnulöggjafarinnar við ákvarðanatöku, framkvæmd atkvæðagreiðslu og tilkynningu um verkbann. Atkvæðagreiðsla hafi verið leynileg, sbr. 1. mgr. 15. gr. Þeir sem verkbannið snerti höfðu atkvæðisrétt, sbr. 2. mgr. 15. gr., og á atkvæðaseðli hafi komið skýrt fram til hverra verkbannið ætti að taka og hvenær það ætti að hefjast, sbr. 3. mgr. 15. gr. Niðurstaða atkvæðagreiðslu hafi verið tilkynnt sáttasemjara og þeim sem hún beinist gegn, sbr. 16. gr.

Niðurstaða.

Samkvæmt 14. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur er stéttarfélögum, félögum atvinnurekenda og einstökum atvinnurekendum heimilt að gera verkföll og verkbönn í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum og til verndar rétti sínum samkvæmt lögum þessum með þeim skilyrðum og takmörkunum einum sem sett eru í lögum. Í 15. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 75/1996, er m.a. kveðið á um með hvaða hætti ákvörðun um vinnustöðvun skuli tekin og í 16. gr. er fjallað um boðun vinnustöðvunar.

Af hálfu stefnda er á því byggt að Vinnuveitendasamband Íslands teljist félag atvinnurekenda í skilningi 14. og 15. gr. laga nr. 80/1938 og hafi því haft heimild til að taka ákvörðun um að atkvæðagreiðsla um hið umdeilda verkbann færi fram. Verkbann sem síðan var boðað með bréfi Landssambands íslenskra útvegsmanna, dags. 19. janúar 1998.

Með lögum nr. 75/1996 voru ýmsar breytingar gerðar á lögum nr. 80/1938, þar á meðal ákvæðum II. kafla laganna sem fjallar um verkföll og verkbönn. Í athugasemdum með frumvarpi því, sem varð að lögum nr. 75/1996, kemur víða fram að markmið breytinganna var að bæta samskiptareglur á vinnumarkaði, auka lýðræði og draga úr miðstýringu svo og að tryggja að vandað væri til afgreiðslu kjarasamninga og ákvarðana um vinnustöðvanir. Þá kemur fram skýrt stefnumið um jafnræði milli aðila vinnumarkaðarins. Að því er varðar vinnustöðvanir sérstaklega segir m.a. svo í almennum at-

hugasemdum með frumvarpinu: „Félagsmenn taka ákvörðun um vinnustöðvun í beinni atkvæðagreiðslu. Heimildir samninganefndar og félagsstjórnar eða trúnaðarmannaráðs samtaka atvinnurekenda eða stéttarfélaga eiga því ekki lengur við.“ Í athugasemdum með 4. gr. frumvarpsins, en grein þessi varð 3. gr. laga nr. 75/1996 og breytti 15. gr. laga nr. 80/1938, segir svo um breytingar á tilhögun á ákvörðunartöku um vinnustöðvun að því er snertir atvinnurekendur: „Fram hefur komið gagnrýni á það hversu fáir koma að afgreiðslu samninga og að ákvörðun um verkbönn í samtökum atvinnurekenda. Þar hafa tiltölulega fámennar stjórnir farið með allt vald í þessu efni og verið taldar jafngilda trúnaðarmannaráðum stéttarfélaga með hliðstæðar heimildir til boðunar vinnustöðvana. Frumvarpinu er m.a. ætlað að breyta þessari skipan. Samkvæmt því þarf að bera meiri háttar ákvarðanir undir atkvæði samkvæmt atkvæðaskrám hlutaðaeigandi samtaka“. Þá kemur almennt fram í athugasemdunum að ekki sé „ætlunin að torvelda félögum boðun vinnustöðvana heldur að tryggja lýðræðislega umfjöllun um slíka tillögu“.

Samkvæmt framansögðu voru með lögum nr. 75/1996 felldar niður heimildir samninganefnda og félagsstjórna svo og trúnaðarmannaráða stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda til að ákveða vinnustöðvun.

Í lögum nr. 80/1938 er stéttarfélögum og félögum atvinnurekenda markað ákveðið hlutverk og veittar ákveðnar heimildir, þ. á m. „að gera verkföll og verkbönn“, sbr. 14. gr., og „hefja vinnustöðvun“, sbr. 15. gr. Sambönd stéttarfélaga og atvinnurekendafélaga hafa svo annað hlutverk samkvæmt lögunum, sbr. t.d. 23. og 45. gr. þeirra. Lögin gera þannig ráð fyrir bæði félögum og samböndum og gera mun þar á með tilliti til hlutverka og viðfangsefna.

Vinnuveitendasamband Íslands er heildarsamtök atvinnurekenda á Íslandi, sbr. II. kafla félagslaga þess. Þar er tekið fram í 1. tölulið 1. mgr. 3. gr. að félög í ákveðinni atvinnugrein geti átt aðild að Vinnuveitendasambandinu. Meðal þessara aðildarfélaga Vinnuveitendasambands Íslands eru 11 staðbundin útvegsmannafélög sem mynda Landssamband íslenskra útvegsmanna, sbr. 1. mgr. 3. gr. samþykkta þeirra samtaka. Þau samtök teljast svo deild í Vinnuveitendasambandi Íslands samkvæmt lokamálsgrein 2. gr. samþykktanna.

Telja verður einsýnt að fyrrgreind útvegsmannafélög séu félög at-

vinnurekenda í skilningi 14. og 15. gr. laga nr. 80/1938 og hafi þannig heimild til að ákveða og leggja á verkbann.

Samkvæmt 61. gr. félagslaga Vinnuveitendasambands Íslands skal um ákvörðun verkbanns fara samkvæmt 15. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Samkvæmt 2. og 3. mgr. þessarar greinar félagslaganna er það hins vegar háð samþykki framkvæmdastjórnar Vinnuveitendasambandsins hvort fram fari atkvæðagreiðsla meðal félagsaðila, þ. á m. aðildarfélaga, og verkbann verði lagt á. Hin einstöku útvegsmannafélög geta því ekki sjálf á eigið eindæmi ákveðið atkvæðagreiðslu um verkbann og lagt það á.

Það er álit dómsins að þessi ákvæði félagslaga Vinnuveitendasambands Íslands geti ekki samþýðst ákvæðum 14. og 15. gr. laga nr. 80/1938, en túlka ber þessi lagaákvæði samkvæmt orðanna hljóðan í ljósi tilgangs löggjafans með breytingum þeim sem gerðar voru með lögum nr. 75/1996 og fyrr er lýst.

Í samræmi við framangreint er tekin til greina sú krafa stefnanda að dæmt verði að verkbann það, sem stefndi hefur boðað og koma á til framkvæmda þann 9. febrúar 1998 kl. 24:00, sé ólögmætt.

Þegar atvik málsins eru virt þykja ekki efni til þess að dæma stefnda til greiðslu sektar samkvæmt 70. gr. tilvitnaðra laga.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn 150.000 krónur.

Dómsorð:

Verkbann það sem Landssamband íslenskra útvegsmanna hefur boðað til og koma á til framkvæmda 9. febrúar 1998, kl. 24:00 er ólögmætt.

Með ákvörðun um verkbannið braut stefndi ákvæði 14. og 15. gr. laga nr. 80/1938, sbr. lög nr. 75/1996.

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands vegna Landssambands íslenskra útvegsmanna, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands vegna Sjómannasambands Íslands, 150.000 krónur í málskostnað.

Sératkvæði
Valgeirs Pálssonar.

Málatilbúnað sinn byggir stefnandi á því að hann telur Vinnuveitendasamband Íslands ekki vera félag atvinnurekenda í skilningi 14. og 15. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambandsins hafi því ekki haft heimild til að taka ákvörðun um að efna til atkvæðagreiðslu um hið umdeilda verkbann.

Í niðurlagi 2. gr. samþykkta Landssambands íslenskra útvegsmanna segir að sambandið sé deild í Vinnuveitendasambandi Íslands. Þá segir í 5. mgr. 3. gr. samþykktanna að einstakir útvegsmenn geti ekki verið aðilar að L.Í.Ú. nema sem félagar í útvegsmannafélögum. Í 2. mgr. 3. gr. laga Vinnuveitendasambands Íslands segir að meðlimir staðbundinna vinnuveitendafélaga, sem ekki eru meðlimir atvinnugreinafélaga, teljist vera beinir meðlimir sambandsins. Einnig segir í 3. mgr. að einstakir vinnuveitendur sem félagsbundnir eru í einhverju aðildarfélaga sambandsins svo og þeir vinnuveitendur sem beina aðild eiga að sambandinu teljist vera meðlimir sambandsins. Samkvæmt 1. mgr. 61. gr. laga sambandsins skal um ákvörðun verkbanns fara eftir ákvæðum 15. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Í 2. mgr. sömu greinar segir að meirihluti framkvæmdastjórnar Vinnuveitendasambandsins geti lagt til að atkvæðagreiðsla um verkbann fari fram meðal félagsmanna og ákveði hversu víðtækt verkbann skuli vera. Getur framkvæmdastjórnin þannig einskorðað atkvæðagreiðslu við þau aðildarfélög eða fyrirtæki sem verkbanni er ætlað að taka til. Aðildarfélögum, einstökum meðlimum aðildarfélaga svo og beinum meðlimum sambandsins er veitt heimild í 3. mgr. téðrar lagagreinar að leggja á verkbann, ef meirihluti framkvæmdastjórnarinnar er því samþykkur.

Í 14. gr. laga nr. 80/1938 segir að stéttarfélögum, félögum atvinnurekenda og einstökum atvinnurekendum sé heimilt að gera verkföll og verkbönn í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum með þeim skilyrðum og takmörkunum einum sem sett eru í lögum. Lagagrein þessi hefur verið óbreytt frá öndverðu. Ekki er vitað til þess að áður hafi verið bornar á það brigður að Vinnuveitendasamband Íslands teljist vera félag atvinnurekenda, þegar

reynt hefur á lögmæti verkbanna fyrir Félagsdómi, sbr. Fd. VI:163 og Fd. IX:88. Verður ekki annað ráðið en sá skilningur hafi verið ríkjandi til þessa að Vinnuveitendasambandið hafi í raun haft heimild til að taka ákvörðun um verkbann.

Með 3. gr. laga nr. 75/1996 um breytingu á lögum nr. 80/1938 voru gerðar verulegar breytingar á 15. gr. laganna. Í athugasemdum með 4. gr. frumvarpsins að lagabreytingunni, sem varð að 3. gr. laganna, kemur fram að formkröfum til þess að standa að boðun lögmætrar vinnustöðvunar sé breytt töluvert frá gildandi lögum, þ.e. 15. gr. laganna eins og hún var fyrir lagabreytinguna. Sé valin sú leið að gera það að ótvíræðri aðalreglu að vinnustöðvun sé aðeins boðuð að fengnu samþykki félagsmanna í leynilegri allsherjaratkvæðagreiðslu félagsmanna. Þá segir svo í frumvarpinu um 4. gr., orðrétt: „Fram hefur komið gagnrýni á það hversu fáir koma að afgreiðslu samninga og að ákvörðun um verkbönn í samtökum atvinnurekenda. Þar hafa tiltölulega fámennar stjórnir farið með allt vald í þessu efni og verið taldar jafngilda trúnaðarmannaráðum stéttarfélaga með hliðstæðar heimildir til boðunar vinnustöðvana. Frumvarpinu er m.a. ætlað að breyta þessari skipan. Samkvæmt því þarf að bera meiri háttar ákvarðanir undir atkvæði samkvæmt atkvæðaskrám hlutaðeigandi samtaka. Þetta er hliðstæður háttur og hafður er á í Danmörku þar sem samtök atvinnurekenda þurfa að taka afstöðu til miðlunartillagna samkvæmt atkvæðaskrá sem gildir á aðalfundi hlutaðeigandi samtaka.“ Ennfremur segir að markmið þeirra reglna sem umrædd lagagrein hefur að geyma sé að tryggja að raunverulegur stuðningur sé við svo mikilvæga ákvörðun sem boðun vinnustöðvunar er. Með umræddri breytingu á 15. gr. laga nr. 80/1938 er ótvírætt að vilji löggjafans stóð einvörðungu til þess að því aðeins skyldi heimilt að hefja verkbann að ákvörðun um það hafi verið tekin við almenna leynilega atkvæðagreiðslu í hlutaðeigandi samtökum eftir nánari fyrirmælum í lagagreininni. Þannig verður ekki séð að með lagabreytingunni hafi átt að taka af atvinnurekendum þann rétt að ákveða innan sinna eigin vébanda hvernig standa skuli að ákvörðun um atkvæðagreiðslu, enda verður að telja að sjálfsákvörðunarréttur þeirra í þessum efnum sé varinn í 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 12. gr. laga nr. 97/1995 um breytingu á henni, og í 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 62/1994.

Þau útgerðarfyrirtæki, sem atkvæði greiddu um hið umdeilda verkbann, teljast skv. fyrrgreindri 3. mgr. 3. gr. laga Vinnuveitendasambands Íslands vera beinir meðlimir sambandsins. Ekki liggur fyrir í málinu að þeir meðlimir sambandsins, sem verkbannið skyldi ná til, hafi viljað taka ákvörðun um það með öðrum hætti en gert var.

Með lögum nr. 9/1948 víðvíkjandi nafnbreyting Vinnuveitendafélags Íslands var staðfest að ákvæði í þágildandi löggjöf, þ. á m. lögum nr. 80/1938, skyldu gilda jafnt um þennan félagsskap þótt nafni félagsins væri breytt og það nefnt Vinnuveitendasamband Íslands. Í greinargerð með frumvarpi að lögum þessum kemur fram að markmið laganna væri „að tryggja það, að nafnbreytingin verði eigi til þess að draga úr réttindum félagsins samkvæmt löggjöf landsins". Með vísan til þessa verður ekki hjá því komist að telja Vinnuveitendasamband Íslands vera félag atvinnurekenda í skilningi 14. og 15. gr. laganna um stéttarfélög og vinnudeilur og af þeim sökum verið bært til að taka ákvörðun um verkbann á þann veg sem gert var. Ákvörðun um verkbannið var tekin í samræmi við ákvæði 61. gr. laga Vinnuveitendasambandsins og ekki verður séð að hún hafi brotið í bága við 15. gr. laga nr. 80/1938. Í ljósi þess sem að framan er rakið verður atkvæði mitt að telja beri ákvörðunina lögmæta og beri því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda, þ. á m. um greiðslu sektar. Eftir þessum málsúrslitum er rétt að stefnandi greiði stefnda 150.000 krónur í málskostnað.

Þriðjudaginn 24. mars 1998.

Nr. 3/1998. **Vélstjórafélag Íslands**
(Magnús Guðlaugsson hrl.)
gegn
Landsvirkjun
(Hreinn Loftsson hrl.)

Dómsvald Félagsdóms. Frávísunarkröfu hafnað.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefnda hinn 17. mars sl.

Málið úrskurða Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Gunnar Sæmundsson.

Stefnandi er Vélstjórafélag Íslands, kt. 690269-3419, Borgartúni 18, Reykjavík.

Stefndi er Landsvirkjun, kt. 420289-1299, Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að dæmt verði að stefnda sé skylt að hækka grunnlaun vélfræðinga í þjónustu sinni í kr. 99.043 frá 1. apríl 1997.
2. Að dæmt verði að stefnda sé skylt að greiða vélfræðingum í þjónustu sinni 17,28 mínútur í yfirvinnu fyrir hverja vakt eða 8 klst. dagvinnutímabil.
3. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað fyrir Félagsdómi að skaðlausu, þ.m.t. 24,5% virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda:

Aðallega er krafist frávísunar málsins frá Félagsdómi en til vara sýknu af öllum dómkröfum stefnanda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnandi krefst þess að hafnað verði kröfu stefnda um það að málinu verði vísað frá Félagsdómi. Þá gerir hann kröfu til málskostnaðar að skaðlausu í þeim þætti málsins.

Málavextir.

Stefnandi kveður málavexti vera þá að stefnandi og stefndi gerðu kjarasamning 29. júní 1985. Samkvæmt grein 12.4. í þeim kjarasamningi skulu laun vélfræðinga hjá stefnda samræmd þeim breytingum

er verða á umsömdum launum vaktstjóra í Áburðarverksmiðju ríkisins (nú Áburðarverksmiðjan hf., lög nr. 89/1994) og Sementsverksmiðju ríkisins.

Hinn 28. apríl 1997 var gerður kjarasamningur milli stefnanda og Áburðarverksmiðjunnar h/f. Samkvæmt 2. gr. þess samnings voru laun hækkuð úr kr. 68.582 í kr. 86.883 eða um 26,687%. Launahækkun þessi er tilkomin vegna 4,7% almennrar launahækkunar en auk þess var fellt niður kaupaukakerfi, sem verið hafði í gildi í Áburðarverksmiðjunni h/f frá 1985 og laun hækkuð um 21% í staðinn. Þá var um það samið að greiddar skyldu 17,28 mínútur í yfirvinnu fyrir hverja vakt eða 8 klst. dagvinnutímabil.

Kaupaukakerfið, sem fellt var niður 28. apríl 1997, var tekið upp í Áburðarverksmiðju ríkisins með samkomulagi 24. maí 1985, en breytt með samkomulagi dags. 4. maí 1988 í það horf að kaupaukinn var lægstur 12% en gat hæstur orðið 20% og kom sem hundraðshluti ofan á heildarlaun. Síðar voru efri mörk kaupaukans hækkuð í 21%. Stefnandi krafðist þess ítrekað að laun vélfræðinga í þjónustu stefnda yrðu hækkuð samsvarandi, en stefndi féllst aðeins á hækkun er nam fasta hluta kaupaukans, 12%, þar sem stefndi hafnaði því alfarið að sveiflur í framleiðslu Áburðarverksmiðju ríkisins ættu að hafa áhrif á laun vélfræðinga í þjónustu hans. Þessi 12% launahækkun kom til vélfræðinga í þjónustu stefnda í tveimur áföngum. Með samkomulagi um starfsaldursbreytingar dags. 25. september 1986 og samkomulagi um 3,5% kaupauka dags. 15. september 1988. Þær kjarabætur, sem vélfræðingar hjá stefnda fengu með þessu, voru metnar jafngilda lágmarkinu 12%.

Með kjarasamningi stefnanda og Áburðarverksmiðjunnar hf., dags. 28. apríl 1997, var kaupaukakerfið fellt niður og grunnlaun vélfræðinga/vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðjunni hf. hækkuð um 21% í staðinn. Þar með hafa sveiflur í framleiðslu verksmiðjunnar ekki lengur áhrif á launin.

Eftir þá grunnlaunahækkun í Áburðarverksmiðjunni hf. gerði stefnandi kröfu á hendur stefnda, á grundvelli gr. 12.4. í kjarasamningi aðila, að stefndi hækkaði grunnlaun vélfræðinga í þjónustu sinni samsvarandi og laun vélfræðinga/vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðjunni hf. hækkuðu með samningnum 28. apríl 1997.

Gerð var krafa um 13,11% launahækkun þar sem vélfræðingar í þjónustu stefnda hafa þegar fengið 12% af hinni umsömdu 26,687%

hækkun (112 x 13,11% = 126,687). Með bréfi dags. 4. júní 1997 hafnaði stefndi þessari kröfu.

Þar sem stefndi hefur hafnað kröfum stefnanda á stefnandi ekki annarra kosta völ en að leita til dómstóla til þess að fá staðfesta skyldu stefnda til þess að samræma laun vélfræðinga í þjónustu sinni þeim breytingum, er urðu á launum vaktstjóra í Áburðarverksmiðjunni hf. hinn 1. apríl 1997.

Fyrir hækkun eru grunnlaun vélfræðinga í þjónustu stefnda kr. 87.561 sem með sömu hækkun og vélfræðingar í þjónustu Áburðarverksmiðjunnar hf. fengu verða 87.561 x 126,687/112 = 99.043. Auk þess fengu vaktstjórar í Áburðarverksmiðjunni 17,28 mínútur í yfirvinnu fyrir hverja vakt eða átta stunda dagvinnutímabil.

Ekki er í málinu ágreiningur um útreikning stefnukröfunnar.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á því að samkvæmt grein 12.4. í kjarasamningi stefnanda og stefnda beri stefnda að samræma laun félagsmanna stefnanda, er starfa í þjónustu stefnda, þeim breytingum er verði á umsömdum launum hjá vaktstjórum í Áburðarverksmiðju ríkisins, nú Áburðarverksmiðjunni hf. Það sé orðin venjuhelguð túlkun stefnanda og stefnda á grein 12.4. að slík samræming verði ekki gerð með öðrum hætti en að laun félagsmanna stefnanda verði hækkuð um sama hlutfall og laun vaktstjóra í Áburðarverksmiðjunni hf. hækki á hverjum tíma. Stefndi hafi, með því að neita að hækka laun vélfræðinga í þjónustu sinni til samræmis við þær launahækkanir, brotið gegn þessu ákvæði kjarasamningsins eins og aðilar hafi ávallt túlkað það.

Ákveðið samræmi/hlutfall hafi lengi verið milli grunnlauna vélfræðinga í þjónustu Áburðarverksmiðjunnar og vélfræðinga í þjónustu stefnda.

Árið 1984, er grein 12.4. kom inn í kjarasamninga aðila, voru vélfræðingar í þjónustu stefnda á 20% hærri grunnlaunum en vélfræðingar Áburðarverksmiðjunnar (kr. 24.540/kr. 20.449).

Þegar laun vaktstjóra í Áburðarverksmiðju ríkisins hækkuðu vegna hækkunar á stjórnunarálagi á launaflokk 7A, úr 20% í 32,4%, á árinu 1985 fengu vélfræðingar í þjónustu stefnda 4% grunnlaunahækkun. Frá þeim tíma voru grunnlaun vélfræðinga í þjónustu stefnda 24,8% hærri en grunnlaun vélfræðinga í þjónustu Áburðar-

verksmiðju ríkisins (1,20 x 1,04 = 1,248). Það hlutfall/samræmi hélst frá 1985 til 1995 (kr. 83.180/66.584).

Árið 1995 hafi verið samið um að hlutfallið verði 27,5% og grunnlaun vélfræðinga í þjónustu stefnda hækkuð um 2,16%. Eftir þá grunnlaunahækkun hafi hlutfallið milli launa vélfræðinga stefnda og vélfræðinga í þjónustu Áburðarverksmiðjunnar hf. verið 27,5% (1,20 x 1,04 x 1,0216), allt þar til kjarasamningurinn 28. apríl 1997 var gerður í Áburðarverksmiðjunni hf. og hlutfallinu/samræminu raskað.

Samræmi milli launa vélfræðinga í þjónustu stefnda og vélfræðinga í þjónustu Áburðarverksmiðjunnar hafi því haldist a.m.k. frá 1984 og það þrátt fyrir að laun hafi breyst a.m.k. 38 sinnum á því tímabili. Það sé vegna þess að það hafi ávallt verið skilningur beggja að grein 12.4. í kjarasamningi aðila beri að túlka þannig að allar launahækkanir í Áburðarverksmiðjunni eigi að yfirfærast beint til vélfræðinga í þjónustu stefnda.

Grein 12.4. í kjarasamningi stefnanda og stefnda eigi upphaf sitt að rekja til þess að með dómi Hæstaréttar 1971: 670 hafi verkfall vélstjóra hjá stefnda verið dæmt ólöglegt. Eftir þann dóm hafi stefndi samið um kjör vélstjóra, er starfa hjá honum, með Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins. Sú tilhögun hafi staðið allt til 1975, en 19. júní það ár hafi stefndi gert sjálfstæðan kjarasamning við stefnanda. Í þeim samningi var ákvæði, grein 11.4., er hljóðaði svo:

„Verði breyting á samningsbundnum launum vélstjóra (vaktstjóra og aðstoðarvaktstjóra) hjá Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins skulu laun vélstjóra í þjónustu Landsvirkjunar tekin til endurskoðunar".

Orðalagi þessa ákvæðis í kjarasamningi aðila hafi verið breytt og orðið „endurskoðunar" fellt út, enda hafi ákvæðið ekki náð tilgangi sínum þannig orðað. Í fyrsta lagi sé ákaflega óljóst hvað endurskoðun á launum þýði og í öðru lagi tryggði ákvæðið félagsmönnum stefnda ekki kjarabætur á sama hátt og verkfallsréttur hefði gert. Greinin var því samin upp á nýtt og hljóðar nú svo, grein 12.4.:

„Verði breyting á umsömdum launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins á samningstímanum skulu laun vélfræðinga hjá Landsvirkjun samræmd þeim".

Megintilgangur þessa samningsákvæðis sé sá að tryggja að vél-

fræðingar í þjónustu stefnda fái að minnsta kosti sömu launahækkanir og þeir starfsbræður þeirra, sem vinni sambærileg störf og hafa verkfallsrétt.

Stefndi hafi, eins og áður er rakið og sjáist af samanburði á grunnlaunabreytingum, ávallt viðurkennt skyldu sína til þess að hækka laun félagsmanna stefnanda í þjónustu sinni eins og laun viðmiðunarhópanna hafi hækkað. Eina hækkunin sem stefndi hafi neitað sé sá hluti kaupaukans í Áburðarverksmiðjunni hf., sem var framleiðslutengdur, þ.e. 12% – 20%. Það vandamál sé nú úr sögunni og vilji stefndi vera sjálfum sér samkvæmur beri honum að hækka laun félagsmanna stefnanda í þjónustu sinni um 13,11%, sbr. orðalag stefnanda á yfirlýsingu dags. 21. desember 1994.

Er stefndi neitaði stefnanda um umkrafða launahækkun hinn 4. júní 1997 raskaðist samræmið sem ávallt hafi verið milli launa vélfræðinga Áburðarverksmiðjunnar og stefnda. Grunnlaun í Áburðarverksmiðjunni hf. séu nú eftir kjarasamninginn í apríl 1997 kr. 86.883 en hjá stefnda kr. 87.561. Hlutfallið milli launanna (samræmið 27,5%) hefur því raskast verulega, eða úr 27,5% niður í 12,87%. Til þess að það haldist verði að hækka grunnlaun vélfræðinga í þjónustu stefnda í kr. 99.043 (87.561,00 x 1,275%/1,12 (12% hluti kaupaukans, sem kominn er)). Með því að neita þessari samræmingu/hækkun sé ljóst að stefndi sé að brjóta gegn kjarasamningi aðila, enda segir í grein 12.4.: „Verði breyting á umsömdum launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins . . . á samningstímanum skulu laun vélfræðinga hjá Landsvirkjun samræmd þeim."

Mál þetta var áður höfðað með stefnu útgefinni 16. júní 1997. Því var vísað frá Félagsdómi með úrskurði 18. september 1997, sem staðfestur var í Hæstarétti 21. október 1997. Frávísunarástæðan var sú, að Félagsdómur taldi að skilja bæri grein 12.4. í kjarasamningi aðila þannig, að breyting á umsömdum launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins (nú Áburðarverksmiðjunni hf.) á samningstímanum leiði ekki sjálfkrafa til hækkunar á launum vélfræðinga í þjónustu stefnda, heldur gefi slíkar breytingar tilefni til athugunar á því, hvort samræmi sé í launakjörum. Stefnandi hefur nú látið framkvæma samanburð á launakjörum vélfræðinga í Áburðarverksmiðju ríkisins/Áburðarverksmiðjunni hf. og hjá stefnda allt tímabilið, er grein 12.4. hefur verið í kjarasamningi aðila, þ.e. 1984-1998. Af þeim samanburði sjáist samræmi allan tímann, sem nú hafi

raskast verulega. Stefnandi hafi því bætt úr þessari vanreifun og sýni niðurstaða þessara gagna að krafa hans fyrir Félagsdómi sé réttmæt.

Málskostnaðarkröfu sína byggir stefnandi á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 130. gr. Kröfu sína um að tekið verði tillit til 24,5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun byggir stefnandi á lögum nr. 50/1988 og því að hann rekur ekki neina virðisaukaskattskylda starfsemi. Honum sé því nauðsynlegt vegna skaðleysissjónarmiða að fá dæmdan málskostnað úr hendi stefnda með inniföldum áhrifum 24,5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er áréttað að sú staðhæfing í stefnu að ekki sé í málinu „ágreiningur um útreikning stefnukröfunnar" feli ekki í sér að fallist sé á þá málsástæðu stefnanda að fyrir hendi sé „venjuhelguð túlkun" og að stefndi hafi brotið gegn ákvæði kjarasamnings „eins og aðilar hafa ávallt túlkað það". Stefndi telur að deila þessi heyri ekki undir Félagsdóm – eða dómstóla yfirleitt – heldur skuli aðilar semja um ágreiningsefnið, eins og málamiðlun hinn 3. júlí 1985 beri vitni um. Bent er á að hækkun miðað við viðmiðunarhópinn, sbr. samanburð á grunnlaunabreytingum, feli aðeins í sér fylgni en ekki sjálfkrafa hækkanir, sbr. yfirlýsingu stefnda dags. 18. desember 1997. Þá er því mótmælt að tilgangur umrædds ákvæðis hafi verið að tryggja að vélfræðingar í þjónustu stefnda fengju „að minnsta kosti" sömu launahækkanir og starfsbræður þeirra í viðmiðunarhópnum heldur hafi tilgangurinn verið að heildarlaun hópanna væru sambærileg. Skuli þá einnig tekið tillit til yfirborgana samkvæmt vinnustaðasamningum en ekki aðeins grunnlauna samkvæmt kjarasamningum.

Þá sé nauðsynlegt að víkja stuttlega að forsögu samningamála stefnda og stefnanda og því hvernig kjör félagsmanna stefnanda hjá stefnda hafi þróast frá árinu 1988 til nánari skýringa á málavöxtum.

Eftir að Hæstiréttur Íslands hafði dæmt ólögmætt verkfall vélfræðinga sem vinna hjá stefnda hafi stefndi samið við félagsmenn stefnanda ásamt Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins. Sú tilhögun hafi staðið til ársins 1975 en þá hafi stefndi gert sjálfstæðan samning við stefnanda. Þá hafi verið sett inn í þann samning formákvæði til tryggingar á þann veg að laun vélfræðinga hjá stefnda skyldu samræmd breytingum á umsömdum launum

vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðjunni. Með hliðsjón af því ákvæði hafi aðilar samið allt fram til þessa. Þegar Áburðarverksmiðjan hafi tekið upp bónusgreiðslur sem voru miðaðar við framleiðsluafköst um miðjan níunda áratuginn hafi stefnandi þegar farið fram á að stefndi tæki upp álíka greiðslur til vélfræðinga í sinni þjónustu. Stefndi hafi í fyrstu hafnað þessari kröfu en þegar sýnt var fram á að greiddur var lágmarksbónus óháð framleiðslu Áburðarverksmiðjunnar hafi stefndi fallist á að koma til móts við þau sjónarmið en þó ekki í formi bónuss heldur í formi breyttra starfsaldursreglna sem tryggðu vélfræðingum hjá stefnda að meðaltali 8,25% kjarabætur 1986 og tveimur árum síðar í formi 3,5% kaupauka á laun þegar fyrir lá að lágmarksbónusinn var orðinn 12%. Bónusgreiðslur hjá Áburðarverksmiðjunni frá 1988 sveifluðust frá 12% og upp í 21% til að byrja með en hafi undanfarin ár verið við 21% hámarkið þar til þær nú við síðustu samningsgerð hafi að fullu verið færðar inn í launataxta vaktstjóra verksmiðjunnar. Þannig megi álykta að bónusgreiðslur Áburðarverksmiðjunnar hafi þróast frá að vera upphaflega framleiðslubónus að hluta yfir í að vera hrein yfirborgun.

Í framhaldi af þessu sé rétt að rekja þróun kjaramála vélfræðinga í þjónustu stefnda frá því að gengið hafi verið frá samkomulagi við stefnanda um 3,5% kaupauka á árinu 1988. Á þessu tímabili hafi verið samið um breytta vinnutilhögun við allar aflstöðvar stefnda og hafi sólarhringsvaktir þar með verið endanlega felldar niður þar sem þær voru ennþá fyrir hendi. Þessi vinnutilhögun sé vaktavinna að því leyti að unnið sé að degi til alla daga ársins, helgidaga jafnt sem aðra, en starfsmenn sinni bakvöktum utan daglegs vinnutíma. Þá beri þess að geta að á öllum aflstöðvum nema við Hrauneyjafoss vinna starfsmenn að hluta til á venjulegu dagvinnutímabili án bakvaktaskyldu. Í samningagerð þessari hafi verið samið við starfsmenn um yfirborganir í formi hærra vaktaálags og bakvaktaálags auk þess sem þeir starfsmenn sem búsettir séu við aflstöðvarnar njóti ýmissa hlunninda sem metin séu til tekna svo sem húsnæðishlunninda. Það er og tekið fram að við aflstöðvar fyrirtækisins starfi nær allir þeir vélfræðingar sem fái greidd laun samkvæmt kjarasamningum stefnda og stefnanda.

Að því er varðar lagarök er vísað almennt í 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Frávísunarkrafa.
Litis pendens.

Frávísunarkrafa stefnda er í fyrsta lagi byggð á 4. mgr. 94. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála um litis pendens áhrif málsóknar. Kröfur stefnanda í félagsdómsmáli þessu séu þegar til meðferðar fyrir Hæstarétti Íslands, þar sem fram kemur að hæstaréttarmálið nr. 161/1997: Arngrímur Jónsson gegn Landsvirkjun hafi verið þingfest í Hæstarétti hinn 26. maí 1997. Samkvæmt málaskrá Hæstaréttar verði málið flutt hinn 24. mars n.k. Skv. 1. ml. 4. mgr. 94. gr. eml. „verður dóms ekki krafist um þær kröfur sem eru gerðar í því í öðru máli". Samkvæmt fortakslausu ákvæði 2. ml. 4. mgr. 94. gr. eml. skuli vísa kröfu frá dómi ef dóms sé krafist þannig um kröfu í öðru máli. Ákvæðið sé byggt á þeim efnisrökum að ekki samrýmist meginreglum réttarfars að tveir – eftir atvikum hliðsettir – dómstólar geti kveðið upp efnislegan fullnaðardóm um sömu kröfur byggðar á sömu atvikum, málsástæðum og lagarökum enda sé ekkert því til fyrirstöðu að annar dómstóll komist að gagnstæðri niðurstöðu miðað við dóm hins. Félagsdómur kveður eins og Hæstiréttur upp endanlega dóma um efni máls, sbr. 67. gr. laga nr. 80/1938. Beri því að vísa félagsdómsmáli þessu frá dómi enda sé það þingfest hinn 3. febrúar 1998 – eftir þingfestingu hæstaréttarmálsins hinn 26. maí 1997.

Aðallega er byggt á því að dómkröfur stefnanda, Vélstjórafélags Íslands, samkvæmt lögákveðnu málsóknarumboði skv. 1. mgr. 45. gr. laga nr. 80/1938 vegna ótiltekinna félagsmanna sinna í þjónustu stefnda í félagsdómsmáli þessu – um viðurkenningu á skyldu stefnda til að hækka grunnlaun þeirra félagsmanna og greiða þeim tilgreinda yfirvinnu, sbr. 1. og 2. tl. í dómkröfum í stefnu –, séu þær sömu og höfuðdómkrafa áfrýjanda í ofangreindu hæstaréttarmáli. Þá sé stefnandi í héraði og áfrýjandi í hæstaréttarmálinu, Arngrímur Jónsson, félagsmaður stefnanda og þar með í raun annar aðili félagsdómsmálsins, sbr. 2. ml. 1. mgr. 45. gr. laga nr. 80/1938, enda varða dómkröfurnar í félagsdómsmálinu félagsmennina beinlínis en ekki stéttarfélagið sem slíkt. Varnaraðili sé í báðum tilvikum sá sami, Landsvirkjun.

Ef ekki verði fallist á að dómkröfur stefnanda í félagsdómsmálinu séu þær sömu og höfuðdómkrafa áfrýjanda í hæstaréttarmálinu er til vara byggt á því að kröfur stefnanda í félagsdómsmálinu feli í sér kröfur áfrýjanda í hæstaréttarmálinu – og öfugt – enda séu hvorar

tveggja byggðar á sömu atvikum, málsástæðum og lagarökum, eins og sjá megi af samanburði stefnu í þessu máli við héraðsdóm og áfrýjunarstefnu í áðurgreindu máli. Slíkt sé andstætt meginreglum réttarfars og leiði einnig til frávísunar samkvæmt meginreglu 4. mgr. 94. gr. eml. Um það atriði að líta skuli til raunverulegs ágreiningsefnis aðila dómsmáls er vísað til dóms Hæstaréttar í H-1996:539 þar sem frávísun frá héraðsdómi var byggð á því að viðurkenningardómur um kröfu í því máli „myndi ekki leiða til þess, að efnisleg úrlausn fengist um álitaefni það, sem málsaðilar í reynd deila um." Hér háttar hins vegar svo til að tvær efnislegar – og allt eins ósamrýmanlegar – úrlausnir fengjust um „um álitaefni það, sem málsaðilar í reynd deila um". Myndi efnisleg úrlausn Félagsdóms um viðurkenningarkröfur stefnanda í máli þessu fyrirfram draga úr þýðingu væntanlegs hæstaréttardóms í ofangreindu máli.

Valdþurrð Félagsdóms.

Frávísunarkrafa stefnda byggist í öðru lagi á því að Félagsdómur sé ekki bær til úrlausnar í málinu nema sem gerðardómur skv. 3. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 og þá með formlegu samþykki 3ja dómenda Félagsdóms sem ekki liggi fyrir í máli þessu.

Aðallega sé byggt á því að mál sem þetta eigi almennt ekki undir Félagsdóm samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 enda varði málið hvorki brot á vinnusamningi (les: kjarasamningi) né ágreining um skilning á kjarasamningi eða gildi hans. Ágreiningslaust sé að enginn kjarasamningur sé í gildi milli aðila málsins og í eðli sínu sé því um hagsmunaágreining að ræða en ekki réttarágreining sem heyri undir Félagsdóm sem vinnumarkaðsdómstól. Dómstólum sé ófært að kveða upp úr um hagsmunaágreining aðila, þ.e. hver laun skulu vera. Réttarágreiningur um hver laun séu heyri hins vegar undir dómstóla. Hagsmunaágreining milli samningsaðila á vinnumarkaði beri samkvæmt áratugavenju og fræðikenningum í vinnumarkaðsrétti að leysa með samningaviðræðum aðila, eftir atvikum með atbeina sáttasemjara ef til eiginlegrar vinnudeilu komi.

Ef ekki verði fallist á að um hagsmunaágreining sé að ræða er til vara vísað til þess að í þessu tilviki hátti svo til að raunverulegur (réttar)ágreiningur aðila heyri undir almenna dómstóla eins og viðurkennt sé með málsókn í H.1996:539. Ekki verði komist hjá res judicata áhrifum dóms Hæstaréttar sem í H.1996:2416 hafi vísað málinu til héraðsdóms og þar með hafnað þeim skilningi héraðs-

dómara, „að það falli undir verksvið Félagsdóms að veita efnisúrlausn um slíkan ágreining, sbr. 2. tl. 44. gr. og 47. gr. laga nr. 80/1938, [. . .]". Sami efniságreiningur geti ekki heyrt undir tvo dómstóla en í hæstaréttardóminum segir: „Héraðsdómi er rétt að meta öll atriði, sem varða þessa launakröfu, og skýra að því leyti ákvæði umræddra kjarasamninga." Sé sýknudómur héraðsdóms nú til endurskoðunar hjá Hæstarétti sjálfum eins og fram er komið.

Rökstuðningur stefnanda gegn frávísunarkröfu stefnda.

Stefnandi byggir á því í þessum þætti málsins að málið varði ágreining um túlkun á gr. 12.4. í síðast gildandi kjarasamningi aðila, sem gildi áfram milli þeirra þar til nýr samningur hafi verið undirritaður. Sé því um réttarágreining að ræða. Mál þetta og einkamál Arngríms Jónssonar gegn stefnda, sem er launamál, geti ekki haft litis pendens áhrif hvort gagnvart öðru, enda séu ekki gerðar sömu kröfur í þeim málum, sbr. 4. mgr. 94. gr. laga nr. 91/1991. Stefndi hafi og ekki heldur haft þá málsástæðu uppi við málsmeðferð fyrir Félagsdómi 1997. Þá andmælir stefnandi því að H.1996:2416 geti haft res judicata áhrif á þetta mál og bendir m.a. á að sömu málsástæður og lagarök sé unnt að hafa uppi í fleiri málum samtímis.

Niðurstaða.

Mál þetta var upphaflega höfðað með stefnu útgefinni 16. júní 1997. Því var vísað frá Félagsdómi með úrskurði 18. september 1997 vegna vanreifunar. Sá úrskurður var staðfestur með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 21. október 1997. Málið var svo höfðað á ný með stefnu útgefinni 28. janúar 1998.

Málið, Arngrímur Jónsson gegn Landsvirkjun, var höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu birtri 16. október 1995. Stefndi var sýknaður með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 29. janúar 1997. Dóminum var áfrýjað til Hæstaréttar og málið þingfest þar 26. maí s.á.

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína aðallega á því að kröfur stefnanda í máli þessu séu þegar til meðferðar fyrir Hæstarétti í greindu einkamáli. Ákvæði 4. mgr. 94. gr. laga nr. 91/1991 um litis pendens áhrif málsóknar leiði til þess að dóms verði ekki krafist um þær kröfur fyrir Félagsdómi. Á þetta verður ekki fallist. Mál þessi eru ekki milli sömu aðila og ekki er um sömu dómkröfur að ræða. Annars vegar er um að ræða mál sem höfðað er fyrir Félagsdómi af stéttarfélagi á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um

stéttarfélög og vinnudeilur, en hins vegar launakröfu einstaklings sem rekið er fyrir almennum dómstólum. Sá málarekstur takmarkar ekki rétt og skyldu Félagsdóms til að skýra ákvæði kjarasamnings þótt í einkamálinu kunni að reyna á skýringu sama samningsákvæðis.

Mál þetta varðar ágreining um skilning á gr. 12.4. í kjarasamningi aðila frá 29. júní 1995, sem gilda átti til ársloka 1996. Nýr kjarasamningur hefur ekki verið gerður.

Þegar svo stendur á heyrir undir Félagsdóm að dæma þar um samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Þá verður ekki á það fallist að dómur Hæstaréttar í málinu nr. 315/1996: Arngrímur Jónsson gegn Landsvirkjun, sem upp var kveðinn 27. ágúst 1996, hafi res judicata áhrif á mál þetta, svo sem stefndi heldur fram.

Samkvæmt framansögðu er hafnað kröfu stefnda um frávísun málsins.

Stefndi skal greiða stefnanda í málskostnað í þessum þætti málsins sem ákveðst kr. 80.000.

Úrskurðarorð:

Frávísunarkröfu stefnda er hafnað.

Stefndi, Landsvirkjun, greiði stefnanda, Vélstjórafélagi Íslands, kr. 80.000 í málskostnað.

Fimmtudaginn 7. maí 1998.

Nr. 10/1997. **Félag íslenskra flugumferðarstjóra (FÍF)**
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
íslenska ríkinu
(Einar Karl Hallvarðsson hrl.)

Verkfallsheimild. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Guðmundur Skaftason og Sveinn Sveinsson.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. apríl sl., var höfðað með stefnu áritaðri um birtingu 23. maí 1997.

Stefnandi er Félag íslenskra flugumferðarstjóra (FÍF), kt. 560372-0199, Grensásvegi 16, Reykjavík.

Stefndi er íslenska ríkið, kt. 550169-2829, Arnarhváli, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda:

Að þær breytingar verði gerðar á skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, að í stað orðanna „Flugumferðarstjórar, allir“ og „Flugumferðarstjórar“ komi eftirfarandi stöður:

Samgönguráðuneyti.

5 flugumferðarstjórar (varðstjórar) í flugturni í Reykjavík. Sólarhringsvakt.

4 flugumferðarstjórar (allir) í flugturni á Akureyri. Skv. þjónustuskrá.

2 flugumferðarstjórar (báðir) í flugturni í Vestmannaeyjum. Skv. þjónustuskrá.

6 flugumferðarstjórar í flugstjórnarmiðstöðinni Reykjavík á sólarhringsvakt og

5 flugumferðarstjórar á 16 tíma vakt (allir starfandi aðal- og aðstoðarvarðstjórar).

Utanríkisráðuneyti.

5 flugumferðarstjórar í flugturni Keflavíkur á sólarhringsvakt og

5 flugumferðarstjórar í aðflugi Keflavík/Reykjavík á sólarhringsvakt (allir varðstjórar og aðstoðarvarðstjórar).

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi þar með talinn reikningur dómkvaddra matsmanna.

Jafnframt er þess krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði litið til kostnaðar stefnanda af virðisaukaskattskyldu lögmannsþjónustu.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar samkvæmt mati réttarins.

Upphaflega krafðist stefndi frávísunar málsins. Með úrskurði uppkveðnum 23. júní 1997 var málinu í heild vísað frá dómi. Frávísunarúrskurður þessi var kærður til Hæstaréttar og með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 11. sept. 1997 var staðfest ákvæði úrskurðarins um frávísun aðalkröfu, þ.e. að flugumferðarstjórar verði felldir niður af skrá samkvæmt auglýsingu nr. 68/1995, sem birt var á grundvelli 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. En lagt fyrir Félagsdóm að taka til efnislegrar meðferðar vara- og þrautavarakröfur stefnanda.

Stefnandi hefur fallið frá þrautavarakröfu sinni. Þannig að nú er eingöngu til umfjöllunar krafa stefnanda sem upphaflega var varakrafa hans.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo:

Í auglýsingu nr. 68/1995, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda hinn 27. janúar 1995, voru allir flugumferðarstjórar, bæði þeir sem starfa hjá flugmálastjórn í Reykjavík og hjá flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli, tilgreindir á skrá fjármálaráðherra um þá sem njóta ekki verkfallsréttar vegna starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í auglýsingunni voru störf flugumferðarstjóra tiltekin með eftirgreindum hætti.

„Stofnun.	Starf:
Utanríkisráðuneyti.	
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli.	Flugumferðarstjórar, allir.
Samgönguráðuneyti.	
Flugmálastjórn.	Flugumferðarstjórar“.

Í framangreindri birtingu hafi falist ákvörðun stjórnvalda um að svipta alla starfandi flugumferðarstjóra verkfallsrétti. FÍF mótmælti skráningu ráðherra á öllum flugumferðarstjórum á framangreindum lista með stefnu til Félagsdóms (mál nr. 3/1995). Með dómi 25. september 1995 hafnaði Félagsdómur kröfu stefnanda. Í forsendum

dómsins kemur fram að stefnandi eigi árlega rétt til þess að bera fram andmæli við framlengdri skrá og skipti ekki máli í því sambandi að hann hafi ekki hreyft andmælum við auglýsingum fyrri ára. Tekið er fram að í ljósi niðurstöðu Félagsdóms í málinu nr. 3/1987, þar sem allir starfandi flugumferðarstjórar voru taldir falla undir 3. tl. (nú 5. tl.) 1. mgr. 19. gr. l. nr. 94/1986, verði að telja að stefnandi hafi sönnunarbyrðina fyrir því að aðstæður hafi breyst til þess að kröfur hans verði teknar til greina.

Að mati stefnanda hafa aðstæður breyst verulega frá því dómur gekk í málinu nr. 3/1995. Í sama mánuði og dómurinn var kveðinn upp sögðu nánast allir flugumferðarstjórar hjá stefnda starfi sínu lausu. Þeir sem sögðu upp voru alls 82. Uppsagnirnar áttu að taka gildi 1. janúar 1996. Vegna uppsagnanna var útbúin viðbúnaðaráætlun af hálfu flugmálayfirvalda. Stjórnvöld lýstu því yfir að með viðbúnaðaráætluninni væri að fullu tryggt nauðsynlegt flugöryggi enda yrði haldið uppi fullnægjandi flugumferðarþjónustu. Til þess að tryggja fullnægjandi mönnun skv. viðbúnaðaráætluninni var uppsagnarfrestur 32 flugumferðarstjóra framlengdur til 1. apríl 1996. Fimmtíu flugumferðarstjórum var hins vegar veitt lausn.

Í málinu leggur stefnandi fram endurrit af nokkrum yfirlýsingum forsvarsmanna flugmála, sem gefnar voru í tilefni uppsagna flugumferðarstjóra haustið 1995. Í opinberri fréttatilkynningu samgönguráðherra og utanríkisráðherra þann 27.11.95 segir:

„. . . Uppsagnarfrestur 32 flugumferðarstjóra er hins vegar framlengdur til 1. apríl 1996 í samræmi við lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, til þess að halda megi uppi nauðsynlegri flugumferðarþjónustu og tryggja flugöryggi ásamt því að hefja þjálfun nýrra starfsmanna. . .“

Í viðtali við Morgunblaðið 28.11.95 lýsti Ásgeir Pálsson framkvæmdastjóri flugumferðarþjónustunnar því hvernig flugumferðarstjórn yrði mönnuð skv. viðbúnaðaráætluninni.

Framkvæmdastjóri flugumferðarþjónustunnar lýsti því yfir í sjónvarpsviðtali 28.11.95 að hann ætti von á því að farþegaflug yrði með eðlilegum hætti við þessar aðstæður. M.a. sagði hann:

„. . . Það getur vel verið að það verði ekki eins hagkvæmt eins og vanalega en það verður með eðlilegum hætti og ég á ekki von á öðru en að flugfélög geti haldið sínar tímaáætlanir. Það er hægt að breyta þjónustustigi yfir landinu úr því að vera stjórnað loftrými

sem er með svokallaðri jákvæðri flugumferðarstjórn yfir í að vera upplýsingasvæði, upplýsingar um aðra flugumferð eru veittar og á þeim tíma, janúar, sem er lítil umferð innanlands þá er þetta vel framkvæmanlegt. . .“

Í viðtali við DV 04.12.95 lýsti Þorgeir Pálsson, flugmálastjóri áhrifum viðbúnaðaráætlunarinnar þannig:

„Öllum flugstjórnarmiðstöðvum ber skylda til að hafa til reiðu viðbúnaðaráætlanir samkvæmt stofnsamningi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Slíkar áætlanir tryggja flugsamgöngur þegar eitthvað raskar flugi í viðkomandi flugstjórnarsvæði. Í raun þarf alls ekki að vera um neyðarástand að ræða. Erlendis hefur oft verið gripið til slíkra ráðstafana, m.a. vegna aðgerða flugumferðarstjóra. . . . Viðbúnaðaráætlanirnar byggjast á því að draga úr hagkvæmninni án þess að fórna öryggginu. . .“

Í fréttum ríkisútvarpsins 18.12.95 og Stöðvar 2, sama dag, kom fram að Alþjóðaflugmálastofnunin hefði samþykkt viðbúnaðaráætlun flugmálastjórnar fyrir íslenska flugstjórnarsvæðið. Innihaldi samþykktarinnar lýsti framkvæmdastjóri flugumferðarþjónustunnar svo:

„Það þýðir nú aðallega það, að við höfum fengið viðurkenningu á því að sú viðbúnaðaráætlun, sem var unnin hér heima, er viðurkennd af alþjóða flugmálastofnuninni sem að vera örugg og að fylgja öllum þeim reglum sem þarf.“

Flugmálastjóri lýsti viðbúnaðaráætluninni í fréttum RÚV 19.12.95 þannig að hún veitti fullnægjandi öryggi en kynni að leiða til óhagkvæmni fyrir flugfélögin. Skv. áætluninni yrði flugi beint yfir íslenska flugstjórnarsvæðið eftir fastákveðnum brautum í ákveðinni hæð á þeim tímum sem umferð er mest en innanlands yrði flugstjórnarsvæðinu breytt í nokkurs konar flugupplýsingasvæði, sem ekki sé nýtt af nálinni. Orðrétt sagði flugmálastjóri:

„Hins vegar er markmið flugumferðarstjórnar tvíþætt, þ.e. að tryggja flugöryggi annars vegar og svo hagkvæmni hins vegar. Þannig að við erum raunverulega að ganga á hagkvæmnina sem liggur í því að vélar verða að fljúga eftir föstum ferlum fremur heldur en að fara þær leiðir sem flugrekendur og flugmenn helst kjósa.“

Aðspurður um hvort öryggi fólks yrði á einhvern hátt stefnt í voða svaraði flugmálastjóri:

„Nei, það get ég fullyrt.“

Í fréttum Stöðvar 2 19.12.95 sagði flugmálastjóri um viðbúnaðaráætlunina:

„Sérstaklega þá er nú kannski betra að aðrir leggi mat á það heldur en við en Alþjóðaflugmálastofnunin hún hefur yfirfarið þessar áætlanir og veitt fullt formlegt samþykki fyrir þeim."

Eftir flugmálastjórn var svo haft að viðbúnaðarkerfið gæti borið 470 vélar á annatímanum yfir daginn en mest umferð á svæðinu hafi mælst 320 vélar. Í riti flugmálastjórnar, útgefnu í október 1994, kemur fram að 1. október 1993 hafi verið metdagur á íslenska úthafsflugstjórnarsvæðinu. Þá hafi 335 vélar farið um svæðið. Það sé því ljóst að í viðbúnaðaráætlun flugmálastjórnar sé gert ráð fyrir þjónustugetu langt umfram þá umferð sem mest hefur verið til þessa.

Um það, hvort viðbúnaðaráætlunin drægi úr hagkvæmni flugreksturs, sagði flugmálastjóri:

„Já, það gerir það vissulega því að meginmarkmið flugumferðarstjórnar eru annars vegar að sjá til þess að öryggi sé haldið uppi og það er þá fyrst og fremst með því að aðskilnaður sé á milli véla, nægilegur aðskilnaður, og hins vegar að tryggja ýtrustu hagkvæmni þegar því verður við komið."

Svipaðar yfirlýsingar um fullkomið öryggi en minni hagkvæmni séu hafðar eftir flugmálastjóra og framkvæmdastjóra flugumferðarþjónustunnar í fréttum 19., 26. og 28.12.95.

Ekki reyndi á viðbúnaðaráætlun flugumferðarstjórnar þann 1. apríl 1996, þar sem flugumferðarstjórarnir drógu uppsagnir sínar til baka áður en til þess kæmi. Stefnandi bendir á að flugumferðarstjórar erlendis hafi víða verkfallsrétt, t.d. í Bretlandi, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Verkfallsréttur þessara stétta hafi aldrei verið talinn fela í sér vanefnd af hálfu viðkomandi ríkisstjórna á skuldbindingum ríkjanna gagnvart Alþjóðaflugmálastofnuninni eða öðrum ríkjum um flugumferðarstjórn á viðkomandi svæði. Engin rök hnígi til þess að aðrar kröfur séu gerðar gagnvart Íslandi og engar upplýsingar liggi fyrir um að þær kröfur séu gerðar.

Nýr listi, í stað þess frá 27. janúar 1995, hafi ekki verið birtur í upphafi þessa árs. Af því leiði að eldri listinn hefði gilt áfram hefði stefnandi ekki lagt fram mótmæli í formi stefnu til Félagsdóms fyrir 1. mars sl., sbr. 19. gr. l. 94/1986. Félagsdómsstefna hafi verið gefin út 26.02.97. Var gerð krafa um að tilgreining stefnda á flugumferðarstjórum yrði felld af skránni frá 1995, þar sem upplýst væri það mat

stefnda að einungis hluti flugumferðarstjóra þyrfti að vera að störfum í verkfalli til þess að tryggja flugöryggi. Hafi stefnandi litið svo á, sérstaklega í ljósi niðurstöðu Félagsdóms í málinu nr. 13/1995 í máli Félags flugmálastarfsmanna ríkisins, að honum væri nægilegt að setja fram við Félagsdóm rökstudd mótmæli um að skráin væri of víðtæk og af henni mætti ekki sjá hverjir ættu að vinna og við hvaða störf. Við þær aðstæður hefði stefndi sönnunarbyrðina fyrir því að lagaskilyrði væru fyrir hendi til þess að svipta alla flugumferðarstjóra verkfallsrétti. Það hafi fram til þessa verið álit Félagsdóms að það væri hvorki hlutverk dómsins sjálfs né stéttarfélaganna, að semja skrár yfir þá, sem ekki hefðu verkfallsrétt. Slíkt sé eðli málsins samkvæmt hlutverk vinnuveitanda. Ekki verði fullyrt að skilja beri frávísunarúrskurðinn frá 8. apríl sl. svo að hann feli í sér stefnubreytingu að þessu leyti. Félagsdómur hafi ekki talið samhengi málsástæðna og kröfugerðar nægjanlega skýrt og vísaði málinu frá dómi og hafi sú frávísunarástæða verið staðfest í Hæstarétti.

Í forsendum úrskurðar Félagsdóms, frá 8. apríl 1997, komi fram að til þess að Félagsdómur geti lagt mat á hæfilega mönnun flugumferðarstjóra í verkfalli, þurfi að liggja fyrir hlutlæg úttekt á því hvaða mannafla sé þörf til þess að halda uppi nægilega traustri stjórn flugumferðar til að landið einangrist ekki um loftferðir og staðið verði við alþjóðlegar skuldbindingar.

Af þessu tilefni hafi stjórn stefnanda leitað þann 7. maí sl. til þriggja sérfræðinga í flugöryggismálum, sem allir séu starfandi flugumferðarstjórar, og óskað eftir rökstuddu mati þeirra á þeim atriðum sem að framan eru tilgreind. Álitsgerðin er lögð fram í málinu. Í álitsgerð þessari segir m.a.:

„Þegar ekki er tekið tillit til hagkvæmni og búið er að skapa leiðakerfi þar sem ferlar skerast ekki þarf í raun aðeins að halda hverri deild opinni til að afgreiða heimildir til véla inn í flæðikerfið. Þar myndi nægja að manna hverja deild með einum manni til þess að sinna þjónustunni á brottfarar- og komustað og í flugstjórnarmiðstöðinni. Afköst kerfisins myndu ráðast af því hvað einn maður afkastaði við brottfarar- og komuumferð og þeirri umferð myndi verða forgangsraðað samkvæmt starfsreglum.

Til þess að tryggja slíka þjónustu þyrftu að vera að störfum:

5 flugumferðarstjórar í flugturni Reykjavík – vakt 24 tíma.

4 flugumferðarstjórar í flugturni Akureyri – skv. þjónustuskrá.

2 flugumferðarstjórar í flugturni Vestmannaeyjum – skv. þjónustuskrá.

5 flugumferðarstjórar í flugturni Keflavíkur – vakt 24 tíma.

5 flugumferðarstjórar í aðflugi Keflavík/Reykjavík – vakt 24 tíma.

6 flugumferðarstjórar í flugstjórnarmiðstöðinni Reykjavík – vakt 24 tíma.

5 flugumferðarstjórar í flugstjórnarmiðstöðinni Reykjavík – vakt 16 tíma.

Samtals eru þetta 32 flugumferðarstjórar. Við það er miðað að starfsemi verði á vöktum með venjulegum hætti og framangreindir starfsmenn skipti vöktunum með sér skv. vaktaskrá.

Þannig yrðu starfandi allir þeir er gegna eftirfarandi störfum: varðstjórar og aðstoðarvarðstjórar í Keflavík, aðal- og aðstoðarvarðstjórar í flugstjórnarmiðstöðinni, varðstjórar í flugturni í Reykjavík og allir starfandi flugumferðarstjórar í Vestmannaeyjum og á Akureyri.

Ekki er gert ráð fyrir að starfsemi í skóla Flugmálastjórnar enda er hlutverk hans að þjálfa nýja flugumferðarstjóra sem ekki væru að störfum hvort sem er. Ekki er gert ráð fyrir mönnun leitar- og björgunarmiðstöðvarinnar enda er hún aðeins starfrækt þegar þörf krefur.

Í viðbúnaðaráætlun Flugmálastjórnar frá 20. desember 1995 var gert ráð fyrir að starfandi væru flugumferðarstjórar í skóla Flugmálastjórnar og nokkrum störfum yfirmanna. Þessi störf eru að okkar mati ekki nauðsynleg til þess að tryggja öryggi flugumferðar, komi til verkfalls flugumferðarstjóra, frekar en t.d. á fríhelgum þegar þau eru ekki unnin. Að öðru leyti er mat okkar sambærilegt því mati sem fólst í gerð viðbúnaðaráætlunarinnar. Rétt er að vekja athygli á að í Doc 9426 ATS Planning Manual eru engin ákvæði um mönnun.

Með þeirri mönnun sem við leggjum til og teljum nauðsynlega, komi til verkfalls flugumferðarstjóra, yrði öryggi flugs til og frá Íslandi tryggt. Okkur er ekki kunnugt um að alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á sviði flugumferðarstjórnar gætu talist vanefndar með þessu fyrirkomulagi. Starfsreglur flugumferðarþjónustunnar gera reyndar ráð fyrir því að til takmörkunar þjónustu geti komið af ýmsum ástæðum án þess að það sé talið brot á samningsskuldbindingum íslenska ríkisins.

Í samningi íslenska ríkisins og alþjóða flugmálastjórnarinnar er gert ráð fyrir þeim möguleika að til tímabundinnar röskunar á umfangi flugumferðarstjórnar geti komið. Við þær aðstæður hefur íslenska ríkið skuldbundið sig til þess að tilkynna um samdráttinn í flugumferðarstjórn til alþjóða flugmálastjórnarinnar þannig að ráðrúm gefist til þess að draga úr neikvæðum áhrifum röskunarinnar.

Íslenska ríkið hefur staðfest Chicago sáttmálann um alþjóðlegt borgaralegt flug. Verkfall flugumferðarstjóra, í því formi sem að framan er greint, fæli ekki í sér brot gegn skuldbindingum Íslands skv. sáttmálanum.

8. Lokaorð:

Það er niðurstaða okkar sem að þessu áliti stöndum að framangreind mönnun nægi til þess að halda flugumferð gangandi og tryggja fullkomið öryggi hennar við þær kringumstæður sem ICAO Doc 9426 vísar til, þ.e. ef stuðst er við skipulag umferðar þar sem flugferlar skerast ekki.

Gengið er út frá því sem grundvallaratriði að tryggt verði öryggi þeirra sem fljúga. Hagkvæmni flugumferðar yrði hins vegar minni."

Undir rekstri málsins voru að ósk stefnanda dómkvaddir tveir matsmenn til þess að meta hver sé lágmarksmönnun við flugumferðarstjórn komi til verkfalls Félags íslenskra flugumferðarstjóra. Við matið skyldi miðað við að í verkfalli sé tryggð nauðsynlegasta öryggisgæsla skv. 5. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, sbr. 20. gr. sömu laga. Í samráði við lögmenn aðila voru dómkvaddir, sem hæfir menn og óvilhallir til þess að meta hið umbeðna, þeir Pétur Einarsson fyrrverandi flugumferðarstjóri og Páll Gestsson fyrrverandi flugumferðarstjóri, deildarstjóri í starfsmannahaldi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.

Hinn 9. mars sl. var lögð fram matsgjörð hinna dómkvöddu matsmanna. Niðurstaða þeirra um lágmarksmönnun við flugumferðarstjórn svo tryggð sé nauðsynlegasta öryggisgæsla skv. 5. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, sbr. 20. gr. sömu laga var:

„Vegna flugs um lofthelgi Íslands, úthafssvæði og lofthelgi Grænlands:

Flugstjórnarmiðstöð í Reykjavík verði með 24 stunda þjónustu og þarf 11 flugumferðarstjóra.

Rök: Rekstri nauðsynlegustu öryggisþjónustu í flugstjórnarmiðstöðinni verður að halda uppi til þess að efna skuldbindingar sam-

kvæmt samningum og að viðhalda öryggi vegna flugumferðar sem á ferð er. Gert er ráð fyrir.

1. Óbreyttum þjónustutíma og óbreyttu hlutverki en skertum afköstum skv. forgangsröðun flugumferðar skv. dskj. 19, fsk. 4.
2. Að flugumferð milli meginlanda verði á skipulögðum ferlum og umferð inná þá verði stjórnað frá hlutaðeigandi flugstjórnarmiðstöðvum á sama máta og gert er dags daglega. Á Íslandi verði fyrst og fremst um viðbúnaðarþjónustu að ræða vegna flugs milli meginlandanna og stjórnun flugumferðar að og frá landinu auk samningsbundinnar þjónustu í loftrými Grænlands og Færeyja.
3. Að flugstjórnarrými flugstjórnarmiðstöðvarinnar verði þjónað sem einni heild, án skiptingar í svæði.
5. (svo í matsgerð) Að fimm aðalvarðstjórar gangi venjubundnar vaktir, þ.e. frá 07:00 til 15:00 og frá 15:00 til 23:00. Að einn flugumferðarstjóri gegni á hverri kjarnavakt þ.e. 07:00 til 17:00, 10:00 til 20:00 og 20:00 til 07:00 eða samtals 6 flugumferðarstjórar. Þannig eru tveir til þrír menn að jafnaði á vakt í flugstjórnarmiðstöð nema frá 23:00 til 07:00 er einn maður.

Vegna starfrækslu flugstjórnarsviða, aðaltollflughafna og varaflugvalla:

Flugturn í Keflavík/aðflug Keflavík og Reykjavík verði með 24 stunda þjónustu og þarf 10 flugumferðastjóra.

Rök: Aðaltollflughöfn og millilandaflugvöllur með flugstjórnarsvið. Þjónustutími er óbreyttur. Gert er ráð fyrir að varnarliðið annist flugumferðarstjórn sinna loftfara ef á þarf að halda, en umferð þeirra er mjög stór hluti verkefna. Verkefni vegna borgaralegs flugs eru óbreytt en afköst skert. Flug um völlinn m.a. millilandaflug getur haldið áfram með nauðsynlegustu öryggisgæslu.

Gert er ráð fyrir óbreyttum kjarnavöktum með tveimur flugumferðarstjórum á vakt hverju sinni, þ.e. einn í turni, einn við KF aðflug og RK aðflug þannig: Frá 07:00 til 12:00, 12:00 til 20:00 og 20:00 til 07:00.

Flugturn í Reykjavík verði með 24 stunda þjónustu og þarf 5 flugumferðastjóra.

Rök: Tollflughöfn, varaflugvöllur, flugstjórnarsvið. Þjónustutími og verkefni óbreytt en afköst skert. Flug um völlinn getur haldið áfram með nauðsynlegustu öryggisgæslu. Gert er ráð fyrir óbreytt-

um kjarnavöktum með einum flugumferðarstjóra á vakt hverju sinni. Þannig: Frá 07:00 til 12:00, 12:00 til 21:00 og 20:00 til 07:00.

Flugturn á Akureyri verði með venjulega þjónustu og þarf 4 flugumferðarstjóra.

Rök: Tollflughöfn, varaflugvöllur, flugstjórnarsvið. Þjónusta óbreytt.

Flugturn á Vestmannaeyjum verði með venjulegan þjónustutíma og þarf 2 flugumferðarstjóra.

Rök: Flugstjórnarsvið. Þjónusta óbreytt.

Ályktunarorð:

Til þess að halda uppi nægilega traustri stjórn flugumferðar og til að landið einangrist ekki um loftferðir og staðið verði við alþjóðlegar skuldbindingar er lágmarksmönnun við flugumferðarstjórn komi til verkfalls Félags íslenskra flugumferðarstjóra svo tryggð sé nauðsynlegasta öryggisgæsla skv. 5. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, 32 flugumferðarstjórar."

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að það sé viðurkennd meginregla að ríkisstarfsmenn hafi verkfallsrétt. Allar undantekningar frá meginreglunni beri að skýra þröngt. Réttur til þátttöku í stéttarfélagi teljist til grundvallarmannréttinda og hafi m.a. stoð í 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem nú hafi fullt lagagildi hér á landi og 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins.

Stéttarfélög hafi það skilgreinda meginhlutverk að semja um kjör félagsmanna sinna og hafi heimild til þess að beita verkföllum í því sambandi. Dómstólum beri að gæta þess að ákvarðanir stjórnvalda að takmarka réttindi félagsmanna í stéttarfélögum til þess að taka þátt í löglega boðuðum vinnustöðvunum gangi aldrei lengra en brýnasta nauðsyn krefji og örugg lagastoð sé fyrir.

Lagareglan um takmörkun verkfallsréttar flugumferðarstjóra í 19. gr. laga nr. 94/1986 sé bundin við að þrátt fyrir verkfall sé áfram tryggð nauðsynlegasta öryggisgæsla. Takmörkunarheimildin sé því bundin við öryggisþáttinn. Ekki sé heimilt að takmarka verkfallsréttinn vegna annarra sjónarmiða, eins og t.d. með tilliti til hagkvæmni flugrekstrar.

Hefði löggjafarviljinn staðið til þess að flugumferðarstjórar hefðu ekki verkfallsrétt hefði verið eðlilegast að gera það með beinu lagaboði, sbr. 1.-4. tl. 19. gr. laganna. Óeðlilegt sé að túlka lögin þannig að stjórnvaldi sé heimilt að afnema verkfallsrétt einstakra starfs-

hópa án rökstuðnings fyrir ákvörðunum gagnvart hverjum einstökum starfsmanni.

Í forsendum úrskurðar Félagsdóms í málinu nr. 3/1997 segi:

„Gögn málsins eru að mestu frásagnir fjölmiðla um meira og minna ósamhljóða skoðanir manna um tilvik af öðru tilefni en hér ræðir um. Verða þau ein sér ekki lögð til grundvallar í dómsmáli sem þessu, heldur þarf að liggja fyrir hlutlæg úttekt á því hvaða mannafla sé þörf til þess að halda uppi nægilega traustri stjórn flugumferðar til að landið einangrist ekki um loftferðir og staðið verði við alþjóðlegar skuldbindingar. . ."

Af þessari ástæðu hafi stjórn stefnanda leitað til þriggja flugumferðarstjóra sem eigi það sameiginlegt að vera sérfræðingar í flugöryggismálum og hafi starfað erlendis að flugöryggismálum. Hafi þess verið óskað að nefndir sérfræðinga gæfu álit sitt á því hver fjöldi flugumferðarstjóra væri nauðsynlegur, kæmi til verkfalls, til þess að tryggja öryggi flugumferðar á íslenska flugumferðarstjórnarsvæðinu. Vegna forsendna í úrskurði Félagsdóms frá 8. apríl 1997 hafi sérfræðingarnir jafnframt verið beðnir að gefa álit á því hvort sú mönnun, sem þeir legðu til, tryggði að landið einangraðist ekki um loftferðir og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands yrðu haldnar. Sérfræðingarnir skiluðu rökstuddri álitsgerð, dagsettri 14. maí 1997, þar sem fram kemur það mat að tryggja megi nauðsynlegt öryggi flugumferðar með því að 32 flugumferðarstjórar verði að störfum í verkfalli. Dómkrafa stefnanda er gerð með vísan til álitsgerðarinnar og niðurstöðu dómkvaddra matsmanna. Um forsendur og nánari rökstuðning vísast til álitsgerðarinnar svo og matsgjörðar dómkvaddra matsmanna. Vakin er athygli á því að mat sérfræðinganna svo og dómkvaddra matsmanna á mannaflaþörf flugumferðarstjórnar til þess að tryggja nauðsynlegt flugöryggi í verkfalli sé mjög líkt mati stjórnvalda sem birtist í viðbúnaðaráætluninni frá því á árinu 1995.

Um málskostnað er vísað til 65. gr. laga nr. 80/1938, sbr. XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi hafi ekki frádráttarrétt vegna kostnaðar af virðisaukaskatti af lögmannsþjónustu og er þess krafist að tekið verði tillit til þess kostnaðar við ákvörðun málskostnaðar. Stefnandi telur að við ákvörðun málskostnaðarins beri að líta til mikillar undirbúningsvinnu sem lögð var á stefnanda með því að gera kröfur til stéttarfélagsins um að það

aflaði úttektar á nauðsynlegri mönnun við flugumferðarstjórn í hugsanlegu verkfalli. Jafnframt er þess krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði stefndi dæmdur til greiðslu kostnaðar vegna vinnu dómkvaddra matsmanna samkvæmt framlögðum reikningi, sem stefnandi hafi þegar greitt.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir því að aðstæður hafi breyst verulega þannig að telja megi að störf flugumferðarstjóra verði ekki lengur talin þess eðlis að falla fullkomlega undir 5. tölulið 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Um sönnunarbyrði þessa vísar stefnandi til almennra reglna auk sérreglunnar í 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, sbr. einnig dóm Félagsdóms í málinu nr. 3/1995. Stefndi telur að ekkert hafi breyst varðandi störf flugumferðarstjóra eða í starfsemi Flugmálastjórnar þannig að fallast megi á málatilbúnað stefnanda. Það mat löggjafans, sem fram komi í fylgiskjali með frumvarpi sem varð að lögum nr. 94/1986, og mat Félagsdóms um að flugumferðarstjórar teljist allir sinna nauðsynlegustu öryggisgæslu og falli fullkomlega undir ákvæði 5. töluliðs 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, standi óhaggað.

Stefnandi hafi ekki reynt að rökstyðja aðalkröfu sína efnislega fremur en í fyrri málum um sama sakarefni. Í dómi Félagsdóms í málinu nr. 3/1995 hafi ekki verið talin efni til að litið yrði svo á að undanþágur flugumferðarstjóra frá verkfallsheimild væru víðtækari en áður hafði verið ákveðið, þ.e. að undanþáguheimildin tæki til allra sem störfuðu sem flugumferðarstjórar. Óhaggað standi að í auglýsingu nr. 68/1995 séu allir flugumferðarstjórar undanþegnir verkfallsheimild. Tilgreining starfanna sé því svo skýr sem frekast getur orðið og vafalaust að þar séu allir flugumferðarstjórar taldir, jafnt þeir sem falli undir samgöngu- og utanríkisráðuneyti í nefndri auglýsingu. Hafi Félagsdómur þegar dæmt um að tilgreining starfanna sé nægilega skýr og ótvíræð en í félagsdómsmálinu nr. 3/1995 hafi tilgreiningin verið talin ná til allra sem störfuðu sem flugumferðarstjórar. Mótmælt er þeim staðhæfingum stefnanda að markmið þess að tilgreina alla flugumferðarstjóra á skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 sé í sjálfu sér að svipta starfsmennina verkfallsrétti. Mat löggjafans, flugmálayfirvalda og Félagsdóms þess efnis, að flugumferðarstjórar falli fullkomlega undir 5. tölulið 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 þar sem þeir starfi við nauðsynlegustu

öryggisgæslu, leiði til þess að fjármálaráðherra hafi ekki breytt skrá þeirri sem birta skal samkvæmt 2. mgr. 19. gr. að því er varðar störf flugumferðarstjóra.

Málsókn stefnanda jafnt nú sem fyrr á þessu ári sé reist á rangtúlkun stefnanda á viðbúnaðaráætlun Flugmálastjórnar, sem meðal annars fól í sér framlengingu á uppsagnarfresti 32 flugumferðarstjóra. Viðbúnaðaráætlunin hafi ekki falið í sér breytingu á starfsemi flugumferðarþjónustu, heldur hafi verið um að ræða neyðarráðstöfun til bráðabirgða þar sem nær allir flugumferðarstjórar höfðu sagt upp störfum frá og með 1. janúar 1996. Viðbúnaðaráætlunin hafi ekki verið þess efnis að 32 flugumferðarstjórar gætu sinnt nauðsynlegustu öryggisgæslu eins og stefnandi virðist halda fram og virðist að nokkru felast í álitsgerð þriggja félagsmanna stefnanda sem lögð er til grundvallar kröfu stefnanda. Það hafi aldrei verið mat flugmálayfirvalda að 32 flugumferðarstjórar geti sinnt nauðsynlegustu öryggisgæslu. Stefnandi hafi því ekki sannað í málinu hvert efni viðbúnaðaráætlunarinnar var og sé lýsing hans á henni röng. Áætlunin hafi aldrei komið til framkvæmda þar sem ekki reyndi á uppsagnir flugumferðarstjóra.

Auk framlengingar uppsagnarfrests hjá 32 flugumferðarstjórum hafi verið gerðar ráðstafanir til að hraða þjálfun nýrra starfsmanna sem komnir voru langt í námi og myndu koma til starfa á þriggja mánaða tímabilinu, aðstoðarmenn í flugstjórn áttu að starfa, varnarliðið á Keflavíkurflugvelli hafi verið fengið til að annast ákveðna þætti starfseminnar og óskað hafi verið eftir aðstoð erlendis frá með því að fá til starfanna erlenda flugumferðarstjóra með skömmum fyrirvara. Hafi Flugmálastjórn verið í sambandi við erlenda aðila sem voru reiðubúnir að senda flugumferðarstjóra til starfa ef nauðsyn krefði. Ráðstafanir Flugmálastjórnar hafi einnig tekið mið af því að þá þrjá mánuði ársins sem framlenging uppsagnarfrests myndi vara, janúar, febrúar og mars, sé flugumferð á Norður-Atlantshafi í lágmarki. Til hafi staðið að ráða nýja starfsmenn í stað þeirra sem sögðu upp störfum og hafi stöður verið auglýstar lausar til umsóknar í desember 1995. Tæplega 200 umsóknir hafi borist. Ekki hafi allir flugumferðarstjórar sagt upp störfum. Það hafi verið mat flugmálayfirvalda að með viðbúnaðaráætluninni yrði flugöryggi ekki stefnt í hættu eins og á stóð, uns tækist að koma starfseminni

til fyrra horfs. Tækist það ekki hafi verið fyrirséð að starfsemin myndi að einhverju leyti leggjast af hér á landi.

Engin lagaskilyrði væru til þess að hrinda áætlun sem þessari í framkvæmd við þær aðstæður að flugumferðarstjórar væru í verkfalli. Heimildir stjórnenda Flugmálastjórnar til að halda áfram starfseminni, þá er fyrir lá að meirihluti flugumferðarstjóra hygðist hætta störfum, hafi lotið öðrum reglum og sjónarmiðum en gilda myndu í verkfalli. Það leiði til þess að mönnun samkvæmt kröfu stefnanda yrði fjarri því að vera hin sama og eftir viðbúnaðaráætluninni. Miðað við kröfu stefnanda gæti Flugmálastjórn ekki framkvæmt fjölmarga aðra þætti áætlunarinnar þar sem það yrði í verkfalli að líkindum metið sem verkfallsbrot.

Hlutverk flugmálastjórnar sé tvíþætt, þ.e. að tryggja flugöryggi með því að halda fjarlægðaraðskilnaði milli flugvéla og að stuðla að hagkvæmni með því að greiða fyrir því að flugvélar fari stystu leið og fái umbeðna flughæð. Þessi hlutverk séu samofin í starfi sérhvers flugumferðarstjóra. Þannig sé ekki um það að ræða að hluti starfsmanna sinni öryggisstörfum en aðrir hagræðingu. Störf allra flugumferðarstjóra séu nauðsynleg til að tryggja fyllsta öryggi flugsamgangna. Í þessu sambandi er vísað til bréfs flugmálastjóra, dags. 17. mars 1997, og athugasemda forstöðumanns rekstrardeildar ATS. Flugmálastjórn eigi fullnaðarmat um það í umboði samgönguráðherra hversu marga starfsmenn þurfi til að tryggja öryggi flugs og uppfylla þar með skyldur samkvæmt lögum og alþjóðasamningum. Eigi það við um alla flugumferðarstjóra eins og þeir eru tilgreindir í auglýsingu nr. 68/1995. Sú neyðarráðstöfun sem grípa þurfti til þá er félagsmenn stefnanda höfðu sagt upp störfum verði ekki lögð til grundvallar mati á því hversu marga flugumferðarstjóra þurfi að jafnaði til að fyllsta öryggis sé gætt. Tilraun stefnanda til að nýta sér neyðaráætlun Flugmálastjórnar kröfum sínum til framdráttar og rangtúlka hana í sama augnamiði telur stefndi vera haldlausa. Hafi stefnandi ekki sýnt fram á að einhver hluti starfandi félagsmanna vinni ekki að flugumferðarstjórn. Framlenging uppsagnarfrests hluta starfsmannanna hafi því ekki verið og sé ekki viðurkenning á því að þeir einir gætu sinnt nauðsynlegustu öryggisgæslu til frambúðar. Hafi Félagsdómur áður hafnað málsástæðu stefnanda þess efnis að starfsemi miðað við neyðartilvik verði lögð til grundvallar mati á ákvæði 5. töluliðar 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986.

Skylt sé að halda uppi flugumferðarþjónustu hér á landi lögum samkvæmt og samkvæmt alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að. Starfseminni sé ætlað að tryggja öryggi alls flugs á flugumferðarsvæðinu. Á Íslandi sé haldið uppi alþjóðaflugumferðarþjónustu á Norður Atlantshafi, allt frá Skotlandi að Norðurpól og frá Noregi að Kanada. Flugstjórnarsvæðið sé 5,3 milljónir ferkílómetra að umfangi og um það fljúgi rúmlega 70.000 loftför árlega. Um frekari lagarök vísast til loftferðalaga nr. 34/1964, einkum 57. gr. og VIII. kafla laga nr. 119/1950 um stjórn flugmála. Einnig vísast til auglýsingar um setningu flugreglna nr. 55/1992 með síðari breytingum. Stefndi vísar til reglugerðar nr. 20/1985 um flug loftfara í millilandaflugi um íslenska lofthelgi, reglugerðar nr. 297/1964 fyrir Keflavíkurflugvöll, um umferð, öryggi o.fl. með síðari breytingum, og reglugerðar nr. 292/1993 um Flugmálastjórn, skipulag, starfshætti og verkefni. Sú skylda hvíli á flugmálayfirvöldum að hafa neyðaráætlun sem grípa þurfi til ef útlit sé fyrir að flugumferðarþjónusta leggist af vegna óvæntra og ófyrirséðra atvika. Uppsagnir allra flugumferðarstjóra hafi réttlætt að gripið yrði til viðeigandi neyðarráðstafana. Hefði komið til þess vegna uppsagna félagsmanna stefnanda að allir flugumferðarstjórar hættu störfum, ekki hefði tekist að manna stöðurnar aftur og starfseminni hefði verið breytt verulega eða hún flutt úr landi, lægi ekki fyrir að störf flugumferðarstjóra væru ónauðsynleg í skilningi 19. gr. laga nr. 94/1986. Meðan íslensk flugmálayfirvöld rækja framangreindar lagaskyldur og þær alþjóðlegu skuldbindingar að halda uppi flugumferðarþjónustu og tryggja öryggi flugs, séu störf allra flugumferðarstjóra nauðsynleg í því skyni. Stefndi hafnar málsástæðum stefnanda byggðum á málfræði og stigbreytingu orðsins nauðsynlegur.

Mótmælt er sem rangri og þýðingarlausri svonefndri álitsgerð þriggja félagsmanna stefnanda frá 14. maí 1997. Mótmælt er sem röngu að hún sé unnin af sérfræðingum í flugöryggismálum. Hafa tveir álitshöfundar, Karl Alvarsson og Lúðvík Vilhjálmsson ekki réttindi til að starfa við flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík (flugstjórnarsvæðisþjónustu), sbr. ákvæði kafla 4.4 í reglugerð nr. 344/1990 um skírteini gefin út af flugmálastjórn með síðari breytingum. Þá hafi Gylfi Ernst Gíslason aðeins starfað í flugstjórnarmiðstöðinni frá 1992. Álitsgjafarnir séu því óhæfir til að gefa sérfræðiálit á þeirri alþjóðaflugþjónustu sem veitt er í flugstjórnarmiðstöðinni eða til að

gera heildarathugun á mönnunarþörf fyrir starfsemi flugumferðarþjónustu varðandi alþjóðaflug og innanlandsflug. Allir þrír höfundar álitsins séu félagsmenn stefnanda, þar af tveir í samninganefnd félagsins, og hafa beina hagsmuni af niðurstöðu málsins. En yfirlýstur tilgangur málsóknar stefnanda sé að tryggja félagsmönnum verkfallsrétt án tillits til þeirra öryggissjónarmiða sem lög ráðgera þannig að flugstarfsemi almennt lamist.

Tveir álitshöfunda, Karl Alvarsson og Lúðvík Vilhjálmsson, hafi báðir gefið yfirlýsingar á opinberum vettvangi sem gangi þvert á niðurstöðu álitsins. Verði leyst úr málinu með því að leggja til grundvallar frásagnir fjölmiðla af því er viðbúnaðaráætlun Flugmálastjórnar var í undirbúningi sé ekki hægt að líta fram hjá því að haft var eftir Karli Alvarssyni í DV 4. desember 1995:

„Áætlunin dregur úr öryggi. Með því að draga úr öryggi er verið að skapa hættu að óþörfu því að ríkið gat framlengt uppsagnarfrestinn fyrir allan hópinn til 1. apríl ef það hefði viljað. – – Við erum með kerfi sem fyrst og fremst byggist á öryggi. Menn geta ekki leyft sér að hverfa frá þessu kerfi. Varaáætlun Flugmálastjórnar hefur aldrei verið notuð, menn vita ekkert hvernig hún reynist og er að setja flugfarþega í óþarfa hættu."

Einnig hafi Lúðvík Vilhjálmsson, einn álitshöfunda, skrifað grein í Morgunblaðið, þar sem hann taldi viðbúnaðaráætlun Flugmálastjórnar aðeins hafa falið í sér að framlengja uppsagnarfrest 32 starfsmanna, en þannig taldi hann að skapast myndi neyðarástand. Í álitsgerð stefnanda komi á hinn bóginn fram að mat höfunda hennar sé sambærilegt því mati sem falist hafi í gerð viðbúnaðaráætlunarinnar að því undanskildu að ekki yrðu samkvæmt álitinu starfandi flugumferðarstjórar í skóla Flugmálastjórnar „og nokkrum störfum yfirmanna" eins og þar segir. Það hafi ekki verið mat flugmálayfirvalda að 32 flugumferðarstjórar nægðu til að haldið yrði uppi nauðsynlegasta öryggi og viðbúnaðaráætlun Flugmálastjórnar hafi ekki verið þess efnis að aðeins yrðu við störf að jafnaði 32 flugumferðarstjórar. Í rangtúlkun sinni séu álitshöfundar því ekki sjálfum sér samkvæmir.

Af fjölmörgum ástæðum er álitið þýðingarlaust fyrir úrlausn málsins og er niðurstöðu þess mótmælt sem rangri. Í fyrsta lagi eigi flugmálayfirvöld mat um það hversu marga flugumferðarstjóra talið sé að ráða þurfi til starfa svo að halda megi uppi flugöryggi. Það

mat standi óhaggað að þörf sé fyrir alla flugumferðarstjóra sem starfandi séu hverju sinni í þessu skyni. Vísast hér til bréfs flugmálastjóra og álits forstöðumanns rekstrardeildar ATS. Í öðru lagi sé álitsgerð stefnanda ekki hlutlæg athugun svo sem Félagsdómur hafi gert kröfu til hyggist stefnandi sanna að ofaukið sé mannskap við flugumferðarstjórn eða að einhverjir félagsmenn stefnanda séu ónauðsynlegir starfseminni. Hafi það hingað til verið skoðun stefnanda í kjaraviðræðum að flugumferðarstjórn sé undirmönnuð og að yfirvinna sé mikil. Í þriðja lagi sé gegnumgangandi rökvilla í áliti stefnanda þar sem gengið sé út frá því að verkfall sé yfirstandandi og að þjónusta Flugmálastjórnar hafi fyrirfram verið takmörkuð, væntanlega til samræmis við tillögur stefnanda um mönnunarþörf. Gengið sé út frá þeirri ónothæfu og tilbúnu forsendu að flugumferð minnki, flugleiðum verði breytt og óskyldum aðilum, þ.e. þeim sem standa að flugrekstri, verði gert að breyta starfsemi sinni. Jafnframt virðist gengið út frá því að nýju leiðakerfi verði komið á og steininn tekur úr þegar lagt sé til að mönnun leitar- og björgunarmiðstöðvar verði lögð af þar sem hún sé „aðeins starfrækt þegar þörf krefur". Álitsgerðin fjalli því ekki um það á hvern hátt tryggja megi nauðsynlegustu öryggisgæslu með minni mannafla, heldur með hvaða hætti megi byrja á því að lama flugstarfsemi almennt og laga við svo búið starfsemi Flugumferðarstjórnar að slíkum aðstæðum. Álitsgerðin fjalli því aðeins um það hvernig þjóna megi markmiðum stefnanda þannig að verkfall myndi ekki aðeins raska starfsemi Flugmálastjórnar heldur fyrst og fremst lama starfsemi þeirra sem standa að flugrekstri. Stefndi telur að út frá 5. tölulið 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 verði að miða við óbreytt ástand og meta mannaflaþörf út frá því með tilliti til öryggissjónarmiða. Í fjórða lagi er skilgreiningum álitsgjafa á starfi flugumferðarstjóra mótmælt sem röngum. Ekki sé unnt að greina í sundur þá starfsmenn sem sinna öryggisþætti og hagkvæmnisþætti, heldur sé hvort tveggja falið í starfi hvers og eins. Stefnandi hafi skilgreint starf flugumferðarstjóra í fimm liðum, þar sem einungis einn sé talinn öryggisþáttur. Augaleið gefi að allir þessir fimm þættir, og eftir atvikum fleiri, miði með einum eða öðrum hætti að því að tryggja öryggi. Fjölmargir aðrir þættir í áliti stefnanda séu óraunhæfir. Tæplega 90% af flugumferðarstjórninni fari fram í flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík og nánast 100% af alþjóðaflugumferðarstjórninni fari þar fram. Álitsgerð um

það hvar yfirmanna og varðstjóra sé þörf og hvar ekki sé tilviljunarkennd og órökstudd.

Varðandi þá flugumferðarstjóra sem gegna yfirmannsstöðum og þá sem sinna kennslu í skóla flugmálastjórnar er í fyrsta lagi tekið fram að sérstaklega hafi verið að þeim störfum vikið við rekstur félagsdómsmálsins nr. 3/1995. Að því er varðar skóla flugmálastjórnar hafi komið fram í vitnisburði framkvæmdastjóra flugumferðarþjónustu fyrir Félagsdómi að þeir fjórir sem störfuðu við skólann mönnuðu einnig eina stöðu í flugstjórnarmiðstöðinni til skiptis til að viðhalda þekkingu sinni. Niðurstaða Félagsdóms hafi verið á þann veg að allir flugumferðarstjórar, þ.m.t. yfirmenn og kennarar við skólann, teldust falla fullkomlega undir 3. tölulið 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 og að undanþágulistarnir fælu ekki í sér víðtækari undanþágur en áður hafði verið ákveðið í félagsdómsmálinu nr. 3/1987. Stefnandi hafi að þessu leyti ekki sýnt fram á verulegar breytingar í starfsemi flugmálastjórnar frá því sem verið hefur og ekki gert tilraun til að benda á flugumferðarstjóra sem ekki starfa við flugumferðarstjórn. Sérstaklega er tekið fram að þeir flugumferðarstjórar sem sinna kennslu við skóla flugmálastjórnar sinna auk hefðbundinna starfa þeim öryggisþætti er lúti að viðvarandi þjálfun annarra starfsmanna og margvíslega sérhæfðum verkefnum svo sem að skoða viðbúnaðaráætlanir og vinnuaðferðir.

Skýrslugjöf.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dóminum matsmennirnir Páll Gestsson, fyrrverandi flugumferðarstjóri og Pétur Einarsson hdl., fyrrverandi flugmálastjóri, svo og Hallgrímur Sigurðsson, forstöðumaður rekstrardeildar flugumferðaþjónustunnar og Ásgeir Pálsson, framkvæmdarstjóri flugumferðarþjónustunnar.

Niðurstaða.

Með úrskurði Félagsdóms í máli þessu, sem kveðinn var upp hinn 23. júní 1997, var öllum kröfum stefnanda vísað frá dómi. Með dómi Hæstaréttar Íslands, sem kveðinn var upp hinn 11. september 1997, var staðfest sú ákvörðun Félagsdóms í fyrrgreindum úrskurði að vísa aðalkröfu stefnanda frá dómi, en lagt fyrir Félagsdóm að taka til efnislegrar meðferðar vara- og þrautavarakröfur stefnanda.

Samkvæmt skriflegri matsbeiðni stefnanda, dags. 2. október 1997, var farið fram á að Félagsdómur útnefndi matsmenn, sbr. 2. mgr. 59.

gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, til að meta eftirfarandi:

„Óskað er mats tveggja hæfra og óvilhallra manna á því hver sé lágmarks mönnun við flugumferðarstjórn komi til verkfalls Félags íslenskra flugumferðarstjóra. Við matið skal miðað við að í verkfalli sé tryggð nauðsynlegasta öryggisgæsla skv. 5. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, sbr. 20. gr. sömu laga."

Á dómþingi Félagsdóms, sem haldið var hinn 17. október 1997, var matsbeiðnin tekin fyrir. Af hálfu stefnanda var lagður fram listi með nöfnum fjögurra manna og voru aðilar sammála um að óska þess að úr hópi þessara fjögurra manna yrðu dómkvaddir tveir matsmenn til að meta hið umbeðna samkvæmt matsbeiðninni. Í samráði við lögmenn aðila voru á dómþingi þessu dómkvaddir sem hæfir menn og óvilhallir til að meta hið umbeðna samkvæmt framlagðri matsbeiðni þeir Páll Gestsson, fyrrverandi flugumferðarstjóri, deildarstjóri í starfsmannahaldi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og Pétur Einarsson, fyrrverandi flugmálastjóri.

Matsmenn sömdu matsgerð, sem dagsett er 16. febrúar 1998. Stefnandi aðlagaði kröfugerð sína í málinu niðurstöðu matsmanna.

Af upphaflegri kröfugerð stefnanda samkvæmt stefnu stendur því eftir varakrafan. Er þess þannig krafist að þær breytingar verði gerðar á skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. auglýsingu nr. 68/1995 um skrá þessa, að í stað orðanna „Flugumferðarstjórar, allir" og „Flugumferðarstjórar" komi þær tilgreiningar, sem greinir í varakröfunni, og gera ráð fyrir því að 32 flugumferðarstjórar hafi eigi heimild til verkfalls samkvæmt þeirri niðurskipan eftir starfsstöðvum sem fram kemur í upphaflegu varakröfunni. Í stefnu er þessi krafa stefnanda byggð á álitsgerð þriggja flugumferðarstjóra, dags. 14. maí 1997, sem stefnandi hlutaðist til um að gerð yrði og lagði fram með stefnu sinni við þingfestingu málsins. Að því er kröfuna varðar bendir stefnandi á að niðurstaða matsmanna samkvæmt matsgerðinni sé sama efnis og krafan. Að því er rökstuðning fyrir kröfunni áhrærir vísar stefnandi til þess að rökstuðningur í matsgerðinni eigi við sem rökstuðningur fyrir dómkröfu stefnanda.

Þrátt fyrir fyrrgreinda matsgerð heldur stefndi fast við sýknukröfu sína. Í greinargerð sinni byggir stefndi sýknukröfuna á því að ekki verði að neinu leyti byggt á þeirri álitsgerð, sem fyrr getur, svo

sem nánar er rakið í greinargerðinni. Með sama hætti telur stefndi að ekki verði byggt á framlagðri matsgerð vegna margvíslegra annmarka bæði að efni og formi, sem hann telur vera á matsgerðinni, og reifað var af hálfu stefnda við munnlegan flutning málsins. Telur stefndi að ekki komi til greina að hrófla við niðurstöðu í dómum Félagsdóms frá 22. maí 1987 og 25. september 1995 í málum vegna verkfallsréttar félagsmanna stefnanda á grundvelli matsgerðarinnar, eins og henni sé farið. Matsgerðin geti í mesta lagi haft eitthvert upplýsingagildi. Verði ekki á sýknukröfuna fallist og þannig raskað niðurstöðum fyrri dóma verði að dæma að álitum og gera ráð fyrir mun meiri mönnun í verkfalli heldur en tiltekið er í matsgerðinni.

Með lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, var lögfest sú meginregla að þeim starfsmönnum ríkisins, sem lög nr. 38/1954 tóku til, sbr. nú lög nr. 70/1996, sé heimilt að gera verkfall með þeim takmörkunum einum sem tilteknar eru í lögum. Af því leiðir að ákvæði um undantekningar frá þessari meginreglu lúta þrengjandi lögskýringu.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 94/1986 er stéttarfélögum, sem eru samningsaðilar samkvæmt lögunum, heimilt að gera verkfall og samkvæmt 18. gr. laga þessara tekur það til allra starfsmanna í viðkomandi stéttarfélagi hjá þeim vinnuveitanda, sem verkfall beinist gegn, nema þeim sé óheimilt að gera verkfall samkvæmt lögunum. Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, sbr. 56. gr. laga nr. 70/1996, er þeim sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu óheimilt að gera verkfall.

Með dómi Félagsdóms frá 22. maí 1987 í máli nr. 3/1987 var því slegið föstu að þeir félagsmenn Félags íslenskra flugumferðarstjóra „sem starfa sem flugumferðarstjórar" falli fullkomlega undir 3. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, nú 5. tölul. 1. mgr. sömu lagagreinar. Á þeim tíma lá ekki fyrir skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laganna sem gerð hafði verið í samráði við stéttarfélagið og birt með lögboðnum hætti. Síðar hafa verið gerðar skrár samkvæmt þessu ákvæði og birtar, fyrst með auglýsingu nr. 41/1988 og síðast með auglýsingu nr. 68/1995. Samkvæmt þessum skrám hafa flugumferðarstjórar ekki verkfallsheimild. Í máli nr. 3/1995, er lauk með dómi Félagsdóms 25. september 1995, krafðist Félag íslenskra flugumferðarstjóra breytinga á skrá samkvæmt auglýsingu nr. 68/1995. Var stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkisins, sýknaður af þeirri kröfu. Í for-

sendum dómsins er tekið fram að þegar til þess sé litið að Félagsdómur hafi þegar dæmt að störf flugumferðarstjóra, sem starfa sem flugumferðarstjórar, séu þess eðlis að þau falli fullkomlega undir 3. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 yrði að telja að stefnandi hefði sönnunarbyrðina fyrir því að aðstæður hefðu breyst verulega frá því að sá dómur gekk. Það hefði stefnandi ekki gert.

Enn krafðist Félag íslenskra flugumferðarstjóra breytinga á skrá samkvæmt auglýsingu nr. 68/1995 í máli nr. 3/1997. Með úrskurði Félagsdóms 8. apríl 1997 var því máli vísað frá dómi með vísan til eliðar 80. gr. og 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. laga nr. 80/1938, og m.a. vísað til þess að málið væri í sama horfi og eftir dóm Félagsdóms 25. september 1995. Bent var á að fyrir þyrfti að liggja hlutlæg úttekt á því hvaða mannafla væri þörf til að halda uppi nægilega traustri stjórn flugumferðar í verkfalli til að landið einangrist ekki um loftferðir og staðið verði við alþjóðlegar skuldbindingar. Úrskurður þessi var staðfestur með dómi Hæstaréttar Íslands frá 6. maí 1997. Í kjölfar þessara málaloka höfðaði stefnandi mál það, sem hér er til úrlausnar.

Samkvæmt framansögðu og eins og fram kemur í dómi Félagsdóms frá 25. september 1995 verður að telja að stefnandi beri sönnunarbyrðina fyrir kröfu sinni um breytingar á skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Núgildandi tilgreining varðandi flugumferðarstjóra í skrá samkvæmt auglýsingu nr. 68/1995 felur í sér fulla mönnun allra starfsstöðva, þannig að í reynd er engum verkfallsrétti til að dreifa hjá félagsmönnum stefnanda. Lýtur krafa stefnanda í máli þessu því í raun að fækkun félagsmanna sinna á skrá frá því sem núgildandi tilgreining gerir ráð fyrir. Meginúrlausnarefnið í málinu er því hvort stefnandi hafi fært nægar sönnur fyrir þeirri kröfu.

Eins og fyrr greinir voru dómkvaddir tveir matsmenn úr hópi fjögurra manna, sem aðilar komu sér saman um, til að meta það viðfangsefni sem niðurstaða máls þessa veltur á. Matsmennirnir komust að sameiginlegri niðurstöðu og hafa samið matsgerð. Þeir hafa komið fyrir dóminn og staðfest matsgerðina og gefið skýrslu til skýringar á matsgerðinni og atriðum sem tengjast henni.

Samkvæmt grundvallarreglu um frjálst sönnunarmat, sbr. 44. gr. laga nr. 91/1991, verður að virða gildi matsgerða í hverju tilviki. Leggur dómur mat á atriði varðandi matsgerð, þar á meðal sönn-

unargildi hennar, þegar leyst er að öðru leyti úr máli, sbr. 2. mgr. 66. gr. sömu laga. Annmarkalausar matsgerðir eru þýðingarmikil sönnunargögn og verða almennt lagðar til grundvallar dómi nema sérstaklega standi á. Að þessu athuguðu verður að taka til úrlausnar hvort eitthvað það sé fram komið varðandi matsgerðina og störf og starfshætti matsmanna er teljist rýra svo gildi matsgerðarinnar að ekki verði á henni byggt.

Þess ber að geta að þrátt fyrir afstöðu sína til gildis matsgerðarinnar krafðist stefndi ekki yfirmats, sbr. 64. gr. laga nr. 91/1991.

Ekki verður annað séð en að aðferð matsmanna við formlega tilhögun matsins hafi verið annmarkalaus, enda er hinu gagnstæða ekki haldið fram. Stefndi hefur hins vegar haldið því fram að komið hafi í ljós að matsmenn hafi ekki verið starfi sínu vaxnir þar sem þeir hafi látið undir höfuð leggjast að skoða tilgreindar starfsstöðvar. Þá hafi þeir þrengt verksvið sitt, sbr. III. kafla matsgerðarinnar. Þessa athugasemd stefnda verður að skilja svo að matsmenn hafi ekki metið það sem meta skyldi samkvæmt matsbeiðni. Að því er varðar þessi aðfinnsluefni stefnda varðandi framkvæmd matsgerðar skal tekið fram að ekki neytti stefndi úrræðis 1. mgr. 66. gr. laga nr. 91/1991 og leitaði úrskurðar um þau.

Matsmenn gerðu grein fyrir því fyrir dómi hvers vegna þeir töldu ekki þörf á að skoða allar starfsstöðvar og báru við staðkunnáttu sinni frá fyrri tíð og að aðstæður hefðu ekki breyst. Í ljósi þessara skýringa þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á að hér sé um atriði að ræða sem rýrt geti gildi matsgerðarinnar. Þá verður ekki séð, með samanburði á matsbeiðni og afmörkun matsmanna í matsgerðinni á viðfangsefninu, að matsmenn hafi þrengt verksvið sitt þannig að það hafi ekki verið metið sem meta skyldi. Samkvæmt þessu verður ekki talið að neinir þeir annmarkar hafi verið á framkvæmd matsgerðarinnar er rýri gildi hennar þannig að á henni verði ekki byggt.

Kemur þá til úrlausnar hvort forsendur matsmanna hafi verið rangar eða ófullnægjandi eða að öðru leyti svo ófullkomnar að ekki verði af þeim sökum byggt á matsgerðinni.

Stefndi heldur því fram að matsgerðin fjalli einungis um lagaatriði og af þeim sökum verði ekki á henni byggt. Ljóst er að matsgerðin er ekki skoðunargerð heldur álitsgerð um þau atriði sem tilgreind eru í matsbeiðni. Samkvæmt matsbeiðni bar matsmönnum við mat sitt á lágmarksmönnun í verkfalli að taka mið af fyrirmæl-

um 5. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, sbr. 20. gr. sömu laga, um að nauðsynlegasta öryggisgæsla skuli tryggð í verkfalli. Þá var óhjákvæmilegt að matsmenn horfðu til alþjóðlegra skuldbindinga í flugmálum samkvæmt alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum svo og íslenskrar löggjafar og stjórnvaldsfyrirmæla um flugmál og loftferðir, eins og þeir gerðu. Svo sem fram kemur í matsgerðinni gera matsmenn ráð fyrir að verkfall skerði hagræðingarþátt flugumferðarþjónustu en leggja áherslu á að nauðsynlegasta öryggisþætti sé fullnægt. Er það atriði rauður þráður í matsgerðinni. Óhjákvæmilegt var að matsmenn litu til fyrrgreindra réttarheimilda til að komast að niðurstöðu. Verður að telja að hér hafi verið um að ræða nauðsynlegan þátt í forsendum matsgerðarinnar. Samkvæmt þessu verður ekki talið að þessi athugasemd stefnda við matsgerðina eigi við rök að styðjast.

Stefndi hefur bent á að matsmenn hafi horft til ákvæðis 20. gr. laga nr. 94/1986, en margdæmt sé að 19. og 20. gr. laga þessara verði aldrei jafnað saman. Í grein þessari er tekið fram að sé verkfall hafið sé heimilt að kalla starfsmenn, sem eru í verkfalli, tímabundið til vinnu í þeim tilgangi að afstýra neyðarástandi. Samkvæmt 21. gr. laganna ákveður nefnd tveggja manna hverjir skuli kvaddir til starfa samkvæmt 20. gr. svo sem nánar getur um. Ljóst er að ákvæði 20. gr. geta ekki leyst ákvæði 5. tölul. 1. mgr. 19. gr. af hólmi. Samkvæmt matsbeiðni er vísað til 20. gr. laga nr. 94/1986. Fram kom í skýrslu matsmannsins Péturs Einarssonar hér fyrir dómi að matsgerðin væri ekki byggð á úrræðum þeim, sem kveðið er á um í 20. gr., en þau hefðu hins vegar verið höfð til hliðsjónar og til þess litið að fyrir hendi væru úrræði til að kveðja menn til starfa í verkfalli. Í athugasemdum með 19. gr. frumvarps þess, er varð að lögum nr. 94/1986, kemur fram að ákvæði 3. tölul. 1. mgr. þeirrar greinar þurfi „að skoða í tengslum við efni 20. gr. sem fjallar um aðra þætti undanþágumála.“ Að þessu athuguðu og framkomnum skýringum um vægi þessa atriðis við matið verður ekki talið að það hafi af þessum sökum verið reist á ólögmætum sjónarmiðum.

Stefndi heldur því fram að sá ágalli sé á matsgerðinni að hún sé byggð á viðbúnaðaráætlun þeirri sem í málinu greinir. Í skýrslum matsmanna fyrir dómi kom fram að horft hefði verið til umræddra viðbúnaðaráætlunar en matsgerðin hefði hins vegar ekki verið byggð á henni. Matsgerðin ber ekki sjálf með sér að vera byggð á

þessari viðbúnaðaráætlun. Enda þótt taka megi undir það að ekki sé saman að jafna mati á mönnun í verkfalli og við slíkar aðstæður, sem umrædd viðbúnaðaráætlun gengur út frá, verður þó ekki talið að matsmönnum hafi verið óheimilt að hafa hliðsjón af þeirri áætlun. Samkvæmt þessu verður að telja að matsgerðin byggist að meginstefnu til á sjálfstæðu mati á hinu umbeðna þannig að hún sé að því leyti tækur grundvöllur til að byggja á.

Önnur atriði, sem stefndi hefur teflt fram til vefengingar á matsgerðinni, svo sem ætlaðar rangar skilgreiningar á loftrými o.fl. þykja ekki fallin til að kippa stoðum undan niðurstöðu matsmanna.

Að því er varðar kröfugerð stefnanda þá hefur stefndi borið því við að samkvæmt dómafordæmum Félagsdóms beri að tilgreina þau störf sem falla undir 5. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 og óheimilt sé að semja um annars konar tilgreiningu eða vísa til þess að ákveðinni starfsemi eigi ekki að sinna þrátt fyrir verkfall. Þá hafi Félagsdómur slegið því föstu að það sé ekki hlutverk dómsins að gera skrár samkvæmt 2. mgr. 19. gr. heldur að skera úr ágreiningi sem rísa kann um breytingar á skrám. Telur stefndi að kröfugerð stefnanda brjóti í bága við þetta.

Hér að framan er því lýst hvers eðlis krafa stefnanda er. Kemur þar fram að núgildandi tilgreining í skrá samkvæmt auglýsingu nr. 68/1995 feli í sér fulla mönnun allra starfstöðva þannig að verkfall raskar að engu leyti venjubundinni skipan og sé því í raun marklaust. Krafa stefnanda gengur út á að draga úr mönnun í verkfalli eftir starfsstöðvum svo sem nánar er útfært í kröfunni. Eins og aðstöðunni er háttað samkvæmt þessu verður ekki talið að krafan fari að neinu leyti á svig við framangreind viðhorf í dómum Félagsdóms.

Samkvæmt framansögðu verður að telja að framkvæmd matsins og matsgerðin sé ekki haldin neinum þeim annmörkum er leiða til þess að ekki verði á henni byggt. Að því virtu og þar sem stefndi hefur ekki neytt lögmæltra úrræða til að fá fram endurskoðun á matsgerðinni verður hún lögð til grundvallar í máli þessu. Þar sem matsgerðin styður með nægilega traustum og fullnægjandi hætti kröfu stefnanda, sem dómtæk er samkvæmt framansögðu, verður krafan tekin til greina.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað sem ákveðst 1.794.000 krónur og hefur þá verið litið til matskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi 1.494.00 krónur.

Dómsorð:

Kröfur stefnanda, Félags íslenskra flugumferðarstjóra, á hendur stefnda, íslenska ríkinu eru teknar til greina.

Stefndi greiði stefnanda 1.794.000 krónur í málskostnað.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar.

Í dómi Félagsdóms í máli fjármálaráðherra gegn Félagi íslenskra flugumferðarstjóra 22. maí 1987 var litið svo á, að störf þeirra félagsmanna stefnda, sem störfuðu sem flugumferðarstjórar, væru þess eðlis, að þau féllu fullkomlega undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Væri því félagsmönnum hins stefnda félags óheimilt að gera verkfall og var því boðað verkfall dæmt ólögmætt. Skilja verður dóm þennan svo, að störf flugumferðarstjóra þeirra er hann tekur til, fælu í sjálfum sér þá öryggisþætti og þar tilheyrandi atriði er 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna nær yfir. Til stuðnings þessu má ennfremur nefna, að á fylgiskjali með frumvarpi sem varð að lögum nr. 94 1986 og samkomulag var talið um, eru flugumferðarstjórar taldir meðal þeirra er eigi njóti verkfallsréttar. Stefnandi máls þessa höfðaði síðan fyrir Félagsdómi mál með stefnu, útgefinni 28. febrúar 1995, og var í henni efnislega sama kröfugerð og fyrir liggur í þessu máli. Með dómi réttarins 25. september 1995 var henni hafnað. Var talið að líta yrði svo á, að undanþágulistarnir fælu ekki í sér víðtækari undanþágur en áður hafði verið ákveðið í ofangreindum dómi Félagsdóms frá 1987. Með vísun til þess dóms var ennfremur sagt „að stefndi hafi sönnunarbyrði fyrir því að aðstæður hafi breyst verulega frá því sá dómur var uppkveðinn."

Í málinu er komin fram matsgerð af hendi tveggja dómkvaddra manna þar sem metið er hver sé lágmarksmönnun við flugumferðarstjórn komi til verkfalls Félags íslenskra flugumferðarstjóra miðað við að tryggð sé nauðsynlegasta öryggisgæsla samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986, sbr. 20. gr. sömu laga. Í ályktarorðum matsgerðarinnar er sagt að til þess þurfi 32 flugumferðarstjóra og kemur það heim við þá tölu flugumferðarstjóra, sem tilgreind er í varakröfu stefnanda í upphaflegri kröfugerð. Nemur þetta sem næst 1/3 hluta mannaflans. Stærsta breytingin er hjá flugstjórnarmiðstöðinni

þar sem nú eru 6 vaktakjarnar með 35 manns, en lagt er til að fækkað verði niður í eina vakt með 4 mönnum auk tveggja á næturvöktum. Tala aðalvarðstjóranna 5 er óbreytt, en ekki er sýnt hvernig hún gengur upp í dagvaktakerfinu. Í flugturninn í Keflavík/aðflug Keflavík og Reykjavík eru ætlaðir 10 flugumferðarstjórar en munu nú vera 24. Gert er ráð fyrir að varnarliðið annist flugstjórn sinna loftfara með tilvísun í „leyndarsamning", sem ekki liggur fyrir í málinu en óvíst mun talið að þar ræði um annað en upplýsingagjöf. Það vekur athygli að flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík eru ætlaðir 11 starfsmenn en í flugturninum í Keflavík 10 starfsmenn. Gefur þó auga leið að hlutverk flugstjórnarmiðstöðvarinnar eru margföld á við verkefni flugturnsins í Keflavík, sem annast belti sem er aðeins 40 sjómílna radíus í allt að 24.500 feta hæð. Á þessu er ekki að finna neina skýringu í matsgerðinni. Í flugturninum í Reykjavík eru ætlaðir 5 menn í stað 10 nú. Hins vegar er óbreytt mönnun á Akureyri og í Vestmannaeyjum. Engin skýring er á því hvers vegna þar er þörf á fullri mönnun meðan enginn flugumferðarstjóri starfar á Egilsstöðum eða Ísafirði. Gert er ráð fyrir óbreyttum þjónustutíma og óbreyttu hlutverki „en skertum afköstum". Í skilgreiningu matsmanna á hvað sé nauðsynlegasta öryggisgæsla segir í matsgerð á bls. 40 í 3. lið „Að létta og viðhalda reglulegu flæði flugumferðar" og í 4. lið segir „Að veita ráð og upplýsingar sem gagnast til öryggis og árangursríks framkvæmdar flugs". Ekki er nægilega skýrt í matinu hvað felst í „skertum afköstum" miðað við óbreytt hlutverk eða hvernig verkefnum skuli háttað við jafn skerta mönnun.

Af málflutningi stefnanda kemur fram að talan 32 varðandi flugumferðarstjóra eigi rætur sínar að rekja til svonefndrar viðbúnaðaráætlunar frá því síðla árs 1995, en flugumferðarstjórar höfðu þá sagt störfum sínum lausum frá næstu áramótum. Voru þá ráðningar 32 flugumferðarstjóra framlengdar í 3 mánuði, janúar – mars 1996. Ég tel að þeirri stöðu verði með engu móti jafnað til verkfalls og hafa matsmenn gert sér ljóst að svo væri, sbr. bls. 9 í matsgerð. Þá höfðu 9 flugumferðarstjórar ekki sagt upp störfum sínum og af dskj. nr. 26 kemur fram að 8 nýnemar voru langt komnir í námi og búist við að þeir kæmu til starfa á þessu tímabili. Einnig hafði flugmálastjórn haft samband við erlenda aðila, sem voru reiðubúnir til að senda hingað erlenda flugumferðarstjóra, ef nauðsyn krefði og þá einkum til þjálfunar. En þjálfun nema til réttinda mun taka um eitt og hálft

ár. Þá tóku ráðstafanir flugmálastjórnar mið af því að um var að ræða þá 3 mánuði ársins, þegar flugumferð um Norður-Atlantshafið er í lágmarki en sveiflur í umferðinni eru verulegar. Ekki er að sjá af matsgerð að tillit sé tekið til þessa.

Þegar litið er til þeirrar forsendu matsmanna að í nauðsynlegustu öryggisgæslu felist, að létta og viðhalda reglulegu flæði flugumferðar, hlýtur í því að felast að hin venjubundna umferð eigi þess kost að halda áfram ótrufluð af verkfalli. Þótt verkfallsréttur sé almennt ekki takmarkaður eru einstök viðkvæm svið þjóðfélagsstarfseminnar vernduð gegn honum vegna hinnar almennu þýðingar þeirra. Í eðli hlutarins liggur að gæði þjónustunnar ber að miða við það stig er hún var á þegar verkfall hefst. Þannig yrði t.d. ekki lagt á sjúkrahús að nota lækningaaðferðir sem tíðkaðar voru fyrir áratugum eða flugstjórn hér að beita aðferðum sem notast er við í vanþróuðum ríkjum.

Ekki er í matinu tekin afstaða til hins geysimikla munar á umferðarþunga svo sem hjá flugstjórnarmiðstöðinni þar sem á dagvöktum kann að vera unnið á 12 borðum en 4 þegar minnst er. Þá er ekki heldur tekin skýrleg afstaða til leitar- og björgunarflugs.

Þegar til alls framangreinds er litið tel ég, að matsgerðin hnekki ekki þeirri niðurstöðu eldri dóma Félagsdóms, að störf flugumferðarstjóra séu þess eðlis, að þau falli fullkomlega undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986, sbr. nú 5. tl., og ósannað sé að aðstæður hafi breyst frá þeim tíma. Um sönnunargildi matsgerðarinnar ber einnig að líta til þess, að matsmaðurinn Pétur Einarsson er faðir Signýar Pétursdóttur flugumferðarstjóra sem var trúnaðarmaður starfsmanna á flugstjórnarmiðstöð og er þar nú starfsmaður, sjá 3. tl. 61. gr., sbr. 52. gr. laga nr. 91 1991 um meðferð einkamála.

Með vísan til alls framanritaðs tel ég að sýkna beri stefnda í máli þessu.

Málskostnaður skal falla niður.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Félags íslenskra flugumferðarstjóra.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 19. maí 1998.

Nr. 3/1998. **Vélstjórafélag Íslands**
(Magnús Guðlaugsson hrl.)
gegn
Landsvirkjun
(Hreinn Loftsson hrl.)

Kjarasamningur. Laun. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Gunnar Sæmundsson.

Stefnandi er Vélstjórafélag Íslands, kt. 690269-3419, Borgartúni 18, Reykjavík.

Stefndi er Landsvirkjun, kt. 420289-1299, Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Málið var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 7. maí sl.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að dæmt verði að stefnda sé skylt að hækka grunnlaun vélfræðinga í þjónustu sinni í kr. 99.043 frá 1. apríl 1997.
2. Að dæmt verði að stefnda sé skylt að greiða vélfræðingum í þjónustu sinni 17,28 mínútur í yfirvinnu fyrir hverja vakt eða 8 klst. dagvinnutímabil.
3. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað fyrir Félagsdómi að skaðlausu, þ.m.t. 24,5% virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu.

Upphaflega gerði stefndi kröfu um frávísun málsins, en með úrskurði uppkveðnum 24. mars sl. var frávísunarkröfu stefnda hafnað.

Málavextir.

Stefnandi kveður málavexti vera þá að stefnandi og stefndi gerðu kjarasamning 29. júní 1985. Samkvæmt grein 12.4. í þeim kjarasamningi skulu laun vélfræðinga hjá stefnda samræmd þeim breytingum er verða á umsömdum launum vaktstjóra í Áburðarverksmiðju ríkisins (nú Áburðarverksmiðjan hf., lög nr. 89/1994) og Sementsverksmiðju ríkisins.

Hinn 28. apríl 1997 var gerður kjarasamningur milli stefnanda og Áburðarverksmiðjunnar hf. Samkvæmt 2. gr. þess samnings voru laun hækkuð úr kr. 68.582 í kr. 86.883 eða um 26,687%. Launahækkun þessi er tilkomin vegna 4,7% almennrar launahækkunar en auk þess var fellt niður kaupaukakerfi, sem verið hafði í gildi í Áburðarverksmiðjunni hf. frá 1985 og laun hækkuð um 21% í staðinn. Þá var um það samið að greiddar skyldu 17,28 mínútur í yfirvinnu fyrir hverja vakt eða 8 klst. dagvinnutímabil.

Kaupaukakerfið, sem fellt var niður 28. apríl 1997, var tekið upp í Áburðarverksmiðju ríkisins með samkomulagi 24. maí 1985, en breytt með samkomulagi, dags. 4. maí 1988, í það horf að kaupaukinn var lægstur 12% en gat hæstur orðið 20% og kom sem hundraðshluti ofan á heildarlaun. Síðar voru efri mörk kaupaukans hækkuð í 21%. Stefnandi krafðist þess ítrekað að laun vélfræðinga í þjónustu stefnda yrðu hækkuð samsvarandi, en stefndi féllst aðeins á hækkun er nam fasta hluta kaupaukans, 12%, þar sem stefndi hafnaði því alfarið að sveiflur í framleiðslu Áburðarverksmiðju ríkisins ættu að hafa áhrif á laun vélfræðinga í þjónustu hans. Þessi 12% launahækkun kom til vélfræðinga í þjónustu stefnda í tveimur áföngum. Með samkomulagi um starfsaldursbreytingar, dags. 25. september 1986, og samkomulagi um 3,5% kaupauka, dags. 15. september 1988. Þær kjarabætur, sem vélfræðingar hjá stefnda fengu með þessu, voru metnar jafngilda lágmarkinu 12%.

Með kjarasamningi stefnanda og Áburðarverksmiðjunnar hf., dags. 28. apríl 1997, var kaupaukakerfið fellt niður og grunnlaun vélfræðinga/vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðjunni hf. hækkuð um 21% í staðinn. Þar með hafa sveiflur í framleiðslu verksmiðjunnar ekki lengur áhrif á launin.

Eftir þá grunnlaunahækkun í Áburðarverksmiðjunni hf. gerði stefnandi kröfu á hendur stefnda, á grundvelli gr. 12.4. í kjarasamningi aðila, að stefndi hækkaði grunnlaun vélfræðinga í þjónustu sinni samsvarandi og laun vélfræðinga/vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðjunni hf. hækkuðu með samningnum 28. apríl 1997.

Gerð var krafa um 13,11% launahækkun þar sem vélfræðingar í þjónustu stefnda hafa þegar fengið 12% af hinni umsömdu 26,687% hækkun (112 x 13,11% = 126,687). Með bréfi, dags. 4. júní 1997, hafnaði stefndi þessari kröfu.

Þar sem stefndi hefur hafnað kröfum stefnanda kveðst stefnandi

ekki eiga annarra kosta völ en að leita til dómstóla til þess að fá staðfesta skyldu stefnda til þess að samræma laun vélfræðinga í þjónustu sinni þeim breytingum, er urðu á launum vaktstjóra í Áburðarverksmiðjunni hf. hinn 1. apríl 1997.

Fyrir hækkun eru grunnlaun vélfræðinga í þjónustu stefnda kr. 87.561 sem með sömu hækkun og vélfræðingar í þjónustu Áburðarverksmiðjunnar hf. fengu verða 87.561 x 126,687/112 = 99.043. Auk þess fengu vaktstjórar í Áburðarverksmiðjunni 17,28 mínútur í yfirvinnu fyrir hverja vakt eða átta stunda dagvinnutímabil.

Ekki er í málinu ágreiningur um útreikning stefnukröfunnar.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að samkvæmt grein 12.4. í kjarasamningi stefnanda og stefnda beri stefnda að samræma laun félagsmanna stefnanda, er starfa í þjónustu stefnda, þeim breytingum er verði á umsömdum launum hjá vaktstjórum í Áburðarverksmiðju ríkisins, nú Áburðarverksmiðjunni hf. Það sé orðin venjuhelguð túlkun stefnanda og stefnda á grein 12.4. að slík samræming verði ekki gerð með öðrum hætti en að laun félagsmanna stefnanda verði hækkuð um sama hlutfall og laun vaktstjóra í Áburðarverksmiðjunni hf. hækki á hverjum tíma. Stefndi hafi, með því að neita að hækka laun vélfræðinga í þjónustu sinni til samræmis við þær launahækkanir, brotið gegn þessu ákvæði kjarasamningsins eins og aðilar hafi ávallt túlkað það.

Ákveðið samræmi/hlutfall hafi lengi verið milli grunnlauna vélfræðinga í þjónustu Áburðarverksmiðjunnar og vélfræðinga í þjónustu stefnda.

Árið 1984, er grein 12.4. kom inn í kjarasamninga aðila, voru vélfræðingar í þjónustu stefnda á 20% hærri grunnlaunum en vélfræðingar Áburðarverksmiðjunnar (kr. 24.540/kr. 20.449).

Þegar laun vaktstjóra í Áburðarverksmiðju ríkisins hækkuðu vegna hækkunar á stjórnunarálagi á launaflokk 7A, úr 20% í 32,4%, á árinu 1985 fengu vélfræðingar í þjónustu stefnda 4% grunnlaunahækkun. Frá þeim tíma voru grunnlaun vélfræðinga í þjónustu stefnda 24,8% hærri en grunnlaun vélfræðinga í þjónustu Áburðarverksmiðju ríkisins (1,20 x 1,04 = 1,248). Það hlutfall/samræmi hélst frá 1985 til 1995 (kr. 83.180/66.584).

Árið 1995 hafi verið samið um að hlutfallið yrði 27,5% og grunnlaun vélfræðinga í þjónustu stefnda hækkuð um 2,16%. Eftir þá

grunnlaunahækkun hafi hlutfallið milli launa vélfræðinga stefnda og vélfræðinga í þjónustu Áburðarverksmiðjunnar hf. verið 27,5% (1,20 x 1,04 x 1,0216), allt þar til kjarasamningurinn 28. apríl 1997 var gerður í Áburðarverksmiðjunni hf. og hlutfallinu/samræminu raskað.

Samræmi milli launa vélfræðinga í þjónustu stefnda og vélfræðinga í þjónustu Áburðarverksmiðjunnar hafi því haldist a.m.k. frá 1984 og það þrátt fyrir að laun hafi breyst a.m.k. 38 sinnum á því tímabili. Það sé vegna þess að það hafi ávallt verið skilningur beggja að grein 12.4. í kjarasamningi aðila beri að túlka þannig að allar launahækkanir í Áburðarverksmiðjunni eigi að yfirfærast beint til vélfræðinga í þjónustu stefnda.

Grein 12.4. í kjarasamningi stefnanda og stefnda eigi upphaf sitt að rekja til þess að með dómi Hæstaréttar 1971: 670 hafi verkfall vélstjóra hjá stefnda verið dæmt ólöglegt. Eftir þann dóm hafi stefndi samið um kjör vélstjóra, er starfa hjá honum, með Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins. Sú tilhögun hafi staðið allt til 1975, en 19. júní það ár hafi stefndi gert sjálfstæðan kjarasamning við stefnanda. Í þeim samningi var ákvæði, grein 11.4., er hljóðaði svo:

„Verði breyting á samningsbundnum launum vélstjóra (vaktstjóra og aðstoðarvaktstjóra) hjá Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins skulu laun vélstjóra í þjónustu Landsvirkjunar tekin til endurskoðunar".

Orðalagi þessa ákvæðis í kjarasamningi aðila hafi verið breytt og orðið „endurskoðunar" fellt út, enda hafi ákvæðið ekki náð tilgangi sínum þannig orðað. Í fyrsta lagi sé ákaflega óljóst hvað endurskoðun á launum þýði og í öðru lagi tryggði ákvæðið félagsmönnum stefnda ekki kjarabætur á sama hátt og verkfallsréttur hefði gert. Greinin var því samin upp á nýtt og hljóðar nú svo, grein 12.4.:

„Verði breyting á umsömdum launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins á samningstímanum skulu laun vélfræðinga hjá Landsvirkjun samræmd þeim".

Megintilgangur þessa samningsákvæðis sé sá að tryggja að vélfræðingar í þjónustu stefnda fái að minnsta kosti sömu launahækkanir og þeir starfsbræður þeirra, sem vinni sambærileg störf og hafa verkfallsrétt.

Stefndi hafi, eins og áður er rakið og sjáist af samanburði á

grunnlaunabreytingum, ávallt viðurkennt skyldu sína til þess að hækka laun félagsmanna stefnanda í þjónustu sinni eins og laun viðmiðunarhópanna hafi hækkað. Eina hækkunin sem stefndi hafi neitað sé sá hluti kaupaukans í Áburðarverksmiðjunni hf., sem var framleiðslutengdur, þ.e. 12% – 20%. Það vandamál sé nú úr sögunni og vilji stefndi vera sjálfum sér samkvæmur beri honum að hækka laun félagsmanna stefnanda í þjónustu sinni um 13,11%, sbr. orðalag stefnanda á yfirlýsingu dags. 21. desember 1994.

Er stefndi neitaði stefnanda um umkrafða launahækkun hinn 4. júní 1997 raskaðist samræmið sem ávallt hafi verið milli launa vélfræðinga Áburðarverksmiðjunnar og stefnda. Grunnlaun í Áburðarverksmiðjunni hf. séu nú eftir kjarasamninginn í apríl 1997 kr. 86.883 en hjá stefnda kr. 87.561. Hlutfallið milli launanna (samræmið 27,5%) hefur því raskast verulega, eða úr 27,5% niður í 12,87%. Til þess að það haldist verði að hækka grunnlaun vélfræðinga í þjónustu stefnda í kr. 99.043 (87.561,00 x 1,275%/1,12 (12% hluti kaupaukans, sem kominn er)). Með því að neita þessari samræmingu/hækkun sé ljóst að stefndi sé að brjóta gegn kjarasamningi aðila, enda segir í grein 12.4.: „Verði breyting á umsömdum launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins . . . á samningstímanum skulu laun vélfræðinga hjá Landsvirkjun samræmd þeim."

Mál þetta var áður höfðað með stefnu útgefinni 16. júní 1997. Því var vísað frá Félagsdómi með úrskurði 18. september 1997, sem staðfestur var í Hæstarétti 21. október 1997. Frávísunarástæðan var sú, að Félagsdómur taldi að skilja bæri grein 12.4. í kjarasamningi aðila þannig, að breyting á umsömdum launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins (nú Áburðarverksmiðjunni hf.) á samningstímanum leiði ekki sjálfkrafa til hækkunar á launum vélfræðinga í þjónustu stefnda, heldur gefi slíkar breytingar tilefni til athugunar á því, hvort samræmi sé í launakjörum. Stefnandi hefur nú látið framkvæma samanburð á launakjörum vélfræðinga í Áburðarverksmiðju ríkisins/Áburðarverksmiðjunni hf. og hjá stefnda allt tímabilið, er grein 12.4. hefur verið í kjarasamningi aðila, þ.e. 1984-1998. Af þeim samanburði sjáist samræmi allan tímann, sem nú hafi raskast verulega. Stefnandi hafi því bætt úr þessari vanreifun og sýni niðurstaða þessara gagna að krafa hans fyrir Félagsdómi sé réttmæt.

Málskostnaðarkröfu sína byggir stefnandi á lögum nr. 91/1991 um

meðferð einkamála, einkum 130. gr. Kröfu sína um að tekið verði tillit til 24,5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun byggir stefnandi á lögum nr. 50/1988 og því að hann rekur ekki neina virðisaukaskattskylda starfsemi. Honum sé því nauðsynlegt vegna skaðleysissjónarmiða að fá dæmdan málskostnað úr hendi stefnda með inniföldum áhrifum 24,5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er áréttað að sú staðhæfing í stefnu að ekki sé í málinu „ágreiningur um útreikning stefnukröfunnar" feli ekki í sér að fallist sé á þá málsástæðu stefnanda að fyrir hendi sé „venjuhelguð túlkun" og að stefndi hafi brotið gegn ákvæði kjarasamnings „eins og aðilar hafa ávallt túlkað það". Stefndi telur að deila þessi heyri ekki undir Félagsdóm – eða dómstóla yfirleitt – heldur skuli aðilar semja um ágreiningsefnið, eins og málamiðlun hinn 3. júlí 1985 beri vitni um. Bent er á að hækkun miðað við viðmiðunarhópinn, sbr. samanburð á grunnlaunabreytingum, feli aðeins í sér fylgni en ekki sjálfkrafa hækkanir, sbr. yfirlýsingu stefnda dags. 18. desember 1997. Þá er því mótmælt að tilgangur umrædds ákvæðis hafi verið að tryggja að vélfræðingar í þjónustu stefnda fengju „að minnsta kosti" sömu launahækkanir og starfsbræður þeirra í viðmiðunarhópnum heldur hafi tilgangurinn verið að heildarlaun hópanna væru sambærileg. Skuli þá einnig tekið tillit til yfirborgana samkvæmt vinnustaðasamningum en ekki aðeins grunnlauna samkvæmt kjarasamningum.

Þá sé nauðsynlegt að víkja stuttlega að forsögu samningamála stefnda og stefnanda og því hvernig kjör félagsmanna stefnanda hjá stefnda hafi þróast frá árinu 1988 til nánari skýringa á málavöxtum.

Eftir að Hæstiréttur Íslands hafði dæmt ólögmætt verkfall vélfræðinga sem vinna hjá stefnda hafi stefndi samið við félagsmenn stefnanda ásamt Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins. Sú tilhögun hafi staðið til ársins 1975 en þá hafi stefndi gert sjálfstæðan samning við stefnanda. Þá hafi verið sett inn í þann samning formákvæði til tryggingar á þann veg að laun vélfræðinga hjá stefnda skyldu samræmd breytingum á umsömdum launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðjunni. Með hliðsjón af því ákvæði hafi aðilar samið allt fram til þessa. Þegar Áburðarverksmiðjan hafi tekið upp bónusgreiðslur sem voru miðaðar við framleiðsluafköst um miðjan níunda áratuginn hafi stefnandi þegar farið fram á að

stefndi tæki upp álíka greiðslur til vélfræðinga í sinni þjónustu. Stefndi hafi í fyrstu hafnað þessari kröfu en þegar sýnt var fram á að greiddur var lágmarksbónus óháð framleiðslu Áburðarverksmiðjunnar hafi stefndi fallist á að koma til móts við þau sjónarmið en þó ekki í formi bónuss, heldur í formi breyttra starfsaldursreglna sem tryggðu vélfræðingum hjá stefnda að meðaltali 8,25% kjarabætur 1986 og tveimur árum síðar í formi 3,5% kaupauka á laun þegar fyrir lá að lágmarksbónusinn var orðinn 12%. Bónusgreiðslur hjá Áburðarverksmiðjunni frá 1988 sveifluðust frá 12% og upp í 21% til að byrja með en hafi undanfarin ár verið við 21% hámarkið þar til þær nú við síðustu samningsgerð hafi að fullu verið færðar inn í launataxta vaktstjóra verksmiðjunnar. Þannig megi ályktа að bónusgreiðslur Áburðarverksmiðjunnar hafi þróast frá að vera upphaflega framleiðslubónus að hluta yfir í að vera hrein yfirborgun.

Í framhaldi af þessu sé rétt að rekja þróun kjaramála vélfræðinga í þjónustu stefnda frá því að gengið hafi verið frá samkomulagi við stefnanda um 3,5% kaupauka á árinu 1988. Á þessu tímabili hafi verið samið um breytta vinnutilhögun við allar aflstöðvar stefnda og hafi sólarhringsvaktir þar með verið endanlega felldar niður þar sem þær voru ennþá fyrir hendi. Þessi vinnutilhögun sé vaktavinna að því leyti að unnið sé að degi til alla daga ársins, helgidaga jafnt sem aðra, en starfsmenn sinni bakvöktum utan daglegs vinnutíma. Þá beri þess að geta að á öllum aflstöðvum nema við Hrauneyjafoss vinna starfsmenn að hluta til á venjulegu dagvinnutímabili án bakvaktaskyldu. Í samningagerð þessari hafi verið samið við starfsmenn um yfirborganir í formi hærra vaktaálags og bakvaktaálags auk þess sem þeir starfsmenn sem búsettir séu við aflstöðvarnar njóti ýmissa hlunninda sem metin séu til tekna svo sem húsnæðishlunninda. Það er og tekið fram að við aflstöðvar fyrirtækisins starfi nær allir þeir vélfræðingar sem fái greidd laun samkvæmt kjarasamningum stefnda og stefnanda.

Að því er varðar lagarök er vísað almennt í 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Sýknukrafa stefnda byggist í fyrsta lagi á því að tilgreint ákvæði 12.4. í kjarasamningi aðila eigi ekki við í málinu.

Aðallega er bent á að ákvæði 12.4. sé ekki lengur í gildi enda hafi enginn kjarasamningur verið í gildi milli aðila þegar félagsdómsmál þetta varð höfðað hinn 28. janúar s.l., sbr. ákvæði 12.7., þar sem segi

að samningur þessi gildi til 31. desember 1996 og falli þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Venja vinnumarkaðsréttar um framlengingu kjarasamninga fram yfir gildistíma þeirra varði aðeins efnisákvæði – þ.e. um kjör launþega og skyldur þeirra gagnvart atvinnurekendum. Þetta komi fram í Félagsdómi IX:115 þar sem segir „að um réttindi og skyldur samningsaðila fari í öllum meginatriðum eftir gamla samningnum . . . .“ Formákvæði sem þetta gildi hins vegar ekki fram yfir umsaminn gildistíma en með úrskurði frá 18. september 1997 hafi meirihluti Félagsdóms komist að þeirri niðurstöðu að ákvæðið „leiði ekki sjálfkrafa til þess að laun vélfræðinga hjá stefnda breytist að sama skapi. Verður að líta svo á að slíkar breytingar gefi tilefni til athugunar [formlegs eðlis] á því hvort samræmi sé í launakjörum. Þykir engu breyta um þetta þótt ekki sé sérstökum ákvæðum fyrir að fara í kjarasamningnum um það hvernig að slíkri athugun skuli staðið.“

Jafnvel þótt talið yrði að ákvæði 12.4. gilti fram yfir umsaminn gildistíma kjarasamnings aðila er til vara byggt á því að ákvæðið eigi ekki við samkvæmt efni sínu enda sé það berum orðum bundið við að orðið hafi „breyting á umsömdum launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins á samningstímanum . . .“ – þ.e. samningstíma „vélfræðinga hjá Landsvirkjun“ en málsókn stefnanda sé að öllu leyti byggð á þeirri launahækkun tilgreinds viðmiðunarhóps sem hafi orðið með kjarasamningi stefnanda og Áburðarverksmiðjunnar hinn 28. apríl 1997. Kjarasamningur aðila hafi fallið úr gildi hinn 31. desember 1996 eins og fyrr greinir. Orðalaginu „á samningstímanum“ hafi sérstaklega verið aukið við er ákvæðinu var breytt.

Sýknukrafa stefnda er í öðru lagi byggð á því að óljóst orðalag í kjarasamningi um að laun skuli „samræmd“ geti ekki verið grundvöllur réttarkröfu til handa ótilteknum félagsmönnum stefnanda um nákvæmlega sömu laun enda sé óumdeilt að hugtökin laun og kjör séu teygjanleg og miklum vafa undirorpin í íslensku vinnumarkaðskerfi. Eins og áður segi sé dómstólum ófært að ákveða hvaða laun skuli gilda. Slíkt sé sígilt viðfangsefni samningsaðila sem geti fremur en dómstólar litið á heildarmyndina eins og kröfugerð stefnda gefi tilefni til. Þá séu félagsmenn stefnanda í þjónustu stefnda mun betur launaðir en viðmiðunarhópurinn og séu dómkröfur stefnanda því andstæðar tilgangi ákvæðis 12.4. sem ætlað hafi

verið að tryggja lágmarksréttindi miðað við viðmiðunarhópinn en ekki viðbót við staðbundnar yfirborganir. Ákvæði 12.4. í kjarasamningi aðila verður að skilja með hliðsjón af tilgangi þess sem var að samningsaðilar byggi kröfu um breytingu kjarasamnings á því. Eðli málsins samkvæmt feli slíkur samanburður í sér hagsmunaágreining og sé því samningsatriði milli aðila á vinnumarkaði þegar vinnudeila sé komin upp eftir að gildistíma kjarasamnings ljúki.

Ef talið yrði að ákvæði 12.4. sé í gildi, eigi við samkvæmt efni sínu og geti verið grundvöllur réttarkröfu er sýknukrafa stefnda í þriðja lagi byggð á því að félagsmenn stefnanda í þjónustu stefnda hafi með óskráðum sérkjörum og yfirborgunum samkvæmt vinnustaðasamningum hlotið jafngildi þeirrar réttarkröfu. Vinnustaðasamningar hafa hlotið aukið vægi í vinnumarkaðsrétti og framkvæmd. Um lagagrundvöll slíkrar „gagnkröfu til skuldajafnaðar" við viðurkenningarkröfu fyrir Félagsdómi er vísað til meginreglu 1. mgr. 28. gr. eml., sbr. 2. ml. 2. mgr. 25. gr. eml. Stefndi verði ekki sviptur skuldajafnaðarrétti sínum samkvæmt óskráðum efnisreglum kröfuréttar og vinnumarkaðsréttar, sbr. og 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, þótt málsókn þessi styðjist við réttarfarshagræði gagnaðila, þ.e. málsóknarumboð stefnanda, Vélstjórafélags Íslands, samkvæmt lögákveðnu málsóknarumboði skv. 1. mgr. 45. gr. laga nr. 80/1938 vegna ótiltekinna félagsmanna sinna í þjónustu stefnda í félagsdómsmáli þessu.

Til þrautavara er bent á að óumdeilanlega séu mismunandi forsendur fyrir kjörum vélfræðinga í þjónustu stefnda og hjá viðmiðunarhópnum sem því geti ekki verið nákvæmlega þau sömu.

Niðurstaða.

Samkvæmt 6. mgr. 9. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun, sbr. 4. gr. laga nr. 9/1997, hafa fastráðnir starfsmenn fyrirtækisins réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna. Með dómi Hæstaréttar Íslands frá 10. júní 1971 (H 1971:670) var talið að verkfall vélstjóra hjá stefnda væri ólögmætt, þar sem litið var svo að lög nr. 33/1915 um verkfall opinberra starfsmanna tækju til vélstjóranna. Í kjölfar þess dóms samdi stefndi um kjör vélstjóra, er starfa hjá honum, með Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins, uns sjálfstæður kjarasamningur var gerður 19. júní 1975, þar sem laun vélstjóra í þjónustu stefnda voru með sérstöku ákvæði tengd breytingum á samningsbundnum launum vélstjóra (vaktstjóra og aðstoð-

arvaktstjóra) hjá fyrrnefndum ríkisverksmiðjum. Ágreiningsefni máls þessa sprettur af samsvarandi ákvæði í grein 12.4. í kjarasamningi aðila frá 29. júní 1995, er rann út 31. desember 1996.

Með úrskurði Félagsdóms frá 18. september 1997, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar Íslands 21. október 1997, var hliðstæðu máli stefnanda vísað sjálfkrafa frá dómi, þar sem málið þætti svo vanreifað af hálfu stefnanda að ekki yrði dæmt efnislega um kröfur hans. Í forsendum úrskurðarins var tekið fram að málatilbúnaður stefnanda væri „ekki byggður á neinni athugun á samræmi í launakjörum félagsmanna stefnanda við viðmiðunarhóp".

Í kjölfar þessara málaloka lét stefnandi framkvæma samanburð á launakjörum vélfræðinga í Áburðarverksmiðju ríkisins, nú Áburðarverksmiðjunni hf., og vélfræðinga hjá stefnda, sbr. greinargerð Páls Magnússonar, dags. 26. janúar 1998, um samanburð á grunnlaunabreytingum vaktstjóra í Áburðarverksmiðju ríkisins og vélfræðinga hjá Landsvirkjun, ásamt fylgiskjölum, og höfðaði að því búnu mál það, sem hér er til meðferðar, með stefnu sem þingfest var 3. febrúar 1998. Er fyrrnefnd greinargerð um samanburð launakjaranna meðal gagna málsins.

Dómkröfur stefnanda eiga rætur að rekja til þess að 28. apríl 1997 var gerður kjarasamningur milli stefnanda annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Áburðarverksmiðjunnar hf. hins vegar sem fól m.a. í sér að kaupaukakerfi það, sem í gildi hafði verið frá 1985, var alveg fellt niður og laun hækkuð um 21% í staðinn. Með sérstökum samkomulögum á árunum 1986 og 1988 féllst stefndi á það að tekið yrði tillit til fasts hluta (lágmarks) kaupaukans (12%) í launakjörum félagsmanna stefnanda í þjónustu stefnda.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að eins og fram komi í framlagðri greinargerð um samanburð á grunnlaunabreytingum hafi stefndi ávallt viðurkennt skyldu sína til að hækka laun félagsmanna stefnanda í þjónustu sinni í samræmi við hækkanir á launum viðmiðunarhópanna, að undanskildum framleiðslutengdum hluta kaupauka hjá Áburðarverksmiðjunni. Hefur stefnandi bent á að neitun stefnda um hinar umkröfðu launahækkanir hafi leitt til röskunar á því samræmi sem ævinlega hafi verið milli launa vélfræðinga Áburðarverksmiðjunnar og stefnda svo sem nánar er lýst.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að ákvæði greinar 12.4. í kjarasamningi aðila gildi ekki þar sem samningurinn hafi

fallið úr gildi án uppsagnar 31. desember 1996 og geti stefnandi því ekki byggt neinn rétt á ákvæðinu meðan svo stendur, auk þess sem orðalag ákvæðisins „á samningstímanum“ leiði til þess að grein 12.4. geti ekki átt við samkvæmt efni sínu. Í öðru lagi telur stefndi að dómkröfur stefnanda séu andstæðar tilgangi ákvæðisins, sem ætlað var að tryggja lágmarksréttindi miðað við viðmiðunarhópinn. Ákvæði greinar 12.4. í kjarasamningnum geti ekki verið grundvöllur réttarkröfu, enda feli slíkur samanburður, sem ákvæðið gerir ráð fyrir, í sér hagsmunaágreining eðli málsins samkvæmt. Í þriðja lagi sé ekkert tilefni til hækkunar launa, enda séu félagsmenn stefnanda í þjónustu stefnda mun betur launaðir með tilliti til óskráðra sérkjara og yfirborgana en viðmiðunarhópurinn.

Varðandi fyrstu og aðra málsástæðu stefnda skal tekið fram, eins og segir í úrskurði Félagsdóms í máli þessu frá 24. mars sl., að málið snýst um skilning á grein 12.4. í kjarasamningi aðila frá 29. júní 1995, sem gilda átti til ársloka 1996. Nýr kjarasamningur hefur ekki verið gerður. Þegar svo stendur á heyrir undir Félagsdóm að dæma þar um samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Hið umdeilda kjarasamningsákvæði er svohljóðandi:

„Verði breyting á umsömdum launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins á samningstímanum skulu laun vélfræðinga hjá Landsvirkjun samræmd þeim“.

Eins og segir í niðurstöðu úrskurðar Félagsdóms frá 18. september 1997 verður að skilja grein 12.4. í kjarasamningi aðila svo að breyting á umsömdum launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins (nú Áburðarverksmiðjunni hf.) á samningstímanum leiði ekki sjálfkrafa til þess að laun vélfræðinga hjá stefnda breytist að sama skapi. Verður að líta svo á að slíkar breytingar gefi tilefni til athugunar á því, hvort samræmi sé í launakjörum.

Framlögð gögn í málinu um samanburð á grunnlaunabreytingum vaktstjóra í Áburðarverksmiðju ríkisins/Áburðarverksmiðjunni hf. og vélfræðinga hjá stefnda taka til tímabilsins frá 21. febrúar til 1. janúar 1996. Sá samanburður sýnir þá samræmingu í launakjörum að vélfræðingar hjá stefnda hafa fengið allar grunnkaupshækkanir vaktstjóra í Áburðarverksmiðju ríkisins á því tímabili að undanskildum þeim hluta kaupauka sem var framleiðslutengdur. Ekki er

ágreiningur um það að samanburðargögn þessi séu rétt og verða þau lögð til grundvallar í málinu.

Gögn málsins bera með sér að ákveðið samræmi/hlutfall hefur lengi verið milli grunnlauna vélfræðinga í þjónustu Áburðarverksmiðjunnar og vélfræðinga í þjónustu stefnda, enda hefur stefndi almennt fallist á hækkanir launa félagsmanna stefnanda í þjónustu sinni í samræmi við launahækkanir viðmiðunarhópsins, að undanskildum fyrrnefndum hluta kaupauka sem var framleiðslutengdur.

Þegar litið er til þeirra launa- og kjarabóta sem kjarasamningurinn við viðmiðunarhópinn hinn 28. apríl 1997 fól í sér er ljóst að ekki er lengur um að ræða samræmi í launakjörum í skilningi greinar 12.4. Vegur þar þyngst að framleiðslutengdur kaupauki, sem gilt hafði í Áburðarverksmiðjunni hf. frá árinu 1985, og var lægstur 12% en gat hæstur orðið 20%, var felldur niður og laun hækkuð um 21% í staðinn. Megintilgangur kjarasamningsákvæðis 12.4. var að tryggja að vélfræðingar í þjónustu stefnda skyldu njóta sambærilegra launahækkana og þeir vélfræðingar sem sambærileg störf unnu og verkfallsrétt höfðu. Stefndi hafði áður fallist á að bæta kjör vélfræðinga í þjónustu sinni til samræmis við þann hluta kaupaukans, sem ekki var framleiðslutengdur, 12%, og ber honum því einnig nú, með vísan til greinar 12.4., að samræma launakjör þeirra þeirri launahækkun, sem vélfræðingar í viðmiðunarhópnum fengu er kaupaukinn var felldur inn í fast kaup, auk 4,7% almennrar launahækkunar.

Ekki verður fallist á með stefnda að óskráð sérkjör og yfirborganir samkvæmt vinnustaðasamningum geti komið til álita varðandi þá samræmingu sem stefnandi gerir kröfu til í máli þessu. Ber því að taka 1. lið dómkröfu stefnanda til greina.

Það myndi raska samræmi í kjörum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðjunni hf. og vélfræðinga í þjónustu stefnda ef ekki væri fallist á að þeir ættu rétt á greiðslu fyrir sama tíma í lok hverrar vaktar eða 8 klst. dagvinnutímabil eins og um var samið við viðmiðunarhópinn. Samkvæmt því ber einnig að taka 2. lið dómkröfu stefnanda til greina.

Eftir framangreindum málsúrslitum þykir rétt að stefndi greiði stefnanda málskostnað er ákveðst kr. 150.000. Ekki er tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefnda, Landsvirkjun, er skylt að hækka grunnlaun vélfræðinga í þjónustu sinni í kr. 99.043 frá 1. apríl 1997.

Stefnda, Landsvirkjun, er skylt að greiða vélfræðingum í þjónustu sinni 17,28 mínútur í yfirvinnu fyrir hverja vakt eða 8 klst. dagvinnutímabil.

Stefndi, Landsvirkjun, greiði stefnanda, Vélstjórafélagi Íslands, kr. 150.000 í málskostnað.

Sératkvæði
Valgeirs Pálssonar.

Þann 28. apríl 1997 gerðu Vinnuveitendasamband Íslands vegna Áburðarverksmiðjunnar hf. annars vegar og stefnandi hins vegar með sér nýjan kjarasamning. Með samningi þessum var síðasti gildandi kjarasamningur þessara aðila framlengdur til 15. febrúar árið 2000 með nánar tilgreindum breytingum og fyrirvörum sem í samningnum felast. Kveður stefnandi að með hinum nýja kjarasamningi hafi laun vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðjunni hf. hækkað úr 68.582 krónum í 86.883 krónur eða um alls 26,687%. Einnig hafi verið um það samið að greiddar skyldu 17,28 mínútur í yfirvinnu fyrir hverja vakt eða 8 klst. dagvinnutímabil.

Hluta af greindri launahækkun kveður stefnandi megi rekja til 4,7% almennrar launahækkunar og að hluta megi rekja hana til þess að kaupaukakerfi í eldri kjarasamningi hafi verið fellt niður og í stað þess hafi komið til 21% launahækkun. Vélfræðingar í þjónustu stefnanda hafi áður fengið hækkun sem samsvari 12% af þeim hluta hækkunarinnar sem stafi af niðurfellingu kaupaukakerfisins. Af þessu leiði með vísan til gr. 12.4. í síðastgildandi kjarasamningi málsaðila að frá 1. apríl 1997 eigi þeir rétt til hækkunar grunnlauna úr 87.561 krónu í 99.043 krónur (87.561 x 126,687/112). Jafnframt beri að greiða þeim 17,28 mínútur í yfirvinnu fyrir hverja vakt eða 8 klst. dagvinnutímabil.

Með dómi Hæstaréttar 21. október 1997 var staðfestur úrskurður Félagsdóms frá 18. september 1997 um frávísun málsins nr. 12/1997 milli sömu aðila og í þessu máli. Í því máli voru gerðar efnislega sömu dómkröfur og nú. Á hinn bóginn voru engin gögn lögð fram

sem sýndu samanburð á launakjörum félagsmanna stefnanda hjá stefnda og Áburðarverksmiðjunni hf. Af þeim sökum þótti málið svo vanreifað að ekki yrði lagður á það efnisdómur.

Til að bæta úr þeim ágalla, sem fyrra málið var haldið, hefur stefnandi nú lagt fram skjal sem sýnir samanburð á grunnlaunabreytingum vaktstjóra í Áburðarverksmiðjunni hf. (áður Áburðarverksmiðju ríkisins) og vélfræðinga í þjónustu stefnda. Nær samanburðurinn frá 21. febrúar 1984 til 1 janúar 1996. Eftir áorðnar hækkanir 8. nóvember 1994 voru laun vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins tilgreind 20.449 krónur og á sama tíma hjá vélfræðingum hjá stefnda 24.540 krónur. Voru grunnlaun vélfræðinga hjá stefnda á þessum tíma 20% hærri en laun samanburðarhópsins. Þann 1. janúar 1996 er að sjá að laun vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðjunni hf. hafi numið 68.582 krónur, en 87.526 krónum hjá vélfræðingum hjá stefnda og hafa því verið 27,62% hærri en hjá samanburðarhópnum. Nær samanburðurinn einungis til grunnlaunahækkana hjá báðum hópum á hinu tilgreinda tímabili. Í samanburðinum er því ekki að finna hækkanir á launum vélfræðinga hjá stefnda sem rekja má til þess að framleiðslutengdur bónus var að hluta (12%) fastur hjá samanburðarhópnum, en honum mun hafa verið mætt með breyttum starfsaldursreglum á árinu 1986, sem jafngiltu að meðaltali 8,25% hækkun launa, svo og 3,5% kaupauka á laun árið 1988. Breytingum á launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðjunni hefur því ekki í öllum tilvikum verið mætt með hækkunum grunnlauna hjá vélfræðingum í þjónustu stefnda.

Í bréfi stefnda til stefnanda, dags. 4. júní 1997, kemur fram að frá því samið var um 3,5% kaupaukann á árinu 1988 hafi verið samið um breytta vinnutilhögun við allar aflstöðvar fyrirtækisins. Einnig hafi verið samið við starfsmenn um yfirborganir í formi hærra vaktaálags og bakvaktaálags auk þess sem starfsmenn búsettir við aflstöðvar njóti ýmissa hlunninda sem metin séu til tekna. Ennfremur segir í bréfinu að nær allir vélfræðingar sem taka laun samkvæmt kjarasamningi málsaðila starfi við aflstöðvar stefnda.

Samkvæmt því sem að framan greinir hefur samræming launa vélfræðinga í þjónustu stefnda ekki í öllum tilvikum átt sér stað með hækkun grunnlauna. Breytingar á launakjörum að öðru leyti geta einnig komið til álita, þegar borin skulu saman launakjör félagsmanna stefnanda hjá stefnda annars vegar og hjá Áburðarverk-

smiðjunni hf. hins vegar. Á það má fallast að launahækkanir samkvæmt kjarasamningi stefnanda við Áburðarverksmiðjuna hf. frá 28. apríl 1997 gefi tilefni til samanburðar á launakjörum þessara hópa til athugunar á því hvort samræma þurfi laun þeirra. Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ekki séð að slíkur heildstæður samanburður hafi farið fram þannig að unnt sé að viðurkenna kröfur stefnanda í máli þessu, hvorki kröfur hans er lúta að hækkun grunnlauna eða kröfu um greiðslu 17,28 mínútna í yfirvinnu fyrir hverja vakt eða 8 klst. dagvinnutímabil. Atkvæði mitt verður því að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að stefnandi greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað.

Þriðjudaginn 23. júní 1998.

Nr. 5/1998. **Félag íslenskra náttúrufræðinga**
(Ragnar H. Hall hrl.)
gegn
ríkissjóði Íslands
(Einar Karl Hallvarðsson hrl.)

Kjarasamningur. Úrskurðarnefnd.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Kristjana Jónsdóttir, Ingibjörg Benediktsdóttir, Sigurður Tómas Magnússon og Guðmundur Skaftason.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. júní sl., var höfðað með stefnu áritaðri um birtingu 13. maí 1998 og þingfestri 18. s.m.

Stefnandi er Félag íslenskra náttúrurfræðinga, kt. 530169-4139, Lágmúla 7, Reykjavík.

Stefndi er ríkissjóður Íslands, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

Stefnandi kveðst gera þá dómkröfu, að úrskurður sem upp var kveðinn 18. mars 1998 af úrskurðarnefnd samkvæmt b-lið fylgiskjals nr. 1 með samkomulagi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Reykjalundar annars vegar og Félags íslenskra náttúrufræðinga hins vegar um breytingar og framlengingu á kjarasamningi þessara aðila 5. júlí 1997, verði dæmdur ógildur.

Einnig gerir stefnandi kröfu um, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins. Við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt af málskostnaði, en stefnandi kveðst ekki njóta frádráttarréttar á móti þeim skatti.

Dómkröfur stefnda:

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnda samkvæmt mati dómsins.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Stefnandi gerir þá grein fyrir málavöxtum, að Félag náttúrufræðinga sé eitt af aðildarfélögum Bandalags háskólamanna. Félagið sé

stéttarfélag, sem hafi sjálfstæðan samningsrétt samkvæmt 4. og 5. gr. laga nr. 94/1986 um kaup og kjör félagsmanna sinna sem starfa hjá ríkinu, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum, og hafi gert kjarasamning við stefnda 5. júlí 1997. Með þeim samningi hafi tilteknum atriðum í eldri kjarasamningi aðila verið breytt, en samningurinn að öðru leyti framlengdur óbreyttur með gildistíma til 31. október 2000.

Stefnandi kveður aðila máls þessa hafa verið sammála um það við kjarasamningsgerðina sem lauk með samningi þeirra 5. júlí 1997 að taka upp nýtt launakerfi. Um þetta sé ákvæði í 3. gr. þess samnings, þar sem segir m.a.:

„Aðilar eru sammála um að taka upp nýtt launakerfi. Tilgangur með þessari breytingu er eftirfarandi:

Að auka sveigjanleika launakerfisins og draga úr miðstýringu í launaákvörðunum og koma á skilvirkara launakerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum stofnana og starfsmanna þeirra.

Að fela stofnun útfærslu og daglega framkvæmd kjarasamninga þannig að hún geti, með hliðsjón af eðli starfsemi, skipulagi og/eða öðru því sem gefur stofnun sérstöðu, ákveðið með samkomulagi, sem telst þá hluti kjarasamnings, við stéttarfélög starfsmanna hvaða þættir skuli lagðir til grundvallar við mat á störfum þeim sem innt eru af hendi á hennar vegum.

Að auka hlut dagvinnulauna. Það er m.a. gert með því að fækka þrepum og minnka vægi sjálfvirkra tilfærslna. Jafnframt er opnað fyrir þann möguleika að breyta samsetningu heildarlauna þannig að dregið sé úr yfirvinnu og vægi dagvinnulauna aukið án þess að það dragi úr vinnuskilum eða framleiðni stofnunar.

Hið nýja launakerfi skal taka gildi 1. desember 1997 en vera að fullu komið til framkvæmda 1. janúar 1998.

Frá þeim tíma fellur brott eldri launatafla, kaflinn um launaþrep og prófaldur svo og kaflinn um röðun í launaflokka. Jafnframt falla brott öll ákvæði um röðun starfa í launaflokka."

Stefnandi kveður samningsaðilana hafa komið sér saman um rammann utan um hið nýja launakerfi og séu meginákvæðin um það í greinum 3.1., 3.3. og 3.5. Í stuttu máli sé þetta kerfi byggt upp þannig, að í grein 3.1., sem kemur í stað greinar 1.1.1. í eldri kjarasamningi, sé launatafla með 74 launanúmerum. Sú tafla greini mánaðarlaun starfsmanns í fullu starfi frá og með 1. desember 1997. – Í

grein 3.3., sem kemur í stað greinar 1.2. í eldri kjarasamningi, komi fram að innan þriggja ólíkra launaramma, sem kallaðir eru A, B og C, skuli vera þrep sem starfsmenn raðast í eftir aldri. Þannig séu 6 slík þrep í ramma A, 5 þrep í ramma B og 3 þrep í ramma C. – Í grein 3.5., sem kemur í stað greinar 1.3.1., sé síðan gerð nánari grein fyrir skilgreiningum starfa í þessum 3 launarömmum. Rammi A samanstandi af 16 flokkum, sem auðkenndir eru A1-A16, og innan hvers flokks séu svo aldursþrep samkvæmt grein 3.3. Rammi B samanstandi af 18 flokkum, sem auðkenndir eru B1-B18, og innan hvers flokks séu svo aldursþrep samkvæmt grein 3.3. Rammi C samanstandi af 16 flokkum, sem auðkenndir eru C1-C16, og innan hvers flokks séu svo aldursþrep samkvæmt grein 3.3.

Hver launarammi sé sýndur í töflunni með þeim hætti, að við hvert aldursþrep í hverjum flokki sé tilgreint númer sem svarar til launatöflunnar í grein 3.1. Þannig megi t.d. finna það út að starfsmaður sem er 30 ára gamall og er í 10. flokki í launaramma A fær laun númer 24 eða 129.047 krónur í mánaðarlaun miðað við gildistöku launakerfisins, þ.e. 1. desember 1997.

Stefnandi kveður aðila kjarasamningsins hafa gert sérstakt samkomulag um yfirfærsluna í hið nýja launakerfi. Þetta hafi verið gert með fylgiskjali 1 með kjarasamningnum og beri að skoða sem hluta hans. Í samkomulagi þessu sé við það miðað, að sérstök aðlögunarnefnd, skipuð fulltrúum viðkomandi stofnunar eða stofnana annars vegar og fulltrúum stéttarfélagsins hins vegar, skuli koma sér saman um nánari forsendur en þær sem greinir í lið 3.5. í samningi aðilanna frá 5. júlí 1997 um það hvernig störfum og/eða starfsheitum skyldi raðað í launakerfið. Með þessum hætti hafi átt að verða til sérstakt röðunarkerfi á hverri ríkisstofnun sem hefur félagsmenn stefnanda í sinni þjónustu. Það kæmi þá í stað röðunar í launaflokka samkvæmt eldri kjarasamningi, sem var miðlæg í þeim skilningi að hún tók til allra félagsmanna stefnanda sem störfuðu hjá stefnda. Þær forsendur skuli leggja til grundvallar við röðun í nýja kerfið eða tilfærslu starfa innan hvers starfshóps eða milli starfshópa í hinu nýja launakerfi. – Hafi aðlögunarnefnd ekki náð samkomulagi innan tilskilins tíma, sem ákveðinn er í þessu fylgiskjali, skuli ágreiningi vísað til úrskurðarnefndar sem skipuð skal tveimur fulltrúum stéttarfélagsins, einum frá viðkomandi stofnun og einum frá við-

komandi ráðuneyti. Oddamaður skuli tilnefndur af ríkissáttasemjara.

Stefnandi kveður fylgiskjal 1 hafa að geyma margvísleg ákvæði um framkvæmd yfirfærslunnar í hið nýja kerfi. Í 5. tölulið d-liðs þess sé svofellt ákvæði:

Sú niðurstaða sem verður um forsendur sem leggja skal til grundvallar við röðun starfa samkvæmt fylgiskjali þessu telst hluti þessa kjarasamnings.

Í e-lið þess sé svohljóðandi ákvæði:

Niðurstaða aðlögunarnefndar eða úrskurðarnefndar telst hluti þessa kjarasamnings.

Stefnandi vekur athygli á því, að verkefni aðlögunarnefndar taki ekki aðeins til þess að ákvarða röðunarreglur fyrir þá starfsmenn sem störfuðu hjá vinnuveitandanum þegar samningurinn var gerður, heldur hafi niðurstaðan hliðstætt gildi fyrir þá sem síðar koma til starfa þar, rétt eins og eldri kjarasamningurinn gerði.

Stefnandi vekur jafnframt athygli á því, að í fylgiskjali 1 með kjarasamningnum sé tekið af skarið um það, að við yfirfærsluna í nýja launakerfið megi enginn starfsmaður lækka í mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Það sé hins vegar ekki aðlögunarnefndarinnar að sjá til þess að slíkt gerist ekki, heldur sé hér um að ræða lágmarksákvæði sem stofnun beri að gæta af sjálfsdáðum þegar hún gengur frá röðun einstakra starfsmanna í launakerfið, þ.e. þegar niðurstaða af starfi aðlögunarnefndar, eða eftir atvikum úrskurðarnefndar, liggur fyrir.

Stefnandi kveður fylgiskjal 2 með kjarasamningi málsaðila 5. júlí 1997 hafa að geyma samkomulag samningsaðilanna um forsendur sem hafa skuli til hliðsjónar við röðun starfa til viðbótar því sem um getur í grein 3.5. í kjarasamningnum.

Stefnandi kveður samkomulag ekki hafa tekist í aðlögunarnefnd stefnanda og Ríkisspítala um flutning yfir í hið nýja launakerfi. Þess vegna hafi verið skipuð úrskurðarnefnd samkvæmt ákvæði b-liðs fylgiskjals 1 með kjarasamningnum 5. júlí 1997. Hafi fyrsti fundur nefndarinnar verið haldinn 5. febrúar 1998, en meirihluti nefndarinnar síðan kveðið upp úrskurð í málinu 18. mars 1998. Þeir sem að úrskurðinum standa hafi verið fulltrúar Ríkisspítala og heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis (sic) ásamt oddamanni, tilnefndum af ríkissáttasemjara.

Stefnandi telur að úrskurðurinn sé haldinn slíkum annmörkum, að hann geti ekki gegnt því hlutverki sem slíkum úrskurði er ætlað í kjarasamningi málsaðilanna. Fram hafi komið, að Ríkisspítalar séu ósammála þessari skoðun. Stefnandi kveðst telja alveg ljóst, að forsenda sé brostin fyrir hinu nýja launakerfi, sem aðilar voru þó sammála um að taka upp, ef niðurstaðan eigi að vera í líkingu við þann úrskurð sem hér er til umfjöllunar. Því telur stefnandi óhjákvæmilegt að skorið verði úr um gildi úrskurðarins fyrir Félagsdómi.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi kveðst höfða mál þetta fyrir Félagsdómi samkvæmt heimild í 2. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986.

Stefnandi kveðst stefna ríkissjóði Íslands í máli þessu samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986. Öðrum aðilum kjarasamningsins er ekki stefnt í málinu, þar sem stefnandi telur umræddan úrskurð eingöngu varða hagsmuni annarra vinnuveitenda en Ríkisspítala.

Stefnandi kveðst byggja ógildingarkröfu sína í málinu á tveimur málsástæðum:

1. Samkvæmt 9. gr. laga nr. 94/1986 skuli í kjarasamningi kveðið á um föst laun, vinnutíma, þar með talið vinnuvökur, laun fyrir yfirvinnu og fleiri atriði. Hinum umdeilda úrskurði sé ætlað að vera hluti kjarasamnings og koma í stað þess hluta hins eldri kjarasamnings sem innihélt upplýsingar um röðun í launaflokka. Eitt af meginatriðum við gerð kjarasamnings sé að ganga svo frá málum að þeir sem laun eiga að taka eftir honum geti áttað sig á því, hvaða laun þeir eiga að fá fyrir vinnu sína. Þetta grundvallarsjónarmið telur stefnandi meirihluta úrskurðarnefndarinnar hafa sniðgengið vísvitandi með þeim afleiðingum, að ógerningur sé fyrir nokkurn félagsmann stefnanda sem starfar hjá Ríkisspítölum að átta sig á því hvar hann á heima í launakerfinu. Telur stefnandi þetta svo mikinn annmarka á úrskurðinum, að kjarasamningurinn, útfærður með þessum hætti, uppfylli ekki þær lágmarkskröfur sem gera verði til efnis slíks samnings samkvæmt 9. gr.

Stefnandi bendir á, að þótt krafa um ógildingu úrskurðarins verði tekin til greina raski það ekki gildi kjarasamnings aðilanna frá 5. júlí 1997. Ógilding úrskurðarins þýði eingöngu það, að úrskurðarnefnd-

in verði að taka verk sitt upp aftur og ljúka því með fullnægjandi hætti.

2. Stefnandi kveðst einnig byggja sjálfstætt á því, að í hinum umdeilda úrskurði sé gengið þannig frá uppstillingu hvað varðar þau atriði sem tekið skuli tillit til við röðun starfa innan hvers launaramma, að vinnuveitandinn, Ríkisspítalar, hafi sjálfdæmi um það í öllum tilvikum, hvort starfsmaður skuli raðast þannig að hann fái launahækkun frá eldra launakerfi. Eins og hinn umdeildi úrskurður er útfærður sé ljóst að Ríkisspítalar hafi fullkomið ákvörðunarvald um það hvort þeir láta einhvern starfsmann hljóta launaflokkshækkun þó svo að hann uppfylli skilyrði til að hljóta hækkun um marga slíka flokka. Þetta sjálfdæmi komi fram í því, að í öllum mögulegum hækkunartilvikum, öðrum en þeim sem falla undir kafla 2.4. í úrskurðinum, geti vinnuveitandinn einhliða ákveðið að láta starfsmanninn enga hækkun hafa. Þetta gerist í skjóli þess, að svigrúm til hækkunar sé í öllum tilvikum tilgreint sem 0-2 flokkar. Er á því byggt, að úrskurðurinn sé hvað þetta varðar byggður á ólögmætum og ómálefnalegum sjónarmiðum, þar sem hann sé í senn andstæður yfirlýstum, sameiginlegum markmiðum beggja aðila við gerð kjarasamningsins 5. júlí 1997 og taki alfarið mið af því viðhorfi stjórnenda Ríkisspítala, að fjárhagur þeirrar ríkisstofnunar veiti ekkert svigrúm til launahækkana. Stefnandi telur, að úrskurðarnefndinni hafi verið óheimilt að virða að vettugi í úrskurði sínum þau meginsjónarmið sem liggja til grundvallar hinu nýja launakerfi og m.a. er lýst í 3. gr. kjarasamningsins 5. júlí 1997 og fylgiskjölum með honum nr. 1 og 2.

Stefnandi byggir á því, að úrskurðarnefndin hafi verið bundin af sameiginlegum yfirlýsingum málsaðila um útfærslu þessa nýja launakerfis. Auk þess sem rakið var í málavaxtakafla stefnunnar vísar stefnandi um þetta til yfirlýsingar aðila um þetta málefni 10. október 1997, en þar segir m.a.:

„Aðlögunarnefndir geti ekki vikið frá þeim launarömmum og skilgreiningum sem fram koma í 3. gr. kjarasamninganna. Aðlögunarnefndum sé hvorki ætlað að raða einstaklingum í launaflokka, né að semja um einstaklingsbundin launakjör. Verkefni þeirra sé að ákvarða reglur um röðun starfa. Röðunarreglurnar eigi hins vegar

að byggja á þeim kröfum sem starf gerir til starfsmanns hlutaðeigandi stofnunar og eiginleikum starfsmannsins, sbr. fylgiskjal 2."

Stefnandi byggir á því í þessu sambandi, að úrskurðarnefndin hafi í hinum umdeilda úrskurði farið út fyrir það umboð sem hún hafði frá samningsaðilum til að útfæra hið nýja launakerfi. Úrskurður hennar geti af þeim sökum ekki átt að hafa réttaráhrif ef annar hvor aðili málsins vill ekki una niðurstöðu hennar. Vísar stefnandi um þetta til meginreglna samningaréttarins, t.d. 11. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, meginreglna laga og eðlis máls.

Um málskostnaðarkröfu sína vísar stefnandi til 130. gr. laga nr. 91/1991 og áréttar að við ákvörðun málskostnaðar beri að taka tillit til þess, að stefnandi ber kostnað af virðisaukaskatti af málskostnaði.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Samkvæmt grein 3.5. í kjarasamningi aðila frá 5. júlí 1997 var gerð breyting á áður gildandi kjarasamningi með því að nýtt ákvæði kom í stað greinar 1.3.1. Eru störf nú skilgreind með almennum hætti í þremur römmum, A, B og C. Skilgreiningarnar eru almennar en ekki er fjallað um einstök starfsheiti eða starfsheitum raðað í launaflokka. Markmiðum hins nýja launakerfis sé lýst í 3. grein kjarasamningsins frá 5. júlí 1997 svo sem greinir í stefnu. Stofnun sé falin útfærsla og dagleg framkvæmd kjarasamninga þannig, að hún geti með hliðsjón af eðli starfsemi, skipulagi og/eða öðru því sem gefur stofnun sérstöðu ákveðið með samkomulagi, sem telst þá hluti kjarasamnings, við stéttarfélög starfsmanna hvaða þættir skuli lagðir til grundvallar við mat á störfum þeim sem innt eru af hendi á hennar vegum. Í sömu grein er svo fyrir mælt, að frá þeim tíma er hið nýja launakerfi taki gildi falli brott eldri launatafla, kaflinn um launaþrep og prófaldur svo og kaflinn um röðun í launaflokka. Þá segir í greininni að jafnframt falli brott öll ákvæði um röðun starfa í launaflokka. Um þetta hafi aðilar samið í kjarasamningi, gerðum á grundvelli laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Ekki byggi stefnandi á því, að kjarasamningurinn sjálfur sé andstæður 9. gr. þeirra laga.

Samkvæmt „Fylgiskjali 1 með samkomulagi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Reykjalundar annars vegar og Félags íslenskra náttúrufræðinga hins vegar undirrituðu 5. júlí 1997"

(hér eftir nefnt Fylgiskjal 1) var mælt fyrir um að yfirfærsla í hið nýja launakerfi skyldi fara fram þannig, að sérstök nefnd (aðlögunarnefnd) skyldi koma sér saman um nánari forsendur en þær sem greindi í lið 3.5. í kjarasamningi frá 5. júlí 1997. Næði aðlögunarnefndin ekki samkomulagi skyldi ágreiningi aðila vísað til úrskurðarnefndar, en umboð hennar og hlutverk nái til hins sama. Í Fylgiskjali 1 séu ekki nánari efnisákvæði um hlutverk aðlögunar- eða úrskurðarnefnda, en aðilar séu víst sammála um að nefndum þessum sé hvorki ætlað að raða einstaklingum í launaflokka né að semja um einstaklingsbundin ráðningarkjör. Verkefni nefndanna sé að ákvarða reglur um röðun starfa. Lýsing stefnanda á hlutverki og umboði nefndanna í stefnu þar sem segir að þær hafi átt að koma sér saman um nánari forsendur um það „. . . hvernig störfum og/eða starfsheitum skyldi raðað inn í launakerfið", sé því röng og andstæð fyrrnefndu ákvæði hins miðlæga kjarasamnings aðila um, að kaflinn um launaþrep og prófaldur, svo og röðun í launaflokka og ákvæði um röðun starfa í launaflokka falli niður.

Í Fylgiskjali 1 sé kveðið á um að við yfirfærslu skuli tryggt að enginn lækki í mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Úrskurður sá sem stefnandi krefst ógildingar á sé ekki í andstöðu við þessa meginreglu sem aðilar hafa komið sér saman um. Hins vegar bendir stefndi á, að hið nýja launakerfi eða yfirfærsla starfsmanna í það feli ekki í sér að félagsmenn stefnanda ættu kröfur til hækkunar á launum eða kröfur til að taka laun eftir launaflokki sem væri hærri en laun samkvæmt fyrri kjarasamningi. Með hinum miðlæga kjarasamningi hafi ekki verið kveðið á um launahækkanir eða flokkahækkanir af neinu tagi og ekki mælt fyrir um aðrar hækkanir á laun en þær sem kveðið er á um í 2. gr. samningsins.

Með hinum nýja kjarasamningi hafi ekki verið hróflað við samstarfsnefndum og hlutverki þeirra samkvæmt 11. kafla kjarasamningsins, en ákvæðum þar að lútandi breytt, sbr. grein 13 í hinum nýja samningi.

Stefndi telur efni úrskurðar nefndar samkvæmt b-lið Fylgiskjals 1, sem kveðinn var upp þann 18. mars 1998 og krafist er ógildingar á, að öllu leyti innan þeirra marka sem aðilar kjarasamningsins settu. Er því mótmælt að einhver tilefni séu til að ógilda úrskurðinn eða að meirihluti nefndarmanna sem kvað hann upp hafi farið út fyrir umboð sitt samkvæmt kjarasamningi.

Málsástæður stefnanda séu um margt óljósar og órökstuddar. Stefnandi hafi t.d. ekki útskýrt hvað það er nákvæmlega í úrskurði nefndarinnar sem félagið telur ólögmætt eða ómálefnalegt eða hvers efnis hann telur að úrskurður nefndar samkvæmt a eða b lið Fylgiskjals 1 eigi að vera. Reifun þeirra atriða hljóti að teljast nauðsynleg til að stefndi eða dómurinn geti tekið afstöðu til sakarefnisins.

Úrskurður sá sem krafist er ógildingar á nái til allra starfsmanna á Ríkisspítölum sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi aðila málsins. Í fyrsta lagi sé lýst í úrskurðinum, að við ákvörðun um röðun starfa í ramma og innan ramma skuli taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksvið. Taka skuli tillit til faglegrar, stjórnunarlegrar og/eða fjárhagslegrar umsjónar, ábyrgðar og álags og hvaða kröfur starfið geri til faglegrar/fræðilegrar hæfi eða færni starfsmanns. Samkvæmt úrskurðinum skal röðun byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er. Skuli stofnun raða störfum/starfsmönnum í launaramma og launaflokka á grundvelli skilgreininga í miðlæga kjarasamningnum (A, B og C), nánari regla samkvæmt úrskurðinum, svo og á grundvelli breytinga og viðbóta sem kunni að vera gerðar í samstarfsnefnd. Þá er í úrskurðinum mælt fyrir um, að ákvarðanir, sem teknar séu um, hvaða þættir skuli hafa áhrif á laun og með hvaða hætti, skuli skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Um hinar nánari forsendur sem leggja skuli til grundvallar við röðun eða tilfærslu starfs innan hvers starfshóps eða milli starfshópa í hinu nýja launakerfi hafi nefndin síðan úrskurðað í fjórum meginköflum. Fjalli þrír þeirra um röðun starfa innan hvers launaramma, A, B og C þar sem í öllum tilvikum sé mælt fyrir um heimild til allt að tveggja viðbótarflokka að teknu tilliti til ýmissa þátta starfsins. Öll þau atriði sem þar kunna að vega til hækkunar séu þess eðlis að vera háð mati stofnunar eða vinnuveitanda. Séu þau öll hluti af þeim starfslýsingum og skilgreiningum starfa sem vinnuveitandi ákveður. Í fjórða kafla úrskurðarins (2.4.) sé hins vegar mælt fyrir um mat á nokkrum þáttum er einkum varða starfsmann (einstaklingsbundnir þættir). Sé þar annars vegar mælt fyrir um vægi menntunar og hins vegar starfsreynslu. Verði menntun metin til þriggja

viðbótarflokka hið mesta innan ramma A og B, en allt að tveggja flokka í ramma C. Nánar sé kveðið á um að einn viðbótarflokkur komi fyrir 120 eininga B.S. próf eða B.S. honour próf, tveir flokkar ef um sé að ræða M.S. próf eða sambærilegt (þó einn innan C-ramma) og þrír viðbótarflokkar fyrir doktorspróf eða þess sem telst sambærilegt (þó tveir innan C-ramma). Fyrir aðra menntun, endurmenntun eða símenntun sem nýtist í starfi geti komið einn viðbótarflokkur. Hvað varðar starfsreynslu sé mælt fyrir um einn viðbótarflokk innan allra ramma eftir 5 ára starf.

Í úrskurði nefndarinnar sé auk þess mælt fyrir um, að starfsmaður sem ekki telur röðun rétta miðað við fyrirliggjandi forsendur eigi rétt á að fá röðun sína endurmetna. Skal þá ágreiningi skotið til samstarfsnefndar í samræmi við 11. kafla kjarasamningsins og Fylgiskjals 2.

Stefndi mótmælir því að úrskurðarnefndin hafi vísvitandi sniðgengið einhver grundvallarsjónarmið sem þeim hafi verið skylt að leggja til grundvallar eftir kjarasamningi eða í samræmi við 9. gr. laga nr. 94/1986. Nefndinni hafi einungis verið ætlað að útfæra ákveðinn hluta kjarasamnings innan hinna fyrirframgefnu skilgreininga sem fram komu í ramma A, B og C. Stefnandi hafi ekki dregið í efa gildi þess kjarasamnings sem aðilar þessa máls standa að og uppfylli hann öll þau atriði sem koma eiga fram í kjarasamningi eftir nefndri 9. gr. Hafi aðilum verið frjálst að gera kjarasamning og ráða efni hans, þar á meðal því hvaða umboð, og hvers efnis, veitt voru stofnunum á grundvelli kjarasamningsins, svo sem aðlögunarnefndum, úrskurðarnefndum og samstarfsnefndum. Samkvæmt nefndri 9. gr. sé ekki skylt að raða starfsheitum í launaflokka. Ekki hafi nefndinni verið ætlað að kveða á um einstaklingsbundin ráðningarkjör. Nefndinni hafi þannig ekki verið ætlað að úrskurða eða taka ákvarðanir um skipurit stofnunar, eðli hennar eða að gera úr garði starfslýsingar. Viðkomandi stofnun taki ákvörðun um það hvaða starfi hver og einn gegni, geri ráðningarsamninga og ráði skipulagi vinnunnar. Einstök ágreiningsmál beri að leysa á grundvelli samstarfsnefnda, en stefnandi virðist í máli þessu blanda nokkuð saman hlutverki aðlögunar- og úrskurðarnefnda samkvæmt a og b liðum Fylgiskjals 1 annars vegar og samstarfsnefnda samkvæmt 11. kafla kjarasamnings hins vegar. Framangreindu til stuðnings vísar stefndi til ákvæða kjarasamningsins, almennra reglna vinnuréttar og

ákvæða í lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, einkum 2. mgr. 5. gr., 8. gr., 15. gr., 17. gr., 19. gr. og 42. gr.

Stefndi bendir á ýmis atriði í kjarasamningi aðila eins og hann var fyrir breytingu þá er gerð var þann 5. júlí 1997, en þar voru fyrir mjög almenn ákvæði um röðun í launaflokka. Voru starfsheiti í grundvallaratriðum nefnd sem náttúrufræðingur 1-3, yfirnáttúrufræðingur 1-3 og forstöðumaður 1-2. Var þessum þremur meginflokkum raðað eftir eldra kerfi með almennum skilgreiningum, svo sem fram kom í fylgiskjali með hinum eldri kjarasamningi. Mat um það hvar í flokki viðkomandi félagsmaður stefnanda var, hafi samkvæmt hinu eldra kerfi verið vinnuveitandans eða stofnunar. Samkvæmt hinu nýja kerfi sé hins vegar tryggt að yfirfærslan leiði ekki til lækkunar mánaðarlauna fyrir dagvinnu. Áunnar flokkahækkanir samkvæmt eldra kerfi myndu þannig skila sér inn í hið nýja.

Stefnandi byggi á því að vinnuveitandinn, í þessu tilviki Ríkisspítalar, hafi sjálfdæmi um það í öllum tilvikum hvort starfsmaður skuli raðast þannig að hann fái launahækkun frá eldra launakerfi. Stefndi byggir á, að hinn nýi kjarasamningur, sem undirritaður var þann 5. júlí 1997, hafi ekki kveðið á um að starfsmenn ættu rétt á sérstakri launahækkun vegna yfirfærslunnar í hið nýja kerfi. Sé ekki um að ræða kröfu eftir kjarasamningi til annarra launahækkana en mælt er fyrir um í 2. gr. kjarasamningsins.

Vinnuveitandans sé að meta hvort starfið sjálft gefi tilefni til hækkunar og hvort krafist sé sérstakra hæfniskrafna. Viðkomandi stofnun eigi að sjálfsögðu mat um það hvort talið sé að starfsmaður hafi sýnt sérstaka hæfni. Vinnuveitandi leggi til grundvallar skipurit stofnunar og almenn stjórn sé á forræði hans, svo og ákvörðunarvald um það hvort tiltekið starf sé stjórnunarstarf eða ekki. Engu máli skiptir hvort úrskurður nefndarinnar hefði verið þess efnis, að hvert þeirra atriða sem talin eru upp í liðum 2.1.-2.3. væru metin sem 1 flokkur hver, 1-2 flokkar eða með öðrum hætti, enda eigi vinnuveitandinn mat um það hvort þessi atriði gæfu yfirleitt tilefni til að meta þau til hækkunar eða tilfærslu milli flokka. Ekki gæti það talist raunhæf krafa starfsmanns að hann yrði metinn sérstaklega hæfur, starf hans væri sérstaklega flókið eða bundið álagi. Ekki ætti starfsmaður heldur kröfu til þess, að starf hans yrði viðurkennt eða metið sem stjórnunarstarf eða til stefnumótunar, þ.e. að starfslýsingu hans yrði breytt. Öðru máli gengi hins vegar um þá þætti

sem úrskurðarnefndin lagði til grundvallar um tiltekin einstaklingsbundin atriði eins og menntun og reynslu sem meta mætti hlutlægt, en þar hafi verið mælt fyrir um tiltekna viðbótarflokka sem verði að teljast ófrávíkjanlegir og sem einstakir starfsmenn eigi kjarasamningsbundinn rétt til á hverjum tíma.

Meginmarkmið hins nýja kjarasamnings hafi verið að veita stofnunum meira svigrúm til að láta ýmis atriði, eins og þau sem reifuð eru í köflum 2.1.-2.3. í hinum umdeilda úrskurði, hafa áhrif á röðun í launaflokka. Starfsmaður geti samkvæmt kjarasamningi krafist endurmats að uppfylltum skilyrðum, en eigi ekki kröfu til þess á grundvelli kjarasamnings að starfslýsingu hans verði breytt. Í því tilviki að starfslýsingu væri breytt af hálfu vinnuveitenda kæmi til endurmats, eftir atvikum á vettvangi samstarfsnefndar, sbr. og 19. gr. laga nr. 70/1996. Auk þess er bent á fyrrnefnd ákvæði í úrskurði nefndarinnar frá 18. mars 1998 um, að ákvörðun sem tekin sé um hvaða þættir geti haft áhrif á launaflokka og með hvaða hætti, skuli skoðast sem fordæmi gagnvart örðum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis. Ákvæði þessi skoðist síðan sem hluti kjarasamningsins sem og ákvæði um samstarfsnefnd og umboð hennar til að leysa úr ágreiningi um þessi atriði.

Stefndi mótmælir því að úrskurðurinn sé byggður á ólögmætum og ómálefnalegum sjónarmiðum eða andstæður yfirlýstum markmiðum aðila við gerð kjarasamningsins. Ekki verði ráðið af úrskurðinum að efni hans taki mið af fjárhag Ríkisspítala sérstaklega. Nefndinni hafi ekki verið ætlað að kveða á um launahækkanir. Nefndinni hafi ekki verið veitt umboð til að raða störfum í launaflokka eða mæla fyrir um einstaklingsbundin ráðningarkjör og hafi ekki gert það. Nefndin hafi úrskurðað almennt um nánari reglur sem hafa skyldi til hliðsjónar.

Stefnandi byggi á því, að úrskurðarnefndin hafi í hinum umdeilda úrskurði farið út fyrir umboð það sem hún hafði frá samningsaðilum til að útfæra hið nýja launakerfi. Málsástæða stefnanda þessa efnis sé án rökstuðnings eða útskýringa. Sé ókleift fyrir stefnda að ráða í málsástæðu stefnanda þessa efnis, enda ekki bent á í hvaða atriðum nefndin hafi farið út fyrir umboð sitt. Stefndi mótmælir því, að úrskurðarnefndin hafi farið út fyrir umboð það sem hún hafði samkvæmt kjarasamningi og mótmælir tilvísun til 11. gr. laga nr. 7/1936. Vísar stefndi til sameiginlegrar yfirlýsingar aðila kjarasamn-

ingsins frá 10. október 1997, þar sem þeir veittu fulltrúum í aðlögunarnefndum fullt umboð til að semja um forsendur fyrir röðun starfa innan hverrar stofnunar. Þar hafi verið áréttað að verkefni nefndanna væri að ákveða reglur um röðun starfa, en ekki röðunina sjálfa, ákvörðun um hvar einstaklingum yrði raðað í flokka eða um einstaklingsbundin ráðningarkjör.

Stefndi bendir á til túlkunar á kjarasamningi og kröfum sínum til stuðnings, að af hálfu stefnanda hafi verið ritað undir forsendur sem leggja skuli til grundvallar röðun á vettvangi aðlögunarnefnda þar sem efni og forsendur séu hliðstæðar við það sem stefnandi telji að sæta eigi ógildingu. Er meðal annars bent á samkomulag aðlögunarnefndar Veðurstofu Íslands og stefnanda frá 12. desember 1997. Þar séu þættir er varða menntun ákveðnir þannig, að mismunandi prófgráður viti á tiltekna viðbótarflokka. Atriði eins og umfang starfs, ábyrgð, álag og fleira séu hins vegar ekki bundin við ákveðna flokka og svigrúm veitt til allt að 6 flokka innan B-ramma. Hliðstæðar forsendur séu lagðar til grundvallar innan A-ramma, en einungis í C-ramma sé mælt fyrir um stöðu tiltekinna starfsheita, sem þó sé ekki fastmælum bundið og svigrúm milli flokka fyrir hendi.

Vísar stefndi einnig til samkomulags, sem gert hefur verið annarsstaðar, um nánari forsendur fyrir röðun á hinum ýmsu stofnunum sem stefnandi hafi átt aðila að.

Með vísan til þess hvernig stefnandi hafi staðið að samkomulagi innan aðlögunarnefnda sjáist að málatilbúnaður stefnanda í þessu máli sé ekki í samræmi við það hvaða skilning félagið sjálft hafi lagt í efni og ákvæði kjarasamningsins frá 5. júlí 1997 og þau tvö fylgiskjöl hans sem nefnd hafa verið að framan. Efni úrskurðarins frá 18. mars 1998 vegna félagsmanna stefnanda hjá Ríkisspítölum sé því í fullu samræmi við staðfesta framkvæmd kjarasamningsins af hálfu beggja aðila hingað til.

Til stuðnings kröfu stefnda um málskostnað vísast til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Niðurstaða.

Með samkomulagi um breytingar og framlengingu á kjarasamningi stefnanda annars vegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Reykjalundar hins vegar 5. júlí 1997 var samið um að taka upp nýtt launakerfi. Samkvæmt samningnum var til-

gangur með þessari breytingu m.a. að auka sveigjanleika launakerfisins, draga úr miðstýringu í launaákvörðunum og koma á skilvirkara launakerfi sem tæki mið af þörfum og verkefnum stofnana og starfsmanna þeirra. Þá var tilgangurinn að fela stofnun útfærslu og daglega framkvæmd kjarasamninga þannig að hún geti með hliðsjón af eðli starfsemi, skipulagi og/eða öðru því sem gefur stofnun sérstöðu ákveðið með samkomulagi, sem telst þá hluti kjarasamnings, við stéttarfélög starfsmanna hvaða þættir skuli lagðir til grundvallar við mat á störfum þeim sem innt eru af hendi á hennar vegum. Í samningnum segir að hið nýja launakerfi skuli taka gildi 1. desember 1997 en vera að fullu komið til framkvæmda 1. janúar 1998. Frá þeim tíma fellur brott eldri launatafla, kaflinn um launaþrep og prófaldur svo og kaflinn um röðun í launaflokka. Jafnframt falla brott öll ákvæði um röðun starfa í launaflokka.

Í grein 3.5. í samkomulaginu er ákvæði um skilgreiningu starfa í römmum A, B og C. Í fylgiskjali 2 með samkomulaginu er kveðið á um forsendur sem aðilar eru sammála um að hafa skuli til hliðsjónar við röðun starfa til viðbótar því sem um getur í framangreindri grein 3.5. Þar segir m.a., að í ljósi þess að með upptöku nýs launakerfis falli niður þau viðmið og þær röðunarreglur sem verið hafa í texta kjarasamnings hafi samningsaðilar orðið ásáttir um að nánar tiltekin atriði verði höfð til hliðsjónar við ákvörðun nánari forsendna en getur í grein 3.5. við röðun starfa innan hverrar stofnunar fyrir sig. Síðar segir í skjali þessu:

„Þegar fyrir liggur sameiginleg afstaða til m.a. þessara þátta er þar með búið að ákveða hvaða þættir skuli ráða röðun starfsmanna þessarar stofnunar. Starfsmaðurinn á þar með rétt á að fá röðun sína endurmetna telji hann sig uppfylla fyrrgreindar forsendur og stofnun er skylt að endurraða honum ef það er rétt. Ef stofnun hafnar endurmati þá getur starfsmaður skotið því til samstarfsnefndar samkvæmt kjarasamningi og þar er, að nákvæmlega sama hætti og nú, tekin endanleg ákvörðun um það hvort röðun starfsmanns skuli breytt eða ekki.

Í sérstökum tilvikum þar sem starfsmaður fellur ekki að hinum almennu skilgreiningum er heimilt, með samkomulagi í samstarfsnefnd, að raða honum í ramma B eða C."

Með gerð samkomulagsins 5. júlí 1997 var ekki samið um röðun starfsmanna í launaflokka. Samkvæmt fylgiskjali 1 með samkomu-

laginu skal aðlögunarnefnd, sem skipuð er allt að þremur fulltrúum stofnunar eða stofnana, annars vegar og allt að þremur fulltrúum stéttarfélags, eða stéttarfélaga ef þau svo kjósa, hins vegar koma sér saman um nánari forsendur, en þær sem greinir í lið 3.5. í samkomulagi aðila dags. 5. júlí 1997. Þær forsendur skal leggja til grundvallar við röðun eða tilfærslu starfa innan hvers starfshóps eða milli starfshópa í hinu nýja launakerfi.

Eins og að framan greinir er í fylgiskjali 2 með samkomulaginu tekið fram að með upptöku nýs launakerfis falli niður þau viðmið og þær röðunarreglur sem verið hafa í texta kjarasamnings. Hafa samningsaðilar orðið ásáttir um að tilgreind atriði verði höfð til hliðsjónar við ákvörðun nánari forsendna en getur í grein 3.5. við röðun starfa innan hverrar stofnunar fyrir sig. Jafnframt segir að við ákvörðun um röðun starfs (þ.e. grunnröðun starfs) verði fyrst og fremst miðað við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksvið og eins og þar sé verið að meta þá þætti starfsins sem leiða af þeim verkefnum/viðfangsefnum sem stofnun ber að sinna. Því til viðbótar getur svo verið eðlilegt að meta persónubundna þætti sem gera menn hæfari til að sinna viðkomandi starfi.

Hinn 10. október 1997 undirrituðu Bandalag háskólamanna f.h. hlutaðeigandi aðildarfélaga og samninganefnd ríkisins yfirlýsingu þar sem fram kemur að með gerð kjarasamninganna hafi samningsaðilar veitt fulltrúum í aðlögunarnefndum fullt umboð til að ljúka þessum hluta kjarasamningsgerðarinnar, þ.e. semja um forsendur fyrir röðun starfa innan hverrar stofnunar. Athygli er á því vakin að aðlögunarnefndir geti ekki vikið frá þeim launarömmum og skilgreiningum sem fram koma í 3. gr. kjarasamninganna. Jafnframt að aðlögunarnefndum sé hvorki ætlað að raða einstaklingum í launaflokka né að semja um einstaklingsbundin launakjör. Verkefni þeirra er að ákvarða reglur um röðun starfa. Röðunarreglurnar eiga að byggja á þeim kröfum sem starf gerir til starfsmanns, hlutaðeigandi stofnunar og eiginleikum starfsmannsins.

Það sem hér hefur verið rakið og annað sem fram kemur í skjölum málsins sýnir að samið var um grundvallarbreytingu á launakerfi gildandi kjarasamnings sem framlengdur var til 31. október 2000.

Hlutverk aðlögunarnefnda og úrskurðarnefndar er að kveða á um nánari forsendur en þær sem greinir í 3.5. í samkomulaginu frá

5. júlí 1997 fyrir skilgreiningum á römmum og röðun starfa innan þeirra. Það er hins vegar hlutverk einstakra stofnana að raða störfum og starfsmönnum í launaflokka í samræmi við ofangreindar forsendur. Ekki hefur verið sýnt fram á að þegar því starfi er lokið verði erfiðara fyrir þann sem tekur laun eftir nýja launakerfinu að átta sig á því heldur en það var eftir eldra kerfi. Verður því ekki fallist á ógildingarkröfu stefnanda á því byggða, að úrskurðurinn frá 18. mars 1998 sé svo óljós að ógerningur sé fyrir nokkurn félagsmann stefnanda sem starfar hjá Ríkisspítölum að átta sig á því hvar hann á heima í launakerfinu. Ekki er heldur á það fallist að úrskurðurinn, sem kveðinn er upp í samræmi við framangreint samkomulag aðila um breytingar á kjarasamningi, brjóti gegn 9. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Í hinum umdeilda úrskurði er skilgreining á A, B og C ramma sú sama og í grunnkjarasamningnum og eru nánari forsendur röðunar að því leyti ekki að finna í úrskurðinum. Líta verður svo á að úrskurðarnefndin hafi talið að um nægjanlega skýra skilgreiningu væri að ræða. Hefur stefnandi ekki gert sérstakar athugasemdir um þetta atriði en fyrst og fremst beint málatilbúnaði sínum að forsendum fyrir röðun innan hvers ramma.

Hinn umdeildi úrskurður veitir Ríkisspítölum mikið svigrúm til röðunar starfsmanna í launaflokka. Við þá röðun er svigrúm Ríkisspítala þó takmarkað við tiltekna þætti sem taldir eru í úrskurðinum og varða bæði starfið og eiginleika þeirra sem störfum gegna. Þessir þættir samrýmast fylgiskjali 2 með samkomulaginu frá 5. júlí 1997. Ekki verður annað séð en að við skilgreiningu þessara þátta og vægi þeirra og hafi verið byggt á hlutlægum og málefnalegum sjónarmiðum. Þá verður ekki séð að það svigrúm, sem Ríkisspítölum er veitt með úrskurðinum, sé meira en gert var ráð fyrir í kjarasamningi, enda er tryggt að enginn lækkar í launum og starfsmenn geta borið ágreining um röðun sína undir samstarfsnefnd.

Hvað varðar þá málsástæðu stefnanda sérstaklega að ólögmætt eða ómálefnalegt hafi verið að tilgreina svigrúm til hækkunar 0-2 flokka er til þess að líta að í fylgiskjali 1 með samkomulaginu frá 5. júlí 1997 er kveðið á um það að tryggt skuli að enginn lækki í mánaðarlaunum fyrir dagvinnu við yfirfæsluna. Ekki er kveðið á um það í samkomulaginu eða fylgiskjölum þess að félagsmenn stefnanda eigi kröfu til hækkunar á launum eða kröfu til að taka laun eftir launa-

flokki sem væri hærri en launaflokkur samkvæmt fyrri kjarasamningi. Með hinum miðlæga kjarasamningi er ekki kveðið á um launahækkanir eða flokkahækkanir og ekki mælt fyrir um aðrar hækkanir á laun en þær sem kveðið er á um í 2. gr. samningsins, þ.e. hækkun um 4,7% frá 1. júní 1997, 5,56% frá 1. janúar 1998, 3,50% frá 1. janúar 1999 og 3,00% frá 1, janúar 2000. Verður því ekki á það fallist með stefnanda að það, að í úrskurðinum sé svigrúm til hækkunar tilgreint sem 0-2 flokkar, byggist á ólögmætum eða ómálefnalegum sjónarmiðum, enda verður að telja að hefði svigrúm til hækkunar verið talið frá einum hefði verið ákveðið að allir skyldu hækka a.m.k. um einn flokk. Meðal markmiða samkomulagsins og gagna sem því fylgja var að auka sveigjanleika til ákvörðunar launa, sem hlýtur að eiga að vera á báða bóga. Ekki er óeðlilegt að svigrúmið sé ákveðið þannig að verið geti að um enga hækkun sé að ræða.

Verður því ekki á þá málsástæðu fallist að úrskurðarnefndin hafi í hinum umdeilda úrskurði farið út fyrir það umboð sem hún hafði frá samningsaðilum.

Með vísan til framanritaðs er niðurstaða málsins að sýknukrafa stefnda er tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, ríkissjóður Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Félags íslenskra náttúrufræðinga, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 17. september 1998.

Nr. 7/1998. **Vélstjórafélag Íslands**
(Haraldur Örn Ólafsson hdl.)
gegn
Nesbrú ehf.
(Guðmundur Ágústsson hdl.)

Kjarasamningur. Skiptakjör.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gunnar Sæmundsson og Valgeir Pálsson.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ.m., var þingfest 2. júní sl.

Stefnandi er Vélstjórafélag Íslands, kt. 690269-3419, Borgartúni 18, Reykjavík.

Stefndi er Nesbrú ehf., kt. 610688-1529, Maríubakka 18, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda:

Að viðurkennt verði að stefndi hafi brotið gegn ákvæðum greinar 1.03. í kjarasamningi milli Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og Vélstjórafélags Íslands, Vélstjórafélags Suðurnesja og Vélstjórafélags Vestmannaeyja hins vegar.

Að stefndi verði dæmdur til greiðslu févítis að fjárhæð 265.357 kr. samkvæmt grein 1.53. í kjarasamningi milli Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og Vélstjórafélags Íslands, Vélstjórafélags Suðurnesja og Vélstjórafélags Vestmannaeyja hins vegar.

Loks er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi auk álags sem nemur virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Aðallega er þess krafist að stefndi verði alfarið sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Til vara að stefndi verði sýknaður að svo stöddu.

Til þrautavara að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar.

Í öllum tilvikum er þess krafist að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins eða skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málavextir.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau að Snorri Sturluson, kt. 190274-4119, Frostafold 6, Reykjavík, sem sé félagsmaður í Vélstjórafélagi Íslands og vélstjóri að mennt, hafi starfað sem yfirvélstjóri frá lokum febrúar 1997 og fram í júlí s.á. á Sæljósi ÁR-11, sem gert sé út af stefnda. Sæljós sé 58 tonna bátur, gerður út frá Þorlákshöfn. Eftir að Snorri Sturluson hóf störf hjá stefnda hafi hann farið að gruna að ekki væru greidd rétt laun af hálfu stefnda. Hafi hann leitað til Gylfa Traustasonar, eiganda útgerðarinnar, og krafist leiðréttingar launa sinna. Þeim kröfum hafi ekki verið sinnt þrátt fyrir að viðurkennt væri að skipverjar tækju þátt í kvótakaupum útgerðarinnar. Eftir um fjóra mánuði hafi hann svo hætt starfi sínu, m.a. vegna brota útgerðarinnar á kjarasamningum. Hafi hann ekki fengið leiðréttingu mála sinna þrátt fyrir ítrekuð tilmæli þess efnis og hafi hann því falið lögmanni sínum innheimtu hinna vangreiddu launa. Með bréfi lögmanns stefnda, dags. 18. febrúar 1998, og síðari bréfaskriftum hafi verið viðurkennt að laun hafi ekki verið greidd í samræmi við kjarasamning. Með leiðréttingu, dags. 11. maí 1998, hafi laun Snorra Sturlusonar verið hækkuð um 114.970 kr. og orlof um 11.692 kr. Þessa leiðréttingu telji Snorri Sturluson ekki fullnægjandi og hafi því stefnt útgerðinni til greiðslu fullra launa í samræmi við kjarasamning.

Af hálfu stefnda er viðurkennt að skráð aflaverðmæti í uppgjöri sé annað en fram komi í sölutölum frá Fiskmarkaði Þorlákshafnar. Ástæðu þessa uppgjörsmáta kveður stefndi ekki vera að ætlunin hafi verið að leyna skipverja því hvað fékkst fyrir aflann, heldur sé þarna tilgreind sú fjárhæð sem útgerðin hafi fengið í hendur eftir að greiddur hafi verið allur kostnaður þar á meðal kvótaleiga. Hafi vélstjóranum Snorra Sturlusyni verið gerð grein fyrir þessu og hafi hann eins og aðrir skipverjar vitað að uppgjör væri unnið með þessum hætti. Þó að þessi uppgjörsaðferð hafi verið viðhöfð sé ekki þar með sagt að skipverjarnir hafi verið hýrudregnir eða ætlunin hafi verið að greiða þeim lægri laun en þeir hafi átt rétt á skv. kjarasamningi. Til þess að koma til móts við lægri aflahlut hafi stefndi greitt launin sem skipverjar áttu rétt á með öðrum hætti. Vélstjórinn Snorri Sturluson hafi fengið greiddan ökutækjastyrk, 20.000 kr. á mánuði, og föst laun í lögbundnu hrygningarstoppi. Hafi stefndi talið að með þessu ásamt ýmsum fleiri hlunnindagreiðslum yrði hann

jafnvel eða betur settur þegar á heildina væri litið en ef uppgjörið færi fram með þeim hætti sem gert sé ráð fyrir í bréfi stefnanda, dags. 5. des. 1997. Hafi vélstjóranum verið skýrt frá þessari uppgjörsaðferð þegar hann var ráðinn í skipsrúmið. Sú fjárhæð sem starfsmanninum var greidd 15. maí sl. hafi verið sú fjárhæð sem eftir stóð þegar allt hafði verið tekið með í reikninginn.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi byggir málshöfðun sína á því að stefndi hafi brotið ákvæði 1.03. í kjarasamningi milli Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og Vélstjórafélags Íslands, Vélstjórafélags Suðurnesja og Vélstjórafélags Vestmannaeyja hins vegar með því að gefa upp of lágt aflaverðmæti á launaseðlum Snorra Sturlusonar vélstjóra fyrir mánuðina mars, apríl og maí 1997 og þannig gengið á rétt hans til hæsta verðs fyrir afla samkvæmt ákvæðinu. Stefndi sé bundinn af kjarasamningnum enda um lágmarkskjör að ræða.

Uppgefið aflaverðmæti á launaseðli fyrir mars hafa verið 1.922.344 kr. en samkvæmt skipalista Fiskmarkaðarins í Þorlákshöfn hf. hafi verið landað afla að verðmæti 4.643.552 kr. Á launaseðli fyrir apríl hafi uppgefið aflaverðmæti verið 3.789.722 kr. en samkvæmt skipalista fiskmarkaðarins hafi verið landað afla að verðmæti 7.648.332 kr. Á launaseðli fyrir maí hafi verið uppgefið aflaverðmæti 1.166.947 kr. en samkvæmt skipalista fiskmarkaðarins hafi verið landað afla að verðmæti 2.419.943 kr.

Hlutur Snorra Sturlusonar vélstjóra fyrir mars hafi átt að vera 239.997 kr. ef miðað sé við tölur Fiskmarkaðarins en greidd laun hafi verið 168.309 kr. Hlutur hans fyrir apríl hafi átt að vera 411.541 kr. en greidd laun hafi verið 279.492 kr. Hlutur fyrir maí hafi átt að vera 143.454 kr. en greidd laun hafi verið 113.778 kr. Ofan á vangreidd laun reiknist síðan orlof.

Stefndi hafi ekkert upplýst um aflaverðmæti humars sem veiddist í maímánuði. Humarveiði hafi verið dræm en það sem veiddist hafi ekki verið sett á fiskmarkað og liggi verðmæti hans ekki fyrir.

Hér sé um að ræða brot á ákvæði 1.03. í fyrrnefndum kjarasamningi, en þar segi m.a. að vélstjórum/vélavörðum skuli tryggt hæsta gangverð alls sem aflað er og aldrei lægra en útgerðarmaður fær fyrir sinn hlut. Þar sem uppgefið aflaverðmæti samkvæmt framansögðu sé mun lægra en í raun hafi fengist fyrir aflann á Fiskmarkaðnum í Þorlákshöfn þá sé vélstjórum ekki tryggt hæsta gangverð alls sem

aflað var. Uppgefið aflaverðmæti sé auk þess mun lægra en það sem útgerðarmaður hafi fengið í sinn hlut. Þar sem um brot á kjarasamningi sé að ræða er þess krafist að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar samkvæmt 1.53. í kjarasamningi og að ákvörðuð verði hámarkssekt í þessu tilliti, þ.e. að fjárhæð 265.357 kr., er renni í félagssjóð stefnanda.

Stefnandi rekur málið samkvæmt IV. kafla laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938. Stefnandi byggir kröfur sínar á lögum nr. 80/1938, einkum 7. gr., 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980 og kjarasamningi milli Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og Vélstjórafélags Íslands, Vélstjórafélags Suðurnesja og Vélstjórafélags Vestmannaeyja hins vegar. Krafa um málskostnað er byggð á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Um virðisaukaskatt er vísað til laga nr. 50/1988.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því mótmælt að afla hafi verið landað fram hjá vigt.

Stefndi telur það ekki sýna brot á kjarasamningi að fram komi á uppgjörsblaði annað söluverðmæti en það sem fékkst fyrir aflann. Kjarni málsins hljóti að liggja í sjálfum launanum. Að starfsmaðurinn hafi fengið þau laun sem kjarasamningur kveði á um. Hafi hann fengið rétt laun þá eigi uppgjörsaðferðin ekki að skipta öllu máli.

Í málinu sé enginn ágreiningur um aflaverðmætið. Það liggi fyrir í skjölum málsins og hafi stefndi staðfest í framlögðum bréfum að það sé rétt söluverð. Því sé rangt að halda því fram að ekki hafi verið selt fyrir hæsta verð sem fáanlegt hafi verð á markaðnum. Með leiðréttingu á launaseðli frá 15. maí 1998 hafi verið greitt í samræmi við aflahlutdeild.

Varðandi aðalkröfu eru eftirfarandi málsástæður hafðar uppi:

Stefndi telur sig ekki hafa brotið ákvæði 1.03. í kjarasamningi LÍÚ og Vélstjórafélags Íslands o.fl. með því að hafa hagað uppgjöri með þeim hætti sem hann gerði. Aðalatriði ákvæðisins sé að vélstjórinn fái rétt laun en ekki hvaða útreikningsaðferð er notuð.

Stefndi hafi talið sig hafa greitt skipverjum í samræmi við kjarasamning við uppgjör og þegar í ljós kom að svo var ekki þá hafi hann verið fús til að leiðrétta þau mistök. Af hálfu stefnda er því mótmælt að hann hafi með uppgjöri sínu gerst brotlegur við gildandi kjarasamning.

Í málinu hafi enginn ágreiningur verið um það hvaða verð hafi fengist fyrir aflann sem báturinn veiddi. Hafi það legið fyrir frá fyrsta söludegi og hafi vélstjórinn, sem aðrir skipverjar, getað fengið upplýsingar um það hjá stefnda eða Fiskmarkaði Þorlákshafnar.

Ákvæði 1.53. eigi ekki við í tilviki sem þessu, m.a. á þeirri forsendu að hér sé aðeins verið að deila um uppgjörsaðferð. Ekki sé lagagrundvöllur til sektar. Stefndi hafi ekki skrifað undir kjarasamninginn sem á er byggt í málinu. Þó stefndi sé bundinn að lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingum lífeyrissjóðsréttinda nr. 55/1980 þá sé hvergi í þeim lögum kveðið á um heimild samtaka launafólks til ákvörðunar sektar verði atvinnurekanda á mistök við útreikning launa.

Mistök stefnda séu ekki refsiverð en það hljóti að teljast vera skilyrði fyrir beitingu sektar.

Varðandi varakröfu er því haldið fram að Félagsdómur sé ekki bær að dæma í máli þessu þar sem mál er varðar sama sakarefni sé rekið fyrir hinum almennu dómstólum. Þó svo að sömu aðilar séu ekki í þessum málum geti úrlausn þessa máls haft áhrif á niðurstöðu í því máli. Með dómi í máli þessu sé því verið að taka efnislega afstöðu til máls sem verði síðar rekið fyrir hinum almennu dómstólum. Stefndi telur að það sé í andstöðu við þau meginsjónarmið sem gildi um Félagsdóm sem sérdómstól. Hið rétta væri að dómur héraðsdóms lægi fyrir áður en dómur er uppkveðinn í þessu máli. Ef ekki verði fallist á aðalkröfu stefnda beri að sýkna stefnda að svo stöddu.

Varðandi þrautavarakröfu er því haldið fram að krafa stefnanda muni byggjast á því að um stórkostlegt brot á kjarasamningi sé að ræða. Ef dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi í alla staði verið farið eftir kjarasamningi þá sé brot stefnda ekki stórvægilegt. Því beri að stilla sektarkröfunni í hóf eða jafnvel fella hana niður, m.a. á þeirri forsendu að stefndi hafi leiðrétt fyrri launagreiðslur.

Forsendur og niðurstaða.

Um þá málsástæðu stefnda, að afla hafi ekki verið landað fram hjá vigt, þá er til þess að líta, að því er ekki haldið fram af hálfu stefnanda að landað hafi verið fram hjá vigt. Kröfugerð stefnanda er hinsvegar á því byggð að við uppgjör hafi ekki verið miðað við rétt aflaverð og þannig hafi verið gengið á rétt vélstjórans til hæsta

gangverðs fyrir afla samkvæmt ákvæði 1.03. í kjarasamningi milli Landssambands íslenskra útvegsamanna annars vegar og Vélstjórafélags Íslands, Vélstjórafélags Suðurnesja og Vélstjórafélags Vestmannaeyja hins vegar.

Viðurkennt er af hálfu stefnda svo sem fram kemur í skjölum málsins að við uppgjör vélstjórans Snorra Sturlusonar á tímabilinu mars til maí 1997 miðaði stefndi ekki við raunverulegt verð afla úr Sæljósi ÁR-11 á sama tíma.

Stefndi er bundinn af kjarasamningi þeim sem stefnandi byggir kröfur sínar á og skiptir ekki máli í því sambandi að stefndi er ekki aðili að ofangreindum kjarasamningi, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Af hálfu stefnda hefur ekki verið sýnt fram á í máli þessu að vélstjóranum hafi verið greitt í samræmi við kjarasamninginn þrátt fyrir síðar gerða leiðréttingu á uppgjöri.

Með vísan til framanritaðs er aðalkröfu stefnda hafnað.

Varakrafa stefnda um sýknu að svo stöddu er á því byggð að mál er varðar sama sakarefni sé rekið fyrir hinum almennu dómstólum og rétt sé að dómur héraðsdóms liggi fyrir áður en dómur er uppkveðinn í þessu máli. Lagt hefur verið fram ljósrit stefnu í máli sem Snorri Sturluson hefur höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur stefnda til heimtu skuldar vegna vangreiddra launa. Mál það sem hér er til meðferðar er ekki milli sömu aðila og ekki er um sömu dómkröfur að ræða. Annars vegar er um að ræða mál sem höfðað er fyrir Félagsdómi af stéttarfélagi á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur en hins vegar launakröfu einstaklings sem rekið er fyrir almennum dómstólum. Sá málarekstur takmarkar ekki rétt og skyldu Félagsdóms til að skýra ákvæði kjarasamnings þótt í einkamálinu kunni að reyna á skýringu sama samningsákvæðis.

Verður krafa stefnda um sýknu að svo stöddu því ekki tekin til greina.

Með þrautavarakröfu sinni krefst stefndi lækkunar á kröfum stefnanda og mun það þá vera krafa um lækkun fjárhæðar févítis, en upphaflega krafðist stefnandi þess að stefndi yrði dæmdur til greiðslu sektar að fjárhæð 265.357 kr., en breytti kröfu sinni að þessu leyti í kröfu um að stefndi yrði dæmdur til greiðslu févítis að sömu fjárhæð.

Stefndi hefur sérstaklega mótmælt því að hann verði dæmdur til greiðslu févítis (sektar) skv. gr. 1.53. í kjarasamningi milli Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og Vélstjórafélags Íslands, Vélstjórafélags Suðurnesja og Vélstjórafélags Vestmannaeyja hins vegar. Samkvæmt ákvæði þessu skal sekt renna í félagssjóð Vélstjórafélags Íslands, ef brotið er gegn samningnum. Stefndi er ekki aðili að Landssambandi íslenskra útvegsmanna og á ekki heldur beina aðild að umræddum kjarasamningi. Á grundvelli samningsins verður stefndi því ekki krafinn um greiðslu févítis (sektar). Ekki hefur verið sýnt fram á að stefndi hafi með öðrum hætti skuldbundið sig til greiðslu þess. Þótt laun og önnur starfskjör, sem kjarasamningurinn hefur að geyma, teljist skv. 1. gr. laga nr. 55/1980 vera lágmarkskjör fyrir vélstjóra, sem starfa hjá stefnanda, verður ekki á það fallist að févíti það, sem stefnandi gerir kröfu um, teljist vera hluti af lágmarkskjörum í skilningi lagagreinarinnar. Er stefndi því sýknaður af kröfu um greiðslu févítis.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað sem ákveðst 130.000 krónur og hefur þá verið litið til virðisaukaskattskyldu lögmannsþóknunar.

Dómsorð:

Viðurkennt er að stefndi, Nesbrú ehf., hafi brotið gegn ákvæðum greinar 1.03. í kjarasamningi milli Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og Vélstjórafélags Íslands, Vélstjórafélags Suðurnesja og Vélstjórafélags Vestmannaeyja hins vegar.

Stefndi greiði stefnanda, Vélstjórafélagi Íslands, 130.000 krónur í málskostnað.

Þriðjudaginn 22. september 1998.

Nr. 4/1998. **Sjúkraliðafélag Íslands**
(Jóhannes Sævarsson hdl.)
gegn
íslenska ríkinu og
(Einar Karl Hallvarðsson hrl.)
Starfsmannafélagi ríkisstofnana
(Halldór Birgisson hrl.)

Kjarasamningur. Samningsaðild.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Sveinn Sveinsson og Guðmundur Skaftason.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. sept. sl., var þingfest 11. maí 1998.

Stefnandi er Sjúkraliðafélag Íslands, kt. 560470-0109, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Stefndu eru íslenska ríkið og Starfsmannafélag ríkisstofnana, kt. 411087-2559, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda:

Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að Sjúkraliðafélag Íslands fari með samningsaðild fyrir Sigurbjörgu Grétarsdóttur við gerð kjarasamninga vegna starfa hennar hjá Sjúkrahúsi Suðurlands (Meðferðarheimilinu að Sogni).

Að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað vegna meðferðar málsins, þ.m.t. kostnað stefnanda af 24,5% virðisaukaskatti á málskostnað.

Dómkröfur stefnda, Starfsmannafélags ríkisstofnana:

Krafist er sýknu af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað vegna meðferðar málsins ásamt 24,5% virðisaukaskatti á málskostnað.

Dómkröfur stefnda, íslenska ríkisins:

Krafist er sýknu af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða þessum stefnda hæfilegan málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Málavextir.

Samkvæmt framlögðum ráðningarsamningi, dags. 22. mars 1995, réðst Sigurbjörg Grétarsdóttir, kt. 290954-5689, Fossheiði 60, Sel-

fossi til starfa sem gæslumaður að Meðferðarheimilinu að Sogni. Í ráðningarsamningi er stofnun vinnuveitanda tilgreind Sjúkrahús Surðurlands (Meðferðarheimilið Sogni), stéttarfélag er tilgreint Starfsmannafélag ríkisstarfsmanna og lífeyrssjóður er tilgreindur Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins.

Hinn 22. apríl 1997 gekk Sigurbjörg í Sjúkraliðafélag Íslands og sagði sig úr Starfsmannafélagi ríkisstofnana daginn eftir. Í kjölfar þessa sendi Sjúkraliðafélag Íslands bréf, dags. 25. apríl 1997, til Sjúkrahúss Suðurlands þar sem segir að með þessu hafi Sigurbjörg tekið á sig almennar félagslegar skyldur gagnvart Sjúkraliðafélagi Íslands, þ.m.t. að greiða til félagsins 1,4% iðgjald af öllum launum, auk 0,25% greiðslna í orlofssjóð og 0,22% til starfsmenntunarsjóðs BSRB af sama gjaldstofni.

Í stefnu segir að þrátt fyrir þetta hafi samningsaðildin áfram verið hjá Starfsmannafélagi ríkisstofnana og ofangreindar greiðslur verið greiddar til þess félags.

Lagðar hafa verið fram reglur Meðferðarheimilisins að Sogni. Þar segir m.a.:

„Meðferðarheimilið á sér stoð í lögum um heilbrigðisþjónustu og í almennum hegningarlögum. Eftirfarandi reglur taka mið af þessu. Með starfsfólki í reglum þessum er átt við öryggisgæslumenn, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga, geðlækna og þjónustuaðila sem koma á heimilið vegna starfa sinna."

Jafnframt hefur verið lagt fram plagg sem ber heitið Vinnufyrirkomulag starfsmanna á Sogni. Þar segir m.a.: Vistmenn á Sogni eru dæmdir til öryggisgæslu. Öryggisgæslan er ströng og að mestu leyti á verksviði gæslumanna. . .."

Hinn 30. ágúst 1996 gerðu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, sem verkkaupi, og Sjúkrahús Suðurlands, sem verksali, með sér samning um rekstur meðferðarheimilis fyrir ósakhæfa afbrotamenn að Sogni í Ölfusi. Samkvæmt samningnum fer stjórn Sjúkrahúss Suðurlands með stjórn Meðferðarheimilisins að Sogni.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi telur málið lúta dómsvaldi Félagsdóms á grundvelli 1. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986. Sjúkraliðafélag Íslands sé stéttarfélag í skilninig laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. 3. tl. 54. gr. laganna. Af því leiði að stefnandi eigi rétt á því að fara með samningsaðild fyrir félagsmenn sína

sem þess óska. Sigurbjörg Grétarsdóttir, sem sé sjúkraliði að mennt, hafi með innritun sinni í stefnanda óskað eftir því að stefnandi fari með samningsaðild fyrir hennar hönd við kjarasamningsgerð við stefnda, íslenska ríkið, rekstraraðila Sjúkrahúss Suðurlands.

Bréf tveggja hjúkrunarfræðinga, sem gegna stöðum deildarstjóra og aðstoðardeildarstjóra á Meðferðarheimilinu að Sogni, dags. 7. apríl 1997, til rekstrarstjóra Sjúkrahúss Suðurlands, staðfesti að sjúkraliðamenntun Sigurbjargar nýtist í starfi hennar á meðferðarheimilinu, en þar fari nú fram aðalstarfsemi geðsviðs sjúkrahússins. Bréfritarar fullyrði að á öllum geðsviðum sjúkrahúsa á landinu séu stöðugildi sjúkraliða sem starfi sem slíkir. Þannig starfi Sigurbjörg í raun sem sjúkraliði þótt staða hennar beri heitið gæslumaður. Starf hennar beri þess öll merki að vera sjúkraliðastarf og starfsheitið gæslumaður sé aðeins eftirhreytur liðins tíma þegar Sogn var meðferðarheimili en ekki geðdeild. Hér ráði úrslitum hvert starfssvið Sigurbjargar sé í raun og til hvers sé ætlast af henni en síður hvað í upphafi var kosið að nefna stöðuheitið. Inntak stöðunnar hafi breyst en heiti hennar ekki.

Stefnandi telur þá ráðstöfun Sjúkrahúss Suðurlands að greiða stéttarfélagsgjöld Sigurbjargar Grétarsdóttur til Starfsmannafélags ríkisstofnana brjóta í bága við félagafrelsisákvæði 74. gr. stjórnarskrárinnar. Gegn vilja Sigurbjargar verði að telja óheimilt að gera henni að vera í öðru félagi en SLFÍ. Þessi réttur teljist jafnframt varinn af 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem hafi beint lagagildi á Íslandi, sbr. lög nr. 62/1994. Reglan hafi beinan stuðning í 4. gr. laga nr. 80/1938. Stefnandi telur að túlka beri ákvæði I. kafla laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna í samræmi við þetta.

Stefnandi vísar um fordæmi, máli sínu til stuðnings, til dóma Félagsdóms í málum nr. 15/1995 og 9/1997.

Stefnandi kveðst byggja á lögum nr. 94/1986 og lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, sérstaklega um frelsi til að ganga í félög til verndar hagsmunum sínum og til að gera samninga og um skuldbindingargildi þeirra.

Um málskostnaðarkröfu vísar stefnandi til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938. Kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað kveðst stefnandi reisa á lögum

nr. 50/1988, sbr. og reglugerð nr. 562/1989. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur aðili og sé honum því nauðsyn að fá dóm fyrir þessum skatti úr hendi stefndu.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda, íslenska ríkisins.

Þessi stefndi mótmælir málatilbúnaði stefnanda og kröfum á honum reistum. Sigurbjörg Grétarsdóttir hafi verið ráðin til starfa sem gæslumaður á Meðferðarheimilinu Sogni við Sjúkrahús Suðurlands í mars 1995. Sigurbjörg hafi ekki verið ráðin í kjölfar auglýsingar en þremur árum áður hafi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti auglýst sambærileg störf gæslufólks að Sogni laus til umsóknar. Í auglýsingu þeirri frá 12. júní 1992 komi fram að æskilegt væri að umsækjendur hefðu reynslu af störfum við gæslu á geðdeildum, stofnunum fyrir þroskahefta eða í fangelsum. Er Sigurbjörg var ráðin til starfa hafi þáverandi hjúkrunarforstjóri við stofnunina gert henni ljóst að ekki væri um sjúkraliðastarf að ræða enda ekki talin þörf fyrir slíka starfskrafta að Sogni.

Í ráðningarsamningi Sigurbjargar, dags. 22. mars 1995, sé kveðið á um að hún ræki starf gæslumanns og að stéttarfélag hennar sé meðstefndi í málinu. Hvergi komi fram að Sigurbjörg sé ráðin sem sjúkraliði eða að starf hennar sem gæslumanns sé með einhverjum hætti tengt störfum sjúkraliða. Verði almennt að virða rétt manna og samningsfrelsi og það hvort þeir kjósa að starfa á því sviði sem menntun þeirra gefi tilefni til eða ekki. Sigurbjörg hafi ekki ráðið sig til starfa að Sogni sem sjúkraliði og hafi ekki starfað þar sem sjúkraliði, heldur sem gæslumaður. Í ráðningarsamningi Sigurbjargar segi:

„Ofanritaðir vinnuveitandi og starfsmaður gera með sér ráðningarsamning þar sem starfsmaðurinn er ráðinn til starfa samkvæmt því starfsheiti sem að ofan greinir. Um launagreiðslur, launaflokk og starfsaldur til launa fer eftir því sem í samningi þessum greinir og samkvæmt kjarasamningi þess stéttarfélags sem tilgreint er að ofan eins og hann er á hverjum tíma, enda sé starfið á samningssviði stéttarfélagsins og starfsmaðurinn hafi rétt til aðildar að stéttarfélaginu samkvæmt samþykktum þess."

Stefnandi geti ekki fyrir hönd Sigurbjargar breytt einhliða skýru ákvæði ráðningarsamningsins þar sem hún sé ráðin til starfa sem gæslumaður. Sé Sigurbjörg bundin af þeim samningi. Ekki sé á valdi stefnanda að fá breytt starfi eða starfslýsingu gæslumanna með

málssókn fyrir Félagsdómi. Um það hvort Sjúkrahús Suðurlands teljist þurfa á starfsmönnum að halda með sjúkraliðamenntun hafi stofnunin fullt mat. Á Meðferðarheimilinu Sogni hafi ekki verið talin og sé ekki talin þörf fyrir sjúkraliða, enda samningsbundið hlutverk heimilisins að sjá um rekstur meðferðarheimilis fyrir ósakhæfa brotamenn. Er í þessu sambandi vísað til samnings heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við Sjúkrahús Suðurlands, dags. 30. ágúst 1996, en þar komi fram í grein 2.3.: „Á gildistíma samningsins teljast starfsmenn Sogns vera í þjónustu SHS. Engin formbreyting verður á ráðningarsamningum starfsmanna á þessu tímabili og réttindi þeirra og skyldur, svo sem lífeyrisréttindi, haldast óbreytt. Sama á við um stéttarfélagsaðild þeirra. Starfsmenn munu taka laun samkvæmt kjarasamningum ríkisins við viðkomandi stéttarfélög eins og nú er. Starfsmenn munu greiða gjöld til sömu stéttarfélaga og lífeyrissjóða. SHS mun sjá um afgreiðslu launa og skil á lífeyrissjóðsgreiðslum og stéttarfélagsgjöldum. Sama gildir um nýja starfsmenn sem ráðnir verða af SHS til starfa að Meðferðarheimilinu að Sogni á samningstímabilinu."

Stefndi mótmælir því sem röngu að allt aðrar hugmyndir hafi verið um starfsemi stofnunarinnar á þeim tíma er Sigurbjörg réðst til starfa en nú. Vistmenn að Sogni séu ósakhæfir brotamenn sem hafi verið dæmdir til öryggisgæslu og þurfi strangrar gæslu við. Öryggisgæslan sé að mestu leyti á verksviði gæslumanna, sbr. reglur um vinnufyrirkomulag starfsmanna að Sogni. Í þeim reglum sé lýst verkaskiptingu gæslumanna eftir því hvenær sólarhringsins þeir eru að störfum og hvar þeir skuli staðsettir. Sé ljóst af þeirri útlistun að gæslumannsstarfið sé margþætt og öryggisþátturinn langmikilvægastur. Heitið gæslumaður sé því með réttu notað um starfið og lýsandi fyrir það. Er því mótmælt sem röngu og órökstuddu, sem stefnandi heldur fram, að Sigurbjörg starfi í raun sem sjúkraliði þótt staða hennar beri heitið gæslumaður. Beri starf hennar engin merki þess að vera sjúkraliðastarf og starfi hún sem gæslumaður fyrr og nú. Hafi menntun Sigurbjargar engin áhrif á það hvort hún uppfylli starfsgengisskilyrði eða hvernig hún rækir starf sitt. Stefndi bendir á að læknir, lögfræðingur eða prestur, sem ráðinn yrði í stöðu gæslumanns á Sogni tæki ekki laun eftir kjarasamningum fagstéttarfélags síns eða að það færi með samningsumboð fyrir þeirra hönd vegna gæslumannsstarfs, jafnvel þótt ekki væri unnt að útiloka að í ein-

hverjum tilvikum kæmi sérmenntun eins og embættispróf í læknisfræði, lögfræði eða guðfræði, starfsmanni til góða í starfi. Sama eigi við um sérhverja menntun, sem kynni undir einhverjum kringumstæðum að koma að gagni þó að í óskyldu starfi væri, svo sem ýmis konar iðnmenntun.

Varðandi bréf næstu yfirmanna og samstarfskvenna Sigurbjargar, þ.e. Ingunnar Stefánsdóttur og Drífu Eysteinsdóttur, til rekstrarstjórnar Sjúkrahúss Suðurlands, dags. 7. apríl 1997, um að komið yrði á laggirnar sjúkraliðastörfum að Sogni, byggir stefndi á því að ekki heyri undir verksvið þeirra að leggja mat á slíkt né að beina slíku erindi til rekstrarstjórnarinnar. Hefðu þær viljað koma ábendingu þessa efnis á framfæri hefðu þær átt að snúa sér til næsta yfirmanns, þ.e. hjúkrunarforstjóra sjúkrahússins, sem sé faglega ábyrgur fyrir störfum alls hjúkrunarfólks við sjúkrahúsið. Það hafi verið í verkahring hjúkrunarforstjóra að meta hvort þörf sé á fleira hjúkrunarfólki, svo sem sjúkraliðum, og beina tillögum þess efnis til framkvæmdastjórnar og rekstrarstjórnar ásamt rökstuðningi. Hjúkrunarforstjóri Sjúkrahúss Suðurlands hafi aldrei lagt til að stofnað yrði til sjúkraliðastarfa að Sogni, svo sem fram komi í bréfi framkvæmdastjóra Sjúkrahúss Suðurlands, dags 25. maí 1998. Yfirlýsingar þeirra tveggja hjúkrunarfræðinga, sem stefnandi byggi á, er mótmælt sem röngum og þýðingarlausum.

Því er mótmælt sem röngu að Sjúkrahús Suðurlands hafi, með því að greiða stéttarfélagsgjöld Sigurbjargar áfram til meðstefnda eftir að tilkynnt hafði verið um úrsögn hennar úr félaginu og inngöngu í stefnanda, þvingað hana til aðildar að meðstefnda eða staðið í vegi fyrir því að hún væri aðili að stefnanda. Þar sem félagaskipti Sigurbjargar hafi engu breytt um eðli og innihald starfs hennar sem gæslumanns verði að telja að rétturinn til samningagerðar vegna gæslumannsstarfs hennar sé eftir sem áður hjá meðstefnda og því rétt að greiða félaginu gjald af launum Sigurbjargar jafnt því sem henni bæri að greiða væri hún félagi, enda fari laun hennar og önnur starfskjör samkvæmt kjarasamningi meðstefnda og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

Stefndi telur að túlka beri lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna þannig að fagstéttarfélög geti einungis haft samningsumboð fyrir þau störf eða starfsheiti þar sem viðkomandi fagmenntunar sé krafist eða felist óumdeilanlega í starfi eða starfslýs-

ingu. Er í þessu sambandi vísað til 1. mgr. 4. og 1. mgr. 6. gr. laganna.

Stefndi mótmælir því að ráðning og starf Sigurbjargar sé brot á félagafrelsi samkvæmt 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins. Þá er mótmælt að 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu styðji kröfur stefnanda gagnvart stefnda. Ekki sé ljóst hvernig stefnandi styður kröfur sínar við 4. gr. laga nr. 80/1938.

Máli sínu til stuðnings hafi stefnandi vísað til tveggja dóma Félagsdóms í málunum nr. 14/1995 og nr. 9/1997. Sé trúlega í fyrra tilvikinu átt við dóm Félagsdóms í málinu nr. 16/1997. Í báðum tilvikum virðist niðurstöður í málunum hafa ráðist af því að í auglýsingum um störf hafi beinlínis verið tekið fram að starfsmenntun, þ.e. annars vegar á sviði félags- og/eða heilbrigðisþjónustu og hins vegar sjúkraliðamenntun, væri æskileg. Engri slíkri auglýsingu eða starfslýsingu sé til að dreifa í tilviki Sigurbjargar. Enn fremur er bent á að í umræddum málum hafi verið deilt um samningsumboð vegna forstöðumannastarfa, þ.e. starfa sem séu allt annars eðlis en starf gæslumanns. Þannig verði ekki séð að ýmis konar fagmenntun geti nýst með sambærilegum hætti í gæslumannsstarfinu og í starfi forstöðumanns.

Um málskostnað er af hálfu stefnda vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda, Starfsmannafélags ríkisstofnana.

Þessi stefndi vísar um rökstuðning fyrir sýknukröfu sinni til rökstuðnings og málsástæðna, stefnda, íslenska ríkisins. Þar fyrir utan er áréttað að stefndi, Starfsmannafélag ríkisstofnana, sé almennt stéttarfélag skv. 5. gr. laga nr. 94/1986 og hafi samningsrétt um störf hjá ríkinu sem ekki falli undir fagfélag að gera kjarasamning vegna. Þá liggi og fyrir skv. 6. gr. laga nr. 94/1986 að eigi skuli nema eitt stéttarfélag fara með samningsrétt og fari Starfsmannafélag ríkisstofnana réttilega með samningsrétt vegna stöðu þeirrar sem Sigurbjörg Grétarsdóttir gegni hjá Sjúkrahúsi Suðurlands. Þá liggi og fyrir að skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986 sé Sigurbjörgu Grétarsdóttur heimil aðild að Starfsmannafélagi ríkisstofnana sem hún hafi kosið að segja sig úr. Þá liggi og fyrir að skv. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986 skuli Sigurbjörg Grétarsdóttir greiða af launum sínum gjald til

Starfsmannafélags ríkisstofnana sem jafngildi stéttarfélagsgjaldi enda fari um laun hennar skv. kjarasamningi þess félags.

Staðan sem um ræðir og Sigurbjörg Grétarsdóttir gegnir sé staða gæslumanns eins og fram komi í gögnum málsins. Engar stöður sjúkraliða séu að réttargeðdeildinni að Sogni. Huglæg afstaða Sigurbjargar Grétarsdóttur í málinu breyti þar engu. Ósannað sé að störf gæslumanna séu í eðli sínu sjúkraliðastörf sem veitt geti rök fyrir því að stefnanda verði, í stað Starfsmannafélags ríkisstofnana, talinn samningsréttur vegna stöðu þeirrar sem Sigurbjörg Grétarsdóttir gegnir. Meginmálsástæða stefnanda sé því ósönnuð og illa rökstudd.

Því er mótmælt að Sigurbjörg Grétarsdóttir hafi verið þvinguð til félagsaðildar að Starfsmannafélagi ríkisstofnana. Málið snúist ekki um félagsaðild Sigurbjargar Grétarsdóttur heldur rétt Starfsmannafélags ríkisstofnana til að gera kjarasamning vegna stöðu þeirrar sem hún gegni hjá Sjúkrahúsi Suðurlands.

Varðandi tilvitnaða dóma Félagsdóms er áréttað að ekki sé um sambærileg mál að ræða þar sem niðurstaða Félagsdóms í þeim málum virðist hafa ráðist af því að auglýst hafi verið eftir tiltekinn starfsmenntun. Í eðli sínu sé um ólík störf að ræða í þeim málum og því máli sem hér um ræðir og í andstöðu við starfslýsingu og ráðningarsamning Sigurbjargar Grétarsdóttur að líta svo á að hún gegni starfi sjúkraliða.

Vísað er til laga nr. 94/1986 um kjarasamning opinberra starfsmanna, laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. og 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og mannréttindasáttmála Evrópu. Jafnframt er vísað til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og 65. gr. laga nr. 80/1938. Varðandi málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 og laga nr. 50/1988 vegna kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað og til þeirrar staðreyndar að Starfsmannafélag ríkisstofnana sé ekki virðisaukaskattskylt.

Forsendur og niðurstaða.

Mál þetta á undir Félagsdóm samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Sjúkraliðafélag Íslands er stéttarfélag sem hefur rétt til að vera samningsaðili við stefnda, íslenska ríkið, samkvæmt ákvæðum 3. tl. 5. gr. laga nr. 94/1986. Áður en meðferðarheimilið að Sogni tók til starfa á árinu 1992 voru auglýstar til umsóknar stöður gæslufólks. Í auglýsingunni segir að æskilegt sé að umsækjendur hafi reynslu af

störfum við gæslu á geðdeildum, stofnunum fyrir þroskahefta eða í fangelsum. Ekki hefur verið sýnt fram á að umtalsverð breyting hafi orðið á aðalverkefnum stofnunarinnar frá því að hún var sett á stofn.

Það var ekki í kjölfar auglýsingar eftir starfsfólki að Sigurbjörg Grétarsdóttir, sem menntuð er sem sjúkraliði, sóttist eftir starfi á meðferðarheimilinu að Sogni. Henni var ljóst að um gæslumannsstarf væri að ræða, en ekki starf sjúkraliða, enda var ekki um störf sjúkraliða að ræða á meðferðarheimilinu. Með ráðningarsamningi 22. mars 1995 réðst Sigurbjörg í starf gæslumanns hjá stofnuninni. Starfsmannafélag ríkisstofnana er í samningnum tilgreint sem stéttarfélag hennar og um launagreiðslur, launaflokk og starfsaldur til launa fari eftir kjarasamningi þess félags sem og önnur atriði sem ráðningarsamningur tekur til.

Þá er Sigurbjörg réðst til stofnunarinnar var ekki og er enn ekki til stöðugildi sjúkraliða við stofnunina. Fullyrðingar af hálfu stefnanda um að starf Sigurbjargar sé í raun sjúkraliðastarf eru ósannaðar. Sigurbjörg er og hefur verið um nokkurra mánaða skeið í veikindaleyfi. Fram er komið að sá starfsmaður sem leysir hana af er ekki sjúkraliði.

Ekki skiptir máli við niðurstöðu máls þessa að tveir hjúkrunarfræðingar sem starfa á meðferðarheimilinu telja æskilegt að fá sjúkraliða til starfa á meðferðarheimilinu, enda er ekki í verkahring þeirra að stofna til stöðugilda á stofnuninni. Hjúkrunarforstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, sem er yfirmaður hjúkrunarfræðinganna, sem starfa á meðferðarheimilinu, hefur að eigin sögn aldrei lagt til að sjúkraliðar verði ráðnir að Sogni. Hér fyrir dómi bar hjúkrunarforstjórinn að ef breyta ætti stöðugildum á meðferðarheimilinu teldi hún önnur stöðugildi koma heimilinu betur en stöðugildi sjúkraliða.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986 ber Sigurbjörgu Grétarsdóttur að greiða gjöld til Starfsmannafélags ríkisstofnana eins og hún væri félagsmaður, en engin skylda til aðildar að félagi þessu. Skylda til greiðslu gjalda til þess félags, sem fer með samningsaðild fyrir starfsmann, brýtur hvorki í bága við félagafrelsisákvæði 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins né 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 eða 4. gr. laga nr. 80/1938.

Með vísan til framanritaðs verða stefndu sýknuð af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu í málskostnað 75.000 krónur hvorum. Við ákvörðun málskostnaðar stefnda, Starfsmannafélags ríkisstofnana, hefur verið litið til virðisaukaskattskyldu lögmannsþóknunar.

D ó m s o r ð:

Stefndu, íslenska ríkið og Starfsmannafélag ríkisstofnana, eru sýknuð af kröfum stefnanda, Sjúkraliðafélags Íslands, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda, íslenska ríkinu, 75.000 krónur í málskostnað og stefnda, Starfsmannafélagi ríkisstofnana, 75.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 15. október 1998.

Nr. 9/1998. **Stéttarfélag verkfræðinga**
(Lára V. Júlíusdóttir hrl.)
gegn
Reykjavíkurborg
(Hjörleifur Kvaran hrl.)

Frávísun.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefnda hinn 12. október sl.

Málið úrskurða Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gísli Gíslason og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Stefnandi er: Stéttarfélag verkfræðinga, kt. 620269-6629, Engjateigi 9, Reykjavík.

Stefndi er: Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að Stéttarfélag verkfræðinga fari með samningsaðild fyrir Guðbjart Sigfússon, kt. 110845-3839, Hálsaseli 49, Reykjavík, Þorgeir Þorbjörnsson, kt. 270349-3239, Vallargerði 30, Kópavogi og Heiðar Þ. Hallgrímsson, kt. 270939-7599, Þykkvabæ 18, Reykjavík við gerð kjarasamninga við Reykjavíkurborg vegna starfa þeirra hjá embætti borgarverkfræðings og að Reykjavíkurborg sé bundin gildandi kjarasamningi milli Stéttarfélags verkfræðinga og Reykjavíkurborgar gagnvart þessum mönnum frá og með 11. júní 1998.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað vegna meðferðar málsins fyrir Félagsdómi, þ.m.t. kostnað stefnanda af virðisaukaskattskyldri lögmannsþjónustu.

Dómkröfur stefnda:

Aðallega að máli þessu verði vísað frá Félagsdómi.

Til vara krefst stefndi sýknu af öllum kröfum stefnanda.

Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt mati Félagsdóms.

Stefnandi krefst þess að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið.

Ekki er gerð krafa um málskostnað í þessum þætti málsins.

Málavextir.

Málavextir eru þeir að þrír starfsmenn embættis borgarverkfræðings, sem allir eru verkfræðingar og höfðu í mörg ár verið félagsmenn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, sögðu sig úr félaginu og gengu í Stéttarfélag verkfræðinga. Formleg úrsögn þeirra úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar var þann 11. júlí 1998.

Með bréfi lögmanns stefnanda til stefnda, dags. 19. mars 1998, var þess óskað að Reykjavíkurborg viðurkenndi félagatilfærslu þessara þriggja verkfræðinga hjá embætti borgarverkfræðings úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar til Stéttarfélags verkfræðinga. Jafnframt var þess óskað að um launakjör þessara starfsmanna færi samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Stéttarfélag verkfræðinga og að félagsgjöldum af þeim yrði skilað til félagsins.

Með bréfi Reykjavíkurborgar, dags. 3. júní 1998, var því hafnað að greiða mönnunum eftir kjarasamningi nýs félags á þeirri forsendu að þeir væru bundnir af kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar til 31. október 2000. Í ljósi þessarar afstöðu stefnda hefur félagsgjöldum verið skilað til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og verður svo til loka samningstímabils.

Stefnandi fellst ekki á þessi sjónarmið og hefur höfðað mál þetta.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir mál sitt á því að í gildi sé kjarasamningur milli Stéttarfélags verkfræðinga og Reykjavíkurborgar sem stefndi hafi skuldbundið sig til að fara eftir á samningstímabilinu. Allir félagsmenn Stéttarfélags verkfræðinga, sem séu í starfi hjá stefnda, eigi rétt á að fá laun greidd á grundvelli þess samnings. Samningur þessi hafi verið undirritaður af aðilum 1. apríl 1997 og gildir til 31. mars 2000.

Stefnandi vísar til þeirrar grundvallarreglu að mönnum sé frjálst að vera í því félagi sem þeir kjósi. Þessi réttur sé tryggður í 74. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 eins og henni hafi verið breytt með lögum nr. 97/1995. Í 4. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur sé skýrt tekið fram að atvinnurekendum sé óheimilt að hafa áhrif á stéttarfélagsaðild starfsmanna sinna. Atvinnurekendum sé einnig sérstaklega bannað að hafa afskipti af stéttarfélagsaðild starfsmanna sinna, sbr. samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar

nr. 98. Mannréttindasáttmáli Evrópu, sem hér hafi hlotið lagagildi með lögum nr. 62/1994, verndi einnig félagafrelsi einstaklinga.

Tilvísun stefnda í lög nr. 80/1938 um að stefndi sé bundinn af kjarasamningi hans við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar út samningstímabil aðila eða til 31. október 2000 hafi hér enga þýðingu. Lög nr. 80/1938 gildi ekki um félagsmenn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, heldur gildi um þeirra kjarasamninga lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Hvergi í þeim lögum sé kveðið á um það að menn séu bundnir af samþykktum félaga út samningstímabil. Engin ákvæði í kjarasamningnum sjálfum kveði heldur á um þetta eða ákvæði í lögum Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Lögjöfnun eigi hér ekki við. Hömlur á félagafrelsi verði að túlka þröngt út frá almennum lögskýringarreglum þar sem slíkt sé undantekning frá meginreglum um félagafrelsi. Ofangreindum starfsmönnum borgarverkfræðings sé því frjálst að segja sig úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og ganga í Stéttarfélag verkfræðinga. Stefnda beri að virða gerða kjarasamninga og greiða þeim laun samkvæmt því strax frá þeim degi sem umrædd skipti hafi verið tilkynnt atvinnurekanda, enda kveði lög ekki á um aðra skipan.

Stefnandi vísar í dóm Félagsdóms í málinu nr. 16/1995, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga gegn borgarstjóranum í Reykjavík f.h. Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og málinu nr. 9/1997, Sjúkraliðafélag Íslands gegn Reykjanesbæ og Starfsmannafélagi Reykjanesbæjar. Þar hafi réttur starfsmanna til að tilheyra fagfélagi stéttar fremur en starfsmannafélagi verið viðurkenndur.

Stefndi hafi í kjölfar ofangreindra dóma í nokkrum tilvikum heimilað flutning fyrrum félagsmanna Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar yfir í stéttarfélög faghópa. Þannig hafi yfirmaður þjónustudeildar Dagvistar barna flust úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar yfir í stéttarfélag félagsráðgjafa og hafi stefndi samþykkt þann flutning þótt hann hafi farið fram á gildistíma kjarasamnings stefnda og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Það að heimila einum starfsmanni flutning og banna öðrum sé brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og stjórnsýslulögum.

Þess er krafist að frá þeim degi er viðkomandi starfsmenn tilkynntu stefnda formlega um félagaskipti sín, sbr. bréf dags. 11. júní

1998, verði þeim greitt skv. kjarasamningi stefnanda og stefnda. Félagaskiptin áttu sér stað fyrr, en þau voru ekki tilkynnt formlega fyrr en með bréfum þann 11. júní 1998.

Kröfu um málskostnað styður stefnandi við 21. kafla einkamálalaga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda vegna frávísunarkröfu.

Kröfu um frávísun máls þessa byggir stefndi á því að stefnandi hafi einungis stefnt Reykjavíkurborg til að þola dóm í máli þessu en ekki Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Dómkröfur stefnanda í máli þessu séu hins vegar þess eðlis að þær muni hafa bindandi áhrif fyrir Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og hljóti því að vera óhjákvæmilegt að stefna þeim aðila samhliða Reykjavíkurborg, sbr. 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Með bréfi stefnda til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, dags. 3. september 1998, hafi verið leitað eftir afstöðu til þeirra álitaefna sem um ræðir í máli þessu. Í svarbréfi lögmanns Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, dags. 7. september 1998, komi fram að þar sem félagið sé ekki aðili að málinu geti dómur í því ekki verið bindandi fyrir félagið. Í ljósi þess að stefndi hafi hafnað því að um launakjör umræddra starfsmanna embættis borgarverkfræðings skuli fara samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Verkfræðingafélags Íslands hafi stéttarfélagsgjöldum verið skilað til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, enda sé kjarasamningur þess félags lagður til grundvallar launakjörum umræddra starfsmanna. Það sé því ljóst að Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar eigi ríkra hagsmuna að gæta við úrlausn þessa máls og útilokað sé að Félagsdómur geti, án aðildar þess félags að þessu dómsmáli, kveðið upp dóm sem hafi bindandi áhrif fyrir það. Fjölmargir dómar Félagsdóms staðfesta nauðsyn þess að það stéttarfélag sem fari með samningsumboð fyrir starfsmenn eigi aðild að málum fyrir dóminum.

Um lagarök fyrir frávísunarkröfu vísar stefndi m.a. til III. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 18. gr.

Rökstuðningur stefnanda gegn frávísunarkröfu stefnda.

Stefnandi byggir á því í þessum þætti málsins að hafna beri frávísunarkröfu stefnda vegna vanreifunar. Ákvæði 18. gr. laga nr. 91/1991 um samaðild eigi ekki við og stefndi hafi ekki skýrt það með hvaða hætti niðurstaða dóms í máli þessu eigi að vera bindandi fyrir Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, sem ekki sé aðili málsins.

Niðurstaða þessa máls hafi enga þýðingu fyrir Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og aðild félagsins að málinu því óþörf.

Niðurstaða.

Ágreiningslaust er með aðilum að tilgreindum þremur verkfræðingum, sem hjá embætti borgarverkfræðings starfa, hafi verið frjálst að segja sig úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og ganga í Stéttarfélag verkfræðinga.

Í bréfi lögmanns Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar til borgarlögmanns, dags. 7. september sl., kemur fram sú afstaða að kjarasamningur starfsmannafélagsins og Reykjavíkurborgar sé bindandi fyrir nefnda starfsmenn embættis borgarverkfræðings til októberloka árið 2000. Sú krafa stefnanda í máli þessu sem lýtur að því að stefndi sé bundinn gildandi kjarasamningi milli Stéttarfélags verkfræðinga og Reykjavíkurborgar gagnvart þessum mönnum frá og með 11. júní 1998 kann að varða hagsmuni Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar með þeim hætti að nauðsyn beri til að sá aðili eigi einnig aðild að máli þessu. Ber því að fallast á kröfu stefnda um frávísun málsins.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður í þessum þætti málsins.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 19. október 1998.

Nr. 12/1998. **Alþýðusamband Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómannafélags Reykjavíkur og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar**

(Jóhann Halldórsson hdl.)

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur vegna Granda hf.

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Kjarasamningur. Skiptakjör.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson og Valgeir Pálsson.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. okt. sl., var höfðað með stefnu, útgefinni 10. sept. sl. og þingfestri 21. sept. sl.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómannafélags Reykjavíkur og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur vegna Granda hf.

Dómkröfur stefnanda:

Að viðurkennt verði að stefnda, Granda hf., sé skylt að ganga til samningsgerðar við fulltrúa Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um fiskverð sem lagt verði til grundvallar við hlutaskipti á togaranum Ásbirni RE-50 skv. umboði er áhöfnin veitti þessum aðilum þann 14.07.1998.

Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum málskostnað að mati dómsins auk álags sem nemur virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnenda og málskostnaðar að skaðlausu óskipt úr þeirra hendi. Við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Málavextir eru þeir að þann 22. febrúar 1996 var kveðinn upp úrskurður í úrskurðarnefnd sjómanna- og útvegsmanna um fiskverð til handa áhöfn togarans Ásbjörns RE-50 sem Grandi hf. gerir út. Var sá úrskurður kveðinn upp með atkvæðum meirihluta formanns og útvegsmanna gegn andmælum fulltrúa sjómanna. Skyldi sá úrskurður gilda í þrjá mánuði skv. ákvæðum 2. mgr. II. kafla greinar í 1.26. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landsambands íslenskra útvegsmanna samanber og sambærileg ákvæði í kjarasamningi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands við sama aðila, sbr. gein 1.03. Er því liðið á þriðja ár frá því að gildistíma úrskurðarins skyldi ljúka.

Samkvæmt tilvitnuðum greinum í kjarasamningi aðila eru þannig liðin tvö ár og 3 mánuðir frá því að nefndur úrskurður féll úr gildi. Samkvæmt úrskurðinum var verð á karfa, ufsa og þroski til grundvallar hlutaskiptum ákvarðað eftir stærð eða þyngd ofangreindra fisktegunda. Það meðalverð sem greitt er samkvæmt úrskurðinum er nánast sama meðalverð sem fram kemur í upplýsingum frá Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna þegar um bein viðskipti er að ræða. Í júnímánuði 1998 var meðalverð í beinum viðskiptum eftirfarandi:

Karfi:	36,68 kr./kg.
Ufsi:	45,35 kr./kg.
Þorskur	73,02 kr./kg.

Fyrrnefndur úrskurður nefndarinnar tók til þriggja skipa stefnda, Granda hf., þ.e. Ásbjörns RE-50, Viðeyjar RE-6 og Ottós N. Þorlákssonar RE-203. Að sögn stefnanda hafa áhafnir þessara skipa haft fullan vilja til þess að reynt yrði að ná samningi milli aðila um nýtt fiskverð á síðastliðnum tveimur árum. Hafi ekkert orðið úr slíkri samningsgerð við áhöfn skipsins Ásbjörns RE-50. Að sögn lögmanns stefnanda sömdu áhafnir skipanna Viðeyjar RE-6 og Ottós N. Þorlákssonar RE-203 um nýtt fiskverð við Granda hf. eftir höfðun máls þessa. Af hálfu stefnanda er því haldið fram að samningsstaða áhafna sé afleit. Skipti þar mestu reynsluleysi viðkomandi

skipverja auk þess sem þá skorti algerlega marktækar upplýsingar til viðmiðunar um fiskverð við samningsgerðina. Telja skipverjar þannig að aðstöðumunur aðila auk návígisins við útgerðina hafi útilokað möguleika þeirra til hagstæðrar samningsgerðar. Hafi niðurstaðan því orðið sú að áhafnir þessara skipa hafi ekki treyst sér til samningsgerðar en auk þess hafi stefndi, Grandi hf., ekkert frumkvæði haft til samningsgerðar. Þannig sé úrskurði nefndarinnar frá 22. febrúar 1996 enn fylgt við ákvörðun fiskverðs við uppgjör hlutaskipta þrátt fyrir að liðin séu rúm tvö ár frá því að hann hafi fallið úr gildi.

Samkvæmt upplýsingum frá úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna sem unnar eru af Fiskifélagi Íslands vegna júnímánaðar 1998 sé meðalverð á markaði fyrir nefndar tegundir eftirfarandi í dag:

Karfi:	64,60 kr./kg.
Ufsi:	64,56 kr./kg.
Þorskur:	112,98 kr./kg.

Þannig sé meðalverð til grundvallar hlutaskiptum til handa áhöfn Ásbjörns RE-50, sem stefndi Grandi hf. gerir út, mun lægra en meðalverð á fiskmörkuðum. Hlutfallslegur munur sé:

Karfi:	Markaðsverð 76% hærra en það sem Grandi greiðir.
Ufsi:	Markaðsverð 42% hærra en það sem Grandi greiðir.
Þorskur:	Markaðsverð 55% hærra en það sem Grandi greiðir.

Að mati skipverja á Ásbirni RE-50 sé augljóst að fiskverð það sem lagt er til grundvallar í viðskiptum aðila sé fráleitt hæsta gangverð í skilningi kjarasamninga aðila, sbr. 1. kafla greinar 1.26. í kjarasamningi SSÍ og 1. mgr. greinar 1.03. í kjarasamningi FFSÍ. Þar sem skipverjar hafi talið þessa stöðu sína óviðunandi hafi þeir tekið þá ákvörðun að fela fulltrúum Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands umboð til samningagerðar um fiskverð við stefnda, Granda hf., hinn 14. júlí 1998. Umboðið hafi verið veitt með yfirlýsingu nær allra skipverja sem starfa um borð í umræddu skipi. Umboð stefnenda til samningsgerðar var kynnt stefnda, Granda hf., með bréfi dags. 15. júlí 1998. Þann sama dag sendi stefndi, Grandi hf., fyrirsvarsmönnum stefnenda, SSÍ og FFSÍ símbréf, þar sem tilkynnt var að fyrirtækið liti svo á að það semdi beint við áhafnir sínar og væri reiðubúið til þess hvenær sem er. Var jafnframt tilkynnt að í framhaldinu yrði haft samband við áhöfn Ásbjörns RE-50. Þann 16. júlí 1998 sendu stefnendur stefnda

bréf þar sem fram kom sú afstaða stefnenda að þrátt fyrr að óumdeilt væri að áhafnir viðkomandi skipa væru samningsaðilar þá væri ljóst að þeim aðilum væri heimilt að fela þriðja aðila umboð til samningsgerðar samkvæmt skriflegu umboði. Í sama bréfi var óskað eftir viðræðum við fulltrúa stefnda í samræmi við bréf sömu aðila, dags. 15. júlí 1998. Svarbréf barst frá stefnda þann 16. júlí 1998 þar sem ítrekuð var sú afstaða stefnda að fyrirtækið teldi stéttarfélögum óheimilt að annast milligöngu vegna samninga um fiskverð. Var jafnframt tilkynnt að fyrirtækið myndi vísa málinu til hagsmunasamtaka sinna þar sem það teldi ágreining aðila snerta grundvallaratriði kjarasamninga.

Í framhaldi af synjun stefnda, Granda hf., um viðræður við umboðsmenn áhafnar Ásbjörns RE-50 var málinu vísað til úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna með bréfi stefnenda, dags. 23. júlí 1998.

Þann 19. ágúst 1998 var málinu vísað frá úrskurðarnefnd með atkvæðum meirihluta formanns og útvegsmanna, sbr. dskj. nr. 12. Var úrskurðurinn rökstuddur m.a. með vísan til þess að þrátt fyrir þá meginreglu að hverjum lögráða einstaklingi sé heimilt að fela öðrum samningsgerð (með umboði) kynnu aðstæður að vera með þeim hætti að nauðsynlegt væri vegna sérstakra aðstæðna viðsemjanda eða eðli samkomulags að víkja þar frá. Var síðan vísað til þess að ef vilji sjómannasamtakanna kæmi til framkvæmda þá myndu einstakir samningar um fiskverð milli áhafna og útgerða fljótlega heyra sögunni til og þróast yfir í miðstýrt fiskverð sem heildarsamtökin myndu móta en því fyrirkomulagi hefði fyrir löngu verið kastað fyrir róða. Þannig taldi nefndin að útgerð og áhöfn væri bæði rétt og skylt að reyna að ná samningi sín á milli um fiskverð án beinna afskipta hagsmunasamtaka.

Í stefnu segir að skipverjar á Ásbirni RE-50 treysti sér ekki til samningaviðræðna við fyrirsvarsmenn stefnda, Granda hf., sem neiti að eiga viðræður við löglega umboðsmenn þeirra.

Málsástæður og rökstuðningur stefnenda.

Stefnendur byggja málssókn sína á því að stefnda, Granda hf., sé skylt að ganga til samningsgerðar við þá aðila sem áhöfnin á Ásbirni hefur falið umboð til samningsgerðar.

Hvergi sjái þess stað í kjarasamningi aðila að óheimilt sé að fela þriðja aðila umboð til samningsgerðar. Engu breyti þó að orðalag

kjarasamnings aðila sé með þeim hætti að þar segi að aðilar skuli gera samning „sín á milli“ eins og fyrirsvarsmenn stefnda hafa lagt mikla áherslu á. Um það sé ekki deilt að viðsemjendur séu þeir aðilar sem kjarasamningur gerir ráð fyrir, þ.e. annars vegar áhöfn og hins vegar útgerð. Umboð það sem skipverjar hafa veitt stefnendum veiti þeim ekki rétt til þess að ganga frá bindandi samningi um fiskverð. Samkvæmt orðalagi umboðsins nái umboðið aðeins til þess að gera samning um fiskverð og undirrita hann með fyrirvara um samþykki áhafnar. Þannig sé ljóst að endanleg samningsgerð velti aðeins á vilja skipverja sjálfra.

Samkvæmt meginreglum samningaréttar og lögum um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936 sé hverjum lögráða einstaklingi heimilt að veita þriðja aðila umboð til að gera hvers kyns löggerninga fyrir sína hönd. Slíkir löggerningar séu að fullu gildir að því tilskildu að umboðsmaður haldi sig innan marka umboðs. Umboð það sem um ræðir í þessu máli hafi verið veitt stefnendum skriflega og samrit þess afhent stefnda sem viðsemjanda. Velkist hann ekki í vafa um heimildir stefnenda skv. umræddu umboði.

Þá beri einnig að líta til þess að mati stefnenda að jafnvel þó að litið yrði svo á að viðkomandi aðilar þeirra kjarasamninga, sem um ræðir, hafi áður samið um tiltekna framkvæmd á samningsgerð milli áhafna og útgerða þá sé ljóst að heimilt sé að víkja frá umræddum ákvæðum kjarasamnings aðila með samþykki viðkomandi stéttarfélags. Í því tilviki, sem hér um ræðir, sé ljóst að viðkomandi stéttarfélög, Sjómannafélag Reykjavíkur og Skipstjóra og stýrimannafélagið Aldan, hafi samþykkt þau afbrigði frá ákvæðum kjarasamnings aðila sem umrætt umboð hugsanlega geri ráð fyrir.

Að mati stefnenda verður og að líta til þess að óheimilt sé með vísan til almennra mannréttinda að svipta félagsmenn í stéttarfélögum heimild til þess að gera slíka löggerninga sem umrætt umboð feli í sér. Verði slík takmörkun á samningsfrelsi og mannréttindum félagsmanna í viðkomandi sjómannafélagi ekki rökstudd með vísan til þess að kjarasamningur aðila geri ráð fyrir annarri framkvæmd á samningsgerð aðila. Með fullgildingu íslenska ríkisins þann 22. ágúst 1979, sbr. c-deild stjórnartíðinda nr. 10/1979, á alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, hafi íslenska ríkið skuldbundið sig, skv. 8. gr. þess samnings, til þess að

ábyrgjast annars vegar rétt allra til þess að stofna stéttarfélög og gerast félagar í því stéttarfélagi sem þeir veldu, einungis að áskildum reglum hlutaðeigandi félags, sbr. a-lið 8. gr. Hins vegar skuldbatt íslenska ríkið sig til þess að vernda rétt allra stéttarfélaga til þess að starfa óhindrað, að engum takmörkunum áskildum öðrum en þeim sem mælt er fyrir í lögum og nauðsynlegar eru í lýðfrjálsu þjóðfélagi í þágu þjóðaröryggis eða allsherjarreglu eða til þess að vernda réttindi og frelsi annarra, sbr. c-lið 8. gr. Að mati stefnanda er ljóst að hvers kyns takmörkun á heimildum félagsmanna Sjómannafélags Reykjavíkur til þess að fela Sjómannasambandi Íslands umboð til þeirra ráðstafana, sem um er rætt í þessu máli, myndi fela í sér brot gegn hinum tilvitnuðu ákvæðum í alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi sem íslenska ríkið er skuldbundið til þess að virða.

Þá ber að mati stefnenda að líta til þess að veiting umboðs til samningsgerðar hafi margs konar kosti fyrir báða samningsaðila. Ljóst sé að fyrirsvarsmenn þeirra aðila sem umboðið var veitt hafi margþætta reynslu og sérþekkingu á sviði samningsgerðar um fiskverð. Þá sé ljóst að með því að fela þriðja aðila umboð verður ekki sama návígi með aðilum sem ella yrði. Sé augljóst að aðstöðumunur aðila er mjög mikill. Annars vegar sé um að ræða sjómenn sem enga þekkingu hafi á verðmyndunarmálum í sjávarútvegi. Hins vegar aðila sem hafa af því atvinnu að semja um fiskverð í viðskiptum við þriðja aðila. Loks verði að líta til þess að vegna úthalds skipsins sé erfitt að finna tíma til þess að sinna þessum málum af hálfu skipverja.

Loks beri að líta til þess að stefndi hafi ekki fært fram nein efnisleg eða málefnaleg rök gegn þeirri framkvæmd sem umboð áhafnar Ásbjörns RE-50 geri ráð fyrir. Sé ljóst að neikvæð afstaða stefnda mótist eingöngu af þeirri staðreynd að fyrirtækið telji sér fært að ná hagfelldari samningum í beinum viðskiptum við áhafnirnar sjálfar í skjóli þess návígis sem er með aðilum. Neikvæð afstaða stefnda í þessum efnum kristallist í því að þrátt fyrir yfirlýstan vilja þeirra til að semja um nýtt fiskverð, hafi þeir í engu sinnt beiðni starfsmanna sinna um að ganga til samningsgerðar. Það eina sem stefndi hafi í raun aðhafst í málinu sé að þvæla það eftir fremsta megni, þannig að hin efnislegi ágreiningur aðila um fiskverð komi ekki til úrlausnar, sjálfum sér til hagsbóta og áhafnarmeðlimum til tjóns.

Stefnandi byggir málsókn sína á meginreglum vinnuréttar og samningaréttar, kjarasamningum aðila og á alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sbr. c-deild stjórnartíðinda nr. 10/1979 auk laga nr. 7/1936 og lögum nr. 80/1938. Krafa um málskostnað styðst við ákvæði XXI. kafla laga nr. 91/1991 en krafa um álag er nemi virðisaukaskatti við lög nr. 50/1988.

Málsástæður stefnda.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því að kjarasamninga beri að túlka á þann hátt, að áhafnir skipanna skuli sjálfar annast þessa samningsgerð. Lagður hefur verið fram úrskurður, sem svonefnd úrskurðarnefnd sjómanna og útgerðarmanna kvað upp þann 19. ágúst 1998, þar sem fallist var á sjónarmið stefnda í þessu efni. Á bls. 6-9 í úrskurðinum sé að finna forsendur fyrir þeirri niðurstöðu. Vísar stefndi til þeirra um sjónarmið fyrir sýknukröfu sinni.

Aðalatriðin séu þessi:

Beint orðalag viðkomandi greina kjarasamninganna bendi til þess að túlka beri þau með þeim hætti sem stefndi geri. Þar sé sagt að „útgerðarmaður og áhöfn skuli gera sín í milli samning" um fiskverð. Hafa verði hugfast að ákvæðið er að finna í kjarasamningi sem gerður sé í nafni heildarsamtaka aðila fyrir hönd aðildarfélaga þeirra. Með því að nefna „útgerðarmann" og „áhöfn", en ekki samtökin eða félögin sem gera kjarasamninginn, sé gagngert verið að greina þessa aðila frá samtökunum og félögunum. Stefnendur leggi í sóknarskjölum áherslu á að mál þetta snúist aðeins um þann einfalda hlut, hvort einn aðili megi fela öðrum umboð til að gera samning fyrir sig. Stéttarfélag, sem gerir kjarasamning, sé í reynd að koma fram í umboði þeirra launþega sem laun eiga að taka samkvæmt samningi, jafnvel þó að kjarasamningur sé gerður í nafni stéttarfélags. Þegar í slíkum samningi er tekið fram að aðili, sem samið er fyrir, skuli sjálfur annast tiltekna framkvæmd, sé eðlilegt að skýra samninginn þannig að með því sé gagngert verið að undanþiggja þá framkvæmd umboði þess aðila sem gerir sjálfan kjarasamninginn.

Skilningur stefnda á kjarasamningunum fái sérstaka stoð í þeirri staðreynd að þar sé ákveðið, að leita skuli úrskurðar hinnar svonefndu úrskurðarnefndar ef ekki næst samningur milli áhafnar og útgerðar skips. Úrskurðarnefndin sé einmitt skipuð fulltrúum frá samtökunum sem gera kjarasamningana, sbr. ákvæði þar að lútandi

í samningunum sjálfum, svo og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, en áður 2. mgr. 1. gr. laga nr. 84/1995 um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Sýnist vera augljóst að stofnun nefndarinnar við kjarasamningagerðina 1995 hafi helgast af því að samningsgerðin sjálf um fiskverðið skyldi í fyrstu vera í höndum áhafnanna sjálfra og viðkomandi útgerða og afskipti hagsmunasamtakanna ekki koma til, fyrr en mál kæmi fyrir úrskurðarnefnd.

Allur aðdragandi þess fyrirkomulags, sem tekið var upp í þessu efni við samningagerðina 1995 og síðan var staðfest með löggjöf það ár, styðji eindregið skilning stefnda á kjarasamningunum. Vikið sé að þessu í forsendum úrskurðarnefndar og á framlögðu málflutningsskjali stefnda fyrir úrskurðarnefndinni. Sé ljóst að með breytingunum hafi ætlunin verið að hverfa frá þeirri miðstýrðu verðstjórnun sem fram að því hafði gilt og tók ekki mið af sérstöðu útgerða einstakra skipa og áhafna þeirra, m.a. eftir landshlutum. Áður hafi ákvarðanir um fiskverð verið í höndum svonefnds Verðlagsráðs, sem einmitt hafi verið skipað fulltrúum hagsmunasamtakanna. Frá þessu hafi ætlunin verið að hverfa með nýbreytninni sem um var samið 1995.

Samningsgögn styðji eindregið túlkun stefnda. Á framlögðum skjölum sé að finna tillögur sem fulltrúar sjómannasamtakanna hafi lagt fram við samningagerðina 1995 en ekki hafi náð fram að ganga. Þar hafi þeir lagt til að samningar milli áhafna og útgerða um fiskverð skyldu vera háðir samþykki eða staðfestingu samtaka sjómanna eftirá. Þessu hafi verið hafnað við samningagerðina og sé engin ákvæði í þessa veru að finna í kjarasamningunum. Í þessu dómsmáli gangi kröfur stefnenda í reynd lengra en þessar tillögur hafi gert, því þeir krefjast viðurkenningar á að samtökin megi sjá um samningagerðina sjálfa í umboði áhafna. En samkvæmt tillögunum hafi samþykki þeirra átt að koma til eftirá. Það megi vera alveg ljóst að samtök útgerðarmanna hefðu ekki viljað gera kjarasamninga sem hefðu haft inni að halda samningsákvæði með þessu efni. Það sýni afstaða þeirra til ofangreindra tillagna. Í reynd gangi málsókn stefnenda út á að ná fram fyrir dómi viðurkenningu á samningsatriði sem þeir hafi ekki getað náð fram við samningsborðið. Dómstólar geti að sjálfsögðu ekki veitt mönnum slíkar viðurkenningar.

Í stefnu virðist stefnendur gera ráð fyrir að stéttarfélag megi víkja frá ákvæðum kjarasamnings án samþykkis viðsemjanda síns. Þessu er mótmælt, enda verði ekki séð hvaða tilgangi það ætti að þjóna að gera samning ef annar samningsaðili er talinn geta einhliða ákveðið breytingar á honum.

Í stefnunni sé talið að dómkröfur stefnenda eigi stoð í alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem fullgiltur var af Íslands hálfu 22. ágúst 1978. Vísa stefnendur til ákvæða í 8. gr. samningsins. Stefndi telur þennan málflutning fjarstæðukenndan. Afstaða stefnda til krafna stefnenda byggi gagngert á því að stefnendur séu stéttarfélög með öllum réttindum slíkra félaga samkvæmt alþjóðasamningnum, m.a. rétti til að gera kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna. Kröfur stefnda byggist einmitt á túlkun slíkra kjarasamninga. Helst virðist mega skilja þennan málflutning þannig að alþjóðasáttmálinn veiti stéttarfélögum heimild til að virða ekki samningsskyldur sem þau hafi gengist undir við gerð kjarasamninga.

Enn séu í stefnunni hugleiðingar um að túlkun stefnenda hafi kosti fyrir samningsaðila. Þessu mótmælir stefndi. Hann lýsir sig ósammála þessu að efni til en tekur einnig fram að sjónarmiðið hafi ekki nokkra þýðingu fyrir sakarefni málsins.

Loks telji stefnendur að stefndi hafi „ekki fært fram nein efnisleg eða málefnaleg rök“ gegn því fyrirkomulagi, sem stefnukröfur miðast við. Þessi staðhæfing sé undarleg í ljósi þess texta sem á eftir kemur, því þar sé sagt að stefndi telji sig ná hagfelldari samningum í beinum viðskiptum við áhafnirnar sjálfar. Aðalatriðið sé hins vegar að sjónarmið stefnenda um þetta hafi ekki nokkra þýðingu fyrir sakarefni málsins. Stefndi hafi allan tímann sem hér um ræðir verið fús til að semja við áhöfnina um fiskverðið. Stefndi, Grandi hf., hafi samið við áhafnir annarra skipa sinna um fiskverð.

Stefndi vísar til ólögfestra meginreglna um skuldbindingargildi og túlkun samninga. Þá er vísað til laga nr. 13/1998, sbr. það sem um það segir að framan. Um málskostnaðarkröfu er vísað til ákvæða í 21. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun byggist á því að Landsamband íslenskra útvegsmanna, sem þennan kostnað greiðir, stundi ekki virðisaukaskattskylda starfsemi skv. lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og

þurfi því að fá þann skatt greiddan úr hendi stefnenda til að verða skaðlaust af honum.

Niðurstaða.

Mál þetta snýst um þá dómkröfu stefnenda að Granda hf. sé skylt að ganga til samningsgerðar við fulltrúa Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um fiskverð sem lagt verði til grundvallar við hlutaskipti á togaranum Ásbirni RE-50 samkvæmt umboði er áhöfnin veitti þessum aðilum.

Í greinum 1.26. og 1.03. í gildandi kjarasamningum, sem fyrrnefnd sambönd hafa gert fyrir hönd umbjóðenda sinna við Landssamband íslenskra útvegsmanna, eru svofelld ákvæði: „Útgerðarmaður og áhöfn skulu gera sín í milli samning um fiskverð, þegar útgerð selur afla til eigin vinnslu, þ.e.a.s. í viðskiptum milli skyldra aðila." Að áliti dómsins ráðast úrslit málsins af túlkun þessara ákvæða. Í kjarasamningunum eru jafnframt ákvæði um hvernig með skuli fara náist ekki samkomulag um fiskverð með útgerð og meiri hluta áhafnar. Skal þá leita úrskurðar svonefndrar úrskurðarnefndar og hafa kjarasamningarnir að geyma fyrirmæli um starfsháttu hennar. Þau fyrirmæli hafa og verið lögfest, fyrst í lögum nr. 84/1995 um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna og nú í II. kafla laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar þriggja heildarsamtaka sjómanna og fulltrúar útvegsmanna, svo og oddamaður. Þegar máli er skotið til nefndarinnar skulu fulltrúar sjómanna og útvegsmanna fyrst taka málið til umfjöllunar og nái þeir ekki samkomulagi um fiskverð innan tiltekins frests skal mál tekið fyrir í nefndinni fullskipaðri, er kveður upp úrskurð sem gilda skal í skiptum viðkomandi áhafnar og útgerðar eins og nánar greinir í lögunum og kjarasamningum aðila.

Í báðum þeim kjarasamningum sem hér eru til skoðunar er enn fremur ákvæði um að útgerðarmaður skuli hafa samráð við kjörinn fulltrúa áhafnar um áformaða sölu aflans fyrir a.m.k. mánuð í senn og gera honum grein fyrir fyrirliggjandi upplýsingum um sölu og fiskverð.

Téð ákvæði í kjarasamningunum komu til í kjölfar þess að fiskverð í landinu var gefið frjálst með breytingu á 6. gr. laga nr. 43/1985 um Verðlagsráð sjávarútvegsins, sbr. 1. gr. laga nr. 84/1991 um breytingu á þeim lögum.

Fulltrúum heildarsamtaka sjómanna er ætlað mikilvægt hlutverk til að ná samkomulagi um fiskverð ef ekki næst samkomulag með áhöfn og útgerð, en á því stigi koma fulltrúar sjómanna og útvegsmanna að málum. Það er ósamrýmanlegt því samningsferli sem kjarasamningarnir gera ráð fyrir að fulltrúar samtaka sjómanna hafi einnig með höndum samningsgerð fyrir áhöfn einstaks skips gagnvart útgerð þess.

Þegar litið er til framangreinds og orðalags hinna umdeildu ákvæða, aðdraganda að gerð þeirra og þeirra úrræða, sem sjómönnum eru tiltæk náist ekki samkomulag með þeim og útgerð, verður að túlka ákvæðin svo að áhöfn Ásbjörns RE-50 sé ekki heimilt að fela fulltrúum Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands að annast samninga um fiskverð fyrir sína hönd gagnvart útgerð skipsins.

Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnenda í málinu.

Stefnendur greiði stefnda málskostnað sem ákveðst 150.000 krónur og hefur þá verið litið til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur vegna Granda hf., skal vera sýkn af kröfum stefnenda, Alþýðusambands Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómannafélags Reykjavíkur og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, í máli þessu.

Stefnendur greiði stefnda 150.000 krónur í málskostnað.

Föstudaginn 27. nóvember 1998.

Nr. 10/1998. **Alþýðusamband Íslands f.h.**
Verkamannasambands Íslands vegna
Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar
(Jóhann Halldórsson hdl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Einar Karl Hallvarðsson hrl.)

Kjarasamningur. Yfirvinna.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Guðný Björnsdóttir, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson og Kristján Torfason.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. nóvember s.l., var höfðað með stefnu áritaðri ódagsett um birtingu og þingfestri 21. sept. 1998.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar, kt. 560169-5319, Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, kt. 550169-2829, Arnarhváli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

Að viðurkennt verði að stefnda beri að greiða ræstitæknum sem starfa í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ yfirvinnulaun er nemi 1.0385% af umsömdum mánaðarlaunum eins og þau eru birt í sérkjarasamningi aðila frá 23.09.1997.

Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað auk álags sem nemur virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Málsatvik.

Hinn 23. september 1997 var gerður sérkjarasamningur á milli Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar og fjármálaráðherra um kjör ræstitækna er starfa við ræstingu í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ.

Samkvæmt 2. tl. samningsins fylgja mánaðarlaun starfsmanns í fullu starfi launaliðum er fram koma í 2. gr. (réttilega grein 1.1.1.) í aðalkjarasamningi Verkamannasambands Íslands og fjármálaráð-

herra frá 25. mars 1997, að viðbættu 15% álagi á dagvinnu eins og það er orðað í lokamálslið 2. tl. Þannig eru föst mánaðarlaun ræstitækna reiknuð út með hinu umsamda 15% álagi og birt í sérkjarasamningi aðila, sbr. 2. tl.

Ekki er fjallað sérstaklega um greiðslur vegna yfirvinnu í þessum samningi aðila og í 3. tl. segir að um önnur ákvæði samnings aðila gildi hinn almenni kjarasamningur fjármálaráðherra og VMSÍ frá 25. mars 1997. Í grein 1.5. í hinum almenna kjarasamningi fjármálaráðherra og VMSÍ er fjallað um yfirvinnutímakaup. Segir í grein 1.5.1. að yfirvinna skuli greiðast með tímakaupi. Þá kemur fram að tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki sé 1.0385% af mánaðarlaunum starfsmanns.

Frá gildistöku sérkjarasamningsins hefur stefndi reiknað út og greitt starfsmönnum sínum yfirvinnulaun miðað við grunnfjárhæðir aðalkjarasamnings fjármálaráðherra og VMSÍ frá 25. mars 1997. Stefnandi telur launagreiðslur vegna yfirvinnu ræstitækna þannig hafa orðið 15% lægri en gert sé ráð fyrir í sérkjarasamningi aðila.

Eftir umkvartanir starfandi ræstitækna í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ ritaði stefnandi, Verkakvennafélagið Framtíðin, launanefnd ríkisins f.h. stefnanda bréf þann 20. nóvember 1997 þar sem krafist var leiðréttingar á framangreindu. Að sögn stefnanda barst ekkert svar við þessu erindi stefnanda og var krafa félagsins ítrekuð í bréfi dags. 1. desember 1998. Svarbréf frá fjármálaráðuneytinu barst stefnanda þann sama dag þar sem kröfu félagsins var alfarið hafnað.

Þann 3. júlí 1998 ritaði lögmaður stefnanda stefnda bréf þar sem krafist var leiðréttingar á umræddum kjörum ræstitækna. Svar barst þann 15. júlí 1998 þar sem tilkynnt var að ekki væri hægt að taka afstöðu til erindisins þar sem ákveðið hefði verið að halda fund um málið með samninganefnd ríkisins og VMSÍ þann 19. febrúar 1998. Að sögn stefnanda hefur sá fundur enn ekki verið haldinn og engar breytingar hafa verið gerðar á launakjörum ræstitækna.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi byggir málsókn sína á því að stefnda sé skylt samkvæmt sérkjarasamningi aðila að greiða yfirvinnutímakaup í réttu hlutfalli við umsamin mánaðarlaun, sem birt eru í 2. tl. samnings aðila. Samkvæmt skýrum ákvæðum 3. tl. sama samnings fari um önnur atriði eftir aðalkjarasamningi stefnda og VMSÍ. Þar sé tiltekið með skýr-

um hætti í grein 1.5.1. að greiða beri yfirvinnukaup fyrir hvern unninn tíma er reiknist sem 1.0385% af mánaðarlaunum starfsmanna.

Eins og fram komi í bréfi stefnda, dags. 1. des. 1997, byggi stefndi sína túlkun á því að launatafla sú sem birt sé í sérkjarasamningi aðila geti ekki orðið grundvöllur útreiknings yfirvinnu, þar sem fram komi í lokamálslið 2. tl. þess samnings, að mánaðarlaun starfsmanna reiknist með 15% álagi á dagvinnu eins og þau eru tiltekin í aðalkjarasamningi stefnda og VMSÍ. Sé þannig byggt á því að hið umsamda álag geti aðeins reiknast á dagvinnulaun samkvæmt orðanna hljóðan.

Stefnandi mótmælir alfarið túlkun stefnda að þessu leyti og vísar til þess að launatafla sú sem birt sé í sérkjarasamningi aðila beri með sér umsamin mánaðarlaun. Það að grundvöllur útreiknings á þeim mánaðarlaunum sé sá að bæta beri 15% við dagvinnu, eins og þau eru umsamin í aðalkjarasamningi stefnda og VMSÍ, geti á engan hátt skert rétt félagsmanna stefnanda til þess að þiggja yfirvinnugreiðslur á grundvelli þeirrar reiknireglu sem tiltekin er í grein 1.5.1. í aðalkjarasamningi stefnda, sbr. 3. tl. sérkjarasamnings aðila. Engu breyti heldur að rætt er um álag ofan á dagvinnu í stað þess að fjallað sé um álag ofan á mánaðarlaun enda sé ekki fjallað um hugtakið dagvinnulaun í þessu sambandi í aðalkjarasamningi stefnda og VMSÍ heldur um mánaðarkaup.

Ástæða þess að fjárhæð mánaðarlauna félagsmanna stefnanda skv. sérkjarasamningi stefnanda og stefnda hafi verið ákvörðuð með þeim hætti sem tiltekin er í 2. tl. samningsins, þ.e. með 15% álagi á tilteknar fjárhæðir, hafi verið að tryggja að samningsbundnar launahækkanir þær sem samið var um í aðalkjarasamningi stefnda og VMSÍ kæmu einnig til framkvæmda í sérkjarasamningi stefnanda og stefnda. Megi í þessu sambandi nefna ákvæði í aðalkjarasamningi aðila, sbr. grein 1.1.1. þar sem tiltekið sé að tilgreind launatafla skuli hækka um 4% þann 1. mars 1997 og 3,65% 1. janúar 1999.

Samkvæmt ofangreindu byggir stefnandi á því að ákvæði greinar 1.5.1. í aðalkjarasamningi fjármálaráðherra og VMSÍ séu skýr að þessu leyti. Þar segi að tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki sé 1.0385% af mánaðarlaunum starfsmanns. Slík laun hafa ekki verið greidd félagsmönnum stefnanda. Hafi stefndi þannig brotið gegn kjarasamningi aðila enda ljóst að reikna beri yfirvinnu af umsömdum mánaðarlaunum.

Stefnandi byggir málsókn sína á meginreglum vinnuréttar, lögum nr. 80/1938, kjarasamningi aðila dags. 23. september 1997 og aðalkjarasamningi stefnda og VMSÍ. Krafa um málskostnað styðst við ákvæði XXI. kafla laga nr. 91/1991 en krafa um álag er nemi virðisaukaskatti við lög nr. 50/1988.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er aðdraganda að gerð samkomulags stefnda við Verkakvennafélagið Framtíðina um kjör ræstitækna í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ frá 23. september 1997 lýst svo að í bókun með kjarasamningi fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Verkamannasambands Íslands (VMSÍ) vegna Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar og fleiri félaga, sem undirritaður var 25. mars 1997, hafi samningsaðilar lýst því yfir að þeir væru sammála um að taka til skoðunar dagræstingar í skólum með það að markmiði að verða á eitt sáttir um það hvaða viðmið og framkvæmd ætti að vera ráðandi við framtíðarútfærslu þessa fyrirkomulags. Í bókuninni segi að aðilar skyldu ljúka þessari skoðun fyrir upphaf næsta skólaárs. Hafi þess verið nokkur dæmi að aðilar hefðu gert sérstakt samkomulag um dagræstingar í einstökum skólum sem hafi þótt reynast vel. Fyrsta samkomulagið af þessu tagi hafi verið gert haustið 1982 um ræstingar í Iðnskólanum í Reykjavík.

Kjarasamningurinn sjálfur frá 25. mars 1997 milli stefnda og VMSÍ sé nánast óbreyttur að því er vinnufyrirkomulag ræstingarfólks varðar. Ákvæðisvinna sé enn meginreglan en aðilar séu, eins og fyrrnefnd bókun beri með sér, sammála um að stefna að dagræstingum í skólum. Ástæðurnar séu einkum tvær: Annars vegar að gera ræstingarnar sýnilegri í skólastarfinu og stuðla þannig að betri umgengni almennt. Hins vegar að einfalda fyrirkomulagið með því að miða vinnutímabilið við allt árið, en ekki eingöngu skólaárið og taka inn í vinnuna ýmis þau verk sem áður hafi verið greitt sérstaklega fyrir, svo sem aðalhreingerningar.

Þann 9. september 1997 hafi fjármálaráðherra og Verkakvennafélagið Framsókn samið um dagræstingar í öllum framhaldsskólum í Reykjavík og Kópavogi. Samkvæmt samkomulaginu um störf ræstitækna beri þeim að halda viðkomandi skóla hreinum, sinna þeim þrifum sem yfirmenn telja nauðsynleg og vinna að aðalhreingerningu í húsum skólans. Í samkomulaginu um kjör ræstitækna komi meðal annars fram að þeir skuli starfa allt árið, vinnuskylda þeirra

sé þannig 40 stundir á viku, en 15% álag skuli greiða ofan á dagvinnu og þrenns konar óþægindaálag.

Hálfum mánuði síðar, eða 23. september 1997, hafi verið skrifað undir samskonar samninga fyrir Verkakvennafélagið Framtíðina og fjármálaráðherra um kjör og störf ræstitækna í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ. Umræddir samningar hafi að öllu leyti verið eins og þeir sem gerðir voru við Verkakvennafélagið Framsókn.

Í samkomulagi fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar um kjör ræstitækna í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ séu, eins og í samkomulagi ráðherra við Verkakvennafélagið Framsókn um kjör ræstitækna í skólum, fjögur ákvæði. Fyrstu tvö ákvæðin séu eiginlega efnisákvæði, sem fjalli annars vegar um vinnuskylduna og hins vegar um álag á dagvinnu og óþægindaálag. Síðasta ákvæðið fjalli um gildistíma samkomulagsins, en það þriðja vísi til kjarasamningsins varðandi önnur atriði og hljóði svo: „Um önnur ákvæði en hér að framan eru sérstaklega fram tekin, gildir hinn almenni kjarasamningur fjármálaráðherra og VMSÍ frá 25. maí 1997.“ Þar sem hvergi sé minnst á yfirvinnu í samkomulaginu hljóti að fara um hana alfarið eftir kjarasamningnum, þ.e. bæði prósentuna og mánaðarlaunin sem liggi útreikningum yfirvinnunnar til grundvallar. Þar segi í grein 1.5. að tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki sé 1.0385% af mánaðarlaunum starfsmanns, en um þau sé fjallað í grein 1.1. Með þessum hætti hafi aðrir sambærilegir samningar stefnda við ýmiss aðildarfélög VMSÍ um kjör ræstitækna í skólum verið túlkaðir hingað til án ágreinings. Í þessu sambandi sé einnig rétt að líta á að hjá öðrum starfsgreinum séu það eingöngu mánaðarlaunin sem lögð séu til grundvallar við útreikning á yfirvinnu en ekki aðrar fastar mánaðarlegar greiðslur, svo sem þóknanir eða einingar.

Mótmælt er sem rangri og ósannaðri þeirri fullyrðingu í stefnu að ástæða þess að fjárhæð mánaðarlauna félagsmanna stefnanda samkvæmt „sérkjarasamningi“ stefnanda og stefnda hafi verið ákvörðuð með þeim hætti sem tiltekinn er í 2. tl. samningsins, þ.e. að 15% álag á mánaðarlaun fyrir dagvinnu hafi verið til að tryggja að samningsbundnar launahækkanir, sem samið var um í „aðalkjarasamningi“ stefnanda við VMSÍ, kæmu einnig til framkvæmda í „sérkjarasamningi“ stefnanda og stefnda. Þessi fullyrðing standist ekki þar sem VMSÍ hafi farið með samningsumboð Verkakvennafélagsins

Framtíðarinnar í hinum almenna kjarasamningi frá 1997 við stefnda samkvæmt umboði, dags. 28. nóvember 1996. Öll ákvæði kjarasamningsins, þ.m.t. taxtahækkanir, taki þar með sjálfkrafa til þeirra sem vinna störf er Verkakvennafélagið Framtíðin hefur samningsumboð fyrir. Samkvæmt samkomulagi stefnda og Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar um kjör ræstitækna í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ frá 23. september 1997 eigi ræstitæknar þar því rétt á 15% álagi ofan á þann dagvinnutaxta sem kjarasamningur kveður á um á hverjum tíma. Samkomulagið frá 23. september 1997 breyti engu um að hækkanir 1. janúar 1998 og 1. janúar 1999 komi til framkvæmda, ef það eru þær hækkanir sem stefnandi á við.

Túlka beri ákvæði um yfirvinnu miðað við mánaðarkaup skv. kjarasamningi VMSÍ frá 25. mars 1997. Samkvæmt orðanna hljóðan geti tímakaup fyrir yfirvinnu því ekki reiknast sem ákveðin prósenta af mánaðarlaunum auk álags vegna dagvinnu. Í samkomulaginu frá 23. september 1997 sé á engan hátt hróflað við hinni almennu launatöflu í kjarasamningi VMSÍ við stefnda eða samið um ný grunnlaun ræstitækna (mánaðarlaun), heldur séu launin auk álagsins einungis reiknuð út og birt. Hvergi í samkomulaginu sé fjallað um yfirvinnu heldur einungis reiknað út hver mánaðarlaun séu að viðbættu álagi á dagvinnu. Sá útreikningur og birting fjárhæða hefði í raun ekki verið nauðsynlegur.

Samkomulagið sem undirritað var 23. september 1997 hafi ekki komið til af þeirri ástæðu að verið væri að hrófla við útreikningi á yfirvinnu eða ákvæðum sem um yfirvinnukaup giltu. Hafi hvorugum aðila kjarasamningsins gengið það til og hafi ekki verið ámálgað við stefnda áður en samkomulagið var undirritað að svo bæri að túlka hugtakið mánaðarlaun. Stefndi telur að stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir svo afbrigðilegri skýringu sem ekki eigi sér stoð í venju milli aðila kjarasamnings, ekki í orðum kjarasamninganna sjálfra eða forsögu þeirra og hugmyndum aðila þeirra við samningsgerð. Ef ætlun hefði verið að breyta ákvæðum til samræmis við túlkun stefnanda í málinu hefði sú breyting á yfirvinnukaupi verið gerð með því að það skyldi reiknast af mánaðarkaupi auk tiltekins álags. Svo hafi ekki verið gert og verði að miða við að með mánaðarlaunum í grein 1.5. í kjarasamningnum frá 25. mars 1997 sé átt við þann grunntaxta sem fram komi nú í 2. gr. (grein 1.1.1.) og jafnt yfir-

vinnukaup sé reiknað af, svo og nefnt 15% álag. Stefndi telur að samkomulagið frá 23. september 1997 beri að skýra þröngt, enda um sérsamkomulag að ræða ótengt útreikningi yfirvinnukaups.

Stefnandi kveðst byggja viðurkenningarkröfu sína á meginreglum vinnuréttar, lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur auk framangreindra kjarasamninga. Er því mótmælt með vísan til framanritaðs að þessar heimildir styðji kröfu stefnanda. Stefnandi hafi ekki bent á sérstakt ákvæði í lögum nr. 80/1938 sem styðja myndi kröfu hans. Er því eindregið mótmælt að stefndi hafi brotið gegn ákvæðum kjarasamnings.

Til stuðnings kröfu stefnda um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Niðurstaða.

Í máli þessu er um það deilt hvaða fjárhæðir leggja ber til grundvallar sem mánaðarlaun við útreikning á tímakaupi í yfirvinnu samkvæmt kjarasamningum aðila. Telur stefnandi að í þessum efnum beri að miða við launatöflu þá sem er í 2. gr. sérkjarasamnings aðila frá 23. september 1997. Stefndi telur hins vegar að við útreikning tímakaups í yfirvinnu beri að byggja á mánaðarkaupi, eins og það er tilgreint í launatöflu í grein 1.1.1. í kjarasamningi frá 25. mars 1997 milli fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs annars vegar og Verkamannasambands Íslands vegna aðildarfélaga þess hins vegar, enda hafi birting launatöflu í 2. gr. sérkjarasamningsins einungis verið gerð í upplýsingaskyni fyrir launamenn.

Í grein 1.5.1. í síðastgreindum kjarasamningi er fjallað um yfirvinnutímakaup og hljóðar greinin svo:

„Yfirvinna er greidd með tímakaupi. Tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki er 1,0385% af mánaðarlaunum starfsmannsins."

Í sérkjarasamningi aðila frá 23. september 1997 er í 1. gr. fjallað um vinnutíma og vinnuskyldu. Í 2. gr. samningsins er tekið fram um mánaðarlaun og álagsgreiðslur. Greinin er svohljóðandi:

„Mánaðarlaun starfsmanns í fullu starfi er samkvæmt 2. grein kjarasamnings fjármálaráðherra og Verkamannasambands Íslands frá 25. mars 1997 auk 15% álags á dagvinnu.

	Byrjunarlaun	eftir 1 ár	eftir 5 ár
1. flokkur	70.259	73.422	76.726
2. flokkur	73.422	76.726	80.178
3. flokkur	76.726	80.178	83.786

Röðun starfsheita í launaflokka og launaflokkahækkanir í starfi hjá sömu stofnun eru skv. 5. grein í sama samningi.

Óþægindaálag skal vera 33,33%, 45% og 90% af 2. launaflokki 2. þrepi.

Þegar fastur vinnutími fellur að hluta eða öllu leyti á tímabilið frá kl. 17.00 til 24.00 mánudaga til föstudaga skal greiða þá vinnu með 33.33% óþægindaálag.

Falli slík vinna sem að ofan greinir á tímabilið frá kl. 00.00 til 08.00, svo og á laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga aðra en stórhátíðardaga greiðist sú vinna með 45% óþægindaálagi.

Á stórhátíðum greiðist 90% óþægindaálag."

Í 3. gr. sérkjarasamningsins er tekið fram að „um önnur ákvæði en hér að framan eru sérstaklega fram tekin, gildir hinn almenni kjarasamningur fjármálaráðherra og VMSÍ frá 25. mars 1997." Í 4. gr. sérkjarasamningsins er síðan fjallað um gildistíma hans sem er tiltekinn frá 1. ágúst 1997 til 28. febrúar 1998. Óumdeilt er að samkomulag þetta er gildandi milli aðila.

Eins og að framan greinir eru mánaðarlaun samkvæmt tilgreindum launaflokkum í kjarasamningnum frá 25. mars 1997 tekin upp í 2. gr. sérkjarasamningsins og útfærð þar tölulega að viðbættu 15% álagi á dagvinnu í sérstakri launatöflu. Fram hefur komið að álagi því, sem hér um ræðir, var ætlað að mæta auknu vinnuálagi sem talið var leiða af breyttu vinnufyrirkomulagi sem fólst í því að svonefndar dagræstingar voru teknar upp.

Þegar litið er til framsetningar mánaðarlauna í 2. gr. sérkjarasamnings aðila, og þá sérstaklega að þar eru mánaðarlaun leidd fram í sérstakri launatöflu, og jafnframt horft til þess sem býr að baki umræddu 15% álagi á dagvinnu samkvæmt framansögðu, þykir frekast bera að túlka kjarasamninga aðila svo að launafjárhæðir samkvæmt 2. gr. sérkjarasamningsins beri að leggja til grundvallar sem mánaðarlaun við ákvörðun tímakaups í yfirvinnu samkvæmt grein 1.5.1. í kjarasamningnum frá 25. mars 1997, enda er ekki sérstaklega tekið fram um annað. Af hálfu stefnda hefur ekki verið

sýnt fram á neina þá framkvæmd er breytt geti þessari niðurstöðu. Að þessu virtu og þar sem fyrir liggur að stefndi gekk sjálfur frá umræddum sérkjarasamningi þykir rétt að taka kröfu stefnanda til greina.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 150.000 kr. í málskostnað og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Viðurkennt er að stefnda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, beri að greiða ræstitæknum sem starfa í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ yfirvinnulaun er nemi 1.0385% af umsömdum mánaðarlaunum eins og þau eru birt í sérkjarasamningi aðila frá 23. september 1997.

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda Alþýðusambandi Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar, 150.000 kr. í málskostnað.

Föstudaginn 27. nóvember 1998.

Nr. 18/1998. **Stéttarfélag verkfræðinga**
(Lára V. Júlíusdóttir hrl.)
gegn
Reykjavíkurborg og
(Hjörleifur Kvaran hrl.)
Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar
(Gestur Jónsson hrl.)

Kjarasamningur. Félagsaðild.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 24. nóvember sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gísli Gíslason og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Stefnandi er: Stéttarfélag verkfræðinga, kt. 620269-6629, Engjateigi 9, Reykjavík.

Stefndu eru: Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, Reykjavík og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, kt. 620269-2989, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að verkfræðingarnir Heiðar Þ. Hallgrímsson, kt. 270939-7599, Þykkvabæ 18, Reykjavík og Þorgeir Þorbjörnsson, kt. 270349-3239, Vallargerði 30, Kópavogi eigi rétt til launa samkvæmt kjarasamningi Stéttarfélags verkfræðinga við Reykjavíkurborg frá 26. ágúst 1998 að telja og Guðbjartur Sigfússon, kt. 110845-3839, Hálsaseli 49, Reykjavík, eigi rétt til launa samkvæmt kjarasamningi Stéttarfélags verkfræðinga við Reykjavíkurborg frá 27. september 1998 að telja.
2. Að stefndi Reykjavíkurborg verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað vegna meðferðar málsins fyrir Félagsdómi, þ.m.t. kostnað stefnanda af virðisaukaskattskyldri lögmannsþjónustu.

Dómkröfur stefnda Reykjavíkurborgar:

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt mati Félagsdóms.

Dómkröfur stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar:

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda auk virðisaukaskatts.

Upphaflega gerði stefndi kröfu um frávísun málsins, en féll frá henni undir rekstri málsins.

Málavextir.

Málavextir eru þeir að þrír starfsmenn embættis borgarverkfræðings, sem allir eru verkfræðingar og höfðu í mörg ár verið félagsmenn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, sögðu sig úr félaginu og gengu í Stéttarfélag verkfræðinga. Úrsögn Heiðars Þ. Hallgrímssonar og Þorgeirs Þorbjörnssonar var tilkynnt með bréfum dags. 26. maí 1998 og úrsögn Guðbjarts Sigfússonar með bréfi dags. 27. júní 1998.

Með bréfi lögmanns stefnanda til stefnda dags. 19. mars 1998 var þess óskað að Reykjavíkurborg viðurkenndi félagatilfærslu þessara þriggja verkfræðinga hjá embætti borgarverkfræðings úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar til Stéttarfélags verkfræðinga. Jafnframt var þess óskað að um launakjör þessara starfsmanna færi samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Stéttarfélag verkfræðinga og að félagsgjöldum af þeim yrði skilað til félagsins

Með bréfi Reykjavíkurborgar dags. 3. júní 1998 var því hafnað að greiða mönnunum eftir kjarasamningi nýs félags á þeirri forsendu að þeir væru bundnir af kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar til 31. október 2000. Í ljósi þessarar afstöðu stefnda hefur félagsgjöldum verið skilað til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og verður svo til loka samningstímabils.

Stefnandi fellst ekki á þessi sjónarmið og hefur höfðað mál þetta.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir mál sitt á því að í gildi sé kjarasamningur milli Stéttarfélags verkfræðinga og Reykjavíkurborgar sem stefndi hafi skuldbundið sig til að fara eftir á samningstímabilinu. Allir félagsmenn Stéttarfélags verkfræðinga sem séu í starfi hjá stefnda eigi rétt á að fá laun greidd á grundvelli þess samnings. Samningur þessi hafi verið undirritaður af aðilum 1. apríl 1997 og gildir til 31. mars 2000.

Stefnandi vísar til þeirrar grundvallarreglu að mönnum sé frjálst að vera í því félagi sem þeir kjósi. Þessi réttur sé tryggður í 74. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 eins og henni hafi verið breytt með

lögum nr. 97/1995. Í 4. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur sé skýrt tekið fram að atvinnurekendum sé óheimilt að hafa áhrif á stéttarfélagsaðild starfsmanna sinna. Atvinnurekendum sé einnig sérstaklega bannað að hafa afskipti af stéttarfélagsaðild starfsmanna sinna, sbr. samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 98. Mannréttindasáttmáli Evrópu sem hér hafi hlotið lagagildi með lögum nr. 62/1994 verndi einnig félagafrelsi einstaklinga.

Tilvísun stefnda í lög nr. 80/1938 um að stefndi Reykjavíkurborg, sé bundinn af kjarasamningi hans við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar út samningstímabil aðila eða til 31. október 2000 hafi hér enga þýðingu. Lög nr. 80/1938 gildi ekki um félagsmenn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, heldur gildi um þeirra kjarasamninga lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Hvergi í þeim lögum sé kveðið á um það að menn séu bundnir af samþykktum félaga út samningstímabil. Engin ákvæði í kjarasamningnum sjálfum kveði heldur á um þetta eða ákvæði í lögum Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Lögjöfnun eigi hér ekki við. Hömlur á félagafrelsi verði að túlka þröngt út frá almennum lögskýringarreglum þar sem slíkt sé undantekning frá meginreglum um félagafrelsi. Ofangreindum starfsmönnum borgarverkfræðings sé því frjálst að segja sig úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og ganga í Stéttarfélag verkfræðinga. Stefnda, Reykjavíkurborg, beri að virða gerð kjarasamninga og greiða þeim laun samkvæmt því strax frá þeim degi sem umrædd skipti hafi verið tilkynnt atvinnurekanda, enda kveði lög ekki á um aðra skipan.

Stefnandi vísar í dóm Félagsdóms í málinu nr. 16/1995: Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga gegn borgarstjóranum í Reykjavík f.h. Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og málinu nr. 9/1997: Sjúkraliðafélag Íslands gegn Reykjanesbæ og Starfsmannafélagi Reykjanesbæjar. Þar hafi réttur starfsmanna til að tilheyra fagfélagi stéttar fremur en starfsmannafélagi verið viðurkenndur.

Stefndi Reykjavíkurborg hafi í kjölfar ofangreindra dóma í nokkrum tilvikum heimilað flutning fyrrum félagsmanna Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar yfir í stéttarfélög faghópa. Þannig hafi yfirmaður þjónustudeildar Dagvistar barna flust úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar yfir í stéttarfélag félagsráðgjafa og hafi stefndi samþykkt þann flutning þótt hann hafi farið fram á

gildistíma kjarasamnings stefnda og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Það að heimila einum starfsmanni flutning og banna öðrum sé brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og stjórnsýslulögum.

Þess er krafist að frá þeim degi er viðkomandi starfsmenn voru ekki lengur formlega félagsmenn í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, sbr. bréf þeirra til félagsins frá maí og júní 1998 og þá reglu félagsins um þriggja mánaða tilkynningarfrest, verði þeim greitt samkvæmt kjarasamningi stefnanda og stefnda, Heiðari og Þorgeiri frá 26. ágúst 1998 og Guðbjarti frá 27. september 1998. Félagaskiptin hafi átt sér stað fyrr, þeir hafi fengið inngöngu í Stéttarfélag verkfræðinga í janúar 1998, en skiptin hafi ekki verið tilkynnt formlega starfsmannahaldi Reykjavíkurborgar fyrr en með bréfum þann 11. júní 1998 og úrsagnir Heiðars Þ. Hallgrímssonar og Þorgeirs Þorbjörnssonar með bréfum til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar 26. maí 1998 og Guðbjarts Sigfússonar með bréfi til félagsins dags. 27. júní 1998.

Kröfu um málskostnað styður stefnandi við XXI. kafla einkamálalaga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda Reykjavíkurborgar.

Af hálfu stefnda Reykjavíkurborgar er sýknukrafa á því byggð að umræddir starfsmenn embættis borgarverkfræðings séu bundnir kjarasamningi til loka októbermánaðar ársins 2000. Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurborg hafi gert kjarasamning í aprílmánuði 1997 með gildistíma til 31. október 2000. Umræddir starfsmenn embættis borgarverkfræðings hafi verið félagsmenn í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og verið á kjörskrá og átt þess kost að taka afstöðu til kjarasamnings í atkvæðagreiðslu. Af hálfu Reykjavíkurborgar er á því byggt að kjarasamningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar sé skuldbindandi til loka gildistíma fyrir þá félagsmenn sem samningsumboð félagsins hafi tekið til við gerð kjarasamnings. Þannig geti starfsmenn ekki ákveðið á miðju samningstímabili að breyta einhliða kjarasamningsgrundvelli þeim sem laun og önnur starfskjör þeirra byggist á og markaður hafi verið ákveðinn gildistími með gagnkvæmum samningi aðila.

Af hálfu stefnda Reykjavíkurborgar er á því byggt að kjarasamningar Reykjavíkurborgar og viðsemjenda séu bindandi fyrir einstaka félagsmenn þeirra á meðan þeir gegna störfum hjá stefnda

þar til gildistími samnings sé liðinn eða samningur geti fyrst fallið úr gildi fyrir uppsögn. Þá meginreglu megi leiða af ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Sömu meginreglu megi og leiða af ákvæði 6. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til þeirra laga komi m.a. fram sá skilningur að samningar nýrra félaga geti ekki öðlast gildi fyrr en gildistími kjarasamnings eldra félags sé liðinn. Stefndi telur enn fremur framangreinda meginreglu leiða af grundvallarreglum samningaréttar um skuldbindingargildi samninga.

Af hálfu stefnda Reykjavíkurborgar er á það bent að verði fallist á kröfu stefnanda í máli þessu sé vikið frá grundvallarreglum um skuldbindingargildi kjarasamninga og áhrifum þeirra. Í því sambandi bendir stefndi á að við gildistöku kjarasamnings sé grundvöllur lagður fyrir launum og starfskjörum félagsmanna hlutaðeigandi stéttarfélags út gildistíma kjarasamnings. Á gildistíma kjarasamnings ríki svokölluð friðarskylda. Verði á stefnukröfu fallist sé ljóst að einstakir félagsmenn stéttarfélaga geti vikið sér undan friðarskyldu eftir undirritun kjarasamnings með því að ákvarða einhliða flutning á milli kjarasamninga. Sé aðstaðan sú að hið nýja félag sé ekki búið að ljúka gerð kjarasamnings kunni þessir aðilar að hefja samningaviðræður við sama vinnuveitanda á ný undir merkjum annars stéttarfélags. Augljóst sé að slík tilhögun brjóti í bága við tilgang, markmið og þá skuldbindingu sem felist í friðarskyldu á gildistíma kjarasamnings. Telur stefndi skuldbindingargildi hins fyrri kjarasamnings binda hendur beggja samningsaðila út gildistíma kjarasamnings, þ.e. vinnuveitanda annars vegar og hins vegar stéttarfélags og þeirra starfsmanna sem samningsumboð félagsins hafi náð til.

Ástæða þess að umræddir starfsmenn vilji nú fá greidd laun eftir kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Stéttarfélags verkfræðinga muni vera sú að sá kjarasamningur leiðir til hærri launagreiðslna en samningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Ástæða þess launamunar muni vera sú að Reykjavíkurborg og Stéttarfélag verkfræðinga hafi lokið gerð aðlögunarnefndarsamnings vegna nýs launakerfis. Samsvarandi samningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar sé enn ólokið. Sú staða kunni að koma upp að aðlögunarnefndarsamningur Reykja-

víkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar verði í einhverjum atriðum hagstæðari umræddum starfsmönnum embættis borgarverkfræðings. Nái kröfur stefnanda fram að ganga ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að starfsmennirnir gengju þá aftur í Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Slíkur hringlandaháttur sé í ósamræmi við skuldbindingargildi samninga og þann frið og stöðugleika sem á gildistíma kjarasamninga eigi að ríkja. Flutningur starfsmanna á milli kjarasamninga á gildistíma þeirra sé einnig í andstöðu við grundvallarreglur laga og eðli máls.

Í stefnu vísi stefnandi til þeirrar grundvallarreglu að mönnum sé frjálst að vera í því félagi sem þeir kjósa. Telur stefnandi þá meginreglu verndaða af ákvæði 74. gr. stjórnarskrár, 4. gr. laga nr. 80/1938, samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 98 og mannréttindasáttmála Evrópu sem öðlaðist lagagildi hér á landi með lögum nr. 62/1994. Stefndi Reykjavíkurborg tekur undir þau sjónarmið sem stefnandi byggir framangreinda afstöðu á. Stefndi hafi aldrei haldið því fram að umræddir starfsmenn embættis borgarverkfræðings séu ekki félagsmenn í Stéttarfélagi verkfræðinga. Um það atriði varði stefnda engu enda alfarið mál hlutaðeigandi starfsmanna og stéttarfélaga. Af hálfu stefnda hafi einungis verið á því byggt að kjarasamningur sá, sem gerður var á milli Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar í aprílmánuði 1997, sé skuldbindandi út gildistíma samnings fyrir þá félagsmenn sem stéttarfélagið hafði samningsumboð fyrir við gerð kjarasamnings. Undir það falli umræddir þrír starfsmenn embættis borgarverkfræðings en óumdeilt sé í máli þessu að þeir hafi verið félagsmenn í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar við gerð kjarasamnings og voru á kjörskrá félagsins við atkvæðagreiðslu um kjarasamninginn. Afstaða stefnanda að þessu leytinu til byggist því á misskilningi. Stefndi Reykjavíkurborg mótmælir því alfarið að í afstöðu hans felist afskipti af félagsaðild starfsmanna eða að með afstöðu sinni séu lagðar hömlur á félagafrelsi þeirra. Ítrekað er að stefndi Reykjavíkurborg telur sig það engu varða í hvaða stéttarfélagi hlutaðeigandi starfsmenn séu félagsmenn. Stefndi Reykjavíkurborg telur sér það skylt að skila félagsgjöldum umræddra starfsmanna til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Af hálfu stefnda Reykjavíkurborgar er mótmælt þeirri fullyrðingu stefnanda að Reykjavíkurborg hafi í nokkrum tilvikum heimil-

að flutning fyrrum félagsmanna Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar yfir í stéttarfélög faghópa. Jafnframt mótmælir stefndi því að brotin hafi verið jafnræðisregla stjórnarskrár og stjórnsýslulaga vegna þessa. Í því tilviki sem stefnandi nefni er tekið fram að yfirmaður þjónustudeildar Dagvistar barna hafi lagt fram ósk um félagsaðild að Stéttarfélagi félagsráðgjafa þegar í upphafi ráðningar sinnar. Af hálfu Reykjavíkurborgar hafi ekki verið fallist á að Stéttarfélag félagsráðgjafa færi með samningsumboð vegna þessa starfs. Að þessu leytinu til hafi staða yfirmanns þjónustudeildar Dagvistar barna verið áþekk stöðu forstöðumanns í máli nr. 16/1995: Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga gegn borgarstjóranum í Reykjavík f.h. Reykjavíkurborgar. Umræddur starfsmaður sé enn félagsmaður í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og greiði félagsgjöld til þess félags.

Af hálfu stefnda Reykjavíkurborgar er á því byggt að aðstæður í málum nr. 16/1995 og nr. 9/1997 séu mjög ólíkar því sem um sé deilt í máli þessu og því styðji þeir dómar ekki kröfu stefnanda.

Til stuðnings sýknukröfu sinni vísar stefndi Reykjavíkurborg m.a. til grundvallarreglna íslensks vinnuréttar um túlkun kjarasamninga. Enn fremur er vísað til grundvallarreglna samningaréttar um skuldbindingargildi samninga. Þá vísar stefndi til laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, einkum 2. mgr. 3. gr., svo og laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986, einkum 6. gr. Málskostnaðarkrafa stefnda byggir á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Þá vísar stefndi enn fremur til dóms Félagsdóms í máli nr. 4/1998.

Málsástæður og lagarök stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Stefndi Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar tekur undir þau sjónarmið sem meðstefndi, Reykjavíkurborg, setur fram í greinargerð sinni fyrir sýknukröfu.

Varðandi rökstuðning dómkröfu með tilvísun til reglna um félagafrelsi er tekið fram af hálfu stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, að enginn ágreiningur sé um heimild verkfræðinganna til þess að segja sig úr félaginu eða heimild þeirra til þess að ganga í annað félag. Þá sé enginn ágreiningur um að gangi þeir í stéttarfélag, sem uppfyllir skilyrði laga nr. 94/1986 til þess að öðlast rétt til þess að vera samningsaðili gagnvart meðstefnda, Reykjavíkurborg,

þá geti slíkt félag gert kröfu um kjarasamning um störfin næst þegar kjarasamningar séu lausir. Hins vegar sé það afstaða stefnda, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, að þótt umræddir einstaklingar kjósi að standa utan félagsins þá sé kjarasamningur félagsins engu að síður bindandi um störf þeirra til loka kjarasamningstímabilsins. Þessi afstaða sé í fullu samræmi við niðurstöðu Félagsdóms frá 22. september sl. í málinu nr. 4/1998, en þar var dæmt að skylda til greiðslu gjalds til félags sem farið hafði með félagsaðild launþega samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986, væri hvorki andstæð félagafrelsi skv. stjórnarskrá né mannréttindasáttmála Evrópu eða grunnreglunni í 4. gr. laga nr. 80/1938.

Stefndi Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar hafi farið með samningsumboð fyrir framangreinda verkfræðinga við síðustu kjarasamningsgerð. Enginn ágreiningur sé í málinu um að verkfræðingarnir hafi þá verið félagsmenn í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Í gildi sé kjarasamningur Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og meðstefnda, Reykjavíkurborgar, um störf verkfræðinganna hjá borginni með gildistíma til loka október árið 2000. Þessi samningur breytist ekki þótt verkfræðingarnir kjósi að ganga úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar á samningstímanum og standi utan félaga eða gangi í annað félag eftir atvikum.

Á gildistíma kjarasamnings ríki friðarskylda. Friðarskyldan nái til starfsmanna á þann hátt að styðjist ráðningarsamningur við kjarasamning þá sé það bindandi út samningstímann. Starfsmenn geti því ekki krafist þess að verða fluttir milli kjarasamninga nema þegar kjarasamningar eru lausir. Svo sé ekki í þessu tilviki. Gildandi kjarasamningur verði fyrst laus þann 1. nóvember árið 2000.

Það blasi reyndar við, ef fallist yrði á sjónarmið stefnanda um að verkfræðingarnir geti flutt sig á milli kjarasamninga á miðju samningstímabili, að þá gangi ekki lengur upp það kerfi sem friðarskyldan byggist á. Með gerð kjarasamnings Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurborgar hafi borgin mátt treysta því að greiddi hún þau laun sem um hafi verið samið í kjarasamningnum, vegna þeirra starfa sem hann taki til, yrði friður um þau laun út samningstímabilið. Í kröfu stefnanda felst að verkfræðingarnir geti nú einhliða breytt kjörum sínum hjá Reykjavíkurborg, þ.e. án þess að borgin hafi nokkuð um það að segja.

Þótt verkfræðingarnir gangi í nýtt stéttarfélag gildi samningur

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar við meðstefnda, Reykjavíkurborg, áfram um störf þeirra út samningstímann. Þessi skilningur sé í samræmi við þá framkvæmd á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem verið hafi allt frá gildistöku þeirra. Vísast um það til sameiginlegrar túlkunar fulltrúa Launanefndar sveitarfélaga, launaskrifstofu ríkisins og Reykjavíkurborgar sem fram komi í tölulið 5 í bréfi þeirra frá 13. janúar 1989. Þessi skilningur sé einnig í samræmi við 2. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938 sem telja verði að feli í sér almenna grundvallarreglu um gildi kjarasamninga, sem einnig beri að beita í samskiptum vinnuveitenda og stéttarfélaga sem semja samkvæmt lögum nr. 94/1986. Þá komi sami skilningur fram í greinargerð með 6. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Stefndi Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar mótmælir því að dómar Félagsdóms í málum nr. 16/1995 og 9/1997 hafi fordæmisgildi varðandi niðurstöðu í þessu máli. Í hvorugu tilvikinu hafi verið gerð krafa um að starfsmaður flyttist milli kjarasamninga á óloknu samningstímabili. Þá hafi legið fyrir að um var að ræða félög sem höfðu lögbundið samningsumboð skv. 3. tölulið 5. gr. laga nr. 94/1986.

Stefndi Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar kannast ekki við, eins og haldið sé fram í stefnu, að félagsmenn hafi flutt sig yfir í fagstéttarfélög á gildistíma kjarasamnings og fengið í framhaldinu greidd laun samkvæmt öðrum kjarasamningi.

Með vísan til framangreinds mótmælir stefndi Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar því að stefnandi geti fengið viðurkennda samningsaðild gagnvart Reykjavíkurborg fyrir verkfræðingana þrjá fyrr en í fyrsta lagi 1. nóvember árið 2000 og þá einungis að uppfylltum almennum skilyrðum laga nr. 94/1986. Á sama hátt geti verkfræðingarnir ekki einhliða breytt kjarasamningsbundnum kjörum sínum á gildistíma kjarasamningsins. Því beri að sýkna stefndu af öllum dómkröfum stefnanda.

Málskostnaðarkrafan er reist á 130. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða.

Mál þetta á undir Félagsdóm samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 26. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Ágreiningslaust er að tilgreindir þrír verkfræðingar fengu greidd laun samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og voru félagar í því stéttarfélagi er sá

kjarasamningur var gerður. Þá er óumdeilt að verkfræðingum þessum var frjálst að segja sig úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og ganga í Stéttarfélag verkfræðinga. Þá liggur ekki annað fyrir en þeir gegni sem fyrr sömu störfum hjá embætti borgarverkfræðings.

Í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur segir svo: „Meðlimur stéttarfélags hættir að vera bundinn af samþykktum félags síns og sambands þess, þegar hann samkvæmt reglum félagsins er farinn úr því, en samningar þeir, sem hann hefur orðið bundinn af, á meðan hann var félagsmaður, eru skuldbindandi fyrir hann, meðan hann vinnur þau störf, sem samningurinn er um, þar til þeir fyrst gætu fallið úr gildi samkvæmt uppsögn.“ Það leiðir af þessari grunnreglu, sem einnig á sér stoð í 4. mgr. 6. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, að tilgreindir verkfræðingar eru eftir sem áður bundnir af kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar út samningstímabilið til 31. október árið 2000. Sú samningsskuldbinding felur ekki í sér skerðingu á frjálsri stéttarfélagsaðild þeirra. Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í málinu.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu í málskostnað 75.000 krónum hvorum. Ekki er tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefndu, Reykjavíkurborg og Starfsmannfélag Reykjavíkurborgar, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Stéttarfélags verkfræðinga, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda Reykjavíkurborg 75.000 krónur í málskostnað og stefnda Starfsmannfélagi Reykjavíkurborgar 75.000 krónur í málskostnað.

Miðvikudaginn 9. desember 1998.

Nr. 14/1998. **Vélstjórafélag Íslands**
(Friðrik Á. Hermannsson hdl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands
f.h. Herjólfs hf.
(Jón H. Magnússon hdl.)

Kjarasamningur. Laun.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gunnar Sæmundsson og Valgeir Pálsson.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. nóvember sl., var höfðað með stefnu áritaðri ódagsett um birtingu, þingfestri 2. október sl.

Stefnandi er Vélstjórafélag Íslands, kt. 690269-3419, Borgartúni 18, Reykjavík.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, f.h. Herjólfs hf., kt. 430676-0169, Básaskersbryggju, Vestmannaeyjum.

Dómkröfur stefnanda:

Að viðurkennt verði að stefndi, Herjólfur hf., hafi brotið gegn XXV. kafla, sbr. ákvæði 25.1.5., í kjarasamningi um kaup og kjör yfirvélstjóra, vélstjóra og vélavarða á kaupskipum milli Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna annars vegar og Vélstjórafélags Íslands hins vegar frá 1. apríl 1995.

Þá er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda:

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Málavextir.

M.s. Herjólfur er eign stefnda, Herjólfs hf. Skipið er í daglegum siglingum milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Að sögn stefnda hefur svo verið í þau 22 ár sem útgerðin hefur starfað. Í upphafi fór skipið að sögn stefnda eina ferð á dag og hafi verið tekið mið af því við gerð kjarasamninga fyrir áhöfn skipsins. Fljótlega hafi þjónusta skipsins verið aukin á sumrin og séu farnar tvær ferðir á dag, þrjá daga vikunnar.

Á árinu 1992 eignaðist útgerð m.s. Herjólfs nýtt skip sem hlaut sama nafn og eldra skipið. Meginverkefni skipsins eru þau sömu og eldra skipsins, daglegar áætlunarferðir milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Sumarið 1992 var að sögn stefnda farin hringferð um landið til að kynna skipið. Í apríl 1996 og maí 1997 fór skipið í kynnisferðir til Reykjavíkur. Þá voru boðnar siglingar um sundin og farið í kvöldferð frá Reykjavík. Eftir að farþegar í kvöldferðinni fóru í land í Reykjavík var skipinu að sögn stefnda siglt til Vestmannaeyja og skipið fór aftur í áætlunarferðir milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar.

Ágreiningur aðila stendur um það hvernig beri að greiða fyrir yfirvinnu vélstjóra þá er skipinu er siglt til annarra hafna en bundnar eru við ferðir skipsins á milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar og eru ferðirnar til Reykjavíkur 1996 og 1997 tilefni ágreiningsins. Í gildi er kjarasamningur um kaup og kjör yfirvélstjóra, vélstjóra og vélavarða á kaupskipum milli Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna annars vegar og Vélstjórafélags Íslands hins vegar. Í XXV. kafla samningsins eru sérákvæði vegna m.s. Herjólfs.

Stefnandi telur að greiða beri vélstjórunum eftir grein 25.1.5. Greinin er svohljóðandi:

„Nú hafa vélstjórar unnið yfirvinnu samfellt 6 klst. eða lengur í framhaldi af reglulegum vinnutíma sínum og skulu þeir þá fá minnst 8 klst. hvíld, ella greiðist áfram yfirvinnukaup skv. A-taxta, enda þótt komið sé fram á dagvinnutíma næsta dags."

Stefndi telur að greiða beri eftir grein 25.1.2. Sú grein er svohljóðandi:

„Á ferðum skipsins milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar skulu eftirfarandi reglur gilda um vinnutíma:
Daglegur vinnutími vélstjóranna skal vera frá kl. 8:00 til kl. 17:00 og skal miðað við 40 klst. vinnuviku án vaktafyrirkomulags. Öll viðvera um borð í ferðum skipsins telst óslitinn vinnutími.
Tefjist skipið eða þurfi að fara til annarrar hafnar en Þorlákshafnar fer um yfirvinnugreiðslur sem hér segir:
Yfirvinna skal greidd þeim vélstjóra, sem á vakt er, eftir kl. 17:00. Í þessum tilvikum er heimilt að setja vakt kl. 17:00 eða þegar vinnu lýkur.
Ef samfelld frívakt nær ekki 4 klst., helst yfirvinna óslitið."

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að forsvarsmenn stefnda, Herjólfs hf., hafi 9. maí 1997 ákveðið að halda í skemmtisiglingu með m.s. Herjólfi til Reykjavíkur. Eftir seinni áætlunarferð milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, föstudagskvöldið 9. maí 1997, hafi verið siglt til Reykjavíkur og skipið lagst að bryggju í Reykjavíkurhöfn aðfaranótt laugardagsins 10. maí. Morguninn hafi síðan verið notaður til að undirbúa skoðunarferðir um Faxaflóa. Um kvöldið hafi verið farið með gesti í siglingu og dansleikur haldinn sem staðið hafi fram á nótt. Af þeim sökum hafi verið farið fram á að allir vélstjórarnir væru til taks þar til gestirnir yfirgæfu skipið. Aðfaranótt sunnudagsins 11. maí hafi síðan verð siglt frá Reykjavík til Vestmannaeyja og venjubundnar áætlunarferðir milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar hafist daginn eftir.

Við launauppgjör stefnda til vélstjóra á m.s. Herjólfi hafi komið upp ágreiningur milli vélstjóranna og stefnda um túlkun nefnds kjarasamnings. Vélstjórarnir hafi talið að stefndi hafi beitt röngum aðferðum við útreikning launa og stuðst við annað ákvæði í kjarasamningnum en þeim hafi borið.

Stefnandi byggir málshöfðun þessa á því að stefndi, Herjólfur hf., hafi brotið gegn ákvæði greinar 25.1.5. í kjarasamningi um kaup og kjör yfirvélstjóra, vélstjóra og vélavarða í kaupskipum milli Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna annars vegar og Vélstjórafélags Íslands hins vegar. Vélstjórarnir hafi ekki fengið áframhaldandi yfirvinnukaup á dagvinnutíma næsta dags, þrátt fyrir að hafa unnið samfellt sex klukkustundir í yfirvinnu deginum áður og ekki náð að hvílast í átta klukkustundir á milli vinnulota.

Stefnda hafi ekki verið stætt á að beita fjögurra klukkustunda hvíldarreglunni í 5. mgr. greinar 25.1.2. í kjarasamningnum, enda sé um sérákvæði að ræða sem einungis taki til siglinga m.s. Herjólfs milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, samanber 1. mgr. greinar 25.1.2. í kjarasamningnum. Ákvæðið sé tæmandi og því eigi siglingin til Reykjavíkur í umrætt sinn undir almenn ákvæði kjarasamningsins í grein 25.1.5.

Stefnandi byggir kröfur sínar á XXV. kafla kjarasamnings um kaup og kjör yfirvélstjóra, vélstjóra og vélavarða á kaupskipum milli Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands sam-

vinnufélaganna annars vegar og Vélstjórafélags Íslands hins vegar, aðallega greinum 25.1.2. og 25.1.5.

Krafa um málskostnað er byggð á 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Að sögn stefnda var yfirvinna í ferðunum til Reykjavíkur gerð upp á sama hátt og áður þegar skipið hefur farið úr áætlunarsiglingum sínum í önnur verkefni og settar hafi verið á sjóvaktir. Í þeim tilvikum hafi stefndi ávallt greitt yfirvinnu í samræmi við gr. 25.1.2. í kjarasamningi yfirvélstjóra, vélstjóra og vélavarða á kaupskipum milli Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna annars vegar og Vélstjórafélags Íslands hins vegar. Að sögn stefnda hafi vélstjórar skipsins, sem séu flestir þeir sömu og á eldra skipinu, ekki gert neinar athugasemdir við uppgjör yfirvinnu fyrr en eftir Reykjavíkurferðina 1996. Þá hafi krafa af hálfu vélstjóranna verið byggð á allt öðrum ákvæðum kjarasamningsins en nú sé gert. Á þessu tímabili hafi hvorki orðið breytingar á þeim almennu ákvæðum kjarasamnings vélstjóra sem deilt hafi verið um 1996 né sérákvæðum í XXV. kafla. Samt sé krafa vélstjóra nú reist á allt öðrum ákvæðum kjarasamningsins en gert hafi verið 1996.

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína með því að hann hafi efnt að fullu samningsskyldur sínar við félagsmenn stefnanda samkvæmt gildandi kjarasamningi. Mótmælt er sem röngu og ósönnuðu að stefndi hafi brotið gegn XXV. kafla kjarasamningsins. Eins og fram komi í skjölum málsins hafi stefndi í þeim tilvikum, að skipið hafi farið í önnur verkefni en að sigla milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, gert upp yfirvinnu í samræmi við ákvæði greinar 25.1.2. sem hafi verið óbreytt frá því að eldri m.s. Herjólfur hóf siglingar, sbr. kjarasamning frá 1977.

Í raun sé þá um það að ræða að skipt sé yfir á almenn ákvæði kjarasamningsins og fari um vaktstöður og greiðslur á sama hátt og á öðrum kaupskipum sem samningurinn nái yfir. Í XXV. kafla séu sérákvæði um m.s. Herjólf þegar hann sinni reglubundnum verkefnum sínum. Fari skipið í önnur verkefni sé skipt yfir á almenn ákvæði vélstjórasamnings eins og ákvæði 4. og 5. mgr. gr. 25.1.2. beri með sér. Hafi þau ákvæði staðið óbreytt frá upphafi, sbr. kjarasamning aðila frá 14. sept. 1977. Þá hafi ekki þekkst vaktafrí vélarúm og hafi þá verið settar á sjóvaktir og vélstjórarnir skipst á um að vera á

vinnustað sínum niðri í vélarúmi. Þá hafi verið staðnar þrískiptar vaktir á sólarhring í vélarúmi. Í stað þess að skila 8 klst. samfellt á vakt eins og gert sé í landi skili vélstjórar til sjós 8 klst. vakt sinni í tveimur hlutum á þann hátt að þeir standi vakt í vélarúmi í 4 klst. í einu og fái svo 8 klst. hvíld á milli.

Í áætlunarsiglingum skipsins milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar séu vélstjórarnir dagvinnumenn. Þegar skipið fari einungs eina ferð sé vinnudeginum lokið um kl. 16 eftir að skipið hefur verið bundið við bryggju í Vestmannaeyjum og farþegar og bílar komnir í land. Ákvæði greinar 25.1.2. í kjarasamningi, að öll viðvera um borð teljist óslitinn vinnutími, hafi verið sett til að tryggja vélstjórum full mánaðarlaun. Að öðrum kosti hafi verið talin hætta á því að haldið væri fram að vélstjórarnir væru einungis í hlutastarfi þar sem þeir skiptust á um að vera á vakt niðri í vélarúmi og næðu því ekki að skila fullum vinnudegi fyrir mánaðarlaunum sínum, sbr. gr. 1.1.1. og 5.3.2. í kjarasamningi.

Þó að beita ætti gr. 25.1.5. sé því mótmælt sem röngu og ósönnuðu að vélstjórar á m.s. Herjólfi hafi komist á hvíldarákvæði skv. greininni með því að vinna samfellt í sex klukkustundir í yfirvinnu daginn áður en siglt var til Reykjavíkur. Þá sé ranglega tilgreint í stefnu að skipið hafi komið til Reykjavíkur aðfaranótt laugardags. Skipið hafi komið til Reykjavíkur á laugardagsmorgni, sbr. ljósrit úr leiðarbók skipsins. Vélstjórarnir eigi ekki rétt á greiðslu fyrir yfirvinnu laugardag og sunnudag þar sem þeim beri samkvæmt kjarasamningi að skila 8 klst. á dag fyrir mánaðarkaupi sínu og hafi fengið greidda yfirvinnu fyrir vinnu umfram 8 klst.

Skýrt sé tekið fram í gr. 25.1.5. að til þess að öðlast rétt til 8 klst. hvíldar þurfi viðkomandi að hafa unnið samfellt í 6 klst. í yfirvinnu. Við túlkun á hvíldarákvæðum kjarasamninga sé gerður skýr greinarmunur á greiddum og unnum tímum. Skilyrðið sem þurfi að uppfylla til þess að hvíldarákvæði komist á sé að vélstjóri hafi unnið óslitið í 6 klst. eða lengur í framhaldi af reglulegum vinnutíma sínum. Ekki sé nóg að hafa einungis fengið greiddar 6 klst. í yfirvinnu ef þær séu ekki allar unnar. Enginn vélstjóranna hafi getað uppfyllt þetta ákvæði þar sem skipið hafi komið til Vestmannaeyja úr seinni ferð til Þorlákshafnar og verið bundið við bryggju í Vestmannaeyjum kl. 22:20, sbr. leiðarbók skipsins. Frá kl. 17:00 til kl. 22:20 séu tæplega 5,5 klst. og þó að vélstjórarnir hefðu unnið allan þann tíma

uppfylli þeir ekki ákvæði gr. 25.1.5. um að hvíldarákvæði kæmist á þar sem þeir þurfi að hafa unnið í 6 klst. samfellt eða lengur í yfirvinnu til þess að hvíldarákvæði skv. gr. 25.1.5. komist á. Skipið hafi síðan siglt til Reykjavíkur kl. 01:05 eftir miðnætti og þá hafi vélstjórarnir skipt sér á vaktir þannig að sá fyrsti hafi tekið vakt til kl. 04:00 og þá verið leystur af. Með tilliti til þess að skipið sé búið vaktfríu vélarúmi hefðu allir vélstjórarnir getað verið í hvíld frá kl. 17:00 daginn áður en siglt hafi verið til Reykjavíkur. Það tíðkist á öðrum skipum með slíkum búnaði að vélstjórar vinni allir saman yfir daginn og þegar þeir hætti seinnipart dags eða á kvöldin stilli þeir aðvörunarkerfið upp í brú, í matsal og í herbergi þess sem á að sinna útköllum frá viðvörunarbúnaðinum. Í almenna hluta kjarasamningsins séu nánari ákvæði um vaktfrítt vélarúm í grein 2.4. og áfram.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að launauppgjöri stefnda til vélstjóra á m.s. Herjólfi dagana 9.-11. maí 1997. Skipið er í reglubundnum áætlunarferðum milli Vestamannaeyja og Þorlákshafnar. Fyrri daginn sigldi skipið tvær áætlunarferðir milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Skipið lagðist að bryggju eftir síðari ferðina kl. 22:20 að kvöldi 9. maí. Um kl. 01:00 aðfaranótt 10. maí var siglt til Reykjavíkur í skemmtisiglingu.

Í XXV. kafla kjarasamnings aðila um kaup og kjör yfirvélstjóra, vélstjóra og vélavarða á kaupskipum frá 1. apríl 1995 eru sérákvæði sem gilda um m.s. Herjólf.

Í grein 25.1.2. þessa kafla segir:

„Á ferðum skipsins milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar skulu eftirfarandi reglur gilda um vinnutíma:

Daglegur vinnutími vélstjóranna skal vera frá kl. 8:00 til kl. 17:00 og skal miðað við 40 klst. vinnuviku án vaktafyrirkomulags. Öll viðvera um borð í ferðum skipsins telst óslitinn vinnutími.

Tefjist skipið eða þurfi að fara til annarrar hafnar en Þorlákshafnar fer um yfirvinnugreiðslur sem hér segir:

Yfirvinna skal greidd þeim vélstjóra sem á vakt er, eftir kl. 17:00. Í þessum tilvikum er heimilt að setja vakt kl. 17:00 eða þegar vinnu lýkur.

Ef samfelld frívakt nær ekki 4 klst., helst yfirvinna óslitið.“

Fram kemur í grein 25.1.5., sem er í sama kafla og framangreint ákvæði, að hafi vélstjórar unnið yfirvinnu samfellt 6 klukkustundir eða lengur í framhaldi af reglulegum vinnutíma sínum skuli þeir þá fá minnst 8 klst. hvíld, ella greiðist áfram yfirvinnukaup.

Stefnandi heldur því fram að við útreikning launa vélstjóra í ferð Herjólfs til Reykjavíkur ofangreint sinn beri að leggja til grundvallar grein 25.1.5. sem sé almennt ákvæði. Vélstjórarnir hafi ekki fengið yfirvinnukaup á dagvinnuna 10. maí, þrátt fyrir að þeir hafi unnið samfellt sex klst. í yfirvinnu daginn áður og ekki náð að hvílast í átta klst. á milli vinnulota. Grein 25.1.2. sé sérákvæði, sem einungis taki til siglinga m.s. Herjólfs milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar.

Af hálfu stefnda er því hins vegar haldið fram að við útreikning launa vélstjóra í ferð Herjólfs til Reykjavíkur ofangreint sinn beri að leggja til grundvallar grein 25.1.2., en ekki grein 25.1.5. eins og stefnandi fer fram á. Bendir stefndi á það að uppgjör yfirvinnu hafi ávallt farið fram á grundvelli greinar 25.1.2. allt frá því er reglubundnar siglingar hófust með eldri m.s Herjólfi fyrir rúmum tuttugu árum. Í XXV. kafla séu sérákvæði um m.s. Herjólf þegar skipið fari í reglubundnar siglingar, en fari skipið í önnur verkefni, eins og hér hafi verið raunin, beri að leggja til grundvallar við uppgjör launa 4. og 5. mgr. greinar 25.1.2., en ákvæði þetta sé almennt ákvæði.

Grein 25.1.2. í kjarasamningi aðila á skv. upphafsmálsgrein sinni við um ferðir m.s. Herjólfs milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Ekki eru rök til að skýra hana svo rúmt að hún eigi við um siglingar skipsins til annarra staða. Ákvæði greinar 25.1.5. taka hinsvegar til allra ferða skipsins. Samkvæmt því sem fram er komið í málinu lauk síðari ferð skipsins til og frá Þorlákshöfn kl. 22:20 þann 9. maí 1997. Vélstjórar skipsins höfðu þá haft viðveru í því í 5 klukkustundir og 20 mínútur eftir að dagvinnutíma þeirra lauk. Gegn eindreginni neitun stefnda er ósannað að óskað hafi verið eftir áframhaldandi viðveru vélstjóranna um borð í skipinu eftir komuna til Vestmannaeyja til kl. 23:00 eða lengur, en ferð skipsins til Reykjavíkur hófst fyrst kl. 01:00 þann 10. maí 1997.

Að svo vöxnu máli ber að sýkna stefnda af kröfu stefnanda um viðurkenningu á því að stefndi hafi brotið ákvæði XXV. kafla kjarasamnings aðila í umrætt skipti.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað sem ákveðst 125.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Herjólfs hf., er sýknaður af kröfum stefnanda, Vélstjórafélags Íslands, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 125.000 krónur í málskostnað.

Mánudaginn 14. desember 1998.

Nr. 11/1998. **Alþýðusamband Íslands**
f.h. Sjómannasambands Íslands vegna
Sjómannafélagsins Jötuns
(Jóhann Halldórsson hdl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands
vegna Herjólfs hf.
(Jón H. Magnússon hdl.)

Kjarasamningur. Matmálstímar.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. des. sl., var höfðað með stefnu útgefinni 10. sept. 1998, áritaðri ódagsett um birtingu og þingfestri 21. sept. sl.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómannafélagsins Jötuns, kt. 670169-2439, Skólavegi 6, Vestmannaeyjum.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands vegna Herjólfs hf., kt. 430676-0169, Básaskersbryggju 10, Vestmannaeyjum.

Dómkröfur stefnanda:

Að dæmt verði að stefndi hafi brotið gegn grein 4.2. í kjarasamningi Vinnuveitendasambandsins f.h. Herjólfs hf. annars vegar og Sjómannafélagsins Jötuns hins vegar vegna þjónustufólks.

Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað auk álags er nemi virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Málavextir.

Félagsmenn stefnanda starfa meðal annars sem þjónustufólk um borð í m/s Herjólfi, eign stefnda, Herjólfs hf. Reglubundið verkefni m/s Herjólfs er dagleg sigling skipsins milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Að sögn stefnda hefur svo verið í þau 22 ár sem útgerð skipsins hefur starfað. Upphaflega fór skipið eina ferð á dag en í

fjölda ára hafa verið farnar tvær ferðir á dag einu sinni í viku á veturna og þrjá daga vikunnar á sumrin. Að sögn stefnda fer skipið frá Þorlákshöfn á hefðbundnum matartíma hvort sem skipið fer eina eða tvær ferðir á dag. Í viðdvöl skipsins í Þorlákshöfn þarf nær öll áhöfnin að vera að störfum. Stýrimenn og hásetar vinna við affermingu og fermingu farþegabíla og flutningstækja. Þjónustufólk undirbýr komu nýrra farþega og tekur á móti þeim um borð.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að þeir félagsmenn stefnanda sem starfi sem þjónustufólk um borð í m/s Herjólfi vinni nær undantekningarlaust matartíma sína, þ.e. frá kl. 18:00 til 19:00. Ráðist það af áætlun m.s. Herjólfs. Fyrir þá vinnu fái starfsfólkið greiddan einn yfirvinnutíma á dag. Augljóst sé að umrætt starfsfólk fengi þessar greiðslur fyrir vinnuframlag á tímabilinu kl. 18:00 til 19:00 án nokkurra samningsbundinna ákvæða þar um, þ.e. ekki þurfi að tiltaka það sérstaklega að greiða ber fyrir unnar yfirvinnustundir.

Í grein 2.1.1. í gildandi kjarasamningi milli Vinnuveitendasambands Íslands f.h. Herjólfs hf. og Sjómannafélagsins Jötuns vegna þjónustufólks, er kveðið á um að daglegur vinnutími þjónustufólks skuli vera frá kl. 08:00 til kl. 17:00 og miðast við 40 stunda vinnuviku án vaktavinnufyrirkomulags. Í grein 4.2. er fjallað um matar- og kaffihlé starfsmanna. Meðal annars er þar kveðið á um í 1. mgr. i.f. að kvöldverður skuli vera á tímabilinu frá kl. 18:00 til 19:00. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar að matmálstímar skuli almennt haldnir á réttum tíma. Loks segir í 3. mgr. sömu greinar að ef matartími sé ekki veittur skuli greiða hann með 1 klst. í yfirvinnu.

Vegna siglingaráætlunar Herjólfs sé greindur kvöldverður nær aldrei veittur þjónustufólki. Þrátt fyrir þessa staðreynd hafi stefndi einungis goldið þjónustufólki sínu eina klukkustund í yfirvinnu fyrir unninn tíma milli 18:00 og 19:00 og talið þannig fullgreitt fyrir þann tíma. Þessu hafi stefnandi mótmælt við stefnda og áréttað að þegar þjónustufólki sé ekki veittur kjarasamningsbundinn réttur til kvöldverðar þá beri stefnda að greiða sérstaklega fyrir það. Mótmæli þessi hafa verið án árangurs.

Af hálfu stefnanda er byggt á því að sú framkvæmd stefnda að greiða þjónustufólki ekki aukalega fyrir það að missa af matmálstíma á kvöldin feli í sér brýnt brot gegn 3. mgr. greinar 4.2. í kjarasamningi aðila. Greinin kveði skýrt á um það að greiða beri, auk

unnins tíma, sérstaklega jafngildi einnar yfirvinnustundar fyrir missi matartíma.

Samhljóða ákvæði sé í kjarasamningi háseta á m/s Herjólfi. Hásetunum sé greitt sérstaklega fyrir það þegar þeir verða af kvöldverðartíma sínum. Þannig sé háttsemi stefnda gagnvart þjónustufólkinu, sem í dag sé undantekningarlaust kvenfólk, ekki bara brot á greindu kjarasamningsákvæði heldur einnig brot á lögum nr. 28/1991 um jafnan rétt og jafna stöðu karla og kvenna, samanber sérstaklega 3. og 4. gr. þeirra laga, en hásetar á m/s Herjólfi séu að miklum meiri hluta karlkyns.

Með 1. mgr. greinar 4.2. í kjarasamningi aðila sé umræddu þjónustufólki tryggt neysluhlé á hinu tiltekna tímabili. Ef þessir starfsmenn séu látnir vinna á þessu tímabili, skv. fyrirmælum atvinnurekanda, þá séu þeir þar með sviptir þeim réttindum sem 1. mgr. greinar 4.2. fjallar um. Slíkt verður að mati stefnanda ekki gert án þess að viðkomandi starfsmenn fái einhverja umbun fyrir. Sú umbun sem starfsmönnum beri í staðinn sé samningsbundin í umræddri 3. mgr. greinar 4.2. Skýrlega sé kveðið á um það að greiða beri 1 klst. sérstaklega ef ekkert neysluhlé er veitt. Að mati stefnanda er greiðsla skv. 3. mgr. greinar 4.2. óháð greiðslum fyrir unnar stundir í þeim skilningi að greiðsla fyrir vinnuframlagið eitt fullnægi ekki ákvæðum greinar 4.2. Þannig beri bæði að greiða fyrir vinnuframlag og afsal þeirra réttinda sem umrædd grein ber með sér. Samkvæmt þessu ber, að mati stefnanda, að greiða þjónustufólki um borð í Herjólfi í heild 2 yfirvinnustundir fyrir vinnuframlag á tímabilinu kl. 18:00 til 19:00 enda sé ekkert neysluhlé veitt á umræddu tímabili.

Synjun stefnda að bæta þjónustufólki sínu með einni yfirvinnustund þau tilvik er starfsfólkið verður af kvöldverðartíma sínum er að mati stefnanda brýnt brot á 3. mgr. greinar 4.2. í kjarasamningi og er krafist viðurkenningar á því.

Stefnandi byggir málsókn sína á meginreglum vinnuréttar, lögum nr. 80/1938, kjarasamningi aðila, dags. 10. júlí 1995, sbr. og kjarasamning um endurnýjun sama samnings aðila dags. 3. júlí 1997. Krafa um málskostnað styðst við 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafist er álags á málskostnað er nemi virðisaukaskatti. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og beri því nauðsyn fyrir því að fá álag er honum nemur dæmt úr hendi gagnaðila.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er mótmælt fullyrðingum í stefnu um að þjónustufólk fái nær aldrei kvöldmat. Þjónustufólkið fái kvöldmat og hlé frá vinnu þó ekki nákvæmlega á þeim tíma sem tilgreindur er í 1. mgr. gr. 4.2. í kjarasamningi milli Vinnuveitendasambands Íslands f.h. Herjólfs hf. annars vegar og Sjómannafélagsins Jötuns hins vegar vegna þjónustufólks. Eftir að skipið fer frá Þorlákshöfn skipti áhöfnin sér í mat og sé það fyllilega heimilt skv. 2. mgr. gr. 4.2. Þjónustufólk verði að skiptast á um að fara í mat eftir að skipið fer frá Þorlákshöfn þar sem framreiða þurfi mat og sinna öðrum þörfum farþega á leiðinni.

Mótmælt er sem röngu og ósönnuðu að stefndi hafi brotið gegn grein 4.2. í kjarasamningi. Eins og fram komi í bréfi Vinnuveitendasambandsins, dags. 17. nóv. 1997, sé tilvitnuð grein 4.2. í kjarasamningi þjónustufólks á m.s. Herjólfi samhljóða grein 4.1. í kjarasamningi háseta á m.s. Herjólfi. Grundvallarsamningur þessara tveggja samninga sé kjarasamningur Sjómannafélags Reykjavíkur við kaupskipaútgerðir um kaup og kjör háseta á kaupskipum. Efni greinar 4.2. og 4.1. í framangreindum samningum sé sótt í samning Sjómannafélags Reykjavíkur og sé samhljóða grein 4.2. í þeim samningi. Greinin hafi verið óbreytt í kjarasamningi Sjómannafélags Reykjavíkur í a.m.k. 15-20 ár og hafi það verið sameiginlegur skilningur aðila að greiða beri einn tíma í yfirvinnu fyrir unninn matartíma en ekki tvo tíma eins og krafa sé gerð um nú. Hins vegar sé sú sérregla í kjarasamningum verkamanna í landi og megi vera að krafan sé sprottin af þeim misskilningi að sama regla eigi að gilda til sjós. Í landi sé ekki um það að ræða að veita matarhlé seinna að kvöldinu. Annað hvort sé veitt hlé á tímabilinu kl. 19:00-20:00 eða því sleppt og hætt fyrr. Því sé einkum sleppt ef ekki sé mikil vinna eftir þegar kemur að matartímanum, en matartími veittur ef fyrirhugað sé að vinna langt fram á kvöld. Verkamaður sem vinni matartímann geti þá komist heim klukkutíma fyrr en ella. Þessu sé öðruvísi farið um borð í m.s. Herjólfi þar sem áhöfnin komist ekki heim fyrr en skipið komi í höfn í Vestmannaeyjum.

Engar breytingar hafi orðið á ákvæðum greinar 4.2. við framlengingu framangreindra kjarasamninga á árinu 1997 og hafi stefndi árum saman greitt í samræmi við framangreindan skilning sem engar

athugasemdir hafi verið gerðar við fyrr en í október 1997. Því er mótmælt sem röngum og ósönnuðum fullyrðingum að Sjómannafélagið Jötunn hafi ítrekað krafið stefnda um leiðréttingu á launauppgjörum vegna unninna matartíma þjónustufólks um borð í m/s Herjólfi.

Mótmælt er sem röngum og ósönnuðum fullyrðingum í stefnu um að hásetar fái greitt sérstaklega fyrir matartímann kl. 18:00-19:00. Því til staðfestingar er vísað til bréfs Herjólfs hf., dags. 8. júlí 1998, ásamt viðfestum vinnuseðli bátsmanns.

Stefndi telur sig hafa efnt að fullu samningsskyldur sínar við félagsmenn stefnanda samkvæmt gildandi kjarasamningi og beri því að sýkna hann af kröfum stefnanda.

Niðurstaða.

Í grein 2.1. í gildandi kjarasamningi aðila er fjallað um vinnutíma. Þar segir svo í grein 2.1.1.:

„Daglegur vinnutími þjónustufólks skal vera frá kl. 08:00 til kl. 17:00 og miðast við 40 stunda vinnuviku án vaktafyrirkomulags. Öll viðvera um borð á ferðum skipsins milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja telst óslitinn vinnutími."

Samkvæmt grein 2.1.2. er í tilgreindum undantekningartilfellum heimilt að setja á vakt eftir kl. 17:00 og greiðist þá yfirvinna því þjónustufólki sem er á vakt eftir þann tíma. Í máli þessu reynir ekki á þetta ákvæði.

Í grein 4.2. í kjarasamningnum er fjallað um matar- og kaffihlé. Þar segir m.a. svo:

„Kaffihlé skal vera 20 mínútur á tímabilinu frá kl. 08:00 til 10:00. Hádegisverður á tímabilinu kl. 12:00 til 13:00 að undanteknum þeim tilvikum sem getið er um í grein 2.3.2. Kaffihlé skal vera 15 mín. á tímabilinu kl. 15:00 til 16:00. Kvöldverður skal vera á tímabilinu frá kl. 18:00 til 19:00.

Matmálstímar skulu almennt haldnir á réttum tíma.

Sé matartími ekki veittur, skal greiða hann með 1 klst. í yfirvinnu.

Sé kaffitími ekki veittur, greiðist fyrir hann yfirvinnukaup jafnlengd kaffitímans."

Í máli þessu er deilt um það hvort framkvæmd stefnda á kvöldverðartímum hafi farið í bága við fyrrgreind ákvæði um þann matmálstíma í grein 4.2. í kjarasamningnum. Telur stefnandi að svo sé,

enda séu viðkomandi starfsmenn látnir vinna í matartímum þessum án þess þó að njóta umsaminnar greiðslu, þ.e. greiðslu sem nemur einni klukkustund í yfirvinnu. Af hálfu stefnda er því hins vegar haldið fram að hann hafi fyllilega efnt þessar samningsskyldur sínar, eins og túlka beri samningsákvæðin í ljósi forsögu samningsins og með tilliti til aðstæðna á m/s Herjólfi.

Skýra verður svo ákvæði greinar 4.2. í kjarasamningi aðila að kvöldmatartími skuli vera ein klukkustund. Þá kemur fram í greininni að meginreglan er sú að kvöldverður skuli vera á tímabilinu frá kl. 18:00 til 19:00. Sérstaklega er tekið fram að sé matartími ekki veittur skuli greiða hann með einni klukkustund í yfirvinnu. Þegar litið er til fyrrgreinds ákvæðis um vinnutíma í grein 2.1.1., þar sem m.a. kemur fram að öll viðvera um borð telst óslitinn vinnutími, þykir vera ótvírætt að greiða beri sérstaklega fyrir unninn kvöldmatartíma með þeim hætti, sem tilgreint er í grein 4.2., svo sem almennt er við slíkar aðstæður.

Við skýrslutökur hér fyrir dómi kom fram að þjónustufólk á m/s Herjólfi hefur út af fyrir sig almennt fengið kvöldmat. Hins vegar var jafnframt upplýst við skýrslutökurnar, þ. á m. með vitnisburði brytans á m/s Herjólfi, að vikið hefur verið frá ákvæðum kjarasamningsins bæði um lengd kvöldmatarhlés og þann tíma þegar það skal tekið kl. 18:00-19:00. Samkvæmt þessu þykir sannað að um viðvarandi og veruleg frávik hefur verið að ræða frá ákvæðum kjarasamningsins um kvöldmatarhlé án þess þó að innt hafi verið samningsbundin greiðsla fyrir. Hefur stefndi því brotið gegn grein 4.2. í kjarasamningnum. Með vísan til þessa er krafa stefnanda tekin til greina.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað er ákveðst 150.000 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Viðurkennt er að stefndi, Herjólfur hf., hefur brotið gegn grein 4.2. í kjarasamningi Vinnuveitendasambands Íslands f.h. Herjólfs hf. annars vegar og Sjómannafélagsins Jötuns hins vegar vegna þjónustufólks á m/s Herjólfi.

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands vegna Herjólfs hf.,

greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómannafélagsins Jötuns, 150.000 krónur í málskostnað.

Miðvikudaginn 16. desember 1998.

Nr. 15/1998. **Vélstjórafélag Íslands**
(Friðrik Á. Hermannsson hdl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands f.h.
Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h.
Útvegsmannafélags Þorlákshafnar f.h.
Árness hf.
(Jón H. Magnússon hdl.)

Kjarasamningur. Laun.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Kristjana Jónsdóttir, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gunnar Sæmundsson og Valgeir Pálsson.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. desember sl., var höfðað með stefnu, birtri 24. sept. 1998, þingfestri 2. okt. 1998.

Stefnandi er Vélstjórafélag Íslands, kt. 690269-3419, Borgartúni 18, Reykjavík.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna, kt. 420269-0649, Hafnarhvoli, Reykjavík, f.h. Útvegsmannafélags Þorlákshafnar, kt. 470396-2459, Haukabergi 4, Þorlákshöfn, f.h. Árness hf., kt. 560491-1829, Óseyrarbraut 24, Þorlákshöfn.

Dómkröfur stefnanda:

Að viðurkennt verði að stefndi hafi brotið gegn ákvæði 3. mgr. greinar 1.31. og 1. málslið 1. mgr. greinar 1.23. í kjarasamningi milli Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og Vélstjórafélags Íslands, Vélstjórafélags Suðurnesja og Vélstjórafélags Vestmannaeyja hins vegar frá 1995 með síðari breytingum.

Jafnframt er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda:

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu.

Málavaxtalýsing stefnanda, málsástæður og rökstuðningur.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau að Einar Möller, kt. 151243-7119, Sjávargötu 38, Njarðvík, félagsmaður stefnanda, hafi hafið

skipsstörf á fiskiskipinu Guðbjörgu GK-517, sem rekið hafi verið af stefnda, Árnesi hf., 1. febrúar 1997. Skipið hafi stundað dagróðra og hafi áhöfnin átt frí á sunnudögum eins og boðið væri í grein 1.23. í kjarasamningi milli LÍÚ og VSFÍ. Einar hefði þó haft eftirlit með skipinu meðan það lá við bryggju á sunnudögum og öðrum helgidögum. Fyrir þá vinnu hafi Einar ekkert fengið greitt þrátt fyrir að útgerðinni bæri skylda til að greiða honum laun í að minnsta kosti 3 klukkustundir fyrir hvern dag sem hann þannig innti vinnu sína af hendi, sbr. grein 1.31. í kjarasamningnum. Af þeim sökum hafi Einar hætt að gegna þessum skyldum sínum 15. júlí 1997.

Nefnd eftirlitsskylda Einars hafi verið viðurkennd af forsvarsmönnum stefnda, Árnesi hf., enda um algilda reglu að ræða í rekstri skipa sem Guðbjargar GK-517, en stefndi hafi hafnað skyldu til sérstakra launagreiðslna. Einar hafi tvívegis sent reikninga vegna vinnunnar en í bæði skiptin án árangurs. Af þeim sökum hafi hann ekki séð sér annað fært en að leita ráða hjá stéttarfélagi sínu.

Lögfræðingur stefnanda hafi sent framkvæmdastjóra Árness hf. bréf, dagsett 17. október 1997, þar sem launakrafa Einars Möller hafi verið ítrekuð, auk þess sem hún hafi verið sundurliðuð nákvæmlega. Svar hafi borist frá lögfræðingi LÍÚ, 3. nóvember 1997, þar sem kröfum Einars hafi algerlega verið hafnað. Lögfræðingur stefnanda hafi ítrekað kröfuna til stefnda, Árness hf., með bréfi dagsettu 1. september 1998, en samkvæmt samtali lögfræðingsins við lögfræðing LÍÚ skömmu síðar, hafi orðið ljóst að ágreiningur væri milli aðila um túlkun nefndra ákvæða í kjarasamningnum, sbr. ákvæði 1.23. og 1.31. í samningnum.

Stefnandi kveðst byggja málshöfðun þessa á því að stefndi, Árnes hf., hafi brotið gegn ákvæðum greinar 1.31. og greinar 1.23., í kjarasamningi milli LÍÚ og VSFÍ, með því að neita Einari Möller, félagsmanni VSFÍ, um greiðslur vegna vinnu sinnar á sunnudögum og öðrum helgidögum, en þá hafi hann yfirleitt haft eftirlitsskyldu með fiskiskipinu Guðbjörgu GK-517 í hafnarlegum þess. Samkvæmt ákvæði 1.23. eigi vélstjórar að lágmarki rétt til fjögurra frídaga (96 klst.) á mánuði. Frídagar þessir hafi yfirleitt verið teknir á sunnudögum og hafi þá allir skipverjarnir fengið frí að Einari undanskildum. Hann hafi talið eðlilegt að verða við tilmælum útgerðarinnar um að sinna lágmarkseftirliti með skipinu enda yfirvélstjóri þess. Slík ráðstöfun hafi hins vegar takmarkað möguleika hans til að

njóta frídaga sinna á sama hátt og aðrir skipverjar þar sem hann hafi verið bundinn yfir skipinu umrædda daga. Hann hefði aldrei tekið að sér að sinna eftirlitsskyldunum fengi hann ekki sérstaklega greitt fyrir. Það megi ljóst vera að útgerðin hefði þurft að kosta meiru til ef vélstjóri í landi hefði verið fenginn í þetta sérstaka starf en slíkt hefði alltaf verið nauðsynlegt. Varðandi nauðsyn starfans bendir stefnandi á að 18. maí 1997 hafi Einar tvívegis þurft að sinna útkalli vegna leka sem hafi komið að skipinu. Í kjölfar þess atburðar hefði þurft að senda skipið í slipp. Einari Möller hefði því borið réttur til 3 klst. yfirvinnukaups í hvert sinn sem hann hafi sinnt eftirlitsskyldum sínum á sunnudögum og öðrum helgidögum samkvæmt grein 1.31., sbr. grein 1.23., í kjarasamningnum.

Einari Möller hefði sjaldnast auðnast að taka út sitt samningsbundna frí samkvæmt grein 1.23. á tímabilinu 1. febrúar 1997 til 15. júlí s.á. vegna þessara sérstöku starfsskyldna sinna. Fjögurra sólarhringa fríið sem boðið sé í kjarasamningnum sé lágmarksfrí samkvæmt kjarasamningi og hafi stefndi, Árnes hf., brotið gegn ákvæðum kjarasamningsins með því að láta Einar vinna á þessum frídögum. Ekki sé farið fram á að stefnda, Árnesi hf., verði gert að greiða sektir samkvæmt grein 1.53. í kjarasamningnum vegna þessara aðstæðna. Þess sé einungis krafist að stefnda, Árnesi hf., sé gert að greiða samningsbundin laun eins og boðið sé í grein 1.31., sbr. grein 1.23. í kjarasamningnum. Fjögurra sólarhringa fríið sé yfirleitt lágmarksfrí í gervöllum samningnum, sbr. greinar 2.11., 3.06., 5.03., 8.03., 9.04., 10.02. og 11.02.

Stefnandi byggir kröfur sínar á greinum 1.23. og 1.31. í kjarasamningi milli Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og Vélstjórafélags Íslands, Vélstjórafélags Suðurnesja og Vélstjórafélags Vestmannaeyja hins vegar, frá 1995 með síðari breytingum.

Krafa um málskostnað er byggð á 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda að það beri að afskrá skipverja í hvert skipti sem skip kemur í land og skrá þá að nýju þegar skipi er haldið til veiða að nýju. Var um þetta efni vísað til lögskráningarlaga nr. 43/1987, sérstaklega 5. og 6. gr.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að launakerfi sjómanna á fiskiskipum sé þannig upp byggt að á meðan á veiðitímabili stendur sé lögskráð á skipið. Skipverjar hafi ákveðinn aflahlut í laun, þar sem yfirmenn í ábyrgðarstöðum hafi sérstaka aukahluti. Fiskist illa komi til greiðslu lágmarkslauna í formi kauptryggingar.

Um vinnu vélstjóra á meðan á veiðitímabili stendur (lögskráðir) fjalli 3. mgr. greinar 1.31. í kjarasamningi VSFÍ og LÍÚ. Samkvæmt þeirri grein sé vélstjóra skylt að vinna við viðgerð á vél skipsins án sérstakra launa fyrstu 4 klst. á dagróðrabátum (landróðrabátum), en fyrstu 8 klst. á útilegubátum. Á þessu tímabili fái þeir engar tímakaupsgreiðslur til viðbótar sínum vélstjórahlut. Sé það talið eðlilegt að þessi vinna falli undir þeirra störf sem vélstjórar án sérstakra greiðslna þetta tímabil. Eftir þann tíma sé greitt tímakaup til viðbótar aflahlutnum.

Um vinnu vélstjóra milli veiðitímabila (ólögskráðir) fjalli 4. mgr. greinar 1.32. í kjarasamningi VSFÍ og LÍÚ, sbr. 2. og 3. mgr. greinar 1.31. Vélstjóri sem vinnur milli úthalda (ólögskráður) sé eðlilega ekki með aflahlut/kauptryggingu. Hans einu laun séu tímakaup fyrir unnar stundir. Samkvæmt 3. mgr. greinar 1.31. sé það metið til 3 klst. yfirvinnu að hafa eftirlit með vélarrúmi skips sem sé að jafnaði 1/2 klst. til 1 klst. vinna ef lensa þurfi skipið. Þar sem vélstjórinn, Einar Möller hafi verið lögskráður, enda hafi úthald skipsins staðið yfir, þá eigi ákvæði 3. mgr. greinar 1.31. ekki við um hann.

Þetta kjarasamningsákvæði í 3. mgr. greinar 1.31. sé skýrt varðandi það að eingöngu þeir vélstjórar, sem séu ólögskráðir milli veiðitímabila, eigi rétt á sérstakri greiðslu fyrir að annast vélgæslu á frídögum sínum. Með gagnályktun þýði þetta það, að sé vélstjóri aftur á móti lögskráður, eigi hann ekki þennan rétt. Sá sem haldi því fram að túlka beri ákvæði kjarasamnings rýmra, eða þvert ofan í kjarasamningstextann, beri sönnunarbyrði fyrir þeirri fullyrðingu sinni. Í þessu tilviki stefnandi. Sanngirnissjónarmið dugi ekki ein sér, jafnvel þótt slík sjónarmið væru viðurkennd.

Sérstök áhersla er á það lögð að vélstjórinn sé yfirmaður, sem ber ríka ábyrgð, eins og aðrir yfirmenn til sjós og lands. Fyrir þessa ábyrgð og þau viðbótarstörf, sem því fylgi sé greitt sérstaklega. Hafi vélstjórinn 50% aukahlut vegna ábyrgðar sinnar. Ábyrgðarstarfi fylgi iðulega aukastörf og snúningar, sem leiði til þess að yfirmenn á

fiskiskipum fái ekki alltaf sömu frí og undirmenn. Skipstjóri fái t.d. engar sérstakar greiðslur aukalega fyrir að líta eftir skipi og landfestum í helgar- og hafnarfríum, útvega veiðarfæri, sjá um mannaráðningar o.s.frv.

Hvað aukagreiðslur til vélstjóra snertir, segi það sig sjálft að fyrst lögskráðum vélstjóra á meðan á veiðitímabili stendur sé skylt að vinna við vélaviðgerðir án sérstakra greiðslna í 4 klst. á landróðrabát (dagróðrum), en 8 klst. á útilegubát, sbr. 3. mgr. greinar 1.32., þá hlyti eðli máls vegna að vera tekið skýrt fram í kjarasamningunum, ef vélstjórinn ætti rétt á 3 klst. aukagreiðslu eingöngu fyrir eftirlit, fyrst hann fái ekkert aukalega fyrir vélaviðgerðir í lengri tíma. Þessi vinna hafi verið talin hluti af starfsskyldum vélstjóra án aukagreiðslu að mati kjarasamningsaðila.

Kjarni málsins sé sá að kjarasamningsaðilar hafi ekki samið um sérstaka greiðslu fyrir eftirlit með skipi, þegar vélstjóri er lögskráður á veiðitímabili. Þar af leiðandi beri lögskráðum vélstjóra ekki réttur til sérstakrar þóknunar fyrir vélgæslu í helgarfríum. Um það hafi ekki verið samið enn, hvað svo sem síðar kann að gerast.

Stefndi telur sig hafa efnt að fullu samningsskyldur sínar við félagsmann stefnanda samkvæmt kjarasamningi og beri því að sýkna hann af kröfum stefnanda.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila er sprottinn af synjun stefnda Árness hf. á því að greiða félagsmanni stefnanda Einari Möller laun fyrir störf hans við eftirlit með skipi sem stefndi gerði út, Guðbjörgu GK-517, á samningsbundnum frídögum sínum en hann var vélstjóri á skipinu. Í málinu krefst stefnandi viðurkenningar á því að synjunin hafi verið brot á 3. mgr. greinar 1.31. og 1. málslið 1. mgr. greinar 1.23. í kjarasamningi aðila frá árinu 1995 með síðari breytingum. Fyrrnefnda ákvæðið hljóðar svo:

„Annist vélstjóri/vélavörður vélgæslu ólögskráður á frídögum sínum, skal útgerðarmaður greiða honum sem nemur 3ja tíma vinnu á dag og skal miðað við helgidagakaup."

Stefndi vísar því á bug að ákvæði þetta eigi við um störf Einars sem var lögskráður á skipið allt tímabilið 31. janúar til 24. maí 1997 er hann gegndi eftirlitsstörfunum. Ákvæðið beri að skilja skv. orðanna hljóðan enda sé ekkert upplýst um að því hafi verið ætlað víðtækara hlutverk. Af hálfu stefnanda var á því byggt við munnlegan

flutning málsins, að borið hefði skv. 5. gr. laga nr. 43/1987 um lögskráningu sjómanna að afskrá skipverja á frídögum og að útgerðin ætti ekki að hagnast á því að það hefði verið vanrækt. Ekki er unnt að fallast á þau rök. Hvorki orðalag lagagreinarinnar, ummæli í greinargerð með frumvarpi að lögunum né framkvæmd laganna styður slíka túlkun.

Skilja verður ákvæði 3. mgr. gr. 1.31. svo, að hún myndi heild með 2. mgr. sömu greinar sem hljóðar svo:

„Vélstjóra/vélaverði skal tryggð dagvinna milli veiðitímabila, enda sé hann ráðinn til áframhaldandi starfs á skipinu og viðkomandi vélstjóri/vélavörður óski vinnunnar. Útgerðarmaður á sömuleiðis rétt á að óska eftir því að vélstjóri/vélavörður vinni."

Ákvæði 3. mgr. greinar 1.31. á því einungis við um vélstjóra sem hafa verið afskráðir. Af því leiðir að synjun stefnda Árness hf. á að greiða Einari Möller laun fyrir eftirlitsstörfin brýtur ekki gegn því ákvæði samningsins.

Kemur þá til álita hvort stefndi Árnes hf. hafi brotið gegn 1. málslið 1. mgr. greinar 1.23. í kjarasamningnum en hann hljóðar svo:

„Vélstjórum/vélavörðum á skipum skulu tryggðir minnst fjórir frídagar (96 klst.) í mánuði."

Í sóknarskjölum stefnanda er á því byggt að Guðbjörg GK-517 hafi á umræddu tímabili stundað dagróðra og áhöfnin átt frí á sunnudögum. Einar hafi hins vegar annast eftirlit með skipinu meðan það lá við bryggju, á sunnudögum og öðrum helgidögum. Eftirlitsskylda Einars hafi verið viðurkennd af forsvarsmönnum stefnda, enda sé um algilda reglu að ræða í rekstri skipa eins og þessa. Í varnarskjölum stefnda var þessu ekki andmælt en á því byggt að ábyrgð vélstjóra fylgi aukastörf og snúningar sem leiði til þess að þeir og aðrir yfirmenn á fiskiskipum fái ekki alltaf sömu frí og undirmenn. Þessi ábyrgð og aukastörf séu vélstjórum launuð með 50% aukahlut. Við munnlegan flutning málsins byggði stefndi svo á því að skipinu hefði aðeins verið haldið til veiða 5 daga í viku, mánudaga til föstudaga og skipverjar átt frí á laugardögum og sunnudögum og stundum oftar ef ekki gaf á sjó. Einar hefði því fengið a.m.k. 96 klst. frí í mánuði þrátt fyrir eftirlitsstörfin. Þá var einnig staðhæft að útgerðin hefði ekki farið fram á að Einar annaðist eftirlit með skipinu. Þessu var hvoru tveggja mótmælt af hálfu stefnanda sem röngu og of seint fram komnu. Á þau mótmæli ber að fallast og

leggja til grundvallar dómi í málinu að frídagar skipverja hafi verið sunnudagar og að eftirlitsstörf Einars hafi valdið því að hann hafi ekki fengið 96 klst. frí í mánuði. Samkvæmt því ber að viðurkenna að stefndi hafi brotið gegn ákvæði 1. málsliðs 1. mgr. greinar 1.23. í kjarasamnigni aðila.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Viðurkennt er að stefndi, Árnes hf., hafi brotið gegn ákvæði 1. málsliðs 1. mgr. greinar 1.23. í kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og Vélstjórafélags Íslands, Vélstjórafélags Suðurnesja og Vélstjórafélags Vestmannaeyja hins vegar.

Þriðjudaginn 22. desember 1998.

Nr. 16/1998. **Alþýðusamband Íslands f.h.**
Rafiðnaðarsambands Íslands vegna
Félags íslenskra rafvirkja
(Guðni Á. Haraldsson hrl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands f.h.
Samtaka iðnaðarins vegna
J.Á. verktaka
(Ragnar Árnason hdl.)

Trúnaðarmaður. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 11. desember sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Kristjana Jónsdóttir, Guðný Björnsdóttir, Gunnar Sæmundsson og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16, Reykjavík, fyrir hönd Rafiðnaðarsambands Íslands, kt. 440472-1099, Háaleitisbraut 68, Reykjavík, vegna Félags ísl. rafvirkja, kt. 530169-4489, sama stað.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, fyrir hönd Samtaka iðnaðarins, kt. 511093-2019, Hallveigarstíg 1, Reykjavík, vegna J.Á. verktaka, kt. 701292-4809, Gagnheiði 35, Selfossi.

Dómkröfur stefnanda:

1.1. Aðallega. Að dæmt verði að stefndi, J.Á. verktakar, hafi gerst brotlegur við 4. og 11. gr. laga nr. 80/1938 með því að segja upp störfum Antoni Antonssyni, trúnaðarmanni rafiðnaðarmanna við lagningu Búrfellslínu 3A, hinn 21. september 1998.

1.2. Til vara.

Að dæmt verði að brottvikning stefnda, J.Á. verktaka, á Antoni Antonssyni, trúnaðarmanni rafiðnaðarmanna, úr vinnu við lagningu Búrfellslínu 3A, hinn 21. september 1998, sé brot á 4. og 11. gr. laga nr. 80/1938.

2.0. Krafa.

Að dæmt verði að brottvikning stefnda, J.Á. verktaka, á Antoni

Antonssyni, trúnaðarmanni rafiðnaðarmanna við lagningu Búrfellslínu 3A, hinn 21. september 1998, sé brot á kjarasamningi um lagningu Búrfellslínu 3A frá 17. júlí og 9. september 1998.

3.0. Krafa.

Að stefnda verði dæmd refsing fyrir brot á lögum nr. 80/1938.

4.0. Krafa.

Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Málavextir.

Í ársbyrjun 1998 gerði Landsvirkjun samning við rússneska fyrirtækið Technopromexport um framleiðslu og uppsetningu raflínumastra fyrir Búrfellslínu 3A. Í framhaldi af því gerði Technopromexport samning við stefnda, J.Á. verktaka, um það að hann legði til íslenska starfsmenn við framkvæmdina.

Hinn 17. júlí 1998 var gerður kjarasamningur um vinnufyrirkomulag, kaup og kjör þeirra er vinna við verkið. Samningur þessi var milli Rafiðnaðarsambands Íslands (RSÍ) og Félags járniðnaðarmanna annars vegar og J.Á. verktaka og Technopromexport hins vegar. Honum til fyllingar var síðan gert sérstakt samkomulag (minnisblað), dags. 9. september 1998. Í kjarasamningnum er tekið fram að um önnur atriði fari eftir virkjunarsamningi Landsvirkjunar og VSÍ frá 24. mars 1997.

Stefndi, J.Á. verktakar, óskaði eftir því við rafverktakafyrirtækið Árvirkjann ehf., Selfossi, að fyrirtækið útvegaði honum rafiðnaðarmenn til verksins. Einn þeirra manna sem það fyrirtæki lagði til var Anton Antonsson og hóf hann störf 22. ágúst 1998. Skriflegur ráðningarsamningur var ekki gerður við hann. Anton fékk laun sín greidd frá Árvirkjanum ehf.

Með bréfi, dags. 14. september 1998, tilkynnti Rafiðnaðarsamband Íslands stefnda J.Á. verktökum að Anton Antonsson hefði verið tilnefndur trúnaðarmaður rafiðnaðarmanna á vinnustaðnum.

Samkvæmt ósk stefnda var Anton Antonsson tekinn úr verkinu 21. september 1998 og færður til annarra starfa hjá Árvirkjanum ehf.

Með bréfi formanns RSÍ, dags. 22. september 1998, var þessu mótmælt. Því bréfi var svarað af J.Á. verktökum 25. september s.á.

Þar var því borið við að Anton hefði ekki nægjanlega reynslu og þekkingu til þess að vinna við verkið. J.Á. verktakar óskuðu síðan eftir öðrum manni frá Árvirkjanum ehf. í stað Antons.

Í málinu er deilt um það hvort stefndi J.Á. verktakar hafi brotið gegn ákvæðum 4. og 11. gr. laga nr. 80/1938 og kjarasamningi með flutningi Antons Antonssonar úr starfi við Búrfellslínu 3A.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

1.1. Aðalkrafa.

Um verk það er um ræðir gildi kjarasamningur aðila frá 17. júlí 1998 og honum til fyllingar samkomulag frá 9. september s.á. Í kjarasamningnum sé beinlínis tekið fram að um önnur kjör fari eftir virkjunarsamningi Landsvirkjunar og VSÍ frá 24. mars 1997.

Í síðastgreindum samningi gr. 13.1.1. sé að finna eftirfarandi ákvæði:

„Þeim verkalýðsfélögum og landssamböndum, sem eru aðilar að samningi þessum, er heimilt að velja sér trúnaðarmann á vinnustaðnum, (hér er átt við: byggingarmenn, rafiðnaðarmenn, málmiðnaðarmenn . . .."

Með tilkynningu RSÍ hinn 14. september 1998, sem ekki hafi sætt mótmælum stefnda né annarra, hafi Anton verið tilnefndur trúnaðarmaður rafiðnaðarmanna við reisingu Búrfellslínu 3A.

Um stöðu hans, eftir þessa tilkynningu, hafi því farið samkvæmt 4. og 11. gr. laga nr. 80/1938.

Sú ákvörðun stefnda, J.Á. verktaka, að taka hann úr verkinu og brottvikning hans að öðru leyti hafi jafngilt uppsögn úr starfi í skilningi 4. og 11. gr. laga nr. 80/1938 og hafi því verið ólögmæt.

Stefndi, J.Á. verktakar, hafi verið vinnuveitandi í skilningi 4. og 11. gr. greindra laga, þar sem hann hafði stjórnunarrétt yfir Antoni. Stjórnunarrétturinn feli í sér réttinn til þess að ráða og reka. Með því að taka við honum hafi stefndi tekið á sig þær skyldur að virða öll hans réttindi, til að mynda varðandi öryggi á vinnustað, allan aðbúnað og önnur réttindi, þ.m.t. réttindi hans sem trúnaðarmanns.

Vinnuveitandinn, J.Á. verktakar, hafi þær sömu skyldur lögum samkvæmt og aðrir vinnuveitendur þ.m.t. að virða rétt trúnaðarmanna. Sú staðreynd að hann greiði Árvirkjanum ehf. leigu sem síðan sé notuð til þess að greiða Antoni laun skipti engu máli í þessu sambandi.

Með því að viðurkenna að slíkir vinnuveitendur væru lausir við

slíkar skyldur, væri verið að viðurkenna leið til þess að fara fram hjá þeim reglum er gilda um trúnaðarmenn og heimila þeim þannig að losa sig við fulltrúa launþega sem að þeirra mati séu óþægilegir.

Engu máli skipti þó Anton fái laun sín greidd frá Árvirkjanum ehf. því stefndi taki að öðru leyti við réttindum hans og beri ábyrgð á þeim. Til marks um þetta er bent á 4. gr. laga nr. 77/1993 sem tryggja trúnaðarmönnum óbreytta stöðu þrátt fyrir eigendaskipti að atvinnurekstri.

Verði ekki á það fallist að stefndi hafi verið vinnuveitandi í skilningi 4. og 11. gr. laga nr. 80/1938 þá er á því byggt að hann sé umboðsmaður og trúnaðarmaður Árvirkjans ehf. í skilningi 4. og 11. gr. laganna og uppsögn hans að sama skapi brot á þeim ákvæðum.

Því er auk þess haldið fram að uppsögnin hafi átt rót sína að rekja til starfa Antons sem trúnaðarmanns og sé því þegar af þeirri ástæðu andstæð 11. gr. laga nr. 80/1938.

Á því er einnig byggt að trúnaðarmenn eigi samkvæmt nefndri 11. gr. að sitja fyrir um störf, sbr. lokamálslið greinarinnar. Uppsögn á störfum Antons brjóti í bága við þá meginreglu og sé þar af leiðandi ólögmæt.

1.2. Varakrafa.

Verði ekki á það fallist að um uppsögn úr vinnu hafi verið að ræða af hálfu stefnda, J.Á. verktaka, þá er á því byggt að stefndi hafi með brottvikningu hans, látið hann gjalda fyrir það að hann var trúnaðarmaður og auk þess vanvirt rétt hans til vinnu umfram aðra. Slíkt sé ólögmætt.

Er um þetta vísað til 4. gr. og 11. gr. laga nr. 80/1938 og þess að ástæða brottvikningarinnar hafi verið sú að Anton hafi valdið óróa á vinnusvæðinu.

2.0. Önnur krafa.

Í kjarasamningi aðila frá 9. september 1998, 3. tl., sem hafi verið til fyllingar samningi aðila frá 17. júlí s.á., sé að finna eftirfarandi ákvæði:

„Starfsmenn verða ráðnir til verksins alls og sagt upp í samræmi við gildandi kjarasamninga."

Stefndi, J.Á. verktakar, hafi undirritað samkomulag þetta svo og kjarasamninginn frá 17. júlí 1998.

Á því er byggt að stefndi, J.Á. verktakar, hafi með samkomulaginu skuldbundið sig til þess að hafa þá er hjá honum unnu út

verktímann. Með því að vísa Antoni af vinnustað án nokkurs fyrirvara hafi hann gerst sekur um brot á þessu ákvæði og kjarasamningi aðila.

3.0. Þriðja krafa.

Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sekt í ríkissjóð þar sem hann hafi gerst brotlegur við lög nr. 80/1938 og auk þess brotið samningsbundnar skyldur samkvæmt kjarasamningi frá 9. september, 3. tl.

Er um þetta vísað til 65. gr. laga nr. 80/1938.

4.0. Fjórða krafa.

Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað að mati hins virðulega réttar með vísan til 65. gr. laga nr. 80/1938.

Um aðild er tekið fram að Anton Antonsson sé félagsmaður í Félagi ísl. rafvirkja. Það félag eigi aðild að Rafiðnaðarsambandi Íslands sem eigi aðild að Alþýðusambandi Íslands. J.Á. verktakar eigi aðild að Samtökum iðnaðarins, sem aðild eigi að VSÍ.

Málsástæður og lagarök stefnda.

1.0. Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að ekki liggi fyrir brot á 11. gr. laga nr. 80/1938, enda hafi Anton Antonsson ekki haft stöðu trúnaðarmanns gagnvart stefnda, J.Á. verktökum. Mótmælt er að 4. gr. sömu laga eigi við í þessu máli.

1.1. Í gr. 13.1.1. þess kjarasamnings sem lagður sé til grundvallar í stefnu, svonefndum virkjunarsamningi, séu ákvæði um hverja megi tilnefna til trúnaðarmannastarfa. Þar segir:

„Þeim verkalýðsfélögum og landssamböndum, sem eru aðilar að samningi þessum, er heimilt að velja sér trúnaðarmann á vinnustaðnum, (hér er átt við: byggingamann, rafiðnaðarmann, málmiðnaðarmann, þrjá verkamenn valda úr mismunandi starfsgreinum þ.á.m. einn stjórnanda vinnuvéla, bifreiðastjóra, skrifstofumann og einn fyrir ræstingu og mötuneyti, samtals 9)."

Rafiðnaðarsambandi Íslands sé samkvæmt kjarasamningnum óheimilt að tilnefna aðra en rafiðnaðarmenn í stöðu trúnaðarmanns rafiðnaðarmanna. Rafiðnaðarmaður sé iðnaðarmaður sem lokið hafi sveinsprófi í rafiðngreinum. Í 9. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978 segir:

„Rétt til að kenna sig í starfsheiti sínu við löggilta iðngrein hafa þeir einir, er hafa sveinsbréf eða meistarabréf í iðngreininni."

Anton Antonsson hafi ekki sveinsbréf í rafiðngrein. Hann sé því ekki rafiðnaðarmaður. Hann njóti heldur ekki félagsréttinda í Félagi ísl. rafvirkja, sbr. 4. gr. laga félagsins. Tilnefning Rafiðnaðarsambands Íslands á Antoni Antonssyni í stöðu trúnaðarmanns hafi verið brot á kjarasamningi og því marklaus gagnvart stefnda, J.Á. verktökum. Anton hafði ekki stöðu trúnaðarmanns og naut því ekki verndar samkvæmt 11. gr. laga nr. 80/1938.

1.2. Einnig er á því byggt að stefnanda hafi ekki verið heimilt að kjósa eða tilnefna, sem trúnaðarmann rafiðnaðarmanna við Búrfellslínu 3A, mann sem komi inn á vinnustað sem „lánsmaður" frá öðru fyrirtæki.

Stefndi telur það ekki vera í samræmi við tilgang og hlutverk trúnaðarmanna samkvæmt lögum og kjarasamningum að trúnaðarmaður starfsmanna eins fyrirtækis sé starfsmaður annars fyrirtækis. Anton Antonsson sé starfsmaður Árvirkjans ehf. Það fyrirtæki hafi hinn raunverulega stjórnunarrétt yfir Antoni, þ.á.m. réttinn til að færa hann til í starfi og segja honum upp störfum. Samkvæmt samkomulagi J.Á. verktaka og Árvirkjans ehf. skyldi Árvirkinn ehf. leggja J.Á. verktökum til þrjá rafiðnaðarmenn. Árvirkinn ehf. hafði um 20 rafiðnaðarmenn í vinnu og hafi fyrirtækinu verið í sjálfsvald sett hvaða starfsmenn það legði til, svo framarlega sem þeir hefðu sveinspróf sem rafvirkjar eða rafveituvirkjar. Árvirkjanum ehf. hafi því verið hvenær sem var heimilt að skipta út mönnum og setja nýja í staðinn. Sé það í samræmi við almennar reglur verktakaréttar.

Stefndi hafi mótmælt samdægurs tilnefningu á Antoni Antonssyni í starf trúnaðarmanns með vísan til þess að hann væri lánsmaður frá Árvirkjanum ehf. Þau mótmæli hafi verið ítrekuð með bréfi stefnda til RSÍ, dags. 25. september 1998. Árvirkinn ehf. hafi einnig mótmælt tilnefningunni með bréfi, dags. 25. september 1998.

Ekki verði séð að lög nr. 77/1993 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum eigi við í máli þessu.

2.0. Verði á það fallist með stefnanda að Anton Antonsson hafi haft stöðu trúnaðarmanns gagnvart stefnda, J.Á. verktökum, er á því byggt að honum hafi ekki verið sagt upp starfi eða á annan hátt verið látinn gjalda starfa sinna sem trúnaðarmaður og því hafi stefndi ekki brotið gegn 11. gr. laga nr. 80/1938. Því er mótmælt að 4. gr. eða 2. málsl. 11. gr. sömu laga eigi við í þessu sambandi.

2.1. Antoni hafi aldrei verið sagt upp störfum. Hann sé enn í

starfi hjá sínum vinnuveitanda. Eins og segir í stefnu þá felist í stjórnunarrétti vinnuveitanda réttur til að ráða og reka. Þessi réttur hafi verið og sé í höndum Árvirkjans ehf. Félagið gat hvenær sem var tekið Anton úr verkinu eða sagt honum upp störfum. Þessi réttur hafi aldrei verið í höndum J.Á. verktaka. Uppsögn af þeirra hálfu hefði verið gildislaus gagnvart Antoni.

2.2. Anton hafi ekki komið fram sem trúnaðarmaður rafiðnaðarmanna gagnvart stefnda og því reyni ekki á hvort hann hafi verið látinn gjalda starfa sinna sem „trúnaðarmaður". Sönnunarbyrði um að svo hafi verið hvíli einvörðungu á stefnanda. Mótmælt er fullyrðingum stefnanda um að Anton hafi verið látinn fara „sakir þess að hann ylli óróa á vinnustað". Slíkar staðhæfingar hafi aldrei komið frá stefnda.

2.3. Mótmælt er hugleiðingum stefnanda um að stefndi hafi verið „umboðsmaður og trúnaðarmaður Árvirkjans", sbr. 4. og 11. gr. l. nr. 80/1938. Þessi ákvæði eigi einungis við þá menn sem hafa stjórnunarrétt samkvæmt umboði atvinnurekanda. Aðrir, sem ekki hafi stjórnunarrétt yfir starfsmönnum, þ.m.t. réttinn til að ráða og reka, geti ekki fallið undir 4. gr. eða 11. gr.

2.4. Einnig sé vafi um að Anton Antonsson hafi verið valinn formlega með réttum hætti. Í bréfi Rafiðnaðarsambands Íslands til stefnda, dags. 14. september 1998, segir að Anton hafi verið kosinn trúnaðarmaður starfsmanna.

3.0. Því er mótmælt að stefndi, J.Á. verktakar hafi brotið kjarasamning um lagningu Búrfellslínu, dags. 17. júlí 1998.

Mótmælt er skilningi stefnanda á ákvæði minnisblaðsins um ráðningu „til verksins alls". Ekki sé verið með því að lofa einstökum starfsmönnum starfi út verktímann enda sérstaklega tekið fram að starfsmönnum verði sagt upp störfum í samræmi við gildandi kjarasamninga. Eins og komi fram í yfirlýsingunni sé verið að árétta að starfsmenn séu ekki ráðnir til verksins frá viku til viku.

Þess er krafist að allur vafi um túlkun yfirlýsingarinnar verði túlkaður stefnda í hag enda hafi hann verið undir óeðlilegum þrýstingi frá stéttarfélögunum sem beitt hafi ólöglegum verkföllum til að knýja á um breytingar á kjarasamningi.

Einnig er bent á að minnisblað aðila, dags. 9. sept. 1998 hafi enga bindandi þýðingu fyrir Árvirkjann ehf. Það fyrirtæki gat hvenær

sem er tekið Anton Antonsson úr verkinu og sett annan mann í hans stað.

4.0. Mótmælt er kröfu stefnanda að stefnda verði gerð refsing á grundvelli laga nr. 80/1938. Dómvenja sé fyrir því að dæma ekki refsingu í málum sem þessum.

Niðurstaða.

Mál þetta á undir Félagsdóm samkvæmt 1. og 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Í ársbyrjun 1998 samdi Landsvirkjun við rússneska fyrirtækið Technopromexport um framleiðslu og uppsetningu raflínumastra og leiðara í Búrfellslínu 3A. Stefndi J.Á. verktakar ehf. var verktaki hjá hinu rússneska fyrirtæki og tók að sér að sjá aðalverktakanum fyrir nægilegum mannafla til starfa við verkið. Í því skyni samdi stefndi við rafverktakafyrirtækið Árvirkjann ehf. á Selfossi um að útvega stefnda rafvirkja til þessara starfa. Í skjóli þessa samkomulags fór starfsmaður Árvirkjans ehf., Anton Antonsson, til starfa við línuna. Með bréfi Rafiðnaðarsambands Íslands, dagsettu 14. september 1998, var stefnda tilkynnt að Anton hefði verið kosinn trúnaðarmaður rafiðnaðarmanna sem unnu á línusvæðinu. Þann 21. september s.á. fór stefndi þess á leit við Árvirkjann ehf. að Anton yrði tekinn úr starfinu og annar maður fenginn í hans stað. Næsta dag hvarf Anton til annarra starfa á vegum Árvirkjans ehf.

Ágreiningur aðila í máli þessu snýst um það hvort flutningur Antons úr starfi við Búrfellslínu 3A teljist annars vegar vera uppsögn eða brottvikning úr starfi, sem sé ólögmæt og brjóti í bága við 4. gr. og 11. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, og hins vegar brot á kjarasamningi um lagningu línunnar frá 17. júlí og 9. september 1998.

Í lokamálslið 1. gr. í sérstökum kjarasamningi frá 17. júlí 1998 milli Rafiðnaðarsambands Íslands og Félags járniðnaðarmanna annars vegar og stefnda J.Á. verktaka og Technopromexport hins vegar er ákvæði um að samningur frá 24. mars 1997 um virkjunarframkvæmdir á vegum Landsvirkjunar, svonefndur virkjunarsamningur, skuli gilda um það sem ekki er tekið fram í samningnum. Í 1. málslið greinar 13.1.1. í téðum virkjunarsamningi er ákvæði um tilnefningu trúnaðarmanna. Þar segir svo, orðrétt:

„Þeim verkalýðsfélögum og landssamböndum, sem eru aðilar að samningi þessum, er heimilt að velja sér trúnaðarmann á vinnu-

staðnum, (hér er átt við: byggingamann, rafiðnaðarmann, málmiðnaðarmann, þrjá verkamenn valda úr mismunandi starfsgreinum þ.á.m. einn stjórnanda vinnuvéla, bifreiðastjóra, skrifstofumann og einn fyrir ræstingu og mötuneyti, samtals 9)."

Samkvæmt samningsákvæði þessu var stéttarfélögum og landssamböndum þeirra heimilt að tilnefna trúnaðarmenn á línusvæðinu, en líta verður svo á að umrætt línusvæði sé vinnustaður í skilningi ákvæðisins, jafnvel þótt þar hafi ekki verið til að dreifa starfsmönnum úr öllum þeim starfsgreinum sem í ákvæðinu eru nefnd. Ákvæðið hefur ekki að geyma nein fyrirmæli um það hvernig að tilnefningu trúnaðarmanna skuli staðið. Þeim stéttarfélögum eða landssamböndum, sem heimild hafa til að tilnefna trúnaðarmann á hverjum vinnustað, er í sjálfsvald sett hvernig að tilnefningunni er staðið. Í tilviki því, sem hér um ræðir, var Rafiðnaðarsambandi Íslands sem aðila að áðurnefndum kjarasamningi frá 17. júlí 1998 því heimilt að tilnefna trúnaðarmann á þann hátt sem það kaus, sbr. tilvitnað ákvæði virkjunarsamningsins. Þær aðferðir, sem viðhafðar voru af hálfu sambandsins við tilnefningu trúnaðarmannsins, koma því ekki hér til sérstakrar skoðunar. Óumdeilt er í málinu að Anton Antonsson var í Félagi íslenskra rafvirkja á þeim tíma er hér skiptir máli, en það félag á aðild að Rafiðnaðarsambandinu. Þótt stefndi hafi borið brigður á að vera Antons í félaginu samrýmist lögum þess verður ekki talið að það hafi þýðingu við val hans sem trúnaðarmanns. Að þessu virtu verður ekki talið að Rafiðnaðarsambandi Íslands hafi verið óheimilt að tilnefna Anton sem trúnaðarmann sinn með þeim hætti sem gert var.

Stefndi og Árvirkinn ehf. gerðu ekki skriflegan samning sín í milli um það hvernig og með hvaða skilmálum Árvirkinn ehf. útvegaði rafvirkja til starfa við línuna. Af gögnum málsins og af skýrslutökum fyrir dóminum telst þó upplýst að Anton Antonsson var ráðinn til starfa hjá Árvirkjanum ehf. og hann var starfsmaður þess fyrirtækis meðan hann vann við línuna. Það greiddi honum einnig kaup. Ennfremur var það á valdi Árvirkjans ehf. að ákveða hvaða starfsmenn þess færu til starfa við línuna. Stefndi hafði ekki vald til að ráða því eða ákveða sjálfur hvaða starfsmenn Árvirkinn ehf. útvegaði. Þá var fagleg verkstjórn á svæðinu í höndum starfsmanna hins rússneska verktakafyrirtækis. Auk þess að hafa eigin starfsmenn við vinnu á línusvæðinu virðist hlutverk stefnda einkum hafa verið að annast tengsl

milli íslensku starfsmannanna og þeirra rússnesku, halda til haga skýrslum um vinnutíma Íslendinganna og sjá um aðföng og mataraðstöðu á svæðinu. Það var því ekki ráðningarsamband milli stefnda og nefnds Antons eða annarra sem Árvirkinn ehf. léði til verksins. Af því leiðir að stefndi, J.Á. verktakar, var ekki vinnuveitandi Antons Antonssonar í skilningi 4. og 11. gr. laga nr. 80/1938. Þá verður heldur ekki talið að stefndi, J.Á. verktakar, hafi verið umboðsmaður eða trúnaðarmaður Árvirkjans ehf. í skilningi greindra lagaákvæða.

Eins og hér hagar til, verður ekki talið að neitt slíkt réttarsamband hafi verið á milli stefnda, J.Á. verktaka, og Antons Antonssonar að flutningur hans úr starfi við Búrfellslínu 3A feli í sér að stefndi hafi gerst brotlegur við 4. gr. og 11. gr. laga nr. 80/1938.

Líta ber á minnisblað frá fundi þann 9. september 1998, sem m.a. var undirritað af fyrirsvarsmönnum Rafiðnaðarsambands Íslands og stefnda, J.Á. verktaka, sem samkomulag þeirra aðila, sem undir það rituðu. Ekki verður talið að ákvæði 3. tl. minnisblaðsins um ráðningu og uppsögn starfsmanna hafi verið bindandi fyrir stefnda, J.Á. verktaka, gagnvart Antoni Antonssyni, sem var starfsmaður Árvirkjans ehf. Verður stefndi því ekki talinn hafa brotið gegn ákvæðum kjarasamningsins frá 17. júlí 1998 eða því samkomulagi sem felst í minnisblaðinu frá 9. september 1998.

Af því sem að framan greinir er það niðurstaða dómsins að sýkna ber stefnda af kröfum stefnanda. Eins og atvikum er háttað þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands fyrir hönd Samtaka iðnaðarins vegna J.Á. verktaka, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands fyrir hönd Rafiðnaðarsambands Íslands vegna Félags íslenskra rafvirkja, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Gunnars Sæmundssonar.

Þótt algengast sé að ráðningarsamband sé milli trúnaðarmanns á vinnustað og atvinnurekanda þar verður slík regla hvorki byggð á lögum né kjarasamningi málsaðila. Því verður að telja að stéttarfélagi eða landssambandi sé heimilt að velja trúnaðarmann úr hópi annarra sem starfa á vinnustaðnum, ef þeim er til að dreifa og það telur slíkt hagkvæmt. Þá hefur stefndi ekki geng neitun stefnanda sannað að hann hafi mótmælt vali Antons Antonssonar sem trúnaðarmanns fyrr en með bréfi dags. 25. september 1998, þ.e. eftir að hann hafði fengið Anton fluttan úr starfi hjá sér með samkomulagi við Árvirkjann ehf. Sýknudómur yfir stefnda verður því ekki reistur á þessum rökum.

Á það ber hins vegar að fallast með stefnda að ekki hafi verið sýnt fram á að Anton hafi verið fluttur úr starfi við Búrfellslínu 3A vegna starfa sinna sem trúnaðarmaður eða verið látinn gjalda þess að hann var valinn til þess starfa. Þá er ekki í ljós leitt neitt það athæfi af hálfu stefnda sem varðar við 4. gr. laga nr. 80/1938. Því verður ekki talið að stefndi hafi brotið gegn því lagaákvæði né 1. málslið 11. gr. sömu laga. Þá er efni 3. töluliðs minnisblaðs frá fundi málsaðila og fleiri frá 9. september 1998, sem stefnandi telur hluta af kjarasamningi þeirra, of óljóst til að talið verði að stefndi hafi brotið gegn því með margnefndum flutningi Antons úr starfi við Búrfellslínu 3A. Flutningurinn þykir hins vegar varða við 2. málslið 11. gr. laga nr. 80/1938 eins og það ákvæði hefur verið skýrt af Félagsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Flutningur trúnaðarmanns rafiðnaðarmanna Antons Antonssonar úr starfi við Búrfellslínu 3A sem gerður var að tilhlutan stefnda J.Á. verktaka var brot á meginreglu 2. málsliðs 11. gr. laga nr. 80/1938 og ólögmætur af þeim sökum.

Hvor aðila greiði sinn kostnað af málinu.

Mánudaginn 1. febrúar 1999.

Nr. 17/1998. **Alþýðusamband Íslands f.h.**
Verkamannasambands Íslands vegna
Verkalýðsfélagsins Einingar f.h.
Hauks Konráðssonar
(Inga Þöll Þórgnýsdóttir hdl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands f.h.
Samtaka fiskvinnslustöðva f.h.
Útgerðarfélags Akureyringa hf.
(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)

Frávísun. Dómsvald Félagsdóms.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 13. janúar sl.

Málið úrskurða Eggert Óskarsson, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gylfi Knudsen, Valgeir Pálsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219, Skipholti 50c, Reykjavík, vegna Verkalýðsfélagsins Einingar, kt. 510169-2399, Skipagötu 14, Akureyri, f.h. Hauks Konráðssonar, kt. 280733-3189, Skarðshlíð 26f, Akureyri.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, f.h. Samtaka fiskvinnslustöðva, kt. 541288-2799, Austurstræti 18, Reykjavík f.h. Útgerðarfélags Akureyringa hf., kt. 670269-4429, Fiskitanga, Akureyri.

Dómkröfur stefnanda.

Að dæmt verði að greiða beri 60% álag á vaktakaup ef unnar eru viðstöðulaust næturvaktir frá og með sjöundu nóttu, sbr. grein 20.10.2. í aðalkjarasamningi milli Vinnuveitendasambands Íslands og Verkamannasambands Íslands.

Að dæmt verði að greiða beri yfirvinnukaup, er 173,3 vinnustundum á einum mánuði er náð, fyrir þær stundir sem umfram eru.

Að stefndu verði dæmd til greiðslu málskostnaðar auk álags er nemi virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda.

Að öllum kröfum stefnanda verði hafnað. Þá gerir stefndi kröfu til málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málavextir.

Stefnandi, Haukur Konráðsson, var ráðinn sem næturvaktmaður í skipum stefnda, Útgerðarfélags Akureyringa hf., þann 23. júní 1990 en stefnandi hafði áður verið sjómaður á skipum stefnda. Störfum stefnanda var þannig hagað að hann stóð vaktir þegar skip stefnda voru í landi. Um var að ræða 12 tíma vaktir frá kl. 19:00 á kvöldin til kl. 7:00 á morgnana. Stefnanda var sagt upp störfum með uppsagnarbréfi 26. febrúar 1997 og hætti störfum með starfslokasamningi 1. mars 1997.

Stefnandi kveður það hafa verið algengt að hann væri að vakta 2-3 skip í einu og oftar en ekki hafi hann unnið í striklotu í hálfan mánuð til þrjár vikur án þess að fá hvíldardag og fyrir hafi komið að stefnandi hafi unnið heilan mánuð án frívaktar.

Stefnandi byggir á því að um kjör vaktmanna hafi verið samið í aðalkjarasamningi milli Vinnuveitendasambands Íslands og Verkamannasambands Íslands í XX. kafla en um störf stefnanda hafi gilt ákvæði í undirkafla 20.10. en samkvæmt grein 20.10.1. skuli greiða 17 dagvinnueiningar fyrir hverja 12 tíma vakt. Þá segir í grein 20.10.2. að fyrir 7. vakt greiðist 60% álag á vaktakaupið og í grein 20.10.2.1. að á stórhátíðardögum greiðist 80% álag á vaktakaupið.

Stefnandi telur að laun hans hafi ekki verið rétt út reiknuð samkvæmt ákvæðum kjarasamningsins. Skilningur hans á ákvæðum kjarasamningsins hafi verið sá að ef um samfellda vinnu var að ræða í fleiri en sex daga skyldi greiða allar nætur umfram það með 60% álagi þar til hvíld fengist. Þá hafi stefnandi aldrei fengið greidda yfirvinnu á þær stundir sem hann hafi unnið fram yfir 173,3 stundir á mánuði eða þær stundir sem unnar voru fram yfir 40 stunda dagvinnu á viku.

Stefnandi hafi gert athugasemdir við launaútreikning stefnda og samningaviðræður hafi átt sér stað á milli aðila án þess að samkomulag tækist. Upp hafi komið ágreiningur um túlkun á kjarasamningsákvæði greinar 20.10. og þess vegna hafi málið verið lagt fyrir Félagsdóm til úrlausnar.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Varðandi 60% álag:

Stefnandi byggir á því að grein 20.10.2. í aðalkjarasamningi eigi að skilja svo að 60% álag sem greitt sé vegna sjöundu næturinnar verði að greiða áfram ef unnið sé á næturvöktum viðstöðulaust frá sjöundu nóttinni án hvíldar. Álagið beri því að greiða þangað til hvíldardagur fæst.

Ákvæðið sem eigi sér langa sögu í kjarasamningum sé frá þeim tíma þegar álag hafi verið hugsað sem refsing til handa vinnuveitanda en umbun til handa starfsmanninum ef ekki var hægt að tryggja starfsmanninum hvíldardag og honum gert að vinna viðstöðulaust. Þegar fyrir liggur að atvinnurekandi þurfi að óska eftir því að starfsmaður vinni viðstöðulaust lengur en sex daga hafi atvinnurekandi því um tvennt að velja; annars vegar að greiða sérstaklega fyrir það með álagi þar til hvíldardagur fæst eða hins vegar að sjá til þess að starfsmaður fái hvíldardag.

Þessi hugsun eigi sér einnig stoð í grein 20.3.3. í almenna kaflanum um vaktmenn þar sem segir að álag vegna vakta sem staðnar séu allan sólarhringinn alla daga vikunnar skuli vera 33% og 42% jafnaðarálag á unna stund, ef vaktir séu staðnar frá kl. 16:00 til 8:00 svo og á laugar- og sunnudögum auk þess sé sérstaklega umbunað skv. grein 20.4.1. með aukafrídögum ef vaktir hafi verið gengnar alla daga ársins.

Þá vísar stefndi til þess að samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1980 séu ákvæði kjarasamninga lágmarkskjör og að ekki sé hægt að semja um lakari kjör en kjarasamningar kveði á um og að lakari kjör sé hægt að ógilda.

Varðandi yfirvinnu eftir 173,3 dagvinnutíma á mánuði:

Stefnandi byggir á því að samkvæmt lögunum um 40 stunda vinnuviku nr. 88/1971 skuli vinnuvikan ekki vera lengri en 40 dagvinnustundir. Samkvæmt ákvæðum kjarasamninga skuli greiða yfirvinnu þegar vinnustundir hafi náð 173,33 dagvinnustundum á mánuði. Samkvæmt grein 20.3.6. í kaflanum um vaktmenn segir að vaktir sem starfsmenn taki að sér utan vaktskrár, sem svari til 173,33 stunda á mánuði, greiðist sem yfirvinna.

Stefnandi hafi ekki verið með fastar vaktir samkvæmt vaktskrá heldur staðið vaktir þegar skip stefnda voru í landi. Þrátt fyrir það hafi stefnda borið að greiða stefnanda yfirvinnukaup þegar unnar

stundir stefnanda voru orðnar 173,33 á mánuði í samræmi við lög og kjarasamninga.

Þá bendir stefnandi á varðandi báðar dómkröfurnar, að stefndi hafi þegar viðurkennt greiðsluskyldu sína með því að hafa ítrekað boðið stefnanda greiðslu til að hann falli frá frekari kröfum. Boð stefnda hafa hins vegar ekki nægt til að bæta stefnanda það tjón sem hann hefur orðið fyrir sbr. útreikning stefnda á vanefndum fyrir síðasta starfsár stefnanda.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að ákvæði greinar 20.10.2. beri að skilja í samræmi við skýrt orðalag samningsákvæðisins. Þar sé kveðið á um það að fyrir 7. vakt skuli greiðast 60% álag á vaktkaupið. Álagið beri þannig að greiða fyrir 7. vaktnótt á hverju 7 daga tímabili en ekki umfram það. Sá skilningur sé í samræmi við hugsunina að baki ákvæðinu, sbr. eldri samninga, og áratuga óslitna framkvæmd stefnda. Kröfu stefnanda um að greiða beri 60% álag á vaktakaup ef unnar séu viðstöðulaust næturvaktir frá og með sjöundu nóttu sé alfarið hafnað af hálfu stefnda. Slík túlkun eigi sér hvorki stoð í kjarasamningi aðila né framkvæmd. Því er jafnframt mótmælt sem röngu og ósönnuðu að skilningur á fyrrgreindu ákvæði hafi verið að ef um samfellda vinnu væri að ræða í fleiri daga en sex skyldi greiða allar nætur umfram það með 60% álagi þar til hvíld væri náð.

Það sé einnig rangt að skilningur stefnanda eigi sér stoð í gr. 20.3.3. og 20.4.1. í kaflanum um almenna vaktmenn. Hin sérstaka reiknireglа gr. 20.10. varðandi vaktmenn í skipum sé án nokkurra tengsla við reglur samningsins um almenna vaktmenn.

Varðandi kröfu stefnanda um að greiða beri yfirvinnukaup fyrir þær stundir sem unnar séu umfram 173,33 vinnustundir á einum mánuði vísast til reiknireglu greinar 20.10.1. Sýknukrafa stefnda er á því byggð að greinin hafi að geyma tæmandi reiknireglu varðandi greiðslu fyrir hverja 12 klst. vakt á tímabilinu 20:00-08:00 án tillits til þess heildartímafjölda sem skilað sé. Við útreikning meðaltalskaupsins sé miðað við vaktir 7 daga í viku. Því verði ekki séð að rök séu til þess að greiða yfirvinnukaup eftir almennum reglum þegar 173,33 klst. hafi verið skilað. Þá væri a.m.k. að hluta til um tvígreiðslu að ræða. Ákvæði gr. 20.3.6. eigi heldur ekki við um vaktmenn í skipum. Það sé síðar til komið og takmarkist alfarið við al-

menna vaktmenn sem taki álagsgreiðslur samkvæmt ákvæðum gr. 20.3.3.

Stefnanda, Hauki Konráðssyni, hafi auk þess verið óskylt að vinna allan þann fjölda vakta sem hann hafi tekið að sér og án athugasemda eða fyrirvara varðandi greiðslufyrirkomulag.

Viðbrögð stefnanda, bæði Verkalýðsfélagsins Einingar og Hauks Konráðssonar, staðfesti einnig skilning stefnda. Engar kröfur vegna framkvæmdar stefnda á gr. 20.10. voru hafðar uppi fyrr en með kvörtunum Hauks í byrjun árs 1997 eða skömmu fyrir starfslok hans.

Stefndi, Útgerðarfélag Akureyringa hf., hafi aldrei fallist á eða viðurkennt skilning stefnanda á fyrrgreindum samningsákvæðum. Félagið leitast hins vegar við að ná sáttum við starfsmenn sína. Þar sem stefnandi hafði starfað lengi hjá fyrirtækinu og rækt störf sín af samviskusemi tók félagið því upp viðræður við hann um frekari greiðslur í þeirri von að unnt yrði að ljúka málinu í sátt. Þess ber jafnframt að geta að samkvæmt starfslokasamningi voru stefnanda greidd laun í sex mánuði eftir að hann lét af störfum hjá stefnda.

Máli sínu til stuðnings vísar stefndi til kjarasamnings VMSÍ og VSÍ gr. 20.10. og 1.8.1. Um málskostnað vísast til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, 129. og 130. gr.

Niðurstaða.

Eins og málavöxtum er lýst í stefnu snýst mál þetta um launakröfu stefnandans, Hauks Konráðssonar, á hendur stefnda, Útgerðarfélagi Akureyringa hf., en stefnandi starfaði sem vaktmaður um borð í skipum stefnanda frá árinu 1990 til febrúarloka 1997, er gerður var starfslokasamningur við hann. Kveður stefnandi að stefndi hafi ekki greitt sér laun í samræmi við kjarasamning á þeim tíma er hann starfaði hjá stefnda. Framlögð gögn í málinu snúast að verulegu leyti um þessa launakröfu stefnanda.

Meginkrafa stefnanda hér fyrir dómi er tvíþætt. Annars vegar „að dæmt verði að greiða beri 60% álag á vaktakaup ef unnar eru viðstöðulaust næturvaktir frá og með sjöundu nóttu, sbr. grein 20.10.2. í aðalkjarasamningi milli Vinnuveitendasambands Íslands og Verkamannasambands Íslands“ og hins vegar „að dæmt verði að greiða beri yfirvinnukaup, er 173,3 vinnustundum á einum mánuði er náð, fyrir þær stundir sem umfram eru“. Til stuðnings kröfugerð sinni hefur stefnandi lagt fram kjarasamning milli Verkamannasambands

Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins sem gildir frá 24. mars 1997, þ.e. kjarasamning sem tók gildi eftir að stefnandi hætti störfum hjá stefnda. Einnig hefur verið lagður fram samningur milli Verkamannasambandsins og Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 22. júní 1977 sem gilda átti til 1. desember 1978 samkvæmt gr. 23.3. í samningnum. Orðalag ákvæðis í fyrrnefnda samningnum um kaup og kjör vaktmanna í skipum er með öðrum hætti en í þeim síðarnefnda að því frátöldu að fyrir 7. vakt greiðist 60% álag á vaktakaupið. Ekki er vitað hvenær orðalaginu var breytt í það horf sem það er í nú. Þannig liggur ekki fyrir í málinu hvernig hið umdeilda ákvæði hljóðaði í þeim kjarasamningum sem í gildi voru á starfstíma stefnanda hjá stefnda.

Kröfur stefnanda í þessu máli miða að því að fá viðurkenningu um túlkun á nánar tilgreindum ákvæðum kjarasamnings. Ekki er þó ljóst hver sá kjarasamningur er, en sýnt er að kröfur stefnanda á hendur stefnda, Útgerðarfélagi Akureyringa hf., verða ekki byggðar á þeim kjarasamningi sem stefnandi hefur lagt fram í málinu. Þá er krafa stefnanda á hendur stefnda í reynd krafa um greiðslu á vangreiddum launum. Samkvæmt almennum reglum um meðferð einkamála ber að reka mál fyrir almennum dómstólum landsins, nema þau séu sérstaklega undanþegin þeirri málsmeðferð. Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, er verkefni Félagsdóms að dæma í málum sem rísa út af kærum um brot á kjarasamningi eða út af ágreiningi um skilning á kjarasamningi eða gildi hans. Ákvæði laga nr. 80/1938 um valdsvið Félagsdóms, sem er sérdómstóll, ber að túlka þröngt. Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, verður ekki talið að kröfugerð stefnanda sé dómhæf, sbr. 1. mgr. 25. gr. og d- og e- liði 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, auk þess sem telja verður, eins og málið er lagt fyrir Félagsdóm, að það falli ekki undir valdsvið dómsins. Ber því samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991 að vísa málinu frá Félagsdómi án kröfu.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda 100.000 krónur í málskostnað.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Stefnandi, Alþýðusamaband Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkalýðsfélagsins Einingar f.h. Hauks Konráðssonar, greiði stefnda, Vinnuveitendasambandi Íslands f.h. Samtaka fiskvinnslustöðva f.h. Útgerðarfélags Akureyringa hf., 100.000 krónur í málskostnað.

Mánudaginn 8. febrúar 1999.

Nr. 13/1998. **Samband íslenskra bankamanna**
f.h. Haraldar Ellingsen
(Sveinn Sveinsson hrl.)
gegn
Samninganefnd bankanna
f.h. Þjóðhagsstofnunar
(Gestur Jónsson hrl.)

Frávísun.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi hinn 25. janúar sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Guðni Á. Haraldsson og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er: Samband íslenskra bankamanna, kt. 550269-7679, Snorrabraut 29, Reykjavík, f.h. Haraldar Ellingsen, kt. 220535-2239, Vesturbergi 177, Reykjavík.

Stefndi er: Samninganefnd bankanna, kt. 491182-0329, Austurstræti 11, Reykjavík, f.h. Þjóðhagsstofnunar, kt. 440475-0199, Kalkofnsvegi 1, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

Aðalkrafa.

Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að túlka beri ákvæði greinar 12.6.1. í kjarasamningi Sambands íslenskra bankamanna og Samninganefndar bankanna f.h. bankanna á þann veg að stefnda sé skylt að greiða stefnanda desemberuppbót (13. mánuð) sem lífeyrisgreiðslu frá desember 1996.

Varakrafa.

Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að túlka beri ákvæði greinar 12.6.1. í kjarasamningi Sambands íslenskra bankamanna og Samninganefndar bankanna f.h. bankanna á þann veg að stefnda sé skylt að greiða stefnanda 60% af desemberuppbót (13. mánuði) sem lífeyrisgreiðslu frá desember 1996.

Þá er þess krafist að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar skv. ákvörðun dómsins og að stefndi verði dæmdur til að bæta stefnanda þann kostnað sem hann hefur af greiðslu virðisaukaskatts á málskostnaðinn.

Dómkröfur stefnda.

Þess er krafist að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar skv. mati Félagsdóms. Við ákvörðun málskostnaðarins verði tekið tillit til kostnaðar stefnda af virðisaukaskattskyldu lögmannsþjónustu.

Málsatvik.

Samband íslenskra bankamanna er stéttarfélag sem fer með samningsumboð við gerð kjarasamninga f.h. félagsmanna sinna. Innan sambandsins eru fyrst og fremst launþegar sem starfa hjá bönkum og sparisjóðum, en einnig starfsmenn ýmissa dótturfyrirtækja þeirra svo og sjóða og starfsmenn Byggðastofnunar, Lánasýslu ríkisins og Þjóðhagsstofnunar.

Um Þjóðhagsstofnun gilda lög nr. 54/1974. Samkvæmt 5. gr. laganna greiða ríkissjóður og Seðlabanki Íslands sameiginlega kostnað af starfsemi hennar. Samkvæmt lagagreininni skal gerður sérstakur samningur um fjármál stofnunarinnar. Sá samningur var gerður 2. desember 1974. Í 5. gr. samningsins kemur fram að laun og kjör starfsfólks stofnunarinnar skuli vera samkvæmt reglugerð um störf og launakjör í bankakerfinu og að starfsfólkið skuli áfram vera í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Stefnandi, Haraldur Ellingsen, varð starfsmaður Þjóðhagsstofnunar (ÞHS) í upphafi árs 1975, þ.e. skömmu eftir að stofnunin tók til starfa samkvæmt lögum nr. 54/1974. Áður, þ.e. allt frá 1961, mun Haraldur hafa starfað hjá Framkvæmdabanka Íslands, Efnahagsstofnun, Efnahagssamvinnustofnun Evrópu og Framkvæmdastofnun ríkisins. Allan starfstíma sinn hjá þeim stofnunum var Haraldur aðili að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) og eru iðgjaldagreiðslur til sjóðsins í samræmi við það samkvæmt framlögðu yfirliti. Á starfstíma Haraldar voru iðgjöld greidd af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót. Réttindaávinnsla hefur verið samkvæmt reglum LSR. Haraldur var í föstu starfi hjá Þjóhagsstofnun til loka árs 1995. Þann 1. janúar 1996 lét hann af föstu starfi og hóf töku lífeyris frá LSR á grundvelli 95 ára reglunnar. Hann hefur frá sama tímamarki verið lausráðinn starfsmaður Þjóðhagsstofnunar í 45% starfi.

Hjá Þjóðhagsstofnun hefur Haraldur fengið greidd laun samkvæmt kjarasamningi bankamanna. Er sá kjarasamningur gerður

milli Sambands íslenskra bankamanna (SÍB) og samninganefndar bankanna fyrir hönd banka og sparisjóða.

Við gerð kjarasamnings aðila í desember 1980 var samið um sambærileg lífeyrisréttindi allra félagsmanna SÍB. Kom ákvæðið fram í bókun 5 í kjarasamningnum og hefur ákvæðið staðið nær óbreytt frá þeim tíma til dagsins í dag og er nú gr. 12.6.1. í núgildandi kjarasamningi frá 3. apríl 1997.

Ákvæðið í núverandi kjarasamningi er eftirfarandi:

„Aðilar eru sammála um að fara fram á það við stjórnir lífeyrissjóða ríkisbankanna og viðkomandi sjóðfélaga að við endurskoðun á reglugerðum lífeyrissjóðanna verði tekin upp 95 ára lífeyrisregla. Aðrir bankar með 8 starfsmenn eða fleiri tryggi áfram sambærileg réttindi og bætur til handa sínum starfsmönnum og starfsmenn ríkisbankanna njóta."

Samkvæmt launakerfi SÍB fá allir félagsmenn greidd tvöföld laun í desembermánuði, þ.e. aukalega svokallaða desemberuppbót eða 13. mánuðinn.

Stefnandi, Haraldur Ellingsen, fór á eftirlaun samkvæmt 95 ára reglunni á árinu 1996. Við útborgun lífeyris til hans í desember sama ár varð hann þess áskynja að hann fékk ekki greiddan lífeyri af desemberuppbótinni frá lífeyrissjóðnum. Hann gerði athugasemdir við forstjóra Þjóðhagsstofnunar með bréfi dags. 16. desember 1996, sem sendi athugasemdir hans áfram til fjármálaráðuneytisins.

Í svarbréfi ráðuneytisins er því haldið fram að samkvæmt reglum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins séu ekki inntar af hendi greiðslur úr sjóðnum af öðru en því sem þar sé upp talið, en desemberuppbót sú sem greidd sé til bankastarfsmanna sé ekki nefnd þar. Fram kemur að lífeyrir miðist við föst laun, við dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót. Iðgjald sé því ekki greitt af öðrum launum.

Stefnandi telur hins vegar að stefndi, Þjóðhagsstofnun, sem hafi tekið á sig þá skuldbindingu að tryggja starfsmönnum sínum sambærilegan lífeyrisrétt og ríkisbankarnir tryggja sínum starfsmönnum, sbr. tilvitnað ákvæði 12.6.1. í kjarasamningi aðila, beri að greiða honum desemberuppbót (13. mánuð) í lífeyri þó svo að Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna telji sér ekki skylt að greiða honum þá greiðslu.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir á því að gr. 12.6.1. í núgildandi kjarasamningi eigi við stefnda Þjóðhagsstofnun. Allt frá gerð fyrsta kjarasamnings aðila á grundvelli laga nr. 34/1977 frá árinu 1977 hafi hugtakið banki verið skilgreint í kjarasamningi aðila til að forðast endurteknar upptalningar á þeim aðilum sem samningurinn taki til. Hafi sú skilgreining frá upphafi verið höfð þannig að hugtakið taki til allra þeirra sem vinni hjá stofnunum þeim sem félagar SÍB vinna hjá. Skilgreining á hugtakinu komi fram í gr. 12.2. í kjarasamningi aðila og sé svohljóðandi:

„Þar sem orðið „banki" er notað í kjarasamningi þessum er átt við stofnanir þær sem félagar SÍB vinna hjá og eru aðilar að samningi þessum hvort sem þær eru bankar, sparisjóðir eða þjónustustofnanir í eigu einstakra banka eða fleiri banka í sameiningu."

Þannig telur stefnandi engan vafa leika á því að allt frá gerð kjarasamnings aðila á árinu 1980 hafi öll fyrirtæki og stofnanir sem samninganefnd bankanna semji fyrir undirgengist þá skuldbindingu að tryggja samskonar lífeyrisréttindi og ríkisbankarnir tryggja sínum starfsmönnum innan vébanda SÍB.

Þjóðhagsstofnun, sem sett hafi verið á laggirnar á árinu 1974, hafi allt frá stofnun tekið á sig þá skuldbindingu að greiða starfsmönnum sínum laun eftir þeim kjarasamningi sem SÍB hafi gert við viðsemjendur sína og séu starfsmenn stofnunarinnar félagsmenn í SÍB. Forverar Þjóðhagsstofnunar, þ.e. Efnahagsstofnun frá 1962 og Framkvæmdastofnun ríkisins frá 1972, hafi einnig greitt laun samkvæmt launakerfi bankastarfsmanna og hafi starfsmenn þeirra verið félagsmenn í SÍB.

Þjóðhagsstofnun sem og seinna afsprengi Framkvæmdastofnunar ríkisins, þ.e. Byggðastofnun og Framkvæmdasjóður Íslands, hafi á hinn bóginn greitt af launum starfsmanna til Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna.

Stefnandi leggur sérstaklega áherslu á að aðrir viðsemjendur SÍB hafi hver með sínum hætti leitast við að standa straum af og tryggja lífeyrisskuldbindingar sínar samkvæmt ákvæðinu í grein 12.6.1., þ.m.t. af desemberuppbótinni. Eigi það við um ríkisbankana, einkabankana, sparisjóðina og fleiri, eins og ítarlega er rakið í stefnu.

Þannig hafi allir ofangreindir viðsemjendur SÍB, utan Þjóðhagsstofnunar og Byggðastofnunar, auk þess að taka á sig skuldbinding-

ar ríkisbankanna, tekið á sig að greiða starfsmönnum sínum sem á eftirlaun séu komnir desemberuppbótina (13. mánuðinn). Þeir hafi allir talið sig skuldbundna til að tryggja sínum starfsmönnum lífeyri að sama marki og ríkisbankarnir hafi gert, sbr. ákvæði 12.6.1. í kjarasamningi aðila.

Stefnandi telur sig eiga vafalausan rétt til greiðslu desemberuppbótar á lífeyri í desember sem sé jafnhá þeirri greiðslu sem hann fái greitt ár hvert í lífeyri fyrir desembermánuð. Vísar hann í því sambandi m.a til ákvæðis 12.6.1. í kjarasamningi bankamanna, en hann hafi fengið laun sín greidd samkvæmt þeim kjarasamningi í marga áratugi og stefndi, Þjóðhagsstofnun, hafi verið aðili að honum allt frá því að stofnunin hóf starfsemi á árinu 1974. Í ákvæðinu komi skýrt fram að allir viðsemjendur SÍB taki á sig þá skuldbindingu að þeir tryggi sambærileg réttindi og bætur og ríkisbankarnir tryggi sínum starfsmönnum að því er varðar lífeyrisréttindi. Ljóst sé að ríkisbankarnir hafi, allt frá því að fyrstu starfsmenn þeirra hófu töku lífeyris eftir tilkomu desemberuppbótarinnar, tryggt þeim sem greiðslu í lífeyri sérstaka desemberuppbót, þ.e. greiðslu 13. mánaðar.

Þannig hafi ríkisbankarnir ábyrgst að öllu leyti greiðslugetu eftirlaunasjóða sinna til að standa undir lífeyrisskuldbindingum, þ.á m. greiðslu lífeyris á desemberuppbótinni. Þeir hafi, auk þess að greiða inn í sjóðina 4% frá starfsmönnum greitt sjálfir 8% sem hlutfall af desemberuppbótinni eins og gert sé af öðrum föstum launum starfsmanna auk þess sem bankarnir hafi að öllu leyti ábyrgst verðtryggingu lífeyrisréttindanna. Hafi lífeyrisþegarnir fengið greidda desemberuppbótina sem jafnháa þeirri greiðslu sem þeir hafi fengið greitt í lífeyri fyrir desembermánuð ár hvert.

Stefnandi telur það engu máli skipta að ríkisbankarnir hafi dregið af starfsmönnum sínum árlega 4% af desemberuppbótinni til að leggja í viðkomandi eftirlaunasjóð. Stefnda hafi borið skylda til að draga þá prósentu af sínum starfsmönnum en ekki gert. Hann hafi heldur ekki greitt eða lagt til hliðar þá prósentu sem honum sem atvinnurekanda hafi borið að leggja til hliðar.

Fyrir stefnda hafi það verið lítið mál að ávaxta þá fjármuni sem hann var þannig skyldugur til að halda eftir og nota til greiðslu, þegar starfsmenn hans færu á eftirlaun. Þannig hafi greiðslur þessar verið frágengnar af flestum öðrum viðsemjendum SÍB, en Þjóð-

hagsstofnun, sem átt hafi sömu möguleika og aðrir til varðveislu og ávöxtunar fjármunanna, virðist ekki hafa notfært sér það eða sinnt því.

Stefnandi vísar til framkvæmdar og gerðar einkabankanna að því er varðar iðgjaldatöku og greiðslu lífeyris vegna desemberuppbótarinnar og telur stefnda hafa á sama hátt og þeim borið skylda til að halda utan um verðmætin, þó svo að viðkomandi lífeyrissjóður hafi ekki viljað taka á móti iðgjöldunum.

Í þessu sambandi vísar stefnandi einnig til laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980, einkum til 2. gr., 3. gr. og 4. gr.. Í ákvæðum þessum komi fram sú skylda atvinnurekenda að halda eftir af launum starfsmanna iðgjaldahluta þeirra og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum ásamt mótframlagi sínu.

Þá komi einnig fram að sé tryggingarskyldu ekki fullnægt með greiðslu, þar sem viðkomandi eigi ekki sjálfsagða aðild að ákveðnum lífeyrissjóði, þá skuli henni fullnægt með iðgjaldagreiðslu til lífeyrissjóðs sem fjármálaráðuneytið tiltekur.

Stefnandi kveðst byggja varakröfu sína á því að annað sé útilokað en að stefnda beri að tryggja honum lífeyrisrétt sem svarar til 60% af þeim lífeyrisrétti sem honum að öðrum kosti hafi borið að fá vegna desemberuppbótar, sbr. aðalkröfuna. Stefndi hafi tekið á sig þá skuldbindingu með kjarasamningi að tryggja starfsmönnum lífeyrisréttindi jafngóð og ríkisbankastarfsmönnum sé tryggt af þeirra viðsemjendum.

Stefnda hafi borið að leggja fram eða setja til hliðar 6% af desemberuppbót hvers árs sem stefndi hafi notið þeirrar greiðslu til að tryggja honum lífeyrisgreiðslu af uppbótinni þegar þar að kæmi að stefnandi færi á lífeyri. Honum hafi einnig borið að ábyrgjast að þegar til greiðslu lífeyrisins kæmi yrði greiðslan greidd til stefnanda verðbætt, þ.e. stefndi hafi ábyrgst að stefnandi fengi greitt í lífeyri eftirmannslaun sín verðbætt. Tæki sú trygging einnig til desemberuppbótarinnar.

Sextíu prósent krafan er byggð á því að með 6% iðgjaldaframlagi frá stefnda og 4% frá stefnanda sé hlutur stefnanda 60% af heildariðgjaldagreiðslunni og þar sem sú fjárhæð sé ógreidd beri stefndi ábyrgð á greiðslu þeirrar prósentu við útborgun lífeyrisgreiðslu vegna desemberuppbótar.

Stefnandi vísar m.a. til laga nr. 34/1977 um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins, svo og til samkomulags sama efnis milli aðila. Þá vísar hann til laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Málskostnaðarkrafan er byggð á 130. gr. sbr. 129. gr., laga nr. 91/1991. Stefnandi hefur ekki frádráttarrétt vegna kostnaðar af virðisaukaskatti af aðkeyptri lögmannsþjónustu, sbr. l. nr. 50/1988.

Stefnandi kveður málið eiga undir Félagsdóm samkvæmt 8. gr. laga nr. 34/1977.

Málsástæður og lagarök stefnda.

1. Lagareglur um greiðslur til lífeyrissjóðs.

Á þeim tíma sem hér skiptir máli hafi gilt lög nr. 55/1980 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Að því er aðild að lífeyrissjóði varðar voru lögin leyst af hólmi með lögum nr. 129/1997, sem tóku gildi 1. júlí 1998. Samkvæmt 2. gr. l. nr. 55/1980 var öllum launamönnum skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps, enda starfi sjóðurinn skv. sérstökum lögum eða reglugerð, sem staðfest hafi verið af fjármálaráðuneytinu. Í 2. ml. 1. mgr. 2. gr. laganna sagði:

Atvinnurekendum er skylt að halda eftir af launum starfsfólks síns iðgjaldshluta þess og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum, ásamt mótframlagi sínu, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru um iðgjaldsgreiðslur í reglugerð viðkomandi sjóðs eða lögum.

Samkvæmt 4. gr. laganna var skylt að greiða til lífeyrissjóðs a.m.k. 10% af viðurkenndum stofni iðgjalda í samræmi við reglur viðkomandi sjóðs. Lagaskylda vinnuveitanda náði því til þess að greiða að lágmarki 10% af iðgjaldastofni til þess sjóðs er launþeginn átti aðild að.

LSR starfar skv. lögum nr. 1/1997, sbr. áður l. nr. 29/1963. Sjóðurinn uppfyllir því skilyrði 2. gr. l. nr. 55/1980. Í lögum um LSR er fjallað um skyldu launagreiðanda til að standa LSR skil á iðgjöldum. Þar sagði í 3. mgr. 10. gr. l. nr. 29/1963, sbr. 1. gr. l. nr. 7/1990:

Launagreiðendur greiða 6% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga.

Það sé hlutverk stjórnar LSR að framkvæma lagareglurnar sem um sjóðinn gilda. Sjóðsstjórnin hafi ákveðið að hugtakið föst laun í

lagatextanum nái ekki til launa fyrir „13. mánuðinn“ og því sé sú launagreiðsla ekki iðgjaldsstofn. Þessi afstaða sé á margan hátt hliðstæð þeirri afstöðu stjórnarinnar að viðurkenna ekki yfirborgun í formi fastrar (óunninnar) yfirvinnu sem „föst laun“, þ.e. til iðgjaldsstofns. Það hafi því hvorki verið á valdi Þjóðhagsstofnunar sem launagreiðanda né Haraldar sem launþega að auka réttindi þess síðarnefnda hjá LSR með því að greiða viðbótariðgjald til sjóðsins. Hins vegar ábyrgist Þjóðhagsstofnun svokallaða verðtryggingu lífeyris Haraldar gagnvart LSR, þ.e.a.s. Þjóðhagsstofnun greiðir sérstaklega til LSR þann mismun sem er á verðmætum iðgjalda sem greidd hafa verið til sjóðsins vegna Haraldar og verðmætis þeirra réttinda sem hann hefur eignast í sjóðnum. Þessi viðbótargreiðsla sé nauðsynleg af því að lífeyrisiðgjöld Haraldar hrökkvi hvergi ein og sér til þess að standa undir þeim réttindum sem hann hafi áunnið sér í sjóðnum.

Samkvæmt framansögðu er á því byggt að stefndi hafi fullnægt þeirri lagaskyldu sem á honum hvílir til greiðslu til lífeyrissjóðs vegna stefnanda.

2. Skylda skv. kjarasamningi.

Stefndi mótmælir því að framangreint ákvæði kjarasamningsins í gr. 12.6.1. leiði til þess að taka eigi til greina stefnukröfur. Fyrir því séu þessar ástæður:

2.A. Greinin taki ekki til Þjóðhagsstofnunar.

Þjóðhagsstofnun sé ekki banki og falli því ekki beint undir ákvæðið. Í grein 12.2. sé skilgreint að orðið „banki“ í kjarasamningnum hafi sérstaka og víðtæka merkingu í kjarasamningnum. Fram komi að með orðinu sé „*...átt við stofnanir þær sem félagar SÍB vinna hjá og eru aðilar að samningi þessum hvort sem þær eru bankar, sparisjóðir eða þjónustustofnanir í eigu einstakra banka eða fleiri banka í sameiningu.*“

Samkvæmt lögum nr. 54/1974, sbr. og samninginn frá 2. desember 1974, sé ljóst að Þjóðhagsstofnun falli ekki undir ofangreinda skilgreiningu. Ekkert liggi fyrir um að Þjóðhagsstofnun sé aðili að kjarasamningnum, en þar að auki sé ljóst að hún sé ekki sparisjóður eða þjónustustofnun í eigu einstaks banka eða fleiri banka í sameiningu. Stefndi byggir á því að þegar af þessari ástæðu beri að sýkna af kröfum stefnanda.

2.B. Réttindi frá LSR séu sambærileg lífeyrisréttindum starfsmanna ríkisbankanna.

Fram að gildistöku laga nr. 129/1997 hafi mátt skipta lífeyrissjóðum landsmanna í tvo flokka. Annars vegar almenna lífeyrissjóði sem veiti sjóðsfélögum sínum réttindi í samræmi við verðmæti þeirra iðgjalda sem greidd hafa verið. Hins vegar lífeyrissjóði þar sem réttindin voru skilgreind í lögum eða reglugerðum án tillits til þess hvort iðgjöld sjóðsfélaganna dygðu til þess að standa undir réttindaávinningnum. Hjá þessum sjóðum standi vinnuveitandi undir réttindunum með viðbótargreiðslum til sjóðsins þegar til útborgunar eftirlauna eða bóta komi. Í síðari flokknum séu stærstir LSR og lífeyrissjóðir ýmissa sveitarfélaga auk eftirlaunasjóða ríkisbankanna. Aðaleinkenni lífeyrisgreiðslna frá þessum sjóðum sé að lífeyrir (eftirlaun) greiðist sem áunnið hlutfall launa í því starfi sem sjóðsfélaginn gegndi síðast. Þá geti sjóðfélagar hafið töku lífeyris 65 ára gamlir og í sumum tilvikum 60 ára gamlir, þ.e. þegar samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími til sjóðins nái 95 árum. Þá veiti sjóðirnir sérstök réttindi til örorku-, barna- og makalífeyris. Réttindi í þessum sjóðum innbyrðis kunni að vera mismunandi í einstökum atriðum en í heild sinni séu réttindin sambærileg og allt önnur og miklu betri en hjá sjóðsfélögum almennu lífeyrissjóðanna. Í grein 12.6.1. sé ekki áskilið að lífeyrisréttindi skuli vera hin sömu heldur sé talað um sambærileg réttindi og bætur. Réttindi í tveimur lífeyrissjóðum kunni að teljast sambærileg þótt annar veiti sjóðsfélögum meiri réttindi en hinn í einstökum tilvikum eða einstökum þáttum. Samanburðurinn þurfi að vera heildstæður. Stefndi byggir á því að réttindi frá LSR séu sambærileg því sem starfsmenn ríkisbankanna nutu. Það verði a.m.k. ekki fullyrt á grundvelli gagna málsins að svo sé ekki. Því beri að sýkna af stefnukröfum.

2.C. Lífeyrisréttindi Haraldar séu meiri hjá LSR en væri hefði hann flust til Eftirlaunasjóðs starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans.

Í málinu liggi fyrir að stefnandinn, Haraldur, lét af föstu starfi hjá stefnda árið 1996 og hóf töku lífeyris frá LSR samkvæmt 95 ára reglunni. Hann hafi haldið áfram í 45% starfi hjá stefnda. Eftirlaun hans reiknist sem hlutfall af lokalaunum, sem séu dagvinnulaun með sérstöku 8,35% álagi.

Réttarsamband stefnda og stefnanda hófst um áramót 1974/75 þegar stefnandi hóf störf hjá stefnda. Rétt sé að líta á hver eftir-

launaréttindi Haraldar væru ef Haraldur hefði þá óskað aðildar að Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans og Þjóðhagsstofnun hefði þá þegar hafið greiðslur iðgjalda til þess sjóðs en hætt greiðslum til LSR.

Í bréfi LSR dags. 20. nóvember 1998 komi fram að áunninn lífeyrisréttur stefnanda hjá LSR væri þá 27,17% í stað 64,17% nú. Heimild til töku eftirlauna hæfist 1. júní árið 2000 í stað 1. janúar 1996. Viðmiðunarlaun væru laun í því starfi sem Haraldur gegndi hjá Framkvæmdastofnun ríkisins við starfslok í desember 1974 framreiknuð með þeim hætti sem lýst sé í greindu bréfi. Í því síðasta felist að hvorki nyti Haraldur ofangreinds 8,35% álags á viðmiðunarlaunin né þeirra stöðuhækkana eða starfsaldurshækkana, sem hann kunni að hafa notið frá árinu 1975 í starfi sínu hjá stefnda. Þá hefði hann ekki notið réttindaávinnings án iðgjaldagreiðslu sem hann naut í desember 1995. Á móti kæmi að Haraldur fengi eftirlaun frá Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans í samræmi við réttindaávinning þar á starfstíma hjá ÞHS og hefði jafnframt þurft að greiða hærra lífeyrisiðgjald sökum þess mismunar sem sé á iðgjaldsstofni hjá Eftirlaunasjóðnum og LSR.

Útreikningar á framangreindum samanburði liggi ekki fyrir. Þrátt fyrir það leyfir stefndi sér að fullyrða að samfelld aðild að LSR hafi fært stefnanda meiri eftirlaunarétt en hann hefði notið hefði hann skipt um sjóð árið 1975. Svona samanburður geti þó ekki átt sér stað að fullu fyrr en að Haraldi látnum, þar sem vægi þeirra eftirlauna sem Haraldur njóti aukalega á grundvelli 95 ára reglunnar í samanburðinum (4 og ½ ár) minnki eftir því sem ævi Haraldar verði lengri.

Stefndi heldur því fram að með iðgjaldagreiðslum til LSR hafi hann tryggt stefnanda betri eftirlaunarétt en verið hefði með greiðslu til Eftirlaunasjóðs starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans. Því beri að sýkna af stefnukröfunni.

2.D. Frumkvæði að breyttri lífeyrissjóðsaðild hefði þurft að koma frá stefnanda. Aðild að LSR sé ákveðin í samningi um rekstur Þjóðhagsstofnunar.

Að framan sé rakið að stefndi hafi ótvírætt uppfyllt lagaskyldur um greiðslu til lífeyrissjóðs með greiðslum til LSR vegna Haraldar. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 55/1980, sem gilt hafi lengst af starfstíma Haraldar hjá ÞHS, var Haraldi *„...rétt og skylt að eiga aðild að líf-*

eyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps...". Í tilviki Haraldar var ekki um það að ræða að hann ætti rétt til aðildar að ákveðnum lífeyrissjóði bankamanna. Reyndar hafi engum slíkum sjóði verið til að dreifa, eða með öðrum orðum sagt þá hafi bankamenn átt aðildarrétt og aðildarskyldu að eftirlaunasjóðum sem bankarnir hafi hver fyrir sig komið á fót. ÞHS hafi ekki verið aðili að neinum slíkum sjóði. Við þessar aðstæður telur stefndi að honum hafi bæði verið rétt og skylt að greiða iðgjöld til LSR sem eins og áður segir sé sambærilegur sjóður að uppbyggingu og þeir sjóðir sem bankarnir hafi komið á fót.

Stefndi byggir á því að frumkvæði að breyttri lífeyrissjóðsaðild hefði þurft að koma frá Haraldi eða stéttarfélagi hans. Svo var ekki og telur stefndi að með því hafi verið fallist á að greiðslur til LSR væru fullnægjandi efndir á skuldbindingu stefnda um að veita stefnanda réttindi til lífeyris. Vekur stefndi sérstaka athygli á því að starfsmannafélagi ÞHS hafi verið boðið árið 1987 að kannað yrði hvort félagsmenn ættu kost á aðild að Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans. Þegar á reyndi hafi ekki verið áhugi á því meðal starfsmanna.

Þá er vakin athygli á því að samkvæmt 5. gr. í samningi ríkisstjórnar Íslands og Seðlabankans um Þjóðhagsstofnun, beri starfsmönnum ÞHS að vera aðilar að LSR.

3. Dómkrafan lúti að réttindum sem áunnist hafi frá árinu 1961.

Aðalkrafa stefnanda sé um það að viðurkennt verði að vegna ákvæðis 12.6.1. beri stefnda að greiða desemberuppbót sem lífeyrisgreiðslu frá desember 1996. Á því sé vakin athygli að lífeyrisréttindi Haraldar hafi áunnist frá árinu 1961. ÞHS beri ekki ábyrgð á skuldbindingum umfram iðgjöld nema fyrir hluta tímabilsins, þ.e. frá 1. janúar 1975 til starfsloka. Eigi stefnandi þau réttindi sem hann krefst hljóti greiðendur að vera allir þeir aðilar sem ábyrgjast viðbótarlífeyri hans frá LSR, sbr. það sem fram komi í bréfi LSR frá 20. nóvember 1998. Sömu sjónarmið eigi við um varakröfu stefnanda að þessu leyti.

Niðurstaða.

Í máli þessu er deilt um skilning á niðurlagsákvæði gr. 12.6.1. í kjarasamningi frá 3. apríl 1997 milli samninganefndar bankanna fyrir hönd banka og sparisjóða annars vegar og Sambands íslenskra bankamanna hins vegar. Ákvæði þetta hljóðar svo:

„Aðrir bankar með 8 starfsmenn eða fleiri tryggi áfram sambærileg réttindi og bætur til handa sínum starfsmönnum og starfsmenn ríkisbankanna njóta."

Af hálfu stefnanda er þess krafist að viðurkennt verði með dómi aðallega að stefnda sé skylt að greiða honum desemberuppbót (13. mánuð) sem lífeyrisgreiðslu frá desember 1996, en til vara 60% af desemberuppbót frá sama tíma. Fram kemur í málsgögnum að lífeyrisréttur stefnanda er 64,17% í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Eins og hreyft hefur verið af hálfu stefnda við munnlegan flutning málsins verður að skilja kröfugerð stefnanda svo að hún taki til greiðslu þessa hundraðshluta af umræddri desemberuppbót allri eða hluta hennar.

Stefnandi byggir kröfur sínar einkum á því að með framangreindu kjarasamningsákvæði hafi stefndi undirgengist þá skyldu að tryggja starfsmönnum sínum sambærileg lífeyrisréttindi og fyrrum ríkisviðskiptabankar og Seðlabanki Íslands tryggðu starfsmönnum sínum. Vísar stefnandi máli sínu til stuðnings sérstaklega til framkvæmdar einkabanka og sparisjóða á umræddum samningsskyldum sem hann reifar í málinu.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að hann hafi fullnægt lagaskyldu sinni til greiðslu í lífeyrissjóð vegna stefnanda, sbr. lög nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nú lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, svo og lög nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nú lög nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Í öðru lagi mótmælir stefndi því að fyrrgreint ákvæði kjarasamningsins leiði til þess að taka beri dómkröfur stefnanda til greina, m.a. af þeim sökum að ákvæðið taki ekki til stefnda, réttindi í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins séu sambærileg lífeyrisréttindum starfsmanna ríkisbankanna og lífeyrisréttindi stefnanda hjá þeim sjóði séu meiri en hefði hann flust til Eftirlaunasjóðs starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans.

Ekki verður séð að í málinu sé út af fyrir sig ágreiningur um það að skyldum samkvæmt lögum nr. 55/1980, sbr. nú lög nr. 129/1997, og lögum nr. 29/1963, sbr. nú lög nr. 1/1997, hafi verið fullnægt með greiðslum stefnda til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna stefnanda. Eru því ekki efni til umfjöllunar um þetta atriði.

Umræddur kjarasamningur er gerður milli samninganefndar

bankanna fyrir hönd banka og sparisjóða annars vegar og Sambands íslenskra bankamanna hins vegar, sbr. lög nr. 34/1977 um kjarasamninga banka í eigu ríkisins, og samkomulag frá 12. maí 1977 um kjarasamninga félagsmanna Sambands íslenskra bankamanna milli SÍB annars vegar og bankaráða ríkisbankanna og annarra banka og sparisjóða og fyrirtækja þeirra hins vegar. Upplýst er að stefndi hefur ekki með formlegum hætti gerst aðili að kjarasamningnum. Starfsmenn stefnda eru félagsmenn Sambands íslenskra bankamanna og er óumdeilt að um kjör starfsmannanna fer eftir ákvæðum kjarasamningsins. Stefndi starfar eftir lögum nr. 54/1974 um Þjóðhagsstofnun. Í 5. gr. laganna er tekið fram að ríkissjóður og Seðlabanki Íslands greiði í sameiningu kostnað af starfsemi stefnda og skuli þeir gera með sér samning um fjármál stofnunarinnar. Í 5. gr. gildandi samnings um þetta efni frá 2. desember 1974, sem liggur fyrir í málinu, segir m.a. að laun og kjör starfsfólks stefnda skuli vera samkvæmt reglugerð um störf og launakjör í bankakerfinu. Í bréfi samninganefndar bankanna, dags. 12. maí 1998, til Sambands íslenskra bankamanna, sem liggur fyrir í málinu, kemur fram að stefndi er meðal þeirra fyrirtækja og stofnana sem notað hafa kjarasamning bankamanna frá upphafi. Ágreiningslaust er að frá stofnun stefnda hafa kjör starfsmanna stefnda miðast við launakerfi og kjarasamninga bankamanna, sbr. nú umræddan kjarasamning frá 3. apríl 1997.

Að því virtu, sem hér hefur verið rakið, verður að telja að stefndi sé bundinn af kjarasamningi þeim sem í málinu greinir.

Fyrrgreint kjarasamningsákvæði í gr. 12.6.1. fjallar ekki sérstaklega um greiðsluskyldu af desemberuppbót í lífeyrissjóð heldur tryggir starfsmönnum bankastofnana „sambærileg réttindi og bætur“ í lífeyrismálum og starfsmenn ríkisbanka njóta á hverjum tíma.

Ekki liggur fyrir neinn haldbær samanburður á annars vegar réttindum stefnanda, sem hann á hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, og hins vegar sambærilegum réttindum samkvæmt reglum um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisbanka, fyrir greiðslutímabil það sem um er fjallað. Á það er fallist með stefnda að skoða verði þann samanburð heildstætt. Málið er því vanreifað af hálfu stefnanda. Þegar af þeirri ástæðu er ekki unnt að leggja efnisdóm á málið og verður því að vísa því frá dómi án kröfu.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað er ákveðst 100.000 kr.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Stefnandi, Samband íslenskra bankamanna f.h. Haraldar Ellingsen, greiði stefnda, samninganefnd bankanna f.h. Þjóðhagsstofnunar, 100.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 4. mars 1999.

Nr. 19/1998. **Starfsmannafélag ríkisstofnana f.h. Halldóru Hilmarsdóttur**
(Gísli Hall hdl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna ríkisspítalanna
(Einar Karl Hallvarðsson hrl.)

Frávísunarkröfu hafnað.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefnda hinn 8. febrúar sl.

Málið úrskurða Eggert Óskarsson, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gylfi Knudsen, Guðni Á. Haraldsson og Kristján Torfason.

Stefnandi er Starfsmannafélag ríkisstofnana (SFR), kt. 620269-3449, Grettisgötu 89, Reykjavík, f.h. félagsmanns síns Halldóru Hilmarsdóttur, kt. 161272-5589, Gullteig 12, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, kt. 550169-2829, Arnarhváli, Reykjavík, vegna ríkisspítalanna, kt. 540269-6379, Rauðarárstíg 31, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

Að viðurkennt verði með dómi að stefnda sé skylt að greiða Halldóru staðgengilslaun samkvæmt launaflokki 242 þrepi 8 í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkisins tímabilin 01.04.97-30.06.97, 04.12.97-31.01.98 og 16.03.98-31.03.98 og samkvæmt launaflokki B03-6 tímabilið 01.04.98-13.04.98.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmanna Mörkinni 1 sf. Við málskostnaðarákvörðun verði gætt að skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt vegna lögmannsþjónustu.

Dómkröfur stefnda.

Aðallega að málinu verði vísað frá Félagsdómi og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati Félagsdóms. Verði málinu ekki vísað frá dómi bíði málskostnaður efnisdóms.

Til vara krefst stefndi þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati Félagsdóms.

Málavextir.

Stefnandi Halldóra Hilmarsdóttir er læknaritari að mennt og starfar hjá stefnda. Hún er félagsmaður í Starfsmannafélagi ríkisstofnana (SFR) og fékk greidd laun á þeim tíma sem hér skiptir máli samkvæmt þrepi 3 í launaflokki 239 í kjarasamningi SFR og stefnda. Stefnandi gegnir ekki launuðu staðgengilsstarfi.

Sveindís Þórisdóttir er deildarlæknaritari á Landspítalanum. Hún fékk greidd laun á þeim tíma sem um ræðir samkvæmt þrepi 8 í launaflokki 242 í kjarasamningi SFR og samkvæmt launaflokki B03-6 tímabilið 01.04.98-13.04.98.

Sveindís var frá störfum vegna forfalla tímabilin 01.04.97-30.06.97, 04.12.97-31.01.98 og 16.03.98-13.04.98. Var stefnanda falið af stefnda að gegna störfum Sveindísar í forföllum hennar

Í grein 9.3.1. í kjarasamningi SFR er svohljóðandi ákvæði:

„Starfsmaður sem ekki er í stöðu staðgengils yfirmanns, en er falið að gegna störfum yfirmanns í forföllum hans eða störfum annars hærra launaðs starfsmanns, skal taka laun skv. launaflokki hins forfallaða starfsmanns þann tíma, er hann gegnir starfi hans."

Aðila greinir á um það hvort Halldóra Hilmarsdóttir eigi rétt til staðgengilslauna samkvæmt ákvæði þessu þann tíma sem hún gegndi störfum Sveindísar Þórisdóttur í forföllum hennar.

Stefnandi kveður mál þetta falla undir lögsögu Félagsdóms á grundvelli 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst byggja á eftirtöldum málsástæðum og lagarökum.

Krafa stefnanda sé um laun samkvæmt þeim launaflokki og því launaþrepi sem hinn forfallaði starfsmaður hafi fengið greidd laun eftir. Krafan sé byggð á grein 9.3.1. í kjarasamningi SFR og stefnda. Eins og skýrt komi fram í ákvæðinu eigi það við hvort sem hinn forfallaði starfsmaður sé (1) yfirmaður viðkomandi starfsmanns eða (2) annar hærra launaður starfsmaður. Telur stefnandi öll skilyrði kjarasamningsákvæðisins uppfyllt. Á því er byggt að þar sem hinn forfallaði starfsmaður hafi fengið greidd laun samkvæmt 8 þrepi launaflokks 242 og að hluta samkvæmt launaflokki B03-6 eigi stefnandi rétt til launa samkvæmt sama launaflokki og sama launaþrepi þann tíma sem hærra launaði starfsmaðurinn var fjarverandi vegna forfalla og stefnandi gegndi starfi hans.

Stefnandi bendir á að Félagsdómur hafi þegar dæmt um það álitaefni sem hér sé lagt fyrir dóm. Vísast til dóma Félagsdóms frá 30. desember 1991 í málinu nr. 6/1991 og frá 2. nóvember 1993 í málinu nr. 8/1993. Sá einn munur sé á atvikum þessa máls og tilvitnuðum málum að í þessu tilviki sé hinn forfallaði „annar hærra launaður starfsmaður" en í dómunum hafi hinir forfölluðu verið yfirmenn staðgengilsins.

Krafa um málskostnað er reist á 130. gr. laga um meðferð einkamála. Stefnandi telur að við ákvörðun málskostnaðar beri að líta til þess að stefnandi hafi leitast við að fá niðurstöðu í málið með tilvísun til dómafordæma Félagsdóms í sambærilegum málum, en stefndi hafi kosið að líta fram hjá þeim þannig að málshöfðun sé nauðsynleg. Stefndi njóti ekki frádráttarréttar vegna kostnaðar af virðisaukaskatti.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína á því að um sé að ræða kröfu sem hafi öll einkenni og eðli sakarefnis um vangoldin laun. Stefndi telur málið eins og það er lagt fyrir ekki eiga undir Félagsdóm samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Sé gerð krafa þess efnis að viðurkennt verði með dómi að stefnda sé skylt að greiða Halldóru Hilmarsdóttur staðgengilslaun samkvæmt launaflokki 242 þrepi 8 og launaflokki B03-6 í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins tiltekin tímabil. Í raun sé um að ræða kröfu um greiðslu fjár sem ekki eigi undir Félagsdóm. Stefndi telur að lögsögu Félagsdóms beri að túlka þröngt, enda um sérdómstól að ræða sem skilur tiltekin sakarefni undan lögsögu hinna almennu dómstóla. Ekki séu rök til að undanskilja sakarefnið lögsögu hinna almennu dómstóla þar sem úrslit málsins ráðist fremur af þeim þáttum er varða ráðningarsamband Halldóru Hilmarsdóttur, vinnutíma hennar og ráðningarkjör, fremur en skýringu kjarasamnings. Sé ekkert því til fyrirstöðu að á ákvæði kjarasamnings geti hins vegar reynt í almennu einkamáli, sbr. H. 1997: 30. Reyni þar að auki á ýmis atriði í málinu varðandi starfshlutfall, nýjan kjarasamning og launaflokka sem örðugt sé að leysa úr eins og málið sé höfðað.

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína einnig á því að kröfugerð málsins sé óljós og málið ekki reifað nægjanlega. Þau tímabil afleysinga sem tiltekin séu í formi talnarunu í kröfugerð spanni yfir gildis-

tíma tveggja kjarasamninga sem byggi á gerólíkum ákvæðum um röðun starfsmanna í launaflokka. Vísast þar til gildandi kjarasamnings aðila málsins, dags. 24. apríl 1997, en samkvæmt honum skyldi nýtt launakerfi taka gildi þann 1. apríl 1998, en vera að fullu komið til framkvæmda þann 1. júní 1998. Þar sem ekki liggi fyrir nauðsynleg reifun máls og dómkrafan sé af þessum sökum óskýr telur stefndi að vísa beri málinu frá dómi. Vísast til meginreglu einkamálaréttarfars um skýran og glöggan málatilbúnað, sbr. 25. gr. og 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Sé vanreifun málsins ennfremur fólgin í því að kenna Halldóru Hilmarsdóttur við beina aðild málsins þótt aðild hennar sé ekki til að dreifa.

Í ljósi framanritaðs er ennfremur á það bent að lögvarðir hagsmunir af úrlausn um túlkun á kjarasamningi þeim sem kröfugerðin vísar til með tilliti til þeirra launaflokkaröðunar sem þar um ræðir séu liðnir undir lok þar sem gerbreytt launakerfi sé nú við lýði. Styðji það frekar að úr málinu skuli leyst fyrir almennum dómstólum milli Halldóru og stefnda.

Stefndi byggir einnig frávísunarkröfu sína á því að ekki liggi fyrir formlega að málið sé útkljáð af samráðsnefnd, svo sem kjarasamningur aðila ráðgeri í grein 11.2., áður en málum sé skotið til Félagsdóms. Liggi því ekki fyrir það skilyrði laga og kjarasamnings að fyrir hendi sé ágreiningur um túlkun á ákvæði kjarasamnings, sbr. orðalag 26. gr. laga nr. 94/1986. Hafi málið hvorki verið tekið fyrir í samráðsnefnd Ríkisspítala og stefnanda né samstarfsnefnd. Þessu til áréttingar er einnig vísað til bókunar 1 með nýjum kjarasamningi aðila þar sem þeir hafa skuldbundið sig til að endurskoða ákvæði hans um staðgengla að því marki sem ekki verði ráðið til lykta á vettvangi aðlögunarnefnda.

Stefnandi krefst þess að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og gerir kröfu til málskostnaðar í þessum þætti málsins. Stefnandi heldur því m.a. fram að málið varði ágreining um túlkun á tilgreindu ákvæði kjarasamnings aðila.

Niðurstaða.

Gögn málsins bera með sér að aðila greinir á um túlkun og skilning á reglum kjarasamnings aðila um staðgengla samkvæmt 9. kafla í kjarasamningi þeirra. Nánar tiltekið er um að ræða ákvæði 9.3.1. í núgildandi kjarasamningi aðila sem hljóðar svo:

„Starfsmaður sem ekki er í stöðu staðgengils yfirmanns, en er falið að gegna störfum yfirmanns í forföllum hans eða störfum annars hærra launaðs starfsmanns, skal taka laun skv. launaflokki hins forfallaða starfsmanns þann tíma, er hann gegnir starfi hans."

Reynt hefur áður á skýringu þessa ákvæðis fyrir Félagsdómi í hliðstæðum málum nr. 6/1991 og 8/1993.

Samkvæmt framansögðu verður að telja að mál þetta heyri undir valdsvið Félagsdóms með vísan til 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasaminga opinberra starfsmanna, sbr. og 27. gr. laganna.

Með framlagðri bókun stefnanda um breytta kröfugerð hefur verið bætt úr vanreifun málsins að því varðar launatímabil og launaflokka. Samkvæmt þessu verður hvorki talið að málið sé vanreifað svo að frávísun varði né að stefnandi hafi ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn þess.

Ekki verður talið að ákvæði í kjarasamningi aðila um samstarfsnefnd standi því í vegi að Félagsdómur fjalli um málið, enda liggur ekki fyrir að málinu hafi verið skotið til samstarfsnefndar eins og heimilt er samkvæmt gr. 11.2. í kjarasamningi aðila. Ekkert liggur fyrir um það að málið hafi verið lagt fyrir svonefnda samráðsnefnd Ríkisspítala og stefnanda.

Þá verður ekki talið að bókun 1 með kjarasamningi um endurskoðun ákvæða um staðgengla séu því til fyrirstöðu að um ágreiningsefnið sé fjallað fyrir dómi.

Samkvæmt framansögðu er hafnað kröfu stefnda um frávísun málsins.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður í þessum þætti málsins.

Úrskurðarorð:

Frávísunarkröfu stefnda er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. mars 1999, sem barst réttinum 18. sama mánaðar. Kærður er úrskurður

Félagsdóms 4. mars sl. þar sem hafnað er frávísunarkröfu sóknaraðila. Kæruheimild er í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. IV. kafla laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu verði vísað frá Félagsdómi. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Félagsdómi og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðarins og kærumálskostnaðar.

Skilja verður mál þetta svo að Starfsmannafélag ríkisstofnana sé stefnandi þess þótt málið sé höfðað vegna Halldóru Hilmarsdóttur. Ágreiningur er með samningsaðilum um skilning á reglum kjarasamnings sem á undir lögsögu Félagsdóms samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986. Með þessari athugasemd og vísun til forsendna Félagsdóms ber að staðfesta úrskurðinn.

Rétt er að hvor aðila ber sinn kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 9. mars 1999.

Nr. 1/1999. **Alþýðusamband Íslands f.h.**
Flugvirkjafélags Íslands vegna
Jóns Jósefssonar
(Andri Árnason hrl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands vegna
Flugleiða hf.
(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)

Frávísunarkröfu hafnað.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefnda hinn 16. febrúar sl.

Málið úrskurða Eggert Óskarsson, Arngrímur Ísberg, Ingibjörg Benediktsdóttir, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16a, Reykjavík, fyrir hönd Flugvirkjafélags Íslands, kt. 550169-0109, Borgartúni 22, Reykjavík, vegna Jóns Jósefssonar, kt. 160442-2399, Markarflöt 10, Garðabæ.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, vegna Flugleiða hf., kt. 601273-0129, Reykjavíkurflugvelli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að ákvörðun Flugleiða hf., dags. 20. október 1998, um breytingar á ráðningarkjörum Jóns Jósefssonar hafi verið ólögmæt. Jafnframt er þess krafist að umrædd ákvörðun stefnda verði ógilt með dómi.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins, en áskilur sér rétt til að leggja fram málskostnaðarreikning við aðalmeðferð málsins, ef til hennar kemur.

Dómkröfur stefnda.

Aðallega að málinu verði vísað frá dómi.

Til vara að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Í báðum tilvikum er þess krafist að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Málavextir

Málavextir eru þeir að Jón Jósefsson flugvirki er félagsmaður í Flugvirkjafélagi Íslands og starfsmaður Flugleiða hf. Um ráðningarkjör hans fer samkvæmt kjarasamningi Flugvirkjafélags Íslands og Flugleiða hf.

Þann 20. október 1998 ritaði Arnór Þórhallsson deildarstjóri verkfræðideildar, fyrir hönd Flugleiða hf., Jóni Jósefssyni flugvirkja bréf þar sem honum var tilkynnt frávikning úr starfi sem eftirlitsmaður viðhaldsverkefna vegna ætlaðra mistaka við framkvæmd starfsins. Jóni var gefinn kostur á að starfa áfram innan sömu deildar, en án stjórnunarlegrar ábyrgðar og fyrir lægri laun. Frávikningin tók þegar gildi, en Jón hélt hins vegar launum fyrir starfið út febrúar 1999.

Stefnandi starfaði sem eftirlitsmaður viðhaldsverkefna, eða sem svonefndur „Supervisor Reliability and Maintenance Programs", sem felst m.a. í því að skrásetja, hafa umsjón með og fylgja eftir viðhaldskröfum fyrir þær flugvélar sem Flugleiðir hf. hafa í rekstri. Inn í upplýsingar er skráður flugtími og ferðafjöldi flugvéla Flugleiða hf. og þær upplýsingar eru síðan notaðar til þess að ákveða hvenær tiltekin viðhaldsverkefni eru framkvæmd. Viðhaldskerfi flugvéla byggist að miklu leyti á handbók sem nefnd er MPD (Maintenance Planning Data) sem hefur að geyma upplýsingar frá hönnunaraðilum þeirrar flugvélargerðar sem í hlut á. Viðhaldskerfið byggist einnig á ýmsum öðrum gögnum, svo sem fyrirmælum flugmálayfirvalda.

Með bréfi Flugleiða hf. 20. október 1998 var Jóni vikið úr framangreindu starfi við framkvæmd þessara verkefna. Stefnandi mótmælti frávikningunni með bréfi 23. október sama ár til Vinnuveitendasambands Íslands með vísan til greinar 19.1. í kjarasamningi Flugvirkjafélags Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf. Með bréfi V.S.Í. 3. desember 1998 var tekið undir sjónarmið Flugleiða hf. um forsendur frávikningarinnar. Í þeim bréfum var stefnanda gefið að sök að hafa ekki gengið frá fjórum lofthæfisfyrirmælum á eina af vélum félagsins, en tvö þeirra hafi þegar verið komin fram yfir tilskilin tímamörk og sagði jafnframt í bréfi Vinnuveitendasambandsins: „Hún [yfirsjón Jóns] leiddi því til trúnaðarbrests sem gerði það að verkum að félaginu [Flugleiðum hf.] varð nauðsynlegt að endurskoða stöðu Jóns." Var ákveðið að stefnandi

léti af störfum sem eftirlitsmaður viðhaldsverkefna, en honum gefinn kostur á því að starfa áfram í verkfræðideild á þeim kjörum sem þar voru í boði, en ekki með stjórnunarlega ábyrgð.

Fram er komið að stefnandi er enn við störf hjá stefnda, en ekki sem eftirlitsmaður og nýtur annarra ráðningarkjara.

Aðilar málsins deila um hvort ákvæði 19.1. í kjarasamningi aðila eiga við frávikningu stefnanda úr starfi eftirlitsmanns viðhaldsverkefna.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar fyrst og fremst á ákvæðum kjarasamnings sem í gildi er milli Flugvirkjafélags Íslands og Flugleiða hf. Í grein hans nr. 19.1. segi:

„Eigi skal refsa eða víkja flugvirkja frá störfum fyrir brot gegn lögum eða opinberum flugreglum, nema í samráði við stjórn F.V.F.Í., eða að undangenginni dómsrannsókn, sem leiddi sekt hans í ljós."

Stefnandi telur að einhliða breytingar Flugleiða hf. á ráðningarkjörum Jóns Jósefssonar, þ.e. uppsögn úr umræddu starfi, teljist frávikning og eftir atvikum refsing í skilningi gr. 19.1. í ofangreindum kjarasamningi.

Stefnandi kveður Flugleiðir hf. hafa gripið til umræddra aðgerða gagnvart Jóni Jósefssyni vegna meintra brota hans í starfi gegn opinberum flugreglum, svo sem áður sagði og augljóst sé af bréfi fyrirtækisins til hans, dags. 20. október sl., og bréfi Vinnuveitendasambandsins, dags. 3. desember sl. Ofangreint ákvæði hafi hins vegar að geyma skýr fyrirmæli um málsmeðferð í slíkum tilfellum. Flugleiðir hf. hafi látið undir höfuð leggjast að fylgja þeim. Ákvörðun um frávikningu Jóns hafi verið tekin án samráðs við Flugvirkjafélagið og án þess að dómsrannsókn hafi farið fram. Samkvæmt þessu ákvæði kjarasamnings séu því frávikning eða einhliða breytingar á ráðningarkjörum Jóns, sem Flugleiðir hf. hafi lýst yfir að rekja megi til meintra brota á opinberum flugreglum, ólögmætar.

Stefnandi kveður Flugvirkjafélagið hafa mótmælt aðgerðum Flugleiða hf., sbr. bréf félagsins dags. 23. október 1998, en Flugleiðir hf. hafi hins vegar ekki dregið ákvörðun sína til baka og því sé málsókn nú nauðsynleg.

Stefnandi byggir á því að almennar reglur vinnuréttar um rétt atvinnurekanda til að segja starfsmönnum upp, breyta ráðningarkjör-

um þeirra, eða til að víkja þeim úr starfi vegna brota eða mistaka, eigi hér ekki við. Ofangreint ákvæði kjarasamnings gangi framar þeim reglum, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, en það ákvæði veiti kjarasamningum réttarheimildagildi og geri þá að nokkru leyti hliðstæða settum lögum. Kjarasamningsákvæðið leggi skyldur á herðar Flugleiða hf. um ákveðna málsmeðferð í málum af þeim toga sem hér sé um að ræða og þrengi því þann rétt sem stefndi hefði ef almennar reglur giltu fullum fetum. Hvort sem Flugleiðir hf. hyggist segja upp samningi við starfsmann, sem ofangreint kjarasamningsákvæði eigi við um, að hluta eða öllu leyti, eða jafnvel rifta samningnum, verði fyrirtækið að hlíta reglum greinar 19.1. um málsmeðferð, ef tilefnið sé meint brot gegn lögum eða opinberum flugreglum.

Stefnandi byggir og á því verði ekki fallist á að um frávikningu í skilningi ofangreinds ákvæðis kjarasamnings hafi verið um að ræða, verði að líta svo á að aðgerðir þær sem Flugleiðir hf. gripu til séu refsing í skilningi ákvæðisins. Af þessu leiði að aðgerðir Flugleiða hf. gagnvart Jóni Jósefssyni séu allt að einu ólögmætar, þar sem málsmeðferðin, sem ofangreint kjarasamningsákvæði kveði á um, hafi ekki verið viðhöfð. Í bréfi Vinnuveitendasambandsins, dags. 3. desember sl., sé umrædd aðgerð gagnvart Jóni kölluð „stöðubreyting“. Stöðubreyting þessi feli í sér að ábyrgð Jóns Jósefssonar minnki og laun hans lækki, og henni hafi að sögn Flugleiða hf. verið hrint í framkvæmd vegna meintra brota Jóns gegn opinberum flugreglum. Stefnandi telur ekki fara á milli mála að þessar breytingar á ráðningarkjörum Jóns Jósefssonar, sem Flugleiðir hf. tóku ákvörðun um 30. október sl., hafi verið refsing í skilningi ofangreinds kjarasamningsákvæðis og í ljósi þess hljóti dómurinn að verða við kröfu um ógildingu ákvörðunarinnar.

Kröfu um málskostnað styður stefnandi við XXI. kafla laga nr. 91/1991, aðallega 129. og 130. gr.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Frávísunarkrafa stefnda er á því byggð að verksvið Félagsdóms sé einungis að dæma í málum vegna ágreinings um skilning eða brot á kjarasamningi eða um gildi hans, sbr. 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Félagsdómur sé sérdómstóll og því verði að skýra valdsvið hans þröngt.

Mál þetta sé höfðað til ógildingar ákvörðunar Flugleiða hf., dags.

20. október 1998, varðandi breytingar á ráðningarkjörum stefnanda, Jóns Jósefssonar. Kröfugerð stefnanda miði annars vegar að því að fá viðurkenningu Félagsdóms á því að sú ákvörðun hafi verið ólögmæt. Hins vegar er þess krafist að umrædd ákvörðun stefnda verði ógilt með dómi.

Ekki sé tilgreint í kröfugerð á hvaða lagaheimildum eða óskráðu réttarheimildum ólögmætis- og ógildingarkröfur stefnda eru byggðar. Helst megi ráða af stefnu að það muni vera lög nr. 55/1980 en skýring þeirra laga falli samkvæmt framansögðu utan valdsviðs Félagsdóms.

Krafan, eins og hún sé sett fram, og tilgangur málshöfðunarinnar sé einvörðungu um viðurkenningu á ráðningarsamningsbundnum rétti Jóns Jósefssonar gagnvart stefnda. Í henni felist hvorki krafa um viðurkenningu á ákveðnum tilgreindum skilningi stefnanda á kjarasamningi Flugvirkjafélags Íslands, FVFÍ, né krafa um staðfestingu á því að brotið hafi verið gegn ákveðnum tilgreindum ákvæðum þess samnings. Krafan sé því ekki nægilega afmörkuð auk þess sem almenn tilvísan í rökstuðningi til kjarasamnings FVFÍ og þá aðallega gr. 19.1. fullnægi ekki skilyrðum laga nr. 80/1938 um valdsvið Félagsdóms.

Þá verði krafa um ógildingu fyrrgreindrar ákvörðunar stefnda ekki höfð uppi fyrir Félagsdómi enda verði hún aldrei byggð á kjarasamningi.

Kröfu sína um málskostnað byggir stefndi á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefnandi krefst þess að frávísunarkröfu stefnda verði hafnað. Þá krefst hann málskostnaðar í þessum þætti málsins. Stefnandi heldur því fram að ekki sé þörf á tilvísun til réttarheimilda í kröfugerðinni sjálfri og bendir jafnframt á það að ógildingarkrafa sem sett er fram á grundvelli kjarasamningsákvæðis hafi áður verið tekin til efnismeðferðar í Félagsdómi. Þá vísar hann til þess að ágreiningur aðila snúist um túlkun á tilgreindu ákvæði kjarasamnings, en snúist ekki um ráðningarsamning stefnanda.

Niðurstaða.

Í málinu er óumdeilt að stefnanda var gert að víkja úr starfi eftirlitsmanns viðhaldsverkefna („Supervisor Reliability and Maintenance Programs“) hjá stefnda, Flugleiðum hf., 20. október 1998.

Stefnandi er enn við störf hjá stefnda, en nýtur annarra ráðningarkjara.

Aðilar málsins deila meðal annars um það hvort grein 19.1. í kjarasamningi þeirra eigi við um frávikningu stefnanda úr starfi þessu, en þar segir:

„Eigi skal refsa eða víkja flugvirkja frá störfum fyrir brot gegn lögum eða opinberum flugreglum, nema í samráði við stjórn F.V.F.Í., eða að undangenginni dómsrannsókn, sem leiddi sekt hans í ljós." Fallist er á það með stefnanda að deila aðila snúist fyrst og fremst um skilning á ofangreindu ákvæði í kjarasamningi þeirra og breytir hér engu þótt í málatilbúnaði stefnanda sé vísað til ráðningarsamnings hans við stefnda. Á málið því undir Félagsdóm samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Ljóst er af málatilbúnaði stefnanda á hvaða heimildum hann byggir kröfur sínar um beytingar á ráðningarkjörum og ógildi þeirrar ákvörðunar. Verður málinu því ekki vísað frá af þeim sökum að kröfugerð hans sé óskýr að þessu leyti.

Þá verður heldur ekki fallist á það með stefnda að ekki megi hafa uppi ógildingarkröfu fyrir Félagsdómi, eins og hún er fram sett í málinu, sbr. t.d. dóm Félagsdóms í málinu nr. 2/1981.

Samkvæmt framansögðu er hafnað kröfu stefnda um frávísun málsins.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður í þessum þætti málsins.

Úrskurðarorð:

Frávísunarkröfu stefnda er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 31. mars 1999.

Nr. 2/1999. **Blaðamannafélag Íslands f.h.**
félagsmanna sinna á fréttastofu dagblaðsins DV
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands f.h.
Samtaka iðnaðarins vegna
Frjálsrar fjölmiðlunar hf.
(Ragnar Árnason hdl.)

Kjarasamningur. Vaktavinna. Yfirvinna. Laun.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 24. mars sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Erla Jónsdóttir, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er Blaðamannafélag Íslands, kt. 690372-0109, Síðumúla 23, Reykjavík f.h. félagsmanna sinna á fréttastofu dagblaðsins DV, Þverholti 11, Reykjavík.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, f.h. Samtaka iðnaðarins, kt. 511093-2019, Hallveigarstíg 1, Reykjavík vegna Frjálsrar fjölmiðlunar hf., kt. 550282-0469, Þverholti 11, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

1. Að dæmt verði að tímakaup yfirvinnu blaðamanna sem starfi eftir vaktavinnufyrirkomulagi hjá dagblaðinu DV skuli reiknað af þeim mánaðarlaunum blaðamanna sem saman standi af grunnlaunum og vaktaálagi.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Dómkröfur stefnda.

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Málavextir.

Málsaðilar gerðu með sér kjarasamning dags. 12. apríl 1997 með gildistíma til 1. nóvember 2000. Kjarasamningur þessi tók til allra

blaðamanna sem starfa hjá Frjálsri fjölmiðlun hf. sem gefur út DV. Í kjarasamningnum eru eftirfarandi ákvæði í II. kafla samningsins sem fjalla um vinnutíma:

„2.2.1. *Vaktavinna.*

Heimilt er að taka upp reglubundna vaktavinnu, samkvæmt samkomulagi aðila á hverjum vinnustað og skal gerður samningur þar að lútandi við hvern vinnuhóp svo sem ljósmyndara, íþróttafréttamenn og blaðamenn á innlendum og erlendum fréttadeildum.

.....

2.3. *Vaktaálag.*

2.3.1. *Fastir starfsmenn.*

Sé unnið eftir vaktafyrirkomulagi skv. grein 2.1.1. skal greiða vaktaálag 20% á grunnlaun.

Sé unnið eftir vaktafyrirkomulagi samkvæmt grein 2.2.3. skal greiða vaktaálag 27% á grunnlaun, enda sé unnin önnur hver helgi.

.....

2.4. *Yfirvinna.*

Yfirvinna skal greidd með tímakaupi sem samsvarar 1.0385% af samningsbundnum mánaðarlaunum fyrir dagvinnu."

Framangreind ákvæði hafi fyrst komið inn í kjarasamninga stefnanda á árinu 1992 og sé fyrirmynd þeirra að finna í kjarasamningum Félags bókagerðarmanna og þar áður Hins íslenska prentarafélags. Það muni alltaf hafa verið skilningur stefnanda að túlka bæri ákvæði þessi þannig, að tímakaup yfirvinnu í vaktavinnu bæri að reikna á grundvelli grunnlauna og vaktaálags. Þannig muni Félag bókagerðarmanna og viðsemjendur þeirra hafa skilið sambærileg ákvæði og reyndar aðrir viðsemjendur stefnanda en Frjáls fjölmiðlun hf. Að sögn stefnanda hafi í lok síðasta árs komið í ljós, að blaðamönnum sem vinni vaktavinnu hjá DV hafi ekki verið greidd rétt reiknuð yfirvinnulaun samkvæmt túlkun stefnanda á gildandi kjarasamningi. Þetta hafi komið í ljós þegar Samtök iðnaðarins tóku í fyrsta skipti saman töflu vegna fyrirhugaðrar launahækkunar þann 1. janúar sl., þar sem vaktavinnuálag sé m.a. reiknað inn í mánaðarlaun þeirra sem vinna vaktavinnu og tímakaup þeirra sömu í yfirvinnu. Frekari athugun málsins hafi leitt í ljós, að Frjáls fjölmiðlun hf. hafði aldrei greitt blaðamönnum sem unnið hafi vakta-

vinnu á DV, tímakaup yfirvinnu á grundvelli vaktaálags. Stefnandi hafi mótmælt þessu strax og krafðist leiðréttinga. Stefndi bendir hins vegar á að yfirvinnukaup hafi alla tíð verið reiknað með sama hætti, þ.e. af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Eigi það bæði við um tímabilið fyrir 1992 sem og eftir þann tíma. Stefndi hafi ekki fallist á kröfu stefnanda og þess vegna sé mál þetta nú höfðað af stefnanda til þess að fá úr því skorið hvort skilningur hans á viðeigandi kjarasamningsákvæðum sé réttur.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi máls þessa, Blaðamannafélag Íslands, kveðst stefna máli þessu fyrir Félagsdóm fyrir hönd allra félagsmanna sinna sem starfi hjá dagblaðinu DV og vinni þar vaktavinnu. Aðild þessi sé byggð á ákvæðum 45. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Aðild stefnda sé byggð á sömu lagaákvæðum, þ.e. Vinnuveitendasambandi Íslands sé stefnt fyrir hönd Samtaka iðnaðarins vegna Frjálsrar fjölmiðlunar hf. Frjáls fjölmiðlun hf. eigi og reki dagblaðið DV og sé félagi í Samtökum iðnaðarins en þau samtök séu aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands sem hafi séð um samningsgerð fyrir Samtök iðnaðarins þegar síðasti kjarasamningur málsaðila frá 12. apríl 1997 hafi verið gerður. Í máli þessu reyni á túlkun ákvæða II. kafla þess samnings.

Stefnandi kveðst byggja málsástæður sínar fyrst og fremst á kafla II. í kjarasamningi aðila frá 12. apríl 1997. Kafli þessi fjalli um vinnutíma og þau ákvæði sem eigi fyrst og fremst við séu ákvæði í greinum 2.2.1., 2.3.1. og 2.4. sem birt séu orðrétt hér að framan. Samkvæmt kafla þessum sé heimilt að semja um vaktavinnufyrirkomulag, þ.e. reglubundna vaktavinnu samkvæmt grein 2.2.1., með nánari útfærslu samkvæmt 2.2.2. og síðan helgarvaktir samkvæmt grein 2.2.3. Sé unnið samkvæmt þessu fyrirkomulagi skuli greiða vaktaálag sem sé almennt 20%, en 27% ef um helgarvaktir sé að ræða. Samkvæmt grein 2.4. skuli reikna tímakaup yfirvinnu þannig, að það samsvari 1.0385% af samningsbundnum mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Stefnandi telji að ákvæði þetta hljóti að skiljast svo, að tímavinnuprósenta yfirvinnu sé reiknuð af mánaðarlaunum með vaktavinnuálagi því mánaðarlaun vaktavinnufólks samanstandi af grunnlaunum og vaktaálagi sem sameiginlega myndi mánaðarlaun vaktavinnufólks. Föst laun vaktavinnufólks, þ.e. laun með vaktaálagi, verði að skilgreina sem daglaun þeirra til aðgreiningar frá

launum sem unnin séu í yfirvinnu. Útilokað sé að skilja ákvæðið þannig að vaktavinnufólk eigi að lækka hlutfallslega í launum, sé yfirvinna unnin umfram reglulega vaktavinnu.

Stefnandi kveðst byggja á því, að það hafi verið sameiginlegur skilningur hans og stefnda, þegar umdeild ákvæði hafi fyrst komið inn í kjarasamning stefnanda og stefnda á árinu 1992, að túlka ákvæðin á sama hátt og stefnandi geri nú í þessu máli. Í þessu sambandi er m.a. bent á framlagðan útreikning Samtaka iðnaðarins, þar sem skýrt komi fram að þeir hafi talið sér skylt að reikna yfirvinnu í samræmi við túlkun stefnanda. Ljóst sé jafnframt, að Morgunblaðið telji sér skylt að greiða blaðamönnum sínum í samræmi við kröfugerð og túlkun stefnanda og hafi gert svo alla tíð athugasemdalaust frá samningnum 1992. Sama sé að segja um vinnuveitendur prentara í Félagi bókagerðarmanna. Í kjarasamningum prentara hafi lengi verið sambærileg ákvæði og t.d. muni Frjáls fjölmiðlun hf. meira að segja alltaf hafa greitt prenturum sínum á þann hátt sem stefnandi gerir nú kröfu um. Í raun telji stefnandi að fullyrða megi að allir þeir, sem komi að sambærilegum ákvæðum í kjarasamningum, túlki ákvæðin á sama hátt, þ.e. eins og stefnandi, með þeirri einu undantekningu sem sé Frjáls fjölmiðlun hf., en þó einungis gagnvart blaðamönnum hjá DV, að því er virðist.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að samkvæmt skýrum ákvæðum gr. 2.4. í kjarasamningi VSÍ og Blaðamannafélags Íslands beri að reikna yfirvinnukaup af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Vaktaálag vegna vinnu utan dagvinnutímabils geti því ekki myndað grunn við útreikning yfirvinnu. Málsástæður stefnanda lúti ekki að túlkun á kjarasamningsákvæðunum sjálfum heldur byggir stefnandi eingöngu á rangri launatöflu frá Samtökum iðnaðarins, framkvæmd yfirvinnugreiðslna hjá Morgunblaðinu og því að bókagerðarmenn njóti almennt þeirra hlunninda sem stefnandi krefst nú í máli þessu. Stefndi byggir hins vegar á því að við túlkun kjarasamnings skuli fyrst og fremst byggt á samningstextanum sjálfum. Því er hafnað að framkvæmd kjarasamnings hjá einu fyrirtæki geti verið bindandi fyrir önnur fyrirtæki. Einnig er mótmælt tilvísun í kjarasamning bókagerðarmanna, enda geti sá kjarasamningur ekki verið grundvöllur kröfu í máli blaðamanna.

Kjarasamningur VSÍ og Blaðamannafélagsins.

Það sé mat stefnanda að allt frá því að vaktavinnuákvæðum kjarasamnings blaðamanna hafi verið breytt árið 1992 hafi stefnda borið að greiða vaktaálag á yfirvinnukaup. Um breytingu á framkvæmd hafi verið að ræða. Þessum skilningi stefnanda sé alfarið hafnað enda hafi yfirvinnuákvæðum kjarasamningsins ekki verið breytt á árinu 1992. Þau hafi staðið efnislega óbreytt síðustu áratugi. Það sé því rangt sem segi í stefnu að núgildandi ákvæði um yfirvinnukaup hafi fyrst komið inn í kjarasamning blaðamanna á árinu 1992. Í kjarasamningi blaðamanna sem í gildi var á árinu 1988 hljóðaði ákvæðið svo:

> „Eftirvinna skal greidd með 85% álagi á dagvinnukaup (sem fundið er með því að deila 160 í samningsbundið mánaðarkaup dagvinnu). Eftirvinnukaup finnst með því að margfalda mánaðarlaun með 0.0115625."

Þetta ákvæði um greiðslu yfirvinnukaups hafi verið tekið orðrétt upp í kjarasamninginn 1992. Með því hafi verið staðfest að ekki stæði til að breyta fyrirkomulagi yfirvinnugreiðslna. Það sé almenn regla í kjarasamningum að yfirvinnukaup sé reiknað af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu án vaktaálags, enda sé vaktaálag greitt vegna vinnuskyldu utan dagvinnutímabils. Kjarasamningur blaðamanna sé byggður upp með hefðbundnum hætti og hvergi í samningnum sé að finna ákvæði sem stutt geti kröfur stefnanda.

Í grein 2.2. í gildandi kjarasamningi VSÍ og Blaðamannafélags Íslands segir:

> „Blaðamenn skili umsaminni dagvinnu á tímabilinu 08:00–18:00 hvern dag frá mánudegi til föstudags. Vinna utan þess tíma telst ávallt yfirvinna, nema unnið sé eftir vaktavinnuákvæðum þessa samnings. Reglubundin vinna á laugardögum og sunnudögum telst ávallt yfirvinna og heill vinnudagur, nema unnið sé eftir vaktavinnuákvæðum þessa samnings".

Ljóst sé af þessu ákvæði að gerður sé greinarmunur á dagvinnutímabili annars vegar og yfirvinnutímabili hins vegar. Almennt sé gert ráð fyrir að greidd sé yfirvinna þegar unnið sé utan dagvinnutímabils. Þetta eigi þó ekki við ef unnið sé samkvæmt vaktavinnuákvæðum samningsins. Gildi þá sérreglur um greiðslu vegna vinnu á yfirvinnutímabili.

Samkvæmt gr. 2.2.1. í gildandi kjarasamningi blaðamanna sé

heimilt að taka upp reglubundna vaktavinnu. Séu þá gengnar kvöldvaktir, næturvaktir, morgunvaktir og jafnvel helgarvaktir. Í stað þess að greiða yfirvinnukaup vegna vinnu utan tímabilsins 08:00 -18:00 sé greitt vaktaálag. Í stað þess að greiða vaktaálag sérstaklega fyrir þær vinnustundir sem að falla utan hefðbundins dagvinnutímabils, eins og gert hafi verið fyrir gildistöku kjarasamningsins frá 8. maí 1992, sé greitt jafnaðarvaktaálag á allar þær stundir sem unnar séu í hinni reglubundnu vaktavinnu. Með því sé vaktaálaginu vegna vinnu utan dagvinnutímabils dreift á unnar vaktavinnustundir. Sé það fyrst og fremst gert í hagræðingarskyni. Í raun sé þarna um að ræða álag vegna kvöld-, nætur- og helgarvinnu sem komi í stað yfirvinnuálags.

Telja verði að ákvæði kjarasamnings blaðamanna um greiðslu yfirvinnu séu skýr og afdráttarlaus. Yfirvinna sé reiknuð af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu og komi vaktaálag þar ekki til viðbótar. Ákvæði kjarasamningsins um dagvinnutímabil, yfirvinnutímabil og vaktavinnu styrki þá niðurstöðu. Krafa stefnanda feli í sér að greiða ætti yfirvinnukaup af launum sem greidd séu vegna vinnu á yfirvinnutímabili. Þar með væri í raun verið að greiða yfirvinnukaup á yfirvinnukaup. Á það geti stefndi ekki fallist.

Aðgerðarleysi stefnanda.

Krafa stefnanda, eins og hún sé sett fram í stefnu, komi fyrst fram með bréfi lögmanns stefnanda dags. 30. desember 1998, eða sex og hálfu ári eftir að ný vaktaákvæði tóku gildi. Fjöldi blaðamanna hafði á þeim tíma unnið á vöktum hjá stefnda án þess að nokkur ágreiningur væri um launakjör eða útreikning yfirvinnu. Vakin er athygli á því að stefnandi höfðar mál þetta fyrir hönd félagsmanna sinna á fréttastofu dagblaðsins DV. Þess er krafist að yfirvinnukaup blaðamanna hjá DV sem vinna vaktavinnu skuli reiknað með tilteknum hætti. Af þessum sökum reynir meira á aðgerðarleysisáhrif en ella, bæði aðgerðarleysi félagsins sem og starfsmanna. Umræddum starfsmönnum hafi verið fullkunnugt um afstöðu félags síns, Blaðamannafélags Íslands, enda hafi félagið sett fram einhliða túlkun á kjarasamningnum 1992 í fréttabréfi sínu í júní 1992. Þrátt fyrir það hafi starfsmenn eða félag þeirra aldrei haft uppi kröfur, hvorki þegar starfsmönnum hafi verið raðað inn á vaktir samkvæmt nýjum kjarasamningi á árinu 1992 né eftir það.

Framkvæmd kjarasamninga hjá Morgunblaðinu.

Samkvæmt yfirlýsingu frá starfsmannahaldi Morgunblaðsins hafi Morgunblaðið greitt blaðamönnum í vaktavinnu vaktaálag á yfirvinnukaup. Ekki verði séð að framkvæmd samnings í einu fyrirtæki geti leitt til breytinga á kjarasamningi eða að hann verði upp frá því túlkaður með öðrum hætti en orðalag gefi til kynna. Engu máli skipti þótt eitt fyrirtæki hafi kosið að yfirborga sína starfsmenn með þeim hætti að yfirvinnukaup reiknist af dagvinnulaunum með vaktaálagi. Framkvæmd samnings hjá Morgunblaðinu sé á engan hátt skuldbindandi fyrir Frjálsa fjölmiðlun hf.

Kjarasamningur bókagerðarmanna.

Það sé rangt þar sem segi í stefnu að vaktavinnusamningur blaðamanna hafi átt sér fyrirmynd í kjarasamningi bókagerðarmanna. Þessu sé öfugt farið. Vaktaákvæðum bókagerðarmanna hafi verið breytt í heild sinni með kjarasamningi dags. 25. maí 1993. Hafi þá vaktavinnusamningur blaðamanna verið hafður til hliðsjónar. Á árinu 1992, þegar vaktavinnusamningur blaðamanna var gerður, hafi það verið ótvíræð samningsskylda samkvæmt kjarasamningi bókagerðarmanna að greiða vaktaálag á yfirvinnu þegar unnið var umfram kvöldvakt, sbr. gr. 3. málsl. 5. mgr. gr. 1.2. í þeim samningi:

„Öll vinna umfram kvöldvakt greiðist sem aukavinna með tilsvarandi prósentuálagi"

Samsvarandi ákvæði hafi ekki verið tekið upp í kjarasamning blaðamanna sem gerður var árið 1992. Stefnandi geti því ekki byggt kröfur sínar á þeim vaktavinnuákvæðum í kjarasamningi bókagerðarmanna sem í gildi voru á árinu 1992, enda ekki um sambærileg ákvæði að ræða.

Niðurstaða.

Í máli þessu er deilt um reikningsgrundvöll yfirvinnu í þeim tilvikum þegar starfað er eftir vaktavinnufyrirkomulagi, sbr. grein 2.4. í gildandi kjarasamningi aðila frá 12. apríl 1997. Með þeim kjarasamningi voru allir síðastgildandi kjarasamningar aðila framlengdir til 1. nóvember árið 2000 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í kjarasamningnum fólust.

Með kjarasamningi aðila frá 7. maí 1992 var samið um að heimilt væri að taka upp „...reglubundna vaktavinnu, samkvæmt samkomulagi aðila á hverjum vinnustað...", sbr. grein 2.2.1. í núgildandi kjarasamningi. Nánar er tekið fram um tilhögun vakta í greinum

2.2.2. og 2.2.3. í kjarasamningnum bæði á virkum dögum og um helgar.

Um greiðslu vaktaálags til fastra starfsmanna segir svo í grein 2.3.1. í gildandi kjarasamningi:

„Sé unnið eftir vaktafyrirkomulagi skv. grein 2.2.1. skal greiða vaktaálag 20% á grunnlaun.

Sé unnið eftir vaktafyrirkomulagi samkvæmt grein 2.2.3. skal greiða vaktaálag 27% á grunnlaun, enda sé unnin önnur hver helgi."

Um greiðslur fyrir yfirvinnu er fjallað í grein 2.4. í kjarasamningnum. Er greinin svohljóðandi:

„Yfirvinna skal greidd með tímakaupi sem samsvarar 1.0385% af samningsbundnum mánaðarlaunum fyrir dagvinnu."

Nánar tiltekið snýst ágreiningur máls þessa um það af hvaða fjárhæð beri að reikna tímakaup fyrir yfirvinnu samkvæmt síðastgreindu samningsákvæði þegar um vaktavinnufyrirkomulag er að ræða. Telur stefnandi að í þeim efnum beri að miða við grunnlaun að viðbættu fyrrgreindu vaktaálagi og þannig beri að túlka orðalagið samningsbundin mánaðarlaun fyrir dagvinnu í þessu ákvæði kjarasamningsins. Byggir stefnandi einkum á því að sameiginlegur skilningur hafi verið um þessa túlkun, þegar ákvæðin voru tekin upp í kjarasamningi aðila árið 1992. Sambærileg ákvæði í kjarasamningi bókagerðarmanna hafi verið túlkuð með sama hætti svo og sömu ákvæði í kjarasamningi málsaðila að því er Morgunblaðið snertir. Þá hafi útreikningur launatöflu, sem sendur var út í nafni Samtaka iðnaðarins í desember 1998, byggst á sama skilningi. Af hálfu stefnda er sýknukrafan fyrst og fremst byggð á því að samkvæmt skýrum ákvæðum greinar 2.4. í kjarasamningnum geti vaktaálag ekki fallið undir hugtakið samningsbundin mánaðarlaun fyrir dagvinnu. Því er hafnað af hálfu stefnda að framkvæmd kjarasamningsins hjá öðru fyrirtæki og ákvæði í kjarasamningi annarra aðila hafi þýðingu í málinu.

Samkvæmt framansögðu veltur úrlausn málsins á því hvort túlka beri grein 2.4. í kjarasamningi aðila svo að yfirvinna reiknist eingöngu af mánaðarkaupi samkvæmt launatöxtum (grunnlaunum) eða þeim launum að viðbættu vaktaálagi.

Eins og fram hefur komið var gerð grundvallarbreyting á ákvæðum kjarasamnings aðila um vinnutíma með kjarasamningi 7. maí

1992, þ. á m. tekin upp til viðbótar dagvinnufyrirkomulagi ákvæði um reglubundna vaktavinnu, sem ekki var áður til að dreifa, og mælt fyrir um kvöld-, morgun-, nætur- og millivaktir svo og helgarvaktir. Áður gilti dagvinnufyrirkomulag og var greitt vaktaálag (36%) á þann hluta af umsömdum vinnustundafjölda sem féll utan tilgreinds dagvinnutímabils (kl. 08:00–20:00). Auk ákvæða um vaktavinnufyrirkomulag var ákvæðum um vaktaálag breytt og svo um samið að sé unnið eftir slíku fyrirkomulagi skuli greitt vaktaálag 20% eða eftir atvikum 27% á grunnlaun, sbr. grein 2.3.1. í kjarasamningnum.

Samkvæmt grein 2.1. í kjarasamningi aðila skal vinnutími vera 40 klst. á viku. Í grein 2.2. er tekið fram að blaðamenn skuli skila umsaminni dagvinnu á tímabilinu 08:00–18:00 hvern dag frá mánudegi til föstudags. Vinna utan þess tímabils teljist ávallt yfirvinna, nema unnið sé eftir vaktavinnuákvæðum kjarasamningsins. Reglubundin vinna á laugardögum og sunnudögum teljist ávallt yfirvinna, nema unnið sé eftir vaktavinnuákvæðum samningsins.

Ljóst er að vaktavinnutímabil samkvæmt grein 2.2.2. í kjarasamningnum getur tekið til alls sólarhringsins og þar með fallið að verulegu leyti utan venjulegs dagvinnutímabils eins og það er skilgreint í grein 2.2. Einsýnt þykir að álagsgreiðslum þeim, sem um ræðir í grein 2.3.1., sé ætlað að mæta því óhagræði og óþægindum sem hljótist af afbrigðilegum vinnutíma samkvæmt vaktafyrirkomulaginu. Í gr. 2.3.1. er tekið fram að vaktaálag greiðist á grunnlaun, en samkvæmt gr. 2.4. skal yfirvinna reiknast af samningsbundnum mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Samkvæmt því orðalagi verður að telja að hugtakið laun í gr. 2.4. sé víðtækara en hugtakið grunnlaun í gr. 2.3.1. Þegar þetta er virt og jafnframt horft til þess að um er að ræða jafnaðarálag, sem reiknast að fullu á grunnlaun, svo og þegar umrædd vaktavinnuákvæði eru borin saman við það fyrirkomulag, sem þau leystu af hólmi, standa rök til þess að skýra ákvæði kjarasamnings aðila svo að yfirvinna reiknist af grunnlaunum að viðbættu vaktaálagi.

Aðgerðarleysi stefnanda hefur ekki þýðingu varðandi túlkun þessara ákvæða í kjarasamningi aðila.

Samkvæmt framansögðu ber að taka kröfu stefnanda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Tímakaup yfirvinnu blaðamanna sem starfa eftir vakta-vinnufyrirkomulagi hjá dagblaðinu DV skal reiknað af mánaðarlaunum sem samanstanda af grunnlaunum og vaktaálagi.

Fimmtudaginn 29. apríl 1999.

Nr. 1/1999. **Alþýðusamband Íslands f.h. Flugvirkjafélags Íslands vegna Jóns Jósefssonar**
(Andri Árnason hrl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands vegna Flugleiða hf.
(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)

Kjarasamningur. Samráð. Ráðningarkjör.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 16. apríl sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Arngrímur Ísberg, Ingibjörg Benediktsdóttir, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16a, Reykjavík fyrir hönd Flugvirkjafélags Íslands, kt. 550169-0109, Borgartúni 22, Reykjavík, vegna Jóns Jósefssonar, kt. 160442-2399, Markarflöt 10, Garðabæ.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, vegna Flugleiða hf., kt. 601273-0129, Reykjavíkurflugvelli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að ákvörðun Flugleiða hf., dags. 20. október 1998, um breytingar á ráðningarkjörum Jóns Jósefssonar hafi verið ólögmæt. Jafnframt er þess krafist að umrædd ákvörðun stefnda verði ógilt með dómi.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefnda.

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þess er krafist að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Með úrskurði uppkveðnum 1. mars sl. var hafnað kröfu stefnda um frávísun málsins.

Málavextir.

Málavextir eru þeir að Jón Jósefsson flugvirki er félagsmaður í Flugvirkjafélagi Íslands og starfsmaður Flugleiða hf. Um ráðningarkjör hans fer samkvæmt kjarasamningi Flugvirkjafélags Íslands og Flugleiða hf.

Þann 20. október 1998 ritaði Arnór Þórhallsson deildarstjóri verkfræðideildar, fyrir hönd Flugleiða hf., Jóni Jósefssyni flugvirkja bréf þar sem honum var tilkynnt frávikning úr starfi sem eftirlitsmaður viðhaldsverkefna vegna ætlaðra mistaka við framkvæmd starfsins. Jóni var gefinn kostur á að starfa áfram innan sömu deildar, en án stjórnunarlegrar ábyrgðar og fyrir lægri laun. Frávikningin tók þegar gildi, en Jón hélt hins vegar launum fyrir starfið út febrúar 1999.

Stefnandi starfaði frá árinu 1987 sem eftirlitsmaður viðhaldsverkefna, eða sem svonefndur „Supervisor Reliability and Maintenance Programs“, sem felst m.a. í því að skrásetja, hafa umsjón með og fylgja eftir viðhaldskröfum fyrir þær flugvélar sem Flugleiðir hf. hafa í rekstri. Inn í upplýsingar er skráður flugtími og ferðafjöldi flugvéla Flugleiða hf. og þær upplýsingar eru síðan notaðar til þess að ákveða hvenær tiltekin viðhaldsverkefni eru framkvæmd. Viðhaldskerfi flugvéla byggist að miklu leyti á handbók sem nefnd er MPD (Maintenance Planning Data) sem hefur að geyma upplýsingar frá hönnunaraðilum þeirrar flugvélargerðar sem í hlut á. Viðhaldskerfið byggist einnig á ýmsum öðrum gögnum, svo sem fyrirmælum flugmálayfirvalda.

Með bréfi Flugleiða hf. 20. október 1998 var Jóni vikið úr framangreindu starfi við framkvæmd þessara verkefna. Stefnandi mótmælti frávikningunni með bréfi 23. október sama ár til Vinnuveitendasambands Íslands með vísan til greinar 19.–1. í kjarasamningi Flugvirkjafélags Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf. Með bréfi V.S.Í. 3. desember 1998 var tekið undir sjónarmið Flugleiða hf. um forsendur frávikningarinnar. Í þeim bréfum var stefnanda gefið að sök að hafa ekki gengið frá fjórum lofthæfisfyrirmælum á eina af vélum félagsins, en tvö þeirra hafi þegar verið komin fram yfir tilskilin tímamörk og sagði jafnframt í bréfi Vinnuveitendasambandsins: „Hún [yfirsjón Jóns] leiddi því til trúnaðarbrests sem gerði það að verkum að félaginu [Flugleiðum hf.] varð nauðsynlegt að endurskoða stöðu Jóns.“ Var ákveðið að stefnandi

léti af störfum sem eftirlitsmaður viðhaldsverkefna, en honum gefinn kostur á því að starfa áfram í verkfræðideild á þeim kjörum sem þar voru í boði, en ekki með stjórnunarlega ábyrgð.

Fram er komið að stefnandi er enn við störf hjá stefnda, en ekki sem eftirlitsmaður og nýtur annarra ráðningarkjara.

Málástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar fyrst og fremst á ákvæðum kjarasamnings sem í gildi er milli Flugvirkjafélags Íslands og Flugleiða hf. Í grein hans nr. 19.–1. segi:

„Eigi skal refsa eða víkja flugvirkja frá störfum fyrir brot gegn lögum eða opinberum flugreglum, nema í samráði við stjórn F.V.F.Í., eða að undangenginni dómsrannsókn, sem leiddi sekt hans í ljós."

Stefnandi telur að einhliða breytingar Flugleiða hf. á ráðningarkjörum Jóns Jósefssonar, þ.e. uppsögn úr umræddu starfi, teljist frávikning og eftir atvikum refsing í skilningi gr. 19.–1. í ofangreindum kjarasamningi.

Stefnandi kveður Flugleiðir hf. hafa gripið til umræddra aðgerða gagnvart Jóni Jósefssyni vegna meintra brota hans í starfi gegn opinberum flugreglum, svo sem augljóst sé af bréfi fyrirtækisins til hans, dags. 20. október sl., og bréfi Vinnuveitendasambandsins, dags. 3. desember sl. Ofangreint ákvæði hafi hins vegar að geyma skýr fyrirmæli um málsmeðferð í slíkum tilfellum. Flugleiðir hf. hafi látið undir höfuð leggjast að fylgja þeim. Ákvörðun um frávikningu Jóns hafi verið tekin án samráðs við Flugvirkjafélagið og án þess að dómsrannsókn hafi farið fram. Samkvæmt þessu ákvæði kjarasamnings séu því frávikning eða einhliða breytingar á ráðningarkjörum Jóns, sem Flugleiðir hf. hafi lýst yfir að rekja megi til meintra brota á opinberum flugreglum, ólögmætar.

Stefnandi kveður Flugvirkjafélagið hafa mótmælt aðgerðum Flugleiða hf., sbr. bréf félagsins dags. 23. október 1998, en Flugleiðir hf. hafi hins vegar ekki dregið ákvörðun sína til baka og því sé málsókn nú nauðsynleg.

Stefnandi byggir á því að almennar reglur vinnuréttar um rétt atvinnurekanda til að segja starfsmönnum upp, breyta ráðningarkjörum þeirra, eða til að víkja þeim úr starfi vegna brota eða mistaka, eigi hér ekki við. Ofangreint ákvæði kjarasamnings gangi framar þeim reglum, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, en það ákvæði veiti kjarasamning-

um réttarheimildagildi og geri þá að nokkru leyti hliðstæða settum lögum. Kjarasamningsákvæðið leggi skyldur á herðar Flugleiða hf. um ákveðna málsmeðferð í málum af þeim toga sem hér er um að ræða og þrengi því þann rétt sem stefndi hefði ef almennar reglur giltu fullum fetum. Hvort sem Flugleiðir hf. hyggist segja upp samningi við starfsmann, sem ofangreint kjarasamningsákvæði eigi við um, að hluta eða öllu leyti, eða jafnvel rifta samningnum, verði fyrirtækið að hlíta reglum greinar 19.–1. um málsmeðferð, ef tilefnið sé meint brot gegn lögum eða opinberum flugreglum.

Stefnandi byggir og á því að ef ekki verði fallist á að um frávikningu í skilningi ofangreinds ákvæðis kjarasamnings hafi verið að ræða, verði að líta svo á að aðgerðir þær sem Flugleiðir hf. gripu til séu refsing í skilningi ákvæðisins. Af þessu leiði að aðgerðir Flugleiða hf. gagnvart Jóni Jósefssyni séu allt að einu ólögmætar, þar sem málsmeðferðin, sem ofangreint kjarasamningsákvæði kveði á um, hafi ekki verið viðhöfð. Í bréfi Vinnuveitendasambandsins, dags. 3. desember sl., sé umrædd aðgerð gagnvart Jóni kölluð „stöðubreyting". Stöðubreyting þessi feli í sér að ábyrgð Jóns Jósefssonar minnki og laun hans lækki, og henni hafi að sögn Flugleiða hf. verið hrint í framkvæmd vegna meintra brota Jóns gegn opinberum flugreglum. Stefnandi telur ekki fara á milli mála að þessar breytingar á ráðningarkjörum Jóns Jósefssonar, sem Flugleiðir hf. tóku ákvörðun um 30. október sl., hafi verið refsing í skilningi ofangreinds kjarasamningsákvæðis og í ljósi þess hljóti dómurinn að verða við kröfu um ógildingu ákvörðunarinnar.

Stefnandi byggir fyrst og fremst á aðalkjarasamningi Flugleiða hf. og Flugvirkjafélags Íslands, sérstaklega grein 19.–1.

Stefnandi vísar máli sínu til stuðnings til almennra reglna um skuldbindingargildi samninga.

Kröfu um málskostnað styður stefnandi við XXI. kafla laga nr. 91/1991, aðallega 129. og 130. gr.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er tekið fram um málavexti að stefnandi, Jón Jósefsson, hafi verið ráðinn sem „Supervisor Reliability and Maintenance programs" hjá stefnda 1987. Í því hafi falist að hann var yfirmaður viðhaldskerfa stefnda. Hann hafi borið ábyrgð á því að viðhaldskröfur skiluðu sér inn í viðhaldskerfi félagsins til að tilskilið viðhald gæti farið fram. Sér til aðstoðar hafði hann tvo undirmenn.

Um ráðningu stefnanda í það starf hafi gilt ráðningarsamningur hans og stefnda. Almenn ráðningarkjör hans hafi að öðru leyti ráðist af kjarasamningi Flugvirkjafélags Íslands (FVFÍ) og Flugleiða hf.

Við yfirferð á skráningarlistum varðandi lofthæfisskírteini fyrir flugvélar félagsins þann 14. október 1998 hafi komið í ljós að Jón Jósefsson hafði ekki gengið frá fjórum lofthæfisfyrirmælum á eina af vélum félagsins, en tvö þeirra hafi þá verið komin yfir tilskilin tímamörk og honum verið ljóst að þau voru ófrágengin. Sú yfirsjón sé mjög alvarleg og hefði getað valdið félaginu miklu tjóni og álitshnekki þar sem flugvélin hafi misst lofthæfisskírteini sitt. Atvikið hafi verið það alvarlegt að forsvarsmenn stefnda töldu sig knúna að ganga á fund flugöryggissviðs flugmálastjórnar til að útskýra það. Hvað flugvélina varðar, þá hafi hún verið kyrrsett á meðan málið var í athugun og þar til nauðsynleg skoðun hafði farið fram.

Stefnanda hafi verið sagt upp stjórnunarstöðu sinni með uppsagnarfresti. Uppsögnin laut einungis að þeim starfsþætti, þ.e. breytingu á ráðningarkjörum, en ekki starfi hans sem flugvirkja að öðru leyti.

Málið hafi síðan verið sérstaklega rætt á fundi með fulltrúum FVFÍ þann 23. október 1998.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að breyting sú á ráðningarkjörum Jóns Jósefssonar sem ákveðin var þann 20. október 1998 hafi verið fullkomlega lögmæt. Hvorki lög né kjarasamningur FVFÍ standi því í vegi að félagið segði honum upp stjórnunar- og ábyrgðarþætti starfs hans með tilskildum uppsagnarfresti. Kjarasamningur FVFÍ taki ekki til slíkra starfa, hvorki hvað varðar laun né tilfærslur úr og í slíkar stöður. Það sé alfarið á valdi vinnuveitanda að skipa þeim störfum sem og öðrum ábyrgðarstöðum innan félagsins. Það leiði auk þess af eðli máls að vinnuveitanda verði ekki gert að hafa mann í slíkri trúnaðarstöðu ef vafi sé á að hann ræki skyldur sínar á fullnægjandi hátt.

Jóni hafi hvorki verið vikið úr starfi né hann sætt refsingu í skilningi gr. 19.–1. í kjarasamningi FVFÍ. Því til stuðnings bendir stefndi á að kröfugerð stefnanda miðast einungis við breytingu á ráðningarkjörum en ekki uppsögn. Jóni hafi staðið til boða áframhaldandi starf hjá stefnda og starfi þar enn.

Stjórnunar- og ábyrgðarstöðum fylgja sérstakar trúnaðarskyldur gagnvart vinnuveitanda þar sem viðkomandi starfsmaður ber ábyrgð á framkvæmd ákveðinna verkefna gagnvart honum. Félagið

verði að geta treyst því að þeim sé sinnt af fullri árvekni. Orsök stöðubreytingarinnar hafi verið óafsakanlegar yfirsjónir sem ósamrýmanlegar hafi verið þeim skyldum sem Jón bar gagnvart félaginu á grundvelli ráðningar sinnar í þá trúnaðarstöðu sem hann gegndi. Ákvæði gr. 19.–1. í kjarasamningi aðila eigi ekki við um stöðubreytingu þessa.

Þá er á því byggt af hálfu stefnda að það eitt að ákvæðum í kjarasamningi um samráð við FVFÍ eða að rannsókn sé ekki fylgt geti hvorki leitt til ólögmætis né ógildingar ákvörðunar um ráðningarkjör stefnanda.

Með vísan til þeirra sérstöku trúnaðarskyldna sem stefnandi hafði tekist á hendur með stjórnunar- og ábyrgðarstöðu sinni er því mótmælt að stöðubreyting stefnanda hafi falið í sér refsingu í skilningi gr. 19.–1. í kjarasamningi FVFÍ. Brot stefnanda beindist að stefnda. Stöðubreytingin hafi þannig ekki verið tilkomin vegna beinna brota á lögum eða opinberum flugreglum eins og áskilið sé í fyrrgreindu kjarasamningsákvæði.

Stefndi bendir einnig á að samráð við FVFÍ hafi farið fram þann 23. október 1998. Þá hafi verið haldinn fundur með stefnda og FVFÍ þar sem málið hafi verið rætt og FVFÍ sett fram hugmyndir sínar.

Auk þess byggir stefndi sýknukröfu sína á því að samkvæmt íslenskum rétti verði vinnuveitandi ekki skyldaður til að hafa þá starfsmenn í vinnu sem hann ekki vill hafa. Stöðubreyting stefnda verði því ekki ógilt með dómi.

Þá er bent á að stefnandi nýtur betri kjara en kjarasamningur FVFÍ ákveður. Það gildi bæði fyrir stöðubreytinguna og eftir að þóknun hans fyrir stjórnunarlega ábyrgð sé fallin niður. Lögum nr. 55/1980 um starfskjör launþega verði því ekki beitt um ráðningarkjör stefnanda. Þá er því mótmælt að málsmeðferðarákvæði í kjarasamningi verði jafnað til lágmarkskjara í skilningi þeirra laga.

Máli sínu til stuðnings vísar stefndi fyrst og fremst til laga nr. 80/1938, 2. tl. 1. mgr. 44. gr. og kjarasamnings FVFÍ. Um málskostnað vísast til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða.

Krafa stefnanda, Jóns Jósefssonar, er að viðurkennt verði með dómi að ákvörðun stefnda, Flugleiða hf., frá 20. október 1998 um breytingar á ráðningarkjörum hans, hafi verið ólögmæt. Að auki er þess krafist að ákvörðunin verði ógilt með dóminum. Kröfur stefn-

anda og málatilbúnað hans ber að skilja svo að hann telji ákvörðunina fela í sér uppsögn sem brjóti í bága við grein 19.–1. í gildandi kjarasamningi milli Flugvirkjafélags Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf. frá 29. janúar 1998. Snýst ágreiningur málsaðila í raun um það hvort stefndi hafi með ákvörðun sinni brotið gegn grein 19.–1. í kjarasamningnum. Úrlausnarefni Félagsdóms í máli þessu er að skera úr þeim ágreiningi, sbr. 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Grein 19.–1. í kjarasamningnum hljóðar svo:

„Eigi skal refsa eða víkja flugvirkja frá störfum fyrir brot gegn lögum eða opinberum flugreglum, nema í samráði við stjórn F.V.F.Í., eða að undangenginni dómsrannsókn, sem leiðir sekt hans í ljós.“

Stefnandi, Jón Jósefsson, er flugvirki að mennt og félagsmaður í Flugvirkjafélagi Íslands. Þann 29. júní 1987 var hann ráðinn í starf eftirlitsmanns viðhaldsverkefna („Supervisor Reliability and Maintenance Programs“) hjá stefnda. Fyrir dómi bar deildarstjóri verkfræðideildar stefnda að stefnandi hafi verið fulltrúi í verkfræðideildinni. Í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að staða stefnanda hjá stefnda hafi verið slík að stefndi hafi ekki verið bundinn af ákvæðum fyrrnefnds kjarasamnings, þ. á m. gr. 19.–1.

Við skýrslutökur fyrir dóminum kom fram að í starfi stefnanda fólst að sjá um að færa inn í tölvu viðhaldskröfur varðandi einstök loftför samkvæmt fyrirmælum framleiðanda sem staðfest eru og samþykkt af loftferðayfirvöldum í framleiðslulandi loftfarsins. Var skráning þessi liður í því að hlíta m.a. fyrirmælum reglugerðar um skoðanir, viðhald og viðgerðir loftfara nr. 443/1976 með áorðnum breytingum. Þá er það eitt skilyrða fyrir lofthæfi loftfars samkvæmt c.-lið 2. mgr. 20. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir, að viðhald þess og reglubundið eftirlit sé „í samræmi við reglur og fyrirmæli flugmálayfirvalda um stjórnun á viðhaldi þess og notkun viðurkenndra viðhaldsstöðva, grannskoðun, viðgerðir, breytingar og ísetningu búnaðar.“ Þegar stefnanda var tilkynnt sú ákvörðun að hann væri leystur undan störfum sem eftirlitsmaður viðhaldsverkefna var tekið fram að honum hafi orðið á alvarleg mistök við frágang fjögurra lofthæfifyrirmæla varðandi eina af flugvélum stefnda. Fyrir dómi bar deildarstjóri verkfræðideildar stefnda að með mistökum sínum hafi stefnandi brotið gegn opinberum fyrirmælum um lofthæfi. Með

þessu þykir nægilega í ljós leitt, að í mistökum stefnanda fólst brot gegn lögum og opinberum flugreglum.

Með bréfi stefnda þann 20. október 1998 var stefnanda gert að láta af starfi sínu sem „Supervisor Reliability and Maintenance Programs“ vegna fyrrgreindra mistaka sinna. Honum var gefinn kostur á að halda áfram störfum í sömu deild og hann hafði unnið í. Hins vegar urðu þær breytingar á ráðningarkjörum hans, að af honum var tekin sú stjórnunarlega ábyrgð er fólst í starfinu, auk þess sem tekin var af honum þóknun fyrir stjórnunarstarfið eftir að uppsagnarfresti lauk. Með þessari ákvörðun stefnda var stefnandi sviptur þeirri stöðu er hann gegndi hjá stefnda, jafnvel þótt hann starfi áfram innan sömu deildar. Hefur stefnanda þannig verið vikið úr starfi í skilningi greinar 19.–1. í fyrrnefndum kjarasamningi aðila. Það var hins vegar óheimilt nema að höfðu samráði við stjórn Flugvirkjafélags Íslands samkvæmt skýrum fyrirmælum í téðu samningsákvæði. Slíkt samráð bar að hafa áður en endanleg ákvörðun var tekin um að víkja stefnanda úr stöðunni. Það var hins vegar ekki gert. Eftir þessum úrslitum þykir rétt að taka kröfur stefnanda til greina á þann veg að viðurkennt er að stefndi, Flugleiðir hf., hafi brotið gegn grein 19.–1. í fyrrnefndum kjarasamningi með því að hafa ekki tilskilið samráð við stjórn FVFÍ.

Rétt þykir að stefndi greiði stefnanda 200.000 krónur í málskostnað. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefndi, Flugleiðir hf., braut gegn ákvæði greinar 19.–1. um tilskilið samráð í kjarasamningi dagsettum 29. janúar 1998 milli Flugvirkjafélags Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf.

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands vegna Flugleiða hf., greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f.h. Flugvirkjafélags Íslands vegna Jóns Jósefssonar, 200.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 3. júní 1999.

Nr. 19/1998. **Starfsmannafélag ríkisstofnana f.h. Halldóru Hilmarsdóttur**
(Hörður Felix Harðarson hdl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna ríkisspítalanna
(Einar Karl Hallvarðsson hrl.)

Kjarasamningur. Staðgengilslaun.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 19. maí sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gylfi Knudsen, Guðni Á. Haraldsson og Kristján Torfason.

Stefnandi er Starfsmannafélag ríkisstofnana (SFR), kt. 620269-3449, Grettisgötu 89, Reykjavík, f.h. félagsmanns síns Halldóru Hilmarsdóttur, kt. 161272-5589, Gullteig 12, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, kt. 550169-2829, Arnarhváli, Reykjavík, vegna ríkisspítalanna, kt. 540269-6379, Rauðarárstíg 31, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

Að viðurkennt verði með dómi að stefnda sé skylt að greiða Halldóru staðgengilslaun samkvæmt launaflokki 242 þrepi 8 í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkisins tímabilin 01.04.97–30.06.97, 04.12.97–31.01.98 og 16.03.98–31.03.98 og samkvæmt launaflokki B03–6 tímabilið 01.04.98–13.04.98.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmanna Mörkinni 1 sf. Við málskostnaðarákvörðun verði gætt að skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt vegna lögmannsþjónustu.

Dómkröfur stefnda.

Stefndi krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati Félagsdóms.

Með úrskurði uppkveðnum 4. mars sl. var hafnað kröfu stefndá um frávísun málsins. Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 25. mars sl. var sá úrskurður staðfestur.

Málavextir.

Halldóra Hilmarsdóttir er læknaritari að mennt og starfar hjá stefnda. Hún er félagsmaður í Starfsmannafélagi ríkisstofnana (SFR) og fékk greidd laun á þeim tíma sem hér skiptir máli samkvæmt þrepi 3 í launaflokki 239 í kjarasamningi SFR og stefnda. Hún gegnir ekki launuðu staðgengilsstarfi.

Sveindís Þórisdóttir er deildarlæknaritari á Landspítalanum. Gerir stefnandi kröfu til þess að Halldóra fái sömu laun og Sveindís fékk á þeim tíma sem um ræðir, þ.e. samkvæmt þrepi 8 í launaflokki 242 í kjarasamningi SFR og samkvæmt launaflokki B03-6 tímabilið 01.04.98–13.04.98.

Sveindís var frá störfum vegna forfalla tímabilin 01.04.97–30.06.97, 04.12.97–31.01.98 og 16.03.98–13.04.98. Var Halldóru falið að gegna störfum Sveindísar í forföllum hennar

Í grein 9.3.1. í kjarasamningi SFR er svohljóðandi ákvæði:

„Starfsmaður sem ekki er í stöðu staðgengils yfirmanns, en er falið að gegna störfum yfirmanns í forföllum hans eða störfum annars hærra launaðs starfsmanns, skal taka laun skv. launaflokki hins forfallaða starfsmanns þann tíma, er hann gegnir starfi hans."

Aðila greinir á um það hvort Halldóra Hilmarsdóttir eigi rétt til staðgengilslauna samkvæmt ákvæði þessu þann tíma sem hún gegndi störfum Sveindísar Þórisdóttur í forföllum hennar.

Stefnandi kveður mál þetta falla undir lögsögu Félagsdóms á grundvelli 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir á eftirtöldum málsástæðum og lagarökum.

Krafa stefnanda er um laun samkvæmt þeim launaflokki og því launaþrepi sem hinn forfallaði starfsmaður hafi fengið greidd laun eftir. Krafan er byggð á grein 9.3.1. í kjarasamningi SFR og stefnda. Eins og skýrt komi fram í ákvæðinu eigi það við hvort sem hinn forfallaði starfsmaður sé (1) yfirmaður viðkomandi starfsmanns eða (2) annar hærra launaður starfsmaður. Telur stefnandi öll skilyrði kjarasamningsákvæðisins uppfyllt. Á því er byggt að þar sem hinn forfallaði starfsmaður hafi fengið greidd laun samkvæmt 8 þrepi launaflokks 242 og að hluta samkvæmt launaflokki B03-6 eigi Halldóra rétt til launa samkvæmt sama launaflokki og sama launaþrepi þann tíma sem hærra launaði starfsmaðurinn var fjarverandi vegna forfalla og hún gegndi starfi hans.

Stefnandi bendir á að Félagsdómur hafi þegar dæmt um það álitaefni sem hér sé lagt fyrir dóm. Vísast til dóma Félagsdóms frá 30. desember 1991 í málinu nr. 6/1991 og frá 2. nóvember 1993 í málinu nr. 8/1993. Sá einn munur sé á atvikum þessa máls og tilvitnuðum málum að í þessu tilviki sé hinn forfallaði „annar hærra launaður starfsmaður" en í dómunum hafi hinir forfölluðu verið yfirmenn staðgengilsins.

Krafa um málskostnað er reist á 130. gr. laga um meðferð einkamála. Stefnandi telur að við ákvörðun málskostnaðar beri að líta til þess að stefnandi hafi leitast við að fá niðurstöðu í málið með tilvísun til dómafordæma Félagsdóms í sambærilegum málum, en stefndi hafi kosið að líta fram hjá þeim þannig að málshöfðun sé nauðsynleg. Stefndi njóti ekki frádráttarréttar vegna kostnaðar af virðisaukaskatti.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er tekið fram að samkvæmt grein 9.3.1. séu tilvikin tvenns konar, annars vegar þegar starfsmanni sé falið að gegna störfum yfirmanns í forföllum hans eða störfum annars hærra launaðs starfsmanns. Fyrir liggi að Halldóra hafi starfað sem læknaritari umrædd tímabil. Greint ákvæði vísar til þess að um annað starf sé að ræða. Engin breyting hafi orðið á starfi Halldóru umrædd tímabil. Þar sem um sama starfið hafi verið að ræða komi ákvæði greinarinnar ekki til álita.

Í samþykkt um kjör læknaritara frá 11. maí 1995, sem dæmd hafi verið skuldbindandi með dómi Félagsdóms þann 12. júní 1996 í málinu nr. 3/1996, séu sérstök ákvæði um röðun í flokka. Taki þau algerlega mið af starfsaldri. Sé í öllum tilvikum um að ræða starfsheitið „læknaritari", en eftir 5 ára starf fái viðkomandi starfsheitið „deildarlæknafulltrúi." Halldóra Hilmarsdóttir hafi unnið sem læknaritari, en ekkert starf hafi verið sérstaklega skilgreint sem starf deildarlæknafulltrúa, heldur sé þar einungis um að ræða kenni á röðun í launaflokk sem komi til eftir 5 ára starf. Það skilyrði ákvæðisins í grein 9.3.1. að starfsmanni hafi verið falið að gegna störfum annars hærra launaðs starfsmanns sé því ekki til að dreifa þegar af þeirri ástæðu að Halldóra hafi unnið starf læknaritara, ekki annað starf hærra launaðs starfsmanns heldur sitt eigið starf. Hafi því verið um eitt og sama starfið að ræða. Ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir því að á ákvæðið reyni samkvæmt orðan sinni sé að um annað

og meira starf sé að ræða en ekki hið sama. Starfið verði því að vera hærra launað vegna eðlis starfsins, en því sé ekki til að dreifa.

Þessu til áréttingar er á því byggt að læknaritarar séu löggilt starfsstétt. Hafi þeir einir leyfi til að kalla sig læknaritara og starfi sem slíkir og hafi til þess leyfi heilbrigðisráðherra. Vísað er til reglugerðar nr. 161/1987, reglugerðar nr. 162/1988 og reglugerðar nr. 325/1991, sbr. lög nr. 24/1985 um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta. Starfið sé skilgreint í 3. gr. reglugerðar nr. 161/1987 og felist það í því að annast ritun, skýrslugerð og umsjón með öllum gögnum sem varða sjúklinga og meðferð þeirra svo og annarra aðila er til heilbrigðisstofnana leita, allt samkvæmt nánari fyrirmælum lækna og undir handleiðslu þeirra og ábyrgð. Réttarreglur þessar gefi því ekki tilefni til annars en að litið sé á starf læknaritara sem eitt og sama starfið og samrýmist það fyrrgreindu ákvæði kjarasamnings og samþykktar um röðun í launaflokka, sem einungis sé byggð á starfsaldri.

Ákvæði í grein 9.3.1. vísar eðli málsins samkvæmt til þeirrar aðstöðu þegar um annað og breytt starf sé að ræða svo sem að framan er rakið, en slíkt eigi ekki við í tilviki Halldóru og er því mótmælt sem röngu og ósönnuðu. Ákvæðið vísar ekki til þeirrar aðstöðu þegar persónulegar ástæður valda því að annar starfsmaður sem vinnur sama starf sé hærra launaður en hinn. Engin rök standi til þess að Halldóra hefði sjálfkrafa átt að fá í sinn hlut hækkun þá sem einungis stafar af starfsaldri Sveindísar Þórisdóttur. Stefndi byggir á því að ákvæðið í grein 9.3.1. sé undantekningarákvæði frá því að starfsmaður sé ráðinn með vísan til þess starfsheitis sem greinir í kjarasamningi og að um laun fari samkvæmt því ákvæði. Ákvæðið beri því að skýra þröngt sem undantekningu frá meginreglunni sem fram kemur í 1. kafla kjarasamnings aðila.

Stefndi mótmælir því sem ósönnuðu að Halldóru hafi verið falið að gegna öðru starfi í skilningi ákvæðis 9.3.1. í kjarasamningi. Engin formleg ákvörðun yfirmanns hennar liggi fyrir þar að lútandi. Vísast um það til vinnureglu fjármálráðuneytisins um að slík ákvörðun skuli tekin af forstöðumanni, skriflega og með fyrirvara. Vísast hér til stjórnunarréttar yfirmanna Halldóru samkvæmt meginreglum vinnuréttar og meginreglu laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, t.d. í 15. gr. Í stjórnunarrétti felist að yfirmanni sé heimilt að stjórna fyrirkomulagi vinnu starfsmanns, svo sem því

hvaða verkefnum hver starfsmaður sinnir í starfi sínu. Í málinu verði að gera greinarmun á því hvenær starfsmanni sé falið að sinna verkefnum og hvenær honum sé falið annað starf eða fluttur milli starfa tímabundið. Halldóra hafi einatt sinnt sama starfinu.

Verði ekki á framangreint fallist er á því byggt að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda þar sem ráðningarsamningar hafi sérstaklega verðir gerðir um afleysingar. Við þær aðstæður eigi ákvæði greinar 9.3.1. ekki við heldur gildi efni ráðningarsamningsins þar að lútandi framar. Ákvæðin í 9. kafla kjarasamningsins byggi augljóslega á því að starfsmanni sem þegar sé ráðinn í starf sé að óbreyttum ráðningarsamningi falið af yfirmanni sínum að ganga í annað starf um stundarsakir. Þar sem Halldóra hafi gert sérstakan ráðningarsamning um afleysingar gildi efni hans og sá launaflokkur sem samið hafi verið um en ekki ákvæði 9. kafla kjarasamningsins.

Halldóra hafi verið í starfsþjálfun sem læknaritaranemi frá 1. ágúst 1996 til 30. nóvember 1996. Hafi hún síðan unnið sem fulltrúi í desember það ár. Með breytingu á ráðningarsamningi hafi hún verið ráðin til afleysingar sem læknaritari frá 1. apríl til 30. júní 1997 í fullt starf. Komi fram að hún hafi verið flutt af bæklunarlækningadeild yfir á svæfinga- og gjörgæsludeild í þrjá mánuði til afleysingar. Engin breyting hafi verið á starfi. Frá 4. desember 1997 til 31. janúar 1998 hafi hún verið ráðin í afleysingar í 60% starf sem læknaritari á svæfinga- og gjörgæsludeild. Hafi verið gerður sérstakur ráðningarsamningur þar að lútandi sem skammtímaráðning vegna afleysinga. Frá sama tíma hafi ráðning hennar verið sem nam 40% afleysingastarfi á Barnaspítala Hringsins samkvæmt sérstökum ráðningarsamningi, sem gilti þó til 28. febrúar 1998. Engin breyting hafi verið á starfi og um starf læknaritara hafi verið að ræða. Á tímabilinu 16. mars 1998 til 13. apríl 1998 kveður Ásdís Sveinsdóttir Halldóru hafa unnið 50% starf í afleysingum vegna forfalla Sveindísar Þórisdóttur. Stefndi telur að aðeins kæmu til álita þau tímabil þar sem sérstakur ráðningarsamningur um afleysingar hafi ekki legið fyrir verði ekki fallist á sýknukröfu að fullu. Engin rök séu til að taka viðurkenningarkröfu stefnanda til greina þar sem Halldóra hafi ekki unnið verkefni annars nema sem nam starfshlutfalli þess starfsmanns hluta tímans. Þá séu engin rök til að fallast á kröfu stefnanda að því leyti sem hún nái fram yfir 1. apríl 1998.

Stefndi mótmælir því að tilvitnaðir dómar Félagsdóms frá 30.

desember 1991 í málinu nr. 6/1991 og frá 2. nóvember 1993 í málinu nr. 8/1993 geti stutt kröfur stefnanda, en í báðum málunum hafi verið um að ræða staðgöngu yfirmanns. Halldóra Hilmarsdóttir hafi ekki leyst af yfirmann á þeim tímabilum sem kröfugerð stefnanda varðar.

Til stuðnings kröfu stefnda um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938.

Niðurstaða.

Með kjarasamningi aðila, er undirritaður var 24. apríl 1997, voru gildandi kjarasamningar aðila framlengdir til 31. október 2000 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningnum fólust. Í kjarasamningi aðila, er tók gildi 1. apríl 1995 og gilti til ársloka 1996, var sérstaklega fjallað um aðra staðgengla í grein 9.3.1. er samkvæmt framansögðu var framlengd með kjarasamningnum frá 24. apríl 1997.

Aðila málsins greinir á um túlkun á þessu ákvæði, en það er svohljóðandi:

„Starfsmaður sem ekki er í stöðu staðgengils yfirmanns, en er falið að gegna störfum yfirmanns í forföllum hans eða störfum annars hærra launaðs starfsmanns, skal taka laun skv. launaflokki hins forfallaða starfsmanns þann tíma, er hann gegnir starfi hans."

Halldóru Hilmarsdóttur var falið að gegna störfum Sveindísar Þórisdóttur, læknaritara (deildarlæknafulltrúa), í forföllum hennar. Það er krafa stefnanda, á grundvelli framangreinds ákvæðis, að viðurkennt verði með dómi að stefnda sé skylt að greiða Halldóru Hilmarsdóttur staðgengilslaun samkvæmt launaflokki 242 þrepi 8 í kjarasamningi aðila þrjú tilgreind tímabil og samkvæmt launaflokki B03 þrepi 6 fyrir eitt tímabil. Óumdeilt er að Halldóra Hilmarsdóttir tók laun samkvæmt launaflokki 239 þrepi 3 í fyrrgreindum kjarasamningi áður en nýtt launakerfi kom til sögunnar sem samið var um í kjarasamningnum frá 24. apríl 1997. Hvað varðar tímabilið 1. apríl 1998 til og með 13. apríl sama ár hefur stefndi sérstaklega mótmælt kröfu stefnanda á þeim forsendum að ekkert liggi fyrir í málinu um það hvenær þeim Halldóru og Sveindísi hafi verið raðað samkvæmt hinu nýja launakerfi.

Stefnandi byggir kröfu sína á því að samkvæmt skýru og ótvíræðu orðalagi greinar 9.3.1. í kjarasamningnum eigi staðgengill rétt til

sömu launa og hinn forfallaði starfsmaður naut. Halldóra Hilmarsdóttir hafi gegnt verkefnum Sveindísar Þórisdóttur í forföllum hennar. Enda þótt um sambærileg verkefni sé að ræða séu störfin ekki þau sömu. Umrætt ákvæði kjarasamningsins gildi, þótt störfin séu hliðsett, enda sé ekki neinn áskilnaður gerður í ákvæðinu um meiri ábyrgð og verkefni. Séu launin hærri beri staðgengli þau. Af hálfu stefnda er því ekki mótmælt að Halldóra Hilmarsdóttir hafi gegnt verkefnum Sveindísar Þórisdóttur umrædd tímabil. Hins vegar er þeirri túlkun mótmælt að það eitt nægi að laun hins forfallaða starfsmanns séu hærri. Sannað sé með vottorðum Ríkisspítala að um sama starf sé að ræða og munur á launaflokkum stafi eingöngu af starfstíma, sbr. ákvörðun samráðsnefndar frá 11. maí 1995 sem liggur fyrir í málinu. Skýra verði umrætt ákvæði kjarasamningsins svo að starfið verði að vera annað og meira vegna eðlis þess. Starfsmanni verði þannig að hafa verið falið að gegna öðru starfi í þessum skilningi. Því sé ekki til að dreifa í tilviki Halldóru Hilmarsdóttur.

Óumdeilt er að Halldóra Hilmarsdóttir gegndi ekki launuðu staðgengilsstarfi samkvæmt ráðningarsamningi. Jafnframt er ekki ágreiningur um það, eins og fyrr segir, að hún sinnti verkefnum Sveindísar Þórisdóttur í forföllum hennar. Þá verður ekki séð að ágreiningur sé um þau tímabil sem um ræðir í málinu, en sérstök mótmæli stefnda varðandi tímabilið 1. apríl 1998 til og með 13. apríl sama ár byggjast á því að óupplýst sé um tímamark gildistöku breytinga til samræmis við nýtt launakerfi. Halldóra Hilmarsdóttir og Sveindís Þórisdóttir tóku laun samkvæmt sama kjarasamningi. Enda þótt atvikum sé svo háttað í máli þessu að um hafi verið að ræða hliðsett störf verður það með hliðsjón af skýlausu orðalagi greinar 9.3.1. ekki talið útiloka að það ákvæði eigi við.

Fyrir liggur að Halldóra Hilmarsdóttir gegndi störfum Sveindísar Þórisdóttur, er hærra var launuð, á umræddum tíma. Samkvæmt ótvíræðu orðalagi greinar 9.3.1. í kjarasamningnum ber henni réttur til launa í staðgengilsstarfi eftir launaflokki 242 og skiptir ekki máli í því sambandi þótt gerðir hafi verið við hana sérstakir ráðningarsamningar um afleysingar. Kjarasamningsákvæði þetta tekur samkvæmt orðanna hljóðan eingöngu til launaflokks hins forfallaða starfsmanns en ekki til launaþreps. Hafnað er kröfu stefnanda að því er tekur til tímabilsins 1. apríl 1998 til og með 13. apríl sama ár, enda verður að taka undir það með stefnda að óupplýst sé af hálfu

stefnanda um launflokkaröðun Sveindísar Þórisdóttur í hinu nýja launakerfi.

Rétt þykir að stefndi greiði stefnanda 150.000 krónur í málskostnað.

Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Viðurkennt er að stefnda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, sé skylt að greiða Halldóru Hilmarsdóttur staðgengilslaun samkvæmt launaflokki 242 í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkisins tímabilin 01.04.97–30.06.97, 04.12.97–31.01.98 og 16.03.98–31.03.98.

Stefndi greiði stefnanda, Starfsmannafélagi ríkisstofnana, 150.000 krónur í málskostnað.

Föstudaginn 2. júlí 1999.

Nr. 4/1999. **Kristján Jakobsson o.fl.**
(Jóhann Halldórsson hdl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands vegna
Flugfélags Íslands hf.
(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)

Kjarasamningur. Forgangsréttur.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 22. júní sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gylfi Knudsen, Valgeir Pálsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Stefnendur eru Kristján Jakobsson, kt. 230664-4719, Baldur Þorsteinsson, kt. 190546-3309, Sveinbjörn Bjarnason, kt. 191068-2979, Rúnar Rúnarsson, kt. 070463-4319, Gústaf Guðmundsson, kt. 241146-3679, Axel Ingi Eiríksson, kt. 150163-4799, Þorleifur Pétursson, kt. 171172-5359, Rögnvaldur Hilmarsson, kt. 081163-4569, Jónas Jónasson, kt. 110564-7249, Bjarki Viðar Hjaltason, kt. 200845-3159, Hlynur Bjarkason, kt. 181068-4939, Tryggvi Jónsson, kt. 181255-4129, Hákon Helgason, kt. 061049-4449, Karl Jónsson, kt. 050570-3129, Ragnar Ólafsson, kt. 271058-5869, Frímann Svavarsson, kt. 260164-5469, Kolbeinn Ingi Arason, kt. 110651-3689, Jóhann Skírnisson, kt. 290659-7449, Ragnar Magnússon, kt. 090854-5699 og Ólafur Pétursson, kt. 220168-5149.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, Garðastræti 41, Reykjavík vegna Flugfélags Íslands hf., Reykjavíkurflugvelli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

Að stefndi hafi brotið gegn grein 01-3 í kjarasamningi Félags íslenskra atvinnuflugmanna annars vegar og Flugfélags Íslands hf. hins vegar.

Þá er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi auk álags sem nemur virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda.

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Málavextir.

Á aðalfundi Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) þann 25. febrúar 1997 var samþykkt að við sameiningu innanlandsflugs Flugleiða hf. og Flugfélags Norðurlands hf. undir merkjum Flugfélags Íslands hf. skyldi tekinn upp sameiginlegur starfsaldurslisti flugmanna Flugleiða hf. og Flugfélags Íslands hf. Sú krafa var til umræðu í kjarasamningum FÍA og Flugleiða hf. vorið 1997. Samningur þessara aðila var undirritaður 19. apríl 1997 án þess að gengið væri frá samkomulagi um sameiginlegan starfsaldurslista. Drög að slíku samkomulagi lágu þó fyrir, þ.e. hið svokallaða bláa blað. Í kjarasamningi aðila er að finna svohljóðandi bókun: „Við gerð kjarasamnings FÍA og Flugleiða er út frá því gengið að Flugleiðir hafi áfram í rekstri Fokker 50 flugvélar einkum í innanlandsflugi svo og flugi til næstu grannlanda, líkt og verið hefur. Komi til þess að Fokker 50 flugvélar Flugleiða flytjist yfir á flugrekstrarleyfi annars flugrekenda í ofangreindum flugverkefnum eða félagið hætti rekstri Fokker 50 flugvéla á samningstímabilinu getur FÍA krafist viðræðna um breytingar á samningnum. Verði af framangreindum breytingum án þess að samkomulag náist milli aðila innan 30 daga getur hvor aðili um sig sagt samningi þessum lausum með 45 daga fyrirvara."

Flugfélag Íslands hf. tók við rekstri innanlandsflugs Flugleiða hf. þann 1. júní 1997. Frá sama tíma tók félagið á leigu Fokkar F-50 flugvélar af Flugleiðum hf. Vélarnar voru leigðar með svokölluðu „wetleasing" fyrirkomulagi, þ.e. þannig að með þeim fylgir full áhöfn flugmanna sem eru starfsmenn Flugleiða hf.

Kjarasamningur FÍA og Flugfélag Íslands hf. var síðan undirritaður 1. júlí 1997. Er hann í öllum meginatriðum sambærilegur samningnum við Flugleiðir hf. Þannig eru ákvæði greinar 01-3 um forgangsrétt orðrétt þau sömu í báðum samningunum. Í samningnum er að finna svohljóðandi yfirlýsingu: „Aðilar eru sammála um að kanna leiðir til þess að taka upp sameiginlegan starfsaldurslista flugmanna Flugfélags Íslands og Flugleiða á grundvelli „bláa blaðsins"."

Ekki hefur tekist samkomulag um sameiginlegan starfsaldurslista flugmanna Flugfélags Íslands hf. og Flugleiða hf. en FÍA er samningsaðili fyrir hönd flugmanna beggja flugfélaganna. Stefnendur telja að stéttarfélagið hafi ekki gætt hagsmuna þeirra hvorki við gerð kjarasamninga 1. júlí 1997 né á gildistíma þess samnings.

Stefnendur telja að með fyrrgreindri leigu á Fokker F-50 flugvélum af Flugleiðum hf. hafi stefndi brotið forgangsréttarákvæði þeirra í kjarasamningi og höfða mál þetta sjálfir fyrir Félagsdómi á grundvelli 2. mgr. 45. gr. laga nr. 80/1938.

Málsástæður og lagarök stefnenda.

Varðandi forsögu málsins er tekið fram af hálfu stefnenda að tilvist sameiginlegs starfsaldurslista flugmanna Flugfélags Íslands hf. og Flugleiða hf. hefði mikla þýðingu fyrir flugmenn stefnda þar sem hann myndi gera þeim kleift að hljóta stöðuhækkanir innan starfssviðs beggja þessara flugfélaga. Þannig myndi tiltekinn starfsaldur veita þeim sama rétt til starfa í millilandaflugi Flugleiða hf. og flugmenn Flugleiða hf. hefðu.

Þannig hafi verið gengið út frá þeirri forsendu af hálfu starfsmanna hins nýja flugfélags að við gerð kjarasamninga vorið 1997 yrðu ákvæði þessa efnis fest í sessi í kjarasamningi aðila. Stefnendur hafi frá öndverðu talið að þessi samningaákvæði væru forsenda samningsgerðar enda legið fyrir að hluti af flugvélaflota Flugleiða hf. yrði nýttur í rekstri Flugfélags Íslands hf. Hafi stefnendur talið slíkt óásættanlegt nema jafnframt yrði tryggt að leiga stefnda á flugvélum Flugleiða hf. myndi ekki leiða til uppsagna flugmanna stefnda né tefja fyrir stöðuhækkunum eða nýráðningum miðað við áhafnaþörf.

Kjarasamningur sá sem FÍA undirritaði fyrri hönd félagsins við stefnda þann 1. júlí 1997 hafði ekki að geyma nein ákvæði um sameiginlegan starfsaldurslista, að því undanskildu, að í yfirlýsingu sem fylgdi samningunum var að finna svohljóðandi texta: „Aðilar eru sammála um að kanna leiðir til þess að taka upp sameiginlegan starfsaldurslista flugmanna Flugfélags Íslands hf. og Flugleiða hf. á grundvelli „bláa blaðsins"."

Við undirritun kjarasamninga hafi stefnendum verið tjáð að þrátt fyrir að ekki hefði tekist að ná fram samningsákvæðum um sameiginlegan starfsaldurslista þá væru hagsmunir félagsmanna, sem ætlað væri að starfa á grundvelli samningsins, tryggðir með vísun til þeirra

samningsákvæða sem finna mætti í grein 01-3 í viðkomandi samningi.

Í 2. mgr. grein 01-3 komi m.a. fram: „Telji félagið nauðsynlegt að nýta leiguflugvélar í áætlunarflugi og leiguflugi á hefðbundnum leiðum félagsins innanlands eða utan, skal haft samráð þar um við FÍA og áform félagsins rökstudd, enda leiði það ekki til uppsagna flugmanna né tefji fyrir stöðuhækkunum þeirra eða nýráðningum miðað við áhafnaþörf."

Þá segir í 3. mgr. s.g.: „Flugmenn Flugfélags Íslands skulu hafa forgang að þeim flugverkefnum sem um er að ræða á hverjum tíma á vegum Flugfélags Íslands innanlands sem utan. Tekur þetta til áætlunarflugs, leiguflugs og allra umsaminna flugverkefna..."

Strax við upphaf flugreksturs stefnda hafi fyrrnefnd samningsákvæði í kjarasamningi aðila verið þverbrotin með því að stefndi tók á leigu Fokkar F-50 flugvélar af Flugleiðum hf. Vélarnar voru og séu enn í dag leigðar með svokölluðu „wetleasing" fyrirkomulagi, þ.e. þannig að með þeim fylgir full áhöfn flugmanna sem eru starfsmenn Flugleiða hf.

Með því að umræddar Fokker F-50 flugvélar sinni meginþorra af áætlunarflugi stefnda hafi þetta fyrirkomulag leitt til þess að flugmönnum stefnda hafi fækkað verulega. Við sameiningu innanlandsdeildar Flugleiða hf. og Flugfélags Norðurlands hf. hafi flugmenn stefnda upphaflega verið 28 talsins. Í dag séu aðeins 22 flugmenn starfandi hjá stefnda, stefnendur þessa máls auk tveggja annarra. Á sama tíma hafi Flugleiðir hf. ráðið til starfa nær 40 flugmenn á þeim flugvélum sem stefndi leigir af Flugleiðum hf. Þá hafi stöðuhækkanir þessara flugmanna, á grundvelli starfsaldurslista Flugleiða hf., leitt til þess að enginn af þeim flugmönnum, sem upphaflega störfuðu á Fokker F-50 flugvélum í innanlandsflugi stefnda, starfi þar í dag. Hafi þeir allir hlotið stöðuhækkanir í utanlandsflug Flugleiða hf. á grundvelli fyrrnefnds starfsaldurslista Flugleiða hf. Á sama tíma hafi stefnendur setið eftir og orðið að sæta því að flugmenn Flugleiða hafi nýtt þeirra eigin störf til að öðlast starfsframa innan Flugleiða hf.

Vinnutilhögun flugmanna hjá stefnda sé þannig í dag að þeir sinni mjög fáum flugverkefnum. Meginþorri þeirra starfa sé við flug á Metró vélum stefnda á afmörkuðum áætlunarflugleiðum. Sé vinnuhlutfall aðeins brot af fullu vinnuframlagi flugmanns eða tæp

20% og starf þeirra nær aðeins fólgið í því að vera á bakvöktum. Alls sinni flugmenn stefnda aðeins 5% af heildaráætlunarflugi stefnda að teknu tilliti til fjölda farþega á áætlunarflugleiðum að þeirra eigin mati.

Að mati stefnenda brjóti umrædd framkvæmd stefnda á kjarasamningi aðila gróflega gegn grein 01-3 í kjarasamningi aðila. Þannig séu ákvæði kjarasamnings aðila í tilvitnaðri 3. mgr. greinar 01-3, þess efnis að flugmenn stefnda skuli hafa forgang til allra flugverkefna stefnda á hverjum tíma, innanlands sem utan, virt að vettugi. Þá sé ljóst að framkvæmd stefnda hefur leitt til fækkunar flugmanna og augljóslega tafið stöðuhækkanir þeirra auk þess sem engar nýráðningar hafi farið fram.

Telja stefnendur að umrædd framkvæmd stefnda á kjarasamningi aðila feli í sér skýrt brot gegn samningi aðila.

Í viðræðum við forsvarsmenn stefnda hafi komið fram sú afstaða félagsins að kjarasamningur aðila taki ekki til þeirra flugvéla sem starfsmenn Flugleiða hf. fljúgi, þ.e. Fokker F-50 flugvéla. Sé þessi afstaða rökstudd með vísun til greinar 17-1 í kjarasamningi aðila en greinin sé svohljóðandi: „Samningur þessi gildir um þær flugvélategundir sem nú eru í notkun hjá Flugfélagi Íslands (METRO, FHC 6 og Piper Chieftain).“ Því sé ekki um brot á samningnum að ræða. Stefnendur hafna algerlega þessum málatilbúnaði stefnda enda hafi umrætt ákvæði ekki sjálfstætt gildi í þessu sambandi. Í umræddri grein segi aðeins að samningurinn gildi um þær flugvélar, sem voru í rekstri hjá stefnda á undirskriftardegi kjarasamnings aðila. Efnislega varði þetta ákvæði aðeins röðun flugmanna í launaflokka enda taki laun þeirra breytingum eftir flugvélategundum. Verði fráleitt talið að forgangur stefnenda til flugverkefna á vegum stefnda sé háður ákveðnum flugvélategundum enda ekki tilgangur ákvæðisins þegar það var fyrst sett í kjarasamning aðila. Sambærilegt ákvæði sé í kjarasamningi Flugleiða hf. og FÍA og hafi túlkun þess aldrei sætt vafa við framkvæmd og skýringu þess kjarasamnings. Þá er jafnframt bent á að í kröfugerð stefnenda felist ekki krafa til þeirra starfa sem flugmenn Flugleiða hf. starfi við á Fokker F-50. Krafan taki aðeins til þeirra flugverkefna sem þessir starfsmenn Flugleiða hf. sinni. Þannig væri hægur vandi að sinna þessum sömu verkefnum með þeim flugvélategundum sem tilgreindar séu í grein 17-1 í kjarasamningi aðila.

Stefnendur hafi ítrekað krafist þess að stéttarfélag þeirra, Félag íslenskra atvinnuflugmanna, sinni hagsmunagæslu fyrir þeirra hönd vegna fyrrgreindra brota stefnda á kjarasamningi aðila. Allar tilraunir til þess að knýja félagið til aðgerða hafi reynst árangurslausar. Hafi stefnendur ítrekað tilkynnt FÍA að þeir myndu virða aðgerðarleysi félagsins sem höfnun í skilningi 2. mgr. 45. gr. laga nr. 80/1938. Hafi félagið í engu sinnt beiðnum stefnenda að öðru leyti en því að félagið tilkynnti þann 7. janúar 1999 að félagið liti svo á að það þjónaði ekki hagsmunum félagsmanna að höfða mál fyrir Félagsdómi. Af hálfu stefnenda sé þannig fullnægt skilyrðum 2. mgr. 45. gr. laga nr. 80/1938 til þess að stefnendur höfði mál þetta í eigin nafni fyrir Félagsdómi.

Stefnendur byggja málatilbúnað sinn á kjarasamningi aðila og meginreglum vinnu- og samningaréttar. Þá byggja stefnendur málatilbúnað sinn á lögum nr. 80/1938, sbr. sérstaklega 2. mgr. 45. gr. sömu laga, sbr. og 19. gr. laga nr. 91/1991.

Krafa um málskostnað styðst við XXI. kafla laga um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun styðst við lög nr. 50/1988 en stefnendur eru ekki virðisaukaskattskyldir aðilar og ber því nauðsyn að fá dæmt álag á málskostnað er nemi virðisaukaskatti af málflutningsþóknun.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er m.a. tekið fram um málavexti að samkvæmt bókuninni í kjarasamningi FÍA og Flugleiða hf. væri félagið í reynd skuldbundið til áframhaldandi reksturs Fokkervélanna með eigin flugmönnum.

Við gerð samnings FÍA og Flugfélags Íslands hf. hafi því legið fyrir að flugmenn Flugfélags Íslands hf. myndu ekki sinna þeim verkefnum sem Fokker 50 flugvélarnar yrðu notaðar til í innanlandsfluginu. Gildissvið samningsins markaðist af því. Í grein 17-1 sé þannig tekið fram að samningurinn gildi um þær flugvélategundir sem þá voru í notkun hjá Flugfélagi Íslands hf. (Metro, FHC 6 og Piper Chieftain).

Varðandi sameiginlegan starfsaldurslista er tekið fram í yfirlýsingu með samningnum að aðilar séu sammála um að kanna leiðir til þess að taka upp sameiginlegan starfsaldurslista flugmanna Flugfélags Íslands hf. og Flugleiða hf. á grundvelli „bláa blaðsins“. Það fyrirheit hafi verið efnt af hálfu Flugfélags Íslands hf. en viðræður

standi yfir milli félagsins og Flugleiða hf. annars vegar og FÍA hins vegar, en það félag sé samningsaðili fyrir hönd flugmanna beggja flugfélaganna.

Kjarasamningur FÍA og Flugfélags Íslands hf. hafi síðan verið samþykktur í atkvæðagreiðslu meðal flugmanna Flugfélags Íslands hf.

Stefnendur séu allir í fullu starfi hjá Flugfélagi Íslands hf. Nýting, þ.e. meðalflugstundafjöldi flugmanna Flugfélags Íslands hf. sé ekki verulega frábrugðin nýtingu flugmanna Fokkervélanna. Fullyrðingar af hálfu stefnenda um að vinnuhlutfall þeirra sé aðeins brot af vinnuframlagi flugmanns séu því rangar.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að grein 01-3 í kjarasamningi aðila verði ekki beitt um nýtingu Flugfélags Íslands hf. á Fokker flugvélum Flugleiða hf. Sú staðreynd að vélarnar hafi verið leigðar með áhöfn og nýttar í flugi á vegum Flugfélags Íslands hf. og að svo yrði áfram hafi verið ljós við gerð fyrrgreinds kjarasamnings.

Máli sínu til stuðnings bendir stefndi á að samningur aðila hafi verið gerður 1. júlí 1997, heilum mánuði eftir að Flugfélag Íslands hf. hafi yfirtekið verkefni Flugleiða hf. innanlands og hin umdeilda skipan var tekin upp. Hefði samninganefnd FÍA talið það stríða gegn ákvæðum eða forsendum samningsins hefði það þurft að koma fram við samningsgerðina. Svo var ekki. Engir fyrirvarar varðandi Fokkerflugið hafi verið teknir upp í samninginn. Samningur Flugfélags Íslands hf. hafi verið gerður á grundvelli kjarasamnings Flugleiða hf. og á þeim forsendum sem fyrir lágu samkvæmt þeim samningi og við sama stéttarfélag. FÍA hafi verið samningsaðili fyrir hönd flugmanna við gerð beggja fyrrgreindra samninga. Stefnendum hafi auk þess verið fullkunnugt um efni Flugleiðasamningsins og áformað fyrirkomulag Fokkerflugsins.

Gildissvið kjarasamnings Flugfélags Íslands hf. sé auk þess skýrt afmarkað í samningnum sjálfum, sbr. grein 17-1. Hann taki einungis til flugs með þeim flugvélategundum sem þar séu tilgreindar. Fokkerflugið falli því ekki undir gildissvið samningsins.

Samningurinn, eins og gengið var frá honum, hafi verið löglega samþykktur við atkvæðagreiðslu meðal flugmanna Flugfélags Íslands hf. Engar brigður hafi verið bornar á að stjórn eða samninganefnd FÍA hafi ekki farið að lögum varðandi samningsgerðina.

Ákvæði greinar 01-3 sé almennt forgangsréttarákvæði sem verið

hafi um árabil í kjarasamningi Flugleiða hf. og því alls ótengt því deilumáli sem hér sé til úrlausnar. Engin loforð um að ekki gæti komið til fækkunar flugmanna Flugfélags Íslands hf. hafi verið gefin við samningsgerðina 1997 né heldur um framgang og stöðuhækkanir flugmanna.

Stefndi hafi að fullu staðið við skyldur sínar samkvæmt samningnum. Viðræður um möguleika þess að taka upp sameiginlegan starfsaldurslista standi yfir. Öllum ásökunum um kjarasamningsbrot stefnda er því mótmælt.

Þá mótmælir stefndi því sem röngu og ósönnuðu að við undirritun kjarasamnings Flugfélags Íslands hf. hafi verið rætt um að grein 01-3 tryggði sérstaklega hagsmuni þeirra sem ætlað væri að starfa samkvæmt samningnum. Þessi grein kjarasamningsins hafi aldrei komið til umræðu í tengslum við sameiginlega starfsaldurslistann eða Fokkerflugið enda ljóst hvaða fyrirkomulag yrði á því á samningstímanum.

Ákvæði greinar 17-1 í kjarasamningi Flugfélags Íslands snúi alfarið að gildissviði samningsins og hafi ekki aðra praktíska þýðingu þar sem laun séu óháð flugvélagerð samkvæmt samningnum.

Máli sínu til stuðnings vísar stefndi til 5. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, kjarasamnings Flugfélags Íslands hf. og FÍA, dags. 19. apríl 1997, og kjarasamnings Flugleiða hf. og FÍA, dags. 1. júlí 1997.

Um málskostnað er vísað til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða.

Samkvæmt ótvíræðu orðalagi 3. mgr. greinar 01-3 í kjarasamningi Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Flugfélags Íslands hf., dags. 1. júlí 1997, skulu flugmenn Flugfélags Íslands hf. hafa forgang að þeim flugverkefnum sem um er að ræða á hverjum tíma á vegum félagsins innanlands sem utan. Tekur þetta til áætlunarflugs, leiguflugs og allra umsaminna flugverkefna.

Í kjarasamningi Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Flugleiða hf. sem undirritaður var 19. apríl 1997 var út frá því gengið með sérstakri bókun að Flugleiðir hf. hefðu áfram í rekstri Fokker 50 flugvélar í innanlandsflugi svo sem verið hafði. Með sérstökum leigusamningi („Wet Lease") þann 29. maí 1997 tók stefndi á leigu hjá Flugleiðum hf. fjórar tilgreindar flugvélar af gerðinni Fokker 50 frá

og með 1. júní 1997. Samkvæmt samningnum skyldu flugmenn leigusala, Flugleiða hf., fljúga vélunum á leigutímanum. Samkvæmt því lá fyrir við gerð kjarasamningsins 1. júlí 1997 að flugmenn Flugleiða hf. myndu áfram sinna flugverkefnum á Fokker 50 flugvélunum.

Þessi tilhögun var stefnendum ljós við gerð kjarasamnings FÍA og stefnda. Lá þá einnig fyrir að ekki hafði samist um sameiginlegan starfsaldurslista flugmanna Flugleiða hf. og Flugfélags Íslands hf., en í samningnum er að finna svohljóðandi yfirlýsingu: „Aðilar eru sammála um að kanna leiðir til þess að taka upp sameiginlegan starfsaldurslista flugmanna Flugfélags Íslands og Flugleiða á grundvelli „bláa blaðsins“.“

Þegar framangreint er virt og litið til þess að aðilum málsins, svo og Félagi íslenskra atvinnuflugmanna sem samningsaðila fyrir hönd flugmanna við gerð beggja fyrrgreindra samninga, var fullkunnugt um að flugmenn Flugleiða hf. myndu sinna fyrrgreindum flugverkefnum, verður að telja að stefndi hafi ekki brotið gegn grein 01-3 í kjarasamningi Félags íslenskra atvinnuflugmanna og stefnda.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnenda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands vegna Flugfélags Íslands hf., skal vera sýkn af kröfum stefnenda, Kristjáns Jakobssonar o.fl., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 13. september 1999.

Nr. 7/1999. **Launanefnd sveitarfélaga**
f.h. Árborgar
(Lára V. Júlíusdóttir hrl.)
gegn
Félagi íslenskra leikskólakennara
(Gestur Jónsson hrl.)

Frávísunarkröfu hafnað.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 6. september sl., er höfðað með stefnu þingfestri 17. ágúst 1999.

Málið dæma Kristjana Jónsdóttir, Ingibjörg Benediktsdóttir, Arngrímur Ísberg, Gísli Gíslason og Guðni Á. Haraldsson.

Stefnandi er Launanefnd sveitarfélaga, Háaleitisbraut 11, Reykjavík f.h. Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi.

Stefndi er Félag íslenskra leikskólakennara, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að uppsagnir Ásthildar Bjarnadóttur, Dagnýjar Bjarkar Ólafsdóttur, Guðrúnar Sigurðardóttur, Hrafnhildar Karlsdóttur, Ingibjargar S. Guðmundsdóttur, Ingibjargar Hörpu Sævarsdóttur, Kristínar Bjarnadóttur, Kristínar Ólafsdóttur, Kristrúnar Hafliðadóttur, Margrétar Gísladóttur, Margrétar Jónu Ólafsdóttur og Valgerðar Vilbergsdóttur úr störfum leikskólakennara hjá Árborg verði dæmdar brot á friðarskyldu á gildistíma kjarasamnings og því ólögmæt vinnustöðvun.

2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað vegna meðferðar málsins fyrir Félagsdómi, þ.m.t. kostnað stefnanda af virðisaukaskattskyldri lögmannsþjónustu.

Dómkröfur stefnda.

Aðallega að kröfum stefnanda verði vísað frá Félagsdómi.

Til vara að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu samkvæmt mati réttarins. Þess er krafist að við málskostnaðarákvörðun verði tekið tillit til skyldu stefnda til að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun lögmanns síns.

Hinn 6. september sl. fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfu stefnda.

Dómkröfur stefnda í þessum þætti málsins eru þær að málinu verði vísað frá dómi og stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnanda eru þær að frávísunarkröfu stefnda verði hafnað. Ekki er að svo stöddu gerð krafa um málskostnað sérstaklega í þessum þætti málsins en stefnandi áskilur sér rétt til þess að setja fram kröfu um málskostnað varðandi þennan þátt málsins við aðalmeðferð, ef til hennar kemur.

Málavextir.

Málavextir eru þeir að ofangreindir einstaklingar, sem starfað hafa hjá Árborg á fjórum leikskólum, Árbæ, Álfheimum, Ásheimum og Glaðheimum, sögðu allir upp störfum sínum fyrir mánaðamótin júní/júlí 1999 með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Verða starfslok þeirra þann 30. september 1999. Í öllum uppsagnarbréfunum er tekið fram að ástæða uppsagnar sé óánægja vegna launamála. Eru þetta allt starfandi leikskólakennarar Árborgar og félagsmenn í Félagi íslenskra leikskólakennara.

Ofangreindir félagsmenn stefnda hafa um nokkurra mánaða skeið óskað eftir launaleiðréttingum hjá Árborg, en í gildi sé kjarasamningur milli launanefndar sveitarfélaga f.h. þeirra sveitarfélaga sem hún hefur samningsumboð fyrir og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Félags íslenskra leikskólakennara hins vegar sem undirritaður var 20. september 1997. Gildir kjarasamningurinn til 31. desember 2000. Samningurinn var samþykktur af Félagi íslenskra leikskólakennara.

Leikskólakennarar óskuðu eftir leiðréttingum á kjörum sínum með sameiginlegu bréfi, dags. 11. mars 1999, og var bréfið undirritað bæði af leikskólastjórum og leikskólakennurum.

Stefnandi kveður breytingar hafa verið gerðar á kjörum leikskólastjóra í samræmi við ákvæði kjarasamningsins þar um og hafi skólastjórarnir ekki sagt upp störfum sínum. Allir aðrir leikskólakennarar hjá Árborg hafi nú sagt upp störfum sínum. Þetta séu því fjöldauppsagnir. Þar sem í gildi sé kjarasamningur með aðilum séu fjöldauppsagnir félagsmanna stefndu brot á friðarskyldu sem jafna megi til ólögmætra verkfallsaðgerða.

Stefndi leggur áherslu á að stefndi, Félag íslenskra leikskólakenn-

ara, hafi engan þátt átt í ákvörðun leikskólakennaranna um að segja upp störfum. Viðræður þeirra við vinnuveitanda sinn um það sem kallað sé „launaleiðrétting" í stefnu hafi ekki verið á vegum félagsins heldur á vegum starfsmanna sjálfra. Stjórn og starfsmönnum hafi ekki verið kunnugt um uppsagnirnar fyrir fram og muni fyrst hafa frétt af uppsögnunum í útvarpsfréttum. Á vegum Félags íslenskra leikskólakennara hafi engar ákvarðanir verið teknar sem tengist óánægju leikskólakennara hjá Árborg með ráðningarkjör sín.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi kveður máli þessu stefnt fyrir Félagsdóm á grundvelli 2. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Árborg hafi falið launanefnd sveitarfélaga fullnaðarumboð til kjarasamningsgerðar. Þar sem viðkomandi stéttarfélag fari með aðild máls fyrir Félagsdómi skv. 4. mgr. 27. gr. laga nr. 94/1986 sé Félagi íslenskra leikskólakennara stefnt, en leikskólakennararnir sem sagt hafi upp störfum séu allir félagsmenn þess félags. Það sé hlutverk Félagsdóms að dæma um lögmæti boðaðra eða þegar hafinna vinnustöðvana. Án tillits til þess hvort Félag íslenskra leikskólakennara hafi sjálft komið að málinu eða ekki, sé stefnanda mikilvægt að fá úr því leyst, hvort fjöldauppsagnir leikskólakennara hjá Árborg, sem að framan sé lýst, séu heimilar. Vísar stefnandi hér til dóms Félagsdóms í máli nr. 14/1992 milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Sjúkraliðafélags Íslands og Hrd. 1993:8 í máli Sjúkraliðafélags Íslands gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

I. Fjöldauppsagnir.

Augljóst sé að uppsagnir leikskólakennara hjá Árborg séu skipulagðar fjöldauppsagnir, samantekin ráð, til að knýja fram kjarabætur:

1. Allir þeir einstaklingar sem sagt hafi upp störfum nú hafi skrifað undir bréf til Árborgar þann 11. mars 1999 þar sem óskað sé eftir leiðréttingu á launakjörum og séu þeir því aðilar að sameiginlegri kröfugerð um kjarabætur.

2. Uppsagnarbréfin gefi það til kynna að um samantekin ráð sé að ræða. Þótt þau séu ýmist handskrifuð eða vélrituð komi sömu efnisþættir fram í þeim öllum og sum þeirra séu orðrétt eins. Dagsetningar uppsagna og lokastarfsdaga séu allar þær sömu og í öllum bréfunum komi fram að orsakir uppsagna séu óánægja með kjör.

3. Allir leikskólakennarar sveitarfélagsins utan tveir hafi sagt upp störfum sínum.

4. Leikskólakennarar hafi sjálfir lýst því yfir að þeir séu í sameiginlegum samningaviðræðum við Árborg og hafi gripið til þess ráðs að segja upp þar sem þeir hafi ekki fengið viðræðufundi með viðsemjendum sínum.

II. Brot á friðarskyldu.

Fjöldauppsagnir félagsmanna stefnda sé aðgerð sem jafna megi til vinnustöðvunar. Þar sem í gildi sé kjarasamningur milli aðila sé aðgerðin brot á friðarskyldu og því ólögmæt.

Um þetta vísist til 19. gr. laga nr. 80/1938, þar sem vinnustöðvanir séu skilgreindar. Þar segi:

„Vinnustöðvanir í skilningi laga þessara eru verkbönn atvinnurekenda og verkföll þegar launamenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar."

Þetta ákvæði hafi komið inn í lög um stéttarfélög og vinnudeilur með lagabreytingu 1996, lög nr. 75/1996. Af frumvarpi og lestri nefndarálits sé ljóst að með orðunum „öðrum sambærilegum aðgerðum af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar" sé meðal annars átt við fjöldauppsagnir. Í upphaflegu frumvarpi til laga nr. 75/1996 hafi verið gert ráð fyrir svohljóðandi skilgreiningu á hugtakinu vinnustöðvun í 5. gr. frumvarpsins.

„Vinnustöðvanir í skilningi laga þessara eru verkbönn atvinnurekenda og verkföll þegar launamenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um fjöldauppsagnir og aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar."

Meirihluti félagsmálanefndar hafi lagt til þá orðalagsbreytingu á greininni sem síðar hafi orðið að lögum. Í nefndaráliti meirihlutans segi svo: „Lögð er til sú breyting á 5. gr. frumvarpsins að felld verði brott tilvísun til fjöldauppsagna. Hér er þó ekki lagt til að fjöldauppsögnum verði aldrei unnt að jafna til vinnustöðvunar, enda geta slíkar uppsagnir fallið undir aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar."

Þótt skilgreininguna á vinnustöðvun sé að finna í lögum um stétt-

arfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, en ekki í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986, verði að líta svo á að þær meginreglur í starfsemi stéttarfélaga sem dregnar séu upp í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, þar með talið skilgreining á hugtakinu vinnustöðvun, eigi enn fremur við um opinbera starfsmenn. Hér sé sett fram grunnregla um það hvað felist í hugtakinu vinnustöðvun. Um þetta megi vísa til dóms Félagsdóms frá 27. nóvember 1998 í máli Stéttarfélags verkfræðinga gegn Reykjavíkurborg og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, en þar hafi grunnreglur laga um stéttarfélög og vinnudeilur verið lagðar til grundvallar réttarstöðu manna sem féllu undir lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Enn fremur sé vísað í dóm bæjarþings Reykjavíkur frá 12. nóvember 1981 í málinu nr. 1786/1981: Læknaþjónustan sf. gegn heilbrigðisráðherra f.h. skrifstofu ríkisspítalanna og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Í niðurstöðu dómsins sé fjallað um fjöldauppsagnir sjúkrahúslækna sem ekki vildu una dómi Kjaradóms. Þar segi dómari uppsagnirnar hafa verið brot á friðarskyldu þeirra á gildistíma kjarasamnings og því ólögmæta aðgerð.

Í Danmörku hafi fjöldauppsagnir verið dæmdar brot á friðarskyldu og vísist m.a. um það í dóm í Faglig Voldgift frá 4. júlí 1995 í málinu Amtsraadsforeningen i Danmark for Aarhus Amt mod Dansk Sygeplejeraad for egne vegne og for et antal medlemmer af forbundet.

Stefnanda sé nauðsynlegt að fá úr því skorið sem fyrst hvort félagsmenn stefnda hafi hér gerst brotlegir svo Árborg megi bregðast við því ástandi sem skapast hafi. Uppsagnir allra leikskólakennara í einu sveitarfélagi hafi í för með sér verulega röskun á starfsemi skólanna og hafi enn fremur víðtækar keðjuverkanir sem nauðsynlegt sé að bregðast við sem fyrst.

Málsástæður og lagarök stefnda vegna frávísunarkröfu.

Stefndi byggir á því að málinu beri að vísa frá Félagsdómi þar sem lögsaga dómsins nái ekki til úrlausnaratriðisins. Málinu sé stefnt fyrir dóminn á grundvelli 2. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þar segi að Félagsdómur dæmi í málum sem rísi milli samningsaðila um lögmæti boðaðra eða þegar hafinna vinnustöðvana. Stefnandi segi mál þetta risið af ákvörðun 12 tilgreindra einstaklinga sem hann stefni í málinu. Kraf-

an í málinu sé um að ákvörðun þessara einstaklinga verði talin brot gegn réttindum stefnanda. Engin krafa sé gerð á hendur stéttarfélaginu, samningsaðilanum, um annað en málskostnað. Málsóknninni sé beint að stefnda á grundvelli þess málsóknarumboðs sem hann geti haft samkvæmt 4. mgr. 27. gr. l. nr. 94/1986 fyrir einstaka félagsmenn sína.

Samkvæmt framansögðu sé ljóst að mál þetta hafi ekki risið milli samningsaðila heldur sé það milli Árborgar og tiltekinna starfsmanna sveitarfélagsins. Þótt túlka bæri 4. mgr. 27. gr. l. nr. 94/1986 eins og stefnandi geri, þ.e. að hún feli í sér að stefna megi félaginu vegna athafna félagsmanna þess, þá verði félagið þar með ekki aðili að dómsmálinu. Félagið hafi tiltekið málsóknarumboð (mandatarumboð) f.h. félagsmanna sinna samkvæmt tilvitnaðri lagagrein en sé sjálft ekki aðili að málinu.

Rökstuðningur stefnanda gegn frávísunarkröfu.

Stefnandi byggir á því í þessum þætti málsins að Félag íslenskra leikskólakennara geti ekki skotið sér undan ábyrgð á uppsögnum umræddra leikskólakennara. Enda þótt stjórn Félags íslenskra leikskólakennara hafi ekki fjallað um málið beri félagið samt sem áður ábyrgð á samningsrofum félagsmanna þess. Vísar stefnandi í því sambandi til 13. gr. laga nr. 94/1986. Ágreiningur sé uppi milli samningsaðila og sé stefnanda brýnt að fá úr því leyst hvort uppsagnir til þess að knýja fram kjarabreytingar standist að lögum. Ef skýra eigi 26. gr. laga nr. 94/1986 svo þröngt að hún eigi aðeins við ef stjórn félags hefur komið að þeim ágreiningi sem uppi er hverju sinni, þá hafi ákvæði 4. mgr. 27. gr. sömu laga engan tilgang.

Niðurstaða.

Í máli þessu er því haldið fram af hálfu stefnanda að um ólögmæta vinnustöðvun og brot á friðarskyldu hafi verið verið að ræða þegar 12 leikskólakennarar sögðu upp störfum sínum við leikskóla í sveitarfélaginu Árborg frá og með 1. júlí sl. Enda þótt því sé ekki haldið fram að Félag íslenskra leikskólakennara hafi komið að umræddum ágreiningi um launakjör milli leikskólakennaranna og vinnuveitanda þeirra, er því haldið fram að félagið beri ábyrgð á uppsögnunum, eins og að framan er rakið. Aðilar máls þessa eru aðilar að kjarasamningi sem í gildi hefur verið frá 1. september 1997 og gildir til 31. desember 2000. Þannig er stefndi samningsaðili í skilningi 4. gr. laga nr. 94/1986 og réttur aðili til þess að fara með

mál félagsmanna sinna fyrir dóminum, sbr. 4. mgr. 27. gr. laga nr. 94/1986. Samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 dæmir Félagsdómur í málum sem rísa milli samningsaðila um lögmæti boðaðra eða þegar hafinna vinnustöðvana. Telja verður, samkvæmt framansögðu, að ákvæði 2. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 sé uppfyllt og ber því að hafna frávísunarkröfu stefnda.

Ákvörðun málskostnaðar í þessum þætti málsins bíður efnisdóms.

Úrskurðarorð:

Frávísunarkröfu stefnda er hafnað.

Ákvörðun málskostnaðar í þessum þætti málsins bíður efnisdóms.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 20. september 1999 samkvæmt heimild í 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Krefst hann þess að málinu verði vísað frá Félagsdómi og varnaraðili dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Félagsdómi og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar á úrskurði Félagsdóms og kærumálskostnaðar.

Málsatvik eru rakin í hinum kærða úrskurði. Milli aðila máls þessa er í gildi kjarasamningur frá september 1997, sem falla á úr gildi 31. desember 2000. Kom sóknaraðili fram fyrir hönd félagsmanna sinna við samningsgerðina samkvæmt 4. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Er það krafa varnaraðila í málinu að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að uppsagnir tólf leikskólakennara, sem eru félagsmenn sólknaraðila, úr störfum hjá Árborg verði dæmdar brot á friðarskyldu á gildistíma kjarasamningsins og því ólögmæt vinnustöðvun. Samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 á Félagsdómur að dæma um lögmæti boðaðra eða þegar hafinna vinnustöðvana. Málsókn sína gegn sóknaraðila byggir varnaraðili og á 4. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stéttarfélög reki mál sín og félagsmanna sinna fyrir Félagsdómi.

Við efnisúrlausn máls þessa yrði úr því skorið hvort uppsagnir fyrrgreindra félagsmanna sóknaraðila feli í sér ólögmæta vinnustöðvun og þá jafnframt tekin afstaða til ábyrgðar og aðildar sóknaraðila, en hann krefst til vara sýknu vegna aðildarskorts. Að þessu athuguðu og með vísan til ofangreindra lagaákvæða þykir mál þetta heyra undir Félagsdóm. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Rétt þykir að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 1. október 1999.

Nr. 6/1999. **Erik Magnússon**
(Lára V. Júlíusdóttir hrl.)
gegn
Búnaðarbanka Íslands hf.
(Indriði Þorkelsson hdl.)

Kjarasamningur. Vaktaálag.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. september sl., er höfðað með stefnu þingfestri 17. ágúst 1999.

Málið dæma Kristjana Jónsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Guðni Á. Haraldsson og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er Erik Magnússon, Álftamýri 34, Reykjavík.

Stefndi er Búnaðarbanki Íslands hf., Hafnarstræti 8, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

1. Að viðurkenndur verði sá skilningur stefnanda á ákvæði 2.6.2. í kjarasamningi stefnda við SÍB þar sem segir að „þeir sem vinna á reglubundnum vinnuvöktum eða vinna hluta af vikulegri vinnuskyldu sinni utan dagvinnutímabils skulu fá vaktaálag fyrir unnin störf á þeim tíma er fellur utan venjulegs dagvinnutímabils" verði að túlka svo að stefnanda beri fyrir störf sín við húsvörslu á kvöldin og næturnar að fá greitt vaktaálag.

2. Jafnframt að sá skilningur verði viðurkenndur að álagsgreiðslur fyrir húsvörslu beri að miða við ákvæði í gr. 1.4.1. í kjarasamningi um yfirvinnu og greiða álag sem nemur 1% af mánaðarlaunum miðað við þann launaflokk sem viðkomandi starfsmaður tekur laun eftir.

3. Að stefndi, Búnaðarbanki Íslands hf., verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað vegna meðferðar málsins fyrir Félagsdómi, þ.m.t. kostnað stefnanda af virðisaukaskattskyldri lögmannsþjónustu.

Dómkröfur stefnda.

Stefndi gerir þær dómkröfur að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að mati dómsins og að tekið verði tillit til virðisaukaskatts af málflutningsþóknun við ákvörðun málskostnaðar.

Málavextir.

Stefnandi kveðst hafa starfað sem húsvörður hjá Búnaðarbanka Íslands um nokkurra ára skeið, eða allt frá árinu 1993 með nokkrum hléum. Kveður hann húsverði Búnaðarbankans vinna á tvískiptum reglubundnum vöktum, ýmist á kvöldin eða nætur. Að sögn stefnanda líta þeir svo á að þeim beri að fá greitt vaktaálag ofan á laun sín og vísa í því sambandi til gr. 2.6.2. í samningi Sambands íslenskra bankamanna (SÍB) við bankann, en slíkt vaktaálag hafa þeir ekki fengið greitt og kveður stefnandi þá ítrekað hafa gert athugasemdir þar að lútandi. Fyrst hafi athugasemdum verið beint að starfsmannastjóra bankans, en með bréfi lögmanns stefnanda 29. janúar 1998 hafi erindinu verið vísað til Kjaranefndar SÍB og bankanna, sem eigi samkvæmt ákvæði 14. gr. samkomulags um kjarasamninga félagsmanna SÍB að fjalla um ágreiningsatriði kjarasamninga.

Með bréfi Vilhelms G. Kristinssonar, framkvæmdastjóra SÍB, dags. 5. mars 1999, var lögmanni stefnanda tilkynnt að Kjaranefnd SÍB og bankanna hefði fjallað um kjaramál starfsmanna sem ynnu við gæslustörf á kvöld- og næturvöktum í bönkum. Niðurstaða nefndarinnar var svohljóðandi:

„Greiða ber 15 klst. í yfirvinnu á mánuði fyrir kvöld- og næturvaktir, skv. gr. 2.6.7. Samkvæmt gr. 1.5.1. fá kvöld- og næturverðir ekki greitt vaktaálag."

Þar sem stefnandi taldi niðurstöðu Kjaranefndar SÍB og bankanna ekki vera í samræmi við ákvæði kjarasamnings var þeirri kröfu beint að stefnda, með bréfi dags. 12. apríl 1999, að hann fengi senda alla launaseðla svo að hann gæti reiknað kröfu sína út. Í stað þess að fá launaseðla senda kveðst stefnandi hafa fengið bréf frá lögfræðingi stefnda, dags. 19. apríl 1999, þar sem fullyrt sé að hann hafi fengið alla launaseðla afhenta. Stefndi hafi því ekki orðið við þeirri sjálfsögðu beiðni hans að láta honum í té afrit launaseðla sem hann hafi beðið um. Í umræddu bréfi hafi lögfræðingur stefnda jafnframt fullyrt að stefnda hafi ekki verið kunnugt um athugasemdir og óánægju stefnanda um þessa túlkun fyrr en með bréfi lögmannsins í apríl 1999. Bendir stefnandi á að samstarfsmenn stefnanda hafi ítrekað gert athugasemdir við starfsmannastjóra bankans áður en málinu hafi verið vísað til Kjaranefndar SÍB og bankanna. Búnaðarbanki Íslands eigi aðild að Kjaranefnd SÍB og bankanna. Það

sé ekki hlutverk stefnanda að annast upplýsingastreymi milli Kjaranefndar og Búnaðarbankans.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst höfða mál þetta í eigin nafni með vísan til 2. mgr. 45. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur þar sem SÍB hafi synjað honum um að reka málið í nafni sambandsins.

Í 2. kafla kjarasamnings aðila sé fjallað um vinnutíma. Þar segi í kafla um dagvinnu gr. 2.1.1.: „Hinn almenni dagvinnutími er frá kl. 9 til 17 mánudaga til föstudaga, að báðum dögum meðtöldum.“ Í kafla 2.6. sé fjallað um vaktavinnu og afbrigðilegan vinnutíma. Þar segi í gr. 2.6.2. að þeir sem vinni á reglubundnum vinnuvöktum eða vinni hluta af vikulegri vinnuskyldu sinni utan dagvinnutímabils skuli fá vaktaálag fyrir unnin störf á þeim tíma er falli utan venjulegs dagvinnutímabils. Þótt hvergi sé minnst á næturverði í þessum kafla virðist ekki ágreiningur um það að störf næturvarða séu vaktavinnustörf og fái þeir greitt eftir öðrum ákvæðum þessa kafla kjarasamningsins, svo sem gr. 2.6.7.

Stefnanda sé synjað um greiðslu vaktaálags á grundvelli ákvæðis 1.5.1. í kjarasamningi þar sem ekki sé fjallað um hverjir skuli fá vaktaálag, heldur sé í þeirri grein fjallað um hversu hátt vaktaálag skuli vera. Þar segi að vaktaálag skuli miðast við tiltekinn launaflokk og vera 33,33% á kvöldin og 45% á nóttunni og um helgar. Einnig segi í ákvæðinu að það eigi ekki við um kvöld- og næturverði né um starfsfólk sem vinni á tímabilinu kl. 12:30-19:15. Undantekningin varðandi næturverði nái einungis til þess vaktaálags sem grein 1.5.1. kveði á um. Undantekningin nær ekki til þeirrar meginreglu sem fram komi í grein 2.6.2. að þeir sem vinni á reglubundnum vinnuvöktum skuli fá vaktaálag.

Það sé almenn regla í vinnurétti að dagvinnukaup sé greitt fyrir vinnu á dagvinnutímabili. Utan dagvinnutímabils sé greitt einhvers konar viðbótarálag, annað hvort einhvers konar vaktaálag eða, ef ekki sé um slíkt samið, þá beri að greiða yfirvinnu fyrir vinnu sem unnin sé utan dagvinnutíma. Kjarasamningur SÍB kveði á um dagvinnutímabil í gr. 2.1.1. og áfram. Hann kveði einnig á um vaktaálag til vaktavinnufólks í gr. 2.6.2. Kjarasamninginn skorti hins vegar ákvæði um hversu hátt vaktaálag skuli vera til kvöld- og næturvarða. Með vísan til gr. 1.4.1. og þeirrar framkvæmdar sem tíðkist

um greiðslur fyrir afbrigðilegan vinnutíma samkvæmt kjarasamningum, að ekki sé samið um vaktaálag, sé rétt að líta svo á að greiða beri fyrir þessa vinnu með yfirvinnukaupi, sbr. gr. 1.4.1., þar sem almenna vaktaálagið nái ekki til kvöld- og næturvarða og vinnan sé unnin utan við dagvinnutímabil.

Það brjóti allar meginreglur að ráða fólk til næturvinnu og ætla að greiða því dagvinnukaup. Vísar stefnandi til þeirrar sérstöku verndar sem næturvinnufólki sé fengin í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og nýgerðs samnings aðila vinnumarkaðarins um ákveðna þætti er varði skipulag vinnutíma. Hafi það verið vilji samningsaðila í kjarasamningi SÍB og bankanna að greiða kvöld- og næturvinnufólki dagvinnukaup fyrir vinnu sína hefði slíkt þurft að koma skýrt fram í samningi. Það sé hvergi gert, heldur sé einungis tekið fram í grein um vaktaálög að sú grein eigi ekki við um næturverði.

Því hafi verið haldið fram af stefnda að húsverðir hafi samið í persónulegum ráðningarsamningum um þau kjör sem þeir hafi fengið og því geti þeir ekki gert aðrar kröfur fyrir dómi þótt kjarasamningur kveði á um annað. Hér sé bent á 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Í þeirri grein segi:

„Laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skulu vera lágmarkskjör, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til. Samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir."

Stefndi geti því ekki borið fyrir sig ráðningarsamninga einstakra starfsmanna í þessu sambandi þar sem stefnandi telji kjarasamning á sér brotinn.

Enn fremur hafi stefndi bent á að laun húsvarða hafi verið há til að mæta vinnutíma á næturnar. Vegna þessarar fullyrðingar sé rétt að benda á að laun húsvarða hafa verið það lág á undanförnum árum að í samningum í september 1997 hafi þeir fallið innan þess hóps bankamanna sem höfðu lökust kjör og sérstaklega hafi verið tekið á í gr. 1.1.2. í kjarasamningi. Um þetta vísist að öðru leyti til launaseðla.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir kröfur sínar á því að milli aðila gildi kjarasamningur samninganefndar banka og sparisjóða á Íslandi annars vegar og Sambands íslenskra bankamanna hins vegar. Báðir þessir aðilar séu sammála um túlkun samningsins hvað varði kröfugerð stefnanda, þ.e. að stefnandi eigi ekki þær kröfur á hendur stefnda sem hér eru til umfjöllunar og að enginn réttur hafi verið á honum brotinn.

Stefnandi telji að þar sem hann sé húsvörður og vinni ýmist á kvöldin eða á næturnar, beri honum að fá vaktaálag og vísi í því sambandi til ákvæðis 2.6.2. í kjarasamningi aðila.

Það liggi fyrir í máli þessu að húsvörðum í Búnaðarbanka Íslands hf. hafi ekki verið raðað í sérstaka launaflokka og samkvæmt kjarasamningi aðila, gr. 1.5.1., fái þeir ekki greitt vaktaálag sérstaklega, enda sé vaktaálagið greitt þeim sem vinni dagvinnu auk eftir og/eða næturvinnu eða vaktir. Kjarasamningur aðila geri hins vegar ráð fyrir því að húsvörðum sé bætt það að þeir vinni utan venjulegs dagvinnutíma og sé það gert með ákveðnum hætti, þ.e. að annars vegar sé þeim raðað í hærri launaflokka en þeir ættu í raun rétt á og að auki fái þeir greiddar 15 klst. á mánuði fyrir yfirvinnu fyrir kvöld- og helgarvaktir til viðbótar unnum tímum.

Greiðsla álags á laun vegna kvöld-, nætur- eða vaktavinnu geti verið með mismunandi hætti og verði að telja að sú aðferð sem um sé samið í kjarasamningi aðila sé í fullu samræmi við gildandi meginreglur vinnuréttar. Kjarasamningur aðila geri skírlega ráð fyrir því að þetta sé gert með ákveðnum hætti og hafi stefnandi fengið greitt „álag" á laun sín vegna vinnu utan dagvinnu.

Það sé samdóma álit beggja aðila kjarasamningsins að launagreiðslur stefnda til stefnanda séu í fullu samræmi við kjarasamning og með vísan til þess sem að framan greini um form þessara greiðslna verði að telja að enginn réttur sé brotinn á stefnanda og að meginreglur vinnuréttar, sem stefnanda sé tíðrætt um í stefnu, séu hafðar í heiðri.

Útreikningi stefnanda á vangreiddum launum stefnanda sé mótmælt sérstaklega enda ljóst að hann sé byggður á röngum forsendum þar sem það liggi fyrir að stefnandi sé í hærri launaflokki en hann ætti í raun rétt á og sé með þeim hætti tekið tillit til vinnu utan reglulegs dagvinnutíma og útreikningurinn taki heldur ekki tillit til

þeirra yfirvinnutíma sem stefnandi fái greidda til viðbótar unnum tímum.

Stefndi vísar til meginreglna vinnuréttar máli sínu til stuðnings og einkum til kjarasamnings aðila. Þá vísar stefndi til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála varðandi kröfu um málskostnað. Þar sem stefndi sé ekki virðisaukaskattskyldur aðili, beri honum nauðsyn á að tekið sé tillit til skattsins við ákvörðun málskostnaðar.

Niðurstaða.

Í máli þessu er um það deilt hvort stefnanda beri réttur til álagsgreiðslna vegna starfa sinna við húsvörslu (kvöld- og næturvörslu) og hvernig ákvarða beri slíkar greiðslur. Telur stefnandi að túlka beri núgildandi kjarasamning aðila svo að stefnanda beri réttur til vaktaálags, sbr. grein 2.6.2. í kjarasamningnum og að vaktaálagið verði ákvarðað sem yfirvinnukaup samkvæmt grein 1.4.1. í kjarasamningnum, enda taki ákvæði um vaktaálag í grein 1.5.1. í kjarasamningnum ekki til kvöld- og næturvarða samkvæmt berum orðum þess ákvæðis og bein ákvæði skorti í kjarasamninginn um ákvörðun vaktaálags kvöld- og næturvarða.

Af hálfu stefnda er á það bent að kjarasamningurinn geri ráð fyrir því að kvöld- og næturvörðum sé bætt það að þeir vinni utan venjulegs vinnutíma. Það hafi verið gert, einkum með röðun í hærri launaflokka en þeir ættu í raun rétt á. Þá vísar stefndi til þess að það sé samdóma álit samningsaðila að laun stefnanda séu í samræmi við ákvæði kjarasamningsins.

Kafli 2.6. í nefndum kjarasamningi fjallar um vaktavinnu og afbrigðilegan vinnutíma. Í grein 2.6.2. segir að þeir sem vinni á reglubundnum vinnuvöktum eða vinni hluta af vikulegri vinnuskyldu sinni utan dagvinnutímabils skuli fá vaktaálag fyrir unnin störf á þeim tíma er falli utan venjulegs dagvinnutímabils.

Í grein 1.5.1. í kjarasamningnum er tiltekið hvert skuli vera vaktaálag á einstökum tímum sólarhringsins utan hins almenna dagvinnutíma, svo og um helgar og á stórhátíðum. Í lokamálslið greinarinnar er tekið fram að ákvæðið eigi þó ekki við um kvöld- og næturverði. Öðrum ákvæðum er ekki til að dreifa um vaktaálag í kjarasamningnum. Í grein 2.6.2. er tekið fram að þeir sem vinna á reglubundnum vinnuvöktum eða vinna hluta af vikulegri vinnuskyldu sinni utan dagvinnutímabils skuli fá vaktaálag fyrir unnin störf á þeim tíma er fellur utan venjulegs dagvinnutímabils. Ekki

verður hjá því komist að skýra báðar þessar greinar kjarasamningsins í samhengi hvor við aðra. Þannig ber þeim, sem grein 2.6.2. tekur til, réttur til vaktaálags eftir fyrirmælum greinar 1.5.1. fyrir unnin störf á þeim tíma er fellur utan venjulegs dagvinnutímabils. Í ljósi þess sem segir í lokamálslið greinar 1.5.1., að ákvæðið eigi ekki við kvöld- eða næturverði, er hins vegar ekki unnt að skýra grein 2.6.2. á þann veg að hún veiti kvöld- eða næturvörðum sérstakan rétt til vaktaálags fyrir störf sín óháð grein 1.5.1. Ekki hefur verið sýnt fram á að slíkur réttur verði byggður á venju eða öðrum reglum í vinnurétti. Þá er fram komið í málinu að krafa stefnanda sé í andstöðu við sameiginlegan skilning aðila kjarasamningsins. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir að stefnandi greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefndi, Búnaðarbanki Íslands hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Eriks Magnússonar.

Stefnandi greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 21. október 1999.

Nr. 7/1999. **Launanefnd sveitarfélaga**
f.h. Árborgar
(Lára V. Júlíusdóttir hrl.)
gegn
Félagi íslenskra leikskólakennara
(Gestur Jónsson hrl.)

Fjöldauppsagnir.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. október sl., er höfðað með stefnu þingfestri 17. ágúst 1999.

Málið dæma Kristjana Jónsdóttir, Ingibjörg Benediktsdóttir, Arngrímur Ísberg, Gísli Gíslason og Guðni Á. Haraldsson.

Stefnandi er Launanefnd sveitarfélaga, Háaleitisbraut 11, Reykjavík f.h. Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi.

Stefndi er Félag íslenskra leikskólakennara, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að uppsagnir Ásthildar Bjarnadóttur, Dagnýjar Bjarkar Ólafsdóttur, Guðrúnar Sigurðardóttur, Hrafnhildar Karlsdóttur, Ingibjargar S. Guðmundsdóttur, Ingibjargar Hörpu Sævarsdóttur, Kristínar Bjarnadóttur, Kristínar Ólafsdóttur, Kristrúnar Hafliðadóttur, Margrétar Gísladóttur, Margrétar Jónu Ólafsdóttur og Valgerðar Vilbergsdóttur úr störfum leikskólakennara hjá Árborg verði dæmdar brot á friðarskyldu á gildistíma kjarasamnings og því ólögmæt vinnustöðvun.

2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað vegna meðferðar málsins fyrir Félagsdómi, þ.m.t. kostnað stefnanda af virðisaukaskattskyldri lögmannsþjónustu.

Dómkröfur stefnda.

Dómkröfur stefnda eru þær að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu samkvæmt mati réttarins. Þess er krafist að við málskostnaðarákvörðun verði tekið tillit til skyldu stefnda til að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun lögmanns síns.

Hinn 13. september sl. var kveðinn upp úrskurður í máli þessu þar sem frávísunarkröfu stefnda var hafnað.

Málavextir.

Málavextir eru þeir að ofangreindir einstaklingar, sem starfað hafa hjá Árborg á fjórum leikskólum, Árbæ, Álfheimum, Ásheimum og Glaðheimum, sögðu allir upp störfum sínum fyrir mánaðamótin júní/júlí 1999 með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Verða starfslok þeirra þann 30. september 1999. Í öllum uppsagnarbréfunum er tekið fram að ástæða uppsagnar sé óánægja vegna launamála. Eru þetta allt starfandi leikskólakennarar Árborgar og félagsmenn í Félagi íslenskra leikskólakennara. Kveður stefnandi Kristrúnu Hafliðadóttur, sem starfi á leikskólanum Árbæ, jafnframt vera trúnaðarmann félagsins.

Ofangreindir félagsmenn stefnda hafa um nokkurra mánaða skeið óskað eftir launaleiðréttingum hjá Árborg, en í gildi er kjarasamningur milli launanefndar sveitarfélaga f.h. þeirra sveitarfélaga sem hún hefur samningsumboð fyrir og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Félags íslenskra leikskólakennara hins vegar sem undirritaður var 20. september 1997. Gildir kjarasamningurinn til 31. desember 2000. Samningurinn var samþykktur af Félagi íslenskra leikskólakennara.

Leikskólakennarar óskuðu eftir leiðréttingum á kjörum sínum með sameiginlegu bréfi, dags. 11. mars 1999, og var bréfið undirritað bæði af leikskólastjórum og leikskólakennurum.

Stefnandi kveður breytingar hafa verið gerðar á kjörum leikskólastjóra í samræmi við ákvæði kjarasamningsins þar um og hafi skólastjórarnir ekki sagt upp störfum sínum. Allir aðrir leikskólakennarar hjá Árborg hafi nú sagt upp störfum sínum. Þetta séu því fjöldauppsagnir. Þar sem í gildi sé kjarasamningur með aðilum séu fjöldauppsagnir félagsmanna stefndu brot á friðarskyldu sem jafna megi til ólögmætraa verkfallsaðgerða.

Stefndi leggur áherslu á að stefndi, Félag íslenskra leikskólakennara, hafi engan þátt átt í ákvörðun leikskólakennaranna um að segja upp störfum. Viðræður þeirra við vinnuveitanda sinn um það sem kallað sé „launaleiðrétting“ í stefnu hafi ekki verið á vegum félagsins heldur á vegum starfsmanna sjálfra. Stjórn og starfsmönnum hafi ekki verið kunnugt um uppsagnirnar fyrir fram og muni fyrst hafa frétt af uppsögnunum í útvarpsfréttum. Á vegum Félags íslenskra leikskólakennara hafi engar ákvarðanir verið teknar sem

tengist óánægju leikskólakennara hjá Árborg með ráðningarkjör sín.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi kveður máli þessu stefnt fyrir Félagsdóm á grundvelli 2. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Árborg hafi falið launanefnd sveitarfélaga fullnaðarumboð til kjarasamningsgerðar. Þar sem viðkomandi stéttarfélag fari með aðild máls fyrir Félagsdómi skv. 4. mgr. 27. gr. laga nr. 94/1986 sé Félagi íslenskra leikskólakennara stefnt, en leikskólakennararnir sem sagt hafi upp störfum séu allir félagsmenn þess félags. Það sé hlutverk Félagsdóms að dæma um lögmæti boðaðra eða þegar hafinna vinnustöðvana. Án tillits til þess hvort Félag íslenskra leikskólakennara hafi sjálft komið að málinu eða ekki, sé stefnanda mikilvægt að fá úr því leyst, hvort fjöldauppsagnir leikskólakennara hjá Árborg, sem að framan sé lýst, séu heimilar. Vísar stefnandi hér til dóms Félagsdóms í máli nr. 14/1992 milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Sjúkraliðafélags Íslands og Hrd. 1993:8 í máli Sjúkraliðafélags Íslands gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Fjöldauppsagnir.

Augljóst sé að uppsagnir leikskólakennara hjá Árborg séu skipulagðar fjöldauppsagnir, samantekin ráð, til að knýja fram kjarabætur:

1. Allir þeir einstaklingar sem sagt hafi upp störfum nú hafi skrifað undir bréf til Árborgar þann 11. mars 1999 þar sem óskað sé eftir leiðréttingu á launakjörum og séu þeir því aðilar að sameiginlegri kröfugerð um kjarabætur.

2. Uppsagnarbréfin gefi það til kynna að um samantekin ráð sé að ræða. Þótt þau séu ýmist handskrifuð eða vélrituð komi sömu efnisþættir fram í þeim öllum og sum þeirra séu orðrétt eins. Dagsetningar uppsagna og lokastarfsdaga séu allar þær sömu og í öllum bréfunum komi fram að orsakir uppsagna séu óánægja með kjör.

3. Allir leikskólakennarar sveitarfélagsins utan tveir hafi sagt upp störfum sínum.

4. Leikskólakennarar hafi sjálfir lýst því yfir að þeir séu í sameiginlegum samningaviðræðum við Árborg og hafi gripið til þess ráðs að segja upp þar sem þeir hafi ekki fengið viðræðufundi með viðsemjendum sínum.

Brot á friðarskyldu.

Fjöldauppsagnir félagsmanna stefnda sé aðgerð sem jafna megi til vinnustöðvunar. Þar sem í gildi sé kjarasamningur milli aðila sé aðgerðin brot á friðarskyldu og því ólögmæt.

Um þetta vísist til 19. gr. laga nr. 80/1938, þar sem vinnustöðvanir séu skilgreindar. Þar segi:

„Vinnustöðvanir í skilningi laga þessara eru verkbönn atvinnurekenda og verkföll þegar launamenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar."

Þetta ákvæði hafi komið inn í lög um stéttarfélög og vinnudeilur með lagabreytingu 1996, lög nr. 75/1996. Af frumvarpi og lestri nefndarálits sé ljóst að með orðunum „öðrum sambærilegum aðgerðum af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar" sé meðal annars átt við fjöldauppsagnir. Í upphaflegu frumvarpi til laga nr. 75/1996 hafi verið gert ráð fyrir svohljóðandi skilgreiningu á hugtakinu vinnustöðvun í 5. gr. frumvarpsins.

„Vinnustöðvanir í skilningi laga þessara eru verkbönn atvinnurekenda og verkföll þegar launamenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um fjöldauppsagnir og aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar."

Meirihluti félagsmálanefndar hafi lagt til þá orðalagsbreytingu á greininni sem síðar hafi orðið að lögum. Í nefndaráliti meirihlutans segi svo: „Lögð er til sú breyting á 5. gr. frumvarpsins að felld verði brott tilvísun til fjöldauppsagna. Hér er þó ekki lagt til að fjöldauppsögnum verði aldrei unnt að jafna til vinnustöðvunar, enda geta slíkar uppsagnir fallið undir aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar."

Þótt skilgreininguna á vinnustöðvun sé að finna í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, en ekki í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986, verði að líta svo á að þær meginreglur í starfsemi stéttarfélaga sem dregnar séu upp í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, þar með talið skilgreining á hugtakinu vinnustöðvun, eigi enn fremur við um opinbera starfsmenn. Hér sé sett fram grunnregla um það hvað felist í hugtakinu vinnustöðv-

un. Um þetta megi vísa til dóms Félagsdóms frá 27. nóvember 1998 í máli Stéttarfélags verkfræðinga gegn Reykjavíkurborg og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, en þar hafi grunnreglur laga um stéttarfélög og vinnudeilur verið lagðar til grundvallar réttarstöðu manna sem féllu undir lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Enn fremur sé vísað í dóm bæjarþings Reykjavíkur frá 12. nóvember 1981 í málinu nr. 1786/1981: Læknaþjónustan sf. gegn heilbrigðisráðherra f.h. skrifstofu ríkisspítalanna og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Í niðurstöðu dómsins sé fjallað um fjöldauppsagnir sjúkrahúslækna sem ekki vildu una dómi Kjaradóms. Þar segi dómari uppsagnirnar hafa verið brot á friðarskyldu þeirra á gildistíma kjarasamnings og því ólögmæta aðgerð.

Í Danmörku hafi fjöldauppsagnir verið dæmdar brot á friðarskyldu og vísist m.a. um það í dóm í Faglig Voldgift frá 4. júlí 1995 í málinu Amtsraadsforeningen i Danmark for Aarhus Amt mod Dansk Sygeplejeraad for egne vegne og for et antal medlemmer af forbundet.

Stefnanda sé nauðsynlegt að fá úr því skorið sem fyrst hvort félagsmenn stefnda hafi hér gerst brotlegir svo Árborg megi bregðast við því ástandi sem skapast hafi. Uppsagnir allra leikskólakennara í einu sveitarfélagi hafi í för með sér verulega röskun á starfsemi skólanna og hafi enn fremur víðtækar keðjuverkanir sem nauðsynlegt sé að bregðast við sem fyrst.

Málsástæður stefnda og lagarök.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að ekki sé heimilt að skýra 4. mgr. 27. gr. laga nr. 94/1986 með þeim hætti sem gert sé í stefnu. Ákvæðið beri að skýra þannig að það taki einvörðungu til sóknaraðildar máls en ekki varnaraðildarinnar. Þetta sjáist þegar saga lagaákvæðisins sé skoðuð. Samkvæmt 2. mgr. 35. gr. laga nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hafi BSRB rekið eigin mál fyrir Félagsdómi sem og mál fyrir félög innan sambandsins og starfsmenn sem hlut áttu að máli. Að öðru leyti skyldi farið eftir ákvæðum laga nr. 80/1938 um sóknaraðild máls fyrir Félagsdómi. Lög nr. 94/1986 hafi leyst lög nr. 29/1976 af hólmi og 27. gr. yngri laganna hafi komið í stað 35. gr. eldri laganna. Í greinargerð með 27. gr. lagafrumvarpsins komi fram að lagt sé til það nýmæli að stéttarfélög skuli sjálf vera aðilar mála en ekki heildar-

samtök stéttarfélaga fyrir þeirra hönd. Þá sé nýmæli varðandi hæfi dómara í Félagsdómi. Hvergi sé vikið að því að með 4. mgr. 27. gr. sé ætlunin að opna heimild til þess að stefna stéttarfélögum vegna meintra ólögmætra athafna einstakra félagsmanna þeirra. Slík regla færi þvert gegn meginreglum réttarfars og því verði að gera kröfu um ótvíræða lagaheimild fyrir slíkri málsókn. Af þessu leiði að sýkna beri stefnda vegna aðildarskorts.

Viðurkenningarkrafan í málinu sé vegna ákvarðana tiltekins hóps einstaklinga sem Félag íslenskra leikskólakennara hafi engan þátt átt í. Kröfunni sé beint að einstaklingunum. Félag íslenskra leikskólakennara sé ekki í neinni deilu við sveitarfélagið Árborg og hafi ekki lögvarða hagsmuni af úrslitum málsins. Af þessu leiði að sýkna beri sökum aðildarskorts.

Telji Félagsdómur stefnda vera réttan varnaraðila, þá er því mótmælt að uppsagnir einstaklinganna, sem um ræði, hafi verið ólögmætar. Stefnandi viðurkenni í stefnu að starfsmennirnir hafi hver fyrir sig getað sagt upp ráðningu sinni. Málsástæður hans byggist eingöngu á því að af ástæðum sem tilgreindar séu í stefnunni séu uppsagnirnar samantekin ráð, hópuppsagnir, sem jafna megi við vinnustöðvun og því séu þær brot gegn friðarskyldu. Þessari málsútlistun er mótmælt. Friðarskyldan hvíli á aðilum kjarasamningsins en ekki einstaklingunum sem geri ráðningarsamninga á grundvelli hans. Friðarskyldan nái til vinnustöðvana er hafi það að markmiði að knýja fram breytingar á gildandi kjarsamningi en nái ekki til óska einstaklinga um bætt ráðningarkjör. Forsendur um brot gegn friðarskyldu séu því ekki fyrir hendi.

Því er sjálfstætt mótmælt að uppsögnum leikskólakennaranna megi jafna til vinnustöðvunar eins og stefnandi haldi fram. Í fyrsta lagi hafi stéttarfélagið engan þátt átt í ákvörðun leikskólakennaranna um að segja upp ráðningarsamningum sínum. Í öðru lagi hafi stéttarfélagið engar kröfur gert á hendur stefnanda um breytingar á gildandi kjarasamningi. Í þriðja lagi sé það ekki vinnustöðvun þótt hluti leikskólakennara, sem starfi hjá sveitarfélagi, hætti störfum með samningsbundnum fyrirvara vegna óánægju með ráðningarkjör sín. Öfugt við það sem væri í verkfalli hafi vinnuveitandinn allar heimildir til þess að ráða nýja starfsmenn í stað þeirra sem kjósi að hætta. Á það skuli bent að á tímum launaskriðs og þenslu í þjóðfélaginu séu það almenn sannindi að launþegar eigi fleiri kosta völ

og því algengt að þeir segi upp störfum sínum vegna óánægju með launakjör.

Í stefnu sé vísað til dóms Félagsdóms í málinu nr. 14/1992 sem fordæmis fyrir því að stéttarfélagi sé stefnt. Virðist stefnandi telja málin hliðstæð. Það sé ekki rétt. Í tilgreindu máli hafi stéttarfélagið verið dæmt vegna þess að Félagsdómur hafi talið sannað að félagið sjálft hefði haft veruleg afskipti af þeim aðgerðum sem málið var sprottið af. Auk þess hafi verið talið sannað að tilgangur þeirra aðgerða sem fjallað hafi verið um í málinu hafi verið að knýja viðsemjendur Sjúkraliðafélagsins til að ganga frá kjarasamningi. Engum forsendum af þessu tagi sé til að dreifa í þessu máli og því reyndar ekki haldið fram af stefnanda.

Stefndi mótmælir sérstaklega málskostnaðarkröfu stefnanda.

Málskostnaðarkrafa stefnda er reist á 65. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða.

Eftir að mál þetta var dómtekið hafa umræddir félagsmenn stefnda, að einum undanskildum, er sagt höfðu upp starfi sínu, ráðið sig að nýju til starfa hjá Árborg. Kemur þá til skoðunar hvort stefnandi hafi enn lögvarða hagsmuni af því að fá dóm í máli þessu. Með vísan til athugasemda við 2. tl. 1. mgr. 26. gr. í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og með hliðsjón af dómi Félagsdóms frá 15. desember 1992 svo og dómi Hæstaréttar Íslands frá 7. janúar 1993, sem staðfesti þann dóm, verður að telja að stefnandi eigi lögvarða hagsmuni af því að fá úr ágreiningsefninu skorið.

Málssókn stefnanda er beint að stefnda sem stéttarfélagi þeirra einstaklinga er sögðu upp störfum sínum. Samkvæmt 4. mgr. 27. gr. laga nr. 94/1986 reka stéttarfélög mál félagsmanna sinna fyrir Félagsdómi. Ákvæðið verður skilið svo að það taki bæði til þess að stéttarfélag höfði mál fyrir hönd félagsmanna sinna og haldi uppi vörnum fyrir hönd þeirra. Telja verður því að stefnanda hafi verið heimilt að beina málssókn sinni að stefnda í máli þessu.

Í máli þessu krefst stefnandi viðurkenningar á því að uppsagnir umræddra félagsmanna stefnda séu brot á friðarskyldu. Í friðarskyldu felst að aðilum kjarasamnings er á samningstímabili óheimilt að standa að vinnustöðvunum til þess að knýja á um breytingar á

ákvæðum kjarasamnings. Þeir einstaklingar er um ræðir í máli þessu eru ekki aðilar kjarasamnings heldur stéttarfélag þeirra. Uppsagnir einstakra félagsmanna á ráðningarsamningum einar og sér geta því ekki talist brot á friðarskyldu.

Ekkert er fram komið sem bendir til þess að stefndi sem stéttarfélag hafi staðið að þeim uppsögnum er um ræðir, enda ekki byggt á því af hálfu stefnanda í málinu. Þar sem uppsagnir einstaklinga á samningstímabili eru ekki samningsrof í skilningi 13. gr. laga nr. 94/1986 verður ábyrgð ekki felld á stefnda á grundvelli þessa ákvæðis.

Í 4. gr. laga nr. 75/1996 sem breyttu l. nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur segir svo:

„Vinnustöðvanir í skilningi laga þessara eru verkbönn atvinnurekenda og verkföll þegar launamenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar."

Engin sambærileg breyting hefur verið gerð á ákvæðum laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opnberra starfsmanna.

Þrátt fyrir að gögn málsins beri með sér að um fjöldauppsagnir hafi verið að ræða hjá leikskólakennurum í Árborg verður þeim uppsögnum, án skýrra lagaákvæða, ekki jafnað til aðgerða sem jafna megi til vinnustöðvunar og brots á friðarskyldu.

Með vísan til þess sem að framan greinir ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Málskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Stefndi, Félag íslenskra leikskólakennara, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Launanefndar sveitarfélaga f.h. Árborgar.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 23. desember 1999.

Nr. 9/1999. **Vélstjórafélag Íslands**
(Friðrík Á. Hermannsson hdl.)
gegn
Reykjavíkurborg og
(Hjörleifur Kvaran hrl.)
Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar
(Gestur Jónsson hrl.)

Kjarasamningur. Samningsaðild.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 6. desember sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Ingibjörg Benediktsdóttir, Arngrímur Ísberg, Gísli Gíslason og Gunnar Sæmundsson.

Stefnandi er Vélstjórafélag Íslands, kt. 690269-3419, Borgartúni 18, Reykjavík.

Stefndu eru Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, Reykjavík og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, kt. 620269-2989, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

1. Að viðurkennt verði að stefnandi, Vélstjórafélag Íslands, fari með samningsaðild fyrir vélfræðingana Önnu Kristjánsdóttur, kt. 301251-2979, Arnar Laxdal Snorrason, kt. 060241-4229, Halldór Sigurðsson, kt. 110734-4339, Jóhann Kristjónsson, kt. 060752-3119, Karl Karlsson, kt. 261235-7499, Kristin Gíslason, kt. 251145-4079, Kristin Héðinsson, kt. 040657-3479, Kristin Rafnsson, kt. 240754-4449, Markús J. Ingvason, kt. 021254-4019, Pétur Jónsson, kt. 100944-2949, Sigurjón Ásgeirsson, kt. 280361-4459, Sigurð E. Sigurðsson, kt. 210436-3759, Skúla K. Gíslason, kt. 130738-2659, Svein Rúnarsson, kt. 190854-5749, Sverri Sæmundsson, kt. 170645-3759, Þorstein I. Kragh, kt. 151236-3839 og Örn Tyrfingsson, kt. 051245-4669 við gerð kjarasamninga við Reykjavíkurborg vegna starfa þeirra sem vélfræðinga hjá Hitaveitu, Vatnsveitu og Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. Að stefndu verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda Reykjavíkurborgar.

Krafist er sýknu að öllum kröfum stefnanda.

Þá gerir stefndi kröfu um málskostnað úr hendi stefnanda samkvæmt mati dómsins.

Dómkröfur stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Krafist er sýknu af kröfum stefnanda.

Þá er krafist málskostnaðar að mati Félagsdóms.

Málavextir.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau að í janúarmánuði 1985 hafi 19 vélfræðingar hjá Vatnsveitu, Hitaveitu og Rafmagnsveitu Reykjavíkur ritað bréf til stjórnar stefnanda og farið þess á leit við stjórn félagsins að kannaðir yrðu möguleikar þeirra á að komast á orkuverasamninga félagsins. Stefndi, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, hafi þá farið með samningsmál þeirra og hafi vélfræðingunum þótt nauðsynlegt að stjórn stefnanda hæfi könnunarviðræður við stefnda, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, hvort félagið væri tilbúið til að gefa stefnanda eftir samningsrétt þeirra. Í framhaldi af þessari beiðni vélfræðinganna hafi formaður stefnanda sent bréf dagsett 7. mars 1985 til stefnda, Starfsmannafélags Reykjavíkur, með ósk um að stefndi eftirléti stefnanda samningsumboð nefndra vélfræðinga. Í bréfi dagsettu 11. mars 1985 hafi formaður stefnda, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, tilkynnt formanni stefnanda, að það væri ekki á valdi félagsins að framselja samningsréttinn. Máli sínu til stuðnings hafi hann bent á 1. og 2. gr. samþykktar borgarráðs Reykjavíkur frá því í september 1953 og 45. og 46. gr. reglugerðar um réttindi og skyldur borgarstarfsmanna frá 1967. Í 46. gr. reglugerðarinnar hafi sagt að öllum starfsmönnum borgarinnar og fyrirtækja hennar, sem háðir væru ákvæðum reglugerðarinnar, væri skylt að vera í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar.

Formaður stefnanda hafi sent borgarráði Reykjavíkur bréf dagsett 31. maí 1985 og farið þess á leit að stefndi, Reykjavíkurborg, viðurkenndi stefnanda sem réttmætan samningsaðila þessara manna. Með bréfi dagsettu 5. júní 1985 hafi borgarstjórinn í Reykjavík hafnað ósk formanns stefnanda; borgarráð hafi ekki talið sér fært að verða við erindinu enda væri samið um kjör umræddra starfsmanna við stefnda, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Í framhaldi af þessu svari borgarstjórans í Reykjavík hafi vélfræðingarnir sent bréf dags. 14. júní 1985 til launamálanefndar Reykja-

víkur. Hafi þeir vakið athygli á því að allt frá stofnun Hitaveitu Reykjavíkur hefðu þeir verið í sama launaflokki eða jafnvel einum hærri en vélstjórar í raforkuverum Reykjavíkurborgar enda með sömu menntun og störfin hliðstæð. Eftir að Landsvirkjun hefði verið stofnuð, en hún væri að hálfu í eigu stefnda, Reykjavíkurborgar, hafi fljótlega orðið mikil breyting til hins verra í launamálum þeirra. Launabilið hefði síðan stöðugt breikkað. Sama þróun hefði átt sér stað varðandi samanburð á launum þeirra við laun þeirra vélfræðinga sem störfuðu hjá Hitaveitu Suðurnesja. Um mitt árið 1985 hefðu vélfræðingar fyrrgreindra fyrirtækja haft að jafnaði um 30% hærri laun en vélfræðingarnir hjá Hitaveitu, Vatnsveitu og Rafmagnsveitu Reykjavíkurborgar. Hafi þeim þótt þetta skjóta skökku við enda um sömu störf að ræða, sama réttindaáskilnað og sama vinnuveitanda. Hafi þeim því þótt óviðunandi að eiga þess ekki kost að geta gengið í sitt fagfélag, stefnanda, Vélstjórafélag Íslands, í stað stéttarfélags sem stefndi, Reykjavíkurborg, hefði skipað þeim að vera í og sæi um kjarasamninga fyrir fjöldann allan af ófaglærðum launþegahópum.

Um þróun mála næstu fjögur árin er vísað til bréfs sem starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar ritaði borgarráði Reykjavíkurborgar þann 6. nóvember 1989. Bréfið hafi verið lagt fram á fundi borgarráðs Reykjavíkur þann 12. desember 1989 og hafi erindi vélfræðinganna þá verið hafnað.

Í bréfi til starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar dags. 1. apríl 1990 undirrituðu af 13 vélfræðingum Hitaveitu Reykjavíkur, hafi komið fram hörð gagnrýni á launakjör vélfræðinga Hitaveitunnar í samanburði við launakjör annarra vélfræðinga sem hefðu haft sams konar starfsemi með höndum. Hafi í þeim efnum aðallega verið vísað til starfandi vélfræðinga hjá Landsvirkjun. Með þessu bréfi vélfræðinganna hafi fylgt bréf frá Sverri Axelssyni, en hann hafi verið fulltrúi í fulltrúaráði við stofnun Landsvirkjunar árið 1965 og seinna í stjórn stefnda, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Þá hafi hann átt sæti í fulltrúaráði Vélstjórafélags Íslands. Í bréfinu, sem dagsett væri 25. nóvember 1989, greini Sverrir frá því að stefndi, Reykjavíkurborg, hafi sagt upp starfsmönnunum við Elliðaár- og Sogsvirkjun frá og með 1. janúar 1966. Uppsagnirnar og framtíð starfsmannanna hafi mikið verið ræddar í báðum hagsmunafélögum þeirra. Fljótlega hafi orðið ljóst að Vinnuveitendasamband Íslands myndi

fara með gerð samninga fyrir hönd Landsvirkjunar. Þann 9. mars 1967 hafi þeir Halldór Jónatansson og Ingólfur Ágústsson síðan undirritað kjarasamning fyrir hönd Landsvirkjunar með fyrirvara. Strax hefði þótt sýnt að þeir starfsmenn sem starfa áttu eftir samningnum hefðu mun betri kjör en þeir höfðu haft sem fastráðnir starfsmenn Reykjavíkurborgar.

Máli þessu hafi lítið sem ekkert verið hreyft í nálega 6 ár eða allt þar til að 18 vélfræðingar hjá Hitaveitu, Rafmagnsveitu og Vatnsveitu Reykjavíkurborgar hafi ritað starfsmannahaldi Reykjavíkur bréf dagsett 17. maí 1996. Óskir vélfræðinganna hafi beinst enn sem fyrr að því að öll samningsbundin gjöld yrðu greidd til Vélstjórafélags Íslands og jafnframt að félagið færi með samningsrétt fyrir þeirra hönd. Afrit af bréfinu hafi verið sent borgarstjóranum í Reykjavík, Starfsmannafélagi Reykjavíkur og formanni Veitustofnana. Bréfinu hafi hins vegar ekki verið sinnt. Efnislega sams konar bréf hafi verið sent starfsmannahaldi Reykjavíkur þann 5. mars 1997 og afrit þess verið sent borgarstjóranum í Reykjavík, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, formanni Veitustofnana og Vélstjórafélagi Íslands. Í þetta sinn hafi verið veittur svarfrestur til 30. apríl sama ár. Bréfinu hafi hins vegar ekki verið svarað fyrr en rúmum 9 mánuðum síðar eða þann 12. desember 1997.

Vélfræðingarnir hafi sagt sig formlega úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar með bréfi dagsettu 23. janúar 1998, og afrit þess bréfs hafi verið sent til starfsmannahalds Reykjavíkur. Á þessum tímapunkti hafi vélfræðingunum þótt ljóst að höfða yrði dómsmál til að fá rétt þeirra staðfestan til skýlausrar inngöngu í Vélstjórafélag Íslands. Þeir hafi nokkrum sinnum talið sig hafa sagt sig úr félaginu en hafi formsins vegna viljað að slík yfirlýsing yrði afdráttarlaus. Stefndi, Reykjavíkurborg, hafi ekki sinnt erindi vélfræðinganna í nefndu bréfi og af þeim sökum hafi lögfræðingur Vélstjórafélags Íslands ritað bréf til starfsmannaþjónustu Reykjavíkurborgar dagsett 9. mars 1998 og hafi þá kröfur vélfræðinganna verið ítrekaðar. Í bréfi dagsettu 8. apríl 1998 hafi framangreindu bréfi verið svarað af hálfu deildarlögfræðings starfsmannaþjónustu Reykjavíkurborgar fyrir hönd stefnda, Reykjavíkurborgar. Enn og aftur hafi kröfum vélfræðinganna verið hafnað.

Með bréfi dagsettu 12. maí 1998 hafi stefnandi farið þess á leit við borgarstjórann í Reykjavík að Reykjavíkurborg greiddi gjöld sam-

kvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar f.h. vélfræðinganna við Reykjavíkurborg til stefnanda. Fyrstu greiðslur ættu að berast vegna maímánaðar í upphafi júnímánaðar. Hefðu greiðslurnar ekki borist fyrir 15. júní 1998 mætti búast við málssókn Vélstjórafélags Íslands á hendur Reykjavíkurborg án frekari fyrirvara.

Erindi Vélstjórafélags Íslands hafi verið svarað með bréfi dagsettu 2. júní 1998, undirrituðu af borgarstjóranum í Reykjavík. Í bréfinu hafi komið fram að á fundi borgarráðs hefði verið samþykkt að vísa erindinu til borgarlögmanns og jafnframt hefði verið óskað eftir því að Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar kæmi að málinu. Lögfræðingur Vélstjórafélags Íslands hafi sent borgarstjóranum í Reykjavík bréf dagsett 5. ágúst 1998. Í niðurlagi bréfsins segi að með bréfi dagsettu 2. júní 1998, undirrituðu af Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur borgarstjóra, komi fram að á fundi borgarráðs þann sama dag hafi verið samþykkt að vísa erindi Vélstjórafélags Íslands, dagsettu 12. maí 1998, til meðferðar borgarlögmanns. Þar sem rúmir tveir mánuðir væru liðnir frá dagsetningu umrædds bréfs og ekkert hefði enn heyrst frá borgarlögmanni, tilkynntist að ef umræddar greiðslur hefðu ekki borist Vélstjórafélagi Íslands við uppgjör til starfsmanna 1. september 1998, myndi félagið neyðast til að höfða mál gegn Reykjavíkurborg án frekari fyrirvara. Engin svör hafi þó borist frá Reykjavíkurborg en með bréfi dagsettu 22. september 1998 hafi Gestur Jónsson hrl. gefið upp það álit sitt fyrir hönd starfsmannaþjónustu Reykjavíkurborgar, að stefndu bæri í engu að verða við kröfum stefnanda vegna starfa vélfræðinganna 17. Stefnandi hafi ekki fallist á þetta álit Gests Jónssonar hrl. og þar sem stefndu virtust hafa ætlað að láta hér við sitja hafi málssókn þótt nauðsynleg. Málinu hafi verið stefnt fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur sem hafi vísað málinu frá með úrskurði dags. þann 15. júní 1999, að kröfu stefndu, með þeim rökum að ágreiningsefnið ætti undir Félagsdóm. Úrskurður Héraðsdóms hafi verið kærður til Hæstaréttar þann 29. júní 1999 og hafi Hæstiréttur staðfest úrskurðinn þann 23. ágúst sama ár í máli nr. 270/1999. Af þessum sökum væri málshöfðun þessi fyrir Félagsdómi nauðsynleg.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst byggja á því að stefndu hafi brotið gegn 72., 73. og 74. gr. stjórnarskrárinnar, auk 10. og 11. gr. mannréttindasáttmála

Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, 8. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sbr. A-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1979, 22. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sbr. A-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1979 og 3. tl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna með því að viðurkenna ekki samningsaðild stefnanda, Vélstjórafélags Íslands, vegna vélfræðinganna 17 sem starfa hjá Hitaveitu, Vatnsveitu og Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Úrsögn vélfræðinganna 17 úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar.

Stefnandi kveður að úrsögn vélfræðinganna úr Starfsmannafélagi Reykjavíkur hafi átt sér stað í janúar 1998. Samkvæmt 4. gr. laga Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar skuli úrsögn úr félaginu vera skrifleg og fyrst geta tekið gildi 3 mánuðum eftir að hún berist félaginu. Vélfræðingarnir hafi sagt sig úr félaginu frá 1. febrúar 1998 að telja og hafi úrsögnin því orðið virk þann 1. maí 1998. Frá 1. maí 1998 hafi vélfræðingarnir því verið félagsmenn Vélstjórafélags Íslands.

Inngönguskilyrði vélfræðinganna 17 í Vélstjórafélag Íslands.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga Vélstjórafélags Íslands geti þeir orðið félagsmenn sem lokið hafi fyllsta námi frá Vélskóla Íslands á hverjum tíma og hafi auk þess lokið sveinsprófi í málmiðnaðargrein, sem viðurkennd sé til fyllstu atvinnuréttinda vélstjóra. Vélfræðingarnir 17 uppfylli þessar kröfur Vélstjórafélags Íslands og að innganga þeirra í félagið frá og með 1. maí 1998 hafi því verið að fullu viðurkennd. Stefnandi hafi því samningsrétt f.h. vélfræðinganna enda segði í a-lið 1. mgr. 2. gr. laga Vélstjórafélags Íslands, að tilgangur félagsins sé að gæta hagsmuna íslensku vélfræðinga-, vélstjóra- og vélavarðastéttarinnar og semja um kaup þeirra og kjör við vinnuveitendur.

Samningsréttur skv. 5. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 80/1938 séu stéttarfélög lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, enda hafi félagið í samþykktum sínum ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laganna hætti félagsmaður stéttarfélags að vera bundinn af samþykktum félags síns þegar hann sé samkvæmt reglum félagsins farinn úr því en þeir samningar sem

hann hafi orðið bundinn af á meðan hann hafi verið félagsmaður séu skuldbindandi fyrir hann meðan hann ynni þau störf sem samningurinn væri um, þar til þeir fyrst gætu fallið úr gildi samkvæmt uppsögn. Sá kjarasamningur sem nú væri í gildi milli vélfræðinganna og stefnda, Reykjavíkurborgar, og gerður var á milli stefnda Reykjavíkurborgar og stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, félli úr gildi þann 31. október árið 2000, sbr. ákvæði gr. 12.1.1. í kjarasamningnum. Með vísan til ákvæðis 6. gr. laga nr. 80/1938, þar sem segir að hafi samningi ekki verið sagt upp innan tiltekins uppsagnarfrests, teljist hann framlengdur um eitt ár og ákvæðis 11. gr. laga nr. 94/1986 um að samningur framlengist um 6 mánuði hafi honum ekki verið sagt upp réttilega, beri stefnanda nauðsyn á að fá viðurkenndan samningsrétt sinn við stefnda, Reykjavíkurborg, f.h. vélfræðinganna, frá 1. maí 1998 að telja, svo að stefnanda væri unnt að sjá til þess að þeim samningi sem vélfræðingarnir séu nú á yrði sagt upp með lögmætum fyrirvara skv. áskilnaði framangreindra ákvæða.

Í 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar segi að engan megi skylda til aðildar að félagi en með lögum mætti þó kveða á um slíka skyldu ef það væri nauðsynlegt til að félag gæti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra. Aðild að félagi feli í sér rétt til að krefjast þess að félagið sæi um kjarasamninga einstakra félagsmanna. Stefndu telji þó að vélfræðingunum sé heimilt að vera félagsmenn stefnanda en stefndi, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, fari þó engu að síður með samningsrétt þeirra við stefnda, Reykjavíkurborg. Stefndu byggi þá niðurstöðu sína á lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í 1. gr. laganna segi að lögin gildi um alla starfsmenn sem séu félagar í stéttarfélögum sem samkvæmt 4. og 5. gr. laganna hafi rétt til að gera kjarasamninga samkvæmt þeim og séu ráðnir hjá ríkinu, ríkisstofnunum, sveitarfélögum eða stofnunum þeirra með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda væri starf þeirra talið aðalstarf. Lögin gildi með öðrum orðum ekki um starfsmenn hins opinbera sem eigi aðild að félögum sem lögin telji ekki eiga undir 4. og 5. gr. laganna. Stefndu hafi viðurkennt aðild vélfræðinganna 17 að Vélstjórafélagi Íslands enda væri annað útilokað samkvæmt skýrum ákvæðum 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar. Teljist stefnandi ekki stéttarfélag í skilningi laga 94/1986, fari ekki um samninga þess fyrir

hönd vélfræðinganna sautján við stefnda, Reykjavíkurborg, samkvæmt lögunum. Um samningana fari þá samkvæmt lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur sem væru hin almennu lög um gerð kjarasamninga.

Lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna brjóti gegn ákvæði 74. gr. stjórnarskrárinnar.

Ef ekki yrði fallist á framangreinda túlkun stefnanda er á því byggt að lög nr. 94/1986 séu andstæð ákvæði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi enda veiti þau tilteknum stéttarfélögum aukið vægi framar öðrum. Á það er bent að lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna hafi verið sett árið 1986 en stjórnarskrárbreytingin sem staðfest hafi félagafrelsi vélfræðinganna 17 hafi átt sér stað árið 1995. Stjórnarskráin væri æðri almennum lögum; lex superior og yngri lög ryddu eldri lögum út stönguðust þau á; lex posterior. Hér væri ekki um það að ræða hvort vélfræðingarnir vildu standa utan félaga (neikvætt félagafrelsi); þeir vildu eiga valfrelsi milli félaga en slíkt frelsi væri grundvallarþáttur ákvæðis 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og félli undir skilgreininguna á jákvæðu félagafrelsi.

Samningsréttur samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 94/1986.

Ef ekki yrði fallist á að lög nr. 80/1938 eigi við um samningagerð milli stefnanda og stefnda, Reykjavíkurborgar, og að 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar, eins og hún hljóði eftir breytinguna árið 1995, ryðji út framangreindum lögum, þá yrði á því byggt að stefnandi ætti samningsrétt við stefnda, Reykjavíkurborg, á grundvelli 3. tl 1. mgr. 5. gr. laga nr. 94/1986. Stefnandi hafi samningsrétt fyrir hönd félagsmanna sinna gagnvart ríki og borg á ýmsum atvinnusviðum. Þannig fari stefnandi með samningsrétt gagnvart ríkisvaldinu fyrir hönd þeirra félagsmanna sem t.a.m. starfi hjá Landhelgisgæslunni, sbr. framlagt ljósrit úr kjarasamningi, Hafrannsóknarstofnun, sbr. ljósrit úr kjarasamningi, Rafmagnsveitu ríkisins, sbr. ljósrit úr kjarasamningi, Varnarliðinu, samtals 33 félagsmenn, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja, sbr. ljósrit úr kjarasamningi, samtals 4 félagsmenn, sbr. framlagðar skilagreinar og Hitaveitu Suðurnesja, sbr. kjarasamning og skilagreinar. Því hafi aldrei verið mótmælt af hálfu hins opinbera að stefnandi væri viðurkenndur samningsaðili fyrir hönd þessara félagsmanna sinna á grundvelli laga nr. 94/1986. Þá er þess getið að nú sé starfandi 51 félagsmaður stefnanda hjá Landsvirkjun sem að

hálfu sé í eigu ríkisvaldsins og að hálfu í eigu Reykjavíkurborgar, sbr. skilagreinar frá Starfsmannadeild Landsvirkjunar dags. 30.10.1998 og ljósrit úr kjarasamningi. Að viðbættum þeim 17 félagsmönnum stefnanda sem störfuðu hjá veitum Reykjavíkurborgar, þá bættist við 51 félagsmaður sem starfaði fyrir stefnda, Reykjavíkurborg hjá Landsvirkjun. Samtals væru þetta því 68 félagsmenn en 3. töluliður 1. mgr. 5. gr. laga nr. 94/1986 áskildi 40 eða fleiri félagsmenn. Við þá tölu mætti síðan bæta 42 félagsmönnum stefnanda sem væru á félagaskrá samkvæmt upplýsingum Launadeildar ríkisins. Þá hafi stefnandi gert kjarasamninga við hið opinbera vegna starfandi vélfræðinga hjá Áburðar- og Sementsverksmiðju ríkisins, meðan verksmiðjurnar voru í opinberri eigu.

Yrði að telja áskilnaði ákvæðisins um ⅔ hluta starfsmanna sem undir lögin heyrðu og mynduðu starfsstétt með formlega menntun sem jafna mætti til slíkra starfsréttinda fullnægt hér, enda sé stefnandi eini samningsaðili vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á Íslandi og hafi innan sinna vébanda hálft þriðja þúsund félagsmanna. Störf vélfræðinganna 17 séu að flestu ef ekki að öllu leyti sambærileg við störf þeirra vélfræðinga sem störfuðu hjá Landsvirkjun. Um sé að ræða stjórnunarstöður sem vélfræðingar séu taldir best fallnir til að sinna. Bent er á að sérstaklega sé auglýst eftir mönnum með slíka menntun þegar störf á þessu sviði losnuðu. Stefnandi uppfyllti því í einu og öllu áskilnað laga nr. 94/1986 um samningsrétt við stefnda, Reykjavíkurborg.

Stefnandi sé félag manna sem lokið hafa tiltekinni formlegri menntun.

Bent er á að samkvæmt lögum nr. 113/1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, þá yrðu þeir sem hygðust stunda vélgæslustörf á íslenskum skipum að uppfylla tiltekin skilyrði sem nánar sé kveðið á um í lögunum. Vélfræðingarnir 17 sem starfi í þjónustu stefnda, Reykjavíkurborgar, uppfylli fyllstu kröfur laganna og hafi þ. a. l. greiðan aðgang að vélgæslustörfum á sjó. Þessi staðreynd hlyti að fela í sér að vélfræðingarnir 17 uppfylltu kröfur laga nr. 94/1986 um að vera í starfsstétt með lögformleg starfsréttindi eða uppfylltu skilyrði um formlega menntun sem jafna mætti til slíkra starfsréttinda. Þessi staðreynd útskýri einnig mikilvægi þess að vélfræðingarnir eigi greiðan aðgang að stéttarfélagi sínu, stefnanda, sem héldi utan um

öll réttindamál þeirra og gerði kjarasamninga fyrir þeirra hönd, grundvallaða á menntun þeirra og mikilvægi.

Stefndi hafi brotið gegn ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi.

Með því að takmarkanir á félagafrelsi séu ekki einungis brot gegn ákvæði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar heldur einnig gegn ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi. Hafi vélfræðingarnir ekki rétt til inngöngu í fagfélag sitt, félag sem standi vörð um kaup þeirra og kjör og komi fram fyrir þeirra hönd í bæði félagslegum og lagalegum efnum, sé verið að setja tjáningarfrelsi þeirra skorður. Skoðanir þeirra og sannfæring sæti þá óviðunandi höftum sem ætti sér enga stoð með tilliti til allsherjarreglu eða öryggis ríkisins. Vélfræðingarnir sautján séu orðnir langþreyttir á takmörkuðum rétti sínum til tjáningar með því að vera bundnir á klafa í kjarasamningum með hópi fólks sem ætti sér enga efnislega samsvörun í launaeða öðrum réttindamálum. Vélfræðingarnir væru þess fullvissir að þessi þvingun hafi leitt til þess að þeir hafi stórlega dregist aftur úr í launum miðað við þá vélfræðinga sem stefnandi hafi samningsumboð fyrir.

Félagsnauðung vélfræðinganna brjóti gegn tjáningarfrelsi þeirra þar sem þeir hafi ekki um aðra möguleika að velja en að vera í félagi stefnda, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, sem setji þá fram skoðanir fyrir þeirra hönd. Nánari afmörkun tjáningarfrelsisins hafi oft verið mikilvæg við túlkun á félagafrelsinu þar sem ekki sé hægt að túlka félagafrelsið þröngt með tilliti til verndarsviðs tjáningarfrelsisins heldur sé þvert á móti hægt að líta á það sem sérstakt og aukið tjáningarfrelsi. Í tjáningarfrelsi felist réttur til að tjá sig en stundum myndu einstaklingar þó fremur hreinlega hafa áhuga á að þegja en að tjá sig um ákveðna hluti og teljist slíkt vera hluti tjáningarfrelsisins (neikvætt tjáningarfrelsi). Í þeirri athöfn sem felist í því að vélfræðingarnir hafi ákveðið að ganga í félag stefnanda búi ákveðin tjáning, þeir hafi lýst því yfir að þeir hafi bæði vilja og áhuga á félagsskiptunum og að stefnandi fari með samningsrétt fyrir þeirra hönd en ekki stefndi, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Stefndi hafi brotið gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Stefnandi fullyrðir að vélfræðingarnir 17 séu eina fagstéttin sem eftir sé innan vébanda stefnda, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Aðrar fagstéttir, verkfræðingar, rafvirkjar, lögfræðingar og fleiri

fagmenn, hafi fengið að ganga í raðir fagfélaga sinna. Mismunun af þessum toga hljóti að brjóta gegn ákvæði jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 65. gr. stjórnarskrárinnar. Ljóst sé að starfsmenn stefnda, Reykjavíkurborgar, séu ekki allir jafnir fyrir lögum. Þannig virðist mannréttindi lögfræðinga sem starfi hjá stefnda, Reykjavíkurborg, í heiðri höfð en ekki mannréttindi vélfræðinganna sautján.

Undantekningar frá félagafrelsi geti ekki átt við um vélfræðingana 17.

Stefnandi, Vélstjórafélag Íslands, sé fagfélag íslenskra vélfræðinga, vélstjóra- og vélavarða og fari með fyrirsvar stéttarinnar í kjarasamningum og á opinberum vettvangi, t. a. m. með umsögnum á lagafrumvörpum og reglugerðum sem varði stéttina í heild sinni. Stefnandi sé starfsgreina- og hagsmunafélag en slík félög eigi það sameiginlegt að aldrei sé um að ræða beina skylduaðild að þeim samkvæmt almennum lögum eða eigin lögum og samþykktum félaganna. Félögin séu sérstaks eðlis þannig að þau berðust ekki aðeins fyrir hagsmunum félagsmanna sinna, heldur gegndu þau einnig ýmsum þjónustuhlutverkum, svo sem fræðslustarfi fyrir félaga sína. Félagar ættu einnig menntun sína sameiginlega og litu á það sem hlunnindi að eiga aðild að viðkomandi félagi. Í ljósi framangreinds gæti það aldrei vegið gegn hagsmunum samfélagsins að vélfræðingarnir fengju viðurkenndan rétt sinn til inngöngu í fagfélag sitt, stefnanda, heldur hlyti sú niðurstaða að teljast þjóðhagslega hagkvæm. Undantekningarreglur þeirra mannréttindaákvæða sem að framan greinir gætu því ekki átt við í þessu máli.

Stefnandi vísar til 1. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem heimild til að höfða mál þetta fyrir Félagsdómi.

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á 65., 73. og 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, auk 10. og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, 8. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sbr. lög nr. 10/1979 og 22. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sbr. lög nr. 10/1979, I. kafla laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, aðallega 1., 4. og 5. gr. laganna, lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, samanber 1.-7. gr. laganna, lögum nr. 113/1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á

íslenskum skipum, 53. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, kjarasamningi milli Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar frá 17. febrúar 1998, lögum Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar útgefnum árið 1995 og lögum Vélstjórafélags Íslands útgefnum árið 1994. Um dráttarvexti vísast til III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Um málskostnað vísast til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök stefnda Reykjavíkurborgar.

Tekið er fram um málavexti að á liðnum árum hafi Vélstjórafélag Íslands óskað eftir því við Reykjavíkurborg að fá viðurkenndan rétt til að gera kjarasamning fyrir starfandi vélfræðinga hjá Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborg hafi um áratugaskeið gert kjarasamning um störf vélfræðinga við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og telji sig bundna að lögum til kjarasamningsgerðar við það félag um umrædd störf. Í ljósi þessa hafi Reykjavíkurborg ekki talið sér fært að verða við erindum Vélstjórafélags Íslands.

Sakarefnið snúist um það hvort stefnandi, Vélstjórafélagið, geti þvingað Reykjavíkurborg til gerðar kjarasamnings um störf sem borgin hafi þegar samið við annað stéttarfélag um. Með öðrum orðum, hafi borgin skyldu til þess að semja við hvaða stéttarfélag sem er ef starfsmenn/starfsmaður borgarinnar kjósa að ganga í félagið? Stefndi, Reykjavíkurborg, hafi með vísan til 4. og 6. gr. laga nr. 94/1986 svarað þessari spurningu neitandi.

Af hálfu stefnda er sýknukrafa á því byggð að umræddir vélfræðingar séu bundnir af kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar sem fari með samningsaðild fyrir vélfræðinga. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna fari stéttarfélög starfsmanna ríkis og sveitarfélaga með fyrirsvar félagsmanna sinna við gerð kjarasamninga samkvæmt lögunum og aðrar ákvarðanir í sambandi við þá. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laganna eigi þau stéttarfélög sem við gildistöku laganna hafi sérkjarasamning við fjármálaráðherra eða hafi kjarasamning við sveitarfélög rétt á að gera samninga við sama aðila samkvæmt lögunum enda hafi þau óskað eftir því innan árs frá gildistöku laganna. Á grundvelli þessa lagaákvæðis sé í gildi kjarasamningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Fyrir gildistöku laga nr. 94/1986 hafi Starfsmannafélag

Reykjavíkurborgar samið um starfsheiti vélfræðinga og hefur gert það síðan.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 94/1986 skuli eigi nema eitt stéttarfélag hafa rétt til samningsgerðar við sama vinnuveitanda fyrri sömu starfsstétt. Samkvæmt 4. og 5. gr. laga nr. 94/1986 eigi stéttarfélög sem starfa á grundvelli laganna rétt til að vera samningsaðilar. Í þessu felist að ríki og/eða sveitarfélagi sé skylt að gera kjarasamninga við félögin vegna félagsmanna þeirra sem starfa hjá viðkomandi aðila að uppfylltum almennum skilyrðum. Vélstjórafélag Íslands sé stéttarfélag samkvæmt lögum nr. 80/1938. Ríki og/eða sveitarfélögum sé ekki skylt að gera kjarasamninga við stéttarfélög sem starfa samkvæmt lögum nr. 80/1938. Heimild opinberra aðila til að gera kjarasamninga við þessi stéttarfélög takmarkist af reglum laga nr. 94/1986, m.a. 6. gr. laganna, þar sem fram er sett sú meginregla að ekki skuli nema eitt stéttarfélag hafa samningsrétt við sama vinnuveitanda um sömu starfsstétt. Í ljósi þess að Reykjavíkurborg hafi alla tíð samið við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar um starfsheiti vélfræðinga og með vísan til 6. gr. laga nr. 94/1986 sé Reykjavíkurborg óheimilt að semja um það starfsheiti við annað stéttarfélag og beri þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af öllum kröfum í þessu máli.

Eins og áður hafi komið fram er Vélstjórafélag Íslands stéttarfélag sem starfar á grundvelli laga nr. 80/1938. Í stefnu sé því haldið fram að Vélstjórafélag Íslands geti farið með samningsrétt á grundvelli 3. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1986 og jafnframt að því hafi aldrei verið mótmælt af hálfu hins opinbera að stefnandi væri viðurkenndur samningsaðili fyrir hönd þessara félagsmanna sinna á grundvelli laga nr. 94/1986. Stefnandi hafi aldrei lagt fram ósk við stefnda um samningsrétt á grundvelli laga nr. 94/1986 og því síður sýnt fram á að félagið uppfylli skilyrði þeirra laga. Til þess að samningsaðild komi til greina samkvæmt 3. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1986 þurfi félag að taka til a.m.k. 2/3 hluta starfsmanna sem undir lögin heyra og séu í starfsstétt með lögformleg starfsréttindi eða uppfylla skilyrði um formlega menntun sem jafna megi til slíkra starfsréttinda og að þeir félagsmenn séu 40 eða fleiri. Kjarasamningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar taki ekki til 40 vélfræðinga. Fullyrðingar stefnanda um að starfsmenn Landsvirkjunar séu borgarstarfsmenn sé bæði villandi og röng. Um Landsvirkjun gildi

sérstök lög nr. 42/1983 með síðari breytingum. Landsvirkjun sé sameignarfyrirtæki ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/1983 sé fyrirtækið Landsvirkjun sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Reykjavíkurborg er eigandi að 44,525% og fari hvorki með samningsumboð f.h. félagsins né heldur njóti starfsmenn þess réttinda borgarstarfsmanna og beri ekki skyldur sem slíkir. Í stefnu kom fram að stefnandi geri kjarasamning við Landsvirkjun vegna starfandi vélfræðinga hjá félaginu. Sú samningsaðild falli ekki undir ákvæði laga nr. 94/1986. Gildi það sama um kjarasamninga sem stefnandi hafi gert við aðra aðila, opinbera aðila sem tilgreindir séu í stefnu.

Í stefnu vísar stefnandi til þeirrar grundvallarreglu að mönnum sé frjálst að vera í því félagi sem þeir kjósi. Telur stefnandi þá meginreglu verndaða af ákvæði 74. gr. stjórnarskrár og 4. gr. laga nr. 80/1938. Þá telur stefnandi að stefndi hafi með háttalagi sínu brotið gegn ákvæðum 65., 72., 73. og 74. gr. stjórnarskrár, auk 10. og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, 8. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sbr. lög nr. 10/1979 og 22. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Af hálfu stefnda er því mótmælt að framangreind ákvæði hafi verið brotin og sé tilvísun til margra þeirra máli þessu óviðkomandi að mati stefnda. Þá sé það rangt, sem fram komi í stefnu, að stefndi hafi viðurkennt aðild vélfræðinganna að Vélstjórafélagi Íslands. Áréttað er að stefnda varði það engu hvaða stéttarfélögum hlutaðeigandi starfsmenn eiga aðild að og því ekki á valdi stefnda að viðurkenna eða andmæla slíkri félagsaðild.

Af hálfu stefnda er á það bent að ákvæði stjórnarskrár lýðveldisins hafi að geyma umfjöllun um skipulag vinnumarkaðar og sé það í samræmi við ríkjandi fyrirkomulag. Ákvæði 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrár lýðveldisins fjalli um þau atriði og sé það svohljóðandi:

„Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu."

Á grundvelli slíkra sjónarmiða sem fram koma í þessari grein stjórnarskrárinnar byggjast ákvæði laga um samningsaðild stéttarfélaga og skipulag hins íslenska vinnumarkaðar. Stefnandi og stefndi séu báðir bundnir af því lagaumhverfi sem í gildi sé og standi lög gegn því að heimilt sé að verða við kröfum stefnanda í máli þessu.

Af hálfu stefnda er því mótmælt að í afstöðu hans felist brot á

ákvæðum 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins þar sem kveðið sé á um friðhelgi eignarréttarins. Stjórnarskrárákvæði þetta takmarki ekki rétt almenna löggjafans til þess að kveða á um í lögum um samningsaðild stéttarfélaga. Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar fari lögum samkvæmt með samningsaðild fyrir vélfræðinga og beri þeim að greiða gjöld til þess félags. Þeim sé í sjálfsvald sett hvort þeir eigi aðild að öðrum félögum og ráðist það af samþykktum þeirra félaga hvort og þá hvernig greiðsluskyldu þeirra sé háttað. Þeim er að sjálfsögðu heimilt að hætta þátttöku í þessum frjálsu félagasamtökum og falli þá greiðsluskylda þeirra niður. Ákvörðun vélfræðinga um félagsaðild að Vélstjórafélagi Íslands sé stefnda óviðkomandi og hafi hann ekki lagt neina greiðsluskyldu á vélfræðinga til þess félags enda óheimilt lögum samkvæmt.

Þá er því ennfremur haldið fram af stefnda að ákvæði 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins sé máli þessu óviðkomandi. Hinn almenni löggjafi hafi engar skorður sett á tjáningarfrelsi manna, hvorki með lögum nr. 94/1986 né lögum nr. 80/1938. Vélfræðingar hafi fullt tjáningarfrelsi í báðum þessum félögum og öðrum þeim félögum sem þeir hugsanlega kjósi að eiga aðild að.

Stefndi bendir ennfremur á að hann hefur aldrei haldið því fram að umræddir vélfræðingar séu ekki félagsmenn í Vélstjórafélagi Íslands. Um það atriði varði stefnda engu enda alfarið mál hlutaðeigandi starfsmanna og stéttarfélaga. Af hálfu stefnda hafi verið á því byggt að Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar fari með samningsumboð fyrir vélfræðinga og að óheimilt sé að semja við önnur stéttarfélög um það starfsheiti. Stefndi mótmælir því alfarið að í afstöðu hans felist afskipti af félagsaðild starfsmanna eða að með afstöðu sinni séu lagðar hömlur á félagafrelsi þeirra. Ítrekað er að stefndi telur sig það engu varða í hvaða stéttarfélagi hlutaðeigandi starfsmenn séu félagsmenn. Stefndi telur sér skylt að skila félagsgjöldum umræddra starfsmanna til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986 beri vélfræðingum að greiða gjöld til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar eins og þeir væru félagsmenn, en engin skylda sé til aðildar að félagi þessu. Skylda til greiðslu gjalda til þess félags, sem fari með samningsaðild fyrir starfsmenn, brjóti hvorki í bága við félagafrelsisákvæði 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins né gegn mannréttindasáttmála Evrópu,

sbr. lög nr. 62/1994 eða 4. gr. laga nr. 80/1938. Vísar stefndi til dóms Félagsdóms í máli nr. 4/1998 um þetta atriði.

Af hálfu stefnda er þeim fullyrðingum stefnanda mótmælt að ákvæði laga nr. 94/1986 séu andstæð ákvæði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár um félagafrelsi. Löggjafinn hafi ákveðið tvenns konar fyrirkomulag á samningsaðild stéttarfélaga. Annars vegar sé um að ræða lög nr. 80/1938 og hins vegar lög nr. 94/1986. Allan þann tíma sem vélfræðingar hafi starfað hjá Reykjavíkurborg hafi þeir verið opinberir starfsmenn með þeim réttindum og skyldum sem því fylgi. Er því ennfremur mótmælt að í slíkri tilhögun felist brot á jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins og 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Vísað er til dóms Félagsdóms í máli nr. 17/1997, Alþýðusamband Íslands gegn Reykjavíkurborg og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar þar sem staðfest var að samningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar um tiltekið starfsheiti leiddi til þess að annað stéttarfélag gæti ekki farið með samningsaðild vegna sama starfsheitis. Með vísan til framanritaðs er þeirri málsástæðu stefnanda mótmælt sem rangri og órökstuddri að ákvæði laga nr. 94/1986 séu andstæð ákvæðum 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi þar sem þau veiti tilteknum stéttarfélögum aukið vægi framar öðrum. Breyting sú, sem gerð var á stjórnarskránni á árinu 1995, breyti engu þar um.

Félagsdómur hafi dæmt um það álitaefni hvort ákvæði stjórnarskrárinnar stríði gegn ákvæðum laga nr. 94/1986 eða skuldbindingum Íslands skv. alþjóðlegum sáttmálum og vísast til Félagsdóms í máli nr. 4/1998 og ber með vísun til forsendna þessa dóms og þeirra málsástæðna og lagaraka sem stefndi byggir á að sýkna hann af kröfum stefnanda.

Stefndi vísar m.a. til grundvallarreglna íslensks vinnuréttar um túlkun kjarasamninga. Þá vísar stefndi til laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 svo og laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986, einkum 4., 5. og 6. gr. Málskostnaðarkrafa stefnda byggir á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Þá vísar stefndi ennfremur til dóma Félagsdóms í málum nr. 17/1997, 4/1998 og 9/1998.

Málsástæður og lagarök stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Af hálfu stefnda er tekið fram að hann sé aðili að kjarasamningi við meðstefnda, Reykjavíkurborg, um störf vélfræðinga hjá orkuveitum borgarinnar. Á síðasta ári hafi meðstefndi gefið mínum umbjóðanda kost á að tjá sig um kröfu stefnanda um að meðstefnda, Reykjavíkurborg, væri skylt að semja við stefnanda um störf vélfræðinga sem starfa hjá veitustofnunum Reykjavíkurborgar. Þessi krafa hafi verið sett fram þótt í gildi væri kjarasamningur milli Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurborgar um þessi störf. Umsögn stefnda sé dagsett 22. september 1998 og hefur verið lögð fram í málinu. Afstaða stefnda til kröfu stefnanda hafi verið neikvæð og sé sú afstaða rökstudd í nefndu bréfi.

Andmæli stefnda við dómkröfu stefnanda byggjast m.a. á eftirfarandi atriðum:

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar sé stéttarfélag í skilningi laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Vélstjórafélag Íslands er stéttarfélag sem starfar samkvæmt lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Skv. 3. gr. laga nr. 94/1986 fari sveitarstjórnir með samningsfyrirsvar fyrir sveitarfélög. Reykjavíkurborg sé sveitarfélag og gildi lög nr. 94/1986 um samskipti borgarinnar og þeirra stéttarfélaga sem starfa eftir sömu lögum, þ.m.t. Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt 4. og 5. gr. laga nr. 94/1986 eigi stéttarfélög sem starfa á grundvelli laganna rétt til þess að vera samningsaðilar. Í þessu felist að ríki og/eða sveitarfélagi sé skylt að gera kjarasamninga við félögin vegna félagsmanna þeirra sem starfa hjá viðkomandi aðila, að uppfylltum almennum skilyrðum.

Ríki og/eða sveitarfélögum sé ekki skylt að gera kjarasamninga við stéttarfélög sem starfa skv. lögum nr. 80/1938. Heimild opinberra aðila til þess að gera kjarasamninga við þessi stéttarfélög takmarkast af reglum laga nr. 94/1986, m.a. 6. gr. laganna þar sem fram sé sett sú meginregla að ekki skuli nema eitt stéttarfélag hafa samningsrétt við sama vinnuveitanda fyrir sömu starfsstétt.

Ýmsar skyldur séu lagðar á opinbera starfsmenn sem ekki verði lagðar á félagsmenn almennu verkalýðsfélaganna. Samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga nái

heimild til þess að taka þátt í verkfalli ekki til þeirra sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu. Lagareglan sé sett til þess að tryggja að ekki verði neyðarástand þótt opinberir starfsmenn fari í verkfall. Sambærileg skylda verður ekki lögð á félagsmenn almennu verkalýðsfélaganna. Þótt til verkfalls komi hjá félagsmönnum Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar sé unnt að tryggja rekstur Hita-, Vatns- og Rafmagnsveitu Reykjavíkur svo lengi sem starfsmennirnir lúti reglum laga nr. 94/1986. Slíkt væri ekki unnt ef lög nr. 80/1938 giltu um starfsmennina.

Stefndi telji að af framangreindu leiði að meðstefndi, Reykjavíkurborg, hafi kjarasamningsskyldu við félagið um störf vélfræðinganna og jafnframt sé borginni óheimilt að gera kjarasamning við Vélstjórafélag Íslands um þessi störf.

Af hálfu Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar er tekið fram að því sé ekki haldið fram að vélfræðingarnir hafi skyldu til þess að vera félagsmenn í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og jafnframt er viðurkennt að þeim er heimilt að ganga í Vélstjórafélag Íslands eða hvert annað löglegt félag sem þeir vilji eiga aðild að. Tilvísunum stefnanda til stjórnarskrárvarins jafnræðis, félaga- og skoðanafrelsis er mótmælt sem sakarefninu óviðkomandi. Sama gildir um tilvísanir til 10. og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Að mati stefnda fari því fjarri að brotið sé gegn grundvallarmannréttindum þessara einstaklinga þótt þeir geti ekki átt lögvarinn rétt til þess að þvinga meðstefnda til samningsgerðar á sviði þar sem hann sé þegar samningsbundinn stefnda. Um þessi sjónarmið vísast m.a. til niðurstöðu Félagsdóms í málinu nr. 4/1998.

Að öðru leyti er tekið undir málsástæður, lagarök og tilvísun til réttarreglna sem fram koma í greinargerð meðstefnda.

Niðurstaða.

Mál þetta á undir Félagsdóm samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Ágreiningslaust er með aðilum máls þessa að þeir félagsmenn stefnanda sem mál þetta varðar starfa sem vélfræðingar hjá Reykjavíkurborg. Þá er einnig óumdeilt að þeim hafi verið frjálst að segja sig úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og ganga í Vélstjórafélag Íslands.

Stefnandi byggir í máli þessu m.a. á því að hann eigi samningsrétt

við stefnda, Reykjavíkurborg, á grundvelli 3. tl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 94/1986. Stefndi, Reykjavíkurborg, andmælir þessu og byggir á því að stefnandi sé stéttarfélag samkvæmt lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Ríki og/eða sveitarfélögum sé ekki skylt að gera kjarasamninga við slík félög og heimild til að semja við þau takmarkist af lögum nr. 94/1986. Jafnframt byggir stefndi Reykjavíkurborg á því að þar sem hann hafi alla tíð samið um kaup og kjör vélfræðinga við meðstefnda, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, sé honum óheimilt að semja um þau við annað stéttarfélag, sbr. og 6. gr. laga nr. 94/1986. Þar komi fram sú meginregla að ekki skuli nema eitt stéttarfélag hafa samningsrétt við sama vinnuveitanda fyrir sömu starfsstétt.

Vinnuveitandi er ekki bundinn við að semja við sama stéttarfélag nema út samningstímann. Það styðst við 2. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938 og við 4. mgr. 6. gr. laga nr. 94/1986 þar sem gert er ráð fyrir að ný félög geti öðlast samningsumboð samkvæmt 5. gr. laganna.

Samkvæmt 1. mgr. 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 12. gr. laga nr. 97/1995, eiga menn rétt á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Þessi réttur sem nefndur er félagafrelsi hefur verið bundinn í stjórnskipunarlög allt frá 1874.

Í 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, er fjallað um félagafrelsi. Þar segir svo: „1. Rétt skal mönnum að koma saman með friðsömum hætti og mynda félög með öðrum, þar á meðal að stofna og ganga í stéttarfélög til verndar hagsmunum sínum.

2. Eigi skal réttur þessi háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða réttindum og frelsi. ...“

Í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, er kveðið svo á um að stéttarfélög séu lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, enda hafi félagið í samþykktum sínum ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna.

Samkvæmt 2. gr. laga Vélstjórafélags Íslands er tilgangur þess m.a. að gæta hagsmuna íslensku vélfræðinga-, vélstjóra- og véla-

varðastéttarinnar og semja um kaup og kjör þeirra við vinnuveitendur. Félagið er landsfélag þeirrar starfsstéttar sem hefur lögformleg starfsréttindi og uppfyllir skilyrði 3. tl. 5. gr. laga nr. 94/1986 um formlega menntun.

Reglan um samningsfrelsið er ein af meginstoðum samningaréttarins, enda þótt hún sæti ýmsum undantekningum. Við mat á frávikum frá reglunni verður að hafa í huga að samningsfrelsið er meginregla og frávikin frá henni ber að skýra þröngt. Augljóst er að það er undantekning frá þeirri reglu að þvinga félagsmenn eins stéttarfélags til að fá öðru stéttarfélagi, sem þeir hafa sagt sig úr og vilja ekki vera í, umboð sitt til kjarasamninga, en til þess kemur ef kröfur stefndu í máli þessu verða teknar til greina. Þetta verður að hafa í huga við túlkun á tilgreindu ákvæði 5. gr. laga nr. 94/1986.

Samkvæmt tilvitnuðu stjórnarskrárákvæði og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, eiga menn rétt á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi. Sá réttur nær ekki aðeins til þess að vera félagsmaður heldur einnig til þess að láta til sín taka starfsemi félagsins, þar með að fela stéttarfélagi sínu umboð til að gera kjarasamning.

Þegar allt framangreint er virt verður að telja að víkja beri fjöldatakmörkunum 3. tl. 5. gr. laga nr. 94/1986 til hliðar í því tilviki sem hér er til úrlausnar og viðurkenna rétt stefnanda til að fara með samningsaðild tilgreindra félagsmanna sinna hjá Reykjavíkurborg þegar núgildandi kjarasamningur stefndu, Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, fellur úr gildi.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Viðurkennt er að stefnandi, Vélstjórafélag Íslands, fari með samningsaðild fyrir vélfræðingana Önnu Kristjánsdóttur, kt. 301251-2979, Arnar Laxdal Snorrason, kt. 060241-4229, Halldór Sigurðsson, kt. 110734-4339, Jóhann Kristjónsson, kt. 060752-3119, Karl Karlsson, kt. 261235-7499, Kristin Gíslason, kt. 251145-4079, Kristin Héðinsson, kt. 040657-3479, Kristin Rafnsson, kt. 240754-4449, Markús J. Ingvason, kt. 021254-4019, Pétur Jónsson, kt. 100944-2949, Sigurjón Ásgeirsson, kt. 280361-4459, Sigurð E. Sigurðsson, kt. 210436-3759, Skúla K.

Gíslason, kt. 130738-2659, Svein Rúnarsson, kt. 190854-5749, Sverri Sæmundsson, kt. 170645-3759, Þorstein I. Kragh, kt. 151236-3839 og Örn Tyrfingsson, kt. 051245-4669 við gerð kjarasamninga við Reykjavíkurborg vegna starfa þeirra sem vélfræðinga hjá Hitaveitu, Vatnsveitu og Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 14. janúar 2000.

Nr. 8/1999. **Vélstjórafélag Íslands**
(Jónas Haraldsson hdl.)
gegn
Samtökum atvinnulífsins f.h.
Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h.
Útvegsmannafélags Norðurlands vegna
Þormóðs ramma-Sæbergs hf.
(Jón H. Magnússon hdl.)

Kjarasamningur. Skiptakjör.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 4. janúar sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gunnar Sæmundsson og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er Vélstjórafélag Íslands, kt. 690269-3419, Borgartúni 18, Reykjavík.

Stefndi er Samtök atvinnulífsins, kt. 680699-2919, Garðastræti 41, Reykjavík, f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna, kt. 420269-0649, Hafnarhvoli, Reykjavík, f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands, kt. 432096-3239, Strandgötu 29, Akureyri, vegna Þormóðs ramma-Sæbergs hf., kt. 681271-1559, Aðalgötu 10, Siglufirði.

Dómkröfur stefnanda:

Að viðurkennt verði að stefndi, Þormóður rammi-Sæberg hf., hafi brotið gegn ákvæði greinar 1.03. í kjarasamningi um kaup og kjör yfirvélstjóra, vélstjóra, vélavarða o.fl. á fiskiskipum milli Vinnuveitendasambands Íslands vegna aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og Vélstjórafélags Íslands, Vélstjórafélags Suðurnesja og Vélstjórafélags Vestmannaeyja hins vegar frá 27. mars 1998.

Að stefnda, Þormóði ramma-Sæberg hf., verði gert að greiða stefnanda kr. 1.200.000,- samkvæmt ákvæði greinar 1.53. í kjarasamningi um kaup og kjör yfirvélstjóra, vélstjóra, vélavarða o.fl. á fiskiskipum milli Vinnuveitendasambands Íslands vegna aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og Vélstjórafélags Íslands, Vélstjórafélags Suðurnesja og Vélstjórafélags

Vestmannaeyja hins vegar frá 27. mars 1998, vegna brota á ákvæði greinar 1.03. í sama samningi.

Að stefndi, Þormóður rammi-Sæberg hf., verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda:

1. Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.
2. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að með gerð samninga 29. maí 1998 við áhafnir skipanna, Stálvíkur, Sigluvíkur, Múlabergs og Sólbergs um fiskverð hafi stefndi Þormóður rammi-Sæberg hf. uppfyllt ákvæði greinar 1.03. í kjarasamningi vélstjóra á fiskiskipum.
3. Að stefnandi verði dæmdur í réttarfarssekt.
4. Að sektarkrafa verði að hámarki kr. 300.000 ef aðalkrafa stefnanda verður tekin til greina.
5. Stefndi gerir kröfu um að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu í öllum tilvikum.

Málsatvik.

Málsatvik eru þau að stefndi, Þormóður rammi-Sæberg hf., gerði í lok maí 1998 samninga við áhafnir skipa sinna, Sólbergs ÓF-12, Stálvíkur SI-1, Sigluvíkur SI-2 og Múlabergs ÓF-32, um verð á rækju. Gildistími samninganna var frá 1. júní 1998 til 1. september 1999. Í samningunum er tekið fram að komi til verulegra breytinga á afurðaverði séu aðilar sammála um að samningarnir skuli teknir til endurskoðunar. Hvorki áhafnir né útgerð hafi óskað endurskoðunar samninganna.

Með bréfi Verkalýðsfélagsins Vöku á Siglufirði dags. 18. september 1998 til Verðlagsstofu skiptaverðs var þess óskað að kannað yrði hvort samningarnir væru í samræmi við það sem almennt gerðist um slíka samninga. Verðlagsstofa kannaði málið, fékk upplýsingar um verð á ísrækju, leitaði umsagna útgerða og áhafna og vann samanburðaryfirlit. Athugun Verðlagsstofu sýndi að vegið meðalverð á ísaðri rækju til áhafna samkvæmt fyrirliggjandi fiskverðssamningum og öðrum upplýsingum nam kr. 89,03 pr. kg, en meðalverð til áhafna umræddra skipa í eigu stefnda nam kr. 84,06 pr. kg, samkvæmt upplýsingum stefnda sjálfs. Verð stefnda til áhafna sinna var á þá leið að fyrir kg, af rækju með 230 stk. af rækju og færri í kg fengust kr. 87 pr. kg, fyrir 231 til 290 stk. í kg kr. 78 pr. kg, fyrir 291

til 350 stk. í kg kr. 55 pr. kg og fyrir 351 stk. og fleiri í kg kr. 34 pr. kg.

Með bréfi dags. 10. desember 1998 vísaði Verðlagsstofa skiptaverðs, með tilvísun í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 13/1998 um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, málum áhafna fiskiskipanna sem aflasala og Þormóðs ramma-Sæbergs hf. sem aflakaupa til úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna. Er tekið fram í bréfi Verðlagsstofu að þær forsendur sem í bréfinu eru raktar sýni fram á að rækjuverð til greindra skipa stefnda víki frá því sem algengast sé miðað við sambærilega ráðstöfun afla.

Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna kvað upp úrskurð í málinu 30. desember 1998. Nefndin vísaði til þess í niðurstöðu sinni að vegið meðalverð á ísrækju hafi verið kr. 89,03 pr. kg og frávik stefnda frá meðalverðinu því 5,91%. Hafi því þótt rétt að verð til áhafna umræddra fiskiskipa skyldi verða frá 17. desember 1998 til 1. mars 1999 sem hér segir: Rækja 230 stk. og færri í kg 94 kr./kg, rækja 231 til 290 stk. 84 kr./kg, rækja 291 til 350 stk. 58 kr./kg og rækja 351 stk. og fleiri í kg 36 kr./kg Í niðurstöðu nefndarinnar var tekið fram að við verðlagningu þessa hafi lítillega verið tekið tillit til þeirra lækkunaráhrifa sem rækjusamningar stefnda við áhafnir skipa sinna hafi haft á vegið meðaltal ísaðrar rækju.

Stefndi gerði frá 17. desember 1998 upp við áhafnir sínar samkvæmt þeim verðum sem úrskurðuð voru.

Með bréfi stefnanda til stefnda, Þormóðs ramma-Sæbergs hf., dags. 21. september 1999, gerði stefnandi þá kröfu að stefndi greiddi stefnanda kr. 1.200.000 í sekt samkvæmt gr. 1.53. í kjarasamningi aðila vegna meintra brota útgerðarinnar á ákvæði 1. mgr. gr. 1.03. í kjarasamningnum sem hljóðar svo:

„Vélstjórum/vélavörðum skal tryggt hæsta gangverð alls sem aflað er og aldrei lægra en útgerðarmaður fær í sinn hlut. Þeir taka ekki þátt í útgerðarkostnaði."

Í bréfi stefnda til stefnanda dags. 23. september 1999 kemur fram að stefndi telur sig ekki hafa brotið kjarasamninga á neinn hátt og hafnar kröfum stefnanda um fjárgreiðslur.

Með bréfi dags. 30. september 1999 ítrekaði lögmaður stefnanda gerðar kröfur og veitti 14 daga greiðslufrest. Afrit bréfsins var sent stefnda Samtökum atvinnulífsins, stefnda Landssambandi íslenskra útvegsmanna og stefnda Útvegsmannafélagi Norðurlands. Engin viðbrögð bárust frá stefndu og hefur stefnandi því höfðað mál þetta.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir mál sitt á ákvæði greinar 1.03. í kjarasamningi milli Vélstjórafélags Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna. Í 1. málsl. 1. mgr. greinarinnar segi að vélstjórum skuli tryggt hæsta gangverð alls sem aflað er og aldrei lægra en útgerðarmaður fái í sinn hlut. Áskilnaðurinn um hæsta gangverð afla sé ítrekaður í 2. málsl. 2. mgr. sömu greinar. Ákvæði þetta eigi við um sölu afla hvort heldur sé um að ræða sölu milli skyldra eða óskyldra aðila, nema þegar afli sé seldur á innlendum eða erlendum uppboðsmarkaði, sbr. 3. mgr. greinar 1.03., sem er undantekning frá meginreglunni um að greiða skuli hæsta gangverð. Ákvæði 6. mgr. greinar 1.03. um málskot til úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna, sbr. 2. kafla í gr. 1.03. í samningnum, sé heimildarákvæði enda byggist slíkt málskot á vilja meirihluta áhafnar til að hafna tilboðum útgerðar um fiskverð og leita réttar síns hjá nefndinni. Málskotsheimild þessi leysi útgerðarmann m.ö.o. ekki frá þeirri kvöð í kjarasamningnum að tryggja sjómönnum sínum hæsta gangverð aflans. Leiti áhöfn skips ekki eftir aðstoð úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna við ákvörðun fiskverðs væri samningurinn ógildur kvæði hann á um lægra fiskverð en hæsta gangverð, sbr. H. 497:1998 og H. 137:1999. Þá beri að líta til ákvæðis greinar 1.51. í kjarasamningnum, en þar segir:

Sérsamningar einstakra útgerðarmanna og vélstjóra/vélavarða er hljóða upp á lægri kjör en tekið er fram í samningi þessum eru ógildir.

Lægri kjör en hæsta gangverð aflans brytu því tvímælalaust gegn áskilnaði 1. ml. 1. mgr. greinar 1.03. í kjarasamningnum og varðaði slíkt atferli sektum samkvæmt grein 1.53. í sama samningi.

Verðlagsstofu skiptaverðs væri skylt að blanda sér í samningsgerð sjómanna og útvegsmanna kæmist hún á snoðir um að fiskverð við uppgjör á aflahlut viki í verulegum atriðum frá því sem algengast sé við sambærilega ráðstöfun á afla á viðkomandi landsvæði að teknu tilliti til stærðar og gæða, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna nr. 13/1998.

Það ferli sem leiðir til málskots Verðlagsstofu skiptaverðs til úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna taki langan tíma, 6 mán-

uði í þessu máli, hafist Verðlagsstofa á annað borð handa vegna ætlaðs lágs fiskverðs hjá tiltekinni útgerð. Þann tíma hagnist ekki einungis viðkomandi útgerð verulega á kjarasamningsbrotum sínum heldur hafi hið lága fiskverð áhrif á meðalfiskverð alls landsins þannig að fiskverð til allra sjómanna lækki. Stefnandi bendir í því samhengi á að í áðurnefndum Hæstaréttardómum hafi einmitt verið miðað við meðalverð úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna sem hæsta gangverð, þar sem ekki hafi tekist að sanna að hærra verð hefði getað fengist fyrir aflann, við túlkun ákvæðis gr. 1.03. í kjarasamningi aðila um hæsta gangverð. Slíkt meðalverð hljóti þó að ráðast af réttmæti þess fiskverðs sem samið sé um hverju sinni. Ónógt aðhald stefnanda á réttri samningsgerð félagsmanna sinna við útgerðir sínar gæti þannig hæglega leitt til þess að ekki væri einungis um að ræða að viðkomandi félagsmenn bæru skarðan hlut frá borði heldur allir þeir félagsmenn sem hvergi kæmu nálægt samningsgerðinni og fengju samninga við sínar útgerðir á grundvelli ákvæðisins um hæsta gangverð. Í þessu sambandi mætti einnig benda á rök sóknaraðila í máli því sem úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna hafi haft til umfjöllunar og mál þetta sé risið af, að líta bæri til þess að hlutur skipa stefnda hafi haft veruleg áhrif til lækkunar á því meðalverði sem Verðlagsstofa skiptaverðs hafi reiknað út, þar sem afli stefnda sé umtalsverður miðað við heildarafla á ísaðri rækju. Í forsendum og niðurstöðu nefndarinnar hafi einmitt verið tekið lítillega tillit til þeirra lækkunaráhrifa sem rækjusamningar stefnda við áhafnir skipa sinna hefðu haft á vegið meðaltal ísaðrar rækju enda mætti glögglega sjá að úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna hafi við fiskverðsákvörðun sína, vegna umræddra fjögurra skipa, farið upp fyrir meðalrækjuverð á landinu. Verði að telja að hér hafi tekist sönnun um hærra verð á rækju en meðalverð úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna, sbr. áðurgreinda dóma Hæstaréttar.

Stefnandi byggir einnig mál sitt á ákvæði 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980, sbr. 5. gr. laga nr. 69/1993, en þar segi að laun og önnur starfskjör sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um séu lágmarkskjör, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á því svæði sem samningurinn tekur til og að samningar

einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar kveða á um séu ógildir. Kjarasamningur Vélstjórafélags Íslands við Landssamband íslenskra útvegsmanna sé tvímælalaust sá samningur sem við eigi enda sé stefndi aðili að Landssambandi íslenskra útvegsmanna og þeir vélstjórar sem störfuðu um borð í umræddum fjórum fiskiskipum séu félagsmenn stefnanda. Ákvæði greinar 1.03. í kjarasamningnum um hæsta gangverð sé grundvallarákvæði í samningnum og tæki til allra íslenskra sjómanna og útvegsmanna. Sérsamningar einstakra sjómanna við einstakar útgerðir um lægra fiskverð en leiddi af framangreindu ákvæði gætu ekki staðist enda miðaði Hæstiréttur að minnsta kosti við meðalverð úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna við túlkun ákvæðisins. Gagnstæð niðurstaða myndi leiða til þess að sjómenn gætu samið um 1 kr. pr. kg af ísrækju við útgerð sína án þess að stefnandi eða aðrir sjómenn sem slíkt myndi vafalaust bitna á gætu rönd við reist. Ákvæði 1. gr. laga nr. 55/1980 ætti sér samsvörun í grein 1.51. í kjarasamningi aðila en þar segir að sérsamningar milli einstakra útgerðarmanna og vélstjóra er hljóða upp á lægri kjör en tekið sé fram í samningnum skulu ógildir. Yrði því að telja að stefndi hafi brotið gegn umræddu ákvæði 1.03. í kjarasamningnum með því að hafa gert upp við sjómenn sína á alltof lágu fiskverði tímabilið 1. júní 1998 til 17. desember sama ár.

Krafa stefnanda um sektir að fjárhæð kr. 1.200.000 sé byggð á ákvæði greinar 1.53. í kjarasamningi aðila en þar segir að brot gegn samningnum varði sektum allt að kr. 300.057 er renni í félagssjóð stefnanda. Sektarupphæðin skuli síðan hækka í hlutfalli við kaupgjaldsákvæði samningsins. Samkvæmt grein 1.08. í kjarasamningum hafi einstakir kaupliðir hækkað um 3,65% þann 1. janúar 1999 og því nemi nú sektir vegna kjarasamningsbrota kr. 311.009. Stefnandi hafi ákveðið að miða við eitt brot á hvert ofangreindra skipa, þ.e. 4 fiskverðssamninga, og ákvarða hvert brot að fjárhæð kr. 300.000 eða samtals kr. 1.200.000.

Stefnandi leggur áherlsu á að sektarákvæði greinar 1.53. í kjarasamningnum sé stefnanda afar mikilvægt til að þrýsta á um að gerður kjarasamningur væri haldinn. Þannig mætti benda á ákvæði í kjarasamningnum þar sem fjárhagslegir hagsmunir félagsmanna stefnanda væru vandmetnir, til að mynda þegar hafnarfrísákvæði samningsins væru brotin. Án sektarákvæðisins yrði mun erfiðara að

tryggja að útgerðarmenn fylgdu ýmsum skýlausum ákvæðum samningsins. Mætti þannig benda til samanburðar á févítisákvæði ýmissa verksamninga. Kæmist Félagsdómur að þeirri niðurstöðu að stefndi hefði brotið gegn ákvæði greinar 1.03. í kjarasamningnum með því að greiða áhöfnum sínum lægra verð en hæsta gangverð þá myndu afleiðingar þess einfaldlega verða þær, nyti sektarákvæðisins ekki við, að brotið yrði viðurkennt stefnda að kostnaðarlausu og að slíkri viðurkenningu fenginni myndi stefndi einfaldlega halda áfram uppteknum hætti enda væri um verulegan fjárhagslegan ágóða að ræða.

Í því sambandi bendir stefnandi á að samkvæmt upplýsingum Fiskistofu hafi heildaraflamagn á Stálvík SI-1 tímabilið 9. september til 9. desember 1998 numið 251.399 kg af úthafsrækju. Væri einungis miðað við meðalverð á ísrækju á þessu tímabili, kr. 89,03 pr. kg, sbr. úrskurð Úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna en ekki hæsta gangverð, hafi aflaverðmætið átt að nema kr. 22.382.057, en ekki kr. 21.132.599 eins og niðurstaðan hafi síðan orðið miðað við meðalverð útgerðarinnar, sem að mati stefnda sjálfs hafi numið kr. 84,06. Mismunur meðalverðs úrskurðarnefndar og þess verðs sem útgerðin hafi greitt umrædda 3 mánuði hafi því numið kr. 1.249.457. Á Sigluvík SI-2 hafi samtals veiðst 207.848 kg af úthafsrækju tímabilið 7. september til 7. desember 1998. Miðað við uppgefið meðalverð stefnda hafi aflahlutur numið kr. 17.471.702 en miðað við meðalverð úrskurðarnefndar hafi aflahluturinn í það minnsta átt að nema kr. 18.504.707 eða mismunur að fjárhæð kr. 1.033.055. Á Sólbergi ÓF-12 hafi veiðst 256.951 kg af úthafsrækju tímabilið 8. september til 9. desember 1998 og miðað við meðalverð stefnda hafi aflaverðmætið numið kr. 21.599.301 en miðað við meðalverð úrskurðarnefndar hafi aflaverðmætið átt að nema kr. 22.876.347 eða mismunur að fjárhæð kr. 1.317.046. Á Múlabergi ÓF-32 hafi veiðst 269.796 kg af úthafsrækju tímabilið 6. september til 9. desember 1998 og miðað við meðalverð stefnda hafi aflaverðmætið numið kr. 22.679.051 en miðað við meðalverð úrskurðarnefndar hafi aflaverðmætið átt að nema kr. 24.019.937 eða mismunur að fjárhæð kr. 1.340.886.

Af ofangreindu megi ráða að þó að einungis væri miðað við þriggja mánaða tímabil á umræddum fjórum skipum stefnda; einungis meðalverð frá úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, þrátt fyrir skýlaust orðalag ákvæðis gr. 1.03. í kjarasamningi aðila

um hæsta gangverð og þrátt fyrir þá staðreynd að farið væri eftir þeim upplýsingum sem stefndi sjálfur lét uppi um meðalverð á úthafsrækju útgerðarinnar til sjómanna sinna, þá kæmi fram mismunur á reiknuðum og vanreiknuðum aflahlut að fjárhæð kr. 4.940.444. Sektarfjárhæðin næmi hins vegar kr. 1.200.000 og teldi stefnandi hana varlega áætlaða enda hafi stefndi ítrekað sýnt fram á að hann teldi hag sínum best borgið með því að fylgja ekki ákvæðum gerðs kjarasamnings. Árið 1997 hafi stefndi lagt skipum sínum í 7 vikur til að knýja rækjuverð til áhafna sinna niður. Þannig hafi að lokum verið samþykkt lægra rækjuverð en þeim hafi upphaflega staðið til boða. Þá hafi stefndi ekki samið um fiskverð eftir 1. mars 1999 þrátt fyrir að rækjuverð hafi hækkað um 8 til 10% á þessu tímabili. Úrskurðarnefndin hafi af þeim sökum enn hækkað rækjuverð áhafna umræddra skipa stefnda um 5% þann 22. október sl. Málsókn þessi væri stefnanda því mikilvæg til að sporna við áframhaldandi kjarasamningsbrotum stefnda.

Stefnandi byggir kröfur sínar á ákvæðum greinar 1.03., 1.51. og 1.53. í kjarasamningi milli Vélstjórafélags Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna frá 27. mars 1998 og 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Kröfu um málskostnað byggir stefnandi á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Um kröfu 1 og 2.

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína með því, að hann hafi með samningum við áhafnir Stálvíkur, Sigluvíkur, Múlabergs og Sólbergs í maí 1998 efnt að fullu samningsskyldur sínar við félagsmenn stefnanda samkvæmt grein 1.03. í kjarasamningi. Þá sé stefnda einnig nauðsynlegt að fá viðurkenningu þess að hann hafi með samningum við áhafnir skipa sinna farið að kjarasamningum þegar um viðskipti milli skyldra aðila sé að ræða. Máli sínu til stuðnings vísar stefndi til framlagðra gagna og undirstöðuraka um túlkun samninga.

Mótmælt sé sem röngum og ósönnuðum fullyrðingum stefnanda um að stefndi hafi brotið gegn kjarasamningi vélstjóra. Í bréfum stefnanda sé hótað málsókn fyrir ætluð brot á 1. mgr. greinar 1.03. í kjarasamningi. Í stefnu sé krafa stefnanda hins vegar víkkuð út og krafist viðurkenningar á því að stefndi hafi brotið gegn grein 1.03. Fallist sé á það með stefnanda að skoða verði grein 1.03. í heild við úrlausn þessa máls.

Í 5. mgr. greinarinnar séu ákvæði um það að útgerðarmaður og áhöfn skuli gera sín á milli samning um fiskverð þegar útgerð selji afla til eigin vinnslu. Í 6. mgr. séu heimildir meirihluta áhafnar til þess að leita úrskurðar úrskurðarnefndar telji áhöfnin sig ekki eiga kost á samningi um sanngjarnt fiskverð skv. 5. mgr.

Ekki hafi reynt á ákvæði 6. mgr. þar sem stefndi hafi í maí 1998 gert samninga við áhafnir skipa sinna. Hafi verið farið eftir ákvæðum 5. gr. í þeim efnum. Séu samningar við allar fjórar áhafnirnar eins og áhafnirnar hafi ákveðið að greiða atkvæði í einn pott þannig að annað hvort væri kominn á samningur við þær allar eða enga. Stefndi hafi ekkert haft við það að athuga og hafi samningarnir verið samþykktir í leynilegri atkvæðagreiðslu áhafnanna og öðlast gildi samkvæmt 5. mgr. greinar 1.03.

Mótmælt sé sem röngum fullyrðingum í stefnu um að málskotsheimild í 6. mgr. greinar 1.03. leysi útgerðarmann ekki frá þeirri kvöð að tryggja sjómönnum sínum hæsta gangverð og að samningur útgerðar og áhafna sé ógildur kveði hann á um lægra fiskverð en hæsta gangverð. Engar skýringar séu á því í stefnu hvað átt sé við með hæsta gangverði að mati stefnanda. Ákvæðið hafi verið mjög lengi í kjarasamningi eða allt frá dögum Verðlagsráðs sjávarútvegsins, sem hafi ákvarðað fiskverð áður en fiskverð hafi verið gefið frjálst. Í verðlagsráði hafi átt sæti fulltrúar seljenda, þ.e. útgerða og áhafna, og fulltrúar kaupenda, þ.e. fiskvinnslu, auk oddamanns. Áður fyrr hafi ákvarðanir um fiskverð verið í höndum verðlagsráðs, sem hafi ákvarðað lágmarksverð. Frá því hafi verið horfið í byrjun þessa áratugar, fiskverð gefið frjálst og verðlagsráð formlega lagt niður 1992.

Skipshöfnum og útgerðum hafi eftir að verðlagsráð hafi verið lagt niður verið gert að semja sín á milli um fiskverð í viðskiptum milli skyldra aðila. Það fiskverð geti verið til endurskoðunar af aðilum sjálfum eða úrskurðarnefnd sé málum skotið til hennar. Sú endurskoðun geti m.a. tekið tillit til meðalverðs fyrir liðinn tíma, enda sé eðli málsins samkvæmt ekki hægt að reikna það út fyrr en eftir á. Í raun og veru hafi hins vegar engin fiskvinnsla verið að borga þetta meðalverð, því það sé einungis sú viðmiðun sem meirihluti úrskurðarnefndarinnar hafi ákveðið að væri sanngjörn og eðlileg viðmiðun. Úrskurðir úrskurðarnefndar sem starfi samkvæmt lögum nr. 13/1998 feli ekki í sér neinn áfellisdóm um það að gildandi samning-

ar áhafnar og útgerðar um fiskverð hafi verið ólögmætir, heldur sé hin nýja fiskverðsákvörðun einungis lögbundinn gerðardómur, sem geti breytt áður umsömdu fiskverði í skiptum útgerðarmanna og sjómanna til lækkunar eða hækkunar um ákveðinn tíma frá því þeir eru kveðnir upp. Það að sjómenn gætu hugsanlega þurft að sætta sig við lækkun umsamins fiskverðs á grundvelli niðurstöðu meirihluta oddamanns og fulltrúa útgerðarmanna í gerðardóminum, hafi ekki heldur þau réttaráhrif að þeir hafi gerst sekir um brot gegn grein 1.03. í kjarasamningi vegna samnings síns við útgerðarmanninn um fiskverð.

Sérstök úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna um fiskverð hafi fyrst verið sett á fót með lögum nr. 84/1995. Í ákvörðunum sínum skyldi nefndin taka mið af því fiskverði, sem algengast væri við sambærilega ráðstöfun afla. Með lögum nr. 13/1998 hafi fyrrnefndum lögum verið breytt og komið á fót sérstakri Verðlagsstofu skiptaverðs, sem hafi það hlutverk að fylgjast með og afla upplýsinga um fiskverð, sbr. 1. gr. og 3. gr., og birta þær til að gagnast sjómönnum og útvegsmönnum. Verðlagsstofan hafi einnig fengið málskotsrétt til úrskurðarnefndarinnar skv. 7. gr. í því skyni að draga úr návígi sjómanna og útgerðarmanna og til þess að treysta grundvöllinn undir áhafnabundna fiskverðssamninga. Tilgangur úrskurðarnefndarinnar sé að komast hjá því að sjómenn þyrftu að þola óeðlileg frávik frá fiskverði, vegna þess að fiskvinnsla væri í eigu sömu aðila. Úrskurðarnefndin hafi því stöðu lögbundins gerðardóms, sem geti breytt umsömdu fiskverði eftir á og þá fram í tímann. Þeim gerðardómi verði ekki breytt nema ógildingarástæður 2. mgr. 13. gr. laga nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma eigi við. Í athugasemdum með lögunum komi því skýrt fram að úrskurður um nýtt fiskverð sé aðeins framvirkur. Það sé hugsað sem ígildi lögbundins lágmarksverðs í næstu þrjá mánuði. Bæði sjómenn og útgerðarmenn séu því bundnir af samningum sínum um fiskverð fyrir liðinn tíma. Löggjafanum hafi verið ljóst að nýja fiskverðið, gerðardómsverðið, gæti orðið óásættanlegt fyrir útgerð og fiskvinnslu, og því hafi verið mælt fyrir um bótarétt sjómanna í 16. gr. laganna, tæki útgerð þá ákvörðun að leggja skipi á gildistíma úrskurðarins. Hvorki lögum nr. 13/1998 né eldri lögum hafi þannig verið ætlað að raska gildi eldri fiskverðssamninga með afturvirkum hætti.

Í málsástæðum stefnanda í stefnu segi: „Ónógt aðhald stefnanda

á réttri samningsgerð félagsmanna sinna við útgerðir sínar gæti þannig hæglega leitt til þess að ekki væri einungis um að ræða að viðkomandi félagsmenn bæru skarðan hlut frá borði heldur allir þeir félagsmenn sem hvergi kæmu nálægt samningsgerðinni og fengju samninga við sínar útgerðir á grundvelli ákvæðisins um hæsta gangverð.“ Þetta lýsi í hnotskurn því að stéttarfélagið geti ekki fellt sig við það að heimildir til samninga um fiskverð hafi verið færðar í hendur þeirra sem málið snertir beint, þ.e. útgerðar og áhafna skipa hennar. Sé í þessu sambandi minnt á niðurstöðu Félagsdóms í máli nr. 12/1998, sem stefnandi virðist ekki geta fellt sig við. Þá vakni spurning um það hvort stéttarfélag vélstjóra geti ekki fellt sig við lýðræðislegar aðferðir, þ.e. að meirihluti áhafnar ráði.

Þá sé ein málsástæða stefnanda að brotið hafi verið gegn 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launþega, sbr. 5. gr. laga nr. 69/1993 um lágmarkskjör. Túlkun stefnanda á ákvæðum þeirra laga sé með ólíkindum. Hefði stefndi breytt hlutaskiptakjörum hefði það varðað við þau lög, t.d. ef útgerðarmaður hefði ákveðið að skipstjóri fengi 1,5 hluti í stað tveggja hluta, en furðulegt sé að að halda fram að rokkandi fiskverð væri hluti af því. Þá sé mótmælt þýðingu tilvitnaðra dóma Hæstaréttar sem þessu máli óviðkomandi.

Með tilvísun til framangreinds og meginreglna um skuldbindingargildi og túlkun samninga er gerð krafa um að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda og að viðurkennt verði að hann hafi uppfyllt ákvæði kjarasamninga með gerð samninganna við áhafnir skipa sinna um fiskverð.

Um kröfu 3.

Stefnandi virðist nánast nota hvert tækifæri til þess að sverta ímynd útgerðarmannsins í augum starfsmanna hans. Það sé auðvelt að eyðileggja vinnuandann með því að halda því fram að verið sé að hafa af starfsmönnum. Það geti verið erfiðara að bæta vinnuandann á eftir. Starfsmenn trúi því að forystumenn þeirra fari með rétt mál. Verði því að taka fast á því þegar þeir gera það ekki eins og í þessu tilfelli.

Í bréfum stefnanda og í stefnu sé því haldið fram að geri stefnandi ekkert í málinu væri það hvatning til útgerðarmanna að semja um nógu lágt verð á afurðum sínum og hagnast þannig, a.m.k. tímabundið eða allt til loka þeirrar löngu málsmeðferðar sem þessum málum fylgi. Þá sé það fullyrt í stefnu að stefndi hafi ítrekað sýnt

fram á það að hann teldi hag sínum best borgið með því að fylgja ekki ákvæðum gerðs kjarasamnings. Þessar aðdróttanir í garð stefndrar útgerðar séu vítaverðar sem virðast hafa það eitt að markmiði að sverta viðkomandi útgerð í augum starfsmanna sinna. Er þess krafist með tilvísun til 63. og 65. gr. laga nr. 80/1938 og 22. kafla laga nr. 91/1991 að stefnandi verði dæmdur í sekt fyrir þessi ummæli sín.

Um kröfu 4.

Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að um brot gegn kjarasamningi sé að ræða og það gæti varðað við grein 1.53. í kjarasamningi er gerð krafa til þess að sekt geti þó aldrei orðið hærri en sem nemi kr. 300.000. Þó að um samningsbundið sektarákvæði sé að ræða verði að fara varlega í túlkun á ákvæðinu og að því sé ekki beitt nema um mjög alvarleg brot sé að ræða. Ákvæði sem þetta sé óþekkt í öðrum kjarasamningum en kjarasamningum fiskimanna. Forsendur samþykkis útvegsmanna á ákvæðinu hafi verið að því væri beitt við mjög gróf og óumdeild brot á kjarasamningi.

Um kröfu 5.

Um málskostnaðarkröfu er vísað til ákvæða XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Gerð er krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun sem byggist á því að Samtök atvinnulífsins og Landssamband íslenskra útvegsmanna, sem greiði kostnaðinn, stundi ekki virðisaukaskattskylda starfsemi samkvæmt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og þurfi því að fá þann skatt greiddan úr hendi stefnanda til að verða skaðlaus af honum. Við ákvörðun málskostnaðar sé tekið tillit til þess að málshöfðun stefnanda sé tilefnislaus, sbr. 131. gr. einkamálalaga.

Niðurstaða.

Í grein 1.03. í kjarasamningi aðila frá 27. mars 1998 er fjallað um sölu afla innanlands. Í upphafsákvæði greinarinnar er tekið fram að vélstjórum/vélavörðum skuli tryggt hæsta gangverð alls sem aflað er og aldrei lægra en útgerðarmaður fær fyrir sinn hlut. Þá er tekið fram að vélstjórar/vélaverðir taki ekki þátt í útgerðarkostnaði. Í 1. mgr. I. kafla greinar 1.03. er ákvæði þetta ítrekað. Þar er og kveðið svo á um, sbr. 4. mgr. kaflans, að útgerðarmaður og áhöfn skuli gera sín á milli samning um fiskverð þegar útgerð selur afla til eigin vinnslu, þ.e.a.s. í viðskiptum milli skyldra aðila. Nánar er kveðið á

um slíka samninga í greininni, gerð þeirra, form, og efni. Þá er tekið fram í 5. mgr. þessa kafla greinar 1.03. hvernig með skuli fara þegar meirihluti áhafnar telur sig ekki eiga kost á samningi um sanngjarnt fiskverð og skal þá leita úrskurðar nefndar sem samtök sjómanna og útvegsmanna koma sér saman um að skipuð verði. Um nefnd þessa, skipan hennar, störf og starfshætti eru ákvæði í II. kafla greinar 1.03. Í III. kafla greinarinnar er hins vegar fjallað um ráðstöfun afla í skiptum milli óskyldra aðila.

Í máli þessu eru atvik með þeim hætti að um var að ræða sölu afla (ísrækju) til eigin vinnslu. Þeir samningar um fiskverð, sem áhafnir hinna tilgreindu fiskiskipa stefnda og stefndi gerðu sín á milli, voru því gerðir á grundvelli fyrrgreinds ákvæðis 4. mgr. I. kafla greinar 1.03. kjarasamningsins.

Auk þeirra ákvæða kjarasamningsins, sem hér hefur verið getið, hafa lög nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna þýðingu við úrlausn málsins, en með lögum þessum var Verðlagsstofu skiptaverðs komið á fót og ákvæðum þágildandi laga um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna nr. 84/1995 breytt til samræmis við það og þeim skipað í lög nr. 13/1998.

Eins og fram er komið tók Verðlagsstofa skiptaverðs rækjuverð samkvæmt fyrrgreindum samningum um fiskverð til sérstakrar athugunar, sbr. 7. gr. laga nr. 13/1998. Var það í tilefni af bréfi verkalýðsfélagsins Vöku frá 18. september 1998. Ákvað Verðlagsstofa þá að skjóta málinu til úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna samkvæmt 2. mgr. 7. greinar. Hinn 30. desember 1998 kvað nefndin upp úrskurð í málinu og ákvarðaði rækjuverð til uppgjörs við áhafnir skipanna, sbr. II. kafla laga nr. 13/1998. Var gildistími úrskurðarins frá 17. desember 1998 til 1. mars 1999.

Stefnandi byggir málatilbúnað sinn í meginatriðum á því að þar sem úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna hafi í úrskurði sínum frá 30. desember 1998 komist að þeirri niðurstöðu að ákvarða beri uppgjörsverð, er væri í öllum tilvikum hærra en fiskverð samkvæmt nefndum samningum, liggi fyrir að stefndi hafi brotið gegn fyrrgreindum ákvæðum greinar 1.03. í kjarasamningnum um hæsta gangverð með því að hafa gert upp við áhafnirnar á alltof lágu verði tímabilið 1. júní 1998 til 17. desember sama ár. Er á það bent að nefndin hafi tekið mið af meðalverði, sbr. túlkun hennar á hugtak-

inu „algengast fiskverð við sambærilega ráðstöfun afla“ er fram komi í lögum nr. 13/1998, en líta beri á meðalverðið sem hæsta gangverð, nema sannað sé að gangverð sé hærra, sbr. dómafordæmi Hæstaréttar sem stefnandi vísar til. Af þessu leiði síðan að beita beri ákvæðum greinar 1.53. í kjarasamningnum um sektir.

Af hálfu stefnda er sýknukrafan, svo og krafa um að viðurkennt verði að með gerð fiskverðssamninganna hafi stefndi uppfyllt ákvæði greinar 1.03. í kjarasamningnum, byggðar á því að með þeim samningum hafi stefndi efnt að fullu samningsskyldur sínar við félagsmenn stefnanda samkvæmt þessari grein kjarasamningsins. Bendir stefndi m.a. á að samningarnir hafi verið gerðir til langs tíma eða 15 mánaða og þannig hafi áhafnirnar tryggt sér ákveðið verð þann tíma og stefndi með því tekið nokkra áhættu. Fyrir hafi legið samkvæmt reynslu að einhverra verðsveiflna væri að vænta á afurðaverði á svo löngum tíma og gengið hafi verið út frá því við samningsgerðina af hálfu beggja aðila að minniháttar verðsveiflur hefðu ekki áhrif, enda sé í samningunum tekið fram um endurskoðun þeirra komi til verulegra breytinga á afurðaverði. Úrskurður úrskurðarnefndar samkvæmt lögum nr. 13/1998 ógildi ekki samninga útgerða og áhafna um fiskverð, enda geti slík ákvörðun einungis breytt umsömdu fiskverði til hækkunar eða lækkunar um ákveðinn tíma frá því að hún var tekin. Úrskurðurinn hafi stöðu lögbundins gerðardóms sem breytt geti fiskverði eftir á og þá fram í tímann.

Við túlkun á hugtakinu „hæsta gangverð alls sem aflað er“ í grein 1.03. í kjarasamningi aðila ber að líta til þess að gerðir hafa verið samningar um fiskverð á grundvelli þeirrar samningsskyldu sem mælt er fyrir um í 4. mgr. I. kafla greinarinnar, sem síðan hafa sætt athugun og úrlausn samkvæmt þeirri tilhögun sem kveðið er á um í lögum nr. 13/1998.

Eins og fram hefur komið voru umræddir samningar um rækjuverð stefnda til uppgjörs við áhafnir hinna tilgreindu fiskiskipa stefnda gerðir til alllangs tíma eða frá 1. júní 1998 til 1. september 1999. Í samningunum er verðið tilgreint og tekið fram að komi til verulegra breytinga á afurðaverði séu aðilar sammála um að samningarnir skuli teknir til endurskoðunar. Samningarnir voru samþykktir af áhöfnum skipanna og óumdeilt er að ekki var óskað eftir endurskoðun á fiskverði samkvæmt greindu ákvæði þeirra. Ekki liggur annað fyrir en að rækjuverð samkvæmt fiskverðssamningun-

um hafi verið ákveðið á málefnalegum grundvelli enda hefur hinu gagnstæða ekki verið haldið fram af hálfu stefnanda.

Í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 13/1998 er við það miðað að Verðlagsstofa skiptaverðs taki mál til sérstakrar athugunar „víki fiskverð við uppgjör á aflahlut áhafnar í verulegum atriðum frá því sem algengast er við sambærilega ráðstöfun afla á viðkomandi landsvæði að teknu tilliti til stærðar og gæða . . .“ Samsvarandi ákvæði er í 2. mgr. 11. gr. laganna hvað varðar ákvarðanir úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna. Í athugasemdum með frumvarpi því, sem varð að lögum nr. 13/1998, kemur fram að þessi regla er sett fram sem viðmiðunarregla um lágmarksfiskverð við uppgjör á aflahlut sjómanna, en af eðli málsins leiði að ekki sé unnt að orða slíka reglu nákvæmlega í lagatexta. Í ákvörðun sinni um málskot til úrskurðarnefndar, dags. 10. desember 1998, gerir Verðlagsstofa skiptaverðs grein fyrir forsendum sínum. Ályktun Verðlagsstofunnar er að verð á ísrækju sé „lægra en almennt gerist“ og byggir hún álit sitt á heildarmati á þar tilgreindum forsendum. Í úrskurði úrskurðarnefndar, dags. 30. desember 1998, kemur fram að frávik frá meðalverði í tilviki umræddra samninga sé 5,91%. Því þyki rétt að hækka rækjuverðið. Hvorki í málskoti Verðlagsstofunnar né úrskurði úrskurðarnefndar kemur skýrt fram að verð samkvæmt samningunum víki í verulegum atriðum frá þeirri verðviðmiðun sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 13/1998.

Þegar litið er til samninganna um rækjuverð og framangreindrar umfjöllunar um þá og virtar eru þær ákvarðanir Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna, sem í málinu greinir, bæði efni þeirra og eðli samkvæmt lögum nr. 13/1998, verður að telja varhugavert að slá því föstu að stefndi hafi brotið ákvæði greinar 1.03. í kjarasamningi aðila. Samkvæmt því ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefndi hefur gert þá gagnkröfu að viðurkennt verði að með gerð samninganna frá 29. maí 1998 við áhafnir umræddra fiskiskipa stefnda um fiskverð hafi stefndi uppfyllt ákvæði greinar 1.03. í kjarasamningi aðila. Stefndi hefur ekki skotið viðhlítandi stoðum undir þessa kröfu sína og er henni því hafnað. Ekki eru efni til að taka til greina kröfu stefnda um réttarfarssekt á hendur stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Samtök atvinnulífsins f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Þormóðs ramma-Sæbergs hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Vélstjórafélags Íslands, í máli þessu.

Viðurkenningarkröfu stefnda og kröfu um réttarfarssekt er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 11. febrúar 2000.

Nr. 11/1999. **Alþýðusamband Íslands f.h.**
Verkamannasambands Íslands vegna
Verkalýðsfélagsins Hlífar og
Landssambands íslenskra verslunarmanna vegna
Verslunarmannafélags Hafnarfjarðar
(Lára V. Júlíusdóttir hrl.)
gegn
Samtökum atvinnulífsins f.h.
Samtaka iðnaðarins vegna
Íslenska álfélagsins hf.
(Jakob R. Möller hrl.)

Kjarasamningur. Uppsögn úr starfi.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 27. janúar sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gunnar Sæmundsson og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands, Skipholti 50c, Reykjavík, vegna Verkalýðsfélagsins Hlífar, Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði og Landssambands íslenskra verslunarmanna, Fákafeni 11, Reykjavík, vegna Verslunarmannafélags Hafnarfjarðar, Lækjargötu 34d, Hafnarfirði, vegna Verkalýðsfélagsins Hlífar og Landssambands íslenskra verslunarmanna vegna Verslunarmannafélags Hafnarfjarðar.

Stefndi er Samtök atvinnulífsins, Garðastræti 41, Reykjavík f.h. Samtaka iðnaðarins, Hallveigarstíg 1, Reykjavík, vegna Íslenska álfélagsins hf. Straumsvík v/Hafnarfjörð.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að viðurkennt verði að uppsagnir þeirra Smára Adolfssonar, Jóns Jónassonar og Jóns Ragnars Jónssonar, sem sagt var upp störfum í lok ágúst og byrjun september 1999 og hættu störfum þá strax, séu brot á gildandi kjarasamningi milli aðila.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða sekt í ríkissjóð vegna brots síns.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað

vegna meðferðar málsins fyrir Félagsdómi, þ.m.t. kostnað stefnanda af virðisaukaskattskyldri lögmannsþjónustu.

Dómkröfur stefnda:

Stefndi gerir þær dómkröfur að verða algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, að auki krefst stefndi þess að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað að mati dómsins. Við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu stefnda til þess að greiða virðisaukaskatt af lögmannsþjónustu.

Málsatvik.

Mál þetta varðar uppsagnir þriggja starfsmanna hjá Íslenska álfélaginu hf. (ISAL) sem áttu sér stað í lok ágúst og byrjun september 1999. Í lok ágúst var Smára Adolfssyni, 44 ára starfsmanni í skautsmiðju og félagsmanni í verkalýðsfélaginu Hlíf, sagt upp starfi eftir 21 árs starfsaldur hjá fyrirtækinu. Honum var sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara og látinn hætta strax en laun greidd út uppsagnarfrest. Jafnframt var Jóni Jónassyni, 62 ára starfsmanni á rannsóknarstofu og félagsmanni í Verslunarmannafélagi Hafnarfjarðar, sagt upp eftir 28 ára starf og hann látinn hætta samdægurs. Hann fékk laun í 8 mánuði í framhaldi af starfslokum, þar sem honum eru greiddir 3 mánuðir til viðbótar áunnum uppsagnarrétti. Jón Ragnar Jónsson, 50 ára starfsmaður á rannsóknarstofu og félagsmaður í Verslunarmannafélagi Hafnarfjarðar, sem hefur starfað hjá ISAL í 28 ár, var í fríi á þessum tíma, en þann 3. september 1999 var talað við hann og hann beðinn að hætta strax. Hann lét þá strax af störfum en heldur launum út uppsagnarfrest.

Í uppsagnarbréfum starfsmanna rannsóknarstofu er tekið fram að í steypuskála hafi verið tekin í notkun sjálfvirkur efnagreiningarbúnaður eftir alllangan aðdraganda. Í tengslum við það hafi fyrirkomulagi melmisgreina verið breytt frá 1. júní 1999 úr þrískiptum vöktum í tvískiptar. Af því leiddi óhjákvæmilega fækkun í hópi melmisgreina að loknum sumarafleysingum.

Fulltrúar verkalýðsfélaganna hjá ÍSAL sendu fyrirtækinu opið bréf, sem barst 13. september 1999, vegna þessara og fleiri uppsagna og mótmæltu þeim.

Stefnandi telur að uppsagnir þeirra Smára Adolfssonar, Jóns Jónassonar og Jóns Ragnars Jónssonar séu brot á kjarasamningi og því nauðsynlegt að fara með mál þetta fyrir Félagsdóm og krefjast þess

að ISAL verði dæmt vegna þessara brota til greiðslu sektar og málskostnaðar.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveður mál þetta vera höfðað fyrir Félagsdómi á grundvelli 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Um aðild máls er vísað til aðildarreglna 1. mgr. 45. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Af hálfu stefnanda er tekið fram að framangreindum starfsmönnum hafi verið sagt upp með löglegum uppsagnarfresti og án undangenginna áminninga. Þeim hafi verið boðið eða ráðlagt að hætta samdægurs en þeir myndu halda launum út uppsagnarfrest.

Sú skýring hafi verið gefin á uppsögnum starfsmanna rannsóknarstofu að ekki væri lengur þörf fyrir starfskrafta þeirra hjá ISAL þar sem fenginn hefði verið í fyrirtækið fullkominn alsjálfvirkur efnagreiningarbúnaður og vitað hefði verið fyrir fram að þessi búnaður leysti af tvö störf á rannsóknarstofu. Ástæður uppsagnanna væru breytingar á vinnufyrirkomulagi fyrirtækisins sem meðal annars ættu sér stað vegna breytinga á tækjabúnaði og hagræðingar af þeim sökum.

Í öllum aðdraganda og umræðu um þennan nýja búnað hafi fulltrúar starfsmanna gert ráð fyrir að þessum tveimur starfsmönnum rannsóknastofu yrðu fengin önnur störf hjá fyrirtækinu. Full þörf væri fyrir þá sérþekkingu sem þeir hefðu og bregðast yrði við því ef hinn fullkomni rannsóknarbúnaður bilaði. Ákvæði kjarasamninga gerðu beinlínis ráð fyrir því hvernig við tæknibreytingum sem þessum skyldi bregðast. Enn fremur hafi fyrirtækið verið að bæta við sig starfsfólki og þurfi enn að bæta við sig starfsmönnum vegna aukinnar starfsemi þess. Samkvæmt upplýsingum sem aðaltrúnaðarmaður hafi fengið frá starfsmannastjóra stefnda hafi 8 starfsmenn verið ráðnir nýráðningu til ISAL í ágúst 1999, 17 starfsmenn í september og 18 í október. Engin umræða hafi þó farið fram á milli starfsmanna og yfirmanna um hvernig þetta yrði útfært frekar, en starfsmenn töldu augljóst að þessum mönnum yrðu fengin störf annars staðar svo sem kjarasamningar kveði á um undir þessum kringumstæðum.

Það hafi því komið mönnum gersamlega í opna skjöldu þegar fréttist að segja ætti þessum starfsmönnum upp störfum og þeir látnir hætta fyrirvaralaust.

Tölvu- og tæknitrúnaðarmaður, Stefán Ó. Guðmundsson, hafi á engu stigi verið upplýstur eða fenginn til ráðfærslu vegna nýs rannsóknargáms.

Þrátt fyrir ítarlegar og ítrekaðar athugasemdir yfirtrúnaðarmanns við uppsagnir starfsmanna, sérstaklega uppsagnir starfsmanna rannsóknarstofu og kröfur um að fylgt yrði ákvæðum kjarasamninga og þessum starfsmönnum boðin önnur störf, hafi ISAL ekki orðið við þeim kröfum. Stefndi hafi svipt þessa starfsmenn þeim áunna rétti sem þeir höfðu áunnið sér, meðal annars rétti til flýttra starfsloka.

Milli aðila máls þessa sé í gildi kjarasamningur, sem hafi númerið XV og gildi hann um kaup og kjör starfsmanna við áliðjuverið í Straumsvík. Gildandi samningur hafi verið gerður 10. apríl 1997 og gildi hann til 30. nóvember 2000. Samningurinn nái til allra starfa launamanna fyrirtækisins við framleiðslu-, viðhalds-, skrifstofu- og þjónustustörf í áliðjuverinu í Straumsvík, hverju nafni sem þau nefnast.

Samningnum fylgi margs konar yfirlýsingar og bókanir og hafi þær samkvæmt túlkun Félagsdóms sama gildi og kjarasamningurinn sjálfur og skoðist sem hluti hans, sbr. Fd. IX:280 og IX:567.

Í grein 7.5. í kjarasamningi sé kveðið á um uppsagnir. Annars vegar sé fjallað um lengd uppsagnarfrests og hins vegar um hvernig með skuli fara ef menn gerast brotlegir í starfi. Þessum starfsmönnum hafi ekki verið gert að láta af störfum vegna þess að þeir hefðu gerst brotlegir í starfi og ekkert áminningaferli hafi átt sér stað í samræmi við tilvitnaða grein. Þeir hafi þvert á móti fengið lofsamlegar umsagnir frá atvinnurekanda við starfslok. Vegna þessa bar að fara eftir öðrum ákvæðum í kjarasamningi um samráð og tilfærslur við þessa skipulagsbreytingu.

Ekki hafi verið farið eftir ákvæði 7.12. í kjarasamningi um breytingar á vinnutilhögun, en þar sé kveðið á um að kynna beri fyrir trúnaðarmönnum verulegar breytingar á rekstri og vinnutilhögun með eins miklum fyrirvara og unnt sé. Þar segir enn fremur að verði gerð veruleg breyting á vinnutilhögun fastmótaðra starfa skuli í samráði við viðkomandi verkalýðsfélag láta fara fram athugun á því hvort hún gefi ástæðu til breytingar á mönnun. Ekkert slíkt samráð hafi verið haft við trúnaðarmenn eða stéttafélögin vegna breytingar á mönnun.

Á fylgiskjali 15 með kjarasamningi sé að finna samkomulag um tölvu- og tæknibreytingar.

Þar segir:

Almennt.

Samkomulag þetta nær til meiriháttar breytinga í tækni- og tölvubúnaði, sem hefur í för með sér aukna sjálfvirkni og þar með áhrif á störf manna bæði hvað snertir innihald starfa, starfsmenntun, atvinnuöryggi og vinnuaðstæður almennt, svo og tölvunotkun til geymslu eða söfnunar á persónulegum upplýsingum og notkun þeirra.

Grundvallarreglur varðandi áætlanir um notkun tækni- og tölvubúnaðar:

2.1. Áður en nýr tækni- eða tölvubúnaður skv. 1. er tekinn í notkun skal kynna áform þar um í samstarfsnefnd ISAL og skal það gert svo fljótt sem kostur er. Þess skal sérstaklega gætt að breytingar sem hafa munu áhrif á starfsaðstöðu og starfsmannahald séu kynntar með mesta mögulegum fyrirvara.

2.2. Fækkun starfa, sem leiðir af notkun nýs tækni- og tölvubúnaðar, skal eftir því sem unnt er mætt með því að gefa starfsmönnum kost á endurþjálfun til annarra starfa innan fyrirtækisins eða tilfærslu.

Flestir starfsmenn fyrirtækisins skulu hafa forgang til nýrra starfa.

2.3. Ef fyrirsjáanleg er fækkun starfsmanna skv. 2.2. skal að því stefnt að henni verði eftir því sem unnt er mætt með því, að ekki verði ráðið í störf sem losna.

3. Meðferð upplýsinga:

Um söfnun, geymslu og meðferð upplýsinga fer samkvæmt lögum um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni, lög nr. 63/1981.

4. Samstarf um framkvæmd breytinga:

Forsenda þess að vel takist til með tölvu- og tæknibreytingar er, að starfsmenn og fulltrúar þeirra séu frá upphafi upplýstir um fyrirhugaðar breytingar og þróun þeirra mála.

Samstarfsnefndir og félagslegur trúnaðarmaður ásamt sérstaklega tilnefndum tölvutrúnaðarmanni (gr. 5) eru samstarfsaðilar og fulltrúar starfsmanna verkalýðsfélaganna í þessum málum.

5. Tölvu- og tæknitrúnaðarmaður:

5.1. Trúnaðarmannaráð verkalýðsfélaganna tilnefnir í samráði við

framkvæmdastjórn og viðkomandi verkalýðsfélög sérstaklega tölvu- og tæknitrúnaðarmann til 2ja ára í senn. Verkefni tölvu- og tæknitrúnaðarmanns eru m.a.:

– Kynna sér áætlaðar og skipulagðar framkvæmdir samkvæmt gr. 2.1.

– Ganga úr skugga um að í tölvulistum séu ekki persónulegar upplýsingar sem stangast á við lög.

5.2. Fyrirtækið ber kostnað af þátttöku tækni- og tölvutrúnaðarmanns á 2 námskeiðum um tækni- og tölvumál, eftir nánara samkomulagi aðila.

Við uppsagnir ofangreindra starfsmanna ISAL hafi ekki verið gætt ákvæða í fylgiskjali 15. Þeir þrír starfsmenn sem sagt var upp hafi allir verið fastir starfsmenn og með áratuga starfsreynslu. Þeir hafi því átt að eiga kost á endurþjálfun til annarra starfa innan fyrirtækisins eða tilfærslu eins og segir í gr. 2.2. í fylgiskjali 15 í kjarasamningi. Hvorugt hafi verið efnt gagnvart þeim.

Þeir tveir menn sem sagt var upp á rannsóknarstofu höfðu báðir unnið áður við gæðamat í steypuskála og hafi því sérþekkingu á gæðamálum. Til þess að flytja þá til í starfi og fela þeim önnur störf í verksmiðjunni þurfti því ekki sérstaka endurþjálfun.

Í yfirlýsingu á fylgiskjali 16 í kjarasamningi segir svo:

Íslenska álfélagið hf. lýsir yfir því að fastráðnir starfsmenn skuli að öðru jöfnu hafa forgang til starfa sem losna hjá ISAL. Sama gildir um tímabundið ráðna starfsmenn, sem unnið hafa lengur en 12 mánuði hjá ISAL og eru í starfi þegar ráðið er.

Í þessari yfirlýsingu sé enn frekar áréttað að fastráðnir starfsmenn skuli að öðru jöfnu hafa forgang til starfa, sem losna hjá ISAL.

Á sama tíma og þessar uppsagnir hafi átt sér stað var verið að ráða inn tugi nýrra starfsmanna til fyrirtækisins, menn sem aldrei höfðu verið í starfi hjá ISAL áður. Þetta ákvæði hafi því ekki verið virt og kjarasamningar brotnir þegar þessum mönnum var sagt upp störfum hjá ISAL.

Yfirmenn Álversins í Straumsvík hafi í öllum samskiptum í gegnum tíðina lagt á það áherslu að nauðsynlegt samráð sé haft á öllum sviðum við fulltrúa starfsmanna og starfsöryggi aukið vegna bættrar stöðu fyrirtækisins. Á sama tíma og verið sé að segja þessum þremur mönnum upp störfum séu ráðnir inn tugir manna án allrar starfs-

reynslu, menn sem geti ekki gengið milli starfa í ISAL eins og þessir einstaklingar gátu. Þessar uppsagnir séu enn fremur óskiljanlegar í ljósi þess að þeir menn sem sagt var upp höfðu allir langa og víðtæka reynslu og hefðu því getað gripið inn í ef hinn nýi rannsóknargámur bilaði.

Um kröfu til sektargreiðslu er vísað til 65. gr. laga nr. 80/1938. Það sé alvarlegt mál þegar eitt stærsta fyrirtæki landsins leyfir sér æ ofan í æ að segja starfsmönnum upp störfum eftir því sem ætla megi að geðþótta. Með þessu sé ekki einungis verið að brjóta gerða kjarasamninga heldur sé einnig verið að valda þessum starfsmönnum tjóni, bæði fjárhagslegu og ófjárhagslegu. Þessir starfsmenn höfðu með langri starfsævi hjá fyrirtækinu áunnið sér rétt til ýmissa fríðinda sem eldri starfsmenn njóta, svo sem flýttra starfsloka. Við uppsagnirnar verði þessi réttur einskis virði. Einstakir starfsmenn sem sagt var upp störfum hljóti að áskilja sér rétt til skaðabóta vegna þess fjártjóns sem þeir verði fyrir við uppsagnirnar. Samkvæmt útreikningi hagfræðings ASÍ á því tjóni sem Jón Jónasson verði fyrir vegna sviptingar áunninna réttinda sé tjón hans metið á 2,4 milljónir króna.

Varðandi málskostnað er vísað í 65. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 130. gr. eml. nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er tekið fram um málsatvik að Íslenska álfélagið hf. (ISAL) hafi rekið álverksmiðju sína í Straumsvík frá árinu 1969. Á þeim tíma hafi framleiðslugeta farið úr 33.000 tonnum af hrááli á ári í 160.000 tonn. Fjarri sé að fjöldi starfsmanna hafi breyst í samræmi við aukningu á framleiðslu. Fjöldi starfsmanna hafi verið mestur árið 1981 eða alls 705, en framleiðsla á árinu 1999 hafi verið 163.370 tonn. Samkvæmt þessu hafi verið framleidd 108 tonn á hvern starfsmann á árinu 1981 en 322 tonn á árinu 1999.

Starfsfólk ISAL hafi notið mikils öryggis í starfi og sjáist það á því að meðalstarfsaldur sé 14 ár. Á undanförnum þremur árum, það sé 1997, 1998 og 1999 hafi einungis 10 starfsmenn látið af störfum fyrir uppsögn frá fyrirtækinu án þess að aldursmörk hafi ráðið.

Ástæður hinnar miklu aukningar framleiðni í álverksmiðjunni séu af ýmsum toga, en langþyngst vega gífurlegar fjárfestingar í búnaði og tækni, auk hagkvæmni sökum aukinnar stærðar.

Til þess að mæta breytilegum kröfum um fjölda starfsmanna hafi

ISAL á undanförnum tveimur áratugum ráðið allmarga starfsmenn tímabundinni ráðningu, margir þeirra hafi síðar orðið fastir starfsmenn fyrirtækisins. Hafi þetta með öðru leitt til þess, að fyrirtækið hafi yfirleitt ekki þurft að segja upp fastráðnum starfsmönnum, þótt ný tækni eða breyttur búnaður hafi valdið fækkun í starfsliði. Lögð hafi verið fram í málinu sundurliðun á nýráðningum starfsmanna á árunum 1998 og 1999.

Á árunum 1980 til 1990 hafi orðið mjög miklar breytingar á tæknibúnaði verksmiðjunnar, kerskálar fyrirtækisins voru endurnýjaðir og ný rafeindatækni hóf innreið sína. Samkomulag um tölvu- og tæknibreytingar, fylgiskjal (15) með kjarasamningi, hafi verið gert snemma á þessu tímabili og af samningsaðilum ljóslega til þess ætlað að greiða fyrir notkun nýrrar tækni, en jafnframt að milda áhrif á starfslið og starfsmannafjölda. Í gr. 5.1. í samkomulaginu sé kveðið á um tilnefningu sérstaks trúnaðarmanns starfsmanna í tölvu- og tæknimálum og sé starfssviði hans lýst í greininni.

Breytingar á búnaði og starfsliði rannsóknarstofu í steypuskála.

Í júlíbyrjun 1997 hafi verið pantaður „efnagreiningagámur“ fyrir steypuskála ISAL. Þar hafi m.a. verið stuðst við reynslu í öðrum álverksmiðjum, svo sem verksmiðju systurfyrirtækis ISAL í Singen í Þýskalandi. Þar hafði samskonar efnagreiningagámur verið tekinn í sjálfvirkan rekstur í október 1997. Af því hafi leitt minnkun í mannaflaþörf á rannsóknarstofu þar um 3-4 menn.

Á fundi samstarfsnefndar á rannsóknarstofu þann 19. desember 1997 hafi verið skýrt frá kaupum ISAL á efnagreiningagámi, sem hafa mundi í för með sér breytingu á mönnun í litrófsgreiningu (melmisgreina), þannig að vaktir legðust af, en dagvinna yrði tekin upp og mundi þá fækka mönnum sem því svarar. Fundargerð hafi meðal annars verið send aðaltrúnaðarmanni, eins og sjáist á dreifingarlista efst á fundargerðinni, en nafnið „Gylfi“ vísi til Gylfa Ingvarssonar aðaltrúnaðarmanns.

Efnagreiningargámurinn hafi verið afhentur í mars 1998, en uppsetning, stillingar, prófanir og tilraunarekstur hafi staðið fram til maí 1999.

Þann 1. júní 1999 hafi vinnutilhögun melmisgreina verið breytt úr þrískiptum vöktum yfir í tvískiptar vaktir. Þá var farið að mæla kersýni (málmsýni úr kerum kerskála) og leiðbeiningasýni (úr deiglum og ofnum steypuskála) að mestu í efnagreiningagámi. Enda

þótt þessi breyting minnkaði mannaflaþörf um 2 menn (úr 5 í 3) hafi ekki komið til fækkunar þá strax þar sem þörf hafi verið fyrir viðbótarmenn til afleysinga yfir sumarið.

Þann 1. september 1999 hafi vinnutilhögun melmisgreina verið breytt úr tvískiptum vöktum yfir í dagvinnu í samræmi við það sem hafði verið sagt á fundinum þann 19. desember 1997. Samfara þessari breytingu séu nú nær öll kersýni og leiðbeiningasýni unnin í „efnagreiningagámi". Sýnum sem efnagreina þurfi með litrófsgreiningu á rannsóknarstofu hafi fækkað mjög samhliða þessari breytingu. Mánaðarlegur fjöldi þessara sýna breyttist í raun sem hér segir:

Tímabil:	Kersýni og leiðbeiningasýni.	Steypusýni.
Vaktafyrirkomulag jan.-des. 1998	5699	1326
þrískiptar vaktir jan.-maí 1999	1827	1245
þrískiptar vaktir júní-ágúst 1999	1102	1228
tvískiptar vaktir sept.-des. 1999	206	1143
dagvinna.		

Með þessari breytingu hafi mannaflaþörf í melmisgreiningu minnkað niður í 2 menn í dagvinnu og á sama tíma, í septemberbyrjun 1999, hafi lokið sumarafleysingum þannig að ekki hafi verið lengur þörf á mönnum til slíkra afleysinga.

Starfsmönnum gefinn kostur á að hætta strax við uppsögn.

Á undanförnum árum hafi það nokkrum sinnum komið fyrir, að ISAL hafi þurft að segja upp starfsmönnum með verulegan starfsaldur vegna breytinga á fyrirtækinu. Í langflestum slíkra tilvika hafi starfsmönnunum þá verið gefinn kostur á að hætta störfum án þess að vinna uppsagnarfrest. Þetta hafi verið gert til að auðvelda starfsmönnum leit að nýju starfi.

Stefndi byggir á því að samkvæmt meginreglum íslensks vinnuréttar sé vinnuveitanda á grundvelli stjórnunarréttar síns frjálst að segja starfsmönnum upp störfum með lögmætum uppsagnarfresti, nema skýr og ótvíræð ákvæði laga eða samninga leiði til annarrar niðurstöðu, sbr. m.a. dómasafn Félagsdóms 1992:567. Takmarkanir á uppsagnarréttinum séu frávik frá þessari meginreglu og beri því að skýra þær þröngt. Sá sem vilji bera fyrir sig að sérstök takmörkun á uppsagnarrétti eigi við hafi sönnunarbyrði um það að slík takmörk-

un eigi við um það tilvik, sem til meðferðar sé. Fyrsta krafa stefnanda sé um viðurkenningu á því að uppsagnir þriggja tiltekinna starfsmanna hafi verið brot á kjarasamningi. Á grundvelli meginreglna beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Um einstakar málsástæður stefnanda.

Réttur til uppsagnar starfsmanns felist í stjórnunarrétti vinnuveitanda. Sá sem haldi fram takmörkun á þeim rétti hafi sönnunarbyrði um að sá réttur hafi verið þannig takmarkaður að hans njóti ekki við í hverju einstöku tilviki.

Varðandi ákvæði gr. 7.12. í samningi um kynningu á verulegum breytingum í rekstri og vinnutilhögun beri að hafa í huga að hjá ISAL starfi nú rösklega 500 manns. Dómsmálið varði þrjá starfsmenn, þar af tvo þar sem þessari málsástæðu virðist sérstaklega haldið fram. Ekki verði með neinu móti litið svo á að slík breyting sé veruleg breyting á rekstri og vinnutilhögun, en um slíkar breytingar fjalli gr. 7.12. Fyrirhugaðar breytingar á rannsóknarstofu hafi verið kynntar fyrir samstarfsnefnd rannsóknarstofu þegar í desember 1997 og fundargerð viðkomandi fundar hafi verið dreift til aðaltrúnaðarmanns. Þær breytingar, sem búist hafi verið við á rannsóknarstofu hafi því verið kynntar um leið og fært var, og tæp tvö ár hafi liðið frá kynningu og þar til breytingar í mannahaldi hafi átt sér stað.

Varðandi fylgiskjal 15 með kjarasamningi sé tekið fram í almennum inngangi þess að samkomulagið nái til „meiriháttar breytinga í tækni- og tölvubúnaði . . .“ Samkomulag þetta hafi upphaflega verið gert á árinu 1984, þegar miklar tæknibreytingar hafi staðið fyrir dyrum og sú tölvuöld, sem nú sé, hafi verið í aðsigi. Samkomulagið freistaði að taka á vanda sem upp kynni að koma í starfsmannamálum vegna slíkra breytinga. Á þeim tíma, fyrir 16 árum, hafi starfsmenn ýmissa fyrirtækja verið haldnir ugg um að breytingar myndu leiða til hvarfs starfa. Verður að skoða samkomulagið í ljósi þessa.

Af gögnum ISAL verði ekki séð að tölvu- og tæknitrúnaðarmanni hafi verið sérstaklega kynntar fyrirætlanir um breytingar á vinnubrögðum við melmisgreiningu. Í því samhengi verði að líta til þess að aðaltrúnaðarmanni starfsmanna hafi verið kynntar þessar breytingar og honum hafi verið í lófa lagið að kynna þær fyrir tölvu- og tæknitrúnaðarmanni. Verði því ekki séð, að skortur á sérstakri

kynningu ISAL valdi því að slíkt „formbrot“ hafi efnislega þýðingu í málinu.

Í samkomulaginu segir í gr. 2.2. að fækkun starfa skuli mætt eftir því sem unnt sé með því að gefa starfsmönnum kost á endurþjálfun til annarra starfa og að fastir starfsmenn skuli hafa forgang til nýrra starfa. Mat ISAL hafi verið að ekki væri færi á því að gefa þeim starfsmönnum sem hér um ræðir kost á endurþjálfun. Til þess að ákvæðum samkomulagsins yrði beitt til takmörkunar á stjórnunarrétti ISAL yrði stefnandi að sanna að þetta mat ISAL hafi verið rangt. Að öðrum kosti væri verið að víkja almennri reglu til hliðar fyrir sérreglu, sem einungis eigi að gilda við sérstakar aðstæður.

Um það hvort uppsagnir hafi verið brot á fylgiskjali 16 með kjarasamningi verði að gæta að orðalagi fylgiskjalsins, það sé að „fastráðnir starfsmenn skuli að öðru jöfnu hafa forgang til starfa sem losna hjá ISAL.“ Jafnvel þótt nokkrir starfsmenn hafi verið ráðnir til ISAL á sama tíma og þeim þremenningum hafi verið sagt upp, sé ekkert komið fram um að þremenningarnir hafi verið færir um að sinna störfum, sem aðrir hafi verið ráðnir til að gegna. Í ljósi meginreglunnar um rétt vinnuveitanda til þess að segja starfsmanni upp störfum yrðu uppsagnirnar aðeins dæmdar ólögmætar á grundvelli fylgiskjals 16 að sannað væri að þremenningarnir væru að minnsta kosti jafnhæfir til starfa, sem ráðið var í, og þeir sem ráðnir voru. Engar líkur hafi verið leiddar að því, hvað þá að slík sönnun hafi verið fram borin.

Samkvæmt því sem fram komi í rökstuðningi fyrir kröfu um greiðslu sektar sé hún byggð á því, að „eitt stærsta fyrirtæki landsins leyfir sér æ ofan í æ að segja starfsmönnum upp störfum eftir því sem ætla má að geðþótta.“

Ljóst sé að hér fari stefnandi villur vegar um ýmislegt: Miðað við starfsmannafjölda og umfang starfsemi sé óvarlegt, að minnsta kosti, að telja að ISAL hafi sagt starfsmönnum upp æ ofan í æ. Í þessu efni tali tölur um fjölda uppsagna sínu máli.

Alvarlegra sé þó að gerð sé krafa um sekt á hendur vinnuveitanda fyrir að neyta réttar sem byggður sé á grundvallarreglu íslensks vinnuréttar. Hætt sé við að þrengjast mundi hagur fyrirtækja ef þeim væri gerð sekt fyrir að haga skipulagi og mannahaldi í samræmi við það sem stjórnendur telja nauðsynlegt og í samræmi við reglur íslensks réttar.

Niðurstaða.

Í máli þessu er deilt um það hvort uppsagnir þriggja fastráðinna starfsmanna stefnda, Íslenska álfélagsins hf., sem sagt var upp störfum í lok ágúst og byrjun september sl., brjóti gegn gildandi kjarasamningi aðila frá 10. apríl 1997, sem gildir frá þeim degi til 30. nóvember 2000 án sérstakrar uppsagnar. Samningnum fylgja bókanir, yfirlýsingar og ýmsir sérkjarasamningar á 36 fylgiskjölum. Í dómkröfum sínum tilgreinir stefnandi ekki hvaða ákvæði kjarasamningsins stefndi hafi brotið. Af málatilbúnaði hans er hins vegar ljóst að vísað er til greinar 7.12. og 1. og 2. kafla fylgiskjals 15 og fylgiskjals 16 með kjarasamningnum, enda byggjast varnir stefnda á því að kröfur stefnanda lúti að þessum ákvæðum kjarasamningsins.

Tveir ofangreindra starfsmanna unnu á rannsóknarstofu og höfðu báðir unnið hjá ISAL í hartnær 30 ár. Sá þriðji starfaði í skautsmiðju og hafði verið við störf hjá félaginu í 21 ár. Fram er komið að engin skýring var gefin á uppsögn hans og hætti hann þegar störfum en hélt launum í þriggja mánaða uppsagnarfresti í samræmi við upphafsákvæði greinar 7.5. í kjarasamningi aðila sem fjallar um uppsagnarfrest.

Vinnuveitanda er heimilt samkvæmt meginreglu íslensks vinnuréttar að segja upp starfsmönnum sínum með tilskildum fyrirvara án þess að tilgreina ástæður þess, nema sérstök lagafyrirmæli eða samningsákvæði kveði á um annað.

Óumdeilt er að starfsmönnunum tveim, sem unnu á rannsóknarstofu, var sagt upp er tekinn var í notkun sjálfvirkur efnagreiningarbúnaður í steypuskála og að breyting þessi átti nokkurn aðdraganda. Við þessa breytingu var vinnufyrirkomulagi litrófsgreina (melmisgreina) á rannsóknarstofu breytt frá 1. júní 1999 úr þrískiptum í tvískiptar vaktir og við það fækkaði þeim um helming, eða úr sex í þrjá. Fram kemur í uppsagnarbréfi ISAL til rannsóknarmannanna tveggja frá 30. ágúst sl. að af þessu breytta vaktafyrirkomulagi leiði óhjákvæmilega fækkun í hópi melmisgreina að loknum sumarleyfum.

Í grein 7.12. í kjarasamningi aðila er fjallað um breytingar á vinnutilhögun og kynningar og athuganir í því sambandi. Þar kemur fram að ISAL skuli kynna trúnaðarmönnum verulegar breytingar á rekstri og vinnutilhögun með eins miklum fyrirvara og unnt er. Þá segir í 2. mgr. ákvæðisins að verði gerð veruleg breyting á vinnutil-

högun fastmótaðra starfa, skuli í samráði við viðkomandi verkalýðsfélag láta fara fram athugun á því, hvort hún gefi ástæðu til breytingar á mönnun.

Með kjarasamningnum fylgir sérstakt samkomulag um tölvu- og tæknibreytingar, fylgiskjal 15, sem gert var 24. febrúar 1984. Fram kemur í 1. kafla samkomulagsins að það nær til „meiriháttar breytinga í tækni- og tölvubúnaði, sem hefur í för með sér aukna sjálfvirkni og þar með áhrif á störf manna bæði hvað snertir innihald starfa, starfsmenntun, atvinnuöryggi og vinnuaðstæður almennt, svo og tölvunotkun til geymslu eða söfnunar á persónulegum upplýsingum og notkun þeirra."

Stefndi hefur mótmælt því að umrædd fækkun á störfum rannsóknarmannanna tveggja feli í sér slíkar meiri háttar breytingar sem fjallað er um í samkomulaginu á fylgiskjali 15 með kjarasamningi aðila. Starfsmenn ISAL hafi verið rúmlega 500 um síðastliðin áramót og ofangreint samkomulag, sem gert var á árinu 1984, megi rekja til mikilla breytinga á tæknibúnaði verksmiðjunnar er kerskálar fyrirtækisins voru endurnýjaðir og ný rafeindatækni var tekin í notkun.

Samkomulagið um tölvu- og tæknibreytingar frá 24. febrúar 1984 er enn í gildandi kjarasamningi. Tekur það sem fyrr greinir til meiri háttar breytinga í tækni- og tölvubúnaði, m.a. þeirra breytinga sem hafa í för með sér aukna sjálfvirkni og þar með áhrif á störf manna. Þegar hinn sjálfvirki efnagreiningarbúnaður var tekinn í notkun í steypuskála fækkaði rannsóknarmönnum þar um helming, eða úr sex í þrjá. Þegar litið er til þessarar fækkunar starfsmanna í kjölfar breytinganna í steypuskála verður að fallast á það með stefnanda að þar hafi verið um að ræða „meiri háttar breytingu" í skilningi 1. kafla fyrrgreinds samkomulags, enda verður ekki fallist á þau rök stefnda að skýra beri ákvæðið þannig að miða beri við starfsmannafjöldann í heild.

Fjallað er um áætlanir um notkun nýs tækni- og tölvubúnaðar í 2. kafla samkomulagsins. Segir þar í grein 2.1. að áður en nýr tækni- eða tölvubúnaður, skv. 1. kafla, sé tekinn í notkun skuli kynna áform þar um í samstarfsnefnd ISAL, sbr. grein 7.13. í kjarasamningnum, og skuli það gert svo fljótt sem kostur er. Þess skuli sérstaklega gætt, að breytingar sem hafa munu meiri áhrif á starfsaðstöðu og starfsmannahald séu kynntar með mesta mögulegum fyrirvara.

Stefnandi heldur því fram að ekkert samráð hafi verið haft við trúnaðarmenn eða viðkomandi stéttarfélög vegna uppsagnar þeirra þriggja félagsmanna, sem í málinu greinir, sbr. grein 7.12. kjarasamningsins. Þá hafi heldur ekki verið kynntar breytingarnar sem höfðu í för með sér fækkun starfa rannsóknarmanna í steypuskála, sbr. grein 2.1. í 2. kafla samkomulagsins á fylgiskjali 15 með kjarasamningnum.

Þessu mótmælir stefndi, sem bendir á það að breyting þessi hafi haft langan aðdraganda og aðaltrúnaðarmanni hafi verið send fundargerð frá fundi samstarfsnefndar á rannsóknarstofu 19. desember 1997, þar sem skýrt var frá kaupum ISAL á efnagreiningargámi, sem myndi hafa í för með sér breytingu á mönnun litrófsgreiningar. Þá mótmælir stefndi því að hér sé um verulega breytingu á vinnutilhögun að ræða.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á það að hann hafi kynnt breytingar á mannahaldi í kjölfar hins sjálfvirka efnagreiningarbúnaðar í samstarfsnefnd ISAL, svo sem mælt er fyrir um í grein 2.1. í 2. kafla samkomulagsins, né kynnt þær trúnaðarmönnum eða haft slíkt samráð við viðkomandi verkalýðsfélag, sem fyrir er mælt í grein 7.12. í kjarasamningi aðila. Það eitt sér þykir þó ekki leiða til þess að við uppsögn framangreindra tveggja starfsmanna á rannsóknarstofu hafi stefndi brotið gegn ofangreindum ákvæðum í kjarasamningi aðila, enda var gerð grein fyrir því á fundinum í samstarfsnefnd á rannsóknarstofu 19. desember 1997 að nýr tækjabúnaður yrði settur í steypuskála, sem hefði í för með sér breytingar á mönnun í litrófsgreiningu og kæmu þrír menn til með að sinna störfum í dagvinnu sem nú eru unnin á vöktum og í dagvinnu og fundargerð þessa fundar var send aðaltrúnaðarmanni starfsmanna.

Í grein 2.2. í 2. kafla framangreinds samkomulags segir að fækkun starfa, sem leiðir af notkun nýs tækni- og tölvubúnaðar skuli, eftir því sem unnt er, mæta með því að gefa starfsmönnum kost á endurþjálfun til annarra starfa innan fyrirtækisins eða tilfærslu. Ágreiningslaust er að ofangreindum tveimur starfsmönnum á rannsóknarstofu var hvorki gefinn kostur á tilfærslu í starfi né endurþjálfun til annarra starfa, ef hennar var þörf. Í umsögnum ISAL um þessa starfsmenn, sem gefnar voru í kjölfar uppsagnanna, kemur fram að þeim var sagt upp vegna „óhjákvæmilegrar fækkunar í hópi melmisgreina“. Þá kemur þar einnig fram að þeir hafi sinnt störfum sínum

vel og samviskusamlega. Gögn málsins bera með sér að á sama tíma og þeim var sagt upp var starfsmönnum fjölgað. Stefndi hefur ekki sýnt fram á það að ekki hafi verið unnt að gefa þessum starfsmönnum kost á tilfærslu í starfi eða endurþjálfun til annarra starfa ef því var að skipta. Þykir samkvæmt framansögðu rétt að taka kröfu stefnanda til greina á þann veg að viðurkennt er að með uppsögnum þeirra Jóns Jónassonar og Jóns Ragnars Jónssonar hafi stefndi, Íslenska álfélagið hf., brotið gegn ákvæðum 1. mgr. greinar 2.2. í samkomulagi um tölvu- og tæknibreytingar á fylgiskjali 15 með kjarasamningi aðila.

Eins og að framan greinir er vinnuveitanda heimilt samkvæmt meginreglu íslensks vinnuréttar að segja upp starfsmönnum sínum með tilskildum fyrirvara nema sérstök lagafyrirmæli eða samningsákvæði kveði á um annað. Ljóst er að ofangreindar tæknibreytingar á rannsóknastofu tóku ekki til starfsmannsins í skautsmiðju enda var starf hans ekki lagt niður í kjölfar slíkra tölvu- eða tæknibreytinga, sem greint er frá í samkomulaginu á fylgiskjali 15 með kjarasamningi aðila. Eiga ákvæði samkomulagsins á fylgiskjali 15 því ekki við um hann.

Fram kemur í yfirlýsingu stefnda, ISAL, á fylgiskjali 16 með kjarasamningnum, að fastráðnir starfsmenn skuli „að öðru jöfnu hafa forgang til starfa, sem losna hjá ISAL“. Ákvæði þetta leggur ekki samkvæmt orðanna hljóðan fortakslausa skyldu á herðar stefnda að veita starfsmanni forgang til vinnu. Að því virtu hefur stefnandi ekki sýnt fram að stefndi hafi brotið gegn greindri yfirlýsingu.

Stefnandi hefur hvorki sýnt fram á það að önnur ákvæði kjarasamningsins eða fylgiskjala hans né ákvæði laga hafi staðið því í vegi að heimilt hafi verið að segja starfsmanninum í skautsmiðju upp.

Ekki eru efni til að taka til greina kröfu stefnanda um sektargreiðslu.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Með uppsögnum starfsmannanna Jóns Jónassonar og Jóns Ragnars Jónssonar braut stefndi, Íslenska álfélagið hf., gegn ákvæðum 1. mgr. greinar 2.2. í samkomulagi um tölvu- og

tæknibreytingar á fylgiskjali 15 með kjarasamningi aðila frá 10. apríl 1997.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 17. febrúar 2000.

Nr. 1/2000. **Alþýðusamband Íslands f.h.**
Verkamannasambands Íslands vegna
Verkalýðs- og sjómannafélags
Keflavíkur og nágrennis
(Lára V. Júlíusdóttir hrl.)
gegn
Samtökum atvinnulífsins f.h.
Samtaka ferðaþjónustunnar
vegna Flugleiða hf.
(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)

Kjarasamningur. Vetrarfrí.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 7. febrúar sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands, Skipholti 50 c, Reykjavík, vegna Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis.

Stefndi er Samtök atvinnulífsins, Garðastræti 41, Reykjavík f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar, Hafnarstræti 20, Reykjavík, vegna Flugleiða hf., Reykjavíkurflugvelli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að viðurkennt verði að starfsmenn flugeldhúss á Keflavíkurflugvelli fái úthlutað 8 vöktum í vetrarleyfi og starfsfólk eftir 10 ára starf 4 vöktum til viðbótar í vetrarleyfi annað hvert ár.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað vegna meðferðar málsins fyrir Félagsdómi, þ.m.t. kostnað stefnanda af virðisaukaskattskyldri lögmannsþjónustu.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda.

Að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Málsatvik.

Milli aðila máls þessa er í gildi kjarasamningur frá 24. mars 1997 en samningurinn er gerður milli Verkamannasambands Íslands og

Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins og hefur hann gildistíma til 15. febrúar 2000. Þá hefur Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis og Verkalýðs- og sjómannafélag Gerðahrepps annars vegar og Vinnuveitendasamband Íslands vegna Flugleiða hf. hins vegar gert með sér sérkjarasamning fyrir starfsmenn Flugleiða sem vinna í veitingadeild Flugleiða (flugeldhúsi) á Keflavíkurflugvelli. Sá samningur, sem dags. er 22. maí 1997, er hluti af aðalkjarasamningi aðila og hefur sama gildistíma og hann.

Í sérkjarasamningi aðila er í 7. gr. um vetrarorlof kveðið á um að fastráðnir starfsmenn í fullu starfi skuli fá fyrir vinnu á helgidögum 7 vinnuvaktir miðað við árs starf. Heimilt sé að greiðsla (12/30 af mánaðarlaunum) komi í stað umsamdra frídaga ef samkomulag náist um það við starfsmenn.

Fastráðnir starfsmenn í flugeldhúsi á Keflavíkurflugvelli höfðu um áraraðir eða allt frá árinu 1981 fengið 8 vaktir í vetrarfrí og þeir sem höfðu náð 10 ára starfsaldri fengu 4 vaktir þar til viðbótar annað hvert ár. Við gerð sérkjarasamningsins 22. maí 1997 var gerð um þetta sérstök bókun sem fylgiskjal með kjarasamningi svohljóðandi:

„Starfsfólk í eldhúsi fær úthlutað 8 vöktum í vetrarleyfi miðað við núverandi 8 klst. vaktafyrirkomulag. Miðað við sama vaktafyrirkomulag fær starfsfólk eftir 10 ára starf 4 vaktir til viðbótar í vetrarleyfi annað hvert ár."

Vorið 1999 var vaktafyrirkomulaginu breytt að ósk Flugleiða hf., sbr. gr. 2 í kjarasamningi aðila, og varð samkomulag um það milli aðila að svo yrði gert. Var vaktafyrirkomulaginu breytt í svokallað 2 2 3 kerfi. Jafnframt því varð breyting á starfshlutfalli starfsmanna, þeir fóru í 74% starf en launagreiðslur miðast við 82% starfshlutfall. Breytingar á vetrarorlofi voru ekki ræddar sérstaklega. Er starfsmenn flugeldhúss hófu töku vetrarorlofs á haustdögum 1999 kom í ljós að þeir áttu að fá 7 vaktir í vetrarfrí í stað 8 vakta og 12 vakta eins og áður hafði verið. Þrátt fyrir ítrekaðar athugasemdir og kröfu VSFK um leiðréttingu hafi stefndi ekki orðið við tilmælum um breytingu á þessari ákvörðun sinni og hefur stefnandi því höfðað mál þetta.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveður mál þetta vera höfðað fyrir Félagsdómi á grundvelli 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeil-

ur. Um aðild máls er vísað til aðildarreglna 1. mgr. 45. gr. laga nr. 80/1938.

Krafa stefnanda um að veita beri starfsmönnum flugeldhúss 8 og 12 vakta vetrarorlof sé í samræmi við framkvæmd allt frá árinu 1981, og sem hafi verið staðfest milli aðila með bókun í kjarasamningi 1997. Hefð hafi skapast fyrir greiðslu 8 og 12 vakta vetrarorlofs Flugleiða hf. í flugeldhúsi á Keflavíkurflugvelli með framkvæmd stefnda, Flugleiða hf., með þessum hætti í 18 ár. Flugleiðir hf. geti ekki einhliða við upphaf orlofstöku tilkynnt starfsmönnum sínum að 18 ára framkvæmd á töku vetrarorlofs skuli ekki lengur gilda. Þegar vaktafyrirkomulagi hafi verið breytt vorið 1999 hafi það verið gert með samkomulagi aðila eins og kjarasamningar kveði á um. Ef starfsmönnum hefði þá verið ljóst að hið nýja samkomulag fæli í sér skerðingu á vetrarorlofi hefðu þeir aldrei samþykkt breytt vaktafyrirkomulag.

Verði ekki fallist á að hefð hafi skapast fyrir lengdu vetrarorlofi, er krafan byggð á bókun með kjarasamningi sem gerð var 1997. Bókunin hafi sama gildi og kjarasamningurinn sjálfur. Jafnvel þótt bókunin veiti starfsmönnum rétt til lengra vetrarorlofs en ákvæði kjarasamningsins í 7. gr. geri sé bókunin nýrri en ákvæði samningsins sjálfs. Hún hljóti því að verða lögð til grundvallar. Stefnda beri því að virða bókunina. Um þetta vísast til Fd. IX:280 og IX:567. Jafnvel þótt í bókun sé fjallað um óbreytt vaktakerfi, og því hægt að vísa til þess að bókunin eigi ekki að gilda ef vaktakerfið breytist, hafi sú breyting sem varð á vaktakerfinu vorið 1999 ekki gefið neitt tilefni til að ætla að breytingar yrðu á vetrarorlofi starfsmanna. Vaktafyrirkomulagi hafði nokkrum sinnum verið breytt frá því að vetrarorlofið lengdist á árinu 1985 og 1992, en það hafði aldrei haft áhrif á lengd vetrarorlofsins.

Varðandi málskostnað er vísað í 65. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 130. gr. eml. nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er tekið fram um málsatvik að starfsmenn Flugleiða hf. á Keflavíkurflugvelli gangi vaktir alla daga vikunnar. Um vinnu félagsmanna Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur séu í gildi fimm sérkjarasamningar sem séu í meginatriðum samhljóða. Samkvæmt þeim skuli starfsmenn í fullu starfi fá sérstakt vetrarfrí, 7 vinnuvaktir miðað við árs starf. Heimilt sé að greiðsla (12/30 af

mánaðarlaunum) komi í stað umsamdra frídaga ef samkomulag náist um það við starfsmenn, sbr. 7. gr.

Um breytingar á vaktafyrirkomulagi fari samkvæmt 2. gr. fyrrgreindra samninga.

Við gerð kjarasamninganna 1997 hafi vaktafyrirkomulag í flugeldhúsi verið þannig að starfsmenn gengu 8 klst. vaktir, en unnir voru 14 dagar á hverjum þremur vikum. Til jafnaðar við aðra starfsmenn Flugleiða sem ganga 12 klst. vaktir, frídagar jafnmargir vinnudögum, og fá því 80 klst. í vetrarleyfi, hafi starfsmönnum flugeldhúss því verið veittur einn aukavetrarfrídagur eða samtals 8 vinnuvaktir. Þessu vildu starfsmenn halda. Af hálfu Flugleiða hf. hafi verið fallist á það, en aðeins miðað við þáverandi vaktafyrirkomulag, enda eðlilegt að horfa til fjölda klst. í vetrarleyfi samkvæmt því kerfi. Gengið hafi verið frá kjarasamningnum þannig að vetrarfrí væri 7 vinnuvaktir. Í bókun hafi síðan verið tekið fram að úthluta skyldi 8 vöktum í vetrarleyfi „miðað við núverandi 8 klst. vaktafyrirkomulag" og að miðað við „sama vaktafyrirkomulag" fái starfsfólk eftir 10 ára starf 4 vaktir til viðbótar í vetrarleyfi annað hvert ár.

Á síðasta vori hafi vaktafyrirkomulaginu verið breytt, m.a. fyrir áeggjan starfsmanna. Samfara breytingu á starfshlutfalli starfsmanna í 74% starf hafi vinnutími þeirra styttst um 20%. Hver vakt væri nú 8,5 klst. og unnir dagar jafnmargir frídögum, eða 7 á hverjum 14 dögum. Starfsmenn fengju því fleiri frídaga en áður og helgarfrí aðra hverja helgi.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á 7. gr. sérkjarasamnings aðila og bókun með þeim samningi. Samningurinn hafi verið gerður og undirritaður í heild þann 22. maí 1997. Meginreglan samkvæmt honum sé að vetrarleyfi starfsfólks í fullu starfi skuli vera 7 vinnuvaktir, eða 12/30 af mánaðarlaunum sé orlofið greitt út. Það sé sama regla og gildir samkvæmt öðrum samningum aðila um vinnu á Keflavíkurflugvelli og lúti því sömu lögmálum.

Úthlutun 8 vakta í vetrarleyfi sé samkvæmt skýru orðalagi bókunarinnar bundið við það 8 klst. vaktafyrirkomulag sem í gildi var við gerð samningsins og þá um leið fullt starf, sbr. 7. gr. Í bókuninni felist því undantekning frá meginreglu samningsins um 7 vaktir sem túlka verði þröngt og í samræmi við orðalag ákvæðisins. Í bókuninni

sé tekið fram svo ekki verði um villst að sú úthlutun sem þar sé gert ráð fyrir miðist alfarið við það ákveðna vaktafyrirkomulag sem þá gilti. Það hafi einnig verið augljóst að Flugleiðir hf. hlytu að þurfa að horfa til framkvæmdar varðandi aðra sambærilega hópa í flugstöðinni.

Síðan hafi orðið veruleg breyting á vaktafyrirkomulagi og starfshlutfalli starfsmanna. Það eigi bæði við um fjölda staðinna vakta og vaktafyrirkomulag að öðru leyti. Breytingin hafi verið gerð með heimild í 2. gr. kjarasamningsins og í samráði við starfsmenn eins og þar sé kveðið á um.

Samningurinn frá 1997 liggi til grundvallar lögskiptum aðila. Það verði því hvorki byggt á ákvæðum eldri samninga né eldri hefðum, hvorki hvað það varðar né annað.

Ekki verði heldur horft fram hjá því að starfshlutfall starfsmanna hafi verið lækkað samhliða breytingunni þannig að þeir eigi ekki lengur rétt á óskertu vetrarfríi. Starfsmaður í hlutastarfi sem vinnur, svo dæmi sé tekið, eina vakt í viku, eigi eðli máls samkvæmt ekki rétt á sömu úthlutun orlofs og starfsmaður í fullu starfi.

Fyrrgreindur kjarasamningur aðila hafi að geyma skýr ákvæði um fjölda vetrarorlofsdaga miðað við fullt starf. Því hafi hvorki verið efni né ástæða til að fjalla sérstaklega um það atriði í sambandi við vaktabreytinguna. Af orðalagi bókunarinnar með samningnum og 7. gr. samningsins mátti stefnanda og félagsmönnum hans vera ljóst að breytingar á vaktafyrirkomulagi og starfshlutfalli leiddu til breytinga á vetrarorlofi. Engin skylda hafi legið á stefnda að upplýsa um það sérstaklega. Vetrarorlofsúthlutunin hafi heldur ekki verið nefnd á nafn af hálfu stefnanda eins og full ástæða hefði verið til ef það hefði verið ákvörðunarástæða af hálfu starfsmanna.

Miðað við núverandi aðstæður skuli vetrarfrí vera 7 vinnuvaktir samkvæmt kjarasamningi aðila. Af því leiðir að Flugleiðir hf. höfðu fulla heimild til að úthluta vetrarfríum með þeim hætti sem gert var.

Fyrri breytingar á vaktafyrirkomulagi sem gerðar voru við aðrar aðstæður og samkvæmt öðrum samningum, jafnvel sem liður í samningum aðila um slíkar breytingar, skapi stefnanda engan rétt.

Máli sínu til stuðnings vísar stefndi til framlagðs kjarasamnings.

Um málskostnað er vísað til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða

Í 7. grein sérkjarasamnings aðila frá 22. maí 1997 undir fyrirsögninni „Vetrarfrí", segir svo:

„Fastráðnir starfsmenn í fullu starfi skulu fá fyrir vinnu á helgidögum 7 vinnuvaktir miðað við árs starf. Heimilt er að greiðsla (12/30 af mánaðarlaunum) komi í stað umsamdra frídaga ef samkomulag næst um það við starfsmenn."

Aðilar eru sammála um að þetta ákvæði muni hafa komið inn sem nýmæli í téðum kjarasamningi.

Í 2. grein þessa kjarasamnings undir fyrirsögninni „Um vinnuvaktir" segir svo:

„Flugleiðum er heimilt í samráði við starfsfólk að breyta tímasettu upphafi vakta eða hluta þeirra. Flugleiðum er heimilt í samráði við starfsfólk að aðlaga vaktir þörfum félagsins með 30 daga fyrirvara. Vaktaskrár skal skipuleggja einn mánuð fram í tímann og skulu þær liggja fyrir viku fyrir gildistöku. Þær skulu hanga uppi á vinnustað starfsmanna eða afhentar hverjum þeirra."

Óumdeilt er í málinu að vorið 1999 var eldra vaktafyrirkomulagi breytt með samþykki starfsfólks flugeldhúss Flugleiða hf. á Keflavíkurflugvelli.

Með kjarasamningnum er svohljóðandi bókun:

„Starfsfólk í eldhúsi fær úthlutað 8 vöktum í vetrarleyfi miðað við núverandi 8 klst. vaktafyrirkomulag. Miðað við sama vaktafyrirkomulag fær starfsfólk eftir 10 ára starf 4 vaktir til viðbótar í vetrarleyfi annað hvert ár."

Í 7. grein kjarasamnings aðila kemur fram meginregla um vetrarfrí starfsfólks í flugeldhúsi Flugleiða hf. á Keflavíkurflugvelli. Með hliðsjón af 2. grein kjarasamningsins verður að túlka fyrrnefnda bókun samkvæmt orðanna hljóðan á þann veg að hún hafi einungis átt að gilda meðan þágildandi vaktafyrirkomulag var notað, enda er í bókuninni vitnað til þess, að þetta samkomulag um vetrarfrí skuli miðað við „núverandi" og „sama" vaktafyrirkomulag og þá var í gildi. Það styður einnig þessa niðurstöðu að umrædd breyting á vaktafyrirkomulaginu leiddi til lægra starfshlutfalls starfsfólks í flugeldhúsi Flugleiða hf. Þá getur stefnandi ekki byggt rétt á því „. . .að hefð hafi skapast fyrir lengdu vetrarorlofi. . ." fyrir gildistöku kjarasamningsins. Stefnandi hefur heldur ekki sýnt fram á að stefndi hafi lofað starfsfólkinu vetrarorlofi umfram það sem greinir í 7. grein

kjarasamningsins. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir að stefnandi greiði stefnda 100.000 kr. í málskostnað. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Samtök atvinnulífsins f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar vegna Flugleiða hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis.

Stefnandi greiði stefnda 100.000 kr. í málskostnað.

Föstudaginn 7. apríl 2000.

Nr. 2/2000. **Alþýðusamband Íslands f.h. Flugvirkjafélags Íslands**
(Bjarki Diego hdl.)
gegn
íslenska ríkinu og Landhelgisgæslu Íslands
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

Kjarasamningur. Fastur vinnustaður. Frítökuréttur. Frávísun að hluta.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 14. mars sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Kristján Torfason og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16a, Reykjavík fyrir hönd Flugvirkjafélags Íslands, kt. 550169-0109, Borgartúni 22, Reykjavík.

Stefndi er íslenska ríkið og Landhelgisgæsla Íslands, kt. 710169-5869, Seljavegi 32, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi:

1. að ákvæði gr. 04.-8.3. og gr. 04.-8.4. í kjarasamningi FVFÍ og VSÍ vegna Flugleiða hf., sbr. 9. gr. kjarasamnings, dags. 16. apríl 1997, sbr. gr. 1.1. í kjarasamningi FVFÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands, dags. 19. sept. 1989, sbr. kjarasamning sömu aðila, dags. 16. maí 1997, veiti flugvirkjum sem starfa hjá Landhelgisgæslunni og vinna það lengi á undan frídegi eða helgi að ekki náist 11 stunda hvíld miðað við venjubundið upphaf næsta vinnudags, frítökurétt, 1½ klst. fyrir hverja klst. sem hvíld skerðist vegna þessa, óháð því fyrir hvaða dag vikunnar frítímaskerðingin á sér stað eða hvort næsti vinnudagur sé helgidagur eða annar samningsbundinn eða lögskipaður frídagur og að ákvæði gr. 04.-1. í kjarasamningi FVFÍ og VSÍ vegna Flugleiða hf., sbr. 3. gr. kjarasamnings, dags. 13. júní 1984, sbr. 1.1. í fyrrnefndum kjarasamningi FVFÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands, veiti flugvirkj-

um, sem starfa hjá Landhelgisgæslunni og vinna aðfaranótt frídags, jafnframt jafnmargra tíma frí á launum og unnið var aðfaranótt frídags, óháð því hvort frídagur sé helgidagur eða annar samningsbundinn eða lögskipaður frídagur,

2. að Landhelgisgæslunni sé vegna ákvæðis gr. 04.8.7. í kjarasamningi FVFÍ og VSÍ vegna Flugleiða hf., sbr. 9. gr. kjarasamnings, dags. 16. apríl 1997, sbr. gr. 1.1. í fyrrnefndum kjarasamningi FVFÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands, óheimilt að mæla svo fyrir einhliða, að laugardagur komi í stað frestaðs frídags (sunnudags) flugvirkja og

3. að starf flugvirkja um borð í þyrlum Landhelgisgæslu Íslands teljist vinna fjarri föstum vinnustað skv. gr. 2.5. í fyrrgreindum kjarasamningi FVFÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands, nema vinnan fari fram í eða við flugskýli eða á athafnasvæði Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkurflugvelli.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins, að viðbættum virðisaukaskatti, en stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram málskostnaðarreikning við aðalmeðferð málsins, ef til hennar kemur.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Málsatvik.

Samkvæmt lögum nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands er Landhelgisgæslan (LHG) ríkisstofnun. Starfsmenn hennar, sem eru skipaðir, settir eða ráðnir til starfa til lengri tíma en eins mánaðar og hafa starfann að aðalstarfi, eru ríkisstarfsmenn í skilningi laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í 9. gr. laga nr. 25/1967 segir að laun og kjör þeirra starfsmanna LHG, sem vinna að staðaldri í landi, skuli vera samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða stéttarfélagssamningum viðkomandi starfsmanna. Um kaup og kjör flugvirkja, sem starfa hjá LHG, fer samkvæmt kjarasamningi Flugvirkjafélags Íslands (FVFÍ) og Vinnuveitendasambands Íslands (VSÍ) vegna Flugleiða hf., þ.e. að öðru leyti en því sem greinir í kjarasamningi FVFÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna starfa flugvirkja hjá LGH, sbr. dóm Félagsdóms í máli nr. 1/1995.

Stefnandi kveður að ágreiningur sé milli Flugvirkjafélag Íslands við Landhelgisgæslu Íslands um túlkun nokkurra ákvæða í kjarasamningi á milli félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslunni, sbr. kjarasamning milli stefnanda og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða, dags. 29. janúar 1998, en skv. 1. gr. kjarasamnings aðila máls þessa fari að öðru leyti en þar greinir um kaup og kjör flugvirkja eftir nefndum kjarasamningi FVFÍ og VSÍ.

Með bréfi, dags. 10. júní 1999, óskaði formaður FVFÍ eftir því við Landhelgisgæsluna að réttindi flugvirkja um frítökurétt hjá stefnanda yrðu virt. Jafnframt var óskað eftir því að jafnaður yrði ágreiningur varðandi 15% álagsgreiðslur fjarri föstum vinnustað. Krafa þar að lútandi var áréttuð með bréfi, dags. 16. ágúst 1999. Með svarbréfi, dags. 25. ágúst 1999, var kröfum stefnanda hafnað. Með bréfi lögmanns FVFÍ, dags. 26. október 1999, voru kröfur flugvirkja ítrekaðar. Þar sem því bréfi hafi í engu verið sinnt kveður stefnandi nauðsynlegt að höfða mál þetta fyrir Félagsdómi.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst byggja dómkröfur sínar á ákvæðum fyrrgreinds kjarasamnings aðila, sem og nefndum kjarasamningi stefnanda og VSÍ f.h. Flugleiða, dags. 29. janúar 1998, en eins og áður segir fer að öðru leyti en í kjarasamningi aðila greinir, um kaup og kjör flugvirkja hjá Landhelgisgæslunni, eftir síðarnefndum kjarasamningi FVFÍ og VSÍ.

Kröfuliður 1.

Í gr. 04.-8.3. í kjarasamningi stefnanda og VSÍ vegna Flugleiða hf. sé kveðið á um að séu starfsmenn beðnir um að mæta til vinnu, áður en 11 klst. lágmarkshvíld sé náð, sé heimilt að fresta hvíldinni og veita síðar, þannig að frítökuréttur, 1½ klst. (dagvinna) safnist upp fyrir hverja klst. sem hvíldin skerðist. Heimilt sé að greiða út 1/2 klst. af frítökuréttinum, ef starfsmaður óski þess. Í 1. mgr. gr. 04.-8.4. sé kveðið á um að ef starfsmaður vinnur það lengi á undan frídegi eða helgi að ekki náist 11 stunda lágmarkshvíld miðað við venjubundið upphaf vinnudags, þ.e. að öllu jöfnu kl. 08:00, skuli fara með það á sama hátt og í gr. 04.-8.3. og að framan sé lýst. Skapist þá frítökuréttur, 1½ klst., eins og áður greinir. Stefnandi kveður að af hálfu stefnda, Landhelgisgæslu Íslands, hafi verið litið svo á að umræddur frítökuréttur skapaðist ekki, þegar unnið væri aðfaranótt

sunnudags. Af því leiði, að nái starfsmaður ekki 11 klst. hvíld fyrir kl. 08.00 á sunnudegi, skapist ekki frítökuréttur. Af hálfu stefnanda sé þessum skilningi stefndu alfarið mótmælt. Skýlaust sé kveðið á um það í tilvitnuðum ákvæðum kjarasamnings FVFÍ og VSÍ vegna Flugleiða hf., sbr. gr. 1.1. kjarasamnings FVFÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands, að frítökuréttur skapist þegar unnið er „á undan frídegi eða helgi" og sé sunnudagur þar ekki undanskilinn. Ekki verði því séð að túlkun stefndu eigi sér stoð í greindum ákvæðum kjarasamnings aðila, heldur gangi hún þvert á móti gegn almennri túlkun samningsins.

Í niðurlagi gr. 04.-1. í kjarasamningi stefnanda og VSÍ vegna Flugleiða, sbr. gr. 1.1. í kjarasamningi FVFÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands segir að þegar unnið sé aðfaranótt frídags skuli flugvirki eiga jafnmarga tíma frí á launum eins og unnið var og skulu þeir frítímar teknir með samkomulagi aðila. Á eftir greininni sé vísað til áðurgreindrar gr. 4.8.4. Kveður stefnandi að með orðinu „frídags" í gr. 04.-1. og tilvísun til gr. 4.8.4. sé verið að vísa til þess að flugvirkjar hjá Landhelgisgæslunni sem vinna aðfaranótt (þ.e. frá kl. 12 á miðnætti) þess dags sem þeir eiga frí, hvort sem næsti dagur sé helgidagur þjóðkirkjunnar, samningsbundinn eða lögskipaður frídagur, skuli fá jafnmarga tíma frí á launum eins og unnið var. Rökin séu m.a. þau að með því að vinna aðfaranótt fyrir frítíma sé frítíminn verulega skertur, m.a. vegna nauðsynlegs aukins hvíldartíma áður en unnt sé að njóta hans. Hafi því í kjarasamningi aðila verið samið, að bæta flugvirkjum upp þann tíma með sérstökum frítímum sem teknir skulu síðar með samkomulagi aðila.

Kröfuliður 2.

Í gr. 04.8.7. í kjarasamningi FVFÍ og VSÍ vegna Flugleiða, sbr. gr. 1.1. í kjarasamningi FVFÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands, komi fram að vikulegur frídagur skuli vera sunnudagur og að meginreglan sé sú að allir starfsmenn hjá sama fyrirtæki skuli taka frí þann dag. Í ákvæðinu sé jafnframt tiltekið að með samkomulagi við starfsmenn megi fresta vikulegum frídegi. Þá sé kveðið á um að sé sérstök þörf á að skipuleggja vinnu þannig að vikulegum frídegi sé frestað skuli um það gerður kjarasamningur. Megi þá hafa töku frídaga þannig að teknir séu tveir frídagar saman aðra hverja helgi (laugardag og sunnudag).

Stefnandi kveður óyggjandi að umrætt fyrirkomulag á töku frídaga, þ.e. að leggja saman laugardag og sunnudag og telja þá saman til frídaga, í stað vikulegs frídags, verði að eiga sér stoð í samkomulagi við starfsmenn eða í kjarasamningi, ef um skipulega ráðstöfun sé að ræða. Kveður stefnandi það byggja á skýru ákvæði samningsins. Af hálfu stefnanda sé á því byggt að stefndi, Landhelgisgæsla Íslands, hafi, þrátt fyrir skýrt ákvæði kjarasamnings, einhliða ákveðið að töku frestaðs frídags skyldi vera þannig háttað að teknir væru saman tveir frídagar næstu helgi á eftir, þ.e. laugardagur og sunnudagur. Ekki hafi hins vegar verið gert neitt samkomulag við starfsmenn um þá tilhögun né kjarasamningur gerður með slíkum hætti. Fari þessi framkvæmd því þvert gegn skýru orðalagi ákvæðis gr. 04.8.7. í kjarasamningi stefnanda og VSÍ, sbr. gr. 1.1. í kjarasamningi aðila, um að ekki megi fresta vikulegum frídegi nema með samkomulagi við starfsmenn, þar sem sérstakar ástæður geri slík frávik nauðsynleg.

Kröfuliður 3.

Kafli 2.5. í gildandi kjarasamningi FVFÍ og stefndu, sbr. kjarasamningur, dags. 16. maí 1997, fjalli um álag vegna vinnu fjarri föstum vinnustað. Í gr. 2.5.1. sé tiltekið að greiða skuli flugvirkjum 15% álag á grunnkaup þegar unnið sé fjarri föstum vinnustað. Kveður stefnandi að af hans hálfu sé á því byggt að fastur vinnustaður flugvirkja sem starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands sé í flugskýli Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkurflugvelli, þar sem eftirlit, m.a. með þyrlum Landhelgisgæslu Íslands, fari fram og þeim sé viðhaldið. Af því leiði að vinna flugvirkja, sem fari fram annars staðar, teljist fjarri föstum vinnustað. Þá kveður stefnandi að flugvirkjar séu ekki ráðnir til starfa um borð í þyrlu nema til þeirra starfa sem að framan sé rakið, þ.e. á starfssvæði stefnda, Landhelgisgæslu Íslands, á Reykjavíkurflugvelli. Í þeim tilvikum þar sem flugvirkjum sé gert að sinna störfum um borð í þyrlum utan framangreinds starfssvæðis teljist flugvirkjar því starfa fjarri föstum vinnustað. Því verði að telja óyggjandi að vinna flugvirkja um borð í þyrlum Landhelgisgæslu Íslands annars staðar en í eða við starfsaðstöðu á Reykjavíkurflugvelli sé utan fasts vinnustaðar. Ráðningarstaður flugvirkja hjá Landhelgisgæslunni sé þannig ekki um borð í þyrlum og hljóti því skv. meginreglum vinnuréttar að teljast flugskýlið við Reykjarvíkurflugvöll þar sem þeir starfa að öllu jöfnu. Kveður stefnandi að eðlisrök mæli einnig með því að flugvirkjar njóti álags vegna vinnu í

þyrlu, m.a. vegna aukinnar áhættu sem því sé samfara. Stefnandi kveðst mótmæla því sérstaklega að um það hafi verið samið að þátttaka flugvirkja í áhöfn í þyrluflugi fæli það í sér að þar með teldist þyrla fastur vinnustaður flugvirkja, en engu slíku samkomulagi sé til að dreifa. Kveður stefnandi að sérákvæði kjarasamnings hér að lútandi taki einmitt þvert á móti til þess að greiða sérstakt álag vegna flugs, þ.m.t. þyrluflugs. Þá sé einnig rétt að geta þess að greitt hafi verið um árabil álag á grunnkaup þegar unnið hafi verið um borð í þyrlum utan athafnasvæðis Landhelgisgæslu Íslands, þar til því hafi verið algerlega verið hætt af hálfu stefnda, Landhelgisgæslunnar, fyrir nokkru síðan, þrátt fyrir mótmæli stefnanda.

Af hálfu stefnanda er tekið fram að framkvæmd kjarasamninga gagnvart öðrum viðsemjendum en stefnda, aðallega Flugleiðum hf., hafi verið í samræmi við það sem kemur fram í kröfuliðum 1 og 2.

Stefnandi byggir kröfur sínar fyrst og fremst á gildandi kjarasamningi aðila, sbr. kjarasamning, dags. 16. maí 1997, aðallega 1. gr. og gr. 2.5., sem og kjarasamningi stefnanda og VSÍ, dags. 29. janúar 1998, sérstaklega gr. 04.-8.3., 1. mgr. gr. 04.-8.4., gr. 04.-1. og gr. 04.8.7.

Stefnandi vísar einnig til almennra reglna um skuldbindingargildi samninga og meginreglna vinnuréttar og til hliðsjónar til dóms Félagsdóms uppkveðinn þann 27. apríl 1995 í máli nr. 1/1995. Þá er vísað til laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, IV. kafla um Félagsdóm, þ.m.t. 44. gr. að því er varðar lögsögu dómsins til þessa máls.

Kröfu um málskostnað styður stefnandi við XXI. kafla laga nr. 91/1991, aðallega 129. og 130. gr.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Af hálfu stefndu er tekið fram um málavexti að hjá Landhelgisgæslu Íslands vinni tíu starfsmenn sem sinni viðgerðum og viðhaldi á þyrlum og öðrum flugvélakosti LHG og fái greidd laun samkvæmt framangreindum kjarasamningum, þar á meðal sé einn radíóvirki og einn flugvirkjanemi. Allir flugvirkjarnir séu ráðnir til starfa í dagvinnu, en þrír þeirra gangi bakvaktir til viðbótar við dagvinnuna. Bakvaktirnar séu gengnar eina viku í senn, þ.e. eftir að dagvinnu ljúki á mánudegi þar til dagvinna hefjist næsta mánudag.

Flugvirkjarnir þrír sem taki bakvaktir séu jafnframt áhafnameðlimir í þyrluflugi á vegum LHG og sé einn flugvirki ávallt um borð í

þyrluflugi. Starfsskyldur þessara flugvirkja séu tvenns konar. Þær felist annars vegar í viðgerðum og viðhaldi á þyrlum og öðrum flugvélakosti og hins vegar í spilvinnu um borð í þyrlum LHG. Þeir sinni þyrluvinnu eftir því sem atvikast hverju sinni, þ.e. ýmist í dagvinnu eða í útköllum af bakvöktum. Vinna þeirra um borð í þyrlum hafi ekki verið talin til vinnu fjarri föstum vinnustað.

Af hálfu stefndu er bent á að 1. kröfuliður stefnanda feli í raun í sér tvenns konar viðurkenningarkröfur. Um alls óskyld atriði sé að ræða og í raun villandi að hafa þær í einni dómkröfu. Þá sé kröfuliðurinn ekki svo skýr sem skyldi. Fyrri krafan lúti að frítökurétti vegna vinnu á undan frídegi eða helgi á grundvelli ákvæða um lágmarkshvíld. Hin síðari feli í sér kröfu um launað frí í jafnmarga tíma og unnir séu aðfaranótt frídags, þ.e. á grundvelli ákvæða um yfirvinnu.

Um ákvæði 04.–8.3. og 1. mgr. 04.-8.4. og önnur ákvæði er varða lágmarkshvíld hafi verið samið með 9. gr. í kjarasamningi FVFÍ og VSÍ vegna Flugleiða hf. frá 16. apríl 1997. Umræddur samningur gildi einnig um flugvirkja hjá LHG, sbr. 1. gr. í kjarasamningi FVFÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 16. maí 1997. Ákvæði fyrrnefndrar 9. gr. hafi komið til viðbótar vinnutímasamningi ASÍ og VSÍ um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma, dags. 30. desember 1996. Með vinnutímasamningnum hafi aðilar hrint í framkvæmd vinnutímatilskipun Evrópusambandsins, þ.e. tilskipun ráðsins nr. 93/104/EB, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma frá 23. nóvember 1993. Með tilliti til hins íslenska vinnumarkaðar fólust í tilskipuninni ýmis nýmæli, einkum að því er varðar skilgreiningar á daglegri og vikulegri lágmarkshvíld.

Í 9. gr. kjarasamnings FVFÍ og VSÍ vegna Flugleiða hf. sé m.a. að finna meginregluna um 11 klst. samfellda lágmarkshvíld á hverjum sólarhring og vikulega lágmarkshvíld, þ.e. einn vikulegan frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma, sem geri samtals 35 klst. samfellda lágmarkshvíld í hverri viku. Áréttað sé að það sé ekki sett sem ófrávíkjanlegt skilyrði að þessi frídagur skuli tengjast helgi. Við tilteknar aðstæður sé heimilt að víkja frá meginreglunum um daglega og vikulega lágmarkshvíld, þ.e. jafnan með því að fresta hvíldinni þar til síðar. Í þeim tilvikum sem daglegri lágmarkshvíld sér frestað vegna þess að viðkomandi sé sérstaklega beðinn um að mæta til vinnu áður en daglegri lágmarkshvíld sé náð skapist frí-

tökuréttur, þ.e. 1,5 klst. í dagvinnu safnist upp fyrir hverja klst. sem hvíldin skerðist, sbr. ákvæði 4.8.3. í 9. gr. kjarasamningsins frá 16. apríl 1997. Samskonar frítökuréttur skapist einnig þegar unnið sé það lengi á undan frídegi eða helgi að ekki náist 11 stunda hvíld miðað við venjubundið upphaf vinnudags, sbr. 1. ml. 1. mgr. ákvæðis 4.8.4. fyrrnefndrar 9. gr.

Samkvæmt kröfugerðinni krefst stefnandi þess að viðurkennt verði með dómi að umrædd ákvæði 04.–8.3. og 1. mgr. 04.-8.4. veiti flugvirkjum, sem starfa hjá LHG og vinna það lengi á undan frídegi eða helgi að ekki náist 11 stunda hvíld miðað við venjubundið upphaf næsta vinnudags, frítökurétt, 1,5 klst. fyrir hverja klst. sem hvíld skerðist vegna þessa, óháð því fyrir hvaða dag vikunnar „frítímaskerðingin" eigi sér stað eða hvort næsti „vinnudagur" sé helgidagur eða annar samningsbundinn eða lögskipaður frídagur.

Miðað við orðalagið lúti viðurkenningarkrafan eingöngu að frítökurétti sem skapist vegna vinnu á undan frídegi eða helgi. Almennt sé litið svo á að í þeim tilvikum þegar starfsmaður eigi frídag eða helgi sé framundan hjá starfsmanni sé engri vinnuskyldu til að dreifa, sbr. síðar. Þegar af þeirri ástæðu hljómi það þversagnarkennt hjá stefnanda að krefjast frítökuréttar vegna vinnu á undan frídegi eða helgi, óháð því fyrir hvaða dag vikunnar „frítímaskerðingin" eigi sér stað eða hvort næsti „vinnudagur" sé helgidagur eða annar samningsbundinn eða lögskipaður frídagur. Þá sé rétt að taka fram að hugtakið „frítímaskerðing", sem notað sé í viðurkenningarkröfunni, sé hvorki að finna í tilvitnuðum kjarasamningi FVFÍ og VSÍ frá 16. apríl 1997 né í vinnutímasamningnum eða vinnutímatilskipuninni. Gjalda verði varhug við því að Félagsdómur fallist á viðurkenningarkröfur sem fela í sér hugtök sem enginn þekkir og hvergi séu skilgreind.

Við skýringu á hugtökunum frídagur og helgi sé nærtækt að líta til annarra ákvæða fyrrnefndrar 9. gr. Hugtakið frídagur sé skilgreint í ákvæði 4.8.6. en þar segir að á hverju sjö daga tímabili skuli starfsmaður hafa a.m.k. einn vikulegan frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma. Með frídegi í ákvæði 4.8.4. hljóti því að vera átt við hinn vikulega frídag í skilningi ákvæðis 4.8.6. en ekki aðra daga sem viðkomandi kunni að eiga frí frá störfum. Ákvæði 4.8.3. snúi hins vegar að daglegum hvíldartíma og eigi ætíð við þegar viðkomandi sé sérstaklega beðinn um að mæta aftur til vinnu áður en 11

tíma daglegri lágmarkshvíld sé náð, óháð því hvort sá dagur sem unninn er sé á virkum degi, laugardegi, sunnudegi, helgidegi eða samningsbundnum/lögskipuðum frídegi. Það verði því að ætla að hugtakið helgi í ákvæði 4.8.4. einskorðist við fríhelgar, þ.e. þegar viðkomandi eigi frí frá störfum á laugardegi og/eða sunnudegi.

Þar sem flugvirkjar hjá LHG vinni allir dagvinnu verði að ætla að á frítökurétt, vegna vinnu á undan frídegi eða fríhelgi samkvæmt ákvæði 4.8.4., reyni fyrst og fremst hjá þeim sem taki bakvakt. Um bakvaktir sé fjallað í 6. kafla samnings fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og FVFÍ vegna starfa flugvirkja hjá LHG, dags. 19. september 1989. Þar segir m.a. að með bakvakt sé átt við að starfsmaður sé ekki við störf en sé reiðubúinn að sinna útkalli og að bakvakt hefjist þegar dagvinnu ljúki og ljúki þegar dagvinna hefjist. Í bakvakt felist að á viðkomandi hvíli skilyrt vinnuskylda, þ.e. honum sé skylt að vinna ef á hann sé kallað. Af því leiði að hann eigi ekki frí frá störfum meðan á bakvakt standi. Þegar af þeirri ástæðu geti vinna á undan bakvaktarhelgi ekki fallið undir ákvæði 4.8.4. þar sem sú helgi sé ekki fríhelgi. Með sömu rökum geti vinna á undan heilum bakvaktardegi, þ.e. í þeim tilvikum þegar dagvinnufólk eigi frí í miðri viku, ekki fallið undir fyrrnefnt ákvæði.

Samkvæmt framansögðu sé ljóst að frítökuréttur samkvæmt ákvæði 4.8.3. eigi eingöngu við um þau tilvik þegar viðkomandi vinnur það lengi á undan næsta vinnudegi að hann nái ekki 11 klst. lágmarkshvíld, enda hafi hann verið sérstaklega beðinn um að fresta lágmarkshvíldinni. Frítökuréttur skv. ákvæði 4.8.4. eigi hins vegar eingöngu við um þau tilvik þegar viðkomandi vinni það lengi á undan vikulegum frídegi eða fríhelgi að hann nái ekki 11 klst. hvíld miðað við venjubundið upphaf vinnudags.

Seinni viðurkenningarkrafan sé að mati stefnda ekki svo skýr sem skyldi. Þar sé vísað í gamalt ákvæði 04.–1. í kjarasamningi FVFÍ og VSÍ vegna Flugleiða hf., sbr. 3. gr. kjarasamnings dags. 13. júní 1984, sbr. grein 1.1. í kjarasamningi FVFÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna starfa flugvirkja hjá LHG, sbr. kjarasamning, dags. 16. maí 1997.

Samkvæmt kröfuliðnum krefst stefnandi þess að viðurkennt verði með dómi að umrætt ákvæði veiti flugvirkjum, sem starfa hjá LHG og vinna aðfaranótt frídags, jafnframt jafnmargra tíma frí á launum

og unnið var aðfaranótt frídags, óháð því hvort frídagur sé helgidagur eða annar samningsbundinn eða lögskipaður frídagur.

Ætla verði að hjá LHG reyni fyrst og fremst á ákvæði 04.–1. þegar flugvirki á bakvakt sé kallaður út að nóttu til. Þar sem bakvaktarfyrirkomulagið hjá LHG sé með þeim hætti að sami flugvirki gangi bakvaktir eina viku í senn frá kl. 16.00 á mánudegi til 08.00 næsta mánudag sé ljóst að dagurinn eftir slíka næturvinnu sé mjög sjaldan frídagur í skilningi fyrrnefnds ákvæðis 04.-1. Því eins og áður sagði, hvíli skilyrt vinnuskylda á bakvaktarmanninum á laugardögum og sunnudögum. Hina daga vikunnar beri honum að inna dagvinnu sína af hendi en skilyrt vinnuskylda hvíli á honum þá virka daga ársins sem flugvirkjar eiga launað frí frá dagvinnu. Fyrrnefnt ákvæði 04.–1. sé þannig eingöngu raunhæft gagnvart bakvaktarmönnum þegar bakvaktarskiptin lendi á frídegi, þ.e. í þeim tilvikum þegar flugvirkjar eiga launað frí frá dagvinnu á mánudegi og útkall á sér stað nóttina áður.

Í stefnu sé fullyrt að aðrir viðsemjendur FVFÍ hafi framkvæmt kjarasamninga í samræmi við það sem fram komi í 1. kröfulið stefnunnar. Þessari fullyrðingu er mótmælt sem ósannaðri. Ekki sé samið um bakvaktarfyrirkomulag á almennum markaði og því ekki raunhæft að taka mið af þeirri framkvæmd sem þar sé viðhöfð.

Í þessum kröfulið sé einnig vísað til ákvæðis 04.-8.7. í kjarasamningi FVFÍ og VSÍ vegna Flugleiða hf., sbr. 9. gr. kjarasamnings, dags. 16. apríl 1997, sbr. grein 1.1. í kjarasamningi FVFÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna starfa flugvirkja hjá LHG. Umræddur samningur gildi einnig um flugvirkja hjá LHG, sbr. 1. gr. í kjarasamningi FVFÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 16. maí 1997.

Samkvæmt 2. kröfulið krefst stefnandi þess, að viðurkennt verði með dómi að LHG sé vegna ákvæðis 04.-8.7. óheimilt að mæla svo fyrir einhliða, að laugardagur komi í stað frestaðs frídags (sunnudags) flugvirkja. Athyglisvert sé að í þessum kröfulið sé hugtakið frídagur eingöngu notað um einn dag vikunnar, þ.e. sunnudag, en hugtakinu sé ætlað ólíkt rýmri merking í báðum viðurkenningarkröfum 1. kröfuliðar.

Samkvæmt áðurnefndri 9. gr. skuli starfsmaður á hverju sjö daga tímabili hafa a.m.k. einn vikulegan frídag, sem að svo miklu leyti sem því verði við komið skuli vera á sunnudegi. Hinum vikulega frídegi sé heimilt að fresta í tvenns konar tilfellum, sbr. ákvæði 4.8.7.

sömu greinar. Í fyrsta lagi megi vinnuveitandi með samkomulagi við starfsmenn sína fresta vikulegum frídegi þegar sérstakar ástæður geri slík frávik nauðsynleg. Í öðru lagi megi vinnuveitandi, ef sérstök þörf sé á, skipuleggja vinnuna þannig að vikulegum frídegi sé frestað samkvæmt heimild í kjarasamningi. Vinnuveitandi þurfi að afla samþykkis starfsmanns/starfsmanna áður en hann beiti fyrri fráviksheimildinni. Beiti vinnuveitandi aftur á móti síðari fráviksheimildinni þurfi hann ekki að bera það undir starfsmann/starfsmenn, enda grundvallist hún á sérstakri heimild í kjarasamningi. Áréttað er í þessu samhengi að samkvæmt meginreglunni um stjórnunarrétt vinnuveitanda sé það vinnuveitandi sem fari með framkvæmd kjarasamnings, þar með talið ákvarðanir er varða vinnutímafyrirkomulagið. Við þá framkvæmd þurfi hann ekki að leita samþykkis eða hafa samráð við starfsmenn nema slíkt sé sérstaklega áskilið, en svo sé ekki í þeim samningi sem hér um ræðir.

Þar sem vinnuskylda flugvirkja hjá LHG takmarkist almennt við dagvinnutíma frá mánudegi til föstudags sé ljóst að viðurkenningarkrafan taki fyrst og fremst til þeirra sem gangi bakvaktir hjá LHG. Vísast hér til þess sem áður sagði um bakvaktir flugvirkja hjá LHG en um þær hafi aðilar samið sérstaklega í kafla 6 í kjarasamningi FVFÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna starfa flugvirkja hjá LHG frá 19. september 1989. Samkvæmt ákvæði 6.2. í þeim kjarasamningi sé heimilt að láta flugvirkja ganga bakvakt eina viku í senn og þar með fresta vikulegum frídegi.

Samkvæmt ákvæðum fyrrnefnds 6. kafla um bakvaktir séu bakvaktir gengnar viku í senn, þ.e. þá daga og þann tíma sólarhrings sem sé utan hefðbundinnar dagvinnu á virkum dögum. Þetta fyrirkomulag sé í samræmi við áðurnefnt ákvæði 4.8.7., sbr. 9. gr. kjarasamnings, dags. 16. apríl 1997, en þar komi fram að á grundvelli kjarasamningsákvæða sé heimilt að skipuleggja vinnuna með þeim hætti að vikulegum frídegi sé frestað þannig að teknir séu tveir frídagar saman aðra hverja helgi (laugardag og sunnudag).

Af framansögðu leiði að skipulag vinnutímans hjá LHG feli í sér að vikulegum frídegi (sunnudegi) þess flugvirkja sem sé á bakvakt sé frestað til næsta laugardags á grundvelli ákvæða í kjarasamningi. Af framansögðu sé jafnframt ljóst að viðurkenningarkrafa 2. kröfuliðar geti eingöngu átt við um þau tilvik þegar vinnuveitandi þurfi að leita eftir samkomulagi við starfsmann/starfsmenn áður en viku-

legum frídegi þeirra sé frestað, en ekki þegar vinnuveitandi fresti vikulegum frídegi samkvæmt ákvæði í kjarasamningi. Ekki liggi fyrir að ágreiningur sé fyrir hendi hvað það atriði varðar, þ.e. frestun vikulegs frídags samkvæmt samkomulagi við starfsmann.

Í 3. kröfulið sé vísað til greinar 2.5. í kjarasamningi FVFÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands. Ætla verði að stefnandi eigi við kafla 2.5. um álag vegna vinnu fjarri föstum vinnustað í kjarasamningi sömu aðila, dags. 19. september 1989. Þar segir í ákvæði 2.5.1. að greiða skuli flugvirkja 15% álag á grunnkaup þegar unnið sé fjarri föstum vinnustað.

Hér sé krafist viðurkenningar á því að starf flugvirkja um borð í þyrlum LHG teljist vinna fjarri föstum vinnustað skv. umræddu ákvæði 2.5., nema vinnan fari fram í eða við flugskýli eða á athafnasvæði LHG á Reykjavíkurflugvelli.

Af ráðningarsamningum við flugvirkja hjá LHG megi sjá að vinnustaður þeirra sé flugvöllurinn við Nauthólsvík, þ.e. Reykjavíkurflugvöllur, og aðrar starfsstöðvar LHG. Ákvæðið taki þannig til allra starfsstöðva LHG eins og þær séu á hverjum tíma. Starfsemi LHG fari nú fram á Seljavegi 32 í Reykjavík, við höfnina í Reykjavík, á Reykjavíkurflugvelli og um borð í varðskipum og flugvélakosti LHG.

Þyrluflug flugvirkja LHG hefjist ætíð á Reykjavíkurflugvelli og því ljúki þar einnig. Flugvirkjarnir fái greitt fyrir allan þann tíma sem þeir séu um borð. Þyrluflugið taki mislangan tíma. Það sé stundum skemmra en ein klst. og hafi farið upp fyrir átta klst. en sé að meðaltali þrjár stundir. Samkvæmt framansögðu verði ekki séð að flugvirkjarnir hafi sérstök óþægindi af þyrlufluginu.

Flugvirkjar LHG hafi verið áhafnarmeðlimir í þyrluflugi allt frá árinu 1995. Starf þeirra um borð felist fyrst og fremst í því að stjórna spilinu, þ.e. þeim tækjakosti sem notaður sé við sig niður úr þyrlunni og upp aftur. Með því að taka að sér spilvinnuna hafi flugvirkjar í raun fallist á að þyrlurnar séu þeirra vinnustaður við þau störf enda verði spilinu ekki stjórnað nema um borð í þyrlunum. Samkvæmt framansögðu mæli eðlisrök gegn því að vinna flugvirkja um borð í þyrlum LHG geti talist til vinnu fjarri föstum vinnustað.

Áður en stefndi, LHG, fól flugvirkjum að sinna spilvinnunni hafi verið haft samráð við þá. Þeir hafi samþykkt þetta fyrirkomulag fyr-

ir sitt leyti. Frá því að flugvirkjum hafi, auk annarra hefðbundinna starfa, verið falið að gerast áhafnarmeðlimir í þyrluflugi LHG hafi FVFÍ gert tvo kjarasamninga við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, þ.e. þann 10. ágúst 1995 og 16. maí 1997. Í hvorugt skiptið hafi verið hreyft við ákvæðum um álag vegna vinnu fjarri föstum vinnustað og ekki verði séð að FVFÍ hafi haft í frammi nokkrar kröfur í þeim efnum. Að þessu virtu og að teknu tilliti til þess að FVFÍ hafði fyrst síðla árs 1999 í frammi mótmæli vegna þeirra framkvæmdar LHG að líta ekki á vinnu flugvirkja um borð í þyrlum sem vinnu fjarri föstum vinnustað, verði að telja að um tómlæti sé að ræða af hálfu FVFÍ.

Varðandi málskostnað er vísað til 130. gr. eml.

Niðurstaða.

Ákvæði gr. 04.-8.3. og gr. 04.-8.4. í kjarasamningi Flugvirkjafélags Íslands og Vinnuveitendasambandsins vegna Flugleiða hf., sbr. 9. gr. kjarasamnings, dags. 16. apríl 1997, gilda einnig um flugvirkja sem starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands, sbr. gr. 1.1. í kjarasamningi FVFÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands, dags. 19. september 1989, sbr. kjarasamning sömu aðila dags. 16. maí 1997. Samningsákvæði þessi fjalla um frávik frá lágmarkshvíldartíma. Í gr. 04.-8.3. segir að séu starfsmenn sérstaklega beðnir að mæta til vinnu áður en 11 klst. hvíld sé náð sé heimilt að fresta hvíldinni og veita síðar, þannig að frítökuréttur, 1½ klst.(dagvinna), safnist upp fyrir hverja klst. sem hvíldin skerðist. Í gr. 04.-8.4. segir að vinni starfsmaður það lengi á undan frídegi eða helgi að ekki náist 11 stunda hvíld miðað við venjubundið upphaf vinnudags skuli fara með það á sama hátt. Um þessi ákvæði er fjallað í fyrri lið kröfuliðar 1.

Í ákvæði gr. 04.-1. í kjarasamningi FVFÍ og VSÍ vegna Flugleiða hf., sbr. 3. gr. kjarasamnings, dags. 13. júní 1984, sbr. gr. 1.1. í kjarasamningi FVFÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands, segir m.a. að ef unnið sé aðfaranótt frídags skuli flugvirki eiga jafnmarga tíma frí á launum eins og unnið var og skuli þeir frítímar teknir með samkomulagi aðila. Um þetta ákvæði er fjallað í síðari lið kröfuliðar 1.

Viðurkenningarkrafa stefnanda samkvæmt fyrri lið kröfuliðar 1 er um það að frítökuréttur samkvæmt þeim samningsákvæðum sé veittur óháð því fyrir hvaða dag vikunnar frítímaskerðingin eigi sér

stað og hvort næsti dagur sé helgidagur eða annar samningsbundinn eða lögskipaður frídagur. Viðurkenningarkrafa stefnanda samkvæmt síðari lið kröfuliðar 1 lýtur að því að flugvirkjum, sem starfa hjá Landhelgisgæslunni og vinna aðfaranótt frídags, séu veittir jafn margir frítímar á launum og unnið var aðfaranótt frídags, óháð því hvort frídagur sé helgidagur eða annar samningsbundinn eða lögskipaður frídagur.

Af bréfaskrifum aðila má ráða að ágreiningur sé um frítökurétt flugvirkja hjá Landhelgisgæslunni samkvæmt greindum kjarasamningsákvæðum, sbr. bréf Flugvirkjafélags Íslands, dags. 10. júní 1999, til Landhelgisgæslunnar og svarbréf stofnunarinnar, dags. 25. ágúst 1999. Auk þess deiluefnis, sem greinir í kröfulið 3, er í bréfum þessum einungis lausleg umfjöllun um ágreining varðandi fyrri lið í kröfulið 1. Ekki liggur frekar fyrir að upp hafi komið raunhæf ágreiningstilvik um skilning á umræddum kjarasamningsákvæðum. Krafa stefnanda samkvæmt 1. tölulið lýtur þannig efnislega að því að fá viðurkennda almenna túlkun á kjarasamningsákvæðum án skýrra tengsla við ákveðið úrlausnarefni og án þess að ágreiningsefnið sé afmarkað á glöggan hátt. Þannig framsett er kröfugerð stefnanda ekki dómhæf samkvæmt 1. mgr. 25. gr. og d- og e- liðum 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Í gr. 04.8.7. í kjarasamningi FVFÍ og VSÍ vegna Flugleiða hf., sbr. 9. gr. kjarasamnings, dags. 16. apríl 1997, sbr. gr. 1.1. í kjarasamningi FVFÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands, er fjallað um vikulegan frídag, sem vera skal á sunnudegi að svo miklu leyti sem því verður við komið. Samkvæmt ákvæðinu er þó heimilt með samkomulagi við starfsmenn að fresta vikulegum frídegi, þar sem sérstakar ástæður gera slík frávik nauðsynleg. Um þetta ákvæði er fjallað í kröfulið 2 og krafist viðurkenningar á því að óheimilt sé að mæla svo fyrir einhliða, að laugardagur komi í stað frestaðs frídags (sunnudags). Krafa stefnanda samkvæmt 2. tölulið er einnig því marki brennd að fá viðurkennda almenna túlkun á kjarasamningsákvæði án beinna tengsla við ákveðið úrlausnarefni, enda kemur hvergi fram í gögnum málsins, eins og fyrr segir, að ágreiningur hafi risið út af þessu samningsákvæði. Í því sambandi má og benda á að tekið er fram í greindu samningsákvæði að sé sérstök þörf á að skipuleggja vinnu þannig að

vikulegum frídegi sé frestað skuli um það gerður kjarasamningur. Kröfugerð stefnanda samkvæmt kröfulið 2 er ekki heldur dómhæf og eiga þar við sömu lagarök og um kröfulið 1.

Vegna framangreindra annmarka á kröfugerð stefnanda verður kröfuliðum 1 og 2 vísað frá dómi án kröfu.

Í. gr. 2.5.1. í fyrrgreindum kjarasamningi FVFÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands er kveðið á um það að greiða skuli flugvirkjum 15% álag á grunnkaup þegar unnið er fjarri föstum vinnustað. Samkvæmt kröfulið 3 í kröfugerð stefnanda krefst hann viðurkenningar á því að starf flugvirkja um borð í þyrlum Landhelgisgæslu Íslands teljist vinna fjarri föstum vinnustað í skilningi ákvæðisins, nema vinnan fari fram í eða við flugskýli eða á athafnasvæði Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkurflugvelli.

Stefnandi byggir á því að fastur vinnustaður flugvirkja sem starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands sé í flugskýli Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkurflugvelli, þar sem eftirlit, m.a. með þyrlum Landhelgisgæslunnar, fer fram og þeim er haldið við. Þetta telur stefnandi leiða til þess að vinna flugvirkja sem fari fram annars staðar teljist fjarri föstum vinnustað. Stefnandi mótmælir sérstaklega að um það hafi verið samið að þátttaka flugvirkja í áhöfn í þyrluflugi feli það í sér að þar með teljist þyrla fastur vinnustaður flugvirkja.

Stefndi telur að ákvæðið í ráðningarsamningi „. . . aðrar starfstöðvar LHG“ taki til allra vinnustaða Landhelgisgæslunnar eins og þeir eru á hverjum tíma, þar með talin skip og flugvélar. Þyrluflug flugvirkja Landhelgisgæslu Íslands hefjist á Reykjavíkurflugvelli og ljúki þar einnig. Þyrluflug taki að meðaltali 3 stundir. Þá bendir stefndi á að flugvirkjar Landhelgisgæslu Íslands hafi verið áhafnarmeðlimir í þyrluflugi allt frá árinu 1995. Hlutverk þeirra sem áhafnarmeðlima sé einkum að stjórna þeim tækjum sem notuð eru við sig úr þyrlunni. Með því að taka að sér ákveðin verkefni sem áhafnarmeðlimur þyrlu hafi flugvirkjarnir í raun fallist á að þyrlan sé þeirra vinnustaður.

Fyrrgreint ákvæði gr. 2.5.1. var í kjarasamningi málsaðila frá 19. september 1989 og hefur verið óbreytt í öllum þeim samningum sem gerðir hafa verið milli aðila síðan, síðast í samningi frá 16. maí 1997, en gildistími þess samnings var til 15. febrúar 2000.

Allan þennan tíma hefur fylgt samningum aðila „Yfirlýsing 1“ svo-

hljóðandi: „Landhelgisgæsla Íslands er reiðubúin að þjálfa flugvirkja í áhöfn á stærri þyrlur LHG. Skal þeim skylt að fara á vaktskrá þegar LHG óskar þess. Skal það gert í samráði við trúnaðarmann."

Í málinu liggja frammi 7 ráðningasamningar. Í reit sem auðkenndur er „Vinnustaður (ráðningarstaður)" er allstaðar skráð: „Flugvöllur v/Nauthólsvík, aðrar starfstöðvar LHG".

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið og að virtu eðli starfa þessara, þykja rök ekki standa til þess að líta svo á að umrædd störf flugvirkja um borð í þyrlum Landhelgisgæslunnar teljist unnin fjarri föstum vinnustað í skilningi tilgreinds ákvæðis kjarasamnings.

Ber því að sýkna stefndu af kröfu stefnanda samkvæmt kröfulið 3 í kröfugerð um viðurkenningu á því að starf flugvirkja Landhelgisgæslu Íslands um borð í þyrlum Landhelgisgæslunnar, utan starfstöðvarinnar á Reykjavíkurflugvelli, teljist til vinnu fjarri föstum vinnustað.

Rétt þykir að stefnandi greiði stefndu 150.000 kr. í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndu, íslenska ríkið og Landhelgisgæsla Íslands, skulu vera sýkn af kröfu stefnanda, Alþýðusambands Íslands f.h. Flugvirkjafélags Íslands, samkvæmt kröfulið 3 í kröfugerð.

Kröfuliðum 1 og 2 í kröfugerð stefnanda er vísað frá dómi án kröfu.

Stefnandi greiði stefndu 150.000 kr. í málskostnað.

Föstudaginn 7. apríl 2000.

Nr. 3/2000. **Félag íslenskra flugumferðarstjóra**
(Ástráður Haraldsson hrl.)
gegn
ríkissjóði Íslands
(Einar Karl Hallvarðsson hrl.)

Frávísun.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta var tekið til úrskurðar um frávísunarkröfu stefnda að loknum munnlegum málflutningi 29. mars sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Kristján Torfason og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Stefnandi er Félag íslenskra flugumferðarstjóra, kt. 560372-0199.

Stefndi er Ríkissjóður Íslands, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

Stefnandi gerir þá dómkröfu að viðurkennt verði að með því að neita að greiða félagsmanni stefnanda Höllu B. Reynisdóttur, dagpeninga samkvæmt reglum sem birtar eru með skattmati ríkisskattstjóra frá 10. október 1998 til og með 29. maí 1999, er hún dvaldi á vegum Flugmálastjórnar Íslands fjarri starfsstöð sinni vegna námskeiðs- og þjálfunarstarfa á Reykjavíkurflugvelli og Keflavíkurflugvelli hafi verið brotið gegn grein 5.7.1 í kjarasamningi Félags íslenskra flugumferðarstjóra og Ríkissjóðs.

Þá er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi auk álags sem nemur virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Að málinu verði vísað frá Félagsdómi og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati Félagsdóms.

Til vara að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati Félagsdóms.

Málavextir.

Málavextir eru þeir að Halla B. Reynisdóttir, kt. 170967-5189, er félagsmaður í Félagi íslenskra flugumferðarstjóra. Um launakjör

hennar fer samkvæmt kjarasamningi aðila sem gildir frá 1. desember 1995 og ráðningarsamningi undirrituðum 2. júní 1998. Hún hóf nám í flugumferðarstjórn í ATS-skóla Flugmálastjórnar Íslands í september 1996 og lauk bóklegum hluta grunnnáms og bóklegu námi fyrir flugturninn í Reykjavík í apríl 1997.

Framangreint nám skiptist annars vegar í grunnnám og hins vegar nám til mismunandi starfsréttinda. Þessi starfsréttindi eru í fyrsta lagi þrenns konar starfsréttindi í flugstjórnarmiðstöðinni, þ.e. innanlands sector, í suður-austur sector og í norður-vestur sector. Í öðru lagi er um aðflugsstjórnarréttindi að ræða og í þriðja lagi turnréttindi. Auk hins eiginlega starfsréttindanáms þarf hlutaðeigandi að fá sérþjálfun tengda hverjum vinnustað, eða svonefnda staðarrating, sbr. reglugerð nr. 344/1990 um skírteini gefin út af flugmálastjórn með síðari breytingum, sbr. núgildandi reglugerð nr. 419/1999 um sama efni. Aðstæður á hverjum stað ráða því hvaða starfsréttinda og þjálfunar er almennt krafist, en nám til starfsréttinda fer fram í Reykjavík og í Keflavík.

Starfsréttindanám flugumferðarstjóranema er launað. Samkvæmt grein 13.1.2 í kjarasamningi aðila telst maður vera nemandi frá upphafi náms í flugumferðarstjórn þar til hann hefur staðist próf fyrir fyrstu starfsréttindi. Stefndi kveður að nemar í flugumferðarstjórn taki laun samkvæmt kjarasamningi Félags flugmálastarfsmanna ríkisins á námstímanum frá því að grunnnámi lýkur og þar til fyrstu starfsréttindum er náð en eftir það samkvæmt kjarasamningi aðila máls þessa. Þann 24. mars 1997 lagði Halla B. Reynisdóttir fram ósk um að flytjast til starfa í flugturninn á Akureyri en þar var hún og er búsett. Í apríl 1998 hafði hún lokið við og staðist öll tilskilin próf í bóklegri og verklegri flugumferðarstjórn fyrir flugturnsþjónustu í Reykjavík.

Halla var ráðin sem flugumferðarstjóri á Akureyrarflugvelli frá 8. apríl 1998 en ráðningarsamningur undirritaður 2. júní 1998. Áður en ráðningarsamningurinn var gerður voru uppi umræður um þau kjör sem Halla skyldi njóta við aðflugsnám sem var lokaþáttur starfsþjálfunar hennar og sem fram skyldi fara í Reykjavík og Keflavík. Kemur fram í bréfi framkvæmdastjóra flugumferðarþjónustu 1. júní 1998 til Höllu B. Reynisdóttur að gert sé ráð fyrir að hún komi til starfa á Reykjavíkurflugvelli í júlí og starfi þar fram til 1. september. Þann tíma muni hún fá greidda fæðispeninga og eigi möguleika á að

gista í íbúð FMS í slökkvistöðinni. Einnig muni hún fá greiddar allt að fjórar ferðir til Akureyrar þann sama tíma. Eftir 1. september muni hún fara í flugturninn á Akureyrarflugvelli þar til nám hennar í aðflutningsstjórn hefst og að loknu starfsréttindanámi muni hún halda til starfa í flugturninum á Akureyri. Tekið er fram í bréfinu að á tímabili starfsréttindanáms verði hvorki greiddir dagpeningar né fæðispeningar.

Stefndi kveður að á grundvelli þess sem fram kemur í bréfinu 2. júní 1998 hafi Flugmálastjórn gert samkomulag við Höllu þessa efnis og í framhaldi þess hafi hún ritað undir ráðningarsamninginn 2. júní 1998. Samkomulagið geymi efni ráðningarsamningsins og sé hluti hans og helgist af því að á þeim tíma sem það var gert hafi Halla ekki uppfyllt skilyrði til ráðningar í starf á Akureyri. Sérstakt fyrirkomulag skyldi því standa þar til þau skilyrði yrðu uppfyllt. Veturinn 1998 til 1999, meðan Halla stundaði nauðsynlegt nám í Reykjavík og Keflavík í aðflugsstjórn, skyldu henni ekki greiddir dagpeningar. Þetta hafi gengið eftir eins og um var samið. Samkomulagið og ráðningarsamninginn verði að skoða í ljósi ákvæða 13.1.2 um að hún hafi ekki lengur verið nemi þó svo að eiginlegu starfsréttindanámi vegna Akureyrar væri ekki lokið. Hún hafi heldur ekki uppfyllt skilyrði til þess að geta starfað í flugturninum á Akureyri. Þá hafi flugmálastjórn viljað koma til móts við óskir hennar um að vinna á Akureyrarflugvelli. Í ljósi þessa hafi samkomulagið verið háð vissum skilyrðum.

Stefndi kveður Akureyri vera í sérstöðu miðað við aðra vinnustaði flugumferðarstjóra á Keflavík, Reykjavík og Vestmannaeyjum að því leyti að bæði aðflugsstjórnun og stjórnun úr flugturni fari fram þaðan. Aðflugsstjórnarréttindi og turnréttindi flugumferðarstjóra séu hvor sín réttindin og útheimti sitt hvort starfsréttindamámið. Á Akureyri séu fjórar stöður flugumferðarstjóra, en einn á hverri vakt sem verði að hafa full réttindi þar. Áskilið sé að allir hafi bæði réttindi í aðflugsstjórn og turni. Um það leyti sem Halla B. Reynisdóttir hóf fyrsta starfsréttindanám sitt hafi verið ljóst að einn þeirra fjögurra sem á Akureyri starfaði yrði senn að láta af störfum fyrir aldurs sakir og hafi það verið kunngjört innan stofnunarinnar. Kveður stefndi að ósk Höllu um að flytjast til starfa í flugturninum á Akureyri hafi verið vel tekið af hálfu yfirstjórnar Flugmálastjórnar, en áskilið hafi verið af hálfu stofnunarinnar og

óhjákvæmileg forsenda fyrir því að af þessu gæti orðið að hún aflaði sér þeirra starfsréttinda sem nauðsynleg væru til að geta gengið í starf á Akureyri, þ.e.a.s. lyki því námi til turnréttinda sem hafið var, auk þess sem hún yrði að afla starfsréttinda í aðflugsstjórn. Það hafi ekki verið unnt, þar sem hún hafi að auki þurft að hafa starfsréttindi fyrir aðflug og hafa lokið nauðsynlegri þjálfun þar að lútandi. Stefnandi heldur því hins vegar fram að þar sem skortur hafi verið fyrirsjáanlegur á flugumferðarstjórum á Akureyri hafi Halla sótt um starfið fyrir áeggjan forráðamanna flugumferðarþjónustunnar. Þeir hafi hins vegar gert hvað þeir gátu til að tryggja að ekki myndi koma til greiðslna dagpeninga til Höllu meðan á hinu fyrirhugaða starfsnámi stæði. Í þessu skyni hafi þeir beitt hana þrýstingi og sett fram tillögur þess efnis í maí og júní 1998. Hafi þeir áður reynt að fá Höllu til að gera tímabundinn ráðningarsamning þar sem starfsstöðin var ákveðin í Reykjavík en sá samningur hafi aldrei verið undirritaður. Hafi verið afráðið að framtíðarstarf Höllu yrði á Akureyri og þjálfun hennar miðast eftir þetta við það.

Halla lauk tilskildum prófum til að geta starfað í flugturninum á Akureyri í júní 1999 og hélt þá til starfa á Akureyri. Sá starfsmaður sem hún leysti af hólmi lét af störfum í ágústbyrjun það sumar.

Ágreiningur aðila snýst um það hvort ákvæði greinar 5.7.1 í kjarasamningi aðila um greiðslu dagpeninga hafi verið brotið þegar Höllu B. Reynisdóttur var neitað um slíka greiðslu það tímabil er hún var í ofangreindum námskeiðs- og þjálfunarstörfum í starfsréttindanámi í Reykjavík og Keflavík, fjarri starfsstöð sinni.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir á því að kveðið sé á um dagpeninga starfsmanna í 5. kafla kjarasamnings aðila og skuli dagpeningar vegna námskeiða, þjálfunar- og eftirlitsstarfa vera þeir sömu og hjá öðrum starfsmönnum ríkisins, sbr. grein 5.7.1.

Halla B. Reynisdóttir, félagsmaður stefnanda, hafi ekki fengið greidda dagpeninga á tímabili starfsréttindanáms í Reykjavík og Keflavík eins og kjarasamningurinn geri ráð fyrir.

Stefnandi telur að umrædd framkvæmd Flugmálastjórnar feli í sér skýrt brot gegn kjarasamningi aðila. Stefnandi hafi ítrekað krafist þess að Flugmálastjórn virði kjarasamning aðila. Þá hafi stefnandi borið málið upp á fundum samstarfsnefndar aðilanna en samkvæmt fundargerð fundar samstarfsnefndar Flugmálastjórnar og FÍF sé

ljóst að vilji Flugmálastjórnar til lausnar málsins sé enginn. Tilraunir til sátta hafi því reynst árangurslausar og því telur stefnandi málsókn þessa óhjákvæmilega.

Krafa stefnanda byggir á að stefnda beri að sjá til þess að kjarasamningur aðila sé efndur réttilega. Ótvírætt sé að Halla hafi verið send til námskeiðs- og þjálfunarstarfa fjarri starfsstöð sinni og beri því að fá greidda dagpeninga eins og kjarasamningurinn geri ráð fyrir. Telur stefnandi að mál þetta sé mikilvægur prófsteinn á það hvort stéttarfélögum sé unnt að tryggja að kjarasamningar sem þau geri séu haldnir, jafnvel þó að atbeini starfsmannsins sem kjarasamningsbrotið beinist að komi ekki til.

Stefnandi byggir málatilbúnað sinn á kjarasamningi aðila og meginreglum vinnu- og samningaréttar. Þá byggir stefnandi á lögum nr. 80/1938 og 1. gr. laga um starfskjör launafólks nr. 55/1980. Einnig vísar stefnandi til laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, einkum til 24. gr. og 26. gr.

Stefnandi kveður kjarasamning þann sem um er deilt í málinu vera á forræði aðila máls þessa en framkvæmd hans hafi verið af hálfu stefnda falin Flugmálastjórn Íslands með bréfi dagsettu 17. febrúar 1998. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1986 sé stefndi til fyrirsvars í málinu.

Kröfu um málskostnað styður stefnandi við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun við lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Frávísunarkrafa stefnda er fyrst og fremst á því byggð að kröfugerð málsins sé óglögg, ódómhæf og ekki fallin til þess að leysa úr réttarágreiningi á einn eða annan veg. Er vísað í því efni til 25. og 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Einnig er vísað til Hrd. 1997:433.

Stefndi kveður að engri efnisreglu sé til að dreifa í kjarasamningi um rétt til dagpeninga samkvæmt reglum sem birtar eru í skattmati ríkisskattstjóra. Þetta sé ekki rökstutt í stefnu og ekki komi fram við hvaða skattmat ríkisskattstjóra er átt. Greiðsla dagpeninga lúti auk ákvæða í kjarasamningi reglum ferðakostnaðarnefndar og reglum birtum af fjármálaráðherra nr. 39/1992, sbr. auglýsingu nr. 569/1994. Sé reginmunur á eðli og tilgangi reglna um dagpeninga og

frádráttarbærni kostnaðar á móti dagpeningum við álagningu opinberra gjalda annars vegar og þess er varði greiðslu dagpeninganna sjálfra samkvæmt kjarasamningi og áðurnefndum heimildum hins vegar.

Kröfugerð stefnanda ráðgeri að Flugmálastjórn hafi neitað að greiða Höllu B. Reynisdóttur dagpeninga samkvæmt reglum sem birtar hafi verið í skattmati ríkisskattstjóra frá 10. október 1998 til 29. maí 1999. Í gögnum málsins komi ekki fram að sú ósk hafi verið sett fram af hálfu stefnanda eða Höllu B. Reynisdóttur að henni hafi átt að greiða dagpeninga samkvæmt reglum sem birtar eru í skattmati ríkisskattstjóra. Hins vegar hafi verið sett fram 17. nóvember 1998 sú krafa að Höllu yrðu greiddir dagpeningar á grundvelli greinar 5.7.1 í kjarasamningi aðila. Kröfugerðin og grundvöllur málsins sé því í ósamræmi við atvik máls og reifun þess þannig að leiða eigi til frávísunar. Engin málsreifun liggi fyrir af hálfu stefnanda um reglur ferðakostnaðarnefndar eða reglna nr. 39/1992 með síðari breytingum og engin grein sé gerð fyrir fjölda ferða, gistinátta eða ferðadaga. Ekki liggi heldur fyrir að hve miklu leyti sá félagsmaður stefnanda, sem málið varði, hafi þurft að bera kostnað sem dagpeningum sé ætlað að mæta. Alger skortur sé því á reifun málsins með tilliti til atvika og reglna um dagpeninga, en kröfugerðin um neitun dagpeninga yfir langt tímabil hafi hugsanlega sams konar áhrif og ef krafist væri viðurkenningar á því að dagpeninga hefði átt að greiða. Af þessum sökum sé málatilbúnaður stefnanda vanreifaður og kröfugerðin ódómhæf. Engin grein sé gerð fyrir því hvaða dagpeningar hefðu átt að koma til greiðslu, sem stoð ættu í kjarasamningi aðila og mið tækju af ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar og reglum nr. 39/1992, en það kunni að stafa af því að ekki sé á því byggt af hálfu stefnanda að slíka dagpeninga hafi átt að greiða.

Stefndi byggir einnig kröfu sína um frávísun á því að kröfugerð stefnanda standi utan við gildissvið kjarasamnings aðila og engin rök séu til að fjalla um einstaklingsbundin ráðningarkjör fyrir Félagsdómi, en lögsögu hans beri að skýra þröngt. Málið varði ráðningarsamning sem Halla B. Reynisdóttir gerði við Flugmálastjórn, henni til hagsbóta. Samkvæmt lögum nr. 94/1986 geti málatilbúnaður stefnanda ekki verið rekinn fyrir Félagsdómi þar sem ekkert sé fram komið um að Halla B. Reynisdóttir hafi gefið félaginu sérstakt

umboð til sóknar málsins, en málið sé ekki höfðað fyrir hennar hönd; varði engu að síður réttindi hennar og skyldur. Virðist mega ráða af stefnu að umboði Höllu til málsóknarinnar sé ekki til að dreifa. Stefndi telur því ekki heimild til að reka málið fyrir Félagsdómi á grundvelli 26. gr. laga nr. 94/1986.

Málskostnaðarkröfu sína styður stefndi við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938.

Rökstuðningur stefnanda gegn frávísunarkröfu.

Af hálfu stefnanda er þess krafist að frávísunarkröfu stefnda verði hafnað. Þá krefst hann einnig málskostnaðar í þessum þætti málsins. Telur hann kröfu sína nægilega ljósa, enda hljóði dómkrafan um viðurkenningu á rétti til greiðslu dagpeninga samkvæmt reglum sem birtar séu með skattmati ríkisskattstjóra, en ekki í því. Tilvísun í stefnu til þeirra reglna sé í raun óþörf og aðeins til glöggvunar. Efnisreglan í kjarasamningi sé ljós. Í þessu sambandi vísar stefnandi til dóms Félagsdóms nr. 6/1997. Þá mótmælir stefnandi þeirri málsástæðu stefnda að kröfugerð stefnanda standi utan við gildissvið kjarasamnings aðila og engin rök séu til að fjalla um einstaklingsbundin ráðningarkjör fyrir Félagsdómi, enda varði málið ráðningarsamning Höllu B. Reynisdóttir. Í kröfugerðinni sé vísað til greinar 5.7.1 í kjarasamningi aðila, sem kveði á um að dagpeningar vegna námskeiða, þjálfunar og eftirlitsstarfa skuli vera þeir sömu og hjá öðrum starfsmönnum ríkisins. Stefndi hafi neitað að greiða Höllu B. Reynisdóttur dagpeninga er hún dvaldi á vegum Flugmálastjórnar Íslands fjarri starfsstöð sinni vegna námskeiðs- og þjálfunarstarfa á Reykjavíkurflugvelli og Keflavíkurflugvelli og því hafi Flugmálastjórn Íslands brotið gegn grein 5.7.1 í kjarasamningi aðila og falli því ágreiningurinn undir valdsvið Félagsdóms, sbr. 3. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Þá mótmælir stefndi einnig þeirri málsástæðu stefnda að umboð Höllu hafi þurft til málsóknarinnar og málið verði því ekki rekið fyrir Félagsdómi á grundvelli 26. gr. laga nr. 94/1986. Kveður stefnandi að málið snúist ekki um Höllu B. Reynisdóttur og ráðningarsamning hennar heldur skilning á ákvæði í kjarasamningi. Það leiði af eðli stéttarfélaga og hlutverki þeirra samkvæmt lögum nr. 80/1938 og lögum nr. 94/1986 að ekki þurfi sérstakt málssóknarumboð einstakra félagsmanna þegar ágreiningur sé um túlkun og skilning á kjarasamningi.

Niðurstaða.

Stefnandi gerir þá dómkröfu „að viðurkennt verði að með því að neita að greiða félagsmanni stefnanda Höllu B. Reynisdóttur, dagpeninga samkvæmt reglum sem birtar eru með skattmati ríkisskattstjóra frá 10. október 1998 til og með 29. maí 1999, er hún dvaldi á vegum Flugmálastjórnar Íslands fjarri starfsstöð sinni vegna námskeiðs- og þjálfunarstarfa á Reykjavíkurflugvelli og Keflavíkurflugvelli hafi verið brotið gegn grein 5.7.1 í kjarasamningi Félags íslenskra flugumferðarstjóra og Ríkissjóðs."

Grein 5.7.1 í kjarasamningi aðila hljóðar svo:

„Dagpeningar vegna námskeiða, þjálfunar- og eftirlitsstarfa skulu vera þeir sömu og hjá öðrum starfsmönnum ríkisins."

Af hálfu stefnda er þess krafist að dómkröfunni verði vísað frá Félagsdómi vegna vanreifunar og þess að kröfugerðin sé óglögg, ódómhæf og ekki fallin til að leysa úr réttarágreiningi á einn eða annan veg, sbr. 25. og 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Byggir stefndi meðal annars á því að engri efnisreglu sé til að dreifa í kjarasamningi aðila um rétt til dagpeninga samkvæmt reglum sem birtar eru í skattmati ríkisskattstjóra. Greiðsla dagpeninga lúti, auk ákvæða kjarasamnings, ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar, sbr. reglur nr. 39/1992 um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins, sbr. auglýsingu nr. 569/1994 um breytingu á þeim reglum, svo og umburðarbréf og auglýsingar ferðakostnaðarnefndar. Reginmunur sé á eðli og tilgangi reglna um dagpeninga annars vegar við ákvörðun dagpeningafrádráttar við álagningu opinberra gjalda og hins vegar við greiðslu dagpeninga samkvæmt kjarasamningi og fyrrgreindum stjórnvaldsfyrirmælum ferðakostnaðarnefndar. Þannig sé ruglað saman rétti til dagpeninga og frádráttarheimild í skattskilum á móti fengnum dagpeningum, sbr. 1. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Kröfugerðin sé því byggð á misskilningi um staðreyndir og villu um lagaatriði. Engin málsreifun liggi fyrir af hálfu stefnanda um reglur og ákvarðanir ferðakostnaðarnefndar. Þá sé engin grein gerð fyrir fjölda ferða, gistinátta eða ferðadaga.

Af hálfu stefnanda er þess krafist að frávísunarkröfu stefnda verði hafnað. Bendir stefnandi meðal annars á að dómkrafan hljóði um viðurkenningu á rétti til greiðslu dagpeninga samkvæmt reglum

sem birtar séu með skattmati ríkisskattstjóra, en ekki í því, eins og fram kom í málflutningi af hálfu stefnanda.

Í tilefni af framangreindum málatilbúnaði skal tekið fram að samkvæmt 1. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 2. gr. laga nr. 92/1987 um breyting á þeim lögum, eru útgjöld að hámarki móttekin fjárhæð ökutækjastyrkja, dagpeninga eða hliðstæðra endurgreiðslna á kostnaði sem sannað er að séu ferða- og dvalarkostnaður vegna atvinnurekanda og eru í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra frádráttarbær frá tekjum manna utan atvinnurekstrar. Samkvæmt 116. gr. laga þessara skal ríkisskattstjóri árlega gefa út reglur um mat á hlunnindum, sbr. 7. gr., og öðrum tekjum og frádrætti sem meta þarf til verðs samkvæmt lögunum. Það leiðir af þessum reglum að ríkisskattstjóra ber að setja matsreglur um frádrátt dagpeninga frá tekjum. Varðandi það tímabil, sem í máli þessu greinir, þ.e. 10. október 1998 til og með 29. maí 1999, giltu reglur um frádrátt dagpeninga og hliðstæðra endurgreiðslna í liðum 3.2.0. í almennum skattmötum ríkisskattstjóra tekjuárin 1998 og 1999 (framtalsárin 1999 og 2000), sbr. auglýsingar nr. 31, 4. janúar 1999 og nr. 16, 3. janúar 2000, er birtar voru í B-deild Stjórnartíðinda.

Í 6. og 7. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu, með síðari breytingum, eru ákvæði um dagpeninga, ferðapeninga og ferðakostnað. Þar er einvörðungu fjallað um skilyrði þess að slíkum greiðslum verði haldið utan staðgreiðslu, enda er reglugerð þessi sett samkvæmt 8. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, þar sem fjármálaráðherra er veitt heimild til að ákveða með reglugerð að ákveðin laun eða tegund launa skuli ekki falla undir staðgreiðslu. Í 6. gr. reglugerðarinnar er fjallað um skilyrði þess að halda megi utan staðgreiðslu dagpeningum og hliðstæðum endurgreiðslum á ferða- og dvalarkostnaði vegna launagreiðanda, enda sé fjárhæðin innan þeirra marka sem leyfist til frádráttar samkvæmt reglum ríkisskattstjóra, sbr. 1. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981. Í auglýsingum ríkisskattstjóra um skattmöt í staðgreiðslu eru reglur um viðmiðunarmörk dagpeninga og ferðapeninga samkvæmt 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 591/1987. Varðandi það tímabil, sem um ræðir í máli þessu, giltu reglur í 4. tölul. í skattmötum í staðgreiðslu á árunum 1998 og 1999,

sbr. auglýsingar nr. 16, 2. janúar 1998 og nr. 23, 4. janúar 1999, er birtar voru í B-deild Stjórnartíðinda.

Ljóst er að krafa á hendur vinnuveitanda um greiðslu dagpeninga verður ekki reist á skattmötum ríkisskattstjóra, hvorki almennum skattmötum né skattmötum í staðgreiðslu, enda eru skattmöt þessi stjórnvaldsfyrirmæli á sviði skattframkvæmdar og lúta annars vegar að frádráttarheimild vegna dagpeninga við álagningu opinberra gjalda (almenn skattmöt) og hins vegar að viðmiðunarmörkum dagpeninga, sem halda má utan staðgreiðslu opinberra gjalda (skattmöt í staðgreiðslu). Í framangreindum skattmötum er engar aðrar reglur um dagpeninga að finna en þær sem varða skattframkvæmd.

Samkvæmt framansögðu er dómkrafa stefnanda bæði byggð á röngum lagagrundvelli og með öllu vanreifuð með tilliti til þeirra reglna og ákvarðana sem við eiga, enda skortir alveg nákvæma skýringu á ágreiningsefninu með tilliti til reglna um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins og ákvarðana ferðakostnaðarnefndar samkvæmt umburðabréfum og auglýsingum nefndarinnar.

Kröfugerð stefnanda er þannig ekki dómhæf, sbr. d-, e- og f-liði 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Með vísan til þessa ber að taka frávísunarkröfu stefnda til greina.

Stefnandi greiði stefnda 100.000 kr. í málskostnað.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Stefnandi, Félag íslenskra flugumferðarstjóra, greiði stefnda, ríkissjóði Íslands, 100.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 8. júní 2000.

Nr. 5/2000. **Meinatæknafélag Íslands**
(Gísli Tryggvason hdl.)
gegn
Landspítala – Háskólasjúkrahúsi
(Einar Karl Hallvarðsson hrl.)

Frávísun.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta var tekið til úrskurðar um frávísunarkröfu stefnda að loknum munnlegum málflutningi hinn 29. maí sl.

Málið úrskurða Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Erla Jónsdóttir, Kristján Torfason, og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Stefnandi er Meinatæknafélag Íslands, kt. 481178-0299, Lágmúla 7, Reykjavík.

Stefndi er Landspítali – Háskólasjúkrahús, kt. 500300-2130, Eiríksgötu 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

A Viðurkenningarkröfur:

1. Afturvirk röðun Esterar Hafsteinsdóttur samkvæmt úrskurði. Stefnandi kveðst gera þá kröfu að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að starfi Esterar Hafsteinsdóttur, kt. 220961-7299, sem deildarmeinatæknir við veirurannsóknardeild stefnda skuli frá og með 1. desember 1997 raðað í launaramma B samkvæmt kjarasamningi stefnanda við fjármálaráðherra f.h. ríkisins o.fl., þ.e.

a) aðallega að starfi Esterar skuli frá og með 1. desember 1997 raðað samkvæmt aðlögunarúrskurði frá 2. júlí 1998 í launaramma B, eigi neðar en B9 þrátt fyrir fastar mánaðargreiðslur sem nemi 9 yfirvinnustundum án vinnuframlags, en

b) til vara að starfi Esterar skuli frá og með 1. desember 1997 raðað samkvæmt aðlögunarúrskurði frá 2. júlí 1998 í launaramma B þrátt fyrir fastar mánaðarlegar greiðslur sem nemi 24 yfirvinnustundum án vinnuframlags.

2. Almenn afturvirkni röðunar samkvæmt úrskurði.

Stefnandi kveðst ennfremur gera þá sjálfstæðu kröfu að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að störfum meinatækna í starfi hjá stefnda, sem taki laun samkvæmt aðlögunarúrskurði frá 2. júlí

1998, skuli almennt raðað samkvæmt úrskurðinum frá og með 1. desember 1997.

3. Ólögmæt háttsemi.

Þá kveðst stefnandi gera þá viðurkenningarkröfu að Félagsdómur staðfesti með dómi að sú ákvörðun eða háttsemi stefnda að hækka röðun samkvæmt aðlögunarúrskurði frá 2. júlí 1998 í áföngum og frá síðari tíma en 1. desember 1997 að því er varðar meinatækna í starfi hjá stefnda, sem taki laun samkvæmt úrskurðinum, og þar með synjun á að viðurkenna kröfur samkvæmt dómkröfuliðum 1 og 2 hafi verið ólögmæt; þess er krafist að framangreind háttsemi stefnda verði dæmd brot gegn úrskurðinum og þar með kjarasamningi stefnanda við fjármálaráðherra f.h. ríkisins o.fl. og brot á lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

4. Ólögmæt mismunun á grundvelli félagsaðildar.

Loks kveðst stefnandi krefjast viðurkenningar á því að sú háttsemi stefnda, sem lýst er í dómkröfulið 3, – um leið og stefndi hafi samþykkt kröfur (félagsmanna) annarra stéttarfélaga sambærilegar við dómkröfuliði 1 og 2 – teljist mismunun á grundvelli stéttarfélagsaðildar eða jafngildi slíkri mismunun og fari í bága við 4. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og 74. og 75. gr. stjórnarskrárinnar.

B Fjár- og refsikröfur:

1. Févítis- og sektarkrafa.

Stefnandi kveðst ennfremur gera þá kröfu

a) aðallega að stefnda verði með dómi gert að greiða stefnanda févíti sem renni í félagssjóð stefnanda að fjárhæð 500.000,00 kr., en

b) til vara að stefnda verði með dómi gert að greiða sekt í ríkissjóð.

2. Skaðabótakrafa.

Loks kveðst stefnandi gera þá kröfu aðallega að stefnda verði með dómi gert að greiða skaðabætur til handa Ester Hafsteinsdóttur, kt. 220961-7299, að fjárhæð 100.000,00 kr., en til vara að lægri fjárhæð að mati dómsins – hvort tveggja ásamt dráttarvöxtum skv 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. l. gr. laga nr. 90/1992, aðallega frá og með stefnubirtingardegi, sbr. 4. mgr. 9. gr. vaxtalaga, en til vara frá uppkvaðningu dómsins, og til greiðsludags ásamt vaxtavöxtum skv 1. ml. 12. gr. vaxtalaga í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

Þá kveðst stefnandi krefjast málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins – eftir atvikum samkvæmt sundurliðuðum málskostnaðarreikningi sem lagður verði fram við aðalmeðferð ef til hennar kemur.

Dómkröfur stefnda:

Aðallega að málinu verði vísað frá Félagsdómi og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati Félagsdóms.

Til vara að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati Félagsdóms.

Til þrautavara krefst stefndi lækkunar á févítis-, sektar- og skaðabótakröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir.

Mál þetta kveður stefnandi höfðað vegna Esterar Hafsteinsdóttur, kt. 220961-7299, og annarra félagsmanna stefnanda sem eiga í hlut og þá um leið vegna félagsins sjálfs.

Hinn 5. júlí 1997 skrifaði stefnandi ásamt fjármálaráðherra f.h. ríkisins o.fl. undir kjarasamning þar sem ákveðið var að taka upp nýtt launakerfi. Skyldi það taka gildi hinn 1. desember 1997 og vera komið að fullu til framkvæmda hinn 1. febrúar 1998. Samkvæmt. fylgiskjali 1 með þeim kjarasamningi skal sérstök nefnd, aðlögunarnefnd, koma sér saman um nánari forsendur, en þær sem greinir í grein 3.5 í kjarasamningnum um skilgreiningar starfa og röðun starfsmanna í launaramma og launaflokk. Skyldi aðlögunarnefnd ljúka störfum eigi síðar en 31. október 1997. Tækist það ekki skyldi vísa ágreiningi til sérstakrar úrskurðarnefndar. Ekki tókst að ná samkomulagi í aðlögunarnefnd þannig að úrskurðarnefndin kvað upp úrskurð hinn 2. júlí 1998. Samkvæmt úrskurðinum átti nýja launakerfið að taka gildi hinn 1. desember 1997 og vera komið að fullu til framkvæmda hinn 1. september 1998.

Ester Hafsteinsdóttir hafði í gamla launakerfinu 24 tíma í fasta yfirvinnu á mánuði (miðað við 100% starfshlutfall). Þess utan fékk hún greitt sérstaklega fyrir vaktir, útköll og aðra yfirvinnu. Ester var raðað samkvæmt gamla launakerfinu til 1. ágúst 1998 en var þá varpað inn í nýja launakerfið í næstu launatölu í ramma A (A6, námundun upp á við) en fékk áfram greitt hlutfall af fastri yfirvinnu í samræmi við starfshlutfall. Í bréfi frá starfsmannahaldi stefnda,

dags. 4. júní 1999, með yfirskriftinni „Röðun samkvæmt nýju launakerfi – Gildir þar til starfsmat hefur farið fram," kemur fram að Ester sé raðað frá og með 1. febrúar 1999 í B-ramma. Kemur fram að starfinu sé raðað innan launarammans að teknu tilliti til þess hvers það krefst af starfsmanni og því raðað að teknu tilliti til tilgreindra þátta í starfinu. Samkvæmt þessu mati raðast Ester í launaflokk B9. Í bréfinu er tekið fram að með vísan til bréfs samningsaðila frá 10. október 1997 taki hin nýja launaflokkaröðun fyrst gildi er persónubundin ráðningarkjör hafi verið tekin til endurskoðunar. Stefnandi kveður það einnig hafa komið fram munnlega af hálfu stefnda að fyrirvari sé á röðun Esterar á þann hátt að hluti af föstum yfirvinnutímum hennar, þ.e. 15 tímar af 24 miðað við fullt starf, falli inn í þessa röðun þannig að 9 tímar standi eftir. Hvorki hafi staðið á Ester né stefnanda að veita atbeina sinn til þess að slíkt samkomulag sé gert eins og hjá öðrum í samræmi við fyrirvarann. Aðeins hefur strandað á dagsetningu á gildistöku röðunar sem stefnandi hafi talið ófrávíkjanlega, þ.e. 1. desember 1997, en á það hafi stefndi ekki fallist á.

Stefnandi bendir á að félagsmenn annarra stéttarfélaga, svo sem Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN), hafi fengið afturvirkar leiðréttingar frá 1. desember 1997 – þ.e. í samræmi við kröfur stefnanda. Þá séu dæmi um að meinatæknar í starfi hjá stefnda hafi verið að fá launahækkanir samkvæmt nýja launakerfinu í áföngum.

Stefnandi hafi leitað í tvígang til laganefndar Bandalags háskólamanna (BHM) og í kjölfar síðari niðurstöðu nefndarinnar hafi verið ákveðið að höfða mál þetta.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

A. Viðurkenningarkröfur.

Dómkröfur stefnanda styðjast að sögn við úrskurð úrskurðarnefndar samkvæmt. fylgiskjali 1 með kjarasamningi stefnanda við fjármálaráðherra f.h. ríkisins o.fl. Meirihluti nefndarinnar – fulltrúar stefnda og hlutaðeigandi fagráðuneytis ásamt oddamanni, skipuðum af ríkissáttasemjara – hafi kveðið upp úrskurð hinn 2. júlí 1998 vegna félagsmanna stefnanda í starfi hjá stefnda. Samkvæmt ákvæði 0.1.4 í greindum kjarasamningi telst aðlögunarúrskurður hluti kjarasamnings.

Í lok úrskurðarins komi eftirfarandi fram:

„4. Gildistaka.

Hið nýja launakerfi skal taka gildi 1. desember 1997 en vera að fullu komið til framkvæmda 1. september 1998."

Gildistökudagsetninguna kveður stefnandi vera í samræmi við ákvæði 0.1.5 í kjarasamningi, þar sem gildistakan sé ákveðin 1. desember 1997 en síðari dagsetningin hafi verið ákveðin 1. febrúar 1998.

Stefnandi kveðst ítrekað hafa krafið stefnda um efndir og leiðréttingu – almennt og vegna Esterar Hafsteinsdóttur, síðast með bréfi dags. 13. mars 2000. Stefndi hafi á hinn bóginn ekki mótmælt kröfum stefnanda heldur ýmist hunsað þær eða hafnað þeim með ófullnægjandi röksemdum.

Stefnandi kveður stefnda þannig þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir stefnanda fyrr og síðar enn ekki hafa efnt skuldbindingar sínar eða viðurkennt rétt félagsmanna stefnanda samkvæmt framansögðu og sé stefnanda því nauðsyn á að höfða mál þetta til viðurkenningar kröfum og réttindum félagsmanna sinna og aðallega til heimtu févítis í félagssjóð en til vara sektar í ríkissjóð, svo og skaðabóta til handa Ester Hafsteinsdóttur.

Stefnandi kveður ljóst að síðbúin röðun Esterar Hafsteinsdóttur sé röðun samkvæmt aðlögunarúrskurðinum vegna hins nýja launakerfis en þar sé um að ræða bréf starfsmannahalds stefnda til Esterar, dags. 4. júní 1999, með yfirskriftinni „Röðun samkvæmt nýju launakerfi – Gildir þar til starfsmat hefur farið fram." Af því leiði að stefndi sé bundinn af gildistökudagsetningu úrskurðarins, 1. desember 1997, og geti ekki einhliða og að vild valið aðrar og síðari dagsetningar hvort sem um sé að ræða hækkanir í áföngum eður ei. Sama gildi eins og áður segir skv. ákvæði 0.1.5 í kjarasamningi stefnanda við fjármálaráðherra f.h. ríkisins o.fl., þar sem mjög hafi dregist að fá niðurstöðu aðlögunarúrskurðarnefndar hefði verið markleysa að hafa framkvæmdadagsetninguna þá sömu og í kjarasamningi og hafi hún því verið ákveðin tæpum tveimur mánuðum síðar, þ.e. með sama fyrirvara og ráðgerður hafi verið í tilvísuðu kjarasamningsákvæði.

Einu lögmætu ástæðurnar fyrir slíkri síðbúinni hækkun – eftir atvikum í áföngum – kveður stefnandi vera ef um það væri að ræða að tiltekinn meinatæknir lyki í millitíðinni tiltekinni námsgráðu eða næði öðrum áfanga í einstaklingsbundnum þáttum sem gæti réttlætt

síðbúna hækkun skv. ákvæði 2.4 í aðlögunarúrskurðinum eða ef mat á inntaki tiltekins starfs skv. ákvæði 2.1–2.3 breyttist á tímabilinu sem áfangahækkunin spannar.

Séu slíkar ástæður ekki fyrir hendi sé að mati stefnanda um að ræða ólögmætan drátt á réttmætri launaröðun – eftir atvikum hækkun í áföngum.

Afstaða og háttsemi stefnda sem rakin sé að framan stangist að mati stefnanda á við 24. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda með síðari breytingum; samkvæmt þeim skýru lagaákvæðum skuli kjarasamningar vera ófrávíkjanleg lágmarkskjör og lakari samningar við launamenn – hvað þá einhliða gerningar atvinnurekenda um lakari kjör – ógildir. Ljóst sé að það sé ótvírætt skylda stefnda samkvæmt úrskurði aðlögunarúrskurðarnefndar að raða störfum í samræmi við ákvæði úrskurðarins, þ.e. frá tilgreindri gildistökudagsetningu, 1. desember 1997; að öðrum kosti hefði sérstök úrskurðarnefnd og oddamaður, sem á reyndi, verið óþörf og niðurstaða – meirihluta – nefndarinnar væri ella markleysa.

Jafnframt beri stefnda að upplýsa starfsmenn sína, félagsmenn stefnanda sem aðra, um þá röðun sem þeim sé ákveðin þar sem úrskurðurinn sé hluti af kjarasamningi, sbr. 3. gr. kjarasamnings stefnanda við fjármálaráðherra f.h. ríkisins o.fl., nú ákvæði 0.1.4 í uppfærðum kjarasamningi þeirra. Þá sé einnig ljóst að starfsmaður stefnda, félagsmaður stefnanda, geti ekki nýtt sér ákvæði 3. liðar úrskurðar úrskurðarnefndar um málskot til samstarfsnefndar nema forsendur séu „fyrirliggjandi“ eins og segir í ákvæðinu. Ótvírætt sé skv. 4. lið úrskurðarins og ákvæði 0.1.5 í kjarasamningi að röðun samkvæmt hinu nýja launakerfi skuli gilda frá 1. desember 1997.

Samkvæmt framangreindu telur stefnandi að taka beri til greina allar kröfur stefnanda í dómkröfuliðum 1–3.

Stefnandi vill taka fram vegna dómkröfuliðar 4 að almennt sé talið að sú meginregla gildi í starfsmannarétti og stjórnsýslu að ákvörðun, sem byggir á því hvort aðili máls sé í ákveðnu félagi eða sé ekki í tilteknu félagi, sé ómálefnaleg og að ekki megi líta til slíkra sjónarmiða nema skýr lagaheimild sé fyrir því. Telja verði að slík regla gildi einnig þegar um sé að ræða mismunun milli stéttarfélaga við framkvæmd kjarasamnings. Hafi röðun félagsmanna FÍN í starfi

hjá stefnda átt sér stað með öðrum hætti en að ofan greinir um röðun Esterar eða annarra félagsmanna stefnanda í starfi hjá stefnda sé um að ræða ólögmæta mismunun á grundvelli stéttarfélagsaðildar enda séu gildistökuákvæði algerlega sambærileg.

B. Fjár- og refsikröfur.

1. Févítis- og sektarkrafa.

Aðalkrafa a) um févíti og varakrafa b) um sekt styðjast að sögn stefnanda við þá staðreynd að stefndi hafi vanefnt gróflega og af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi þá skyldu sína við stefnanda og félagsmenn hans samkvæmt gildandi kjarasamningi stefnanda við fjármálaráðherra f.h. ríkisins o.fl. Nánar tiltekið hafi stefndi vanefnt að raða frá tilsettum tíma samkvæmt aðlögunarúrskurði, sem kveðinn var upp 2. júlí 1998 af fulltrúum stefnda sjálfs og fulltrúa fagráðuneytis ásamt oddamanni sem ríkissáttasemjari skipaði, en fulltrúar stefnanda hafi ekki staðið að niðurstöðunni. Vanefnd stefnda kveður stefnandi felast í því að raða meinatæknum – félagsmönnum stefnanda – ekki frá 1. desember 1997, sem úrskurðurinn kveði á um sem gildistökudagsetningu hins nýja launakerfis, heldur í áföngum og frá síðari tíma, þ.e. frá dagsetningum sem hvorki eigi sér stoð í aðlögunarúrskurði né í samningum milli stefnanda og stefnda eða annarra fulltrúa ríkisins, sbr. og ákvæði 0.1.5 í kjarasamningi sem kveði skýrt á um sömu gildistökudagsetningu.

Þá kveður stefnandi ljóst að sannanlegt og skýrt brot á kjarasamningi – af þeim grófleika og því saknæmisstigi sem að ofan greini – og þar með brot á lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna hljóti að hafa einhverjar afleiðingar aðrar en viðurkenningu á rétti og skyldu aðila kjarasamnings og þeirra sem leiða rétt sinn af þeim; að öðrum kosti sé ekkert úrræði til þess að tryggja réttar efndir kjarasamninga opinberra starfsmanna – eða a.m.k. stuðla að efndum. Í því sambandi vísar stefnandi til þess að samningsréttur launafólks sé nú stjórnarskrárvarinn eftir stjórnarskrárbreytingu 1995 skv. 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. og l. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar.

Stefnandi kveður eðlilegt að krafist sé aðallega févítis og til vara sektar í máli sem þessu sem sé öðrum þræði af allsherjarréttarlegum toga auk þess sem hliðstæður fyrir sóknaraðild einkaaðila að slíkum kröfum megi finna víða í löggjöf, þ.e. einkarefsimálum, sbr. t.d. 242. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum og l.

mgr. 59. gr. höfundalaga nr. 73/1972 með síðari breytingum; erfitt sé að ímynda sér sóknaraðild ríkissaksóknara gegn ríki eða ríkisstofnun vegna sektarkröfu skv. 35. gr. nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

2. Skaðabótakrafa.

Kröfu stefnanda um skaðabætur til handa Ester Hafsteinsdóttur kveður hann byggja á þeirri staðreynd að Ester hafi orðið fyrir tjóni vegna afstöðu stefnda og háttsemi. Orsakartengslin kveður stefnandi skýr enda hafi Ester eins og aðrir meinatæknar í starfi hjá stefnda, félagsmenn stefnanda, orðið af réttmætum launahækkunum og þar með bæði beðið fjártjón og miska auk þess sem stefndi hafi hagnast á brotinu og misbeitt yfirburðastöðu sinni og viðurkenndri forgangsstöðu til túlkunar. Stefnandi kveður ófært að stefndi komist upp með að brjóta kjarasamninga eins og lýst sé í réttarstefnu þessari án þess að það hafi aðrar afleiðingar en síðbúnar leiðréttingar á launagreiðslum. Augljós vandkvæði Esterar við að sýna fram á nákvæma tölulega fjárhæð, sem sé bein afleiðing af háttsemi stefnda, eigi ekki að koma stefnda til góða.

Stefnandi kveðst vilja benda á að í 2. ml. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur með síðari breytingum, er gildi sem almenn vinnulöggjöf til fyllingar ákvæðum laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, segi:

„Við ákvörðun skaðabóta má taka tillit til saknæmi brotsins."

Að því er varðar fjárhæð bótanna skírskotar stefnandi til fjölmargra dómafordæma um að bætur megi í tilvikum sem þessum dæma að álitum.

Krafa stefnanda um málskostnað styðst að sögn stefnanda við 129. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 að því er fjárhæð varðar. Stefnandi telur að taka beri tillit til þess að stefnandi er stéttarfélag sem hefur leitað allra tiltækra úrræða til að leysa málið utan réttar áður en leitað var til heildarsamtaka um atbeina og síðan um aðstoð við málsókn þessa.

Að því er varðar skyldu stefnda til greiðslu málskostnaðar kveður stefnandi kröfu sína aðallega byggjast á að stefndi tapi máli í öllu verulegu, sbr. 1. mg 65. gr. laga nr. 80/1938. Að öðrum kosti styðjist krafa stefnanda um málskostnað til vara við þá staðreynd að stefndi hafi sem opinber atvinnurekandi ekki aðeins yfirburðarstöðu gagnvart einstökum launamönnum heldur einnig svonefnda forgangs-

stöðu til túlkunar – bæði á lögum og reglugerðum er varða starfsmannarétt og kjarasamningum og ráðningarsamningum þótt tvíhliða séu. Einstakir launamenn verði að hlíta ákvörðunum stefnda, sbr. 2. ml. 60. gr. stjórnarskrárinnar, eins og annarra ríkisstofnana sem til þess séu bærar, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986. Sama gildi um stefnanda sem stéttarfélag eins og önnur samtök launamanna sem einungis geti látið reyna á afstöðu vinnuveitenda með málsókn fyrir Félagsdómi eins og í þessu tilviki og eftir atvikum fyrir héraðsdómi. Stefndi hafi – bæði almennt og í þessu tilviki – umfram aðra atvinnurekendur lagst gegn öllum ráðum ríkisstarfsmanna og stéttarfélaga til þess að hnekkja ákvörðunum stefnda sem atvinnurekanda um einhliða – og oft óréttmæta – túlkun á framangreindum heimildum.

Þá megi hafa hliðsjón af 4. mgr. 130. gr. eml. en með því að mál þetta sé prófmál sem eitt af mörgum sem séu til meðferðar hjá stefnanda komist stefndi hjá því að gegn honum séu höfðuð mörg mál um sama álitaefni.

Réttarreglur.

A. Viðurkenningarkröfur.

Stefnandi kveður skuldbindingar stefnda styðjast við skráðar og óskráðar reglur íslensks vinnu- og starfsmannaréttar og allsherjarréttar um að samninga beri að halda og kaupgjald að gjalda þegar um sé samið eða krafist sé og að lög, reglugerðir, kjarasamninga og ráðningarsamninga – skriflega og munnlega – beri að túlka í samræmi við stjórnarskrá, lagaþróun, launaþróun og af jafnræði og sanngirni. Þá vísar stefnandi til 9., 10. og 24. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og 1. mgr. 9. gr. og 47. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Vegna dómkröfuliðar 4 í kafla A vísar stefnandi til 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar um samningsrétt launafólks og stéttarfélaga þeirra, sbr. 1. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar. Þá vísar stefnandi til 4. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 95/46/EB sem feli í sér sérstaka lögvernd stéttarfélaga og félagsmanna þeirra að því er stéttarfélagsaðild varðar.

B. Fjár- og refsikröfur.

Skaðabótakröfu (2.) til handa Ester Hafsteinsdóttur byggir stefnandi á l. ml. l. mgr. 13. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem hljóði svo:

„Aðilar kjarasamnings bera fébótaábyrgð á samningsrofum sem þeir sjálfir eða fulltrúar þeirra gerast sekir um í störfum sínum fyrir þá."

Þá kveður stefnandi aðalkröfu (1. a) um févíti og einnig skaðabótakröfu (2.) styðjast við 1. ml. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur með síðari breytingum, er gildi sem almenn vinnulöggjöf til fyllingar ákvæðum laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna; í ákvæðinu segi:
„Dómurinn getur dæmt aðilja til að greiða skaðabætur, sektir og til að greiða málskostnað eftir venjulegum reglum."

Stefnandi kveður ljóst að með orðinu „sektir" sé þarna átt við févíti, þ.e. peningaleg viðurlög sem renni til þess málsaðila sem kröfu gerir verði fallist á kröfur hans, enda væri ella óþarft að kveða aftur sérstaklega á um það í 1. mgr. 70. gr. sömu laga að brot gegn lögunum varði sektum – þ.e. refsingu – en í kjölfarið sé kveðið á um að sektirnar renni eins og aðrar sektir af þeim toga í ríkissjóð. Eðli síðarnefndra sekta megi einnig ráða af því að vararefsing sé sérstaklega bönnuð. Sama megi ráða af 2. mgr. 70. gr. sem bætt var við lögin með 8. gr. laga nr. 75/1996 þar sem ábyrgð á tilteknum brotum gegn lögunum sé undanþegin refsingu – þ.e. sektum – en varði þá aðeins skaðabótum eða eftir atvikum févíti, sbr. og 1. mgr. 65. gr. laganna.

Þá vísar stefnandi aðallega til þess að þar sem almenna vinnulöggjöfin sé til fyllingar sérlöggjöf á borð við lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna megi beita framangreindum lagaákvæðum til þess að dæma févíti af umræddu tagi. Til vara skírskotar stefnandi til lögjöfnunar enda séu tilvik algerlega sambærileg og sérlögin þegi um viðurlög af þessu tagi.

Að því er varðar lagastoð fyrir varakröfu (1. b) um sekt í ríkissjóð – þ.e. refsingu – vísar stefnandi til 35. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. til hliðsjónar 1. mgr. 70. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur með síðari breytingum.

Málskostnaðarkröfu stefnanda styður hann við 1. mgr. 65. gr. laga nr. 80/1938, sbr. XXI kafla eml. Fjárhæð málskostnaðar styðst að sögn stefnanda við 129. gr. eml. Kröfu um greiðslu málskostnaðar styður stefnandi við 1. mgr. 65. gr. laga nr. 80/1938, sbr. aðallega 1. mgr. 130. gr. eml., en til vara 2. ml. 3. mgr. 130. gr. eml.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Frávísunarkrafa stefnda tekur til allra kröfuliða stefnanda og að málinu verði í heild vísað frá Félagsdómi.

Í stefnu komi ekki fram á hvaða lagagrundvelli málið sé lagt fyrir Félagsdóm, en lögsaga dómsins leiðir af ákvæðum 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Beri að túlka lögsögu Félagsdóms þröngt þar sem um sérdómstól sé að ræða, sbr. ítrekuð dómafordæmi. Brýna nauðsyn beri til að gera skýra grein fyrir því í stefnu fyrir Félagsdómi á hvaða grundvelli sakarefni séu fyrir dóminn lögð, einkum þegar málatilbúnaður sé svo flókinn og óljós sem raun ber vitni af hálfu stefnanda. Það hafi farist fyrir í stefnu og sé næg ástæða frávísunar sökum vanreifunar, enda ekki stefnda að geta sér til um á hvaða grundvelli einstakar kröfur geti komið til úrlausnar Félagsdóms. Efnisákvæði laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur taki ekki til þess kjarasamnings sem fjármálaráðherra hafi gert fyrir hönd ríkissjóð við stefnanda, heldur aðeins ákvæði um málsmeðferð fyrir dómi og kæruheimild. Taki 44. gr. laganna ekki til aðila, heldur eftir atvikum 26. gr. laga nr. 94/1986. Leiði það meðal annars af dómi Félagsdóms 21. október 1999 í málinu nr. 7/1999. Er því mótmælt að brotið hafi verið af hálfu stefnda gegn einhverju ákvæðum laga nr. 80/1938 eða að þau lög geti komið til úrlausnar vegna vinnusamninga milli stefnda og félagsmanna stefnanda eða stefnanda.

Fjármálaráðherra hafi gert gildandi kjarasamning fyrir hönd ríkissjóðs ásamt fleirum við stefnanda þessa máls. Fari fjármálaráðherra með fyrirsvar fyrir ríkissjóð við gerð kjarasamninga samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986, en samkvæmt 1. mgr. 26. gr. sömu laga dæmir Félagsdómur aðeins í málum sem rísa á milli samningsaðila. Um fébótaábyrgð vegna samningsrofa sé einnig mælt fyrir um aðila kjarasamnings, en stefndi sé það ekki. Breyti engu í þessu sambandi hvort eða að hve miklu leyti fjármálaráðherra hafi falið stefnda framkvæmd kjarasamnings á grundvelli 2. mgr. 3. gr. laganna.

Stefnandi hafi á hinn bóginn stefnt Landspítala, háskólasjúkrahúsi í máli þessu og forstjóra stofnunarinnar fyrir hennar hönd. Af þessum sökum beri að vísa málinu frá Félagsdómi þar sem lögsaga dómsins nái ekki til þess að leysa úr málinu eins og það sé lagt fyrir enda sé stefndi ekki aðili að kjarasamningi. Einnig er á því byggt að

fyrirsvar við þessar aðstæður sé rangt sem valda eigi frávísun málsins. Verði ekki á það fallist beri að sýkna af öllum kröfum stefnanda vegna aðildarskorts stefnda, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Tekið skal fram að ekkert samkomulag um að leggja einhvern þann ágreining er endurspeglast í kröfum stefnanda fyrir Félagsdóm liggi fyrir, hvorki milli aðila þessa máls né milli aðila kjarasamnings. Næg ástæða sé af þessum sökum til að vísa málinu í heild frá Félagsdómi. Þá er einnig byggt á því að skilyrði 27. gr. laga nr. 91/1991 séu í engu uppfyllt um kröfur stefnanda sem séu ólíkar innbyrðis og vegna mismunandi atvika. Viðurkenningarkröfum sé auk þess steypt í samhengisleysu hver á eftir annarri sem í raun verði óleysanlega heild og ódómhæfur málatilbúnaður. Í heild séu kröfur stefnanda augljóslega andstæðar 24. og 25. gr., svo og 80. gr. laga nr. 91/1991.

Um einstaka kröfuliði eru frávísunar- og sýknukröfur byggðar á því sem að framan greinir og eftirfarandi auk þess sem Félagsdómur kynni að meta ex officio að því er frávísun varðar.

Um viðurkenningarkröfur stefnanda (kröfuliði A).

Kröfuliður 1 undir staflið A.

Stefndi telur það ekki heyra undir lögsögu Félagsdóms að kveða á um röðun í launaflokka, hvorki almennt né varðandi einstaka félagsmenn, þ. á m. Ester Hafsteinsdóttur, enda hafi ekki ennþá stofnast til ráðningarkjara þess efnis sem látið sé að liggja í stefnu hvað hana varðar og hafi hún engar tillögur stefnda samþykkt. Séu því ekki lagaskilyrði í 26. gr. laga nr. 94/1986 til að fjalla um kröfur þær er varðar Ester. Vísast einnig til 1. mgr. 26. gr. laga nr. 91/1991. Aðal- og varakrafa undir 1. kröfulið stafliðs A séu einnig ódómhæfar enda ráði þær eigi tilteknu sakarefni til fullnaðarlykta á einn veg eða annan.

Kröfugerðin, hvort sem sé svokölluð aðal- eða varakrafa, byggi og á þeirri röngu forsendu að störfum sé raðað samkvæmt aðlögunarúrskurði frá 2. júlí 1998. Starfsmenn taki laun samkvæmt kjarasamningi. Þótt nefndur úrskurður kveði á um nánari forsendur og röðunarkerfi sem miða beri við þá taki starfsmenn ekki laun samkvæmt aðlögunarúrskurði. Krafa um að starfi Esterar skuli frá og með 1. desember 1997 raðað samkvæmt „aðlögunarúrskurði . . . í launaramma B, eigi neðar en B9 þrátt fyrir fastar yfirvinnugreiðslur sem nemi 9 yfirvinnustundum án vinnuframlags.“ eigi sér enga stoð

í lögum eða kjarasamningi og ekki í ráðningarsamningi hennar. Sé það ekki hlutverk Félagsdóms að ákveða fjölda yfirvinnustunda enda ekki efnisatriði við túlkun á kjarasamningi.

Vísast enn til þess að Ester hafi ekki samþykkt fyrir sitt leyti ráðningarkjör þar sem launaflokkur í B ramma sé lagður til grundvallar, hvorki B9 eða annar, en í bréfi frá 4. júní 1999 hafi henni verið bent á að snúa sér til innritunarstöðvar hjá stefnda til að ganga frá ráðningarkjörum. Það sé ekki hlutverk Félagsdóms að kveða á um einstaklingsbundin ráðningarkjör hvorki um launaflokk eða yfirvinnutíma, frekar en það hafi verið hlutverk aðlögunar- eða úrskurðarnefnda, sbr. yfirlýsingu samningsaðila frá 10. október 1997. Liggi enginn samningur fyrir um að Ester taki laun eftir launaflokki B9 með 9 yfirvinnustundum án vinnuframlags eða réttur þess efnis samkvæmt kjarasamningi. Séu þannig engar lagalegar eða kjarasamningsbundnar forsendur fyrir þeirri ráðagerð stefnanda að fela Félagsdómi að kveða á um eða stofna til ráðningarsamnings um laun sem hún hafi ekki samþykkt fyrir sitt leyti gagnvart stefnda, m.ö.o. að samþykkja tilboð með breyttu efni fyrir hönd starfsmanns. Ágreiningurinn geti því ekki lotið að skilning á kjarasamningi eða gildi hans.

Viðurkenningarkrafa stefnanda í 1. lið feli í raun í sér viðurkenningu á tilteknum launakröfum félagsmanna sinna sem m.a. koma fram í bréfi Esterar frá 22. júní 1999 og að ráðningarsamningur hennar skuli vera með ákveðnu efni. Engin stoð sé fyrir slíkri kröfu. Hafi stefndi þegar efnt skyldur sínar samkvæmt kjarasamningnum.

Ákvörðun stefnda frá 4. júní 1999 hafi verið rétt í framhaldi af úrskurði úrskurðarnefndar, 2. júlí 1998, þegar tekið hafi verið tillit til þeirra ákvarðana sem stefndi tók í framhaldi af aðgerðum félagsmanna stefnanda. Hafi stefndi neytt þar réttar síns sem vinnuveitandi. Í framhaldi af úrskurðinum hafi Ester verið raðað í launaflokk A06, sem fyrr segir með 24 föstum yfirvinnutímum og hafi sú röðun gilt frá 1. desember 1997. Ljóst sé að Ester hafi ekki lækkað í launum við mat stefnda á störfum hennar samkvæmt hinu nýja launakerfi. Stefnanda hljóti að vera ljóst að ástæða þess að Ester hafi verið raðað í A06 hafi verið sú að hún hafi ekki lækkað í launum við gildistöku hins nýja launakerfis. Stefnda hafi ekki verið skylt að verða við auknum launakröfum hennar og sé engri skyldu til að dreifa samkvæmt kjarasamningi, lögum eða úrskurði úrskurðar-

nefndar um að starfi hennar beri að raða í launaramma B, en því mati stefnda hvað starf hennar varðar hafi ekki tekist að hrinda í framkvæmd af ástæðum sem fyrr greinir.

Kröfuliður 2 undir staflið A:

Til stuðnings frávísunarkröfu varðandi þennan lið er vísað til þess sem að framan sé rakið. Umræddur kröfuliður sé með öllu óljós og ómarkviss og lúti ekki að tilteknu ágreiningsefni, né ráði hann tilteknu ágreiningsefni til fullnaðarlykta á einn veg eða annan. Byggir kröfuliðurinn á rangri forsendu um að meinatæknar hafi ekki tekið laun samkvæmt nýjum kjarasamningi frá 1. desember 1997. Félagsmenn stefnanda taki laun samkvæmt kjarasamningi, en svokallaður aðlögunarúrskurður kveði ekki á um annað en nánari forsendur við röðun í launaflokka. Krafa stefnanda samkvæmt þessum tölulið lúti að því að fá viðurkennda almenna túlkun eða mat á réttarstöðu afturvirkt án skýrra tengsla við ákveðið úrlausnarefni og án þess að ágreiningsefnið sé afmarkað á glöggan hátt. Sé kröfugerðin því ekki dómhæf eftir 1. mgr. 25. gr. og 80. gr. laga nr. 91/1991. Vísast m.a. til Félagsdóms 7. apríl 2000 í málinu nr. 2/2000. Fyrir liggi sú staðreynd að félagsmönnum stefnanda hafi almennt verið raðað í launaflokka samkvæmt hinu nýja launakerfi frá 1. desember 1997 miðað við mat stefnda haustið 1998. Krafan sé því ekki fram sett á þann hátt að dómur um hana geti leyst úr ágreiningi.

Kröfuliður 3 undir staflið A:

Umrædd krafa sé ekki studd gögnum eða skýringum og svo almenns eðlis að dómur verði ekki á hana lagður, ýmist valkvæð eða órökstudd. Í engu sé útskýrt hvernig krafa er sögð sé byggð á „ólögmætri háttsemi“ eigi undir Félagsdóm. Byggir hún á rangri forsendu og villu um staðreyndir máls eins og að framan greinir. Þá byggir krafan á þeirri óraunhæfu forsendu að aðrar ódómhæfar kröfur séu réttmætar að mati stefnanda. Krafan vísar ótilgreint til þess að með því að fyrri kröfuliðir stefnanda verði teknir til greina skuli fallast á þessa kröfu. Sé ótilgreint krafist dóms um að brotið hafi verið gegn úrskurði nefndarinnar, kjarasamningi og heilum lagabálki. Blandist málsástæður og lagarök í kröfugerðinni þannig að hún sé engan vegin dómhæf samkvæmt 25. og 80. gr. laga nr. 91/1991.

Það sé rangt að ákvarðanir, er raunar hafi leitt af uppsögnum félagsmanna stefnanda á árinu 1998, hafi falið í sér breytingar á röðun í áföngum. Hér hafi verið um að ræða ákvarðanir sem ekkert hafi

átt skylt við það verkefni stefnda að raða Ester eða öðrum í hið nýja launakerfi og falla því utan gildissviðs kjarasamnings aðila. Hafi stefndi í engu brotið gegn úrskurði úrskurðarnefndar eða kjarasamningi. Engum brotum á vinnusamningi eða lögum nr. 94/1986 sé til að dreifa af hálfu stefnda. Að öðru leyti vísast til annarra málsástæðna stefnda til stuðnings frávísun eða sýknu, enda ekki brot á úrskurði eða kjarasamningi að samþykkja ekki kröfur undir lið 1.

Kröfuliður 4 undir staflið A:

Krafa stefnanda undir þessum lið sé þannig fram sett að málsástæður og lagarök séu gerðar að aðalefni kröfunnar. Sé sú framsetning andstæð meginreglum einkamálaréttarfars, sbr. 25. gr. og 80. gr. laga nr. 91/1991. Sé krafan ódómhæf af sömu ástæðum og vísað sé til um kröfulið 3, enda sé sá kröfuliður gerður að forsendu fyrir þessari kröfu. Útskýringar á því hvernig launaröðun náttúrufræðinga sé í raun vanti að öllu leyti í málatilbúnað stefnanda. Krafan sé þannig vanreifuð og byggir ekki á neinum frambærilegum gögnum eða skýringum, en hún vísi ótilgreint til „(félagsmanna) annarra stéttarfélaga“ . Þá sé það ekki verkefni Félagsdóms að bera saman kjarasamninga einstakra stéttarfélaga eða að leggja mat á framkvæmd þeirra hvors fyrir sig. Sé kröfugerð ekki annað en beiðni um lögfræðilega álitsgerð utan lögsögu Félagsdóms.

Ekki verði séð að slík viðurkenningarkrafa verði gerð fyrir Félagsdómi, sbr. 26. gr. laga nr. 94/1986. Heyri efnisatriði kröfunnar ekki undir lögsögu Félagsdóms. Mál það sem stefnandi hafi höfðað taki til eins starfsmanns stefnda og almennt um félagsmenn. Stefndi hefur aldrei hafnað því að gildistaka ákvarðana hans um röðun Esterar hafi átt að miðast við annað tímamark en 1. desember 1997 miðað við upphafleg áform um röðun í kjölfar úrskurðar úrskurðarnefndar. Aðrar hækkanir um launaflokka sem hún hafi ekki samþykkt og launahækkanir hjá öðrum eigi hins vegar ekki rætur í framkvæmd úrskurðarins eða kjarasamnings, heldur hafi viðbrögð stefnda við uppsögnum og auknum launakröfum verið umfram skyldu samkvæmt kjarasamningi, enda ótvíræður réttur stefnda við þær aðstæður að breyta mati á lágmarkskröfum sem gerðar séu til starfa. Mótmælt er kröfu um viðurkenningu á ólögmætri mismunun á grundvelli félagsaðildar. Er mál það sem vísað sé til í stefnu, þ.e. röðun náttúrufræðinga ekki sambærilegt máli Esterar eða annarra

félagsmanna stefnanda, en í því máli hafi ekki þurft að grípa til sértækra aðgerða vinnuveitanda til þess að mæta uppsögnum starfsmanna. Þá er því mótmælt sem röngu og ósönnuðu að náttúrufræðingar hafi allir fengið seinni launahækkanir frá 1. desember 1997 að telja. Hafi einstaklingsbundnir samningar í þeirra tilviki verið ýmiss konar og með gildistöku eftir atvikum. Ennfremur er einnig mótmælt að ákvæði 74. gr. eða 75. gr. stjórnarskrár styðji kröfur stefnanda eða að brotið hafi verið gegn þeim ákvæðum af hálfu stefnda. Verði ekki séð að það heyri undir Félagsdóm að leysa úr ágreiningi um skýringu stjórnarskrár eða slá því föstu með dómsorði hvort ákvæði stjórnarskrár hafi verið brotin eður ei.

Engri ólögmætri mismunun sé til að dreifa eða ákvörðunum á grundvelli þess hvaða stéttarfélagi starfsmenn stefnda tilheyri. Vísast til þess sem að framan sé rakið um ástæður þess að sérstakar launahækkanir hafi verið gerðar auk þeirra skipana í launaflokka samkvæmt kjarasamningi og úrskurði og giltu frá 1. desember 1997.

Um fjár- og refsikröfur stefnanda (kröfuliðir B):

1. Févítis- og sektarkröfur.

Stefndi krefst þess að kröfu um févíti eða sektir verði vísað frá félagsdómi, enda engin heimild fyrir þessum kröfum og séu þær ekki rökstuddar af hálfu stefnanda.

Lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, veiti enga heimild til þess að dæma févíti. Verði slíkri kröfu ekki fundinn grundvöllur í 1. málslið 1. mgr. 13. gr. laganna. Í öðru lagi hafi stefnandi ekki sýnt fram á að slíkar kröfur falli undir valdsvið Félagsdóms, sbr. 26. gr. laga nr. 94/1986.

Að því er snertir sektarkröfur stefnanda sé hún einnig órökstudd. Skortir þar að sýnt hafi verið fram á saknæma háttsemi. Auk þess sé ekki rökstutt hvernig Félagsdómur geti fjallað um kröfuna, sbr. 26. gr. laga nr. 94/1986.

Um kröfur þessar vísar stefnandi til þess sem hann telur eðlilegt, en það sé ekki réttarheimild. Þá vísar hann til málshöfðunarreglna 242. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna ærumeiðinga og brota gegn friðhelgi einkalífs í XXV. kafla laganna annars vegar og í höfundalög hins vegar. Hvorugt þessa, sem virðist eiga að vera heimildir eða rökstuðningur fyrir kröfum, geti átt við. Um févítiskröfu sé enginn nánari rökstuðningur eða á grundvelli hvaða heimilda unnt sé að krefjast hennar. Sé því mótmælt að með orðinu sekt

í 2. mgr. 65. gr. laga nr. 80/1938 sé átt við févíti er renni í sjóð stéttarfélags. Hvergi kemur það fram í ákvæðinu. Taka efnisákvæði laganna frá 1938 að því er varðar brot gegn vinnusamningi ekki til kjarasamnings stefnanda við fjármálaráðherra eða vinnusambands félagsmanna stefnanda við stefnda. Gildi því einungis ákvæði þeirra laga um málsmeðferð dómsins eftir atvikum og kæruheimildir. Engum brotum á lögunum sé til að dreifa af hálfu stefnda, verði byggt á efnisákvæðum þeirra.

Sektarkrafa stefnanda virðist byggjast á því að stefndi, sem ekki sé aðili að kjarasamningi, eigi að greiða gagnaðila stefnanda að kjarasamningi, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs sem ekki sé stefnt fyrir Félagsdómi, sekt vegna brota á lögum nr. 94/1986. Ráðagerð um svo fjarstæðukennda yfirfærslu í máli fyrir Félagsdómi sé með öllu óraunhæf og án heimildar.

2. Skaðabótakrafa:

Stefndi krefst frávísunar á skaðabótakröfu. Á hvaða grundvelli 26. gr. laga nr. 94/1986 Félagsdómur eigi að taka kröfuna til efnismeðferðar sé í engu rökstutt í stefnu, en því haldið fram að vegna afstöðu stefnda og háttsemi hafi Ester og aðrir meinatæknar orðið fyrir fjártjóni og miska. Engin gögn séu til stuðnings þessum málatilbúnaði og óraunhæft að 100.000 kr. ósundurgreint, eigi að jafna fjártjón og miska vegna þess að „Ester eins og aðrir meinatæknar í starfi hjá stefnda, félagsmenn stefnanda, orðið af réttmætum launahækkunum." Sé óljóst hvort krafan sé sett fram vegna Esterar eða hvort hún eigi að taka við bótum fyrir sig og annarra hönd. Engri heimild í lögum nr. 94/1986 um að stéttarfélag geti fyrir hönd félagsmanns krafist skaðabóta fyrir Félagsdómi þeim til handa. Hvorki 13. gr. laganna né lögsaga dómsins taki til slíkra krafna. Þá er því mótmælt að skaðabætur verði sóttar á grundvelli 65. gr. laga nr. 80/1938 í máli þessu.

Rökstuðningur stefnanda gegn frávísunarkröfu.

Af hálfu stefnanda er þess krafist að hafnað verði frávísunarkröfu stefnda í heild, en til vara að einungis verði vísað frá dómi þeim kröfuliðum, sem ekki verði dæmt um. Málsástæður hans voru reifaðar og rökstuddar við munnlegan málflutning. Því er mótmælt að málið fjalli um röðun í launaflokk eða yfirvinnu. Raðað sé eftir aðlögunarúrskurði eftir að hann hafi orðið hluti kjarasamnings. Viðurkenningarkröfur varði ágreining um skilning á kjarasamningi. Málið

varði vinnumarkaðsrétt sem Félagsdómur fjalli um og ekki beri ávallt að beita þröngri lögskýringu um lögsögu Félagsdóms. Byggt sé á 3. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986, þótt það sé ekki tekið sérstaklega fram í stefnu. Fjár- og refsikröfur tengist allar vinnuréttarkröfum og lögsaga Félagsdóms sé augljós. Stefndi sé réttur aðili máls, þar sem honum hafi verið falið að annast framkvæmd kjarasamnings samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986.

Niðurstaða.

Með kjarasamningi fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og St. Franciskuspítala og Reykjalundar annars vegar og stefnanda hins vegar, sem undirritaður var 5. júlí 1997, var framlengdur gildandi kjarasamningur aðila til 31. október 2000. Með þeim samningi hafði verið ákveðið að taka upp nýtt launakerfi. Í fylgiskjali 1 með kjarasamningi aðila er gerð grein fyrir því með hvaða hætti yfirfærsla í nýtt launakerfi skyldi verða. Sérstök nefnd, aðlögunarnefnd, skyldi koma sér saman um þær forsendur sem lagðar yrðu til grundvallar við röðun eða tilfærslu starfa innan launaramma eða milli launaramma í hinu nýja launakerfi. Gert var ráð fyrir því að aðlögunarnefnd hefði lokið störfum eigi síðar en 31. október 1997. Hafi aðlögunarnefnd ekki náð samkomulagi innan þess tíma skyldi ágreiningi vísað til úrskurðarnefndar. Ekki tókst að ná samkomulagi í aðlögunarnefnd þannig að úrskurðarnefndin kvað upp úrskurð hinn 2. júlí 1998. Í úrskurðinum er tekið fram að hann sé hluti af kjarasamningi aðila. Viðurkenningarkröfur stefnanda í málinu varða röðun starfa í launaramma samkvæmt þeim úrskurði.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna fer fjármálaráðherra með fyrirsvar ríkissjóðs við gerð og framkvæmd kjarasamninga samkvæmt þeim lögum. Aðild stefnanda og fyrirsvar í máli þessu styðst við 4. mgr. 27. gr., sbr. 4. gr. laganna. Í 26. gr. laganna er tilgreint í hvaða málum milli samningsaðila Félagsdómur á lögsögu. Í stefnu er þess ekki getið á hvaða lagagrundvelli málið er lagt fyrir Félagsdóm og fjármálaráðherra hefur ekki verið stefnt til aðildar í málinu fyrir hönd ríkissjóðs ásamt stefnda, eins og rétt hefði verið.

Viðurkenningarkröfur stefnanda eru settar fram undir staflið A í stefnu. Samkvæmt kröfulið 1 a) er aðallega gerð krafa um að starfi Esterar Hafsteinsdóttur deildarmeinatæknis „skuli frá og með 1.

desember 1997 raðað samkvæmt aðlögunarúrskurði frá 2. júlí 1998 í launaramma B, eigi neðar en B9 þrátt fyrir fastar mánaðargreiðslur sem nemi 9 yfirvinnustundum án vinnuframlags“, og samkvæmt kröfulið 1 b) er til vara gerð krafa um „að starfi Esterar skuli frá og með l. desember 1997 raðað samkvæmt aðlögunarúrskurði frá 2. júlí 1998 í launaramma B þrátt fyrir fastar mánaðarlegar greiðslur sem nemi 24 yfirvinnustundum án vinnuframlags“. Þessi kröfugerð stefnanda felur í sér kröfu um að Félagsdómur ákveði röðun einstaklings í launaflokk og ákvarði einnig laun hans fyrir fasta mánaðarlega yfirvinnu án vinnuframlags. Samkvæmt kröfulið 2 er sett fram almenn krafa um röðun meinatækna í starfi hjá stefnda á grundvelli úrskurðarins. Úrlausn um þessar dómkröfur stefnanda á ekki undir Félagsdóm á grundvelli 26. gr. laga 94/1986 og eru þær auk þess ekki í samræmi við d-lið 80. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Dómkröfur samkvæmt kröfulið 3 og 4 undir staflið A um ólögmæta háttsemi og ólögmæta mismunun fela í sér beiðni um lögfræðilega álitsgerð og eru ódómhæfar samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Af þessu leiðir að ekki er tilefni til að fjalla sérstaklega um févítis-, sektar- og skaðabótakröfur stefnanda samkvæmt B lið í stefnu, sem auk þess eru vanreifaðar.

Framangreindir annmarkar á kröfugerð og málatilbúnaði stefnanda leiða til þess að vísa ber máli þessu frá Félagsdómi.

Stefnandi greiði stefnda 150.000 kr. í málskostnað.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Stefnandi, Meinatæknafélag Íslands, greiði stefnda, Landspítala, háskólasjúkrahúsi, 150.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 8. júní 2000.

Nr. 6/2000. **Samtök atvinnulífsins vegna**
Ísfélags Vestmannaeyja
(Kristján Þorbergsson hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands vegna
Verkamannasambands Íslands fyrir hönd
Einingar-Iðju
(Björn L. Bergsson hrl.)

Löndunarbann. Frávísun að hluta.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 26. maí sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Erla Jónsdóttir, Gunnar Sæmundsson og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er Samtök atvinnulífsins, kt. 680699-2919, Garðastræti 41, Reykjavík, vegna Ísfélags Vestmannaeyja hf., kt. 660169-1219, Strandvegi 28, Vestmannaeyjum.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16, Reykjavík vegna Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219, Skipholti 50c, Reykjavík, fyrir hönd Einingar-Iðju, kt. 570599-2599, Skipagötu 14, Akureyri.

Dómkröfur stefnanda:

Þess er krafist að viðurkennt verði með dómi, að í banni því sem Eining-Iðja hefur beint til félagsmanna sinna um að þeir hvorki landi né vinni afla úr 28 tilgreindum loðnu-, síldar- og kolmunnaveiðiskipum og tilkynnt var Ísfélagi Vestmannaeyja hf. með bréfi dags. 16. maí 2000 felist brot á ákvæðum kjarasamnings félagsins frá 24. mars 1997 og það sé því ólögmætt.

Þá er þess krafist að viðurkennt verði með dómi, að löndun og vinnsla afla í fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja hf. á Akureyri, úr þeim 28 skipum sem tilgreind eru í áðurnefndu bréfi Einingar-Iðju dags. 16. maí 2000 feli hvorki í sér brot gegn löglega hafinni vinnustöðvun Verkalýðsfélagsins Vöku á Siglufirði, Verkalýðsfélags Raufarhafnar, Verkalýðs- og sjómannafélags Vopnafjarðar og Skeggjastaðahrepps, Verkalýðsfélagsins Fram á Seyðisfirði,

Verkalýðsfélags Norðfirðinga, Verkamannafélagsins Árvakurs á Eskifirði og Vökuls stéttarfélags á Hornafirði, né 18. gr. laga nr. 80/1938 þrátt fyrir yfirstandandi verkfall þessara félaga.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda:

Krafist er sýknu af öllum kröfum stefnanda. Jafnframt er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Málavextir.

Málavextir eru þeir að á miðnætti aðfaranótt þriðjudagsins 16. maí sl. hófst verkfall verkamanna í fiskimjölsverksmiðjum á félagssvæði eftirtalinna sjö stéttarfélaga: Verkalýðsfélagsins Vöku á Siglufirði, Verkalýðsfélags Raufarhafnar, Verkalýðs- og sjómannafélags Vopnafjarðar og Skeggjastaðahrepps, Verkalýðsfélagsins Fram á Seyðisfirði, Verkalýðsfélags Norðfirðinga, Verkamannafélagsins Árvakurs á Eskifirði og Vökuls stéttarfélags á Hornafirði. Öll eru þessi félög á Austfjörðum, utan Vöku.

Á upphafsdegi verkfalls beindi samninganefnd Alþýðusambands Austurlands eftirgreindri orðsendingu til eftirtalinna verkalýðsfélaga:

Verkalýðsfélags Akraness, Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur, Einingar–Iðju Akureyri, Verkalýðsfélags Þórshafnar, Verkalýðs- og sjómannafélags Fáskrúðsfjarðar, Verkalýðsfélags Vestmannaeyja, Verkalýðsfélagsins Boðans í Þorlákshöfn, Verkalýðsfélags Grindavíkur, Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis, Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og Eflingar stéttarfélags Reykjavík:

„Verkfall hófst á miðnætti hjá starfsmönnum í fiskimjölsverksmiðjum hjá eftirtöldum verkalýðsfélögum: Verkalýðsfélaginu Vöku á Siglufirði, Verkalýðsfélagi Raufarhafnar, Verkalýðs- og sjómannafélagi Vopnafjarðar og Skeggjastaðahrepps, Verkamannafélaginu Fram á Seyðisfirði, Verkalýðsfélagi Norðfirðinga, Verkamannafélaginu Árvakri á Eskifirði og Vökli stéttarfélagi. Tvær samninganefndir stýra þessum félögum, þ.e. SR-hópnum og ASA-hópnum.

Það eru vinsamleg tilmæli samninganefndanna að þau verkalýðsfélög sem hafa hafnarverkamenn innan sinna raða sem starfa við löndun úr loðnu- síldar- eða kolmunnaveiðiskipum, fari þess á leit við þá að þeir landi ekki úr eftirgreindum skipum, sem landa að

jafnaði hjá þeim fiskimjölsverksmiðjum, sem verkfallið beinist gegn“

Upphaflega voru tilgreind 28 skip á þessum lista en vegna framkominna athugasemda varðandi einstök skip var þeim fækkað í 17. Þau skip sem hér um ræðir eru þessi:

Sunnuberg NS-70, Börkur NK-122, Beitir NK-123, Hólmaborg SU-11, Jón Kjartansson SU-111, Guðrún Þorkelsdóttur SU-211, Jóna Eðvalds SF-20, Húnaröst SF-550, Þórshamar GK-75, Sveinn Benediktsson SU-77, Ísleifur VE-63, Guðmundur Ólafur ÓF-91, Hákon ÞH-250, Gullberg VE-292, Grindvíkingur GK-606, Björg Jónsdóttir ÞH-321 og Þórður Jónasson EA-350.

Með bréfi stéttarfélagsins Einingar-Iðju, dags. 16. maí 2000, til Ísfélags Vestmannaeyja hf., sem rekur Krossanesverksmiðjuna á Akureyri, var tilkynnt sú ákvörðun stéttarfélagsins að banna félagsmönnum sínum að landa og vinna afla úr skipum þessum. Í bréfinu er ákvörðunin sögð byggð á 18. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, þar sem segir að óheimilt sé að ganga inn í störf þeirra sem í verkfalli eru.

Með bréfi, dags. 17. maí sl., til Einingar-Iðju mótmæltu Samtök atvinnulífsins banni þessu sem ólögmætu og skoruðu á stjórn félagsins að draga það til baka. Því bréfi var svarað samdægurs af hálfu félagsins, þar sem sjónarmiðum Samtaka atvinnulífsins var vísað á bug.

Stefnandi kveður nauðsynlegt að fá skorið úr um lögmæti banns þessa.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Af hálfu stefnanda er tekið fram að um störfin í Krossanesverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja gildi sérkjarasamningur sem síðast hafi verið undirritaður 24. mars 1997. Gildissviði hans sé lýst í upphafsákvæðum þar sem fram komi að hann gildi um störf verkamanna í fiskimjölsverksmiðjum Krossaness hf. á Akureyri og Ólafsfirði. Auk hans gildi hinn almenni kjarasamningur aðildarfélaga Verkamannasambands Íslands um störfin. Með samruna Krossaness hf. og Ísfélags Vestmannaeyja hf. sem miðist við 1. september 1999, hafi síðarnefnda félagið yfirtekið réttaraðild fyrrnefnda félagsins.

Stefnandi tjáir málið höfðað á grundvelli 1. og 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 8. gr. sömu laga, og segist byggja kröfur sínar á málsástæðum og lagarökum sem hann lýsir svo:

Samkvæmt reglum vinnumarkaðsréttar sé það meginskylda starfsmanna að inna af hendi þau störf sem þeir séu ráðnir til og skila starfi sínu með tilhlýðilegum hætti. Þá sé hlýðni starfsmanna við lögleg fyrirmæli vinnuveitanda ein af meginskyldum þeirra. Framangreindu fái ekki samrýmst það hátterni forystu Einingar-Iðju að banna félagsmönnum að inna af hendi hluta þeirra starfa sem þeir samkvæmt ráðningarsamningi séu skuldbundnir til að vinna í fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja hf. á Akureyri, en þar starfi félagsmenn í Einingu-Iðju og samið sé um störf þeirra í kjarasamningum hlutaðeigandi félags við vinnuveitendur. Fyrirmæli forystu félagsins til félagsmanna um að bregðast hlýðniskyldu sinni við vinnuveitanda og neita að landa og vinna afla tiltekinna skipa feli í sér samningsrof, sem stéttarfélagið beri ábyrgð á skv. 8. gr. laga nr. 80/1938 og séu brot á friðarskyldunni.

Friðarskyldan grundvallist á því meginsjónarmiði að samninga beri að halda. Kjarasamningar séu gagnkvæmir samningar sem þjóðhagslega sé brýnt að séu haldnir það tímabil sem þeim er ætlað að gilda. En gildissvið friðarskyldureglunnar sé jafnvel enn víðtækara. Sú venjuhelgaða regla gildi um kjarasamninga sem sagt hefur verið upp og séu útrunnir að um réttindi og skyldur samningsaðila fari í öllum meginatriðum eftir gamla samningnum meðan enn sé ósamið og verkfall af hálfu hlutaðeigandi félags ekki skollið á. Það eitt að kjarasamningur renni út upphefji ekki friðarskylduna og skapi stéttarfélögum ekki þann íhlutunarrétt í ráðningarsambönd einstakra félagsmanna við vinnuveitanda, sem stefndi í máli þessu hafi tekið sér og verði ekki talið annað en kjarasamningsbrot og brot á friðarskyldunni.

Íhlutunin sem felist í banni Einingar-Iðju sé að mati stefnanda brot sem slík og það eigi ekki að hafa sérstaka þýðingu um úrlausn ágreiningsins í málinu þótt á bann félagsins til félagsmanna hafi ekki reynt við höfðun máls þessa.

Stefnandi vill sérstaklega benda á, að sérkjarasamningi aðila frá 24. mars 1997 fylgi sérstök yfirlýsing þar sem friðarskyldan sem sé forsenda samningsins sé áréttuð.

Þá er því eindregið mótmælt, að ákvæði 18. gr. laga nr. 80/1938 geti talist heimild fyrir hinu umstefnda banni stéttarfélagins til félagsmanna sinna. Þá sé fiskimjölsverksmiðja Ísfélags Vestmannaeyja hf. á Akureyri utan félagssvæða allra þeirra stéttarfélaga sem

hafið hafi vinnustöðvun og vinnustöðvun verði ekki komið við á Akureyri án þeirra formskilyrða sem lög setji slíkum ákvörðunum. Vinna í verksmiðjunni geti því ekki með neinu móti talist verkfallsbrot né brot á 18. gr. laga nr. 80/1938. Þá er því einnig mótmælt sem röngu að öll þau 17 skip sem stéttarfélagið hefur sett á bannlista sinn, landi að jafnaði hjá þeim fiskimjölsverksmiðjum sem verkfallið á Austfjörðum og Siglufirði beinist gegn. Skip sigli milli hafna og mörg landi á ýmsum stöðum svo sem alkunna sé.

Loks áréttar stefnandi að réttarreglur um samúðarvinnustöðvanir geti ekki talist heimild banns Einingar-Iðju til félagsmanna um að þeir vinni tiltekin störf, enda hvorki tekin um það ákvörðun samkvæmt þeim reglum sem um slíkar vinnustöðvanir gilda, né það tilkynnt með boðnum hætti. Sé lögum fylgt, verði heldur engar vinnustöðvanir án undangenginnar almennrar atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna.

Stefnandi vísar einkum til kjarasamnings þess milli aðila sem undirritaður var þann 24. mars 1997 og bréfs stéttarfélagsins til Ísfélags Vestmannaeyja hf., dags. 16. maí 2000.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Kröfu sína um sýknu styður stefndi eftirfarandi rökum:

Í fyrsta lagi er krafist sýknu vegna aðildarskorts stefnanda og í öðru lagi af því að boðað bann stefnda sé fullkomlega lögmætt.

1. Aðild stefnanda:

Boðað bann stefnda við að landað verði úr 17 skipum, sem landað hafa hjá atvinnurekendum þeim sem standa í kjaradeilu við verkalýðsfélögin sjö, beinist ekki að stefnanda, þ.e. Ísfélagi Vestmannaeyja hf.

Skýrt komi fram í bréfum stefnda að bannið beinist að útgerðum tilgreindra skipa. Með því að landa á Akureyri væru útgerðir þeirra að reyna að stuðla að því, í andstöðu við 18. gr. laga nr. 80/1938, að afstýra vinnustöðvuninni. Útgerðir þessara skipa væru að leita fulltingis félagsmanna stéttarfélags sem sé innan sama sambands og þau félög sem standa að verkfallinu til að koma sér undan áhrifum þess. Slíkt sé óheimilt samkvæmt nefndu lagaákvæði.

Stefnandi, Ísfélag Vestmannaeyja hf., sé ekki á meðal þeirra fyrirtækja sem verkfallið beinist gegn né heldur beinist aðgerðir stefnda að því. Bannið beinist gegn útgerð skipanna en stefnandi, Ísfélag Vestmannaeyja hf., geri ekkert þeirra út. Ekki standi til á þessu stigi

af hálfu stefnda að veita þeim stéttarfélögum sem standa að verkfallinu lið með samúðarvinnustöðvun, sem heimil sé með gagnályktun frá 3. mgr. 17. gr. laga nr. 80/1938, og lama starfsemi stefnanda, Ísfélags Vestmannaeyja hf. Slík aðgerð væri enda bæði miklu víðtækari en bann það sem stefndi hafi lagt við því að gengið verði í störf verkfallsmanna og einnig eðlisólík því að stefndi hlýti ákvæðum vinnulöggjafarinnar og komi í veg fyrir að löglega boðað verkfall sé brotið á bak aftur með tilstyrk félagsmanna hans. Sérstaklega er áréttað, einkum vegna missagna stefnanda í stefnu, að bann stefnda við að gengið sé í störf verkfallsmanna byggir ekki á réttarreglum um samúðarvinnustöðvanir enda sé það í eðli sínu ekki vinnustöðvun í skilningi laga nr. 80/1938. Bann stefnda sé bann við því að einstakir félagsmenn stefnda aðstoði við að afstýra löglega hafinni vinnustöðvun í andstöðu við 18. gr. laga nr. 80/1938.

Það að Ísfélagi Vestmannaeyja hf. hafi verið sent bréf fól ekki í sér aðgerðir gegn fyrirtækinu. Bréf stefnda fól einvörðungu í sér tilkynningu í þeim tilgangi að tryggja grandsemi fyrirtækisins um hvað í vændum væri til að firra fyrirtækið óþægindum þar sem löndun gæti ekki átt sér stað þar sem hún færi í bága við verkfall. Það er sérstaklega áréttað að stefnda mun að sjálfsögðu ekki amast á neinn hátt við venjubundinni vinnslu og hráefnisöflun hjá Ísfélagi Vestmannaeyja hf. Félaginu sé að sjálfsögðu frjálst að semja um kaup á afla af hverju því skipi sem ekki sé á flótta undan verkfalli.

Skortir þannig í raun á að stefnandi, Ísfélag Vestmannaeyja hf., geti átt aðild að máli þessu, sbr. 16. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938. Réttur aðili að kröfum þeim sem uppi séu hafðar væru útgerðir einstakra fiskiskipa sem nafngreind séu í bréfi samninganefnda verkalýðsfélaganna sjö. Stefnandi, Ísfélag Vestmannaeyja hf., geti á hinn bóginn ekki haft lögvarða hagsmuni af ólögmætu athæfi annarra aðila, þ.e. útgerða þeirra skipa sem landa myndu á Austfjörðum, Raufarhöfn eða Siglufirði ef verkfall væri ekki yfirstandandi þar.

Með vísan til ofanritaðs er því þannig eindregið mótmælt sem röngu að með banni stefnda sé brotið gegn hlýðniskyldu, friðarskyldu og að það feli í sér samningsrof gagnvart stefnanda, Ísfélagi Vestmannaeyja hf. Stefndi sé sammála stefnanda um mikilvægi tilgreindra skyldna en mótmælir því harðlega að þær skyldur feli í sér skyldu til lögbrota. Stefnandi sé grandsamur um yfirstandandi verk-

fall og sé fullkunnugt um það að hvaða verkefnum verkfallið beinist. Verkfallið eigi ekki að leiða til aukinna verkefna fyrir stefnanda og það feli ekki í sér brot gagnvart honum að stefndi komi í veg fyrir ólögmæta tilfærslu verkefna til hans.

2. Lögmæti aðgerða:

Í 14. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur sé lögfest heimild til handa stéttarfélögum, félögum atvinnurekenda og einstökum atvinnurekendum að gera verkföll og verkbönn í þeim tilgangi, að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum. Þeim sem vinnustöðvun beinist gegn sé óheimilt að brjóta gegn henni, sbr. 18. gr. laga nr. 80/1938. Þeim sé óheimilt að stuðla að því að afstýra henni með aðstoð einstakra meðlima þeirra félaga eða sambanda, sem að vinnustöðvuninni standa. Með því að ætla félagsmönnum í Verkalýðsfélaginu Einingu-Iðju í Eyjafirði að ganga í störf félagsmanna Stéttarfélagsins Vökuls, Verkamannafélagsins Árvakurs, Verkalýðsfélags Norðfirðinga, Verkalýðsfélagsins Fram, Verkalýðs- og sjómannafélags Vopnafjarðar og Skeggjastaðarhrepps, Verkalýðsfélags Raufarhafnar og Verkalýðsfélagsins Vöku hyggist stefnandi, Samtök atvinnulífsins, brjóta gegn fortakslausu banni 18. gr. laga nr. 80/1938. Öll þessi stéttarfélög eigi aðild að Alþýðusambandi Íslands sem standi að vinnustöðvuninni í þessum skilningi, sbr. 4. gr. laga Alþýðusambands Íslands og 13. gr. laga nr. 80/1938.

Löng venja sé fyrir því að þeim aðila sem standi að lögmætum verkfallsaðgerðum sé heimilt að verja aðgerðir sínar gegn því að gagnaðilinn brjóti þær á bak aftur með ólögmætum hætti. Stéttarfélögum sé heimilt að tryggja að starfseminni sem verkfall beinist gegn sé hætt. Málsókn þessi beri vitni um að atvinnurekendur ætli að brjóta gegn löglega boðuðu verkfalli verkalýðsfélaganna með því að reyna að fá aðra til þeirra verka sem verkfallsmenn sinna að jafnaði. Þetta virðist þannig vera ætlan útgerða þeirra 17 tilgreindu skipa en engin þeirra hafi fært fram rök fyrir því að verkfallið eigi ekki að hafa áhrif á landanir skipanna. Feli ráðagerðir útgerðanna þannig nákvæmlega það sama í sér eins og ef þær myndu t.d. fá félagsmenn í Verkalýðsfélaginu Vöku á Siglufirði til annast um löndun á Siglufirði, í trássi við verkfallið.

Slíkt sé brýnt brot gegn rétti þeirra sem séu í verkfalli. Í þessu sambandi myndi engu breyta þó svo að skipin væru stödd utan Austfjarða- og Raufar- og Siglufjarðarhafna. Kjarni málsins sé að

þar væru þau ekki stödd ef ekki stæði yfir verkfall í löndunarhöfn þeirra. Með bréfum samninganefnda þeirra stéttarfélaga, sem standa að verkfallinu, hafi öllum misskilningi verði eytt, hafi hann verið til staðar. Útgerðir skipanna séu þannig grandsamar um að þær væru að komast hjá áhrifum verkfallsins með því að flytja verkefni verkfallsmanna annað.

Kjarni vinnustöðvunar sé að tiltekin starfsemi sé stöðvuð í þeim tilgangi að knýja á um kröfur í vinnudeilu. Mjög algengt sé, ef ekki sé um allsherjarverkfall að ræða, að vinnustöðvunin hafi áhrif á aðra starfsemi sem þannig lamast þrátt fyrir að starfsmenn séu ekki í verkfalli eða verkbanni. Skapi sú staðreynd að skipverjar skipanna séu ekki í verkfalli, útgerðum þeirra engan rétt. Sú staðreynd skapi stefnanda, Ísfélagi Vestmannaeyja hf., heldur engan sjálfstæðan rétt.

Það sé eitt megineinkenni verkfalls að það eigi ekki að leiða til aukinna verkefna hjá aðilum sem standa utan við það og sinna vinnu af sama tagi og verkfallið beinist að. Væri slíkt heimilt myndi verkfall, sem er lögmætt þvingunarúrræði skv. 14. gr. laga nr. 80/1938, missa marks og hætta jafnframt skapast á að kjaradeila dragist óhóflega á langinn, í andstöðu við tilgang II. og III. kafla laga nr. 80/1938.

Kjarni þessa máls sé að stefndi, Verkalýðsfélagið Eining-Iðja, hafi einvörðungu beitt sér innan leyfilegra marka 18. gr. laga nr. 80/1938 og hafi hvergi farið offari. Slíkt sé fullkomlega heimilt og geti aldrei leitt til bótaskyldu. Bann stefnda nái enda einvörðungu til þess að ganga í störf verkfallsmanna.

Með vísan til ofanritaðs alls sé ótvírætt að stefndi hafi fulla heimild til og sé raunar skylt að verja rétt hinna sjö stéttarfélaga til að vera í verkfalli í þeim tilgangi að knýja á um kjarakröfur sínar í deilu við atvinnurekendur á viðkomandi stöðum og neita að brjóta gegn banni 18. gr. laga nr. 80/1938.

Málsvörn stefnda styðst við reglur vinnuréttar um verkföll, sbr. lög nr. 80/1938.

Þá vísast til 130. gr. laga nr. 91/1991 til stuðnings kröfu um málskostnað en um álag vegna virðisaukaskatts vísast til laga nr. 50/1987; stefndi sé ekki virðisaukaskattskyldur og beri því nauðsyn til að fá dæmt álag sem skatti þessum nemur úr hendi stefnanda.

Niðurstaða.

Í máli þessu er deilt um það hvort í banni því, sem hið stefnda stéttarfélag lagði fyrir félagsmenn sína við því að landa og vinna afla úr tilgreindum fiskiskipum í tilefni af umræddu verkfalli greindra sjö verkalýðsfélaga hjá fiskimjölsverksmiðjum, er stjórn stéttarfélagsins samþykkti á fundi sínum 16. maí sl., og tilkynnti stefnanda með bréfi dagsettu sama dag, felist brot á kjarasamningi aðila frá 24. mars 1997 og friðarskyldu sem af honum leiðir. Er tekist á um það hvort bann þetta sé innan þeirrar heimildar og skyldu sem stéttarfélag hefur til að koma í veg fyrir að félagsmenn þess gangi inn í störf annarra sem eru í verkfalli. Þannig reynir sérstaklega á það hvort umrædd ákvörðun stéttarfélagsins um bann eigi sér stoð í og samrýmist 18. gr. laga nr. 80/1038 um stéttarfélög og vinnudeilur. Grein þessi er svohljóðandi:

„Þegar vinnustöðvun hefur verið löglega hafin er þeim sem hún að einhverju leyti beinist gegn óheimilt að stuðla að því að afstýra henni með aðstoð einstakra meðlima þeirra félaga eða sambanda sem að vinnustöðvuninni standa."

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að umrædd fyrirmæli stjórnar hins stefnda stéttarfélags feli í sér samningsrof sem stéttarfélagið beri ábyrgð á samkvæmt 8. gr. laga nr. 80/1938, enda geti ákvæði 18. gr. laganna á engan hátt réttlætt þessa ákvörðun. Því er sérstaklega mótmælt sem röngu og ósönnuðu að öll umrædd 17 fiskiskip landi að jafnaði hjá þeim fiskimjölsverksmiðjum, sem verkfallið beinist gegn, og að fyrir sé að fara samningsskyldum til að landa þar en ekki annars staðar. Þá er á það bent að tilmæli samninganefndar Alþýðusambands Austurlands til tilgreindra verkalýðsfélaga, þ. á m. stefnda, dags. 16. maí sl., varði löndunarstörf, en þau störf hafi ekki verið lögð niður í verkfallinu. Þá sé sá hængur á ákvörðun stefnda að hún gangi lengra en tilmælin, enda taki ákvörðunin bæði til löndunar og vinnu í verksmiðju stefnanda.

Af hálfu stefnda er sýknukrafan, auk viðbáru um aðildarskort, á því byggð að umrætt bann stéttarfélagsins, er taki einvörðungu til vinnu félagsmanna þess í verksmiðju stefnanda í Krossanesi við löndum og vinnslu bræðslufisks úr umræddum 17 fiskiskipum, feli eingöngu í sér að ekki sé gengið inn í störf verkfallsmanna, og sé þannig fullkomlega í samræmi við 18. gr. laga nr. 80/1938. Leiði raunar beint af lagagrein þessari að svo skuli vera þannig að í raun

hafi hvorki verið þörf á tilmælum verkalýðsfélaganna, sem standa að vinnustöðvuninni, né sérstaks atbeina stefnda. Er til þess vísað að fyrir liggi, sbr. framlögð yfirlit yfir landanir, að í þeim mæli sé landað úr umræddum fiskiskipum hjá þeim fiskimjölsverksmiðjum, sem verkfallið beinist að, að löndun og vinna við aflann annars staðar þýddi að gengið væri inn í störf verkfallsmanna.

Stefndi byggir málsástæðu sína um aðildarskort á því að umrætt bann stefnda beinist ekki að stefnanda heldur útgerðum hinna tilgreindu fiskiskipa, en stefnandi geri ekkert þeirra út. Af þessu tilefni skal tekið fram að stjórn stefnda samþykkti að banna félagsmönnum sínum, þ. á m. þeim sem eru starfsmenn stefnanda, að vinna umrædd störf og tilkynnti stefnanda um þá ákvörðun með bréfi, dags. 16. maí sl. Eins og atvikum er háttað samkvæmt þessu verður að telja að stefnandi hafi lögvarða hagsmuni af því að fá skorið úr um sakarefnið í máli þessu, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938. Verður sýknukrafa stefnda því ekki tekin til greina á þeim grundvelli að fyrir hendi sé aðildarskortur.

Í hinni umdeildu samþykkt stefnda kom fram að stjórnin bannaði félagsmönnum stéttarfélagsins að landa og vinna afla úr loðnu-, síldar- og kolmunnaskipum sem landa „að jafnaði“ hjá þeim fiskimjölsverksmiðjum sem verkfallið beinist gegn, meðan verkfall umræddra sjö verkalýðsfélaga stendur, sbr. bréf stefnda til stefnanda, dags. 16. maí sl. Eru 28 fiskiskip tilgreind í bréfinu í samræmi við tilmæli samninganefndar Alþýðusambands Austurlands, sbr. bréf hennar, dags. sama dag. Síðan gerðist það að skipunum var fækkað úr 28 í 17 eða um 11 skip, sbr. bréf samninganefndarinnar, dags. 24. maí sl., til tilgreindra verkalýðsfélaga, þ. á m. stefnda, vegna athugasemda og ábendinga sem fram höfðu komið. Var þess farið á leit að ekki yrði landað úr hinum tilgreindu 17 fiskiskipum „sem ótvírætt hefðu landað hjá fiskimjölsverksmiðjunum sem verkfallið beinist gegn“. Í svarbréfi samninganefndar Alþýðusambands Austurlands, dags. 24. maí sl., við bréfi lögmanns stefnda, dags. 23. maí sl., kemur fram að skipin á upphaflega listanum „voru valin með hliðsjón af því hvort þau lönduðu hjá þeim verksmiðjum sem verkfallið tekur til auk þess sem sérstaklega var horft til þess hvort þau hefðu landað þar í maí og júní 1999 þegar veiðar stóðu yfir á kolmunna og síld úr norsk-íslenska síldarstofninum“ eins og þar segir. Tekið er fram að tilmælin taki „eingöngu til löndunar á bræðslufiski“. Ennfremur

kemur fram að ráðgerð sé fækkun skipanna á listanum í tilefni af athugasemdum og ábendingum.

Vörn stefnda er einkum byggð á almennum staðhæfingum um það að útgerðir umræddra skipa séu að koma sér undan áhrifum verkfallsins með því að láta skipin landa annars staðar en hjá fiskimjölsverksmiðjunum, sem verkfallið beinist gegn, og flytji þannig verkefni verkfallsmanna annað. Þannig sé brotið gegn löglegu verkfalli með því að reyna að fá aðra til þeirra verka sem verkfallsmenn sinna að jafnaði. Þessu til staðfestingar er vísað til framlagðra gagna um landanir fiskiskipanna, auk þess sem almennt er vísað til eignarhalds og fastra viðskiptasamninga. Hefur stefndi skipt umræddum 17 skipum í tvo flokka. Þar sem í fyrri flokknum eru 11 skip, er samkvæmt gögnum séu með yfir 80% af löndunum á verkfallsstöðunum, og í síðari flokknum 6 skip er hafi fasta samninga og hátt hlutfall í heild og nánast undantekningarlausar landanir á verkfallsstöðunum í maí/júní 1999.

Þrátt fyrir það að framlögð gögn um landanir umræddra 17 fiskiskipa gefi almennt vísbendingu um að þau landi að jafnaði afla sínum á verkfallssvæðunum sýna sömu gögn að það er engan veginn einhlítt. Þá eru, gegn mótmælum stefnanda, ósannaðar staðhæfingar stefnda um fasta viðskiptasamninga og áhrif eignarhalds á skipunum, en takmörkuð grein hefur verið gerð fyrir því hvernig eignarhaldi á þeim er háttað. Samkvæmt því verður að telja að stefndi hafi ekki sýnt fram á að grundvöllur hins umdeilda banns hafi að þessu leyti verið það traustur að á honum yrði byggt.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, verður að fallast á það með stefnanda að hið umdeilda bann stefnda, sem birt var stefnanda með bréfi, dags. 16. maí sl., hafi verið ólögmætt.

Síðari krafa stefnanda felur í sér að viðurkennt verði að löndun og vinnsla afla í fiskimjölsverksmiðju stefnanda úr þeim 17 skipum sem deilan snýst um feli hvorki í sér brot gegn löglega hafinni vinnustöðvun greindra stéttarfélaga né 18. gr. laga nr. 80/1938. Af niðurstöðu um fyrri lið í kröfu stefnanda leiðir ekki sjálfkrafa að síðari liður kröfugerðar hans verði tekinn til greina. Stefnandi hefur hvorki rökstutt þessa kröfu nægilega né lagt fram viðhlítandi gögn henni til stuðnings. Ber því með vísan til e- og g-liða 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, að vísa þessari kröfu sjálfkrafa frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Bann það, sem Eining-Iðja hefur beint til félagsmanna sinna um að þeir hvorki landi né vinni afla úr 17 tilgreindum loðnu-síldar- og kolmunnaveiðiskipum og tilkynnt var Ísfélagi Vestmannaeyja hf. með bréfi dags. 16. maí 2000, er ólögmætt.

Síðari viðurkenningarkröfu stefnanda er vísað sjálfkrafa frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 14. september 2000.

Nr. 7/2000. **Félag íslenskra flugumferðarstjóra**
(Ástráður Haraldsson hrl.)
gegn
ríkissjóði Íslands
(Einar Karl Hallvarðsson hrl.)

Frávísunarkröfu hafnað.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta var tekið til úrskurðar um frávísunarkröfu stefnda að loknum munnlegum málflutningi 11. september sl.

Málið úrskurða Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Ingólfur Friðjónsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Stefnandi er Félag íslenskra flugumferðarstjóra, kt. 560372-0199.

Stefndi er ríkissjóður Íslands, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

Stefnandi gerir þá dómkröfu að viðurkennt verði að félagsmaður stefnanda, Halla B. Reynisdóttir, hafi átt rétt á dagpeningum í samræmi við reglur og ákvarðanir ferðakostnaðarnefndar á hverjum tíma er hún frá 10. október 1998 til og með 29. maí 1999 dvaldi á vegum Flugmálastjórnar Íslands fjarri starfsstöð sinni vegna námskeiðs- og þjálfunarstarfa á Reykjavíkurflugvelli og Keflavíkurflugvelli og að með því að neita að greiða henni slíka dagpeninga hafi verið brotið gegn grein 5.7.1 í kjarasamningi Félags íslenskra flugumferðarstjóra og ríkissjóðs frá 1997.

Þá er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi auk álags sem nemur virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Aðallega að málinu verði vísað frá Félagsdómi og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati Félagsdóms.

Til vara að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati Félagsdóms.

Málavextir.

Málavextir eru þeir að Halla B. Reynisdóttir, kt. 170967-5189, er félagsmaður í Félagi íslenskra flugumferðarstjóra. Um launakjör hennar fer samkvæmt kjarasamningi aðila sem gildir frá 1. desember 1995 og ráðningarsamningi undirrituðum 2. júní 1998. Hún hóf nám í flugumferðarstjórn í ATS-skóla Flugmálastjórnar Íslands í september 1996 og lauk bóklegum hluta grunnnáms og bóklegu námi fyrir flugturninn í Reykjavík í apríl 1997.

Framangreint nám skiptist annars vegar í grunnnám og hins vegar nám til mismunandi starfsréttinda. Þessi starfsréttindi eru í fyrsta lagi þrenns konar starfsréttindi í flugstjórnarmiðstöðinni, þ.e. innanlands sector, suður-austur sector og norður-vestur sector. Í öðru lagi er um aðflugsstjórnarréttindi að ræða og í þriðja lagi turnréttindi. Auk hins eiginlega starfsréttindanáms þarf hlutaðeigandi að fá sérþjálfun tengda hverjum vinnustað, eða svonefnda staðar-rating, sbr. reglugerð nr. 344/1990 um skírteini gefin út af flugmálastjórn með síðari breytingum, sbr. núgildandi reglugerð nr. 419/1999 um sama efni. Aðstæður á hverjum stað ráða því hvaða starfsréttinda og þjálfunar er almennt krafist, en nám til starfsréttinda fer fram í Reykjavík og í Keflavík.

Starfsréttindanám flugumferðarstjóranema er launað. Samkvæmt grein 13.1.2 í kjarasamningi aðila telst maður vera nemandi frá upphafi náms í flugumferðarstjórn þar til hann hefur staðist próf fyrir fyrstu starfsréttindi. Stefndi kveður að nemar í flugumferðarstjórn taki laun samkvæmt kjarasamningi Félags flugmálastarfsmanna ríkisins á námstímanum frá því að grunnnámi lýkur og þar til fyrstu starfsréttindum er náð en eftir það samkvæmt kjarasamningi aðila máls þessa. Þann 24. mars 1997 lagði Halla B. Reynisdóttir fram ósk um að flytjast til starfa í flugturninn á Akureyri en þar var hún og er búsett. Í apríl 1998 hafði hún lokið við og staðist öll tilskilin próf í bóklegri og verklegri flugumferðarstjórn fyrir flugturnsþjónustu í Reykjavík.

Halla var ráðin sem flugumferðarstjóri á Akureyrarflugvelli frá 8. apríl 1998 en ráðningarsamningur undirritaður 2. júní 1998. Áður en ráðningarsamningurinn var gerður voru uppi umræður um þau kjör sem Halla skyldi njóta við aðflugsnám sem var lokaþáttur starfsþjálfunar hennar og sem fram skyldi fara í Reykjavík og Keflavík. Kemur fram í bréfi framkvæmdastjóra flugumferðarþjónustu 1. júní

1998 til Höllu B. Reynisdóttur að gert sé ráð fyrir að hún komi til starfa á Reykjavíkurflugvelli í júlí og starfi þar fram til 1. september. Þann tíma muni hún fá greidda fæðispeninga og eigi möguleika á að gista í íbúð FMS í slökkvistöðinni. Einnig muni hún fá greiddar allt að fjórar ferðir til Akureyrar þann sama tíma. Eftir 1. september muni hún fara í flugturninn á Akureyrarflugvelli þar til nám hennar í aðflutningsstjórn hefst og að loknu starfsréttindanámi muni hún halda til starfa í flugturninum á Akureyri. Tekið er fram í bréfinu að á tímabili starfsréttindanáms verði hvorki greiddir dagpeningar né fæðispeningar.

Stefndi kveður að á grundvelli þess sem fram kemur í bréfinu 2. júní 1998 hafi Flugmálastjórn gert samkomulag við Höllu þessa efnis og í framhaldi þess hafi hún ritað undir ráðningarsamninginn 2. júní 1998. Samkomulagið geymi efni ráðningarsamningsins og sé hluti hans og helgist af því að á þeim tíma sem það var gert hafi Halla ekki uppfyllt skilyrði til ráðningar í starfi á Akureyri. Sérstakt fyrirkomulag skyldi því standa þar til þau skilyrði yrðu uppfyllt. Veturinn 1998 til 1999, meðan Halla stundaði nauðsynlegt nám í Reykjavík og Keflavík í aðflugsstjórn, skyldu henni ekki greiddir dagpeningar. Þetta hafi gengið eftir eins og um var samið. Samkomulagið og ráðningarsamninginn verði að skoða í ljósi ákvæða 13.1.2 um að hún hafi ekki lengur verið nemi þó svo að eiginlegu starfsréttindanámi vegna Akureyrar væri ekki lokið. Hún hafi heldur ekki uppfyllt skilyrði til þess að geta starfað í flugturninum á Akureyri. Þá hafi flugmálastjórn viljað koma til móts við óskir hennar um að vinna á Akureyrarflugvelli. Í ljósi þessa hafi samkomulagið verið háð vissum skilyrðum.

Stefndi kveður Akureyri vera í sérstöðu miðað við aðra vinnustaði flugumferðarstjóra í Keflavík, Reykjavík og Vestmannaeyjum að því leyti að bæði aðflugsstjórnun og stjórnun úr flugturni fari fram þaðan. Aðflugsstjórnarréttindi og turnréttindi flugumferðarstjóra séu hvor sín réttindin og útheimti sitt hvort starfsréttindanámið. Á Akureyri séu fjórar stöður flugumferðarstjóra, en einn á hverri vakt sem verði að hafa full réttindi þar. Áskilið sé að allir hafi bæði réttindi í aðflugsstjórn og turni. Um það leyti sem Halla B. Reynisdóttir hóf fyrsta starfsréttindanám sitt hafi verið ljóst að einn þeirra fjögurra sem á Akureyri starfaði yrði senn að láta af störfum fyrir aldurs sakir og hafi það verið kunngjört innan stofn-

unarinnar. Kveður stefndi að ósk Höllu um að flytjast til starfa í flugturninum á Akureyri hafi verið vel tekið af hálfu yfirstjórnar Flugmálastjórnar, en áskilið hafi verið af hálfu stofnunarinnar og óhjákvæmileg forsenda fyrir því að þessu gæti orðið að hún aflaði sér þeirra starfsréttinda sem nauðsynleg væru til að geta gengið í starf á Akureyri, þ.e.a.s. lyki því námi til turnréttinda sem hafið var, auk þess sem hún yrði að afla starfsréttinda í aðflugsstjórn. Það hafi ekki verið unnt, þar sem hún hafi að auki þurft að hafa starfsréttindi fyrir aðflug og hafa lokið nauðsynlegri þjálfun þar að lútandi. Stefnandi heldur því hins vegar fram að þar sem skortur hafi verið fyrirsjáanlegur á flugumferðarstjórum á Akureyri hafi Halla sótt um starfið fyrir áeggjan forráðamanna flugumferðarþjónustunnar. Þeir hafi hins vegar gert hvað þeir gátu til að tryggja að ekki myndi koma til greiðslna dagpeninga til Höllu meðan á hinu fyrirhugaða starfsnámi stæði. Í þessu skyni hafi þeir beitt hana þrýstingi og sett fram tillögur þess efnis í maí og júní 1998. Hafi þeir áður reynt að fá Höllu til að gera tímabundinn ráðningarsamning þar sem starfsstöðin var ákveðin í Reykjavík en sá samningur hafi aldrei verið undirritaður. Hafi verið afráðið að framtíðarstarf Höllu yrði á Akureyri og þjálfun hennar miðast eftir þetta við það.

Halla lauk tilskildum prófum til að geta starfað í flugturninum á Akureyri í júní 1999 og hélt þá til starfa á Akureyri. Sá starfsmaður sem hún leysti af hólmi lét af störfum í ágústbyrjun það sumar.

Ágreiningur aðila snýst um það hvort ákvæði greinar 5.7.1 í kjarasamningi aðila um greiðslu dagpeninga hafi verið brotið þegar Höllu B. Reynisdóttur var neitað um slíka greiðslu það tímabil er hún var í ofangreindum námskeiðs- og þjálfunarstörfum í starfsréttindanámi í Reykjavík og Keflavík, fjarri starfsstöð sinni.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir á því að kveðið sé á um dagpeninga starfsmanna í 5. kafla kjarasamnings aðila og skuli dagpeningar vegna námskeiða, þjálfunar- og eftirlitsstarfa vera þeir sömu og hjá öðrum starfsmönnum ríkisins, sbr. grein 5.7.1.

Halla B. Reynisdóttir, félagsmaður stefnanda, hafi ekki fengið greidda dagpeninga á tímabili starfsréttindanáms í Reykjavík og Keflavík eins og kjarasamningurinn geri ráð fyrir.

Stefnandi telur að umrædd framkvæmd Flugmálastjórnar feli í sér skýrt brot gegn kjarasamningi aðila. Stefnandi hafi ítrekað krafist

þess að Flugmálastjórn virði kjarasamning aðila. Þá hafi stefnandi borið málið upp á fundum samstarfsnefndar aðilanna en samkvæmt fundargerð fundar samstarfsnefndar Flugmálastjórnar og FÍF sé ljóst að vilji Flugmálastjórnar til lausnar málsins sé enginn. Tilraunir til sátta hafi því reynst árangurslausar og því telur stefnandi málsókn þessa óhjákvæmilega.

Krafa stefnanda byggir á að stefnda beri að sjá til þess að kjarasamningur aðila sé efndur réttilega. Ótvírætt sé að Halla hafi verið send til námskeiðs- og þjálfunarstarfa fjarri starfsstöð sinni og beri því að fá greidda dagpeninga eins og kjarasamningurinn geri ráð fyrir. Telur stefnandi að mál þetta sé mikilvægur prófsteinn á það hvort stéttarfélögum sé unnt að tryggja að kjarasamningar sem þau geri séu haldnir, jafnvel þó að atbeini starfsmannsins sem kjarasamningsbrotið beinist að komi ekki til.

Stefnandi byggir málatilbúnað sinn á kjarasamningi aðila og meginreglum vinnu- og samningaréttar. Þá byggir stefnandi á lögum nr. 80/1938 og 1. gr. laga um starfskjör launafólks nr. 55/1980. Einnig vísar stefnandi til laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, einkum til 24. gr. og 26. gr.

Stefnandi kveður kjarasamning þann sem um er deilt í málinu vera á forræði aðila máls þessa en framkvæmd hans hafi verið af hálfu stefnda falin Flugmálastjórn Íslands með bréfi dagsettu 17. febrúar 1998. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1986 sé stefndi til fyrirsvars í málinu.

Kröfu um málskostnað styður stefnandi við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun við lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Málsástæður og lagarök stefnda vegna frávísunarkröfu.

Stefndi krefst frávísunar vegna vanreifunar og þess að kröfugerð málsins sé óglögg, ódómhæf og ekki fallin til þess að leysa úr réttarágreiningi á einn eða annan veg. Er vísað í því efni til 25. og 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Einnig er vísað til H.1997:433.

Kröfugerð stefnanda ráðgeri að Flugmálastjórn hafi neitað að greiða Höllu B. Reynisdóttur dagpeninga frá 10. október 1998 til 29. maí 1999. Þann 17. nóvember 1998 hafi verið sett fram sú krafa að Höllu yrðu greiddir dagpeningar á grundvelli greinar 5.7.1 í kjarasamningi aðila. Byggir kröfugerðin ekki á réttum staðreyndum með

vísan til samkomulags þess sem í gildi var milli Flugmálastjórnar og Höllu sjálfrar. Engin málsreifun liggi fyrir af hálfu stefnanda um reglur ferðakostnaðarnefndar eða reglur nr. 39/1992 með síðari breytingum og engin grein sé gerð fyrir fjölda ferða, gistinátta eða ferðadaga. Ekki liggi heldur fyrir að hve miklu leyti sá félagsmaður stefnanda sem málið varði hafi þurft að bera kostnað sem dagpeningum sé ætlað að mæta, en engin gögn þar að lútandi hafi verið lögð fram. Alger skortur sé því á reifun málsins með tilliti til atvika og reglna um dagpeninga. Af þessum sökum sé málatilbúnaður stefnanda vanreifaður og kröfugerðin ódómhæf. Engin grein sé gerð fyrir því hvaða dagpeningar hefðu átt að koma til greiðslu, sem stoð ættu í kjarasamningi aðila og mið tækju af ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar og reglum nr. 39/1992. Séu því enn við lýði annmarkar á reifun málsins og kröfugerð sem olli frávísun með úrskurði Félagsdóms 7. apríl síðastliðinn í málinu nr. F-3/2000, enda ekki unnt að fjalla um kröfugerð stefnanda að neinu leyti meðan reifun máls og öflun gagna sé svo ábótavant.

Stefndi byggir einnig kröfu sína um frávísun á því að kröfugerð stefnanda standi utan við gildissvið kjarasamnings aðila og engin rök séu til að fjalla um einstaklingsbundin ráðningarkjör fyrir Félagsdómi, en lögsögu hans beri að skýra þröngt. Viðurkenningarkrafan og sakarefnið þar með varði ráðningarsamning sem Halla B. Reynisdóttir gerði við Flugmálastjórn, henni til hagsbóta. Samkvæmt lögum nr. 94/1986 geti málatilbúnaður stefnanda ekki verið rekinn fyrir Félagsdómi þar eð umboði Höllu B. Reynisdóttur til stefnanda um sókn málsins sé sýnilega ekki til að dreifa. Yfirlýstur tilgangur málsóknarinnar sé að reka mál um réttindi og ráðningarkjör tiltekins starfsmanns án atbeina eða umboðs hans. Verði þannig ráðið af stefnu að umboði Höllu til málsóknarinnar sé ekki til að dreifa. Þetta sé andstætt 26. gr. og 4. og 5. mgr. 27. gr. laga nr. 94/1986. Þar sem málsóknin styðjist ekki við gilt málsóknarumboð að lögum beri að vísa því frá Félagsdómi, enda eigi það við svo búið ekki undir lögsögu dómsins. Verði í þessu efni að virða rétt starfsmannsins til að semja um kjör sín, sbr. 75. gr. stjórnarskrár.

Málskostnaðarkröfu sína styður stefndi við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938.

Rökstuðningur stefnanda gegn frávísunarkröfu.

Af hálfu stefnanda er þess krafist að frávísunarkröfu stefnda verði hafnað. Þá krefst hann einnig málskostnaðar í þessum þætti málsins. Telur hann kröfu sína nægilega ljósa, enda hafi verið bætt úr göllum, sem að var fundið í úrskurði Félagsdóms uppkveðnum 7. apríl sl. Ekki þurfi að sýna fram á fjárhæðir til að geta leyst úr kröfu stefnanda. Málið varði ágreining um skilning á ákvæði kjarasamnings.

Þá mótmælir stefndi einnig þeirri málsástæðu stefnda að umboð Höllu hafi þurft til málsóknarinnar og málið verði því ekki rekið fyrir Félagsdómi á grundvelli 26. gr. laga nr. 94/1986. Kveður stefnandi að málið snúist ekki um Höllu B. Reynisdóttur og ráðningarsamning hennar heldur skilning á ákvæði í kjarasamningi. Það leiði af eðli stéttarfélaga og hlutverki þeirra samkvæmt lögum nr. 80/1938 og lögum nr. 94/1986 að ekki þurfi sérstakt málsóknarumboð einstakra félagsmanna þegar ágreiningur sé um túlkun og skilning á kjarasamningi.

Niðurstaða.

Stefnandi gerir þá dómkröfu „að viðurkennt verði að félagsmaður stefnanda Halla B. Reynisdóttir hafi átt rétt á dagpeningum í samræmi við reglur og ákvarðanir ferðakostnaðarnefndar á hverjum tíma er hún frá 10. október 1998 til og með 29. maí 1999 dvaldi á vegum Flugmálastjórnar Íslands fjarri starfsstöð sinni vegna námskeiðs- og þjálfunarstarfa á Reykjavíkurflugvelli og Keflavíkurflugvelli og að með því að neita að greiða henni slíka dagpeninga hafi verið brotið gegn grein 5.7.1 í kjarasamningi Félags íslenskra flugumferðarstjóra og Ríkissjóðs frá 1997."

Grein 5.7.1 í kjarasamningi aðila er svohljóðandi:

„Dagpeningar vegna námskeiða, þjálfunar- og eftirlitsstarfa skulu vera þeir sömu og hjá öðrum starfsmönnum ríkisins."

Ljóst er samkvæmt gögnum málsins að ágreiningur er með samningsaðilum um skilning á framangreindu kjarasamningsákvæði. Kemur þessi ágreiningur m.a. fram í fundargerð samstarfsnefndar Flugmálastjórnar og Félags íslenskra flugumferðarstjóra frá 31. maí 1999 og bréfum fjármálaráðuneytisins, dags. 6. mars og 1. september 2000, til ríkislögmanns í tilefni af málinu. Liggur því fyrir að samningsaðilar deila um skilning á kjarasamningi og sá ágreiningur á undir lögsögu Félagsdóms samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Þá verður ekki talið að málið sé svo vanreifað að frávísun varði, enda hefur stefnandi bætt úr þeim ágöllum, sem voru á kröfugerð hans í fyrra máli, málinu nr. F-3/2000.

Þá verður að telja að stefnandi uppfylli að öðru leyti lagaskilyrði fyrir málssókninni, þ. á m. um aðild að málinu, sbr. 4. mgr. 27. gr. laga nr. 94/1986, en þar segir: „Stéttarfélög reka mál sín og félagsmanna sinna fyrir Félagsdómi."

Samkvæmt framansögðu er hafnað kröfu stefnda um frávísun málsins.

Rétt þykir að stefndi greiði stefnanda 100.000 kr. í málskostnað í þessum þætti málsins.

Úrskurðarorð:

Kröfu stefnda um frávísun málsins er hafnað.

Stefndi, ríkissjóður Íslands, greiði stefnanda, Félagi íslenskra flugumferðarstjóra, 100.000 kr. í málskostnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 20. september 2000, sem móttekin var 26. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Félagsdóms 14. september sl. þar sem hafnað er frávísunarkröfu sóknaraðila. Kæruheimild er í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. IV. kafla laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Krefst sóknaraðili þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað frá Félagsdómi, auk þess sem honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Félagsdómi og kærumálskostnaður úr hendi varnaraðila. Til vara krefst sóknaraðili þess, að málskostnaður samkvæmt úrskurði Félagsdóms verði felldur niður.

Varnaraðili krefst staðfestingar á úrskurði Félagsdóms og kærumálskostnaðar.

Með úrskurði Félagsdóms 7. apríl sl. var kröfum varnaraðila á hendur ríkissjóði Íslands vísað frá dóminum, þar sem kröfugerðin þótti ekki dómhæf, sbr. d-, e- og f-liði 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938. Í hinum kærða

úrskurði Félagsdóms 14. september sl. kemur fram það álit dómsins, að málið sé ekki svo vanreifað að frávísun varði, enda hafi varnaraðili bætt úr þeim ágöllum sem voru á kröfugerð hans í fyrra málinu. Með hliðsjón af gögnum málsins þykir ekki ástæða til að hrófla við þessu mati Félagsdóms.

Að þessu athuguðu verður úrskurður Félagsdóms staðfestur með vísan til forsendna hans.

Sóknaraðili verður dæmdur til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, íslenska ríkið, greiði varnaraðila, Félagi íslenskra flugumferðarstjóra, 80.000 krónur í kærumálskostnað.

Fimmtudaginn 28. september 2000.

Nr. 9/2000. **Íslenska ríkið**
(Einar Karl Hallvarðsson hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands vegna
Verkamannasambands Íslands f.h.
Verkalýðsfélagsins Bárunnar-Þórs
(Ástráður Haraldsson hrl.)

Verkfall.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta sem dómtekið var 26. september sl. er höfðað með stefnu áritaðri um birtingu 22. september sl.

Málið dæma Kristjana Jónsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Kristján Torfason og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson

Stefnandi er Geir H. Haarde, fjármálaráðherra, kt. 080451-4749, með starfsstöð í Arnarhváli í Reykjavík.

Stefndi er Alþýðusambandi Íslands, Grensásvegi 16a, Reykjavík, kt. 420169-6209, vegna Verkamannasambands Íslands, Skipholti 50c, Reykjavík, kt. 680269-5219, fyrir hönd Verkalýðsfélagsins Bárunnar-Þórs, kt. 460172-2259, Austurvegi 56, Selfossi.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að viðurkennt verði með dómi að boðað verkfall Verkalýðsfélagsins Bárunnar-Þórs hjá þeim félagsmönnum sem starfa á Heilbrigðisstofnuninni, Selfossi, sem boðað var þann 12. september 2000 og hefjast skal á miðnætti aðfaranótt 29. september 2000, sé ólögmætt.
2. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt mati Félagsdóms.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði alfarið sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati Félagsdóms eða samkvæmt málskostnaðaryfirliti lögmanns stefnda.

Hinn 27. september sl. var nýr kjarasamningur milli aðila undirritaður og ofangreindri vinnustöðvun, sem taka átti gildi aðfaranótt 29. september, frestað til miðnættis aðfararnótt 13. október nk. hafi kjarasamningur ekki verið staðfestur í atkvæðagreiðslu sem fram á að fara eigi síðar en 6. október nk.

Málavextir.

Milli stefnanda og Verkalýðsfélagsins Þórs, kt. 460172-2259, var í gildi kjarasamningur, en frá síðustu áramótum sameinaðist það Verkalýðsfélaginu Bárunni á Eyrarbakka undir nafninu Báran-Þór, kt. 460172-2259. Var í gildi kjarasamningur til 31. maí 2000, undirritaður 28. apríl 1997. Gerður var nýr kjarasamningur en á fundi sem haldinn var með starfsfólki Heilbrigðisstofnunarinnar, Selfossi, 20. júlí síðastliðinn var hann felldur. Var í framhaldi af því haldið áfram viðræðum um gerð nýs kjarasamnings.

Með símskeyti, dags. 12. september síðastliðinn, sem barst stefnanda sama dag, var formanni samningsnefndar ríkisins tilkynnt um niðurstöður allsherjaratkvæðagreiðslu sem fram fór deginum áður meðal þeirra félagsmanna Verkalýðsfélagsins Bárunnar-Þórs á Selfossi sem starfa á Heilbrigðisstofnuninni, Selfossi. Kom fram í bréfinu að samþykkt hefði verið að boða til ótímabundins verkfalls þeirra félagsmanna, er hefjast skyldi á miðnætti aðfararnótt 29. september 2000, hafi samningar ekki tekist innan þess tíma. Kom fram hvernig atkvæði hefðu fallið og að verkfallsboðun hefði samkvæmt því verið samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Var staðfest undirritun formanns Verkalýðsfélagsins Bárunnar-Þórs undir símskeytið.

Með bréfi stefnanda til Verkalýðsfélagsins Bárunnar-Þórs, dags. 13. september 2000, var boðuðu verkfalli mótmælt þar sem það væri ólögmætt samkvæmt ákvæðum laga nr. 33/1915 um verkfall opinberra starfsmanna. Var skorað á félagið að afturkalla verkfallsboðun og gera ráðuneytinu grein fyrir afstöðu sinni í síðasta lagi kl. 16:00.

Í svarbréfi formanns Bárunnar-Þórs til stefnanda, er barst daginn eftir, var vísað til lista í auglýsingu nr. 68/1995 um skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og tekið fram að enginn sem verkfallsboðunin næði til væri þar tilgreindur Lýsti formaðurinn yfir að eftir að málið hefði verið rannsakað ítarlega yrði ekki séð að fullyrðingar stefnanda ættu við rök að styðjast og þar sem ekki hefði orðið árangur af viðræðum um gerð nýs kjarasamnings yrði af hálfu félagsins haldið fast við umrædda verkfallsboðun.

Þann 16. þessa mánaðar var ritað undir kjarasamning milli stefnanda og Verkalýðsfélagsins Bárunnar-Þórs með gildistíma frá 1. sept-

ember 2000 til 31. desember 2003, en með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

Þann 19. þessa mánaðar ritaði stefnandi formanni Verkalýðsfélagsins Bárunnar-Þórs bréf þar sem bent var á að um alvarlegan misskilning væri að ræða í bréfi félagsins frá 14. sama mánaðar. Var á það bent að meginregla samkvæmt lögum nr. 33/1915 um verkföll opinberra starfsmanna væri sú að verkföll sem beindust gegn opinberum aðilum væru bönnuð. Frá þeirri meginreglu væri ein undantekning, sú sem greindi í 14. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Var greinin tekin orðrétt upp í bréfi stefnanda og bent á að Verkalýðsfélagið Báran-Þór byggði rétt sinn til kjarasamningsgerðar ekki á lögum nr. 94/1986, heldur á lögum nr. 80/1938, þar sem ekki væri að finna sambærilega undanþágureglu frá lögum nr. 33/1915. Undanþágulistinn í auglýsingu nr. 68/1995 ætti því einungis við um störf þeirra sem sæktu rétt sinn til kjarasamningsgerðar til laga nr. 94/1986. Í greindu bréfi lýsti stefnandi einnig því áliti sínu að með undirritun kjarasamnings aðila 16. september síðastliðinn hefði komist á friðarskylda milli aðila og að því væri brostinn grundvöllur fyrir boðuðu verkfalli, en í því sambandi skipti engu máli þótt kjarasamningnum hefði verið hafnað á fundi félagsmanna.

Stefnandi telur ljóst af bréfi lögmanns Verkalýðsfélagsins Bárunnar-Þórs, dags. 20. þessa mánaðar, að boðuðu verkfalli verði ekki aflýst og verði stefnandi því að líta svo á að félagið muni að óbreyttu hrinda því í framkvæmd. Sé hætt við að starfsemi stofnunarinnar, sem eigi undir lög nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, raskist verulega ef af verkfalli verði. Samkvæmt embættisskyldu kveðst stefnandi því knúinn til að fá banni við verkfalli opinberra starfsmanna, í þessu tilviki, framfylgt fyrir Félagsdómi svo að ekki komi til verkfalls á Heilbrigðisstofnuninni, Selfossi.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi kveðst byggja á eftirfarandi málsástæðum og lagarökum, kröfum sínum til stuðnings.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 80/1938 sé stéttarfélögum heimilt að gera verkföll í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum og til verndar rétti sínum, með þeim skilyrðum og takmörkunum einum sem sett séu í lögum. Meðal þeirra laga er takmarki rétt til verkfalls séu lög nr. 33/1915, svo sem einnig sé áréttað í

48. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. athugasemdir með frumvarpi sem varð að þeim lögum. Hafi löggjafinn áréttað gildi laganna frá 1915, bæði með lögum nr. 94/1986 og lögum nr. 70/1996, svo sem skýrt komi fram í lögskýringargögnum.

Í lögum nr. 33/1915 um verkfall opinberra starfsmanna komi fram sú meginregla að verkföll sem beint sé gegn opinberum aðilum séu bönnuð og þar með ólögmæt, sbr. einkum ákvæði 1. gr. laganna. Séu þarfir spítala meðal þeirra verndarhagsmuna sem greinin taki til.

Samkvæmt 3. tölulið 2. mgr. l. gr. laga nr. 94/1986 taki lögin ekki til starfsmanna stofnana og fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga þegar kaup þeirra og kjör fari eftir kjarasamningum stéttarfélaga þeirra og vinnuveitenda, sbr. lög nr. 80/1938 og lög nr. 19/1979. Ótvírætt sé að stefnandi og Verkalýðsfélagið Báran-Þór hafi gert kjarasamninga á grundvelli laga nr. 80/1938, svo sem skýrlega komi fram í kjarasamningum þeim sem gerðir hafi verið.

Réttur þeirra sem falli undir lögin nr. 94/1986 til verkfalls komi fram í 14. gr. laganna með þeim undantekningum sem greini meðal annars í 19. gr. sömu laga. Þar sem verkfallsheimild þeirra sem greinir í 14. gr. laga nr. 94/1986 sé einungis bundin við þá sem undir lögin falli og með þeim undantekningum, sem meðal annars greini í 19. gr., hafi skrá sú sem birt sé í stjórnartíðindum með auglýsingu nr. 68/1995 enga þýðingu í tilviki félagsmanna Bárunnar-Þórs sem starfi á Heilbrigðisstofnuninni, Selfossi. Þar sem þeir falli ekki undir lög nr. 94/1986 hafi þeir ekki verkfallsrétt og sé óheimilt að taka þátt í eða stofna til verkfalls samkvæmt lögum nr. 33/1915.

Af framansögðu telur stefnandi boðað verkfall Verkalýðsfélagsins Bárunnar-Þórs vegna félagsmanna er starfa á Heilbrigðisstofnuninni, Selfossi vera andstætt lögum nr. 80/1938 þar sem það brjóti í bága við lög nr. 33/1915. Beri af þeim sökum að taka kröfur stefnanda til greina.

Stefnandi byggir einnig á því að með undirritun kjarasamnings aðila 16. september síðastliðinn hafi komist á friðarskylda milli aðila og því sé brostinn grundvöllur fyrir verkfalli því sem boðað hafi verið þann 12. sama mánaðar. Skipti engu máli í því sambandi að kjarasamningnum hafi verið hafnað á fundi félagsmanna. Friðarskylda sé ein af meginreglum vinnumarkaðsréttar og komi víða fram í ákvæðum laga nr. 80/1938. Þegar undirritaður hafi verið

kjarasamningur, þótt hann hafi verið með fyrirvara um samþykki félagsmanna, hafi orðið að fara fram nýjar samningaviðræður eða viðræðutilraunir þannig að uppfyllt væri skilyrði 3. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938, meðal annars um að fullreynt væri að árangur yrði eigi þrátt fyrir milligöngu sáttasemjara. Telur stefnandi það skilyrði verkfallsboðunar ekki komið fram og vísar því til stuðnings einnig til grunnraka 5. gr. nefndra laga. Stefnanda hafi ekki borist formleg tilkynning um að kjarasamningurinn hefði verið felldur fyrr en 20. september, en í tilkynningunni hafi verið óskað eftir viðræðum um nýjan kjarasamning.

Til stuðnings kröfum um málskostnað vísar stefnandi til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Að því er varðar aðild málsins og fyrirsvar kveðst fjármálaráðherra svara fyrir stefnanda í þessu máli þar sem hann hafi gert kjarasamning við Verkalýðsfélagið Báruna-Þór á grundvelli laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. einnig ákvæði 8. og 9. töluliðs I. kafla 5. gr. auglýsingar nr. 96/1969 um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

Til að svara fyrir stefnda í málinu sé Grétari Þorsteinssyni, formanni stefnda stefnt, en Verkalýðsfélagið Báran-Þór kveður stefnandi vera samningsaðila gagnvart sér um kaup og kjör félagsmanna þess er starfa á Heilbrigðisstofnuninni, Selfossi, sbr. 5. gr. laga nr. 80/1938. Þar sem Verkalýðsfélagið Báran-Þór sé aðili að Verkamannasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands sé sambandinu stefnt, sbr. 45. gr. laga nr. 80/1938.

Málsástæður stefnda og lagarök.

Stefndi kveður það rangt vera sem haldið sé fram af stefnanda að á Íslandi sé í gildi almennt bann við verkfalli starfsmanna ríkisins. Hið rétta sé að samkvæmt gildandi lögum sé stéttarfélögum starfsmanna ríkisins almennt heimilt að gera kjarasamninga og verkfall í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna í deilu um kjarasamning eins og það sé orðað í 48. gr. starfsmannalaga. Frá þessari meginreglu séu þröngt afmarkaðar undantekningar sem byggist á sérstaklega brýnni þörf til að halda uppi lágmarks öryggisgæslu, nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu og slíkri lágmarksstarfsemi til að hafa neyðarviðbúnað til að tryggja almannaheill.

Reglukerfið á vinnumarkaði á Íslandi skiptist í mjög grófum

dráttum í tvennt. Annars vegar það kerfi sem gildi um almennan vinnumarkað og hins vegar það kerfi sem gildi um starfsmenn ríkisins. Í báðum kerfum gildi sú meginregla að stéttarfélög hafi verkfallsrétt.

Þegar ríkið komi fram sem annar samningsaðila að kjarasamningi gildi um gerð slíkra samninga lögin nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í einstökum tilvikum geti það gerst að ríkið eigi aðild að kjarasamningi sem gerður sé á almennum vinnumarkaði og sem þá sé byggður á lögum nr. 80/1938. Þetta gerist þá einkum varðandi fyrirtæki sem séu í eigu ríkisins en hafi einkaréttarlega stöðu, t.d. hlutafélag í eigu ríkisins.

Lögin nr. 33/1915 taki einungis til þeirra sem geri kjarasamninga á grundvelli laganna nr. 94/1986 og hinna sem séu undanþegnir ákvæðum þeirra laga, sbr. 1. gr. laganna. Lögin nr. 33/1915 taki ekki og hafi aldrei tekið til þeirra sem heyri undir lögin nr. 80/1938. Þegar ríkið komi fram sem samningsaðili sé því annað hvort og yfirleitt um að ræða samninga gerða á grundvelli laganna nr. 94/1986 eða þá að ríkið taki einkaréttarlega stöðu eins og hver annar atvinnurekandi samkvæmt lögum nr. 80/1938, sbr. 3. tl. 1. gr. laga nr. 94/1986. Lögin um verkfallsbann frá 1915 hafi einungis takmarkaða þýðingu varðandi fyrra tilfellið en komi málum ekki við þegar samningur sé gerður á grundvelli vinnulöggjafarinnar. Þegar ríkið komi fram sem almennur atvinnurekandi samkvæmt lögum nr. 80/1938, sbr. 3. tl. 1. gr. laga nr. 94/1986, hafi aldrei verið umdeilt að þeir starfsmenn sem slíkir kjarasamningar taki til njóti verkfallsréttar.

Í huga stefnda sé ekki vafi á því að lögin nr. 94/1986 sé sá grundvöllur sem gildandi kjarasamningur aðilanna frá 1997 byggi á. Engu breyti í því sambandi þó að lokagrein samningsins vísi til 5. gr. vinnulöggjafarinnar um afgreiðsluhætti. Jafnvel hefði engu breytt þó samningurinn hefði sjálfur tekið fram að hann væri gerður á grundvelli vinnulöggjafarinnar. Lögin í landinu taki af allan vafa um að kjarasamningar sem fjármálaráðherra geri við starfsmenn ríkisins séu gerðir á grundvelli laganna um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þar séu tíundaðar þær reglur sem um gerð slíkra samninga gildi.

Jafnvel þó talið yrði að samningur aðila byggði á vinnulöggjöfinni myndi það engu breyta um þá staðreynd að stefndi hafi verkfallsrétt enda sé sá réttur skýrlega tryggður í vinnulöggjöfinni sjálfri. Fé-

lagsmálasáttmáli Evrópu, 6. gr., verji verkfallsréttinn berum orðum. Alþjóðasamningurinn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi verji óbeint verkfallsréttinn sem og samþykktir Alþjóða vinnumálastofnunarinnar nr. 87 og 98. Í stjórnarskránni sé verkfallsrétturinn óbeint varinn af ákvæði 74. gr. um félagafrelsi og þá sérstaklega með vísun hennar til frjálsrar starfsemi stéttarfélaga. Lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna lögfesti meginregluna um verkfallsrétt í 14. gr og sama geri lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins í 48. gr. Allt séu þetta ákvæði sem séu gildandi samkvæmt íslenskum lögum eða alþjóðasáttmálum sem Ísland eigi aðild að.

Lögin nr. 33 frá 1915 um verkfall opinberra starfsmanna fjalli um þá sem vinni störf samkvæmt embættisskyldu eða sem sýslan í þarfir landsins, Landsbankans, spítala, sveitar, sýslu eða kaupstaðar, eins og það sé orðað í lögunum. Þar sé þeim bannað að gera verkfall að viðlögðum sektum eða fangelsi eða embættis- eða sýslunarmissi, ef miklar sakir séu, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum. Þegar lög þessi hafi verið sett hafi starfsmenn ríkisins fyrst og fremst verið fámennur hópur embættismanna. Rétt skýring og beiting laganna nú verði ekki tryggð, nema með því að skýra þau í ljósi breyttra aðstæðna og þeirra breytinga annarra sem orðið hafi á lagaumhverfi á vinnumarkaði.

Eins og glöggt megi ráða af bréfi ríkissáttasemjara til lögmanns stefnda, dags. 25. september 2000, hafi sá skilningur verið uppi, og hafi ekki verið umdeildur, að almennu stéttarfélögin hafi verkfallsrétt gagnvart ríkinu og beiti þeim rétti þegar þörf krefji. Þannig hafi t.d. fyrirrennari stefnda, Verkalýðsfélagið Þór, gert verkfall á Sjúkrahúsi Suðurlands 4.-6. maí 1988. Engar athugasemdir hafi komið fram um lögmæti þess verkfalls.

Eins og fram komi í stefnu telji stefnandi sig knúinn til, samkvæmt embættisskyldu, að fá banni við verkfalli opinberra starfsmanna í þessu tilviki framfylgt fyrir Félagsdómi svo að ekki komi til þess á Heilbrigðisstofnuninni, Selfossi.

Í framhaldi af þessu liggi beint við að spyrja. Fjármálaráðherrar hafi á gildistíma laganna um kjarasamninga opinberra starfsmanna tekið við a.m.k. 35 verkfallsboðunum frá stéttarfélögum á almenna markaðinum án þess að hafa uppi þessi andsvör um ólögmæti

þeirra. Er stefnandi með þessu að halda því fram að þeir hafi verið að brjóta gegn embættisskyldu sinni?

Stefnanda sé auðvitað fullkunnugt um að málum sé ekki svo varið sem hann haldi fram í stefnu. Stefnanda sé það fullljóst að almennu stéttarfélögin njóti verkfallsréttar og að lögin nr. 33/1915 taki ekki til þeirra. Málatilbúnaður stefnanda sæti því furðu. Hvers vegna til hans sé stofnað sé vandséð en það verði að vera hlutverk stefnanda að skýra það.

Málsástæða stefnanda um að friðarskylda hafi komist á með undirritun kjarasamnings þann 16. september eigi ekki við rök að styðjast. Kjarasamningurinn hafi verið undirritaður með skýrum fyrirvara um samþykki félagsmanna stefnda eins og tíðkanlegt sé við gerð kjarasamninga. Það samþykki hafi ekki fengist og þar með hafi komist á nákvæmlega sama ástand sem hafi ríkt áður en til undirritunarinnar kom. Engin fordæmi Félagsdóms styðji annan skilning. Gildi einu í þessu sambandi hvort talið verði að samningurinn hafi verið gerður á grundvelli vinnulöggjafarinnar eða laganna nr. 94/1986.

Niðurstaða.

Hinn 8. júní 1995 var undirritaður kjarasamningur milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, stefnanda í máli þessu, og verkalýðsfélagsins Þórs er tók til allra starfa ófaglærðs starfsfólks á félagssvæði stéttarfélagsins sem unnin eru á vegum ríkisins á sjúkrahúsum. Með kjarasamningi, dags. 28. apríl 1997, var þessi kjarasamningur framlengdur til 31. maí 2000 með þeim breytingum og fyrirvörum sem fólust í síðarnefnda samningnum. Fram kemur í gögnum málsins að um sl. áramót sameinaðist Verkalýðsfélagið Þór Verkalýðsfélaginu Bárunni og er hið sameinaða félag, Verkalýðsfélagið Báran-Þór, stefndi í máli þessu. Gerður var nýr kjarasamningur, en á fundi starfsfólks Heilbrigðisstofnunarinnar á Selfossi 20. júlí sl. var samningurinn felldur. Voru samningaviðræður þá teknar upp að nýju er leiddi til undirritunar kjarasamnings aðila 16. september sl. Af hálfu stefnda var samningur þessi undirritaður með fyrirvara um samþykki félagsmanna. Á fundi starfsfólksins 18. september sl. var samningurinn felldur. Með bréfi, dags. 19. september sl., tilkynnti stefndi Samninganefnd ríkisins um þessi málsúrslit og óskaði jafnframt eftir viðræðum um nýjan kjarasamning. Þegar hér var komið höfðu þeir félagsmenn stefnda, sem starfa hjá Heilbrigðisstofnuninni, sam-

þykkt 11. september sl. að boða til ótímabundins verkfalls er hefjast skyldi á miðnætti aðfaranótt 29. þessa mánaðar, hefðu samningar ekki tekist fyrir þann tíma. Hinn 12. september sl. var samninganefnd ríkisins tilkynnt þetta.

Stefnandi ber því við að hið boðaða verkfall sé andstætt lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, þar sem það brjóti í bága við lög nr. 33/1915 um verkfall opinberra starfsmanna. Í síðastgreindum lögum komi fram sú meginstefna að verkföll, sem beinist gegn opinberum aðilum, séu bönnuð og þar með ólögmæt. Þar sem umræddir félagsmenn stefnda falli ekki undir lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna hafi þeir ekki verkfallsrétt.

Aðila málsins greinir á um hvort lög um stéttarfélög og vinnudeilur eða lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna séu grundvöllur síðastgildandi kjarasamnings aðila.

Samkvæmt 5. gr. laganna um stéttarfélög og vinnudeilur eru stéttarfélög lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna og er heimilt að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum með verkfalli samkvæmt II. kafla laganna. Það er einnig meginregla samkvæmt lögunum um kjarasamninga opinberra starfsmanna að þeim stéttarfélögum, sem eru samningsaðilar samkvæmt lögunum, er heimilt að gera verkfall í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna í deilu um kjarasamning með þeim skilyrðum og takmörkunum sem sett eru í lögunum. Er tekið fram að ákvæði laga nr. 33/1915 nái ekki til þeirra sem heimilt er að gera verkfall samkvæmt lögunum. Með 48. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er verkfallsrétturinn áréttaður, en í greininni er svo mælt fyrir að stéttarfélagi sé heimilt að gera verkfall hjá ríkinu í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna í deilu um kjarasamning með þeim skilyrðum og takmörkunum sem sett eru í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, lögum um stéttarfélög og vinnudeilur og öðrum lögum.

Samkvæmt framansögðu er verkfallsréttur meginregla og sætir þeim takmörkunum einum sem greindar eru í lögum. Af því leiðir að undantekningar frá þessari meginreglu ber að skýra þröngt.

Í 1. gr. laga nr. 33/1915 er mælt fyrir um refsiviðurlög hvers þess „er sjálfur tekur þátt í verkfalli, enda skyldi starfið unnið samkvæmt embættisskyldu eða sem sýslan í þarfir landsins, Landsbankans, spítala, sveitar, sýslu eða kaupstaðar . . .“

Í ljósi framangreindrar meginreglu um verkfallsrétt verður ekki talið að lög nr. 33/1915 taki fyrir þann rétt í því tilviki sem hér um ræðir hvorki samkvæmt berum orðum þessara laga né skýringu á þeim með tilliti til hinna yngri laga. Þykir ekki skipta máli í þessu sambandi hvort lög nr. 80/1938 eða lög nr. 94/1986 eiga hér við.

Stefnandi ber því við að friðarskylda hafi komist á með undirritun samningsins 16. september sl. og ekki sé uppfyllt skilyrði 3. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 3. gr. laga nr. 75/1996, sem sett er fyrir ákvörðun um boðun vinnustöðvunar að samningaviðræður eða viðræðutilraunir um framlagðar kröfur hafi reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu sáttasemjara.

Ekkert liggur annað fyrir en að ákvörðun um verkfallið og boðun þess hafi verið tekin með lögmætum hætti. Þá verður ekki fallist á þá málsástæðu stefnda að með undirritun kjarasamningsins 16. september sl. hafi grundvöllur brostið, vegna friðarskyldu aðila, fyrir verkfalli því sem boðað var 12. sama mánaðar, enda var kjarasamningurinn felldur við atkvæðagreiðslu starfsfólksins 18. september sl.

Samkvæmt framansögðu er kröfum stefnanda í máli þessu hafnað.

Stefnandi greiði stefnda 250.000 krónur í málskostnað og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Kröfum stefnanda, íslenska ríkisins, á hendur Alþýðusambandi Íslands vegna Verkamannasambands Íslands f.h. Verkalýðsfélagsins Bárunnar-Þórs, er hafnað.

Stefnandi greiði stefnda 250.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 16. nóvember 2000.

Nr. 11/2000. **Bifreiðastjórafélagið Sleipnir**
(Jónas Haraldsson hdl.)
gegn
Reykjavíkurborg og
(Hjörleifur Kvaran hrl.)
Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar
(Gestur Jónsson hrl.)

Frávísunarkröfu hafnað.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefndu hinn 6. nóvember sl.

Málið úrskurða Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gísli Gíslason og Gunnar Sæmundsson.

Stefnandi er Bifreiðastjórafélagið Sleipnir, kt. 600269-2409, Mörkinni 6, Reykjavík.

Stefndu eru Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, Reykjavík og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, kt. 620269-2989, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að viðurkennt verði með dómi að stefnandi, Bifreiðastjórafélagið Sleipnir, fari með samningsaðild fyrir þá 27 bifreiðastjóra hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, sem gengu úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og í Bifreiðastjórafélagið Sleipni, við gerð næstu kjarasamninga við Reykjavíkurborg vegna starfa þeirra sem bifreiðastjórar hjá Strætisvögnum Reykjavíkur.

2. Að viðurkennt verði með dómi að stefnda Reykjavíkurborg sé skylt frá og með 1. júlí 2000 að halda eftir og greiða til stefnanda félagsgjöld þeirra 27 bifreiðastjóra hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, er gengu úr Starfsmannafélagi Reykjavíkur og í félag stefnanda, Bifreiðastjórafélagið Sleipni.

3. Að stefndu verði dæmdir til að greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda Reykjavíkurborgar:

Stefndi krefst aðallega að máli þessu verði vísað frá Félagsdómi.

Til vara krefst stefndi sýknu af öllum kröfum stefnanda.

Þá gerir stefndi kröfu um málskostnað úr hendi stefnanda samkvæmt mati dómsins.

Dómkröfur stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar:

Þess er krafist að málinu verði vísað frá Félagsdómi.

Til vara er krafist sýknu af kröfum stefnanda.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að mati Félagsdóms.

Stefnandi krefst þess að frávísunarkröfum stefndu verði hafnað. Jafnframt gerir hann kröfu til málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Málavextir.

Með bréfi dags. 30. mars 2000 til stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar sögðu 57 bifreiðastjórar hjá Strætisvögnum Reykjavíkur sig úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar frá og með 31. mars 2000 að telja. Er í bréfinu vísað til þess skilyrðis starfsmannalaganna, þ.e. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, að uppsögn þurfi að berast með þriggja mánaða fyrirvara, en samkvæmt því telur stefnandi að þessir bifreiðastjórar séu lausir undan skuldbindingum við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar þann 1. júlí 2000. Í bréfinu segir að frá og með sama tíma, þ.e. 1. júlí 2000, teljist þeir fullgildir félagsmenn í Bifreiðastjórafélaginu Sleipni, þar sem þeir hafi sótt um inngöngu. Með bréfi þessu fylgdi listi með undirskriftum 57 strætisvagnabifreiðastjóra hjá Strætisvögnum Reykjavíkur (SVR)

Með bréfi stefnanda til Strætisvagna Reykjavíkur, dags. 11. júlí 2000, var þess óskað að félagsgjöld umræddra starfsmanna yrðu greidd til stefnanda frá 1. júlí 2000 að telja.

Með bréfi SVR til stefnanda, dags. 20. júlí 2000, var beiðni um innheimtu félagsgjalda hafnað með vísan til umsagnar kjaraþróunardeildar stefnda Reykjavíkurborgar.

Með bréfi stefnanda til stefnda Reykjavíkurborgar, dags. 23. ágúst 2000, var fyrri beiðni stefnanda áréttuð og þess krafist að stefndi innheimti félagsgjöld fyrir stefnanda vegna hins tiltekna hóps félagsmanna. Jafnframt fór stefnandi fram á það við stefnda að viðurkenndur yrði samningsréttur félagsins fyrir hönd umræddra bifreiðastjóra.

Með bréfi stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar til stefnanda, dags. 23. ágúst 2000, var tilkynnt að af þeim 57 bifreiðastjórum SVR, sem sagt höfðu sig úr starfsmannafélaginu, þá séu eingöngu 27 eftir í þeim hópi, en hinir 30 hafi ýmist hætt störfum eða

dregið úrsagnir sínar úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar til baka. Með bréfi þessu fylgdi listi yfir nöfn þeirra 27 bifreiðastjóra hjá SVR, sem sagt höfðu sig úr starfsmannafélaginu og gengið í félag stefnanda og héldu fast við þá ákvörðun sína, en þessir sömu 27 aðilar eru þeir aðilar sem mál þetta snýst um.

Með bréfi stefnda Reykjavíkurborgar til stefnanda, dags. 1. september 2000, var ítrekuð synjun á báðum kröfum stefnanda, þ.e. að halda eftir félagsgjöldunum og viðurkenna samningsaðild stefnanda.

Með bréfi lögmanns stefnanda til stefnda Reykjavíkurborgar, dags. 15. september 2000, voru sett rök fyrir þeirri skyldu stefnda, Reykjavíkurborgar, að halda eftir félagsgjöldunum. Einnig var ítrekuð krafa um viðurkenningu samningsréttar stefnanda.

Stefndi Reykjavíkurborg hefur hafnað beiðni stefnanda um innheimtu félagsgjalda og um viðurkenningu á samningsrétti vegna umræddra bifreiðastjóra hjá Strætisvögnum Reykjavíkur.

Stefndi Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar sem er aðili að kjarasamningi við meðstefnda, Reykjavíkurborg, um störf bifreiðastjóra hjá Strætisvögnum Reykjavíkurborgar hefur einnig hafnað dómkröfum stefnanda í málinu.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Krafa stefnanda er tvíþætt. Annars vegar að viðurkennt verði með dómi að stefnandi fari með samningsaðild fyrir nafngreinda 27 bifreiðastjóra hjá Strætisvögnum Reykjavíkur við gerð næstu kjarasamninga við stefnda Reykjavíkurborg. Hins vegar að viðurkennt verði með dómi, að stefnda Reykjavíkurborg verði gert skylt að halda eftir félagsgjöldum þessara 27 bifreiðastjóra og félagsmanna stefnanda frá 1. júlí 2000 að telja.

Viðurkenning á samningsaðild:

Stefnandi telur að stefnda Reykjavíkurborg sé skylt að viðurkenna formlega að stefnandi, Bifreiðastjórafélagið Sleipnir, fari með samningsaðild fyrir áðurnefnda 27 bifreiðastjóra sem starfa hjá SVR við gerð næstu kjarasamninga við stefnda Reykjavíkurborg. Stefndi Reykjavíkurborg hafi hafnað kröfu stefnanda í þessum efnum, þar sem stefnandi „uppfylli ekki ákvæði 5. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna“, eins og segir í bréfi stefnda, dags. 1. september 2000.

Stefnandi bendir á að félagsmenn hans fullnægi ákvæðum 5. gr.

starfsmannalaganna um formlega menntun og lögformleg starfsréttindi, en sérstaka menntun og starfsréttindi þurfi til að keyra fólksflutningabifreiðir, auk þess sem ýmis sérákvæði gildi um þessa starfsstétt, svo sem varðandi vinnutímatilskipun o.fl. Félagssvæði stefnanda nái til stærsta hluta landsins, sbr. l. gr. laga stefnanda.

Stefnandi vísar máli sínu til stuðnings í dóm Félagsdóms í máli nr. 9/1999, þar sem komist sé að þeirri niðurstöðu að víkja beri fjöldatakmörkunum 3. töluliðs 5. gr. laga nr. 94/1986 til hliðar, þar sem ákvæði þetta brjóti í bága við 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem staðfestur sé með lögum nr. 62/1994. Stefnandi telur að þessi dómur Félagsdóms taki alfarið til tilviks stefnanda. Með þessum dómi hafi Félagsdómur skorið úr um þetta ágreiningsefni, sem liggi fyrir í máli þessu.

Innheimta félagsgjalda:

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda sé atvinnurekanda skylt að halda eftir af launum starfsmanns iðgjaldi hans til viðkomandi stéttarfélags samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina. Hvað teljist viðkomandi stéttarfélag komi fram m.a. í H.1988:1464 (1470), en í niðurstöðum héraðsdómsins komi fram þessi skilgreining, sem Hæstiréttur gerir ekki athugasemdir við. „Ætla verður að með viðkomandi stéttarfélagi sé í skilningi nefndrar lagagreinar átt við það stéttarfélag sem starfsmenn atvinnurekandans eiga aðild að.“ Ekki sé umdeilt að umræddir 27 aðilar séu frá 1. júlí 2000 félagsmenn stefnanda, en ekki stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Stéttarfélag þessara 27 bifreiðastjóra hjá SVR sé Bifreiðastjórafélagið Sleipnir, en ekki Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Ekki hafi verið ágreiningur um það að félagsgjald teljist til iðgjalds í merkingu 6. gr. laga nr. 55/1980.

Stefnandi áréttar að í 15. gr. laga stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar segi eftirfarandi: „Til að standa straum af kostnaði við starfsemi félagsins, greiða félagsmenn árgjald til þess, samkvæmt ákvörðun aðalfundar, og skal miðast við hundraðshluta fastra launa. Félagsmönnum ber að greiða sérstakt árgjald til B.S.R.B. samkvæmt ákvörðun bandalagsþings. Árgjaldið takist hlutfallslega af launum í hverjum mánuði.“ Þeir 27 bifreiðastjórar hjá SVR, sem um ræðir séu ekki félagsmenn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Lög félagsins heimili ekki að innheimta félags-

gjöld af öðrum en félagsmönnum Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Félagið geti ekki gert ríkari kröfur um greiðslur til sín en lög félagsins heimila því, eins og það hafi gert og stefnandi sé að krefjast breytinga á. Verði ekki séð að lögþvingun breyti ákvæðum laga starfsmannafélagsins.

Varðandi það að öðru leyti, hvort starfsmanni hjá Reykjavíkurborg sé skylt að greiða félagsgjald til stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar þrátt fyrir að viðkomandi hafi sagt sig formlega og löglega úr starfsmannafélaginu og gengið í annað stéttarfélag, sem hann greiði félagsgjald til, og stéttarfélag starfsmannsins þannig orðið annað, í þessu tilviki félag stefnanda, er einnig vísað til eftirfarandi félagsdóms í máli nr. 4/1998: Sjúkraliðafélag Íslands gegn íslenska ríkinu og Starfsmannafélagi ríkisstofnana.

Í dómsniðurstöðunni segir m.a. þetta: „Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986 ber Sigurbjörgu Grétarsdóttur að greiða gjöld til Starfsmannafélags ríkisstofnana eins og hún væri félagsmaður, en engin skylda er til aðildar að félagi þessu. Skylda til greiðslu gjalda til þess félags, sem fer með samningsaðild fyrir starfsmann brýtur hvorki í bága við félagafrelsisákvæði 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins, né 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr, lög nr. 62/1994 eða 4. gr. laga nr. 80/1938."

Með gagnályktun frá þessum orðum sé ljóst á hinn bóginn, að fari stéttarfélag ekki lengur með samningsaðild fyrir viðkomandi launþega, þá mun gjaldtaka þess stéttarfélags ekki vera lögmæt gjaldtaka.

Stefndi Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar fari ekki lengur með samningsaðild fyrir þá 27 félagsmenn stefnanda, sem starfa hjá SVR og höfðu sagt sig með lögmætum hætti úr starfsmannafélaginu. Breyti engu þótt starfsmannafélagið hafi áður farið með samningsréttinn. Verði að telja að þessi niðurstaða Félagsdóms í máli nr. 4/1998 með gagnályktun leiði til bindandi túlkunar á 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986 þess efnis að það brjóti m.a. í bága við félagafrelsisákvæði 74. gr. stjórnarskrárinnar íslensku og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu að innheimta félagsgjöld af fyrrverandi félagsmönnum í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, sem gengið hafa löglega úr félaginu og í annað stéttarfélag, þ.e. stéttarfélag stefnanda, sem hafi þann tilgang samkvæmt lögum sínum, sbr. 2. gr., að

sameina alla launþega sem starfa við stjórn fólksflutningabifreiða og eiga heimili á félagssvæðinu í eitt stéttarfélag.

Í áðurnefndum félagsdómi í máli nr. 9/1999 milli Vélstjórafélags Íslands og stefnda segir m.a. þetta í dómsniðurstöðunni:

„Reglan um samningsfrelsið er ein af meginstoðum samningaréttarins, enda þótt hún sæti ýmsum undantekningum. Við mat á frávikum frá reglunni verður að hafa í huga að samningsfrelsið er meginregla og frávikin frá henni ber að skýra þröngt. Augljóst er að það er undantekning frá þeirri reglu að þvinga félagsmenn eins stéttarfélags til að fá öðru stéttarfélagi, sem þeir hafa sagt sig úr og vilja ekki vera í, umboð sitt til kjarasamninga, en til þess kemur ef kröfur stefndu í máli þessu verða teknar til greina. Þetta verður að hafa í huga við túlkun á tilgreindu ákvæði 5. gr. laga nr. 94/1986.

Samkvæmt tilvitnuðu stjórnarskrárákvæði og 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, eiga menn rétt á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi. Sá réttur nær ekki aðeins til þess að vera félagsmaður heldur einnig til þess að láta til sín taka starfsemi félagsins, þar með að fela stéttarfélagi sínu umboð til að gera kjarasamning."

Þótt hér sé vísað til og fjallað um 5. gr. starfsmannalaganna nr. 94/1986, enda snérist ágreiningur þess máls eingöngu um samningsaðild, en ekki greiðslu félagsgjalda, þá hljóti sömu sjónarmið að gilda hvað snertir ákvæði l. og einkum 2. mgr. 7. gr. sömu laga, sem fjallar um greiðslu félagsgjalds eða ígildi þess. Í því sambandi má benda á eftirfarandi:

Í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna kemur fram efnislega, að starfsmaður hjá Reykjavíkurborg skuli greiða félagsgjald til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, þótt hann hafi sagt sig úr því félagi og gengið í annað stéttarfélag, eins og segir í 2. mgr. „greiði til þess stéttarfélags, sem hann ætti að tilheyra", sem væntanlega í þessu tilviki hér sé Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Hér er greinilega verið að tala um þvingaða skylduaðild að stéttarfélagi innan opinbera geirans eða a.m.k. þvingaða greiðsluskyldu, sem stefnandi telur að standist heldur ekki, enda hluti af því sama. Hér sé í raun um skattlagningu að ræða, sem renni til að fjármagna félagsstarfsemi, sem skattgreiðandinn eigi ekki aðild að.

Þessi tvígreiðsla félagsgjalda þýði í raun að mönnum sé nánast

gert ókleift að segja sig úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar á gildistíma kjarasamnings, sem geti þess vegna verið nokkur ár, þar sem viðkomandi launþegi verði hvort sem er að greiða félagsgjald til starfsmannafélagsins, þótt hann sé farinn úr félaginu og greiði í annað stéttarfélag, félag sem hann vill vera félagi í. Hann verði að greiða tveimur stéttarfélögum stéttarfélagsgjald.

Með þessu fyrirkomulagi sé viðkomandi gert að fjármagna rekstur þess stéttarfélags, sem hann vildi ekki vera í, og muni ekki leita lengur til og njóti heldur engrar fyrirgreiðslu hjá eða réttinda í, svo sem atkvæðaréttar, kjörgengis eða eins eða neins, sbr. 4. gr. laga Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Með ákvæði 2. mgr. 7. gr. starfsmannalaganna sé verið að leggja stein í götu þeirra launþega, sem vilji nýta sér ákvæði stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu um félagafrelsi með því að gera mönnum það fjárhagslega erfitt að skipta um stéttarfélag, þar sem þeir þurfi þá að greiða tveimur aðilum félagsgjald, þ.e. stéttarfélagi sem þeir vilji vera í og stéttarfélagi, sem þeir vilji alls ekki vera í.

Þetta fyrirkomulag brjóti í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar í 65. gr., þar sem tilgreindir 27 bifreiðastjórar hjá SVR og félagsmenn stefnanda, sem mál þetta fjalli um, þurfi að greiða tvöfalt félagsgjald, þegar aðrir félagsbundnir launþegar þurfi eingöngu að greiða félagsgjald til eins stéttarfélags og þá þess stéttarfélags, sem þeir séu aðilar að. Hér sé um fjárhagslega og félagslega mismunun að ræða, sem brjóti berlega í bága við 65. gr. stjórnarskrárinnar og þau ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu, alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sem vitnað sé til í eftirfarandi kafla um lagarök.

Það fái ekki staðist að vera gert að greiða félagsgjald til að fjármagna stéttarfélag, sem viðkomandi geti ekki hugsað sér að starfa í og hafi sagt sig úr, njóti engra réttinda í og hafi engin áhrif á starfsemina, sæki ekki um neina þjónustu til og fái því enga fyrirgreiðslu lengur hjá o.s.frv. o.s.frv. Það liggi í augum uppi að viðkomandi fyrrum stéttarfélag, í þessu tilviki Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, muni þar fyrir utan ekki mylja undir þá aðila, sem sýnt hafi hug sinn í verki til félagsins með því að yfirgefa það og ganga í annað stéttarfélag.

Þá bendir stefnandi á að í kjarasamningi Reykjavíkurborgar og

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar fjalli gr. 11.2.1 í kjarasamningnum um félagsgjöld. Þar komi fram að óski félagið eftir því að Reykjavíkurborg innheimti félagsgjöld, skuli starfsmannafélagið afhenda borginni lista yfir gjaldskylda félagsmenn. Jafnframt geti Reykjavíkurborg sem launagreiðandi fellt niður af listanum starfsmenn, „ef vafi þykir leika á, hvort um aðild að félaginu er að ræða.“ Af þessu megi ráða að kjarasamningurinn sjálfur gerir ekki ráð fyrir því, að Reykjavíkurborg greiði félagsgjöld til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar frá starfsmönnum, sem ekki séu lengur í starfsmannafélaginu. Samkvæmt þessu ákvæði sé Reykjavíkurborg óheimilt að greiða félagsgjöld af þeim tilgreindu 27 bifreiðastjórum hjá SVR til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Lögð er áhersla á það, að hvorki lög Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar né kjarasamningur félagsins við Reykjavíkurborg geri ráð fyrir því að þeir starfsmenn borgarinnar, sem ekki séu félagsmenn í starfsmannafélaginu skuli greiða félagsgjöld. Ákvæði 2. mgr. 7. gr. laganna um kjarasamninga opinberra starfsmanna séu í engu samræmi við þann grundvöll, sem þau ættu að byggjast á og hér hafi verið rakið. Af þeim sökum telur stefnandi að þau standist ekki tilvitnuð ákvæði stjórnarskrárinnar eða þeirra mannréttindasáttmála, sem vitnað sé til.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks o.fl. sé atvinnurekanda skylt að halda eftir af launum starfsmanns iðgjaldi hans til viðkomandi stéttarfélags, þ.m.t. töldu félagsgjaldi. Viðkomandi stéttarfélag þessara 27 bifreiðastjóra hjá SVR sé stefnandi, Bifreiðastjórafélagið Sleipnir. Þangað beri stefnda Reykjavíkurborg að greiða félagsgjaldið, en ekki til stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Með því að neita að greiða félagsgjaldið til stefnanda hafi stefndi Reykjavíkurborg brotið m.a. í bága við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 55/1980.

Stefnandi telur að ákvæði nefndrar 2. mgr. 7. gr. starfsmannalaganna fái ekki staðist og brjóti í bága við ákvæði 2. mgr. 74. gr. ísl. stjórnarskrárinnar, sbr. 65. gr., 72. gr. og 75. gr., og 10. gr. og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um félagafrelsi, sem ekki síst megi leiða af niðurstöðum í dómum Félagsdóms og hér hafi verið vitnað til í máli nr. 4/1998 og máli nr. 9/1999. Einnig brjóti 2. mgr. 7. gr. starfsmannalaganna gegn 15. gr. laga Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og gr. 11.2.1 í kjarasamningi milli stefndu. Með vísan til

þess telur stefnandi, að ólögmætt sé að stefndi Reykjavíkurborg haldi eftir og greiði til stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar félagsgjald af tilgreindum 27 bifreiðastjórum hjá SVR, sem hafi sagt sig úr starfsmannafélaginu og gengið í Bifreiðastjórafélagið Sleipni. Jafnframt sé stefnda Reykjavíkurborg skylt að halda eftir og greiða til stefnanda umkrafin félagsgjöld af þessum aðilum, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 55/1980.

Stefnandi byggir kröfur sínar á 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 65. gr. um jafnræði þegnanna, 72. gr. um friðhelgi eignarréttarins og 75. gr. um atvinnufrelsi. Þá er vísað í 10. og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, 8. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sbr. lög nr. 10/1979 réttindi og 22. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sbr. lög nr. 10/1979. Einnig er vísað til 2. mgr. 6. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks o.fl. Vísað er til dóma Félagsdóms í málunum nr. 4/1998 og nr. 9/1999. Kröfu sína um málskostnað byggir stefnandi á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefndu vegna frávísunarkröfu.

Af hálfu stefnda Reykjavíkurborgar er þess krafist að máli þessu verði vísað frá Félagsdómi. Stefndi byggir á því að stefnandi uppfylli ekki skilyrði 3. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1986 að því er fjölda félagsmanna varðar. Samkvæmt skýru ákvæði þessarar lagagreinar sé gerð krafa um að félag taki til a.m.k. 2/3 hluta starfsmanna, sem undir lögin heyra og séu í starfsstétt með lögformleg starfsréttindi eða uppfylli skilyrði um formlega menntun sem jafna megi til slíkra starfsréttinda og að þeir félagsmenn séu 40 eða fleiri. Í stefnu komi fram að 27 vagnstjórar hjá stefnda hafi sagt sig úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og gengið í Bifreiðastjórafélagið Sleipni. Fjöldinn nái því ekki tilskildu lágmarki og sé langt frá því að vera 2/3 vagnstjóra hjá stefnda. Þrátt fyrir dóm Félagsdóms í máli nr. 9/1999, þar sem komist hafi verið að þeirri niðurstöðu að krafa um tiltekinn fjölda félagsmanna stríddi gegn ákvæði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar, standi umrætt lagaákvæði enn og löggjafinn hafi, þrátt fyrir dóm Félagsdóms, ekki séð ástæðu til breytinga á lögum nr. 94/1986.

Stefnandi byggi á því í stefnu að ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986 fái ekki staðist og brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrár, mannréttindasáttmála, lög Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar o.fl.

Framangreindar málsástæður lúti báðar að valdsviði Félagsdóms og hvort dómurinn sé bær til þess að fjalla um gildi almennra laga gagnvart stjórnarskránni. Af hálfu stefnda er því alfarið mótmælt að það sé á valdsviði Félagsdóms að fjalla um hvort lög, sem Alþingi hefur samþykkt, samrýmist ákvæðum stjórnarskrár. Löggjafinn ætlist eingöngu til þess að dómendur Félagsdóms dæmi á grundvelli þeirra laga sem undir hann heyra, sbr. lög nr. 80/1938 og 94/1986. Framangreinda túlkun megi m.a. leiða af ákvæði 42. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Samkvæmt nefndu ákvæði sé krafa um embættispróf í lögfræði einungis gerð til minnihluta dómenda. Félagsdómur sé sérdómstóll sem hafi afmarkað verkefni á sviði vinnuréttar. Meginreglan í íslenskum rétti sé sú að mál verði borin undir tvö dómstig. Það sé því andstætt meginreglunni að mál sem varði gildi laga gagnvart stjórnarskrá verði ekki borið undir æðsta dómsstig, Hæstarétt Íslands. Að mati stefnda verði þau úrlausnarefni stefnanda, sem hér hafa verið rakin, ekki borin undir úrlausn Félagsdóms enda utan valdssviðs hans. Ekki verði á það fallist að Félagsdómur sé til þess bær að skera úr um hvort ákvæði stjórnarskrár hafi verið brotin við setningu laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna enda hlutverk dómsins þröngt afmarkað skv. ákvæði 26. gr. laga nr. 94/1986.

Um frávísunarkröfu vísar stefndi til grundvallarreglna um málsmeðferð fyrir íslenskum dómstólum svo og 26. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þá vísar stefndi til laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, einkum 5. og 6. gr. Málskostnaðarkrafa stefnda byggir á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Frávísunarkrafa stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar byggist á því að það sé ekki á valdi Félagsdóms að kveða upp dóma þar sem settum lagareglum sé vikið úr sessi með tilvísun til stjórnarskrár. Vísast um þessa kröfu til rökstuðnings fyrir frávísunarkröfu í greinargerð meðstefnda, Reykjavíkurborgar.

Til viðbótar er vakin athygli á að krafa stefnanda nr. 2 sé um viðurkenningu á því að stefnda Reykjavíkurborg sé skylt frá og með 1. júlí 2000 að halda eftir og greiða til stefnanda stéttarfélagsiðgjöld 27 vagnstjóra. Það geti undir engum kringumstæðum fallið undir lögsögu Félagsdóms að dæma um þessa kröfu. Stefnandi hafi ekki gert kjarasamning við meðstefnda. Af því leiðir að ekki verði leyst úr

ágreiningi um kröfuna með skýringu á kjarasamningi málsaðila. Það falli því utan lögsögu Félagsdóms að kveða upp efnisdóm um kröfuna, sbr. 26. gr. laga nr. 94/1986, en lögsögu dómsins beri að skýra þröngt samkvæmt viðurkenndum lögskýringarreglum.

Að öðru leyti er tekið undir málsástæður, lagarök og tilvísun til réttarreglna, sem fram koma í greinargerð meðstefnda Reykjavíkurborgar.

Rökstuðningur stefnanda gegn frávísunarkröfum stefndu.

Stefnandi krefst þess að frávísunarkröfum stefndu verði hafnað. Hann byggir á því að andmæli stefndu gegn kröfu stefnanda um félagsgjöld sé málsástæða sem varði efni máls, en ekki frávísun þess. Þá byggir stefnandi á því að Félagsdómur sé til þess bær að taka á öllum atriðum varðandi lagatúlkun vinnulöggjafar, þ.á m. hvort lög standist stjórnarskrá. Þessu til stuðnings var vísað til dóms Félagsdóms í málinu nr. 9/1999, þar sem dómurinn hefði þurft að taka afstöðu til þessháttar álitaefnis. Því máli hefði upphaflega verið stefnt til héraðsdóms, en vísað frá héraðsdómi með úrskurði uppkveðnum 15. júní 1999 á þeim grundvelli að ágreiningur aðila ætti undir dómsvald Félagsdóms. Sá úrskurður hefði verið staðfestur með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 23. ágúst 1999 í málinu nr. 270/1999.

Niðurstaða.

Samkvæmt 1. tl. kröfugerðar stefnanda er krafist viðurkenningar á því að stefnandi fari með samningsaðild fyrir tilgreinda 27 bifreiðastjóra hjá Strætisvögnum Reykjavíkur við gerð næstu kjarasamninga við Reykjavíkurborg vegna starfa þeirra sem bifreiðastjórar hjá Strætisvögnum Reykjavíkur. Sú krafa stefnanda á undir Félagsdóm samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Stefnandi málsins hefur af því lögvarða hagsmuni að fá úrlausn um þá kröfu fyrir dóminum. Við þá efnisúrlausn koma til umfjöllunar þær málsástæður sem stefnandi byggir kröfur sínar á, m.a. hvort fullnægt sé skilyrðum 3. tl. 5. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga 94/1986 um samningsaðild stefnanda. Þær málsástæður sem stefnandi byggir viðurkenningarkröfu sína á að þessu leyti geta því ekki valdið frávísun málsins, eins og stefndu gera kröfu til.

Samkvæmt 2. tl. kröfugerðar stefnanda er krafist viðurkenningar á því að stefnda, Reykjavíkurborg, sé skylt frá og með 1. júlí 2000 að halda eftir og greiða til stefnanda félagsgjöld fyrrgreindra 27 bif-

reiðastjóra hjá Strætisvögnum Reykjavíkur. Samkvæmt kröfugerð stefnanda er þessi kröfuliður í þeim tengslum við 1. kröfulið um samningsaðild að ekki eru efni til að vísa honum sérstaklega frá dómi.

Ber því að hafna kröfum stefndu um frávísun málsins.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Úrskurðarorð:

Kröfum stefndu um frávísun málsins er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kærum 22. nóvember 2000, sem bárust réttinum ásamt kærumálsgögnum 28. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Félagsdóms 16. nóvember sl. þar sem hafnað var frávísunarkröfum sóknaraðila. Kæruheimild er í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. IV. kafla laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Krefjast báðir sóknaraðilar þess að málinu verði vísað frá Félagsdómi og hvorum um sig dæmdur málskostnaður fyrir Félagsdómi og kærumálskostnaður.

Varnaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Rétt þykir að sóknaraðilar hvor um sig greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Reykjavíkurborg og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, greiði hvor um sig varnaraðila, Bifreiðastjórafélaginu Sleipni, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Þriðjudaginn 21. nóvember 2000.

Nr. 12/2000. **Bifreiðastjórafélagið Sleipnir**
(Jónas Haraldsson hdl.)
gegn
Samtökum atvinnulífsins f.h.
Allrahanda/Ísferðir ehf.
(Jón R. Pálsson hdl.)

Mál fellt niður.

Úrskurður Félagsdóms.

Málið úrskurða Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Stefnandi er Bifreiðastjórafélagið Sleipnir, kt. 600269-2409, Mörkinni 6, Reykjavík

Stefndi er Samtök atvinnulífsins, kt. 680699-2919, Garðastræti 41, Reykjavík, f.h. Allrahanda/Ísferða ehf., kt. 500489-1119, Funahöfða 17, Reykjavík.

Við aðalmeðferð málsins var þess óskað af hálfu stefnanda að málið yrði fellt niður. Af hálfu stefnda var þá krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda og málið tekið til úrskurðar þar um.

Með vísan til c-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 105. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, ber að fella mál þetta niður og úrskurða jafnframt um málskostnaðarkröfuna.

Í samræmi við meginreglu 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðinn verður 100.000 kr.

Úrskurðarorð:

Mál þetta fellur niður.

Stefnandi, Bifreiðastjórafélagið Sleipnir, greiði stefnda, Samtökum atvinnulífsins f.h Allrahanda/Ísferða ehf., 100.000 kr. í málskostnað.

Þriðjudaginn 12. desember 2000.

Nr. 13/2000. **Alþýðusamband Íslands f.h.**
Flugvirkjafélags Íslands vegna
Sverris Erlingssonar
(Andri Árnason hrl.)
gegn
íslenska ríkinu og
Landhelgisgæslu Íslands
(Einar Karl Hallvarðsson hrl.)

Kjarasamningur. Frítökuréttur.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 27. nóvember sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Kristján Torfason og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169–6209, Grensásvegi 16a, Reykjavík, fyrir hönd Flugvirkjafélags Íslands, kt. 550169-0109, Borgartúni 22, Reykjavík, vegna Sverris Erlingssonar, flugvirkja, kt. 060670-3239, Fagrahvammi 2a, Hafnarfirði.

Stefndi er íslenska ríkið og Landhelgisgæsla Íslands, kt. 710169-5869, Seljavegi 32, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

Að viðurkennt verði með dómi að Sverrir Erlingsson, flugvirki, hafi öðlast 9 klukkustunda frítökurétt vegna vinnu sinnar hjá stefnda frá kl. 21.00 hinn 15. apríl 2000 til kl. 03.00 hinn 16. apríl 2000.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Aðallega að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefndu málskostnað samkvæmt mati Félagsdóms. Til vara er þess krafist að málskostnaður verði felldur niður.

Málsatvik.

Samkvæmt lögum nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands er hún ríkisstofnun. Starfsmenn Landhelgisgæslunnar, þ. á m. Sverrir Erl-

ingsson flugvirki, eru ríkisstarfsmenn í skilningi laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Var Sverrir ráðinn með ráðningarsamningi, dags. 17. mars 1999 og hefur unnið samkvæmt honum frá 8. mars 1999.

Í 9. gr. laga nr. 25/1967 segir að laun og kjör þeirra starfsmanna Landhelgisgæslunnar, sem vinna að staðaldri á landi, skuli vera samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða stéttarfélagssamningum viðkomandi starfsmanna. Um kaup og kjör flugvirkja, sem starfa hjá Landhelgisgæslunni, fer samkvæmt kjarasamningi Flugvirkjafélags Íslands (FVFÍ) og Vinnuveitendasambands Íslands (VSÍ) vegna Flugleiða hf., þ.e. að öðru leyti en því sem greinir í kjarasamningi FVFÍ og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, sbr. dóm Félagsdóms í málinu nr. 1/1995.

Nánari atvik eru þau að Sverrir Erlingsson, flugvirki hjá stefnda, Landhelgisgæslunni, var kallaður til vinnu frá kl. 18.00 laugardaginn 15. apríl 2000 til 03.00 aðfaranótt sunnudagsins 16. s.m. Sverrir hafði, þegar atvik gerðust, verið á bakvakt sem hófst kl. 16.00 á mánudeginum í byrjun umræddrar viku, þ.e. 10. apríl. Í málinu er um það deilt hvort Sverrir Erlingsson hafi vegna þessarar vinnu sinnar öðlast frítökurétt í samræmi við grein 04.-8.3. sbr. 04.-8.4. samkvæmt kjarasamningi flugvirkja.

Með bréfi trúnaðarmanns flugvirkja á vinnustað til Landhelgisgæslunnar, dags. 25. apríl sl., var óskað eftir afstöðu stofnunarinnar varðandi frítökurétt Sverris vegna greindrar vinnu hans þar sem stofnunin var innt eftir því hvort hún ætlaði að virða þessi ákvæði kjarasamnings.

Með bréfi Flugvirkjafélag Íslands til Landhelgisgæslunnar, dags. 11. ágúst sl., var þess krafist að Sverri yrði veittur réttur til frítöku vegna vinnu hans til kl. 03.00 aðfaranótt sunnudagsins 16. apríl sl., samtals 9 klst. í samræmi við greind kjarasamningsákvæði.

Þar sem ekkert svar hafi borist frá Landhelgisgæslunni um þetta telur stefnandi sig tilneyddan til að leita til Félagsdóms um ágreining varðandi túlkun á tilgreindum ákvæðum kjarasamnings.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á ákvæðum kjarasamnings stefnanda og ríkissjóðs f.h. Landhelgisgæslunnar, dags. 16. maí 1997, sem og kjarasamningi stefnanda og VSÍ f.h. Flugleiða, dags. 29. janúar 1998. En um kaup og kjör að öðru leyti en greinir í kjarasamn-

ingi aðila sjálfra, hafi á umræddum tíma farið eftir síðarnefndum kjarasamningi, samanber 1. gr. kjarasamnings fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Flugvirkjafélagsins vegna félagsmanna þess í starfi hjá Landhelgisgæslunni og dóm Félagsdóms í málinu nr. 1/1995: Alþýðusamband Íslands f.h. Flugvirkjafélags Íslands gegn fjármálaráðherra f.h. ríkisins vegna Landhelgisgæslu Íslands.

Samkvæmt kjarasamningi flugvirkja, grein 04.-8.3., sbr. 04.-8.4., hafi Sverrir Erlingsson átt rétt til 11 tíma hvíldar fyrir venjubundið upphaf næsta vinnudags þar sem unnið hafi verið á undan frídegi eða helgi. Þar sem upphaf venjulegs vinnudags sé kl. 08.00 hafi hann aðeins náð 5 tíma hvíld miðað við upphaf venjulegs vinnudags, sem þýði að hann eigi rétt á 1,5 tíma í frítökurétt fyrir hvern tíma sem hvíldin skerðist. Vegna vinnu sinnar frá kl. 21.00 til kl. 03.00 hafi Sverrir þar með áunnið sér rétt til 9 klukkustunda í frítökurétt, þ.e. 6 x 1,5 klst. = 9 klst.

Stefnandi fullyrðir að framkvæmd kjarasamninga gagnvart öðrum viðsemjendum en stefnda, aðallega Flugleiðum hf., hafi verið í samræmi við þetta.

Í gr. 04.-8.3. í kjarasamningi stefnanda og VSÍ vegna Flugleiða hf. frá 29. janúar 1998, sbr. 9. gr. kjarasamnings sömu aðila dags. 16. apríl 1997, sé kveðið á um að sé starfsmönnum gert að mæta til vinnu áður en 11 klst. lágmarkshvíld sé náð, sé heimilt að fresta hvíldinni og veita síðar, þannig að frítökuréttur, 1½ klst. (dagvinna), safnist upp fyrir hverja klst. sem hvíldin skerðist. Heimilt sé að greiða út 1/2 klst. af frítökuréttinum, ef starfsmaður óski þess. Uppsafnaður frítökuréttur skuli koma fram á launaseðli og vera veittur í hálfum og heilum dögum utan annatíma í starfsemi Landhelgisgæslunnar í samráði við starfsmenn, enda sé uppsafnaður frítökuréttur a.m.k. fjórar klukkustundir, sbr. grein 04.-8.5.

Í 1. mgr. gr. 04.-8.4., sbr. 9. gr. kjarasamnings aðila frá 16. apríl 1997, sé kveðið á um að ef starfsmaður vinni það lengi á undan frídegi eða helgi að ekki náist 11 stunda lágmarkshvíld miðað við venjubundið upphaf vinnudags, þ.e. að öllu jöfnu kl. 08.00, skuli fara með það á sama hátt og í grein 04.-8.3. og að framan er lýst. Skapist þá frítökuréttur, 1½ klst., eins og áður greinir.

Stefnandi kveður að af hálfu stefnda, Landhelgisgæslu Íslands, hafi verið litið svo á, að umræddur frítökuréttur skapaðist ekki, þegar unnið væri aðfaranótt sunnudags. Af því leiði, að nái starfs-

maður ekki 11 klst. hvíld fyrir kl. 08.00 á sunnudegi, skapist ekki frítökuréttur. Hins vegar hafi þeir greitt út frítökurétt athugasemdalaust ef unnið væri á undan laugardegi. Af hálfu stefnanda sé þessum skilningi stefndu alfarið mótmælt. Skýlaust sé kveðið á um það í tilvitnuðum ákvæðum kjarasamnings FVFÍ og VSÍ vegna Flugleiða hf., sbr. 1. gr. kjarasamnings FVFÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands, að frítökuréttur skapist þegar unnið sé á „á undan frídegi eða helgi" og sé sunnudagur þar ekki undanskilinn. Ekki verði því séð að túlkun stefndu eigi sér stoð í greindum ákvæðum kjarasamnings aðila, heldur gangi hún þvert á móti gegn almennri túlkun samningsins. Þá bendir stefnandi á að í grein 04.-8.7. kjarasamnings FVFÍ og VSÍ, sem eigi við um ágreining aðila, segi að eftir því sem því verði við komið skuli vikulegur frídagur vera á sunnudegi og skuli þá allir sem starfa hjá Landhelgisgæslunni eiga frí þann dag. Sé grein 04.-8.4. skýrð með hliðsjón af þessari grein staðfesti það að „frídagur", samkvæmt greininni sé í flestum tilfellum sunnudagur.

Ekki verði fallist á að máli skipti að Sverrir hafi notið bakvaktargreiðslna, enda raski þær í engu öðrum greiðslum samkvæmt kjarasamningi. Tilgangurinn með þessum ákvæðum kjarasamningsins sé sá að bæta mönnum upp skerðingu á lögmæltum hvíldartíma, sem og frítíma, og þá röskun sem af því hljótist.

Stefnandi byggir kröfur sínar fyrst og fremst á kjarasamningi aðila frá 16. maí 1997, aðallega 1. gr., sbr. grein 1.1. í kjarasamningi aðila frá 1. ágúst 1995, sem og kjarasamningi stefnanda og VSÍ, dags. 29. janúar 1998, sérstaklega gr. 04.-8.3., 1. mgr. gr. 04.-8.4., sbr. gr. 04.-8.5. og gr. 04.-8.7., sbr. og 9. gr. kjarasamnings sömu aðila frá 16. apríl 1997.

Stefnandi vísar einnig til almennra reglna um skuldbindingargildi samninga og meginreglna vinnuréttar og til hliðsjónar til dóms Félagsdóms sem uppkveðinn var þann 27. apríl 1995 í máli nr. 1/1995. Þá er vísað til laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, IV. kafla um Félagsdóm, þ.m.t. 44. gr. að því er varðar lögsögu dómsins til þessa máls.

Kröfu um málskostnað styður stefnandi við XXI. kafla laga nr. 91/1991, aðallega 129. og 130. gr.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Af hálfu stefndu er tekið fram að umræddur samningur FVFÍ og VSÍ sé í raun ekki almennur kjarasamningur þar sem hann takmarkast við einn vinnustað, þ.e. Flugleiðir hf. Frá því að dómur Félagsdóms í málinu nr. 1/1995 hafi gengið hafi FVFÍ gert fleiri slíka vinnustaðasamninga. Hafi félagið samið beint við Atlanta ehf. annars vegar og Íslandsflug hins vegar. Þá hafi FVFÍ samið við VSÍ vegna Flugfélags Íslands.

Í máli þessu sé deilt um grein 04.-8.3. í kjarasamningi FVFÍ og VSÍ er fjalli meðal annars um svonefndan frítökurétt. Hafi þau ákvæði komið til með 9. gr. kjarasamnings VSÍ og FVFÍ 16. apríl 1997, sbr. 1. gr. kjarasamnings FVFÍ og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs frá 16. maí 1997. Með þeirri grein hafi þágildandi ákvæði 04.–8. um lágmarkshvíld í kjarasamningi FVFÍ og VSÍ verið breytt. Séu nefnd ákvæði óbreytt í núgildandi kjarasamningi FVFÍ og Samtaka atvinnulífsins frá 27. apríl 2000, sbr. kjarasamning FVFÍ og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs frá 8. júní 2000. Til einföldunar vísi stefndu því til efnisgreina í grein 04.-8. eins og þeim hafi verið breytt með 9. gr. kjarasamningis VSÍ og FVFÍ. Við úrlausn ágreiningsins skipti mestu nefndur samningur frá 16. maí 1997 og enn fremur skipti máli síðasti heildarkjarasamningur aðila frá 19. september 1989, einkum 6. kafli samningsins, er fjalli um bakvaktir, en þau ákvæði hafi gilt á þeim tíma sem kröfur stefnanda taki til enda hefði kjarasamningur aðila ítrekað verið framlengdur.

Hjá Landhelgisgæslunni séu að jafnaði tíu starfsmenn sem sinni viðgerðum og viðhaldi á þyrlum og öðrum flugvélakosti Landhelgisgæslunnar og fái greidd laun samkvæmt framangreindum kjarasamningum FVFÍ. Þeir séu allir ráðnir til starfa í dagvinnu, svo sem ráðningarsamningur Sverris beri með sér. Nokkrir þeirra gangi bakvaktir, nú fjórir tilteknir starfsmenn úr þeirra hópi. Að lokinni sérstakri þjálfun sé Sverrir nú einn þeirra sem undir kjarasamninginn falla og gangi einnig bakvaktir til viðbótar við dagvinnuna. Bakvaktirnar séu gengnar eina viku í senn hjá hverjum, þ.e. eftir að dagvinnu ljúki frá mánudegi þar til dagvinna hefjist næsta mánudag. Flugvirkjarnir, sem taki bakvaktir, séu jafnframt áhafnarmeðlimir í þyrluflugi á vegum Landhelgisgæslunnar og sé einn flugvirki ávallt um borð. Starfsskyldur þessara flugvirkja séu tvenns konar. Annars vegar felist þær í viðgerðum og viðhaldi á þyrlum og öðrum flug-

vélakosti og hins vegar í spilvinnu um borð í þyrlum Landhelgisgæslunnar. Sinni þeir þyrluvinnunni eftir því sem atvikist hverju sinni, þ.e. ýmist í dagvinnu eða útköllum af bakvöktum. Hjá flugvirkjum Flugleiða hf., er taka laun sín eftir kjarasamningi FVFÍ og Samtaka atvinnulífsins, sé vinnufyrirkomulagið annað þar sem unnið sé á vöktum, en bakvaktir tíðkist ekki. Stefndu byggi á því að ákvæði um hvíldartíma og vinnutíma í kjarasamningum verði að skoða í því ljósi að vinnufyrirkomulag sé ekki hið sama milli vinnustaða.

Ákvæði 9. gr. í samningi frá 16. maí 1997 hafi komið til viðbótar vinnutímasamningi stefnanda, ASÍ og VSÍ um ákveðna þætti er varði skipulag vinnutíma, dags. 23. janúar 1997. Með vinnutímasamningnum hafi aðilar hrint í framkvæmd vinnutímatilskipun Evrópusambandsins, þ.e. tilskipun ráðsins nr. 93/104/EB, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma frá 23. nóvember 1993. Sé tilskipunin hluti EES samningsins samkvæmt samþykkt sameiginlegu EES-nefndarinnar, dags. 28. júní 1996. Í tilskipuninni hafi falist ýmis nýmæli, einkum að því er varðar skilgreiningar á daglegri og vikulegri lágmarkshvíld. Megintilgangurinn með nefndum ákvæðum sé að tryggja starfsmönnum ákveðna lágmarkshvíld. Sé tekið fram að starfsmaður skuli fá a.m.k. 11 klst. samfellda hvíld. Að auki sé gert ráð fyrir að á hverju sjö daga tímabili skuli starfsmaður hafa a.m.k. einn vikulegan frídag sem tengist daglegum hvíldartíma, sbr. grein 4.-8.1. og 4.–8.6. Með frídegi í grein 4.-8.4. hljóti að vera átt við hinn vikulega frídag í skilningi greinar 4.-8.6.

Í þessu sambandi árétta stefndu að það sé ekki sett sem ófrávíkjanlegt skilyrði að þessi frídagur skuli tengjast helgi. Við tilteknar aðstæður sé heimilt að víkja frá þessum meginreglum um daglega og vikulega lágmarkshvíld, þ.e. jafnan með því að fresta hvíldinni þar til síðar. Í þeim tilvikum, sem daglegri lágmarkshvíld sé frestað vegna þess að viðkomandi sé beðinn sérstaklega að mæta aftur til vinnu áður en daglegri lágmarkshvíld sé náð, skapist frítökuréttur, þ.e. 1,5 klukkustund í dagvinnu safnast upp fyrir hverja klukkustund sem hvíldin skerðist, sbr. ákvæði 04.–8.3. í 9. gr. Sams konar frítökuréttur skapist einnig þegar unnið sé það lengi á undan frídegi eða helgi að ekki náist 11 stunda hvíld miðað við venjubundið upphaf vinnudags, sbr. 1. málslið 1. mgr. ákvæðis 4.8.4. í 9. gr.

Svo sem áður sé lýst sé Sverrir ráðinn í dagvinnu, en sé einn

þeirra sem gengist hafi undir það að vera á bakvöktum. Hafi sú vinnutilhögun verið með samkomulagi hans og Landhelgisgæslunnar. Alla þessa viku og fram til kl. 08.00 að morgni mánudagsins 17. apríl hafi Sverrir Erlingsson verið á bakvakt, svo sem framlagður vinnuseðill beri með sér. Ljóst sé að áður en útkallið hófst kl. 18.00 hinn 15. apríl síðastliðinn hafi Sverrir náð meira en 11 klst. samfelldri hvíld, þótt hann væri á bakvakt, en hann hafi lokið vinnu sinni kl. 17.00 föstudaginn 14. apríl. Eftir að henni var lokið kl. 03.00 aðfaranótt sunnudagsins 16. apríl og uns hann mætti til starfa á mánudegi hafi hann fengið meira en 11 tíma hvíld.

Ákvæði 4.–8.3. í nefndri 9. gr. eigi aðeins við þegar aðstæður geri það óhjákvæmilegt að víkja frá daglegum hvíldartíma. Í engu hafi verið vikið frá daglegum hvíldartíma Sverris Erlingssonar og hann ekki beðinn sérstaklega að mæta til vinnu áður en 11 klst. hvíld hafi verið náð í skilningi þess ákvæðis. Ákvæði þetta geti því með engu móti átt við til að styðja kröfur stefnanda í málinu.

Ekki sé rétt að skýra ákvæðið án þess að líta til samhengis þess við önnur ákvæði í grein 04.-8., einkum greinar 4.-8.1. og 4.-8.2. Þá verði að skýra ákvæðið með hliðsjón af því að vinna flugvirkja hjá Landhelgisgæslunni fari fram á dagvinnutíma, mánudaga til föstudaga þar sem komið hafi verið á ákveðnu bakvaktarfyrirkomulagi. Tilvitnuð ákvæði kjarasamningsins taki á hinn bóginn fyrst og fremst mið af vaktavinnu. Sé það t.d. ljóst af niðurlagi greinar 4.-8.4. í kjarasamningi aðila.

Orðin „sérstakar aðstæður . . .“ í grein 4.-8.2. verði að skýra svo að átt sé við undantekningartilvik og sama skýring verði augljóslega ráðin af sömu orðum í grein 4.-8.3., þ.e. að verið sé að bjarga verðmætum. Þá verði einnig að leggja áherslu á orðin „sérstakar beiðnir“. Samkvæmt orðanna hljóðan verði þau vart skýrð á annan hátt en að sérstök atvik leiði til þess að óskað sé eftir vinnuframlagi starfsmannsins. Vinna á grundvelli fyrir fram ákveðinna bakvakta geti ekki fallið þar undir. Þá eigi framangreind ákvæði eingöngu við þegar starfsmaður vinni það lengi á undan næsta vinnudegi að hann nái ekki 11 klst. lágmarkshvíld miðað við upphaf næsta vinnudags, enda felist þá í vinnutilhögun að lágmarkshvíld sé frestað.

Sem fyrr segir hafi Sverrir Erlingsson verið á bakvakt sem hófst eftir að dagvinnu lauk þann 10. apríl 2000. Bakvaktinni hafi síðan lokið þegar dagvinna hófst að morgni mánudagsins 17. apríl 2000.

Um bakvaktir sé fjallað í 6. kafla kjarasamnings stefnda, fjármálaráðherra, við FVFÍ vegna starfa flugvirkja frá 19. september 1989. Segi þar í grein 6.2. að með bakvakt sé átt við að starfsmaður sé ekki við störf en sé reiðubúinn að sinna útkalli og að bakvakt hefjist þegar dagvinnu ljúki og ljúki þegar dagvinna hefst. Í bakvakt felist því ákveðin viðveruskylda, sem einnig mætti lýsa sem skilyrtri vinnuskyldu, þ.e. honum sé skylt að vinna ef á hann sé kallað. Fyrir þessa skilyrtu vinnuskyldu hafi Sverrir átt rétt á að fá greitt og hafi hann fengið bakvaktargreiðslur og einnig yfirvinnukaup fyrir unnar stundir. Leiði af því að hann eigi ekki frí frá störfum á meðan bakvakt standi. Af þessari ástæðu geti vinna á undan eða á bakvaktarhelgi ekki fallið undir ákvæði 4.–8.4. þar sem sú helgi sé ekki fríhelgi í tilviki þess sem standi bakvakt. Hvorki laugardagurinn 15. né sunnudagurinn 16. apríl hafi því getað verið frídagur eða helgi í skilningi ákvæðisins þegar svo háttaði að Sverrir var á bakvakt. Með sömu rökum geti vinna á undan heilum bakvaktardegi, þ.e. þegar dagvinnufólk á frí í miðri viku, ekki fallið undir fyrrnefnt ákvæði.

Frítökuréttur samkvæmt ákvæði 4.–8.3. eigi eingöngu við um þau tilvik þegar viðkomandi vinni það lengi á undan næsta vinnudegi að hann nái ekki 11 klst. lágmarkshvíld, enda hafi hann verið sérstaklega beðinn um að fresta lágmarkshvíldinni. Frítökuréttur samkvæmt ákvæði 4.–8.4. eigi hins vegar eingöngu við um þau tilvik þegar viðkomandi vinni það lengi á undan vikulegum frídegi eða fríhelgi að hann nái ekki 11 klst. hvíld miðað við venjubundið upphaf vinnudags.

Með orðalaginu frídegi eða helgi í grein 4.-8.4. sé í öllum tilvikum átt við þá aðstöðu þegar um eiginlegt frí sé að ræða, hvort sem það sé frídagur eða helgi, laugardagur eða sunnudagur, en almennt sé gert ráð fyrir að vikulegur frídagur skuli vera á sunnudegi eftir því sem við verði komið. Ákvæðin geti eftir orðan sinni ekki átt við þegar viðkomandi sé ekki í fríi, þann tíma sem annars hefði skoðast sem frídagur eða helgi (fríhelgi), heldur á bakvakt. Með því að taka að sér bakvaktir hafi flugvirkjar Landhelgisgæslunnar skuldbundið sig til að taka að sér vinnu ef á þá sé kallað. Verði að skýra orðin frídagur eða helgi saman, en við skýringu ákvæðanna sé óhjákvæmilegt að hafa í huga mismunandi skipulag vinnu, þ.e. hvort unnið sé í dagvinnu eða hvort unnin sé vaktavinna, en einnig það að um sé að

ræða frítökurétt. Ákvæði 4.–8.4. vísi til þess að vinni maður það lengi á undan frídegi eða helgi að ekki náist 11 stunda hvíld miðað við venjubundið upphaf vinnudags, skuli farið með það „á sama hátt", og sé þá vísað til þess hvers konar frítökuréttur stofnist og hvernig megi með hann fara. Hugtakið frítökuréttur sé því einn hluti af grein 4.-8.4. sem væntanlega sé ekki ágreiningur um, en orðið „helgi" vísi þá eins og orðið „frídagur" til þess að um eiginlegt frí sé að ræða sem frítökuréttur bæti upp, sé hvíldartíminn á undan því skertur. Sverrir Erlingsson hafi ekki átt frí frá störfum meðan á bakvakt hans stóð og þegar af þeirri ástæðu hafi vinna hans, eins og hér um ræðir, ekki getað fallið undir ákvæði 4.–8.4. þar sem helgin geti ekki talist hafa verið fríhelgi og sunnudagurinn 16. apríl 2000 hafi ekki verið frídagur í hans tilviki.

Ekki sé gerður sérstakur ágreiningur af hálfu stefnanda um rétt Sverris til vikulegs frídags, sbr. ákvæði 4.–8.6. í kjarasamningi aðila, enda sé sú framkvæmd kunn af hálfu Landhelgisgæslunnar að í tilvikum sem þessum sé vikulegum hvíldartíma frestað, sbr. ákvæði 2. mgr. d-liðar 13. gr. samnings um skipulag vinnutíma frá 23. janúar 1997. Aðilar hafi því í raun samið um skipulag vinnutímans innan þeirra heimilda sem vinnutímasamningur geri ráð fyrir. Í þessu sambandi er ítrekað að ekki hafi verið um fríhelgi að ræða hjá Sverrir þegar hann var á bakvakt.

Af hálfu stefndu er því mótmælt sem ósönnuðu að framkvæmd kjarasamninga gagnvart öðrum viðsemjendum en stefndu hafi verið í samræmi við málatilbúnað stefnanda. Sé fullyrðing af hálfu stefnanda í þessa veru engum gögnum studd. Beri í þessu sambandi að ítreka að skipulag flugvirkja hjá Landhelgisgæslunni og t.d. hjá Flugleiðum hf. sé með ólíkum hætti.

Stefndu benda á að lokum að óþarft hafi verið að stefna Landhelgisgæslunni fyrir Félagsdóm enda snúist málið að því er virðist um túlkun á kjarasamningi FVFÍ og stefnda, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs. Í raun beri að vísa frá kröfum á hendur Landhelgisgæslunni enda heyri ekki undir lögsögu Félagsdóms aðild annarra en aðila kjarasamnings eins og mál þetta sé lagt fyrir.

Til stuðnings kröfum stefnda um málskostnað er vísað til 65. gr. laga nr. 80/1938, sbr. XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða.

Af hálfu stefnanda er þess krafist að viðurkennt verði „að Sverrir Erlingsson, flugvirki, hafi öðlast 9 klukkustunda frítökurétt vegna vinnu sinnar hjá stefnda frá kl. 21.00, hinn 15. apríl 2000, til kl. 03.00, hinn 16. apríl 2000."

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands, skulu laun og kjör þeirra starfsmanna Landhelgisgæslunnar, sem vinna að staðaldri í landi, vera samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða stéttarfélagssamningum viðkomandi starfsmanna.

Í stefnu kemur fram að stefnandi byggir fyrrgreinda dómkröfu sína fyrst og fremst á kjarasamningi aðila frá 16. maí 1997, sbr. kjarasamning frá 16. apríl 1997 milli Flugvirkjafélags Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf. hins vegar. Með 1. gr. kjarasamningsins frá 16. maí 1997 var þágildandi kjarasamningur aðila framlengdur til 15. febrúar 2000 með þeim breytingum og fyrirvörum sem fólust í kjarasamningnum frá 16. apríl 2000 og skyldi hann þá falla úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Með síðastgreindum kjarasamningi var síðastgildandi kjarasamningur milli Flugvirkjafélags Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf. hins vegar framlengdur til 15. febrúar 2000 og skyldi þá falla úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Með 9. gr. þess samnings voru í grein 04.-8. tekin upp ákvæði um hvíldartíma og frídaga sem á reynir í máli þessu, sbr. einkum greinar 4.8.3. og 4.8.4., er fjalla um frávik frá lágmarkshvíldartíma, og stefnandi vísar einkum til.

Þess er að geta að hinn 8. júní 2000 var undirritaður kjarasamningur milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og og Flugvirkjafélags Íslands vegna starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands hins vegar. Samkvæmt grein 8.1. í samningnum gildir hann frá 1. maí 2000 til og með 15. september 2003 og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara. Í grein 1.1. í samningnum er tekið fram að á meðan kjarasamningur Flugvirkjafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins og Flugleiða hf. frá 27. apríl 2000 sé í gildi fari um kaup og kjör fyrir flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands samkvæmt honum að öðru leyti en greinir í fyrstnefnda samningnum.

Ljóst er samkvæmt framansögðu að á þeim tíma, sem um ræðir í máli þessu, var fallinn úr gildi samkvæmt eigin ákvæðum umræddur

kjarasamningur aðila frá 16. maí 1997 án þess að hinn nýi og núgildandi samningur frá 8. júní 2000 hefði tekið gildi. Á hinn bóginn er ágreiningslaust að málsaðilar hafi farið eftir samningnum frá 16. maí 1997, sbr. og þá venjuhelguðu reglu að um réttindi og skyldur aðila fari eftir eldri samningi, þótt gildistími hans sé liðinn, meðan nýr samningur hefur ekki tekið gildi.

Af hálfu stefnanda hefur komið fram varðandi tilvísanir til greina 4.8.3. og 4.8.4., sbr. 9. gr. í fyrrgreindum kjarasamningi frá 16. apríl 1997, að í sjálfu sér sé ekki byggt á grein 4.8.3., en þar sem grein 4.8.4. hafi ekki að geyma tæmandi efnisreglu um frítökurétt verði að vísa í báðar greinarnar.

Grein 4.8.4. er svohljóðandi:

„Vinni starfsmaður það lengi á undan frídegi eða helgi að ekki náist 11 stunda hvíld miðað við venjubundið upphaf vinnudags skal fara með það á sama hátt. Komi starfsmaður til vinnu á frídegi eða helgi greiðist yfirvinnukaup fyrir unninn tíma án frekari aukagreiðslna af þessum sökum.
Framangreind ákvæði eiga þó ekki við á skipulegum vaktaskiptum en þá er heimilt að stytta hvíldartíma í allt að átta klst."

Í grein 4.8.3. er tekið fram að í þeim tilvikum þegar sérstakar aðstæður geri það óhjákvæmilegt að víkja frá daglegum hvíldartíma, gildi eftirfarandi:

„Séu starfsmenn sérstaklega beðnir að mæta til vinnu áður en 11 klst. hvíld er náð er heimilt að fresta hvíldinni og veita síðar, þannig að frítökuréttur, 1 1/2 klst. (dagvinna) safnist upp fyrir hverja klst. sem hvíldin skerðist. Heimilt er að greiða út 1/2 klst. (dagvinna) af frítökuréttinum óski starfsmaður þess. Í öllum tilfellum er óheimilt að skerða 8 klst. samfellda hvíld."

Atvikum málsins er lýst svo að starfsmaður stefnda, Landhelgisgæslu Íslands, Sverrir Erlingsson flugvirki, hafi laugardaginn 15. apríl 2000 verið kallaður til vinnu frá kl. 18.00 til kl. 03.00 aðfaranótt sunnudagsins 16. s.m. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, sbr. fyrrgreind ákvæði greina 4.8.3. og 4.8.4., að nefndur Sverrir hafi átt rétt á 11 tíma hvíld fyrir venjubundið upphaf næsta vinnudags þar sem unnið hafi verið á undan frídegi eða helgi. Miðað við upphaf venjulegs vinnudags kl. 08.00 hafi hann aðeins fengið 5 tíma hvíld er þýði samkvæmt fyrrgreindum reglum að hann eigi rétt á 1 1/2 klst. í frítökurétt fyrir hverja klst., eða 9 klst. í frítökurétt.

Fram er komið að vinnutími Sverris Erlingssonar var samkvæmt dagvinnufyrirkomulagi, sbr. ráðningarsamning, dags. 17. mars 1999, sem liggur fyrir í málinu. Á greindum tíma sinnti hann og bakvakt. Um bakvaktir er fjallað í 6. kafla í kjarasamningi aðila frá 19. september 1989 sem óumdeilt er að beita beri í samskiptum aðila.

Að hálfu stefndu er á því byggt að ákvæði greinar 4.8.4. í kjarasamningnum frá 16. apríl 1997 eigi ekki við í tilviki Sverris Erlingssonar, enda verði að telja að með orðalaginu frídegi eða helgi í grein þessari sé átt við eiginlegt frí. Því sé ekki til að dreifa þegar um bakvakt sé að ræða, enda hafi starfsmaðurinn verið bundinn skilyrtri vinnuskyldu á bakvaktinni, sem greidd hafi verið með bakvaktarálagi, auk yfirvinnukaups vegna útkalls. Verður að telja að ágreiningurinn í máli þessu sé þýðing umræddsbakvaktarfyrirkomulags með tilliti til frítökuréttar samkvæmt grein 4.8.4. í kjarasamningi milli Flugvirkjafélags Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf. hins vegar, sbr. 9. gr. kjarasamnings sömu aðila frá 16. apríl 1997, sbr. 1. gr. kjarasamnings aðila máls þessa frá 16. maí 1997.

Í grein 6.1. í kjarasamningi aðila frá 19. september 1989 er tekið fram að með bakvakt sé átt við „að starfsmaður sé ekki við störf en reiðubúinn að sinna útkalli." Þá er tekið fram að bakvakt hefjist þegar dagvinnu lýkur og ljúki þegar dagvinna hefst. Í grein 6.2. er mælt svo fyrir að heimilt sá að láta flugvirkja ganga bakvakt eina viku í senn. Hvorki er í kjarasamningum milli aðila né lögum, sbr. lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, fjallað um það hvernig virða beri bakvakt með tilliti til vinnutíma og hvíldartíma.

Ljóst er að bakvakt felur í sér viðveruskyldu, sbr. m.a. H 1993:2147, og setur viðkomandi starfsmanni skorður. Eins og fram er komið er greitt sérstaklega fyrir bakvakt samkvæmt kjarasamningi aðila frá 19. september 1989. Sé starfsmaður á bakvakt kallaður til starfa ber honum yfirvinnukaup fyrir þann tíma sem unninn er.

Þegar eðli umræddra bakvakta samkvæmt framangreindum kjarasamningi aðila er virt og þegar litið er til óljóss orðalags kjarasamningsákvæða þeirra sem stefnandi byggir á, þar sem ekkert er að bakvöktum vikið, verður ekki talið að stefnandi hafi sýnt fram á að Sverrir Erlingsson hafi öðlast frítökurétt þann sem krafist er við-

urkenningar á í máli þessu. Ber því að sýkna stefndu af kröfu stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, íslenska ríkið og Landhelgisgæsla Íslands, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Flugvirkjafélags Íslands, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 20 desember 2000.

Nr. 14/2000. **Vélstjórafélag Íslands f.h.**
Halldórs Sigurðssonar
(Friðrik Á. Hermannsson hdl.)
gegn
Reykjavíkurborg og
Orkuveitu Reykjavíkur
(Hjörleifur Kvaran hrl.)

Frávísun.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefndu 13. desember sl.

Málið úrskurða Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gísli Gíslason og Gunnar Sæmundsson.

Stefnandi er Vélstjórafélag Íslands, kt. 690269-3419, Borgartúni 18, Reykjavík, f.h. Halldórs Sigurðssonar, kt. 110734-4339, Æsufelli 2, Reykjavík.

Stefndi er Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, Reykjavík og Orkuveita Reykjavíkur, kt. 551298-3029, Suðurlandsbraut 34, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

Að viðurkennt verði að Halldór Sigurðsson, kt. 110734-4339, Æsufelli 2, Reykjavík, vélfræðingur hjá stefnda, Orkuveitu Reykjavíkur, hafi frá 1. júlí 1999 til 31. október 2000, átt að taka að lágmarki laun samkvæmt 7. þrepi 137. launaflokks í endurútgefnum hluta kjarasamnings milli Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar með gildistíma frá 1. apríl 1997 til 31. október 2000.

Að stefndu verði dæmd til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda:

Stefndu, Reykjavíkurborg og Orkuveita Reykjavíkur, krefjast þess aðallega að máli þessu verði vísað frá Félagsdómi og að stefnanda verði gert að greiða stefndu málskostnað samkvæmt mati Félagsdóms.

Til vara krefjast stefndu sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá

krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt mati Félagsdóms.

Stefnandi krefst þess að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið. Jafnframt gerir hann kröfu til málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Málsatvik.

Með auglýsingu í Morgunblaðinu hinn 18. janúar 1981 auglýsti Rafmagnsveita Reykjavíkur eftir starfsmanni til viðgerða á orkusölumælum. Í auglýsingunni er þess getið að æskileg menntun sé úrsmíði eða vélvirkjun, rafvirkjun og reynsla í nákvæmri vinnu. Hinn 11. maí 1981 var Halldór Sigurðsson ráðinn í starf við mælaviðgerðir við mælastöð á innlagnadeild Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Frá ráðningu hefur Halldór gengt þessu starfi og tekið kjör samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Við undirritun núgildandi kjarasamnings milli Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurborgar, sem gildir frá 1. apríl 1997 til 31. október 2000, var samið um að taka upp viðræður um nýtt launakerfi (bókun 5). Hinn 5. desember 1998 sömdu aðilar um tilteknar launahækkanir afturvirkt frá 1. apríl 1998 en jafnframt urðu aðilar sammála um að taka upp nýtt launakerfi miðað við 1. júlí 1999. Innleiðing hins nýja launakerfis dróst fram í desember 1999 en gilti afturvirkt miðað við 1. júlí 1999 í samræmi við ákvæði kjarasamningsins. Samkvæmt þessu nýja kerfi var áðurgildandi kafli 1.3 í kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar um starfsheiti og röðun þeirra felldur brott. Þess í stað var tekið upp í kjarasamninginn nýtt launakerfi.

Í samræmi við grein 1.3.1 í umræddum kjarasamningi var sett á laggirnar sérstök matsnefnd hjá Orkuveitu Reykjavíkur sem skipuð var jafnmörgum fulltrúum vinnuveitanda og starfsmanna úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Matsnefnd átti samkvæmt nýju launakerfi að flokka störf í fyrirtækinu og ákveða vægi matsþátta í hinu nýja kerfi en matsþættirnir voru ákvarðaðir af samningsaðilum. Hlutverk forstöðumanns samkvæmt nýju launakerfi var að gera tillögu til matsnefndar um mat á sérhverju starfi og þar með tillögu um innbyrðis röðun starfa. Síðan tók matsnefnd afstöðu til tillagna forstöðumanns. Matsnefndin komst að samhljóða niðurstöðu um starf Halldórs þess efnis að til væri starfið mælaviðgerðarmaður og hlaut það starf 290 stig í matinu og var því raðað í lfl. 129.

Á grundvelli greinar 1.3.2 í kjarasamningi aðila um hæfnislaun var

það mat forstöðumanns Orkuveitu Reykjavíkur, að vélfræðimenntun Halldórs nýttist í starfi hans sem mælaviðgerðarmaður og því var Halldóri raðað einum launaflokki ofar en ella eða í lfl. 130.

Halldór leitaði til Þorleifs Finnssonar, sviðsstjóra síns hjá Orkuveitu Reykjavíkur, vegna óánægju með röðun starfs síns. Í tölvupósti 24. janúar sl. til starfsmannastjóra Orkuveitunnar óskaði sviðsstjórinn skýringa á því hvers vegna starf Halldórs hafi ekki fylgt störfum annarra vélfræðinga hjá Orkuveitu Reykjavíkur við endurskoðun launakjara. Starfsmannastjórinn svaraði tölvuskeyti sviðsstjórans í tölvuskeyti, dags. þann 7. febrúar 2000, þar sem fram kemur að launanefnd Orkuveitunnar hafi farið yfir athugasemdir sviðsstjórans en taldi að ekki þyrfti vélfræðing til að sinna starfinu.

Með bréfi 17. apríl sl. til Orkuveitunnar óskaði formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar eftir skýringum á röðun Halldórs í launaflokk og hvaða forsendur voru lagðar til grundvallar við það mat. Bréfi þessu var svarað með bréfi starfsmannastjóra Orkuveitu Reykjavíkur 27. apríl sl.

Með bréfi lögmanns Halldórs Sigurðssonar til starfsmannastjóra Orkuveitunnar dags. 21. júlí sl. var því mótmælt að starfi Halldórs Sigurðssonar hafi við launakerfisbreytinguna 1. desember 1999 ekki verið raðað í sama launaflokk og störf annarra vélfræðinga hjá Orkuveitu Reykjavíkur og þess krafist að launamismunur milli launaflokkaröðunar á starfi Halldórs og starfi vélfræðings yrði greiddur fyrir tímabilið frá 1. júlí 1999 til 31. júlí 2000. Bréf þetta var framsent til kjaraþróunardeildar Reykjavíkurborgar. Í svarbréfi kjaraþróunardeildar er gerð grein fyrir ástæðum launaröðunar Halldórs Sigurðssonar m.a. með vísan til gildandi kjarasamnings Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurborgar og launakröfum Halldórs hafnað.

Halldór Sigurðsson hefur ekki viljað samþykkja þá niðurstöðu að laun hans tækju ekki lengur mið af starfheitinu vélfræðingur og hefur stefnandi því höfðað mál þetta til viðurkenningar á nefndum réttindum hans.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst byggja á eftirfarandi málsástæðum fyrir hönd Halldórs Sigurðssonar:

Halldór Sigurðsson hafi verið ráðinn sem vélfræðingur á mælastöð Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nú Orkuveita Reykjavíkur, árið

1981. Sérstaklega hafi verið auglýst eftir vélvirkja í stöðuna og hafi starfsheiti Halldórs ætíð verið vélfræðingur á launaseðlum og í starfslýsingu. Starfsheiti Halldórs hafi verið breytt fyrirvaralaust þann 21. desember 1999, starfsheitið vélfræðingur hafi verið fellt niður á launaseðlinum og sé hann nú titlaður mælaviðgerðarmaður í launakerfi Reykjavíkurborgar. Afleiðingar þessa liggi fyrst og fremst í lægri launum Halldórs en annarra vélfræðinga frá 1. júlí 1999 eða sem nemi rúmum 40.000 kr. á mánuði frá 1. júlí til 31. desember 1999 og rúmum 20.000 kr. frá áramótum 1999/2000.

Ekki sé hægt að fallast á einhliða rétt fyrirsvarsmanna stefnda Orkuveitu Reykjavíkur til að svipta Halldór Sigurðsson starfsheitinu vélfræðingur og veita honum nýtt starfsheiti sem feli í sér verulega launaskerðingu. Starfsheitið vélfræðingur sé mikilvægur þáttur í ráðningarkjörum hans hjá Reykjavíkurborg og þá sérstaklega með tilliti til þess hvernig raðað sé í launaflokka samkvæmt kjarasamningi milli Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Með vísan til almennra reglna samningaréttarins verði ekki talið að stefndu hafi verið rétt að endurákvarða ráðningarkjör Halldórs einhliða. Halldór hafi mótmælt þessari kjararýrnun enda séu miklir hagsmunir í húfi, ekki einungis sú kjaraskerðing sem nú þegar hafi komið til framkvæmda heldur einnig framtíðarskerðing á ráðningarkjörum hans en Halldór muni fara á eftirlaun árið 2001. Hafi stefndu í hyggju að breyta ráðningarkjörum Halldórs með framangreindum hætti beri þeim að gera það á grundvelli reglugerðar um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar. Vart verði slík ákvörðun tekin öðruvísi en að undangenginni uppsögn.

Stefnandi byggir einnig á því að kjarasamningur sá sem í gildi sé milli Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og stefndu Reykjavíkurborgar og endurútgefinn hluti hans, feli ekki í sér fyrirvaralausa heimild til að breyta starfsheiti Halldórs án samþykkis hans. Enga slíka heimild sé að finna, hvorki í kjarasamningnum sjálfum né endurútgefnum hluta hans.

Skilningur stefnanda sé einfaldlega sá að kjarasamningsákvæðið feli í sér heimild til að hækka launþega stefnda Reykjavíkurborgar miðað við núverandi röðun í launaflokka, umfram það sem til þessa hafi tíðkast. Vélfræðingur hafi ákveðna lágmarksröðun (launaflokk 137) en matsnefndin geti komist að þeirri niðurstöðu að honum beri hærri launaflokkur með tilliti til hæfni hans umfram þær kröfur sem

gerðar séu til hans sem vélfræðings. Enga heimild sé hins vegar að finna til lækkunar; lágmarksröðun vélfræðinga í launaflokk sé launaflokkur 137. Þessi sjónarmið stefnanda séu staðfest í bréfi formanns Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar til lögmanns stefnanda dags. 25. september sl.

Halldór Sigurðsson hafi um árabil verið titlaður vélfræðingur hjá stefnda Orkuveitu Reykjavíkurborgar og hafi launakjör hans verið í samræmi við launakjör annarra vélfræðinga hjá stefnda. Halldór njóti því verndar kjarasamningsins; ekki sé hægt að rýra starfskjör hans einhliða eins og stefndi Orkuveita Reykjavíkurborgar hafi gert í þessu tilviki. Er hér vísað til meginreglna vinnuréttarins og 1. gr. laga nr. 55/1980, sbr. 5. gr. laga nr. 69/1993.

Ekki verði betur séð en ákvæði kjarasamningsins miði að því að meta störf og hæfni hvers einstaklings og raða honum í launaflokk í samræmi við þær niðurstöður sem þannig fáist. Skýrt sé tekið fram að mat þetta eigi einungis að fara fram innan hvers starfshóps, hvert starfsheiti feli í sér ákveðna lágmarksviðmiðun; m.ö.o. að ekki sé heimilt að svipta menn starfsheitum fyrirvaralaust eins og gert hafi verið í tilfelli Halldórs Sigurðssonar. Svipting starfsheitis beinist gegn ráðningarkjörum launþega, sérstaklega ef starfsheitið tengist með beinum hætti launakjörum viðkomandi. Þess háttar heimild sé ekki að finna í nefndum kjarasamningi og verði að telja þá niðurstöðu hæpna að aðilar vinnumarkaðarins geti samið svo um að tilteknir launþegar missi starfsheiti sín sem byggjast á persónubundnum samningum, ráðningarsamningum, enda alltaf unnt að semja um betri rétt í ráðningarsamningum en samkvæmt kjarasamningum en aldrei verri. Vísað er hér m.a. til Hæstaréttardóms 1998.1281 um skýrt orðalag í kjarasamningi ef réttarstaða launþega eigi að breytast til hins verra.

Auk framangreinds er bent á misræmi um röðun í launaflokka eftir því hvaða stéttarfélagi viðkomandi starfsmaður tilheyrir. Í samningum milli Reykjavíkurborgar og Rafiðnaðarsambands Íslands sé mælasetjari (rafvirki) settur í launaflokk 135 en fái eftir breytinguna launaflokk 137, sem sé sá launaflokkur sem vélfræðingar tilheyra, en mælaprófun/mælaviðgerðarmaður sé í launaflokki 135. Um mismunandi launakjör launþega sem vinni sömu störf hjá hinu opinbera er vísað til Hrd. 1997.1008.

Kjarni málsins sé sá að Halldór Sigurðsson sé ráðinn sem vél-

fræðingur til stefnda Orkuveitu Reykjavíkurborgar og laun hans byggist á því starfsheiti. Starfsheiti hans verði ekki breytt einhliða með tilheyrandi kjararýrnun.

Um aðild: Því er haldið fram af hálfu stefnanda að Halldór Sigurðsson sé félagsmaður Vélstjórafélags Íslands en taki laun samkvæmt kjarasamningi milli Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurborgar. Orkuveitu Reykjavíkur sé stefnt í málinu sem vinnuveitanda Halldórs Sigurðssonar enda sé það Orkuveita Reykjavíkur sem neiti honum um greiðslu launa samkvæmt 7. þrepi 137 launaflokks nefnds kjarasamnings. Reykjavíkurborg sé talin hafa hagsmuni af niðurstöðu málsins enda sjái Reykjavíkurborg um gerð kjarasamningsins við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Þá er einnig vísað til beinna afskipta Reykjavíkurborgar af málinu, sbr. bréf forstöðumanns kjaraþróunardeildar Reykjavíkur, dags. þann 1. ágúst sl. Þyki því rétt að stefna bæði Reykjavíkurborg og Orkuveitu Reykjavíkur í máli þessu.

Samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 dæmi Félagsdómur í málum sem rísi á milli samningsaðila um ágreining um skilning á kjarasamningi eða gildi hans. Þyki mál þetta því eiga undir Félagsdóm.

Samkvæmt 4. mgr. 27. gr. laga nr. 94/1986 reki stéttarfélög mál sín og félagsmanna sinna fyrir Félagsdómi. Halldór Sigurðsson sé félagsmaður Vélstjórafélags Íslands og þyki því rétt að Vélstjórafélag Íslands flytji mál þetta fyrir hans hönd.

Þyki lög nr. 94/1986 ekki eiga við í málinu kveðst stefnandi byggja á 2. tölulið 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, en þar segi að verkefni Félagsdóms sé að dæma í málum sem rísi út af kærum um brot á vinnusamningi eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans. Þá kveðst stefnandi byggja á 45. gr. sömu laga en þar segi að sambönd verkalýðsfélaga og atvinnurekendafélaga reki fyrir hönd félagsmanna sinna mál fyrir dóminum. Félög sem ekki séu meðlimir sambandanna reki sjálf mál sín og félagsmanna sinna.

Stefnandi kveðst byggja á almennum reglum samningaréttarins, kjarasamningi milli Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og endurútgefnum hluta kjarasamningsins, með gildistíma frá 1. apríl 1997 til 31. október 2000, 1. gr. laga nr. 55/1980, sbr. 5. gr. laga nr. 69/1993, 3. tölulið 1. mgr. 26. gr. og 4. mgr. 27. gr.

laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 2. tölulið 1. mgr. 44. gr. og 45. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og Hrd. 1998.1281.

Málsástæður og lagarök stefndu vegna frávísunarkröfu.

Stefndu krefjast þess að máli þessu verði vísað frá Félagsdómi, í fyrsta lagi með þeim rökum að mál þetta verði ekki borið undir Félagsdóm af Vélstjórafélagi Íslands. Skilyrði þess að mál verði lögð undir dómsvald Félagsdóms komi fram í 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þar sé kveðið á um að Félagsdómur dæmi í málum sem rísi á milli samningsaðila. Enginn samningur sé í gildi milli stefnanda og stefndu. Af þeim sökum einum beri að vísa máli þessu frá Félagsdómi. Í stefnu vísi stefnandi máli sínu til stuðnings til 3. tl. 26. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þar sé kveðið á um að Félagsdómur dæmi í málum sem rísa á milli samningsaðila vegna ágreinings um skilning á kjarasamningi eða gildi hans. Í máli þessu krefjist stefnandi dómsúrlausnar á skilningi kjarasamnings sem hann eigi enga aðild að. Ákvæði 3. tl. 26. gr. laganna varði úrlausn um skilning á kjarasamningi þeirra aðila sem hann gera. Vélstjórafélag Íslands geti ekki verið aðili að dómsmáli sem varðar skilning á kjarasamningi stefndu við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Af þessari ástæðu beri að vísa málinu frá Félagsdómi.

Stefndu krefjast þess að máli þessu verði vísað frá Félagsdómi, í öðru lagi með þeim rökum að stefnandi hafi einungis stefnt Reykjavíkurborg og Orkuveitu Reykjavíkur til að þola dóm í máli þessu en ekki Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Dómkröfur stefnanda í máli þessu séu hins vegar þess eðlis að þau muni hafa bindandi áhrif fyrir Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og hljóti því að vera óhjákvæmilegt að stefna þeim aðila samhliða Reykjavíkurborg og Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Það sé ljóst að Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar eigi ríkra hagsmuna að gæta við úrlausn þessa máls enda sé í máli þessu deilt um sjálfan grundvöll kjarasamnings Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Útilokað sé að Félagsdómur geti, án aðildar þess félags að dómsmáli þessu, kveðið upp dóm sem hafi bindandi áhrif fyrir það. Fjölmargir dómar Félagsdóms staðfesti nauðsyn þess að það stéttarfélag sem fari með samningsumboð fyrir

starfsmenn eða gert hafi kjarasamning fyrir þá eigi aðild að málum fyrir dóminum.

Niðurstaða.

Í máli þessu gerir stefnandi, Vélstjórafélag Íslands, kröfu til þess að viðurkennt verði að Halldór Sigurðsson, vélfræðingur hjá stefnda, Orkuveitu Reykjavíkur, hafi frá 1. júlí 1999 til 31. október 2000, átt að taka að lágmarki laun samkvæmt 7. þrepi 137. launaflokks í endurútgefnum hluta kjarasamnings milli Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar með gildistíma frá 1. apríl 1997 til 31. október 2000. Við gerð þess kjarasamnings var samið um nýtt launakerfi og sérstakri matsnefnd komið á fót sem átti að flokka störf hjá stefnda Orkuveitu Reykjavíkur og ákveða vægi matsþátta í hinu nýja launakerfi. Við þá launaflokkaröðun var Halldóri Sigurðssyni raðað sem mælaviðgerðarmanni til starfslauna í launaflokk 130, að teknu tilliti til heimildarhækkunnar, en ekki í launaflokk 137, eins og öðrum vélfræðingum sem hjá stefnda starfa. Við þá niðurstöðu vill hann ekki una.

Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna dæmir Félagsdómur í málum sem rísa á milli samningsaðila vegna ágreinings um skilning á kjarasamningi eða gildi hans.

Mál þetta varðar skilning á kjarasamningi milli stefnda Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Stefnandi, Vélstjórafélag Íslands, er ekki aðili að þeim kjarasamningi. Af því leiðir að stefnandi getur ekki borið ágreining á greindum kjarasamningi undir Félagsdóm á grundvelli fyrrgreinds ákvæðis, sem stefnandi vísar aðallega til. Þá fellur málið hvorki undir valdsvið Félagsdóms samkvæmt öðrum ákvæðum 26. gr. laganna né 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sem stefnandi ber við til vara, sbr. ákvæði I. kafla laga nr. 94/1986 um gildissvið þeirra laga og samningsaðild samkvæmt þeim. Ber því að fallast á frávísunarkröfu stefndu í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Málskostnaður fellur niður.